Hæstaréttardómar 1977

Útgáfa 3.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Meiriháttar gallar á bls. 1111 og 1130.
Minniháttar gallar á bls. 646, 868, og 1175.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LVIII. árgangur. 1977

Föstudaginn 7. janúar 1977.

Nr. 157/1976. **Ásta Baldvinsdóttir**
gegn
Ragnari Á. Magnússyni.

Útivistardómur. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ásta Baldvinsdóttir, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hún vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hún stefnda, Ragnari Á. Magnússyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. janúar 1977.

Nr. 240/1976. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu**
gegn
Braga Jóhannssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og sýslumað-

urinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 14. janúar 1977.

Nr. 170/1974. **Páll M. Jónasson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs í Seltjarnarneskaupstað
(Skúli Pálsson hrl.).

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu voru hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. september s. á.

Hér fyrir dómi hafa lögmenn aðilja óskað þess, að mál þetta verði fellt niður. Af hendi áfrýjanda er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu ber að fella mál þetta niður. Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 40.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Stefndi, innheimtumaður ríkissjóðs í Seltjarnarneskaupstað, greiði áfrýjanda, Páli M. Jónassyni, 40.000 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. janúar 1977.

Nr. 241/1976. **Ríkissaksóknari**
gegn
Yfirsakadómaranum í Reykjavík.

Kærumál. Endurupptaka opinbers máls.

Dómur Hæstaréttar.

Dómarar í máli þessu voru hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Árnason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Þórir Oddsson, aðalfulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með bréfi 10. desember 1976 til sakadóms Reykjavíkur skaut ríkissaksóknari hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og krafðist þess, að úrskurðurinn yrði felldur úr gildi „og að lagt verði fyrir sakadóm Reykjavíkur að hlutast til um þá rannsókn, sem ríkissaksóknari krafðist með bréfi til dómsins, dagsettu 20. ágúst s.l".

Í greindu bréfi ríkissaksóknara 10. desember 1976 segir, að hinn 9. s. m. hafi embætti hans borist „endurrit úr sakadómsbók Reykjavíkur frá fyrirtekt í sakadómi Reykjavíkur um kröfu ríkissaksóknara um rannsókn út af umferðarslysi við Leirvogsá þann 15. september 1969. Féll úrskurður í dóminum 3. þ. m. þess efnis, að kröfu ríkissaksóknara var vísað frá sakadómi". Af þessu verður ekki annað ráðið en kært hafi verið innan lögboðsins frests samkvæmt 2. mgr. 174. gr. nefndra laga.

Gögn máls bárust Hæstarétti frá sakadómi Reykjavíkur hinn 28. desember 1976 með bréfi, dags. 27. s. m.

Greinargerð ríkissaksóknara í kærumáli þessu er dagsett 7. þ. m. Eru þar gerðar sömu kröfur og að framan greinir.

Rannsóknarefni samkvæmt beiðni ríkissaksóknara 20. ágúst 1976 er í öllum meginatriðum sakarefni það, sem rannsakað var og dæmt í sakadómsmálinu nr. 278/1971: Ákæruvaldið gegn Maron Tryggva Bjarnasyni. Varð eigi

stofnað til rannsóknar samkvæmt greindri beiðni, án þess að áður hefði verið mælt fyrir um endurupptöku greinds dómsmáls, sbr. 194. gr. laga nr. 74/1974. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. desember 1976.

Ár 1976, föstudaginn 3. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Hinn 15. september 1969 var bifreiðin R 964 tekin í heimildarleysi, þar sem hún stóð við Höfðatún í Reykjavík. Klukkan 0715 sama dag barst lögreglu vitneskja um, að bifreiðinni hefði verið ekið út af Vesturlandsvegi og hafnað á hliðinni í Leirvogsá á Kjalarnesi. Lögreglan í Mosfellshreppi annaðist vettvangsrannsókn, og fannst karlmannslík neðar í ánni, ca 1 km frá bifreiðinni. Lík þetta reyndist vera af Arnari Hjörtþórssyni, fæddum 14. júní 1948.

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík hélt áfram rannsókn málsins, og leiddi hún fljótlega til þess, að Maron Tryggvi Bjarnason var handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 17. september 1969.

Hinn 17. október 1969 voru saksóknara ríkisins send gögn málsins til ákvörðunar, og með bréfi, dags. 11. desember 1970, endursendi hann sakadómi Reykjavíkur málið með kröfu um framhaldsrannsókn. Að lokinni rannsókn var málið enn á ný sent saksóknara ríkisins með bréfi, dags. í maí 1971, sem höfðaði opinbert mál á hendur Maron Tryggva Bjarnasyni með útgáfu ákæruskjals, dags. 2. júní 1971, fyrir ætlað brot á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956 og 1. mgr. og 2. mgr. 41. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þann 11. júní 1971 var kveðinn upp dómur í málinu og ákærða, Maron Tryggva Bjarnasyni, gert að sæta fangelsi í 4 mánuði, auk þess sem hann var sviptur ökuréttindum í 1 ár frá birtingu dómsins að telja. Þá var ákærði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað.

Ákærði undi dómi, og ekki var honum heldur áfrýjað af hálfu ákæruvaldsins.

Með bréfi ríkissaksóknara, dags. 20. ágúst 1976, sem barst sakadómi Reykjavíkur þann 23. s. m., er þess krafist, að tiltekin 12 atriði varðandi málið verði tekin til rannsóknar við sakadóm Reykjavíkur.

Ríkissaksóknara var tilkynnt um þinghald þetta, til þess að honum gæfist kostur á að skýra málið nánar, skv. 74. gr. laga 74/1974. Ekki var mætt af hans hálfu.

Líta verður á rannsóknarkröfu ákæruvaldsins sem kröfu um endurupptöku málsins: Ákæruvaldið gegn Maron Tryggva Bjarnasyni. Sömuleiðis verður beiðni Hjörtþórs Ágústssonar til ríkissaksóknara, dags. 3. ágúst 1976, ekki skilin á annan veg en að með henni sé farið fram á endurupptöku málsins.

Í 193. gr. laga 74/1974 segir svo: „Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til Hæstaréttar og send ríkissaksóknara . . .“ o. s. frv.

Í 194. gr., 1. mgr., sömu laga segir, að ríkissaksóknari skuli senda beiðnina til Hæstaréttar, ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.

Bar ríkissaksóknara, ef hann vildi taka málið upp á ný og taldi skilyrði 191. gr. laga 74/1974 vera fyrir hendi, að beina kröfu um endurupptöku til Hæstaréttar, sbr. 193. og 194. gr. laganna. Að svo vöxnu máli þykir eiga að vísa kröfu ríkissaksóknara frá sakadómi.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara er vísað frá sakadómi.

Fimmtudaginn 20. janúar 1977.

Nr. 95/1975. **Magnús Bjarnfreðsson**
Richard Björgvinsson
Axel Jónsson
Stefnir Helgason
Jóhann H. Jónsson og
Sigurður Helgason
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Gísla Ólafi Péturssyni
(sjálfur).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 25. júlí 1975. Krefjast þeir sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að fjárhæð sú, sem honum er dæmd í héraðsdómi til að standa straum af birtingu dóms, verði hækkuð svo og málskostnaður. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi gagnáfrýjaði ekki málinu, og koma því kröfur hans um framangreinda hækkun fjárhæðar eigi til greina, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Ummæli þau um stefnda, sem hann krefst ómerkingar á, eru í ályktun bæjarstjórnar Kópavogs 27. september 1974. Áfrýjendur voru þá bæjarfulltrúar. Stóðu þeir að samþykkt ályktunarinnar. Er málssókninni réttilega beint að þeim.

Áfrýjendur hafa eigi fært sönnur á sannindi ummælanna, og ákvæði 239. gr. almennra hegningarlaga á hér eigi við, svo sem ótvírætt er af orðalagi þess. Ummæli þessi eru meiðandi fyrir stefnda, og ber að ómerkja þau samkvæmt kröfu hans. Haggar það ekki þeirri niðurstöðu, þótt ósannað

sé, að áfrýjandinn Richard Björgvinsson hafi viðhaft þau orð á fundi fræðsluráðs Kópavogs 21. ágúst 1974, sem stefndi hermdi upp á hann í bókun sinni í fundargerð fræðsluráðs 27. s. m. Eigi breytir það heldur niðurstöðunni, þótt bæjarstjórn hafi verið rétt og eftir atvikum skylt að fjalla um málefni, sem til umræðu eru í fastanefndum, sbr. 26. gr. samþykktar um stjórn bæjarmálefna Kópavogskaupstaðar nr. 112/1972.

Að svo vöxnu máli ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 20.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Magnús Bjarnfreðsson, Richard Björgvinsson, Axel Jónsson, Stefnir Helgason, Jóhann H. Jónsson og Sigurður Helgason, greiði stefnda, Gísla Ólafi Péturssyni, 20.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 11. júlí 1975.

Mál þetta var tekið til dóms, að loknum munnlegum málflutningi, 30. júní sl. Málið var höfðað með stefnu, útgefinni 22. nóvember 1974, birtri þann dag og 23. nóvember, en málið var þingfest 5. desember 1974. Stefnandi málsins er Gísli Ólafur Pétursson, Snælandi við Grenigrund 2 B í Kópavogi, en stefndu eru Magnús Bjarnfreðsson, Lundarbrekku 4, Richard Björgvinsson, Nýbýlavegi 47, Axel Jónsson, Nýbýlavegi 26 B, Stefnir Helgason, Hlíðarvegi 8, Jóhann H. Jónsson, Nýbýlavegi 26, og Sigurður Helgason, Þinghólsbraut 53, allir í Kópavogi. Stefndu voru þá allir bæjarfulltrúar í Kópavogi.

Stefnt er vegna ummæla, sem er að finna í sameiginlegri tillögu, er stefndu voru flutningsmenn að, að undanskildum hinum síðastnefnda, Sigurði Helgasyni, en tillaga þessi var borin fram á 232. fundi bæjarstjórnar Kópavogs og samþykkt í heyranda hljóði hinn 27. september 1974 og síðan dreift til fjölmiðla, en stefnandi telur ummæli þessi niðrandi í sinn garð. Sigurði Helgasyni er stefnt fyrir að stuðla að framgangi ummælanna og sam-

þykkt þeirra á fyrrnefndum fundi. Stefnandi sækir mál þetta út af eftirfarandi undirstrikuðum ummælum: „Einn fræðsluráðsmanna, Gísli Ólafur Pétursson, gerði, eftir að umrædd staða hafði verið veitt, þann samanburð, með eigin viðbótum, á umsækjendum, sem birtur var í dagblaði nú nýlega. Tilefni þess var, að hans eigin sögn, sbr. bókun, sem fylgdi samanburðinum, ummæli annars fræðsluráðsmanns á fyrri fundi ráðsins, er Gísli gerði honum upp og rangfærði ...". Upphaflega var Björgvin Sæmundssyni, bæjarstjóra í Kópavogi, einnig stefnt, en síðar var fallið frá kröfum á hendur honum.

Upphaflegar kröfur stefnanda voru:

að fá ómerkt með dómi ummæli, er stefnandi taldi niðrandi í sinn garð, sem er að finna í áðurnefndri tillögu frá 232. fundi bæjarstjórnar Kópavogs, sem fimm fyrstu hinna stefndu voru flutningsmenn að. Þá var einnig stefnt bæjarstjóra Kópavogs, Björgvin Sæmundssyni, og bæjarfulltrúanum Sigurði Helgasyni. Kröfur á hendur þeim voru óljósar. Þá krafðist stefnandi, að stefndu yrði gert með dómi að greiða málskostnað að mati dómara og standa straum af öllum kostnaði við birtingu dómsins.

Stefndu gerðu í upphafi þær dómkröfur, að þeir yrðu allir og hver einstakur sýknaður, en stefnanda yrði gert að greiða málskostnað að skaðlausu að mati réttarins eða eftir málskostnaðarreikningi. Varðandi stefndu Sigurð og Björgvin, hvorn um sig eða báða, var krafist frávísunar með tilvísun til 70. gr. og 116. gr. laga nr. 85/1936. Í þessum þætti málsins var sérstaklega krafist málskostnaðar. Í þinghaldi 6. febrúar 1975 var samþykkt að draga kröfur á hendur stefnda Björgvin Sæmundssyni til baka, og í þinghaldi 13. febrúar 1975 varð samkomulag um, að gerðar yrðu sömu kröfur á hendur Sigurði Helgasyni og hinum 5 stefndu í málinu.

Kröfur stefnanda eru því:

að stefndu þoli ómerkingu hinna umstefndu ummæla,

að þeir standi straum af kostnaði við birtingu dómsins,

að þeir greiði málskostnað að mati dómsins.

Dómari gætti leiðbeiningarskyldu sinnar í þinghöldum svo og milli þinghalda gagnvart stefnanda, er flytur mál sitt sjálfur.

Stefndu gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Málavextir.

Síðla sumars 1974 var veitt staða skólastjóra í Snælandsskóla

í Kópavogi. Umsækjendur um stöðu þessa voru þrír karlar og ein kona. Áður en staðan var veitt, voru umsóknir um stöðuna til meðferðar hjá fræðsluráði Kópavogs, sem afgreiddi þær til bæjarstjórnar 15. júlí 1974, þar sem fræðsluráð mælti með einum umsækjanda og öðrum til vara, eins og venja er.

Hinn 16. ágúst afgreiddi bæjarstjórn fundargerð fræðsluráðs frá 15. júlí. Í afgreiðslu bæjarstjórnar er óskað eftir skriflegri greinargerð fræðsluráðs. Í greinargerðinni er óskað eftir því, að fram komi mat fræðsluráðs á hæfni umsækjenda til starfa við skólastjórn í Kópavogi yfirleitt svo og varðandi þessa sérstöku stöðu.

Fyrri hluta ágústmánaðar hóf stefnandi þessa máls störf í fræðsluráði. Tók stefnandi síðar að sér að semja greinargerð í þessa átt. Tveir fundir voru haldnir í fræðsluráði dagana 21. og 27. ágúst. Á fræðsluráðsfundi 21. ágúst voru m. a. mættir stefnandi og stefndi Richard Björgvinsson. Stefnandi kveður umræður hafa orðið á fundi þessum um veitingu stöðunnar. Leiddu þessar umræður til bókana á næsta fundi fræðsluráðs þann 27. ágúst. Stefnandi óskaði þá eftir svohljóðandi bókun: „Meðfylgjandi samanburður umsókna um starf skólastjóra við Snælandsskóla í Kópavogi er gerður vegna ummæla eins skólanefndarmanna, Richards Björgvinssonar, á 25. fundi nefndarinnar 21. ágúst 1974, en þar lýsti hann yfir þeirri skoðun sinni, að enn hefði engin hæf kona sótt um starf sem skólastjóri í Kópavogi. Richard Björgvinsson er einn þeirra, sem tók sjálfur persónulega afstöðu til þeirra fjögurra umsókna, sem hér um ræðir. Þetta erindi óskast bókað í fundargerð, en samanburðurinn verði fylgirit fundargerðarinnar, jafnframt því sem vinsamlegum tilmælum er beint til Richards Björgvinssonar þess efnis, að hann geri grein fyrir, hvenær hann álíti konu hæfa til starfa sem skólastjóri við grunnskóla í Kópavogi".

Í framhaldi af þessu óskaði stefndi Richard eftir svohljóðandi bókun: „Vegna bókunar Gísla Ól. Péturssonar á fundi fræðsluráðs Kópavogs 27. ágúst 1974 óska ég að taka eftirfarandi fram. Á fundi fræðsluráðs 21. ágúst s.l. var lítillega rætt um stöðu konunnar í þjóðfélaginu, hjónabandi o. fl. vegna bréfs til fræðsluráðs um alþjóða kvennaárið 1975. Að mig minnir lét Gísli þau orð falla í þessu sambandi, að hann undraðist, að engin kona skyldi vera skólastjóri í Kópavogi. Ég sagði þá, að ástæðan hlyti að vera sú, að enn hefði engin kona sótt um slíkt starf, sem talin hefði verið hæfari en aðrir umsækjendur á hverjum tíma. Skoðun

mín er sú, að kona sé hvorki óhæfari né hæfari til einhvers ákveðins starfs vegna þess eins, að hún er kona, og sama gildi um bæði kyn". Áðurnefnd greinargerð var síðan látin fylgja fundargerð fræðsluráðs til bæjarráðs og bæjarstjórnar.

Hinn 25. september 1974 birtist grein í einu dagblaða Reykjavíkurborgar. Grein þessi er að hluta byggð á fundargerð fræðsluráðs frá 27. ágúst. Í greininni eru m. a. birtar niðurstöður, er fram komu í greinargerð fræðsluráðs varðandi umsóknir um áðurnefnda skólastjórastöðu og veiting stöðunnar gagnrýnd, en hún hafði þá farið fram.

Hinn 27. september 1974 var fundur haldinn í bæjarstjórn Kópavogs. Á fundinum var lögð fram tillaga, er stefndu stóðu að, að undanskildum stefnda Sigurði Helgasyni. En allir hinir stefndu, þ. á m. stefndi Sigurður Helgason, samþykktu tillöguna. Fundargerð þessi var síðan send fjölmiðlum sem einhvers konar svar við áðurnefndri blaðagrein.

Í fundargerð þessari eru m. a. ummæli þau,er stefnt er út af.

Verður nú rakið það helsta, sem fram hefur komið í aðiljaskýrslum og vitnaleiðslum hér fyrir dóminum. Í þinghaldi 14. mars 1975 kom einn hinna stefndu, Richard Björgvinsson, fyrir dóminn. Honum var sýnt endurrit fundargerðar fræðsluráðs frá 27. ágúst 1974. Var þá borin undir hann bókun hans frá áðurgreindum fundi. Kannaðist stefndi við fundargerðina og kvaðst telja hana rétta, og sérstaklega aðspurður um bókun hans sjálfs, staðfesti stefndi hana og kveður hana vera rétta frásögn sína af orðum hans á fræðsluráðsfundi 21. ágúst. Þá var og borin undir stefnda Richard bókun stefnanda frá sama fundi og stefndi spurður, hvort þar sé rétt frásögn af orðum hans á umgetnum fundi 21. ágúst 1974. Stefndi kvað svo ekki vera og vísar í því sambandi til fyrrnefndrar bókunar.

Þá komu fyrir dóminn stefnandi málsins og gaf aðiljaskýrslu. Var hann spurður að því, hvort hann gæti tilgreint orðrétt orð stefnda Richards Björgvinssonar á umdeildum fræðsluráðsfundi 21. ágúst 1974 og tilefni og samhengi þeirra ummæla. Stefnandi taldi sig muna, að innihald bókunarinnar væri rétt, og kvaðst vera viss um, að stefndi Richard hafi notað orðin „engin hæf kona", en ekki „sem talin hefði verið hæfari". Stefnandi kvaðst ekki geta farið orðrétt með önnur orð stefnda Richards frá fyrrgreindum fundi, en efnislega sé það rétt, sem fram komi í bókun hans, enda kvað hann þau byggð á minnisblöðum frá fundinum. Stefnandi svaraði spurningu um það, hvort hann vildi útiloka, að hann

hefði misskilið eða misheyrt framangreind ummæli, neitandi í aðiljayfirheyrslu, en leiðrétti það síðan með yfirlýsingu, sem reyndar var mótmælt af lögmanni stefndu, þar sem segir, að vegna orðalags spurningarinnar hafi svar e. t. v. verið óljóst, en meining hans hafi verið að neita því, að um misskilning eða misheyrn gæti verið að ræða. Þá var stefnandi spurður að því, hvort honum væri kunnugt um, að fundargerðir fræðsluráðs væru opinber skjöl, sem færu víða. Svaraði stefnandi því játandi, en tekur fram, að trúnaðarmál fari ekki með fundargerðum. Hafi hann ekki stimplað þetta sem trúnaðarmál, en kveður það hafa átt að vera ljóst, að svo ætti með það að fara. Stefnandi óskaði að taka það fram, að hann vændi stefnda Richard alls ekki um vísvitandi ósannsögli, en skrifi það á reikning eðlilegrar gleymsku, þar sem málið hafi líklega ekki setið eins mikið í honum og það hafi setið í stefnanda, en ein vika hafi liðið milli áðurnefndra funda fræðsluráðs. Vitnið Vilborg Harðardóttir blaðamaður kvaðst hafa samið áðurnefnda blaðagrein og hafi hún verið byggð á fundargerðum fræðsluráðs frá 21. og 27. ágúst sl. Vitnið Andrés Kristjánsson fræðslustjóri var að því spurt, hvort það minntist þess, að stefndi Richard hafi á fræðsluráðsfundi 21. ágúst 1974 viðhaft þau ummæli, að enn hefði engin hæf kona sótt um starf sem skólastjóri í Kópavogi. Kvaðst vitnið minnast umræðna um þetta, en ekki minnast þess, að stefndi Richard hafi viðhaft þessi orð nákvæmlega, en kvað auðvitað eitthvað geta hafa farið fram hjá sér. Þá kom fyrir dóminn stefndi Magnús Bjarnfreðsson. Aðspurður um, hvaða gögn hann hafi lagt til grundvallar við flutning tillögu þeirra stefndu á bæjarstjórnarfundi 27. september 1974, sem inniheldur hin stefndu ummæli, kvað hann það fyrst og fremst hafa verið greinargerð stefnanda og bókanir hans og stefnda Richards Björgvinssonar í fræðsluráði. Þar sem bæjarstjórn hafi ekki haft önnur gögn um orðaskiptin í fræðsluráði en fundargerðina, taldi stefndi þá bæjarfulltrúa, sem stefnt hefur verið, hafa talið nauðsynlegt að víta þessi ummæli, sérstaklega eftir að þau hafi verið birt opinberlega í einu dagblaðanna.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur gert þær dómkröfur, að hin tilgreindu ummæli verði dæmd ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Rökstyður hann kröfu sína með því, að ummæli stefndu í garð stefnanda séu án saka við hann og án þess að hann hafi gefið tilefni til þeirra og án þess að þau styðjist við veruleikann

nema á hinn allra hæpnasta máta, að því er stefnandi telur. Þá krefst stefnandi og að stefndu verði dæmdir til þess að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins, og málskostnaðar krefst hann að skaðlausu að mati dómsins. Refsikröfur eru ekki gerðar í málinu.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefjast þeir málskostnaðar sér til handa að skaðlausu. Rökstyðja þeir kröfur sínar með því, að vegna framkomu og atferlis stefnanda hafi þeir átt rétt til andsvara, þ. e. retorsio, og telja þeir viðbrögð sín vægari en stefnanda. Þá telja stefndu, að eins og málum er háttað, þá eigi þeir sem bæjarstjórnarfulltrúar rétt til aukinnar réttarverndar samkvæmt meginreglum 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar. Einnig komi til skoðunar laganauðsyn óhindraðs málfrelsis og skoðanafrelsis stjórnmálamanna. Þá telja stefndu, að þar sem krafist sé ómerkingar á löglegri samþykkt bæjarstjórnar, þá verði slík samþykkt eða einstök orð ekki ómerkt af dómstólum, heldur hefði stefnandi átt að leita skaðabóta, ef efni stæðu til. Þá hefði stefnanda verið réttara að stefna forseta bæjarstjórnar f. h. bæjarstjórnar í máli þessu, en ekki einstökum fulltrúum í bæjarstjórninni.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað, hvaða orð stefndi Richard Björgvinsson viðhafði á fundi fræðsluráðs 21. ágúst sl. Gagnstæðar bókanir stefnanda og stefnda Richards leiddu síðan til blaðaskrifa og samþykktar bæjarstjórnar Kópavogs hinn 27. september 1974, sem telja verður innihalda óviðurkvæmileg orð í garð stefnanda, enda hefur réttmæti þeirra ekki verið sannað. Þar sem kröfur stefnanda varðandi ummæli þessi eru kröfur um ómerkingu, en ekki refsikröfur, verður ekki tekin afstaða til 239. gr. almennra hegningarlaga, þ. e. hvort stefndu hafi verið að gjalda líku líkt. Ekki verður talið, að bæjarstjórn njóti verndar samkvæmt 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður ekki talið, að 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði eigi að valda sýknu í máli þessu.

Hin tilvitnuðu ummæli í samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs frá 27. september 1974, sem stefndu stóðu að, „er Gísli gerði honum upp og rangfærði", ber því að ómerkja með vísan til 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga. Þá þykir samkvæmt 2. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga bera að dæma stefndu in solidum til þess að greiða kostnað við birtingu dómsins í opinberu blaði, en sá kostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 20.000. Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu in solidum til þess

að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðnin kr. 15.000.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu vera ómerk.

Stefndu, Magnús Bjarnfreðsson, Richard Björgvinsson, Axel Jónsson, Stefnir Helgason, Jóhann H. Jónsson og Sigurður Helgason, greiði stefnanda in solidum kr. 20.000 til að standa straum af kostnaði við birtingu dómsins í opinberu blaði og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 25. janúar 1977.

Nr. 143/1974. **Carl J. Eiríksson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Barnavinafélaginu Sumargjöf og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Riftun gjafagernings. Lögræði. Óskipt sameign. Hefð. Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. september 1974. Hann krefst þess, að gagnáfrýjanda „verði dæmt skylt að þola riftun gjafabréfs, dags. 11. apríl 1949, fyrir eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut í Reykjavík að hluta áfrýjanda, þ. e. að ⅓ hluta". Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. september

1974. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi hefur við flutning málsins fyrir Hæstarétti sérstaklega tekið fram, að kröfur hans í málinu beri að skilja sem kröfur um aðfararhæfan dóm á hendur gagnáfrýjanda, en þær séu orðaðar á annan veg fyrir Hæstarétti en gert var í héraði eingöngu vegna þess, að hann og sameigendur hans voru erfðafestuhafar, en ekki eigendur, að landi Steinahlíðar. Þykir mega fallast á, að ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 standi ekki í vegi fyrir lagfæringu aðaláfrýjanda á kröfugerðinni.

Gagnáfrýjandi hefur sérstaklega bent á það til stuðnings kröfum sínum, að dómkröfur aðaláfrýjanda varði aðeins þriðjung eignarinnar Steinahlíðar, og enn fremur að systur aðaláfrýjanda, sem voru sameigendur hans, séu ekki aðiljar máls þessa, hvorki til sóknar né varnar.

I.

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hann hafi verið ólögráða, þegar gjafagerningurinn um Steinahlíð var gerður. Dómsmálaráðuneyti hafi ekki samþykkt ráðstöfunina hans vegna. Hafi hann þess vegna ekki orðið af henni bundinn.

Aðaláfrýjandi undirritaði sjálfur gjafabréfið um Steinahlíð hinn 11. apríl 1949 ásamt lögráðamanni sínum, sem samþykkti ráðstöfun þessa „að áskildu samþykki stjórnarráðs". Ósannað er, að aflað hafi verið samþykkis dómsmálaráðuneytis vegna aðaláfrýjanda, til að Steinahlíð væri ráðstafað til gagnáfrýjanda, svo sem gert var. Verður því að fallast á það með aðaláfrýjanda, að gjafabréfið hafi verið óskuldbindandi fyrir hann, þar sem ekki var fylgt fyrirmælum 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947, og var það því ekki lögmæt eignarheimild fyrir gagnáfrýjanda. Eins og þessum annmarka á gjafabréfinu var háttað, verður að telja, að aðaláfrýjanda sé heimilt að leita úrlausnar dómstóla á gildi þess, þó að systur hans taki ekki þátt í málssókninni með honum.

Viðurkennt er, að gagnáfrýjandi fékk full umráð Steina-

hlíðar eigi síðar en í ágúst 1950 og hafði haft þau óslitið síðan, eða í fullan hefðartíma samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905, þegar mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 23. desember 1970. Aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að umráðin hafi verið með neinum þeim hætti, er standi því í vegi, að gagnáfrýjandi verði talinn hafa unnið hefð á eigninni, svo sem hann heldur fram. Þegar af þessari ástæðu verða kröfur aðaláfrýjanda ekki reistar á því, að samþykkis dómsmálaráðuneytis var ekki aflað. Kemur þá ekki sérstaklega til athugunar, að því er varðar þá málsástæðu, sem hér er um fjallað, hvort aðaláfrýjanda hafi verið rétt að miða riftunarkröfur sínar við eignarhluta sinn í Steinahlíð eingöngu, svo sem hann hefur gert.

II.

Þá styður aðaláfrýjandi kröfur sínar þeim rökum, að gagnáfrýjandi hafi rofið ýmis skilyrði, sem samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins voru sett fyrir gjöfinni, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Leiði þetta til þess, að hann megi rifta gjöfinni að sínum hluta. Telja verður, að það, sem rakið er hér að framan, haggi því ekki, að gagnáfrýjandi sé bundinn af skilyrðum þeim, sem sett voru í gjafabréfinu 11. apríl 1949. Mál til riftunar gjafagerningsins vegna rofa á skilyrðum þessum varð aðeins höfðað af þeim öllum sameiginlega, er skilyrðin settu, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa máli þessu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði fellur niður. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 75.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Carl J. Eiríksson, greiði gagnáfrýjanda, Barnavinafélaginu Sumargjöf, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda um kröfugerð málsaðilja fyrir Hæstarétti. Ég er enn fremur samþykkur úrlausn þeirra um þá málsástæðu aðaláfrýjanda, sem fjallað er um í I. kafla dómsins.

II.

Aðaláfrýjandi styður kröfur sínar öðrum þræði þeim rökum, að gagnáfrýjanda hafi verið sett ýmis skilyrði í gjafabréfinu um meðferð sína á hinni gefnu eign og um not hennar, og er þetta nánar rakið í héraðsdómi. Þessi skilyrði hafi gagnáfrýjandi ekki haldið. Leiði það til þess, að aðaláfrýjandi megi rifta gjöfinni að sínum þriðjungi.

Í margnefndu gjafabréfi 11. apríl 1949 fólst það, að aðaláfrýjandi og báðir sameigendur hans ráðstöfuðu allri fasteigninni Steinahlíð með sameiginlegu gjafabréfi í hendur gagnáfrýjanda. Þau skilyrði, sem sett voru í gjafabréfinu um meðferð gagnáfrýjanda á eigninni og notkun hennar, vörðuðu fasteignina í heild og voru sett af gefendum sameiginlega. Ef gefendur halda því fram, að gagnáfrýjandi hafi vanhaldið þessi skilyrði að því marki, að þeir megi heimta gjöf sína aftur, yrði riftunarkrafa af þeirra henni að taka til eignarinnar allrar, en ekki einstakra eignarhluta, og ættu gefendur sókn þess máls sameiginlega. Krafa sú, sem aðaláfrýjandi gerir í máli þessu um, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að þola riftun gjafarinnar að þriðjungi, þar sem hann hafi ekki haldið þau skilyrði, sem gjöfin var bundin, hefur samkvæmt þessu ekki lagastoð. Leiðir þetta til þess, að sýkna ber gagnáfrýjanda, einnig að því leyti sem kröfur aðaláfrýjanda eru reistar á þeim grundvelli, sem nú var um fjallað.

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómenda um málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð ætti að vera svofellt:
Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Aðaláfrýjandi, Carl J. Eiríksson, greiði gagnáfrýjanda, Barnavinafélaginu Sumargjöf, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Kröfur aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti eru aðrar en í héraði. Er það skýrt á þann veg, að um sé að ræða breytingu gagnáfrýjanda í hag, og verði því að telja breytinguna heimila. Fallast ber á, að svo sé, sbr. 45. gr. og 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. og 113. gr. laga nr. 85/1936.

Í gjafabréfi, sem undirritað var 11. apríl 1949, meðan aðaláfrýjandi var ólögráða vegna æsku, segir, að hann og tvær systur hans gefi gagnáfrýjanda eign sína Steinahlíð í Reykjavík með tilteknum skilyrðum, og er það rakið í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi hefur einn höfðað mál þetta, og ekki stefndi hann systrum sínum til að þola dóm. Aðaláfrýjandi krefst riftunar gjafagerningsins að sínum hluta, þ. e. þriðjungi. Áður en rætt verður um efnisatriði málsins, þarf að fjalla um tvö réttarfarsatriði. Í fyrsta lagi er ástæða til að taka afstöðu til þess, hvort aðaláfrýjandi geti fengið dóm um riftun gjafagerningsins í máli, sem systur hans eiga ekki aðild að. Telja verður, að svo sé, þar sem ekki sé um samaðild í réttarfarsskilningi að ræða, sbr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Ljóst er, að aðaláfrýjanda einum hefði verið heimilt að gefa sinn hluta hinnar óskiptu sameignar þeirra systkina og að höfða dómsmál, ef tilefni hefði verið til, í því skyni að rifta slíkum gerningi. Fyrst ekki var laganauðsyn, að hvers konar eigendaskipti með löggerningi færu fram með atbeina systkinanna allra, verður ekki talið, að réttarfarsreglur geti staðið því í vegi, að aðaláfrýjandi einn leiti nú eftir riftun gjafagerningsins í dómsmáli. Í öðru lagi er ástæða til að taka afstöðu til þess, hvort aðaláfrýjandi geti látið við það sitja að krefjast riftunar að þriðjungi eða hvort hann verði að krefjast riftunar að öllu. Af riftun að öllu mundi

leiða, að systur hans yrðu á ný eigendur að ⅔ hlutum Steinahlíðar. Slík niðurstaða er ótæk, þar sem þær hafa ekki gert neina kröfu í þá átt, en gagnáfrýjandi tekið við gjöf þeirra. Að sönnu skapast aðstaða, sem getur valdið vanda og ekki var ráðgerð 1949, ef krafa aðaláfrýjanda í máli þessu er tekin til greina og sameign verður með honum og gagnáfrýjanda. En lagaúrræði eru til að leysa úr slíkum vanda, þó að ekki sé tilefni til að fjalla um það atriði frekar í þessum dómi. Ég tel því, að leggja beri efnisdóm á mál þetta.

Riftunarkröfu sína byggir aðaláfrýjandi í fyrsta lagi á því, að samþykki dómsmálaráðuneytisins var ekki fengið til að binda hann við gjafabréfið frá 11. apríl 1949. Verður að fallast á, að slíkt samþykki hafi verið nauðsynlegt samkvæmt 37. gr. lögræðislaga nr. 95/1947. Batt gjafabréfið hann þess vegna ekki í upphafi. Hins er aftur á móti að gæta, að gagnáfrýjandi tók við eigninni Steinahlíð og hafði haft á henni óslitið eignarhald í meira en 20 ár, þegar mál þetta var höfðað. Verður því að fallast á það með gagnáfrýjanda, sbr. 2. og 6. gr. hefðarlaga nr. 46/1905, að krafa aðaláfrýjanda verði ekki tekin til greina af þessari ástæðu.

Í öðru lagi byggir aðaláfrýjandi kröfu sína á því, að gagnáfrýjandi hafi vanefnt skuldbindingar þær, sem félagið gekkst undir í samræmi við gjafabréfið, og er það nánar rakið í héraðsdómi.

Fram er komið, að dvalarbörnin í Steinahlíðarheimilinu hafi aldrei verið eldri en 6 ára, en önnur og eldri börn í vinnuskóla borgarinnar hafi verið við ræktun á landinu á sumrin og dvalarbörnin þá fylgst með starfinu. Verður af þessum sökum talið, að skilyrði gjafabréfsins um kennslu í trjá- og matjurtarækt hafi verið uppfyllt. Um skerðingu landsins er þess að geta, að það var upprunalega 40.085 m^2 skv. mælingu mælingadeildar borgarverkfræðings í júlí 1972, sem ekki hefur verið vefengd. Eftir breytingar er það skv. sömu mælingu 40.966 m^2. Breytingar á landinu hafa að mestu, en þó ekki öllu, verið eins og segir í gjafabréfinu, en frávik skipta bersýnilega engu um gæði landspildunnar. Verður þessi breyting því ekki til þess að taka eigi kröfu aðaláfrýjanda

til greina. Í gjafabréfinu frá 11. apríl 1949 segir, að girða skuli á endanlegum mörkum og laga landið til innan árs. Fram er komið, að þetta var ekki gert, þó að ekki séu tiltækar fullkomnar upplýsingar um girðingarframkvæmdir þann tíma allan, sem gagnáfrýjandi hefur haft umráð landsins. Landið hefur hins vegar verið girt nú, en þó, að því er virðist, eftir að mál þetta var höfðað. Vanefnd sú, sem hér hefur orðið, er óveruleg og getur ekki ein sér leitt til þess, að taka beri riftunarkröfu aðaláfrýjanda til greina. Loks telur aðaláfrýjandi, að ekki hafi verið hlynnt að gróðri á Steinahlíðarlandinu jafn vel og gjafabréfið áskilur. Í bréfinu segir, að gagnáfrýjandi skuli sjá um, „að hlynnt sé eftir því sem unnt er að gróðri þeim, sem nú er á lóðinni". Fram er komið, að blóma- og trjábeð nálægt Steinahlíðarhúsinu var lagt undir malarhlað til að auðvelda aðflutninga, þegar húsinu var breytt skömmu eftir afhendingu þess til gagnáfrýjanda fyrir rúmlega aldarfjórðungi. Jafnframt er fram komið, að ýmiss konar ræktunarstarf hefur verið á landinu síðan. Þykir þessi málsástæða því ekki tæk.

Af framansögðu leiðir, að ég tel, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Þá tel ég, að dæma beri aðaláfrýjanda, Carl J. Eiríksson, til að greiða gagnáfrýjanda, Barnavinafélaginu Sumargjöf, 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júní 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., er höfðað af Carli J. Eiríkssyni, Rauðalæk 3, Reykjavík, með réttarstefnu, birtri 23. desember 1970, á hendur Barnavinafélaginu Sumargjöf í Reykjavík.

Krafa stefnanda í stefnu á hendur stefnda er „til staðfestingar á eignarrétti sínum á ⅓ hluta í eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestulandi)".

Málið var þingfest 7. janúar 1971, og lagði stefnandi þá fram, auk stefnu, greinargerð ásamt ýmsum fylgiskjölum. Í greinargerðinni krafðist stefnandi, auk framangreindrar stefnukröfu, málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi hefur krafist algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og hæfilegs málskostnaðar úr hans hendi.

Við framlagningu greinargerðar stefnda hinn 4. febrúar 1971 leitaði dómarinn sátta með aðiljum án árangurs.

Málið hefur verið skriflega flutt að ósk stefnanda og með samþykki lögmanns stefnda.

Málsatvik eru þau, að með gjafabréfi, dags. 11. apríl 1949, gáfu einkaerfingjar í dánarbúi Halldórs Eiríkssonar stórkaupmanns, þau Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandi, Carl J. Eiríksson, í minningu foreldra sinna og eftir ósk föður þeirra stefnda í máli þessu eign þeirra Steinahlíð við Suðurlandsbraut. Þau skilyrði voru sett fyrir gjöfinni í bréfinu:

„1. Að Barnavinafélagið Sumargjöf skuldbindi sig til að eignin sé starfrækt eingöngu sem barnaheimili, þar sem sérstök áherzla sé lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt.

2. Að félagið tryggi samþykki bæjarstjórnar fyrir því, að land það, sem fylgir eigninni, sé ekki skert og að ekki verði lagðir vegir um það né lóðum úthlutað af því, eftir að breyting hefur verið gerð á því nú með því að skera sneið af norðausturhorni þess, en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn. Landið verði umgirt þannig og lagað innan árs.

3. Að félagið sjái um, að hlynnt sé eftir því sem unnt er að gróðri þeim, sem nú er á lóðinni.

4. Að eignin haldi núverandi nafni sínu „STEINAHLÍÐ“.“

Gjafabréfið undirrita Lárus Jóhannesson f. h. Inge Johnson, Elsa E. Guðjónsson og stefnandinn, Carl J. Eiríksson, en undir hans nafnritun undirritar Lárus Jóhannesson samþykki sem fjárráðamaður að áskildu samþykki Stjórnarráðs. Á gjafabréfið er áritað samþykki Barnavinafélagsins Sumargjafar um að taka við gjöfinni með framanrituðum skilmálum, og er það undirritað sama dag. Þá er og á gjafabréfinu svofelld áritun: „Á fundi bæjarstjórnar Reykjavíkur 7. apríl var gerð svofelld samþykkt:

„Bæjarstjórnin samþykkir að gefa Barnavinafélaginu Sumargjöf fyrirheit um að starfrækja megi um ókomin ár barnaheimili á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XVI. (Steinahlíð), þar sem skilyrði geti verið til að kenna börnum trjárækt og matjurtarækt.

Heitir bæjarstjórnin því að skerða ekki landið meira en leiðir af breikkun Suðurlandsbrautar (lagningu Gnoðarvogs) og lagningu fyrirhugaðs Elliðaárvogs um austurhluta landsins.

Í stað lóðarskáka, sem þannig verða sneiddar af landinu, mun

bæjarstjórnin gefa félaginu kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinahlíðarlandið, ca. 1.4 ha að flatarmáli".

Áritunin er undirrituð f. h. borgarstjórans í Reykjavík 27. maí 1949.

Gjafabréfinu er þannig þinglýst þann 31. maí 1949.

Telur stefnandi, að hið stefnda félag hafi svo verulega vanrækt að uppfylla skilyrði gjafarinnar skv. gjafabréfinu, að forsendur fyrir gjöfinni séu brostnar. Að því er sig varði, eigi gjöfin því að ganga til baka, þ. e. hans hluti, eða ⅓ skv. framansögðu.

Til frekari skýringar málssókninni verða nú raktir vitnaframburðir, að svo miklu leyti sem máli skiptir, og skjöl rakin með sama hætti, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Vitnið Lárus Jóhannesson, fyrrverandi hæstaréttardómari, skýrir svo frá fyrir dómi, að eftir að hann fékk vitneskju um hér umrædd málaferli eða nokkru áður, hafi hann farið að leita í gögnum sínum varðandi stefnanda til þess að leita upplýsinga um, hvort samþykki Stjórnarráðs lægi fyrir varðandi gjöfina. Kvaðst vitnið við þá leit ekki hafa fundið neitt það varðandi, hvorki bréf frá sér til Stjórnarráðsins né heldur bréf frá Stjórnarráðinu. Taldi vitnið mestar líkur vera til þess, að hann hafi aldrei skrifað Stjórnarráðinu beiðni um staðfestingu. Tók vitnið fram, er hann fór að hugsa mál þetta betur, að hann telji vel hafa kunnað að vera, að Sumargjöf hafi átt að sjá sjálf um að fá samþykki Stjórnarráðsins, þannig að það hafi ekki verið starf sitt að afla samþykkisins. Vitnið kveðst telja sig muna það rétt, að hann hafi eitthvað verið búinn að ræða við Stjórnarráðið og þá líklegast við Gústav A. Jónasson, þáverandi ráðuneytisstjóra, um þessi atriði, áður en gengið var frá gjafabréfinu, en þar sem svo langt sé um liðið, þá kvaðst vitnið ekki vilja neitt um þetta fullyrða. Vitnið kvaðst hafa litið svo á, er hann gekk frá gjafabréfinu, að með gjöfinni væri verið að uppfylla óskir foreldra gefenda, þeirra Halldórs Eirikssonar og Elly Schepler Eiríksson.

Í málinu liggur fyrir vottorð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. desember 1970, svar við fyrirspurn stefnanda um það, hvort samþykkis ráðuneytisins hafi verið aflað, er eignin Steinahlíð við Suðurlandsbraut á sínum tíma var gefin Barnavinafélaginu Sumargjöf, er tekið fram, að athugun á skjölum ráðuneytisins frá því tímabili, sem hér um ræðir, hafi ekki leitt í ljós, að samþykkis ráðuneytisins hafi verið aflað.

Vitnið Ida Ingólfsdóttir kvaðst hafa byrjað sem forstöðukona barnaheimilisins í Steinahlíð haustið 1949 og verið stanslaust

síðan. Hún kvað í upphafi hafa verið byrjað með börn frá aldrinum eins og hálfs árs til sex ára og hafi þau dvalist á heimilinu allan daginn frá kl. 0730 til 1800, en nú sé opið til kl. 1830. Sú breyting hafi á orðið síðustu þrjú til fjögur árin, að yngstu börnin séu þriggja ára. Spurningu stefnanda um það, hvort sérstök áhersla hafi verið lögð á að kenna börnunum trjárækt og matjurtarækt, á meðan þau störfuðu í Steinahlíð, svaraði vitnið: „Það fer eftir því, hvað kallað er að kenna. Við erum ekki með sérstök námskeið fyrir börnin, en ef þau fylgjast með því, sem er að gerast, læra þau af því. Ég mundi segja, að börnunum væri kennd matjurtarækt. Það er unglingavinna hér á sumrin, frá því í júní fyrir börn á aldrinum 13 til 14 ára. Börnin hreinsa lóðina, stinga upp garðana og setja niður kartöflur og grænmeti. Þessi unglingavinna er á vegum borgarinnar, þ. e. undir leiðsögn sérstaks kennara. Börnin setja niður sumarblóm, og farið er með börnin út í náttúruna til að tína blóm, sem sett eru niður við húsið hérna, það er í hraunbrekku. Dvalarbörnin fylgjast með þessari unglingavinnu og taka þátt í starfinu". Ida kvaðst ekki vita betur en að slíkt hafi farið fram á hverju ári og sé það „Vinnuskólinn", sem auglýsi námskeiðin. Spurningu stefnanda um það, hvað gert hafi verið við öll blómin og trén, sem árið 1949 hafi verið á svæðinu milli íbúðarhússins og bílskúrsins, þar sem nú er bílastæði, svaraði vitnið á þá leið, að hún hafi ekki komið til starfa í Steinahlíð fyrr en búið hafi verið að byggja viðbyggingu og þá hafi beðið ugglaust verið í veginum og trén verið flutt og sett annars staðar á lóðina. Frekar kvaðst hún ekki geta sagt um gróður á svæði þessu. Ida kvaðst telja, að það hafi ekki verið neinar plöntur utan við gömlu girðinguna um landið, en eitthvað af plöntum séu utan girðingarinnar, síðan nýja girðingin hafi verið sett upp veturinn 1972—1973. Um það, hvað verði um þann gróður, sem þannig lenti utan hinnar nýju girðingar, kvað hún verða að telja mjög óljóst, þar sem girðingin sé svo til nýtilkomin. Hún kvaðst ekki vita til þess, að neinum plöntum hafi verið hent. Það sé búið að planta hundruðum eða þúsundum nýrra plantna í landinu, síðan hún hafi komið, en hins vegar hafi auðvitað gömlum og ónýtum plöntum verið hent. Spurningu stefnanda um það, hvort girðing um land Steinahlíðar hafi ekki legið á hliðinni á margra metra löngum og mörgum köflum á árunum 1970 til 1972, t. d. sunnan og suðvestan megin um landið, og að enn fremur hafi girðingu alveg vantað á margra metra köflum (t. d. rétt vestan við innkeyrsluhliðið) á þessum sömu árum

og að innkeyrsluhliðið hafi verið ónýtt eða alveg vantað og stöplarnir skakkir, svaraði vitnið á þá leið, að girðingin hafi víða verið mjög léleg og beðið hafi verið eftir girðingu, sem Reykjavíkurborg átti að setja upp. Girðingin hafi hallað sunnan og suðvestan megin. Vestanverðu við hliðið hafi girðingin verið tekin niður vegna þess, að hennar hafi ekki verið þörf vegna girðingar við Gnoðarvog. Einn veturinn hafi mjólkurbifreið ekið á annan hliðarstólpann og gert hafi verið við hann um vorið. Hliðið hafi því ekki verið í á þessum tíma, og enn fremur sagði hún, að hliðið væri ýmist opið eða lokað. Ida Ingólfsdóttir kvaðst ekki minnast þess, að frú Elsa Guðjónsson, systir stefnanda, hafi við sig rætt um það, að skilmálarnir í gjafabréfinu hafi ekki verið haldnir. Heldur ekki kvað hún sér kunnugt um það, að innan félags stefnda eða innan Steinahlíðar, t. d. meðal starfsfólks eða ráðamanna félags stefnda, hafi verið um það rætt, að skilmálar gjafabréfsins hafi ekki verið haldnir.

Vitnið Ragnar Júlíusson skólastjóri skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hafi verið forstöðumaður Vinnuskóla Reykjavíkur síðastliðin 10 ár, en 5 ár þar á undan yfirverkstjóri. Spurningu stefnanda um það, hvort nokkur ákvæði séu eða hafi verið um það í kennsluáætlun eða starfsreglum kennara vinnuskólans varðandi barnaheimilið Steinahlíð, að kennarinn eða kennararnir, sem störfuðu þar, skyldu kenna dvalarbörnunum trjárækt og matjurtarækt og leggja á það sérstaka áherslu, svaraði vitnið, að það gildi að sjálfsögðu sömu reglur um alla flokkstjóra vinnuskólans, hvar sem þeir starfa, og að sjálfsögðu engar sérreglur fyrir Steinahlíð. Hins vegar sé aðstaðan þar ólík mörgum öðrum vinnustöðum, þar sem það sé barnaheimili og börn að leik innan um vinnandi unglinga, sem komist þá ekki hjá því að taka eftir þeirra störfum. Bætti vitnið því við, að dvalarbörnunum í Steinahlíð væri ekki sérstaklega kennd trjárækt og matjurtarækt á vegum vinnuskólans, þó þau fylgist með starfsemi skólans, eins og áður getur. Vitnið kvað sér ekki vera kunnugt um það, að sérstök fyrirmæli hafi verið gefin til vinnuskólans að þessu leyti varðandi dvalarbörnin, enda hafi hann ekki verið starfandi við skólann frá upphafi hans. Spurningu stefnanda: „Við hvað áttuð þér nákvæmlega, þegar þær sögðuð við mig í síma fyrir nokkrum dögum síðan, að þér ætluðuð ekki að hjálpa mér til að ná aftur Steinahlíð? Áttuð þér við, að framburður yðar fyrir bæjarþinginu kynni að mótast af þessari afstöðu yðar til mín?“, svaraði vitnið á þessa leið: „Að sjálfsögðu læt ég þessi orð, séu þau rétt eftir

höfð, ekki hafa áhrif á framburð minn, en þau eru, eins og Carl veit, ekki sögð að ástæðulausu. Skýringin er sú, að skömmu eftir að ég var kosinn varaformaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur af borgarstjórn Reykjavíkur sumarið 1970, sá Carl Eiríksson ástæðu til að hringja til mín oftar en einu sinni og hafa í hótunum við mig, ef ég ekki greiddi atkvæði í nefndinni eins og honum bezt líkaði, en færi ekki eftir skynsemi minni". Spurningu stefnanda um, hvers konar hótanir hann ætti við af sinni hálfu, svaraði vitnið: „Ég sé ekki ástæðu til þess að blanda þessu tvennu saman" og tók fram, að barnaverndarnefnd sé bundin þagnarskyldu. Vitnið Ragnar Júlíusson vann eið að framangreindum framburði sínum.

Í bréfi borgarverkfræðings í Reykjavík til félags stefnda, dagsett 1. febrúar 1967 og undirritað er af Ellert B. Schram, segir svo:

„Hér með tilkynnist yður, að vegna lagningar Elliðavogar, sem ætlunin er að tengja við Suðurlandsbraut á næstunni, er nauðsynlegt að skerða land það, er þér hafið til umráða.

Samkvæmt ákvörðun borgarráðs er þessi skerðing heimil, en í stað þess landskika, sem taka verður vegna götulagningarinnar, skal koma jafnstórt svæði vestan megin lóðarinnar Kleppsmýrarbletts 16, sem Steinahlíð stendur á.

Lausleg mæling sýnir, að taka verður 10.000 m^2 v/vegarins, og sýnist mögulegt að bæta þann skika með því svæði, sem liggur með lóð yðar að vestanverðu.

Starfsmenn okkar munu sjá um að girða landið af í samræmi við enduruppmælingu lóðarinnar".

Í bréfi til hins stefnda félags, dags. 21. desember 1970, og að því er virðist skrifað af Ellert B. Schram, þó það sé óundirritað, segir svo:

„Bréf yðar, dags. 28. 2. '70, hefur verið móttekið, og hefur mælingadeild unnið að mælingum á þessu ári, bæði á þeim hluta, sem tekinn var af landinu í Steinahlíð vegna lagningar Elliðavogar, og eins á framtíðarlóðarmörkum.

Samkvæmt þeim mælingum var landið skert um 1.21 ha, en skv. hjálögðu mæliblaði hefur verið bætt við það 1.32 ha, þar af 1.05 ha vestan megin lóðarinnar, sbr. bréf undirritaðs, dags. í febr. '67.

Með hliðsjón af samþykkt bæjarstjórnar 7. apríl 1949 um að gefa félagi yðar kost á viðbótarlandi norðvestan við Steinahlíðarlandið, ca. 1.4 ha að flatarmáli, í stað þess lóðarskika, sem sneidd-

ur er af landinu vegna gatnaframkvæmda — vantar því enn ca. 800 m^2 til að fullnægja nefndri samþykkt.

Ekki er hægt að bæta þeim skika við vestan eða norðan megin núverandi lands utan það, sem mæling sýnir nú, og er það tillaga mín, að gengið verði frá lóðarmörkum og mæliblaði skv. hinni nýju mælingu með þeim fyrirvara, að 800 m^2 sé bætt við landið, þegar endanlega hefur verið gengið frá gatnamótum Elliðavogs og Miklubrautar og/eða hugsanlegri viðbótarlóð yður til handa sunnan megin.

Girðingarframkvæmdir munu væntanlega hefjast strax og mögulegt verður næsta vor, enda hafi þá lóðarmörk verið ákveðin og samþykkt af yður".

Þá hefur og verið lagt fram bréf borgarverkfræðings í Reykjavík til borgarráðs Reykjavíkur, dags. 4. janúar 1971 og undirritað af Ellert B. Schram, á þessa leið:

„Á fundi borgarráðs 29. desember s.l. var vísað til minnar umsagnar erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 21. f. m., varðandi upplýsingar um land Steinahlíðar við Suðurlandsbraut.

Í fyrsta lagi er spurst fyrir um, „hvenær samþykki bæjarstjórnar Reykjavíkur hafi verið veitt fyrir því, að land það, sem fylgdi eigninni, yrði ekki skert og að ekki yrðu lagðir vegir um það né lóðum úthlutað að því, eftir að breyting hefði verið gerð á landinu þá (1949) með því að skera sneið „af norðausturhorni þess", en leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn".

Ekki er hægt að sjá, að bæjarstjórn hafi gert samþykkt um að skerða ekki frekar landið.

Í öðru lagi óskast einnig upplýst, „hvar viðbótarland það er staðsett, ca. 1.4 ha að flatarmáli, sem bæjarstjórn Reykjavíkur lofaði að gefa Barnavinafél. Sumargjöf kost á, norðvestan við Steinahlíðarlandið með samþykki í bæjarstjórn þann 7. apríl 1949".

Þessari fyrirspurn er svarað með því að leggja fram bréf undirritaðs til Sumargjafar, dags. 21. desember 1970".

Í bréfi sama aðilja, dags. 21. janúar 1971 (dskj. nr. 14), vegna fyrirspurnar stefnanda þar um segir svo í niðurlagi, að „Borgaryfirvöld hafa ekki gert neina samþykkt um, að landið skyldi ekki skert á hvorugan veginn".

Í bréfi frá skrifstofu Reykjavíkurborgar til stefnanda málsins, dags. 9. febrúar 1971, segir svo:

„Með bréfi, dagsettu 8. febrúar s.l., er spurt, hvort barnavina-

félagið „Sumargjöf“ hafi sótt um leyfi borgaryfirvalda eða skrifstofu minnar til að umgirða land Steinahlíðar á árunum 1949—1950 eða síðar. Skrifleg umsókn til byggingarnefndar um girðingu kringum land Steinahlíðar hefur ekki borist til byggingarnefndar, en lengi hefur staðið til að breyta lóðinni í sambandi við nýjar götur, og munu borgaryfirvöld sjá um girðingu um landið í því sambandi, samanber hjálögð ljósrit af bréfum Ellerts B. Schram, skrifstofustjóra borgarverkfræðings, til barnavinafélagsins Sumargjafar, dagsettum 1. febrúar 1967 og 21. desember 1970“.

Í bréfi Páls Líndals borgarlögmanns til lögmanns stefnda, dags. 28. febrúar 1972 (dskj. nr. 12), segir m. a., að á fundi borgarráðs 24. þess sama mánaðar hafi verið rætt bréf lögmannsins til sín, dags. 9. febrúar 1972, varðandi málssókn stefnanda á hendur stefnda til riftunar á gjafabréfi fyrir eigninni Steinahlíð. Með bréfi þessu er sent samrit af umsögn borgarlögmannsins um bréf stefnanda, dags. 12. febrúar 1972, en í bréfinu segir borgarlögmaður, að borgarráð hafi fallist á þá umsögn á framangreindum fundi. Þessi umsögn borgarlögmannsins fylgir bréfi hans, en hún hljóðar svo:

„Með bréfi, dags. 21. þ. m., hefur háttv. borgarráð óskað umsagnar minnar um erindi Carls J. Eiríkssonar, dags. 12. þ. m. Bréfritari á sem kunnugt er í máli við Barnavinafélagið Sumargjöf, og er það skv. bréfi hans „til staðfestingar á eignarrétti mínum á ⅓ hluta í eigninni Steinahlíð við Suðurlandsbraut (Kleppsmýrarblettur XVI, erfðafestuland), vegna brota á gjafaskilmálum, sem settir voru, er Steinahlíð var gefin, og vegna þess, að gjöf fasteignar var bönnuð með lögum vegna lögræðisskorts (ég var ófjárráða)“.

Í bréfinu er spurst fyrir um það, hvort borgarstjórn mundi samþykkja fyrir sitt leyti, að erfðafesturétturinn að Kleppsmýrarbletti 16 yrði skráður að ⅓ hluta á hans nafn, ef svo færi, að dómur félli honum í vil.

Ég leyfi mér að leggja til, að bréfritara verði svarað á þá leið, að borgarstjórn mundi ekki samþykkja umrædda skráningu, ef dómur gengi honum í vil, heldur yrði landið þegar í stað tekið úr erfðafestu samkvæmt ákvæðum erfðafestubréfsins, dags. 28. maí 1928“.

Lagður hefur verið fram í málinu uppdráttur af Steinahlíðarlandi, sem stefnandi gerði sjálfur í september 1970 og sýnir legu girðingar umhverfis það þá (dskj. nr. 5). Samkvæmt uppdrætt-

inum hefur verið tekin sneið af norðausturhorni landsins og enn fremur norðurhorni, sem nær 22.5 m af norðvesturlóðarmörkum, en samtals nemur þessi afsneiðing 1.21 ha. Uppdrátturinn sýnir viðbót við landið, ferhyrnda spildu út frá vesturmörkum lóðarinnar, sem nemur 0.36 ha.

Í bréfi borgarverkfræðingsins í Reykjavík, dags. 11. febr. 1971, en með því fylgir framangreindur uppdráttur, segir svo: „Það staðfestist hér með samkvæmt beiðni, að lega girðingar austanvert að Kleppsmýrarbletti 16, Reykjavík (Steinahlíð), sem sýnd er á viðfestu ljósriti af uppdrætti merktum „Steinahlíðarland í september 1970", er í meginatriðum rétt, þannig að skekkja á málunum 101 m, 182 m, 35 m og 22.5 m fer hvergi fram úr 0.8 m samkvæmt mælingum, sem gerðar voru af starfsmönnum mælingadeildarinnar á nefndri girðingu haustið 1970. Um önnur atriði uppdráttarins er mælingadeildinni ókunnugt".

Þá liggur og fyrir í málinu bréf garðyrkjustjóra Reykjavíkur, dags. 22. janúar 1974, en þar segir, að vinna við girðingu í Steinahlíð við Suðurlandsbraut hafi hafist 15. október 1972 og staðið þá samfleytt yfir til 7. apríl 1973, en þá hafi verkið tafist vegna efnisskorts til 7. október um haustið, en verkinu hafi verið lokið fyrir áramót 1973.

Að lokum liggur fyrir uppdráttur af landinu, gerður af mælingadeild borgarverkfræðings í júlí 1972 (dskj. nr. 30). Á þeim uppdrætti er sagt, að:

„Landið talið	3.9	ha
Landið reyndist hafa verið	40085	m^2
Tekið af landinu skv. sþ. bæjarstjórnar 7. 4. 1949	12102	m^2
Bætt við landið að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut	+ 12983	
Landið verður	40966	m^2"

Uppdrátturinn sýnir síðan legu hinnar nýju girðingar umhverfis landið. Samkvæmt því hefur skásneiðin á austanverðu landinu verið færð austur fyrir norðurhornið, þannig að það horn er innan girðingarinnar. Bætt hefur verið við landið meðfram allri vesturhlið þess, svo sem fram með Suðurlandsbraut. Var uppdráttur þessi í samræmi við síðustu vettvangsskoðun.

Öllum framanröktum bréfum hefur verið mótmælt.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu á því, að öll hin þinglýstu skilyrði gjafabréfsins frá 11. apríl 1949 fyrir gjöfinni hafi ekki verið haldin. Hefur hann bent á það í fyrsta lagi, að gjafagerningurinn hafi verið ólöglegur, að því er hans eignarhluta varðaði, samkvæmt ákvæðum 37. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, síðari mgr. aðallega. Hann hafi verið á 20. aldursári, er hann undirritaði gjafagerninginn og því ófjárráða. Samþykki Stjórnarráðs hafi ekki fengist, svo sem fjáhaldsmaður hans hafi áskilið við undirskrift sína á gjafagerninginn, en jafnvel þótt samþykki Stjórnarráðs hefði fengist, hefði það samþykki verið ólöglegt samkvæmt framanrituðu lagaákvæði. Auk þessa þá hafi stefndi svo verulega brotið öll skilyrði gjafabréfsins. Að því er varðar 1. skilyrðið, þá sé upplýst í málinu, að dvalarbörnunum á barnaheimilinu hafi ekki verið kennd trjárækt og matjurtarækt, svo sem þar er áskilið. Skiptir í því sambandi engu, þótt unglingar hafi unnið að slíkum störfum á vegum Reykjavíkurborgar, þar sem í því starfi felist engin kennsla til dvalarbarnanna. Að því er 2. skilyrði gjafabréfsins varðar, þá hafi skerðing á landinu orðið með öðrum hætti en skilyrðið setur. Aðeins hafi verið heimilt að skerða sneið af norðausturhorni landsins. Hins vegar hafi, er málshöfðunin hófst, bæði austurhornin verið tekin af landinu. Sú skerðing hafi samtals numið 1.21 ha, en þrátt fyrir ákvæði í skilyrðinu um að leggja aðra sneið að vestan og norðan til landsins í staðinn hafi á sama tíma eingöngu verið lagt til 0.36 ha. Skipti hér engu um, þótt nú, meðan á málinu stóð, hafi öðru horninu verið skilað aftur til landsins. Samkvæmt skilyrðinu skyldi allt landið, eftir að hin heimilaða skerðing hafði verið gerð og nýtt land við bætt í staðinn, verða umgirt og lagað innan eins árs. Þetta skilyrði hafi algerlega verið vanrækt af hálfu stefnda. Upprunalegu girðingunni hafi verið illa við haldið, og á köflum svo, að hún hafi á mörgum stöðum legið niðri um lengri tíma. Varði engu, þótt nú sé komin ný girðing umhverfis landið. Þá hafi stefndi og brotið ákvæði 3. skilyrðisins um það, að stefndi hlynnti að gróðri þeim, sem á lóðinni var við útgáfu gjafabréfsins, eftir því sem unnt væri. Bendir stefnandi á það, að blómabeð, sem hafi verið vestan við íbúðarhúsið, hafi verið upprætt, en bílastæði gert í staðinn. Enn fremur að tré hafi verið skilin eftir utan landsins við skerðingu þess. Af öllu þessu sé því ljóst, að öll skilyrði gjafabréfsins hafi verið brotin, og það með vitund stefnda. Komi því eigi til álita, að stefndi geti öðlast eignarrétt á landinu fyrir hefð samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 46 frá 1905. Um tómlæti

af sinni hálfu hafi alls ekki verið að ræða. Hann hafi eitt sinn verið samþykkur gjöfinni, á meðan hann hafi haldið, að stefndi vildi halda skilyrðin, og hafi það þá verið af góðvild af sinni hálfu til stefnda. Hann kvaðst hafa kvartað yfir brotum á skilyrðunum, bæði við formann og framkvæmdastjóra stefnda og við forstöðukonu barnaheimilisins um sumarið 1970 og aftur um það haust, en síðan hafi hann höfðað mál þetta í desember það sama ár.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann telji sig hafa, eftir því sem föng hafi verið á og hægt hafi verið með sanngirni að krefjast, séð til þess yfir 20 ára skeið, að virtar hafi verið óskir fyrrverandi eigenda eignarinnar svo sem þær hafi verið upp taldar í gjafabréfinu. Í fyrsta lagi hafi stefndi séð til þess, að eignin hafi eingöngu verið starfrækt sem barnaheimili og í því skyni hafi sérstaklega verið hlúð að húseigninni með viðauka og breytingum, gerðum þegar á árinu 1949. Allir megi vita, að 3ja—6 ára börn geti lítið aðhafst við trjárækt og matjurtarækt á svo miklu gróðursvæði. Þau störf hafi verið unnin af unglingum á sumrum undir leiðsögn og með því starfi hafi dvalarbörnin fylgst. Í annan stað hefur lóðin ekki verið skert umfram það, sem allra brýnasta tilfæring vegna skipulagsbreytinga hefur krafist, og þá annað land verið látið í té endurgjaldslaust í staðinn. Það verði ekki annað séð en að gróður sá, sem á lóðinni er, sé þroskavænlegur og að hann hafi hlotið eðlilega aðhlynningu þá 2 áratugi, sem liðnir eru frá því, að stefndi fékk umráð landsins. Þannig hafi árin liðið og nú sé viðurkennt af hálfu stefnanda, að honum hafi verið ljóst og hann hafi litið svo á sem ýmsum skilyrðum hafi þegar frá upphafi verið illa fram fylgt af hálfu stefnda. Þó hafi hann ekki séð ástæðu til athafna né heldur tilkynnt stefnda hugsanlega riftun, ef eigi yrði úr tilteknum ágöllum bætt, fyrr en liðin voru meira en 20 ár frá því að bréfið var afhent. Slík aðvörun eða tilkynning hlaut að vera forsenda þess, að riftunarmál væri hafið. Einnig bendir stefndi á, að þau frávik, sem orðið hafa frá skilyrðum gjafarinnar, þá hafa þau verið svo óveruleg allan tímann, að engan veginn gæti sætt riftun. Eftir að stefnandi öðlaðist lögræði, rúmu hálfu öðru ári eftir undirskrift gjafabréfsins, bar honum að gera ráðstafanir þegar í stað til riftunar vegna samþykkisskorts síns, ef hann hafi viljað bera það fyrir sig. Þá sé með öllu fráleitt að bera fyrir sig vanhæfisskort til samþykkis eftir meira en 20 ára tímabil. Mótmælir stefndi því, að Stjórnarráðið hefði sett sig upp á móti því að verða við ósk gefenda, og bendir á, að samþykki ráðuneytisins geti hafa verið

fyrir hendi, þótt það hafi eigi fundist í desember 1970. Auk þess alls þá hafi stefndi unnið fullan hefðarrétt á eignarhlutanum.

Í Steinahlíð hefur verið starfrækt dagvistunarheimili fyrir börn frá því árið 1949 og er enn.

Dómarinn hefur kannað vettvang, fyrst í maí 1973 og síðan aftur eftir dómtöku málsins.

Þótt eigi liggi fyrir um það fullkomin sönnun, þá bendir allt til þess, að samþykkis Stjórnarráðs hafi aldrei verið leitað til gjafarinnar, að því er stefnanda varðaði, svo sem áskilið var í gjafabréfinu og lög mæltu fyrir um.

Eins og fram kemur hér að framan, eru dvalarbörn á heimilinu að Steinahlíð á aldrinum 3ja til 6 ára. Verður naumast til þess ætlast, að svo ung börn geti unnið að matjurta- eða trjárækt. Hins vegar er ljóst, að unglingar starfa að þeim störfum á sumrum á vegum Reykjavíkurborgar undir leiðsögn. Af fyrri vettvangsskoðun dómarans má ætla, að dvalarbörnin fylgist að einhverju leyti með þeim störfum, þar sem mörg þeirra voru þá að leik á landsvæðinu, þótt þeim sé eigi sérstaklega kennd sú starfsemi, enda vart að slíkt bæri árangur hjá svo ungum börnum. Af vettvangsskoðunum varð eigi annað séð en að öll ræktun á landinu sé blómleg.

Ljóst er, að á árunum fyrir og um 1967 hafði landið verið skert um 1.21 hektara á þann veg, að tekin hafði verið sneið af norðausturhorni og enn fremur norðurhorni, en í staðinn hafði verið bætt við landið 0.36 hektörum við vesturhlið þess. Var upprunaleg girðing umhverfis landið notuð til afmörkunar, nema ef vera má, að ný girðing hafi verið umhverfis umrædda 0.36 hektara. Af fyrri vettvangsskoðun varð séð, að girðingin var víða léleg. Á hinn bóginn aftur á móti er ljóst, að á tímabilinu október 1972 til áramóta 1973 hefur allt landið verið girt nýrri girðingu og við það bætt að norðvestan og meðfram Suðurlandsbraut rúmum 1.29 hekturum, sbr. dómsskjal nr. 30, þannig að landið hefur fengið sína upprunalegu stærð. Þess ber þó að geta, að við þá framkvæmd var norðurhorn landsins aftur sett innan girðingar. Í þessu sambandi má geta þess, að við skerðingu landsins fyrir og um 1967 urðu mörg tré utan girðingar og eru enn. Einnig er ljóst, að blómabeð norðan við húsið og við hlað þess hefur verið numið brott og bílastæði gert í staðinn. Þykir hið síðastnefnda ekki óeðlileg breyting miðað við breyttar aðstæður.

Af þessu framansögðu er ljóst, að brestur hefur verið á því af hálfu stefnda að fullnægja skilyrðum gjafabréfsins. Af þeim sök-

um getur stefndi eigi öðlast eignarrétt að eigninni fyrir hefð, þótt skilyrði kynnu ella að vera til slíks að því er tímalengd varðar.

Stefnandi er fæddur 29. desember 1929 og varð því fjárráða sama dag árið 1950, eða rúmu hálfu öðru ári frá dagsetningu gjafabréfsins. Stefna í málinu var birt 23. desember 1970, eða tæpum 20 árum eftir að stefnandi varð fjárráða og rúmu tuttugu og einu og hálfu ári eftir útgáfu gjafabréfsins. Þótt ljóst sé samkvæmt framansögðu, að stefndi fullnægi ekki skilyrðum gjafabréfsins í mörgum atriðum, og þá sérstaklega að eigi liggur fyrir sannanlegt samþykki Stjórnarráðs fyrir gjöfinni, þá þykir hið langa aðgerðarleysi stefnanda og hinn langi tími að öðru leyti, sem liðinn er, eiga að leiða til þess, að hann fái ekki komið fram kröfum sínum í málinu. Ber því að dæma stefnda sýknu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan, en vegna óviðráðanlegra ástæðna og þess, að málið er nokkuð óaðgengilegt, hefur uppsaga dregist fram yfir venju.

Dómsorð:

Stefndi, Barnavinafélagið Sumargjöf, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Carls J. Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 25. janúar 1977.

Nr. 103/1976. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Hreppsnefnd Landmannahrepps vegna hreppsins
Hreppsnefnd Holtahrepps vegna hreppsins
Eigendum og ábúendum jarða í þeim hreppi
Eigendum jarðanna Hóla og Næfurholts í Rangárvallahreppi og
Hreppsnefnd Rangárvallahrepps vegna hreppsins.

Kærumál. Eignardómsmál. Frávísunardómi hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1976, sem Hæstarétti barst 21. maí s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur aukadómþings Rangárvallasýslu 20. apríl 1976 verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi allra varnaraðilja.

Varnaraðili hreppsnefnd Landmannahrepps vegna hreppsins krefst staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en þessi varnaraðili, sem hafði gjafvörn í héraði, fékk gjafvörn í kærumáli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. desember 1976.

Varnaraðiljar hreppsnefnd Holtahrepps vegna hreppsins, eigendur og ábúendur jarða í þeim hreppi, eigendur jarðanna Hóla og Næfurholts í Rangárvallahreppi og hreppsnefnd Rangárvallahrepps vegna hreppsins krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, en þessir varnaraðiljar, sem höfðu gjafvörn í héraði,

fengu gjafvörn í kærumáli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytis 10. janúar 1977.

Hreppsnefnd Skaftártunguhrepps vegna hreppsins lét sækja þing í héraði í máli þessu og lýsti því yfir, að hún styddi eigi frávísunarkröfu varnaraðilja. Af hálfu hreppsnefndarinnar var eigi sótt þing fyrir Hæstarétti.

Í héraði var einnig sótt þing af hendi Ása- og Djúpárhreppa. Var mótmælt kröfum sóknaraðilja, en því lýst yfir, að eigi mundi frekar verða sótt þing af hendi þessara aðilja.

Kærumál þetta hefur verið munnlega flutt samkvæmt 2. mgr. 31. gr. laga nr. 75/1973.

Svo sem greinir í héraðsdómi, beindi sóknaraðili þeim tilmælum til sýslumannsins í Rangárvallasýslu með bréfi 29. janúar 1975, að gefin yrði út eignardómsstefna samkvæmt heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 „til þess að fá það ákveðið og staðfest með dómi, að ríkissjóður eigi beinan eignarrétt að landsvæðum“ innan Rangárvallasýslu, sem nánar eru greind. Landsvæði þau, sem hér um ræðir, eru nefnd Landmannaafréttur, og eru mörk þeirra ákveðin með sáttargerð 7. ágúst 1951, sbr. dóm Hæstaréttar 25. febrúar 1955. Mörk þessi hafa eigi sætt andmælum í málinu, og verður við það að miða, að landsvæði þetta allt sé innan Rangárvallasýslu. Bréf sóknaraðilja er nánar rakið í héraðsdómi. Á grundvelli þess gaf sýslumaður Rangárvallasýslu út eignardómsstefnu 12. mars 1975. Var hún birt í Lögbirtingablaði, sem út kom 19. s. m. Segir í stefnunni, að fjármálaráðherra þurfi að fá útgefna eignardómsstefnu samkvæmt heimild í 220. gr. laga nr. 85/1936 „til viðurkenningar á beinum eignarrétti ríkissjóðs að svokölluðum „Landmannaafrétti“ hér í sýslu, en formleg eignarheimild að afréttarsvæðum þessum liggur ekki fyrir“.

Samkvæmt þessu lúta dómkröfur í eignardómsstefnu að viðurkenningu beins eignarréttar að framangreindum landsvæðum til handa sóknaraðilja.

Sóknaraðili reifaði viðhlítandi dómkröfur sínar, málsástæður og lagarök, er hann bar fram ofangreind tilmæli sín við sýslumanninn í Rangárvallasýslu, sbr. 217. gr. og 220.

gr. laga nr. 85/1936. Ákvæði 220. gr. laga nr. 85/1936 rýmkaði heimild til útgáfu eignardómsstefnu frá því, sem áður var. Ber að lögskýra greinina svo, að hún lýsi eigi tæmandi þeim lagaatvikum um stofnun eignarréttinda yfir fasteign, sem heimila útgáfu slíkrar stefnu. Telja verður, að sóknaraðili hafi lögmæta hagsmuni af því að leita dómsúrlausnar um kröfur sínar í málinu. Er ýmsum vandkvæðum bundið fyrir hann að velja aðra dómskapaleið en þá, er hann hefur kosið sér með málssókn þessari. Þegar virt eru í heild gögn þau, er sóknaraðili hefur lagt fram, og lagasjónarmið, er hann reisir kröfu sína á, þykir hann hafa átt tilkall til þess, að eignardómsstefna samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 yrði gefin út í máli þessu. Ber því að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar. Ákvörðun um gjafvarnarkostnað í héraði bíður efnisdóms í málinu.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja vegna kærumáls þessa greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna þeirra, 150.000 krónur til hvors.

Eigendur og ábúendur jarða, sem standa að málssókn þessari, eru eigi nafngreindir í gögnum máls, og eigi kemur fram, hvaða jarðir þeir eigi eða byggi. Úr þessu þarf að bæta við efnismeðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og ber héraðsdómi að taka mál þetta til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður varnaraðilja í kærumáli þessu, hreppsnefndar Landmannahrepps vegna hreppsins, hreppsnefndar Holtahrepps vegna hreppsins, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda jarðanna Hóla og Næfurholts í Rangárvallahreppi og hreppsnefndar Rangárvallahrepps vegna hreppsins, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna þeirra,

hæstaréttarlögmannanna Páls S. Pálssonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 150.000 krónur til hvors.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

I.

Ég vísa til atkvæðis meiri hluta dómenda um kröfugerð málsaðilja fyrir Hæstarétti svo og um lýsingu á aðdraganda að útgáfu eignardómsstefnunnar 12. mars 1975.

II.

Ljóst er af beiðni sóknaraðilja til sýslumannsins í Rangárvallasýslu 29. janúar 1975 um útgáfu eignardómsstefnu og af málsreifun hans í héraði og fyrir Hæstarétti, að hann reisir kröfur sínar um eignardóm fyrir landsvæði því, sem málið fjallar um, á þeim grundvelli, að landsvæði þetta sé almenningur og hafi engir tekið á því heimildir til fullkominna eignarráða. Landsvæðið sé að vísu afnotabundinn almenningur, er sóknaraðili nefnir svo, öðru nafni afréttur, Landmannaafréttur. Af því leiði þó það eitt, að afréttarhafar megi hafa viss afnot afréttarins, einkum til upprekstrar og veiði í vötnum og ám, en þeir eigi ekki beinan eignarrétt að landinu. Sé sóknaraðili fortakslaust eigandi alls landsvæðisins samkvæmt þeirri réttarreglu, að ríkið eigi öll lönd, sem aðrir hafi ekki stofnað til eignarréttar yfir sér til handa.

Samkvæmt 220. gr. laga nr. 85/1936 getur maður beiðst útgáfu eignardómsstefnu, ef hann „sannar“ ... eða „gerir sennilegt, að hann hafi öðlast réttindi yfir fasteign ... með samningi eða hefð, en hann skortir skilríki fyrir rétti sínum“. Gagngert höfðu verið bornar brigður á eignarrétt sóknaraðilja að Landmannaafrétti, er hann beiddist útgáfu eignardómsstefnu, sem glöggt sést af því, að hann rökstuddi beiðni sína með því, að nauðsynlegt væri að „fá skorið úr óvissu þeirri og ágreiningi“, sem upp hefði komið um eignarréttinn. Að framan var lýst þeim lagagrundvelli, sem sóknaraðili reisir eignardómskröfu sína á. Hann hefur hvorki haft

umrætt landsvæði í eignarhaldi, sem leitt gæti til hefðar, né reisir hann eignartilkall sitt á öðrum réttaratvikum, sem 220. gr. laga nr. 85/1936 tekur til beinum orðum eða fyrir lögjöfnun. Þegar af þeim ástæðum, sem nú hafa verið greindar, tel ég, að eigi séu skilyrði til þess, að sóknaraðili fái skorið úr um eignarréttartilkall sitt í eignardómsmáli samkvæmt XIX. kafla laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta úrlausn héraðsdóms um, að málinu skuli vísað frá dómi.

Ég tel eftir atvikum rétt, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður, en allur gjafvarnarkostnaður varnaraðilja í héraði og í kærumálinu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðra talsmanna þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 350.000 krónur til hvors þeirra.

Ég er samþykkur meiri hluta dómenda um, að nafngreina hefði átt þá aðilja glögglega, sem tekið hafa til varna í málinu vegna jarða í Holtahreppi og Rangárvallahreppi.

Samkvæmt þessu tel ég, að dómsorð eigi að vera svofellt:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnarkostnaður varnaraðilja í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja hreppsnefndar Landmannahrepps vegna hreppsins, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 350.000 krónur, og málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja hreppsnefndar Holtahrepps f. h. hreppsins, eigenda og ábúenda jarða í Holtahreppi, hreppsnefndar Rangárvallahrepps f. h. hreppsins og eigenda jarðanna Hóla og Næfurholts í Rangárvallahreppi, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 350.000 krónur.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 20. apríl 1976.

Mál þetta var tekið til dóms 6. f. m.

Hinn 29. janúar 1975 ritaði lögmaður stefnanda sýslumanninum í Rangárvallasýslu bréf og fór þess á leit af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og í samráði við landbúnaðarráðherra, að gefin yrði út eignardómsstefna með heimild í 220. gr. laga nr.

85/1936 til að fá ákveðið og staðfest með dómi, að ríkissjóður eigi beinan eignarrétt að landsvæðum þeim innan Rangárvallasýslu, sem auðkennd væru á uppdrætti, sem bréfinu fylgdi, og nefnd séu Landmannaafréttur. Var um það atriði vísað til dómasafns Hæstaréttar frá árinu 1955, bls. 109 og 117. Var gerð grein fyrir því, að tilefni málssóknarinnar væri ágreiningur, sem risið hefði út af réttarstöðu afréttarsvæðanna í sambandi við virkjunarframkvæmdir hins opinbera við Tungnaá og Þórisvatn. Hafi oddvitar fjögurra hreppa í Rangárvallasýslu lýst því yfir, að leita þyrfti úrskurðar dómstóla í því ágreiningsmáli, þ. e. hvort um beinan eignarrétt væri að ræða eða hvort um landsvæðin giltu almennar reglur um afrétti. Jafnframt hafi verið talið, að vegna umsvifa veiðifélagsins við Þórisvatn væri nauðsynlegt að fá skorið úr þeirri óvissu og ágreiningi, sem þar hefði komið upp, en nokkur hluti vatnsins sé innan Landmannaafréttar. Þá sé brýn nauðsyn slíkrar dómsúrlausnar vegna víðáttumikilla landsvæða, sem fari undir vatn (Nýja Króksvatn) við stíflugerð í Tungnaá. Loks hljóti dómur í slíku máli að verða til mikilsverðrar leiðbeiningar um eignarréttarstöðu annarra afréttarsvæða á landinu, þar á meðal stöðuvatna á afréttum, en þessi mál séu mjög á dagskrá á síðari árum. Þá tekur lögmaðurinn fram í bréfi sínu, að málshöfðunarbeiðendur vilji láta það koma skýrt fram, þótt þess sé ekki getið sérstaklega í stefnunni, að þrátt fyrir málssókn þessa um viðurkenningu á beinum eignarrétti að afréttarsvæðunum, sem stundum sé kallaður grunneignarréttur, muni ríkisvaldið viðurkenna rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarnota, sem lög og venjur séu fyrir, enda sé gengið út frá, að þeir muni, er þar að kemur, sjálfir gera grein fyrir þeim réttartilköllum undir rekstri eignardómsmálsins. Þá gerði lögmaðurinn grein fyrir því í bréfinu, að nokkurrar óvissu hafi gætt um skilning á 220. gr. laga nr. 85/1936, en eftir að dómur hafi gengið í Hæstarétti í eignardómsmáli um Holtamannaafrétt, virðist ekki lengur vafi á því, að slíkt mál megi og eigi að reka sem eignardómsmál, enda hafi sá háttur verið hafður á í fyrra máli um þann afrétt. Beri að hafa í huga, að venjuleg dómstólameðferð verði ekki viðhöfð þegar af þeirri ástæðu, að ekki sé á vísan að róa um varnaraðild og engin tök á að ná til allra hugsanlegra réttarkrefjenda nema með opinberri stefnu. Þetta eigi ef til vill ekki við um hreppa þá, sem til greina kæmu, heldur eigendur jarða, sem kynnu að telja sig eiga réttartilkall til afréttarsvæðanna. Af greinargerð með lögum nr. 85/1936 komi fram, að með ákvæðum

220. gr. hafi verið ætlað að rýmka fyrri reglu, enda hafi sú þróun orðið í nágrannalöndunum. Verði og að telja, að enn sé í gildi sú meginhugsun, sem fram hafi komið í ákvæðum 9. gr. eldri laga um hefð nr. 46/1905, að stefna megi opinberri stefnu, þegar að öðrum kosti verði ekki náð til aðilja nema með óhæfilegum töfum, kostnaði og fyrirhöfn. Þá kveður lögmaðurinn ekki um að ræða venjulega vinningu hefðar á landsvæði því, sem krafan beinist að, þ. e. Landmannaafrétti, heldur eigi ríkisvaldið slík landsvæði og hafi átt allt frá upphafi ríkisskipunar hér á landi, aldahefð, en skorti hins vegar formlega staðfestingu á þeim rétti. Ef ekki verði talið, að ákvæði 220. gr. laga nr. 85/1936 eigi beint við, þá eigi þau tvímælalaust við samkvæmt lögjöfnun. Í bréfi sínu gerði lögmaðurinn síðan ítarlega grein fyrir því, að hið umstefnda landsvæði sé almenningur, nánar tiltekið byggðaalmenningur, svokallaður Landmannaafréttur, og sé ríkisvaldið réttur og löglegur eigandi þess. Kemur þar fram m. a., að þótt afréttarlönd hafi vafalaust fljótt verið tekin í notkun, eftir að land byggðist, þá hafi þar ekki verið um að ræða nám til eignar, heldur nám til afnota og eigi því afréttarhafar einungis afnotarétt yfir afréttinum. Samfelld réttarþróun hér á landi staðfesti, að ríkisheildin sé eigandi að hinu umstefnda afréttarsvæði með óskertum rétti til jarðefna og hvers konar námavinnslu, jarðhita, vatnsafls og rétti til hagnýtingar þess, rétti til umferðar, dvalar og náttúruskoðunar fyrir landsmenn o. s. frv. Með rannsóknum á afréttarsvæðunum til undirbúnings virkjana, sem hafi hafist 1952, og síðari framkvæmdum hafi ríkisvaldið tekið sér varanlega bólfestu á afréttarsvæðinu og tekið svæðið til vörslu og eignarhalds. Er ríkið hafi í janúarmánuði 1952 leyst til sín rétt þann, sem svonefnt Titanfélag hafði öðlast yfir vatnsréttindum, vatnsbotni og árfarvegum og til virkjunarframkvæmda á afréttarsvæðinu, hafi ríkið öðlast þinglesnar eignarheimildir fyrir öllum þessum réttindum. Þá lýsir lögmaður stefnanda því yfir í bréfi sínu, að ef svo verði talið, að réttarstaðan til forna þyki ekki upplýst til hlítar, þá sé það varamálsástæða stefnanda, að með því að byggja eingöngu eða fyrst og fremst á því, sem best samrýmist hugsunarhætti, stöðu og þörfum nútímaþjóðfélags, sem fram hafi komið í úrlausnum dómstóla og áliti fræðimanna, verði komist að sömu niðurstöðu um rétt stefnanda til afréttarsvæðisins. Í bréfi lögmanns stefnanda er gerð rækileg grein fyrir sjónarmiðum og þau rökstudd nánar.

Á grundvelli bréfs lögmanns stefnanda gaf sýslumaðurinn í

Rangárvallasýslu síðan, 12. mars 1975, út eignardómsstefnu, sem síðan birtist í 20. tbl. 68. árgangs Lögbirtingablaðsins, er út kom 19. mars 1975. Er kröfugerð og lýsing málavaxta í stefnunni svohljóðandi: „... Mér hefur tjáð fjármálaráðherra, Matthías Á. Mathiesen, að hann þurfi, fyrir hönd ríkissjóðs vegna ríkisvaldsins, að fá út gefna eignardómsstefnu samkvæmt heimild í 220. grein einkamálalaga nr. 85/1936, til viðurkenningar á beinum eignarrétti ríkissjóðs að svokölluðum „Landmannaafrétti" hér í sýslu, en formleg eignarheimild af afréttarsvæðum þessum liggur ekki fyrir, enda þótt greinilega sé gert ráð fyrir beinum eignarrétti ríkisins í hæstaréttardómi frá 25. febrúar 1955 (málið nr. 103/1953). Landsvæði þau, sem hér um ræðir og málssókn þessi tekur til, eru tilgreind í dóminum, sem hér segir nánar:

Úr Ófærugili (A) í Tröllkonuhlaup í Þjórsá (B), eftir Þjórsá í Tungnaá (C), eftir Tungnaá í Blautukvísl (D), eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna (E), þaðan í Þóristind (F) og þaðan sjónhending í Þveröldu (G) og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur (H), þaðan þvert í Tungnaá (I), síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós (J) og eftir honum í Kirkjufellsvatn (K), þaðan eftir Hábarmi (L) í há-Torfajökul (M), frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts (N), þaðan í Krakatind (O) og þaðan í Ófærugil (punkt A).

Þessi landfræðilega afmörkun stefnusvæðanna hefur ekki — og mun væntanlega ekki — sæta andmælum, enda hefur hún verið lögð til grundvallar fyrrgreindum dómi Hæstaréttar frá 25. febr. 1955. Þykir og mega ganga út frá, með tilvísun til sama dóms, að landsvæðin liggi að öllu leyti innan lögsagnarumdæmis Rangárvallasýslu. Til glöggvunar hefur forstöðumaður Landmælinga Íslands markað þau á eftirfarandi uppdrátt: ...

Sérstakt tilefni þessarar málshöfðunar er ágreiningur út af eignarréttarstöðu afréttarsvæða þar efra í sambandi við virkjunarframkvæmdir við Tungnaá og Þórisvatn. Á fundi 1. ágúst 1971 lýstu oddvitar fjögurra hreppa í Rangárvallasýslu, að „með einhverju móti þyrfti að leita úrskurðar dómstólanna í ágreiningsmáli þessu", nánar tiltekið hvort um beinan eignarrétt væri að ræða eða hvort um landsvæði þessi giltu „almennar reglur um afrétti", eins og oddvitarnir orðuðu það. Jafnframt er, vegna umsvifa veiðifélagsins um Þórisvatn, nauðsynlegt að fá skorið úr óvissu þeirri og ágreiningi, sem þar hefur risið, en nokkur hluti vatnsins er innan fyrrgreindra afréttarmarka. Þá er loks brýn nauðsyn slíkrar dómsúrlausnar vegna víðáttumikilla landsvæða,

sem fara undir vatn (Nýja Króksvatn) við stíflugerð í Tungnaá.

Málshöfðandi hefur lagt fram ítarlega greinargerð, sbr. 220. gr. og 217. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, ásamt fjölda fylgiskjala, þar sem hann telur sig færa fram helstu sannanir sínar eða líkur fyrir því, að ríkið sé beinn eigandi hinna umstefndu landsvæða, enda verði og að teljast vafalaust, meðal annars með tilliti til hæstaréttardóms 21. janúar 1975, að með málið megi og eigi að fara sem eignardómsmál. Fer hann þess jafnframt á leit, að viðhöfð verði aukadómsmeðferð og málið þingfest á skrifstofu sýslumannsembættisins á Hvolsvelli.

Samkvæmt því, sem fram er komið og fyrir liggur, telur dómarinn að eignardómsmeðferð sé heimil í máli þessu.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem telur sig hafa réttartilkall fram að færa gagnvart fyrrgreindum landsvæðum, að mæta fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu, sem háð verður á skrifstofu sýslumanns, Hvollsvelli, ...".

Við þingfestingu málsins var sótt þing af hálfu þessara aðilja: Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi, Rangárvallahrepps, Ása- og Djúpárhreppa og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum. Þá var og mætt af hálfu Landsvirkjunar til réttargæslu. Í næsta þinghaldi í málinu var sótt þing af hálfu Skaftártunguhrepps. Í því þinghaldi var því lýst yfir af hálfu Ásahrepps og Djúpárhrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppum, að því sé mótmælt, að hinar umstefndu kröfur nái fram að ganga að því er snertir þann hluta landsvæðanna, sem séu innan marka afrétta Ása- og Djúpárhreppa, en ekki sé talin ástæða til að mæta frekar í málinu. Í þinghaldi þessu kom fram krafa um frávísun málsins af hálfu Landmannahrepps, Holtahrepps og eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og af hálfu Rangárvallahrepps. Af hálfu Skaftártunguhrepps var því lýst yfir, að hvorki sé gerð frávísunarkrafa né framkomin frávísunarkrafa studd, en hreppnum áskilinn réttur til að koma fram með kröfur og greinargerð við efnismeðferð málsins.

Munnlegur málflutningur um frávísunarkröfurnar fór fram 6. f. m.

Krafa Landmannahrepps um frávísun málsins er byggð á því, að lagaskilyrði hafi skort til útgáfu eignardómsstefnu í máli þessu. Því sé ekki lögmætur grundvöllur til að reka málið sem

eignardómsmál. Á árum fyrri heimsstyrjaldarinnar hafi Landmannahreppur selt vatnsréttindi í ám á Landmannaafrétti, enda hafi hrepparnir í Rangárvallasýslu talið sig hafa fullkomin eignarréttindi yfir afréttum sínum. Hafi ríkisvaldið í orði og í verki viðurkennt allt frá 1914, að Landmannahreppur sé réttur eigandi að Landmannaafrétti með öllum gögnum og gæðum. Á árinu 1953 hafi svo ríkisvaldið keypt sér til handa hluta þeirra réttinda, sem Landmannahreppur hafði áður selt, þ. e. réttindi yfir vatnsafli og vatnsnotkun í Tungnaá í Landmannaafrétti, réttindi Landmannahrepps til vatnsafls í Þjórsá og notkunar þess í Þjórsá eða þeim straumum eða vötnum, er liggja til Þjórsár. Með því að þinglýsa þessum eignarheimildum sínum verði stefnandi fullkominn eigandi réttinda þessara. Því hafi brostið skilyrði til útgáfu eignardómsstefnu í málinu. Þá er frávísunarkrafan byggð á því, að afréttir hér á landi hafi aldrei verið eign ríkisins. Ríkisvaldið hafi hvorki gert sennilegt né sannað, að það sé eigandi að Landmannaafrétti. Megi miklu fremur líta svo á, að ríkið hafi á liðnum tímum talið Landmannaafrétt eign Landmannahrepps. Þá er frávísunarkrafan studd þeim rökum, að sveitarstjórnarlög nr. 58/1961 og reglugerð með þeim, lög um afréttarmálefni o. fl. nr. 42/1969 og lög um kauprétt að jörðum nr. 40/1948 gefi til kynna, að afréttir séu í einkaeign.

Frávísunarkrafa umboðsmanns Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í þeim hreppi, eigenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi og Rangárvallahrepps er byggð á því, að lagaskilyrði hafi brostið til útgáfu eignardómsstefnu í máli þessu. Til þess að skilyrði séu til útgáfu eignardómsstefnu skv. 220. gr. laga nr. 85/1936, verði að vera fyrir hendi vissa um rétt þess, er kröfu vill gera, eða jafngildi fullkominnar sönnunar. Hins vegar fjalli bréf lögmanns stefnanda til sýslumanns Rangárvallasýslu allt um þá miklu óvissu, sem sé um rétt stefnanda. Af ýmsum gögnum í málinu komi fram, að Holtahreppur sé talinn eigandi Landmannaafréttar með Landmannahreppi. Einnig telji Rangárvallahreppur og jarðirnar Næfurholt og Hólar til réttar á Landmannaafrétti. Þótt fram komi í bréfi lögmanns stefnanda og einnig í greinargerð í málinu, að stefnandi vilji viðurkenna nokkurn rétt byggðamanna til afréttarins, þá sé ekki gerð nægileg grein fyrir því, hvern rétt hann vilji viðurkenna þessum aðiljum til handa.

Krafa stefnanda um, að framkominni frávísunarkröfu verði hrundið, er byggð á því, að lögmætur grundvöllur hafi verið fyrir hendi til útgáfu eignardómsstefnu í máli þessu. Ljóst sé, að ákvæði

220. gr. laga nr. 85/1936 taki beint til efnis málsins. Sé það í samræmi við skoðun fræðimanna, sem staðfest hafi verið við meðferð slíkra mála fyrir dómstólum landsins, að eignardómsmeðferð sé heimil við aðstæður eins og þessar. Verði ekki fallist á þetta, sé heimilt að beita lögjöfnun. Sé það í samræmi við framkvæmd eldri ákvæða um þetta efni, að ef erfitt sé að vita um eða ná til þeirra, sem krafa beinist að, sé slík málsmeðferð heimil. Í máli þessu krefjist stefnandi eignarréttar yfir öllu landsvæðinu og sé þar ekkert undan dregið. Engin óvissa sé um mörk svæðisins, en þau hafi verið ákveðin með sátt, sem gerð var í landamerkjadómi Rangárvallasýslu 7. ágúst 1951. Þeir, sem telji til réttar á eða yfir þessu landsvæði, verði sjálfir að gera grein fyrir kröfum sínum, sem dómurinn síðan metur. Réttur, sem aðrir geri ekki kröfu til, falli því til ríkisins. Er því haldið fram, að sú málsmeðferð, sem hér er viðhöfð, bjóði upp á mesta öryggi og með henni sé ekki gengið á rétt neins. Þá er því haldið fram, að hreppar þeir, sem risið hafi til andsvara í máli þessu, hafi ekki öðlast neinn rétt yfir afréttarsvæðinu. Sá réttur, sem kunni að vera fyrir hendi, sé réttur einstakra jarða til beitarafnota á afréttinum. Sé hann bundinn við einstakar jarðir og hafi hrepparnir ekki umboð til að fara með hann. Því sé ekki löglega mætt í málinu af hálfu þeirra, sem telji til réttar yfir landsvæðinu á móti stefnanda, og því beri að hrinda frávísunarkröfunni.

Í þinghaldi í landamerkjadómi Rangárvallasýslu hinn 7. ágúst 1951 var gerð sátt um mörk Landmannaafréttar, svo sem hér segir: „Úr Ófærugili í Tröllkonuhlaup í Þjórsá, eftir Þjórsá í Tungnaá, eftir Tungnaá í Blautukvísl, eftir Blautukvísl í Blautukvíslarbotna, þaðan í Þóristind og þaðan sjónhending í Þveröldu og úr Þveröldu í Svartakamb, þar sem hann er hæstur, þaðan þvert á Tungnaá, síðan eftir Tungnaá í Kirkjufellsós og eftir honum í Kirkjufellsvatn. Þaðan eftir Hábarmi í Há-Torfajökul, frá Torfajökli í upptök syðri kvíslar Markarfljóts, þaðan í Krakatind og þaðan í Ófærugil".

Aðiljar að sátt þessari voru hreppsnefnd Landmannahrepps, hreppsnefnd Rangárvallahrepps, hreppsnefndir Ása- og Djúpárhreppa og landbúnaðarráðherra f. h. landbúnaðarráðuneytisins. Við meðferð málsins hafði því verið lýst yfir af hálfu Holtamannahrepps, að ekki þætti ástæða til að sækja þing í málinu, en hreppnum áskilinn sami réttur og Landmannahreppur ætti innan þeirra marka, sem ákveðin yrðu.

Með úrskurði, uppkveðnum 12. mars 1975, vék hinn reglulegi

dómari sæti í málinu. Hinn 4. júní 1975 skipaði dóómsmálaráðherra skv. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 85/1936 Guðmund Jónsson borgardómara til að fara með mál þetta og dæma. Meðdómendur eru Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og Þórhallur Vilmundarson prófessor.

Álit dómendanna Guðmundar Jónssonar og Þórhalls Vilmundarsonar.

Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að þeir hafi um langan aldur talið til réttar yfir landsvæði því, sem krafa stefnanda beinist að. Kemur og fram í bréfi lögmanns stefnanda til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, að þrátt fyrir málssókn þessa um viðurkenningu á beinum eignarrétti yfir landsvæðinu muni ríkisvaldið viðurkenna rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afréttarafnota, sem lög og venjur séu fyrir. Ekki hefur þó ótvírætt verið gerð grein fyrir því, hvern rétt stefnandi viðurkenni byggðamönnum til handa, en ætlast til, að þeir geri sjálfir grein fyrir þeim rétti sínum. Verður að telja, að ágreiningsefni málsins sé utan þeirra marka, sem ákvæði 220. gr., sbr. 217. gr. laga nr. 85/1936 setja til höfðunar eignardómsmáls. Verður heldur ekki séð, að efni sé til að fara með mál þetta á grundvelli lagaákvæða þessara, þótt varnaraðiljar kunni að vera margir eða erfitt kunni að vera að ná til þeirra. Er á það að líta í því sambandi, að ríkisvaldið stóð að sáttargerð um mörk landsvæðisins ásamt sveitarfélögum, svo sem áður er rakið. Telji stefnandi hins vegar, að það séu einstakar jarðir í sveitarfélögum, sem kunni að eiga rétt á afréttarsvæðinu, verður að ætla, að unnt sé að afla vitneskju um fyrirsvarsmenn jarðanna af heimildarskjölum um þær.

Samkvæmt þessu þykir rétt að taka til greina frávísunarkröfu þá, sem fram hefur komið í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Hinn 2. júlí 1975 veitti dómsmálaráðherra Landmannahreppi gjafvörn í málinu, og var Páll S. Pálsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu þessa aðilja. Gjafvarnarkostnaður þessa aðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, sem ákveðast kr. 350.000.

Hinn 2. júlí 1975 veitti dómsmálaráðherra Holtahreppi, eigendum og ábúendum jarða í hreppnum, Rangárvallahreppi og eigend- og ábúendum jarðanna Næfurholts og Hóla í þeim hreppi gjaf-

vörn í málinu. Var Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður jafnframt skipaður til að flytja málið af hálfu þessara aðilja. Gjafvarnarkostnaður þessara aðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, sem ákveðast kr. 350.000.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður Landmannahrepps greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.000.

Gjafvarnarkostnaður Holtahrepps, eigenda og ábúenda jarða í hreppnum, Rangárvallahrepps og eigenda og ábúenda jarðanna Næfurholts og Hóla í Rangárvallahreppi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns þeirra, Sveinbjarnar Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 350.000.

Sératkvæði

Steingríms Gauts Kristjánssonar.

Ég er sammála meiri hluta dómsins um, að ekki hafi verið skilyrði til útgáfu eignardómsstefnu í máli þessu. Stefnandi krefur ekki um skilríki fyrir eignarrétti, sbr. 220. gr. laga nr. 85/1936, heldur um efnislega viðurkenningu á eignarrétti sínum. Ég tel, að stefnanda hefði verið rétt að stefna þeim aðiljum, sem hann óskaði, að dómur byndi, og ef hann var að einhverju leyti í vafa um, hverjum hann ætti að stefna, átti hann þess kost að neyta heimildar 2. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 og láta birta stefnu í Lögbirtingablaðinu.

Varnaraðiljar hafa látið mæta í málinu og tekið til varna. Sýnist þá, eins og mál þetta er vaxið, með hliðsjón af 97. gr. laga nr. 85/1936 fært að leggja efnisdóm á kröfur stefnanda þannig, að varnaraðiljar, sem hafa látið mæta í málinu, verði bundnir af þeim dómi.

Samkvæmt þessu tel ég, að hrinda beri frávísunarkröfu varnaraðilja.

Föstudaginn 28. janúar 1977.

Nr. 174/1974. **Ólafur Finsen**
(sjálfur)
Hilmar H. Bendtsen
(Hjörtur Torfason hrl.)
Birgir Ágústsson og
(Páll S. Pálsson hrl.)
Ferðaskrifstofan Saga
(enginn)
gegn
Grand Metropolitan Hotels Ltd
(enginn).

Stefnubirting. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 9. október 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. september s. á.

Áfrýjendur Ólafur, Hilmar og Birgir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandinn Ferðaskrifstofan Saga hefur engar kröfur gert í málinu, og eigi var sótt þing af hendi þessa áfrýjanda, er málið var munnlega flutt. Fellur málssókn þessi niður að því er hann varðar, sbr. 39. gr. laga nr. 75/1973.

Mál þetta höfðaði Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd. með héraðsdómsstefnu 5. nóvember 1968. Áfrýjunarstefna var gefin út 9. október 1974 á hendur Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd. Við þingfestingu málsins í Hæstarétti kom hann fyrir dóm og lýsti yfir því, að hann hefði ekki umboð til að taka við áfrýjunarstefnu. Þetta áréttaði hann síðar í bréfi til Hæstaréttar.

Gegn eindregnum andmælum Harðar Ólafssonar hæsta-

réttarlögmanns hafa áfrýjendur ekki sannað, að hann hafi haft umboð frá Grand Metropolitan Hotels Ltd. til að taka við áfrýjunarstefnu, en eigi verður talið, að slíkt felist í almennu málflutningsumboði hans. Þar sem áfrýjunarstefnan í máli þessu hefur eigi verið löglega birt, verður ekki hjá því komist að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 13. desember 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður hér í borg höfðað fyrir hönd Grand Metropolitan Hotels Ltd., Curzon Street 17 B, London, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 5. nóvember 1968, á hendur Ólafi Finsen, Einimel 1, Hilmari H. Bendtsen, Hagamel 23, Birgi Ágústssyni, Meistaravöllum 13, öllum hér í borg, og Finnbirni Þorvaldssyni, Blikanesi 7, Garðahreppi, öllum persónulega og fyrir hönd Saga Travel Service og/eða Ferðaskrifstofunnar Sögu, Ingólfsstræti hér í borg, til óskiptrar greiðslu á skuld að fjárhæð £ 679.2.0 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Samkvæmt framhaldskröfugerðum eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að Ólafur Finsen, Birgir Ágústsson, Hilmar H. Bendtsen, Finnbjörn Þorvaldsson og Ferðaskrifstofan Saga verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda £ 758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1968 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa hver fyrir sig krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo:

„Skuldin er skv. ódagsettum yfirlitsreikningi stefnanda á hendur Saga Travel Service vegna úttektar ýmissa aðila á vegum þess fyrirtækis á ýmsum hótelum stefnenda á tímabilinu frá 30. janúar 1967 til 28. október 1967. Kröfubréfi, er sent var Ferðaskrifstofunni Sögu 28. október s.l., hefur ekki verið sinnt.

Gert er ráð fyrir, að Saga Travel Service sé sama fyrirtækið og Ferðaskrifstofan Saga, en hvort tveggja eru óskrásett fyrirtæki, sem hafa komið fram gagnvart stefnendum og öðrum (sbr. síma-

skrá Reykjavíkur um Ferðaskrifstofuna Sögu) sem einkafyrirtæki. Bera eigendur þeirra því ótakmarkaða og óskipta ábyrgð á fjárskuldbindingum þessara fyrirtækja með öllum sínum eignum.

Með því að hin stefndu fyrirtæki eru óskráð, er allt í óvissu um eigendur þeirra. Hinsvegar er til fyrirtækið Ferða-Saga h.f., og bendir ýmislegt til, að hluthafar þess séu einnig eigendur Saga Travel Service og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Hefur því að svo stöddu verið stefnt aðalstjórn og varastjórn Ferða-Sögu h.f. skv. tilkynningu til hlutafélagaskrár 27. marz s.l.".

Undir rekstri málsins kom fram nýr yfirlitsreikningur frá stefnanda yfir viðskipti við Ferðaskrifstofuna Sögu til og með 30. september 1968, þar með taldar greiðslur upp í viðskiptin, sem inntar voru af hendi í júní, ágúst og desember 1967, samtals £ 85-14-3, og var breyting á dómkröfum stefnanda gerð á grundvelli niðurstöðu þessa nýja yfirlitsreiknings.

Með bréfi til sakadóms Reykjavíkur, dags. hinn 28. ágúst 1969, óskaði lögmaður stefnanda eftir opinberri rannsókn á því, hver væri eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og því aðili að skuld þeirri, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu.

Njáll Símonarson skrifstofustjóri skýrði svo frá við rannsókn þessa, að fyrirtækið Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti, en hún hafi erlendis gengið undir nafninu Saga Travel Bureau. Kvað hann þetta hafa verið á almanna vitorði. Njáll kvað Ferðaskrifstofuna Sögu hafa verið rekna frá árinu 1954 og þar til í októbermánuði 1968. Hann kvaðst hafa gerst framkvæmdastjóri á árinu 1962 og hafa gegnt því starfi þar til í júlímánuði 1968. Njáll kvað þá Ólaf Finsen, Birgi Ágústsson og Hilmar Bendtsen hafa verið í stjórn Ferða-Sögu h/f frá árinu 1962 og þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Ekki kvað Njáll það hafa verið gert í blekkingarskyni að reka ferðaskrifstofuna undir nafninu Saga, þótt hlutafélagið Ferða-Saga hafi verið raunverulegur eigandi ferðaskrifstofunnar. Kvað hann fyrri eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu ekki hafa talið sig geta fengið firmað Ferðaskrifstofan Saga skráð, þar sem til hafi verið kvikmyndafélag með nafninu Saga. Ekki kvaðst Njáll geta sagt um án nánari athugunar, hvort kröfur stefnanda væru réttar, þó að hann telji ástæðulaust að rengja þær. Kvað hann a. m. k. sumt af fólki því, sem þar er tilgreint, hafa verið búið að greiða ferðakostnað sinn hjá ferðaskrifstofunni. Við rannsókn þessa skýrði Ólafur Hannes Finsen svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi rekið Ferðaskrifstofuna Sögu, og neitaði hann því eindregið, að nokkur blekkingartil-

gangur hafi legið þarna á bak við. Kvaðst Ólafur hafa keypt hlut í Ferða-Sögu h/f ásamt Norðurleið h/f, Birgi Ágútssyni og Njáli Símonarsyni. Hafi þarna verið um að ræða meiri hluta hlutabréfanna, en seljendur hafi verið Martin Petersen, Hilmar Bendtsen og Finnbjörn Þorvaldsson, en þeir hafi átt áfram smáhluti í félaginu. Áður hafi seljendur hlutabréfanna verið búnir að reka skrifstofuna og eiga hlutafélagið í nokkurn tíma. Eftir eigendaskiptin hafi stjórnin verið skipuð Ólafi Finsen, stjórnarformanni, Hilmari Bendtsen og Birgi Ágústssyni, meðstjórnendum. Hafi stjórnin verið skipuð þannig óbreytt, þar til ferðaskrifstofan hætti störfum. Taldi Ólafur það nokkurn veginn víst, að ferðamenn þeir, sem tilgreindir eru, hafi verið búnir að greiða reikninga sína til ferðaskrifstofunnar.

Ágúst Birgir Ágústsson skýrði svo frá við rannsókn málsins, að hann hafi aldrei verið hluthafi í Ferða-Sögu h/f, en að forminu til hafi hann átt að vera í stjórn vegna Norðurleiða h/f, sem Ólafur Finsen hafi svo til eingöngu átt og hann sjálfur hafi eignast smáhlut í um þetta leyti. Kvaðst hann aldrei hafa verið boðaður á stjórnarfundi í félaginu, þótt hann gengi iðulega eftir því. Birgir kvað þá Finnbjörn Þorvaldsson og Martin Petersen hafa tekið skýrt fram við eigendaskiptin, að ekki mætti nota heitið Ferðaskrifstofan Saga við fjárhagslegar skuldbindingar gagnvart þriðja manni, þótt nota mætti það í daglegri starfsemi. Birgir kvaðst hafa keypt hlut Ólafs Finsens í Norðurleið h/f um áramótin 1967—1968 og þá hafi jafnframt verið samið um það við Ólaf, að Ferða-Saga væri Norðurleið alveg óviðkomandi. Birgir kvaðst hafa gengið ríkt eftir því, að það yrði tilkynnt til hlutafélagaskrár, að hann væri genginn úr stjórninni, en það hafi ekki verið gert. Birgir kvaðst ekkert vita um kröfur stefnanda máls þessa eða aðrar skuldir ferðaskrifstofunnar.

Hilmar Haukur Bendtsen skýrði svo frá við rannsókn málsins, að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Kvað hann síðastgreinda nafnið ekki hafa fengist skráð, þar sem nafnið Saga hafi þegar verið frá tekið. Hins vegar hafi ferðaskrifstofan alltaf í daglegu tali gengið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga. Síðustu stjórn kvað hann hafa skipað auk sín þá Ólaf Finsen og Birgi Ágústsson og kvað sig minna, að auk þess hafi Finnbjörn Þorvaldsson verið varamaður. Ekki kvaðst Hilmar vita neitt um kröfu stefnanda máls þessa annað en það, að henni hafi verið stefnt fyrir sjó- og verslunardóm Reykjavíkur.

Krafa stefnanda er byggð á því, að frá sjónarmiði stefnanda sé

fyrirtækið Saga Travel Service, pósthólf 315, Reykjavík, skuldari umræddrar kröfu. Vitað sé, að hér sé um að ræða Ferðaskrifstofuna Sögu í Ingólfsstræti. Eigendur ferðaskrifstofunnar séu því skuldarar kröfunnar. Fyrirspurn til firmaskrár Reykjavíkur hafi hins vegar leitt í ljós, að ekki sé til skrásett fyrirtæki með nafninu Ferðaskrifstofan Saga, en til sé fyrirtækið Ferða-Saga h/f og skráður framkvæmdastjóri þess Njáll Símonarson, sem einnig hafi verið framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu. Með tilliti til þessa hafi verið talið, að stofnendur Ferða-Sögu h/f hafi upphaflega ætlað að reka ferðaskrifstofu með því nafni og með þess konar ábyrgð, en hafi hætt við þá fyrirætlun og í þess stað tekið að reka fyrirtækið undir nafninu Ferðaskrifstofan Saga með fullri persónulegri ábyrgð eigenda. Gagnvart þessari tilgátu hafi hluthafar Ferða-Sögu h/f átt að vera eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu og því skuldarar kröfunnar persónulega og fyrir hönd þeirra fyrirtækja, sem þeir hafi til stofnað. Því hafi sú leið verið valin, uns annað réttara kemur í ljós, að stefna persónulega núverandi stjórn Ferða-Sögu h/f sem eigendum Ferðaskrifstofunnar Sögu.

Sýknukrafa stefnda Ólafs Finsens er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Hann hafi á árinu 1962 eignast hlutabréf í Ferða-Sögu h/f og hafi þá verið kosinn í stjórn þess félags. Hafi hlutafélag þetta alla tíð verið eigandi Ferðaskrifstofunnar Sögu og rekið hana og hafi þetta aldrei verið neitt leyndarmál. Einstakir hluthafar í Ferða-Sögu h/f hafi hins vegar aldrei verið persónulegir eigendur Ferðaskrifstofunnar Sögu. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefnanda beri að beina kröfu sinni að Ferða-Sögu h/f, en ekki einstökum hluthöfum í því félagi. Þá er sýknukrafa stefnda Ólafs byggð á því, að krafa stefnanda sé vanreifuð efnislega og tölulega. Er á það bent í þessu sambandi, að ekki liggi ljóst fyrir, hvers konar samningur liggi til grundvallar viðskiptum stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er bent á það, að framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi tekið út fé eða fengið þjónustu í eigin nafni, en þetta sé fært á Ferðaskrifstofuna Sögu.

Sýknukrafa stefndu Finnbjörns og Hilmars er byggð á því, að þeir séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Er því lýst yfir af þeirra hálfu, að þeir hafi stofnað til ferðaskrifstofu hér í borg með nafninu Saga á árinu 1958 ásamt þriðja manni. Þeir hafi unnið að rekstri hennar í hjáverkum. Á árinu 1961 hafi þeir stofnað hlutafélag um starfsemina ásamt eiginkonum sínum og hafi valið

félaginu nafnið Ferða-Saga h/f, þar eð skráningarstjóri hafi færst undan að skrá félagið með nafninu Saga einu saman. Hafi félagið verið skráð 27. mars 1961 og stefndi Hilmar kjörinn formaður þess, en að öðru leyti hafi stjórnin verið skipuð eiginkonum aðiljanna. Í ársbyrjun 1962 hafi þeir ákveðið að hætta aðild sinni að ferðaskrifstofunni og í aprílmánuði það ár hafi þeir selt fyrirtækið hlutafélaginu Norðurleið, en stefndi Ólafur Finsen hafi þá verið einn af aðaleigendum þess félags. Þannig hafi þó frá málinu verið gengið formsins vegna, að stefndi Finnbjörn og Hilmar og meðstofnandi þeirra hafi hver um sig verið taldir hluthafar áfram fyrir hlut að fjárhæð kr. 5.000, en að öðru leyti hafi hlutafé, sem jafnframt hafi verið aukið í kr. 150.000, verið í höndum hinna nýju aðilja. Þetta hafi gerst á hluthafafundi hinn 17. apríl 1962 og hafi þá jafnframt verið kosin sú stjórn í félaginu, sem stefnt er í máli þessu. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði hafi verið skipaður Njáll Símonarson, sem komið hafi inn í félagið sem hluthafi við hlið Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram af hálfu þessara stefndu, að með þessum aðgerðum hafi þeir raunverulega verið lausir allra mála við Ferða-Sögu h/f og ferðaskrifstofu þess félags. Aðild þeirra að stjórn félagsins og hluthafaskrá hafi einungis verið ætluð til bráðabirgða, þar til hinir nýju hluthafar hefðu gert á því framtíðarskipan, sem hentaði hagsmunum þeirra. Það hafi og orðið svo í reynd, að þessir stefndu hafi engin afskipti haft af félaginu, hvorki sem stjórnarmenn né hluthafar, og hafi þeir ekki haft neinna persónulegra hagsmuna að gæta. Rekstur félagsins og skipulag hafi að öllu leyti verið í höndum hinna nýju eigenda. Hins vegar hafi hinir nýju eigendur ekki gert reka að því að veita stefndu formlega lausn með nýrri stjórnarskráningu þrátt fyrir eftirgangsmuni, en það skipti þó engu máli gagnvart stefnanda máls þessa. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að þegar stefndu skildu við Ferða-Sögu h/f, hafi aðstaðan verið sú, að félagið hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Sú skipan hafi verið fyllilega heimil og lögleg, án þess að nokkur persónuleg ábyrgð kæmi til, og verði að telja, að svo sé enn. Samkvæmt því sé ekki önnur ábyrgð fyrir hendi á skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu en hin félagslega ábyrgð Ferða-Sögu h/f. Verði hin umstefnda skuld talin réttmæt skuld ferðaskrifstofunnar, sem þó sé ósannað, beri að beina henni að Ferða-Sögu h/f, en hvorki að stjórnendum félagsins né hluthöfum. Ef stefnandi vilji ekki beina kröfum sínum að hlutafélaginu, þá eigi hann ekki annars úrskosti en að halda sig að viðsemjendum sínum,

hvort sem það er Njáll Símonarson eða einhver annar, eða að þeim mönnum, sem raunverulega höfðu persónulega hagsmuni af starfsemi Ferðaskrifstofunnar Sögu á þeim tíma, sem til skuldarinnar var stofnað. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndu Finnbjörn og Hilmar séu ekki réttir aðiljar máls þessa. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært nægilegar sönnur að kröfu sinni í máli þessu með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram. Er efni kröfunnar og fjárhæð mótmælt.

Sýknukrafa stefnda Birgis er byggð á því, að hann sé ekki réttur aðili máls þessa. Er því haldið fram, að hann hafi aðeins komið við sögu hlutafélagsins Ferða-Sögu með þeim hætti, að hann hafi verið kosinn í stjórn þess hinn 17. apríl 1962 sem fulltrúi Norðurleiðar h/f, er þá hafi eignast meiri hluta hlutabréfa í félaginu. Hann hafi sjálfur engan hlut átt í félaginu og hafi aldrei átt nema í umboði Norðurleiðar h/f. Er því haldið fram, að stefndi Birgir hafi engin afskipti haft af rekstri ferðaskrifstofunnar á þeim tíma, sem hér skiptir máli, og þar sem Norðurleið h/f sé ekki lengur hluthafi, sé aðild stefnda Birgis að stjórn Ferða-Sögu h/f lokið. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að stefndi Birgir verði ekki með nokkrum hætti gerður ábyrgur fyrir skuldum Ferðaskrifstofunnar Sögu. Þá er því og haldið fram, að stefnandi hafi ekki fært sönnur að kröfu sinni með þeim gögnum, sem hann hefur lagt fram, hvorki að efni né fjárhæð.

Samkvæmt endurriti úr hlutafélagaskrá Reykjavíkur var Ferða-Saga h/f skráð hinn 27. mars 1961. Var tilgangur félagsins að reka ferðaskrifstofu og veita hvers konar fyrirgreiðslu og þjónustu í því sambandi. Ekki kemur fram í skráningunni, að starfsemi félagsins skyldi rekin undir öðru nafni. Stofnendur voru Hilmar Bendtsen, Björg Sverrisdóttir, Finnbjörn Þorvaldsson, Theodóra Björnsdóttir, Martin Petersen og Kristín Sigurðardóttir. Var fyrsta aðalstjórn félagsins skipuð þeim Hilmari Bendtsen, Kristínu Sigurðardóttur og Theodóru Björnsdóttur. Samkvæmt skráningu hinn 30. mars 1968 skipuðu aðalstjórn félagsins Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson, en til vara Finnbjörn Þorvaldsson. Framkvæmdastjóri með prókúruumboði var þá skráður Njáll Símonarson.

Með úrskurði, uppkveðnum hinn 3. febrúar 1969, var bú Ferða-Sögu h/f tekið til gjaldþrotaskipta. Með bréfi, dags. hinn 10. mars 1969, var lýst í þrotabúið upphaflegri fjárhæð dómkröfu máls þessa ásamt vöxtum og innheimtukostnaði. Í kröfulýsingunni kemur fram, að stefnandi hafi ekki vitað um tilvist Ferða-Sögu

h/f og því hafi félaginu ekki verið stefnt í máli því, sem stefnandi hafi höfðað. Hins vegar hafi komið fram í greinargerðum varnaraðilja málsins, að þeir telji Ferða-Sögu h/f réttan skuldara kröfunnar.

Með gagnaöflunarúrskurði gaf dómurinn aðiljum kost á að afla þessara gagna:

„1. Skýrslu fyrirsvarsmanna stefnanda um það, með hvaða hætti stofnað hafi verið til viðskipta við Ferðaskrifstofuna Sögu (Saga Travel Service) og hver hafi samið við stefnanda.

2. Hver hafi séð um greiðslur af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu og með hvaða hætti þær hafi verið inntar af hendi.

3. Aflað verði upplýsinga frá skiptarétti Reykjavíkur úr gögnum þrotabús Ferða-Sögu h.f. um samband þess félags við Ferðaskrifstofuna Sögu.

4. Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson komi fyrir dóm til skýrslugjafar.

5. Annarra þeirra gagna, sem framangreind atriði kunna að gefa efni til".

Með bréfi, dags. hinn 28. janúar 1972, skýrði lögmaður stefnanda lögmanni stefnanda í Englandi frá efni úrskurðar þessa og óskaði eftir svari við 1. og 2. lið úrskurðarins. Í svarbréfi lögmanns stefnanda í Englandi kemur fram, að verið sé að reyna að afla greindra upplýsinga, en með tilliti til tíma þess, sem liðið hafði og mannaskipta í starfsliði stefnanda, sé það erfiðleikum bundið. Lögmaðurinn kveðst geta skýrt frá því, að samkvæmt bókhaldsgögnum hafi greiðslur frá Saga Travel Service verið inntar af hendi í reiðufé, þótt bókhaldskerfið geri ekki greinarmun á greiðslum í reiðufé og greiðslum með ávísunum.

Þá ritaði lögmaður stefnanda skiptaráðandanum í Reykjavík bréf, þar sem hann gerði grein fyrir 3. lið gagnaöflunarúrskurðar dómsins og óskaði eftir, að sér yrðu látnar í té upplýsingar þær, sem þar eru greindar. Lýsti lögmaður stefnanda yfir við munnlegan flutning málsins, að ekki hafi borist svar við þessu bréfi.

Samkvæmt vottorði borgarfógetaembættisins í Reykjavík hefur ekki verið skráð firma með nafninu Ferðaskrifstofan Saga.

Eigi hafa komið fram gögn þau, sem aðiljum var gefinn kostur á að afla, nema aðiljaskýrsla Finnbjörns Þorvaldssonar, og er hún svohljóðandi:

„Málavöxtum að því er varðar feril Ferðaskrifstofunnar Sögu og síðar hlutafélagsins Ferða-Sögu hf. í Reykjavík á tímabilinu 1958—1962 og aðild mína að þeim, svo og tengsl mín við hluta-

félagið eftir 17. apríl 1962, sem í reynd voru engin, er rétt lýst í 3.—5. málsgr. á bls. 1—2 í greinargerð umboðsmanns míns frá 10. janúar 1968 í máli þessu. Vil ég sérstaklega taka fram, að ég hafði engin afskipti af félaginu eða starfsemi þess eftir þá breytingu, sem á því varð á árinu 1962, og engra persónulegra hagsmuna þar að gæta. Ég var ekki starfsmaður við fyrirtækið eftir þennan tíma og styrkti það ekki í annarri veru, hvorki með vinnu né fé. Hafði ég engan ávinning af félaginu né ætlaðist til hans í neinu formi.

Ég leyfi mér sömuleiðis að taka fram, að ég hef aldrei verið í stjórn hlutafélagsins Ferða-Sögu hf. Þótt ég hafi formsins vegna verið kjörinn í varastjórn félagsins á árinu 1962, var ég aldrei kvaddur til neinna stjórnarstarfa sem slíkur, og var raunar fjarstaddur, þegar kjörið fór fram.

Um eigendaskiptin, sem fram fóru á árinu 1962, leyfi ég mér að staðfesta, að þau voru í formi sölu á hlutabréfum fyrirtækisins, en ekki eignum þess.

Ég átti engan þátt í þeim viðskiptum fyrirtækisins, sem stefnukrafan í ofangreindu máli tekur til, og get ekkert upplýst um þá kröfu".

Fyrir sakadómi Reykjavíkur hafa stefndu Hilmar og Ólafur og Njáll Símonarson, framkvæmdastjóri Ferðaskrifstofunnar Sögu, skýrt svo frá, að Ferða-Saga h/f hafi átt og rekið Ferðaskrifstofuna Sögu. Er það í samræmi við það, sem haldið er fram af hálfu allra hinna stefndu. Samkvæmt því verður að leggja til grundvallar, að rekstur Ferðaskrifstofunnar Sögu hafi verið á ábyrgð stjórnar Ferða-Sögu h/f, en hins vegar er eigi í ljós leitt, að tengsl Ferðaskrifstofunnar Sögu við Ferða-Sögu h/f hafi formlega verið með þeim hætti, að unnt sé að líta svo á, að Ferðaskrifstofan Saga hafi verið rekin með takmarkaðri ábyrgð, sbr. ákvæði 4. mgr. 9. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 2. gr. laga nr. 77/1921 og 9. gr. laga nr. 84/1933. Það er fram komið í málinu, að sú stjórn Ferða-Sögu h/f, sem stefndu skipuðu, var kosin hinn 17. apríl 1962, en tilkynning um það til hlutafélagaskrár var dagsett hinn 27. mars 1968 og skráð hinn 30. s. m., en birt 10. maí s. á. Stefndi Finnbjörn kveðst ekki hafa verið kvaddur til að taka þátt í stjórnarstörfum, og hefur þeirri yfirlýsingu hans eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu annarra aðilja málsins. Stefndi Birgir er skráður einn af stjórnarmönnum Ferða-Sögu h/f í hlutafélagaskrá, og hefur hann eigi fært sönnur að því, að sú skráning sé eigi rétt að lögum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið,

verður að líta svo á, að þeir, sem skipuðu aðalstjórn Ferða-Sögu h/f, sem kosin var hinn 17. apríl 1962, þ. e. stefndu Ólafur, Hilmar og Birgir, beri einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem stofnað var til af hálfu Ferðaskrifstofunnar Sögu við stefnanda á árunum 1967 og 1968 og krafist er greiðslu á í máli þessu. Hins vegar þykir bera að sýkna stefnda Finnbjörn, sem ómótmælt er, að ekki hafi verið kvaddur til stjórnarstarfa á þessum tíma. Af hálfu stefnanda hefur verið lagður fram viðskiptamannareikningur Ferðaskrifstofunnar Sögu, þ. e. Saga Travel Bureau, með fylgiskjölum, og þykir það ekki hnekkja niðurstöðu þessari um ábyrgð stefndu Ólafs, Hilmars og Birgis, þótt á tveimur skjala þessara sé við eitt af nöfnum þeim, sem notuð voru um Ferðaskrifstofuna Sögu, þ. e. Saga Tour, skráð „Ltd", sem gefur til kynna, að fyrirtækið hafi verið rekið með takmarkaðri ábyrgð. Svo sem áður er fram komið, hafa ekki komið fram af hálfu stefndu gögn um viðskipti stefnanda og Ferðaskrifstofunnar Sögu, og verður því reikningur sá, sem fram er kominn af hálfu stefnanda, lagður til grundvallar, enda hafa eigi komið fram rökstudd andmæli gegn honum.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að stefndi Finnbjörn Þorvaldsson verður sýknaður af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart honum fellur niður. Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen og Birgir Ágústsson verða hins vegar dæmdir einn fyrir alla og allir fyrir einn persónulega og fyrir hönd Ferðaskrifstofunnar Sögu til að greiða stefnanda hina umstefndu skuld, £ 758.11, með 7% ársvöxtum, sem reiknast frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 45.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eggert Kristjánssyni og Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðendum.

Dómsorð:

Stefndi Finnbjörn Þorvaldsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Harðar Ólafssonar f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., í máli þessu, en málskostnaður þeirra í milli fellur niður.

Stefndu Ólafur Finsen, Hilmar Bendtsen, Birgir Ágústsson og Ferðaskrifstofan Saga greiði in solidum stefnanda, Herði Ólafssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Grand Metropolitan Hotels Ltd., £ 758.11 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til

greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 28. janúar 1977.

Nr. 230/1976. **Brynjólfur Bjarnason**
gegn
Gunnvöru h/f.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 29. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 8. desember s. á., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm sjó- og verslunardóms Ísafjarðar, uppkveðinn 18. nóvember 1976. Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir sjó- og verslunardóminn að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili sækir varnaraðilja í máli þessu um greiðslu aflahlutar, sem hann telur vangoldinn, fyrir tímabilið frá 16. febrúar til 20. maí 1976. Telur hann, að um kaup hans og kjör fari eftir samningi milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 13. apríl 1975, sem eigi hafi verið sagt upp og gildi óbreyttur. Varnaraðili byggir sýknukröfu sína m. a. á því, að bráðabirgðalög nr. 98 frá 6. september 1976 hafi breytt ákvæðum kjarasamnings þessa um hlutaskipti. Sóknaraðili heldur því aftur á móti fram, að ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar girði fyrir það, að fyrrgreindum bráðabirgðalögum verði beitt varðandi kröfu hans í málinu fyrir tímann, áður en þau tóku gildi. Eins og mál

þetta horfir við, sætir það úrlausn sjó- og verslunardóms. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir sjó- og verslunardóminn að dæma málið að efni til.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Dómur sjó- og verslunardóms Ísafjarðar 18. nóvember 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Brynjólfur Bjarnason sjómaður, Tangagötu 15 B, Ísafirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu 9. nóvember á hendur Birgi Valdimarssyni framkvæmdastjóra, Eyrargötu 8, Ísafirði, f. h. Gunnvarar h/f, Ísafirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 177.378 ásamt 2% dráttarvöxtum p. m. eða broti úr mánuði frá 20. maí 1976 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafist aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi. Til vara er krafist sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að á síðustu vetrarvertíð var stefnandi háseti á togskipinu Júlíusi Geirmundssyni, ÍS 270, sem gert er út af Gunnvöru h/f, Ísafirði, stefnda í máli þessu. Gert var upp við stefnanda miðað við skiptaprósentu 28.3% frá 16. febrúar sl., en þá tóku bráðabirgðalög forseta Íslands nr. 98/1976 gildi. Í bráðabirgðalögum nr. 98/1976 frá 6. september sl. um kaup og kjör sjómanna er ákveðið, sbr. 1. gr. laganna, að fylgiskjal nr. VII skuli gilda um kjarasamninga milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 16. febrúar 1976, en þar er ákveðið, að skiptaprósentan 28.3% skuli gilda á skuttogurum af minni gerð, sem hafa 15 í höfn. Stefnandi telur hins vegar, að skiptaprósentan hafi átt að vera 35% allan tímann, þar sem kjarasamningur milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða frá 13. apríl 1975 sé enn í gildi.

Að öðru leyti er ekki ágreiningur um uppgjörið. Einnig er

ágreiningslaust, að skuttogarinn Júlíus Geirmundsson, ÍS 270, sé skuttogari af minni gerð, 407 brúttólestir.

Frávísunarkrafa stefnda er á því byggð, að stefna eigi máli þessu fyrir Félagsdóm skv. 2. tl. 44. gr. laga nr. 80/1938. Einnig er krafist frávísunar á þeirri forsendu, að 17. ágúst sl. hafi Félagsdómur kveðið upp dóm í málinu nr. 2/1976: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands gegn Landssambandi íslenskra útvegsmanna, þar sem deilt var um sama ágreiningsefni og hér er til meðferðar. Stefndi færir þau rök fyrir frávísunarkröfu sinni, að mál þetta sé í raun höfðað sem prófmál að undirlagi Alþýðusambands Vestfjarða til þess að fá úr því skorið, hvort svonefnd sjóðakerfisbreyting gildi fyrir vestfirska sjómenn einnig eða hvort kjarasamningur sá, sem undirritaður var hinn 13. apríl 1975 milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða, gildi óbreyttur. Mál þetta sé því umfangsmikið og mundi niðurstaða í því ekki aðeins varða stefnanda, heldur alla starfandi sjómenn á Vestfjörðum.

Af hálfu stefnanda eru gerðar þær kröfur, að kröfu stefnda um frávísun málsins verði hafnað og efnisdómur lagður á málið. Stefnandi telur, að túlka beri ákvæði 2. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938 þröngt og hinum almenna dómstóli sé rétt að meta öll atriði, er varða kaupkröfu stefnanda, þ. á m. hvort breytingar á skipulagi sjóðakerfis sjávarútvegsins með tilheyrandi ályktunum og yfirlýsingum viðkomandi aðilja hafi fellt úr gildi eða breytt að einhverju leyti vertíðarsamningi Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða. Einnig sé á það að líta, að mjög varasamt sé að útiloka hina almennu dómstóla frá að dæma í þeim málum, sem snerta hagsmuni einstaklinga í svo ríkum mæli sem hér. Varðandi þá kröfu stefnda, að vísa beri málinu frá á þeirri forsendu, að Félagsdómur hafi þegar fjallað um sama ágreiningsefni, telur stefnandi, að sá dómur hafi eigi réttaráhrif fyrir mál þetta.

Efnisúrslit í máli þessu byggist á því, hvaða kjarasamningar teljast í gildi milli Alþýðusambands Vestfjarða og Útvegsmannafélags Vestfjarða. Niðurstaða í því mundi ekki aðeins varða stefnanda, heldur alla starfandi sjómenn á Vestfjörðum. Þykir hér vera um slíkt grundvallarágreiningsefni að ræða, að úrlausn þess beri undir Félagsdóm sem sérdómsmál samkvæmt ákvæði 2. tl. 1. mgr. 44. gr., sbr. 47. gr. laga nr. 80/1938. Þykir því bera að vísa máli þessu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda 30.000 kr. í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Símoni Helgasyni og Sturlu Halldórssyni, fyrrverandi skipstjórum.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Brynjólfur Bjarnason, greiði stefnda, Gunnvöru h/f, 30.000 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1977.

Nr. 20/1974. **Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jóhannesi Long
(Ágúst Fjeldsted hrl.).

Byggingarsamvinnufélag. Úrsögn. Endurgreiðsla. Verðtrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. janúar 1974. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sér verði aðeins dæmt að greiða honum 9.536 krónur og 12.690 krónur til þrautavara. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn.

Íbúð sú, sem byggingarsamningur málsaðilja laut að, var í fjölbýlishúsi. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi var

búið að verja fé því, sem stefndi galt áfrýjanda samkvæmt samningum, alls 647.000 krónum, til greiðslu á byggingarkostnaði húss þessa, þegar til þess kom, að hann krafði áfrýjanda um endurgreiðslu fjárframlaga sinna. Verður ekki talið, að lög nr. 71/1966 standi því í vegi, að stefndi geti krafið áfrýjanda um endurgreiðslu framlaga sinna samkvæmt ákvæðum 8. gr. byggingarsamnings aðilja, sem saminn er með hliðsjón af 10. gr. samþykkta félagsins. Svo sem greinir í héraðsdómi, er stefndi eigi bundinn af stjórnarsamþykkt áfrýjanda 20. september 1972. Lögmenn aðilja lýstu því yfir á dómþingi 9. nóvember 1973, að „umboðslaun, auglýsingar og annar óhjákvæmilegur kostnaður" samkvæmt 8. gr. byggingarsamnings „skuli reiknast á kr. 5.000.00", og er áfrýjandi bundinn við þá yfirlýsingu. Fallast ber á það álit héraðsdóms, að leggja verði vísitölureikning stefnda til grundvallar dómi í málinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, greiði stefnda, Jóhannesi Long, 35.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. nóvember 1973.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þ. m., er höfðað með stefnu, birtri 13. mars 1973.

Stefnandi málsins er Jóhannes Long, Snorrabraut 77, Reykjavík.

Stefndi er Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 69.199 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern

mánuð eða brot úr mánuði frá 2. febrúar 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að dómkröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda í báðum tilfellum.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. febrúar 1972 gekk stefnandi í Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, skammstafað BSAB. Um leið greiddi hann tilskilin gjöld samkvæmt 4. gr. samþykkta félagsins, þ. e. inngöngueyri kr. 500 og árgjald kr. 300. Í marsmánuði 1972 seldi stefnandi íbúð, sem hann átti, og hinn 10. sama mánaðar undirritaði stefnandi byggingarsamning við stefnda. Í byggingarsamningnum segir m. a.:

„1. gr.

B.S.A.B. tekur að sér að reisa íbúð fyrir undirritaðan samningsaðila Jóhannes Long ... á 6.—7. hæð í húsinu nr. 12 við Asparfell, Rvk. ...

3. gr.

Verkið er unnið að öllu leyti fyrir kostnaðarverð, þ. e. án allrar álagningar af hálfu B.S.A.B. ...

5. gr.

... Hann greiði miðað við framgang verks þessa, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar vegna skuldbindinga hennar á eftirfarandi hátt: Við samning kr. 377.000,00, 5. júní 1972 kr. 135.000.00, 5. sept. 1972 kr. 135.000.00, 5. des. 1972 kr. 135.000.00. ...

Félagið greiðir ekki vexti af innborguðum byggingarframlögum. ...

8. gr.

Ef undirritaður aðili að 6. byggingarflokki B.S.A.B. getur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt þessum samningi, eða kýs af öðrum ástæðum að draga sig í hlé, áður en smíði íbúðarinnar er lokið og hann hefur veitt henni viðtöku, skal stjórn félagsins ráðstafa íbúð hans í samræmi við lög félagsins og endurgreiða honum framlag sitt án vaxta, að viðbættri hækkun samkvæmt húsbyggingarvísitölu, en að frádregnum umboðslaunum, auglýsingum og öðrum óhjákvæmilegum kostnaði. Samningsaðili

telst ekki geta staðið við skuldbindingar sínar, ef hann eigi sinnir greiðsluákvæðum 5. greinar í 4 mánuði í röð".

Við inngöngu í félagið kveðst stefnandi hafa fengið í hendur ársskýrslu félagsins fyrir árið 1970. Í þeirri skýrslu standi orðrétt: „Í þriðja áfanga Asparfell 10 og 12 eru 51 íbúð, barnaheimili og 8 rými fyrir atvinnu- og þjónustufyrirtæki. Uppsteypa á að hefjast í febrúar/marz 1972, áætlað íbúðarhæft frá apríl 1973 til des. 1973". Stefnandi segir, að aðalforsenda fyrir því, að hann gekk í BSAB hafi verið sú, þar eð hann hafði selt íbúð sína, að enginn verulegur dráttur yrði á byggingu íbúðar hans, en brátt hafi komið í ljós, að mikill dráttur yrði á byggingarframkvæmdum við umrætt hús. Í nóvember 1972 hafi t. d. aðeins verið búið að steypa upp kjallara hússins. Taldi stefnandi þá augljóst, að íbúð hans á 6. og 7. hæð hússins gæti ekki orðið tilbúin til innflutnings fyrr en löngu síðar en áætlað var, enda hafi framkvæmdastjóri BSAB lýst því yfir á fjölmennum fundi félagsins í nóvember 1972 og í viðurvist stjórnar félagsins, að á byggingarframkvæmdunum mundi verða 5 mánaða dráttur. Vegna þessa mikla framkvæmdadráttar taldi stefnandi nú ljóst, að hann gæti ekki staðið fjárhagslega undir umræddri íbúð, þar eð kostnaðarverð hennar færi af þessum ástæðum síhækkandi vegna síhækkandi byggingarkostnaðar. Kveðst hann því hafa tekið þann kost að segja sig úr félaginu með bréfi, dagsettu 23. nóvember 1972, en þar segir:

„Þar eð svo veigamikill dráttur hefur orðið á byggingu íbúðar þeirrar, sem ég festi mér hjá félaginu (það er íbúð á 6. og 7. hæð í Asparfelli 12), með samningi, dags. 10. marz 1972, miðað við áætlun, enda aðeins búið að steypa kjallara stigahússins, þá sé ég mér ekki fært að standa undir þeim miklu verðhækkunum, sem fyrirsjáanlegar verða á nefndri íbúð, þar til hún verður tilbúin til íbúðar, samkvæmt byggingarvísitölu.

Ég leyfi mér því hér með að segja mig úr B.S.A.B. með öllum réttindum til endurgreiðslu á byggingaframlögum, sem ég hef nú þegar innt af hendi, sbr. ákvæði 3. gr. framangreinds byggingarsamnings".

Þegar stefnandi hafði gengið úr félaginu, kveðst hann hafa óskað eftir að fá endurgreitt framlag það, kr. 647.000, sem hann hafði greitt, ásamt vísitöluálagi samkvæmt 8. gr. byggingarsamningsins, en framkvæmdastjóri félagsins hafi ekki auglýst íbúðina strax, eins og gert sé ráð fyrir í 8. gr. byggingarsamningsins. Hafi

orðið nokkurt þóf um þetta. Að lokum hafi brugðið svo undarlega við, að hinn 2. febrúar 1973 hafi stefndi sent lögfræðing sinn með ávísun að fjárhæð kr. 647.000 og óskað eftir fullnaðarkvittun. Við þessari greiðslu hafi verið tekið, en að sjálfsögðu kvittað fyrir henni með fyrirvara, þar sem deilt var um vísitölugreiðsluna.

Stefnandi kveðst hafa fengið lögmann sinn til að ræða við framkvæmdastjóra stefnda og stjórn félagsins um greiðslu vísitöluálagsins, en stefndi hafi ekki fengist til að greiða neitt vísitöluálag og hafi mál þetta því verið höfðað.

III.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að samkvæmt 8. gr. byggingarsamningsins hafi hann kosið að draga sig í hlé, áður en smíði íbúðarinnar væri lokið. Stefnda hafi þá borið að endurgreiða hið framlagða fé, kr. 647.000, „að viðbættri hækkun samkvæmt húsbyggingarvísitölu, en að frádregnum umboðslaunum, auglýsingum og öðrum óhjákvæmilegum kostnaði". Stefndi hafi, svo sem fyrr er lýst, greitt framlagið, kr. 647.000, en vísitöluálagið, kr. 74.199, beri stefnda einnig að greiða að frádregnum áðurgreindum kostnaði, sem aðiljar eru nú sammála um, að reikna kr. 5.000. Beri því að dæma stefnda til að greiða mismuninn, kr. 69.199.

Lögmaður stefnanda kveðst hafa leitað upplýsinga hjá einum starfsmanni Seðlabanka Íslands, sem tók þátt í samningu laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, hvort það hafi verið ætlunin með setningu laga þessara að nema úr gildi eftirfarandi ákvæði í 20. gr. laga nr. 36/1952, sem fjallar um byggingarsamvinnufélög: „Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna". Hafi starfsmaður þessi ekki svarað spurningu þessari beint, en sagt, að lögunum hafi fyrst og fremst verið ætlað að gilda um vísitölubindingu innan bankastofnana og um verðtryggingu peningalána, en Seðlabankinn, sem hefur umsjón með framkvæmd laga nr. 71/1966, hafi ekki haft afskipti af byggingarfélögum, sem muni hafa „praktiserað" verðtryggingu íbúða samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar, en Seðlabankinn hafi þó ekki veitt neitt leyfi til verðtryggingar til slíkra aðilja samkvæmt heimildinni í 3. gr. laganna.

Er því haldið fram af stefnanda hálfu, að það hafi ekki verið ætlun löggjafans með lögum nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga að víkja til hliðar ákvæðinu í nefndri 20. gr. laga nr. 36/1952. Komi sú málsástæða því stefnda ekki að haldi.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnanda, að fundarsamþykktir, sem stjórn stefnda gerði, eftir að byggingarsamningurinn var undirritaður, séu skuldbindandi fyrir hann.

Stefnandi kveðst hafa innt af hendi fjórar greiðslur sem hér segir: 8. mars 1972 kr. 10.000, 21. mars 1972 kr. 277.000, 22. júní 1972 kr. 135.000 og 5. september 1972 kr. 135.000.

Kröfu sína um vísitöluálag miðar stefnandi við mismuninn á gildandi byggingarvísitölu, þegar greiðslur voru inntar af hendi, og gildandi byggingarvísitölu, þegar endurgreiðsla á framlögðum peningum fór fram hinn 2. febrúar 1973. Þegar þrjár fyrstu greiðslurnar fóru fram, hafi vísitalan verið 603 stig, en hinn 2. febrúar 1973 hafi hún verið 689 stig. Mismunurinn sé því 86 stig eða 14.26% og nemi vísitöluálagið fyrir þessar þrjár greiðslur þá til samans kr. 73.011. Er síðasta greiðslan var innt af hendi, hafi vísitalan verið 683 stig. Mismunur sé 6 stig eða 0.88% og vísitöluálag vegna þeirrar greiðslu sé því kr. 1.188. Vísitöluálagið nemi þannig samtals kr. 74.199.

IV.

Af hálfu stefnda er á það bent, að í ársskýrslu þeirri, sem stefnandi vitni til, sé aðeins rætt um áætlanir, en þar sé alls ekki um skuldbindandi ákvarðanir um afhendingartíma að ræða. Hins vegar sé því ekki að neita, að seinkanir hafi átt sér stað á byggingunni við Asparfell af ástæðum, sem stefnda hafi verið óviðráðanlegar.

Þá er á það bent, að stefnandi hafi, eftir að úrsögn stefnanda barst, boðist til að leysa húsnæðismál stefnanda, ef hann þyrfti að fara úr íbúð þeirri, sem hann var í. Þessu hafi stefnandi hafnað. Eftir það hafi stefndi auglýst íbúð stefnanda til ráðstöfunar í samræmi við lög félagsins. Nýr samningsaðili hafi ekki fengist fyrr en í lok janúarmánaðar 1973. Hafi stefnanda þá strax verið greitt peningaframlag hans, kr. 647.000, án vaxta eða vísitölu, enda hafi stefndi ekki viljað fallast á þá skoðun stefnanda, að hann ætti rétt á þessari vísitöluhækkun á framlag sitt, þar sem fé hans hefði staðið inni hjá stefnda skemur en eitt ár. Hér hafi stefndi farið eftir þeirri venju og starfsreglu, sem Veðdeild Landsbanka Íslands byggi á við útreikninga vaxta og vísitöluuppbóta

á skyldusparnað. Hafi um þetta verið gerð stjórnarsamþykkt hjá stefnda hinn 20. september 1972, en um þá samþykkt hafi í gerðabók félagsins verið skráð:

„Tekið var fyrir, hversu haga skuli vísitölugreiðslu á innstæðu byggjanda hjá félaginu, ef hann hættir, á meðan íbúð hans er í byggingu.

Ákveðið var að haga því á þann veg, að vísitölubætur skuli greiddar, ef innstæða hefur staðið á byggingarreikningi í minnst eitt ár.

Reiknaðar skulu vísitölubætur eftir vísitölu byggingarkostnaðar skv. verðlagi í febrúar ár hvert.

Vísitölubætur skulu reiknaðar af meðalinnstæðu síðasta almanaksárs, en ekki af innstæðu yfirstandandi árs. Vísitölubætur reiknast í samræmi við prósentuhækkun vísitölu byggingarkostnaðar á tímabilinu febrúar til febrúar.

Ákvörðun þessi var tekin með hliðsjón af starfsvenju Veðdeildar Landsbanka Íslands um vísitölugreiðslur á sparifé".

Af hálfu stefnda er skýrt svo frá, að ákvæðið í 8. gr. byggingarsamninga BSAB um húsbyggingarvísitölu sé búið að vera síðan samningsformið var gert 1966. Það hafi þá verið hugsað sem vörn þeirra, er af efnahagsástæðum gætu ekki haldið fjármögnun byggingarsamningsins áfram til þess tíma, að byggingu væri lokið, og viðkomandi samningsaðili fengi eignaryfirlýsingu fyrir sínum eignarhluta og þar með verðmæti þess, er fjármögnun samningsins skapaði, en yrði að draga sig út úr byggingunni, er hún væri langt komin, eftir að hafa átt það fjármagn í framkvæmdunum í eitt eða tvö ár án vaxta. Endursala á íbúðum BSAB í byggingu sé ekki leyfð. Réttur félagsmanna til að gera byggingarsamning um íbúðir í smíðum fari eftir félagsnúmeraröð. Þeir geti ekki selt þann rétt eða þá íbúð, er samningurinn tekur til, fyrr en samningnum hafi verið fullnægt og félagsmaðurinn hafi fengið eignaryfirlýsingu að íbúðinni, en þá geti eigandinn við sölu fengið uppborna vísitöluhækkun þá, sem orðið hafi á byggingartímanum, samkvæmt 10. gr. samþykkta BSAB, en sú grein er svohljóðandi:

„Félagsmaður, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, má ekki selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækk-

un samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er. Seljandi greiði kostnað vegna sölu eða sölutilrauna, en kostnað við matsgerð, ef til kemur, greiði seljandi og kaupandi að hálfu leyti hvor".

Af hálfu stefnda er á það lögð rík áhersla, að með stjórnarsamþykktinni frá 20. september 1972 hafi átt að koma í veg fyrir það, að aðili gæti gert samning og greitt inn á hann fé, rétt áður en byggingarvísitala hækkar, og átt það þar inni, þar til vísitöluhækkun hafi komið fram, og eftir það heimtað þessa hækkun með því að segja sig frá samningnum. Er því haldið fram, að þetta sé andstætt tilgangi byggingarsamningsins og með þessu sé verið að reyna að græða á samtökum almennings. Verði kröfur stefnanda teknar til greina, þá samsvari vísitöluhækkunin 21.22% ársvöxtum miðað við dagsetningu uppsagnarbréfsins.

Sýknukrafa stefnda er á því byggð, að honum sé ekki skylt að greiða vísutöluhækkun á byggingarframlag, ef framkvæmdafjármagn samkvæmt samningi stendur skemur en eitt ár. Þar við bætist, að stefnda svo og stefnanda sé óheimilt að verðtryggja þannig byggingarsamning vegna ákvæða 1. og 13. gr. laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga. Í 8. gr. byggingarsamnings segi ekkert um það, hvernig byggingarvísitalan skuli reiknuð út, en eitt sé víst, að það hafi aldrei verið tilgangur stefnda að verðtryggja fé, sem staðið hefði inni svo skamman tíma og tilfellið var með fé stefnanda. Er í þessu sambandi vitnað til dóms Hæstaréttar 1970, bls. 178, en þar hafi vísitala verið miðuð við mitt byggingartímabil, en ekki reiknuð vísitala á hverja einstaka innborgun byggingaraðiljans. Styðji þessi dómur mjög þá skoðun stefnda, að ekki beri að reikna vísitölu, fyrr en féð hafi staðið í byggingu nokkurn tíma.

Verði hins vegar litið svo á, að stefnandi eigi rétt á einhverri vísitöluhækkun, þá geti ekki komið til álita að reikna honum þessa hækkun fyrir allt það tímabil, sem féð var hjá stefnda. Það hljóti að koma til álita einhver meðaltalsvísitala. Þá beri að draga frá hugsanlegri vísitöluhækkun kr. 5.000, sem aðiljar séu sammála um að reikna í umboðslaun, auglýsingar og annan kostnað. Sé varakrafan byggð á þessum sjónarmiðum.

Af hálfu stefnda er vaxtakröfu stefnanda mótmælt sérstaklega, þar sem engin lagaheimild sé fyrir dráttarvaxtakröfunni.

V.

Í II. kafla laga nr. 36/1952, sem fjallar um byggingarsamvinnufélög, 20. gr., er, svo sem fyrr er lýst, gert ráð fyrir, að söluverð íbúða miðist við stofnverð að viðbættri verðhækkun samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar.

Stefndi er byggingarsamvinnufélag og stofnað með heimild í lögum þessum. Í 10. gr. samþykkta stefnda er tekið upp samhljóða ákvæði og er í nefndri 20. gr. laga nr. 36/1952, en samþykktir þessar hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu.

Eigi er ætlandi, að það hafi verið tilgangur löggjafarvaldsins með setningu laga nr. 71/1966 að fella margnefnt ákvæði 20. gr. laga nr. 36/1952 úr gildi og þar með samsvarandi ákvæði í samþykktum stefnda og annarra byggingarsamvinnufélaga, þar sem slíkt hefði haft mjög afdrifaríkar og óvæntar afleiðingar í för með sér, einkum fyrir þau byggingarsamvinnufélög, sem við sölu íbúða hafa farið eftir meginreglu nefndrar 20. gr. laganna.

Ákvæði 8. gr. byggingarsamningsins, sem fjallar um „hækkun samkvæmt húsbyggingarvísitölu", sýnist vera sett samkvæmt 10. gr. samþykkta félagsins og heimild, sem leiða má af ákvæðum margnefndrar 20. gr. laga nr. 36/1952.

Um það leyti sem stefnandi undirritaði byggingarsamninginn, seldi hann íbúð sína og virðist hafa notað hluta af andvirði hennar til þess að greiða afborganir samkvæmt byggingarsamningnum. Ljóst er, að verulegur dráttur hefur orðið á byggingu hússins, sem um ræðir. Ekkert er hins vegar fram komið, sem bendir til þess, að stefnandi hafi viljað misnota vísitöluákvæði 8. gr. byggingarsamningsins.

Eigi þykir stefnandi bundinn af þeim stjórnarsamþykktum stefnda, sem gerðar voru eftir undirritun byggingarsamningsins, að því leyti sem þær eru honum í óhag.

Stefndi hefur ekki haft uppi neinar varnir þess efnis, að vandkvæði hafi verið á að ráðstafa íbúðinni á stofnverði að viðbættri hækkun samkvæmt byggingarvísitölu. Með því að stefndi hefur ekki sannað, að meðaltalsvísitala eða annar vísitöluútreikningur eigi hér við, ber að leggja til grundvallar þann vísitöluútreikning, sem stefnandi hefur lagt fram. Nemur vísitöluálagið samkvæmt honum kr. 74.199. Frá þeirri fjárhæð ber að draga kostnaðinn, kr. 5.000. Verður krafa stefnanda um kr. 69.199 því tekin til greina

ásamt vöxtum, sem rétt er að reikna 7% ársvexti frá 2. febrúar 1973 til 16. maí sama ár, en 9% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 15.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðjóni Hansen tryggingafræðingi og Guðlaugi Þorvaldssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Byggingarsamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, greiði stefnanda, Jóhannesi Long, kr. 69.199 með 7% ársvöxtum frá 2. febrúar 1973 til 16. maí sama ár og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 15.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 1. febrúar 1977.

Nr. 10/1977. **Guðrún Einarsdóttir**
gegn
Birgi Þorvaldssyni og
Unnsteini Beck skiptaráðanda í Reykjavík.

Kærumál. Réttarneitun. Hjón. Búskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 28. desember 1976, er barst Hæstarétti 24. janúar 1977, kært tvær ákvarðanir skiptaréttar Reykjavíkur 15. desember 1976 varðandi skipti á búi sóknaraðilja og varnaraðiljans Birgis Þorvaldssonar. Er þess krafist, að ákvörðunum þessum verði hrundið og að lagt verði fyrir skiptaráðanda „að takast á hendur þær aðgerðir, sem synjað var".

Varnaraðili Birgir Þorvaldsson krefst þess, að hrundið verði kröfu sóknaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Greinargerð hefur eigi borist frá skiptaráðanda.

Mál þetta er kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í lokaákvæði 21. gr. laga nr. 75/1973.

Hinar kærðu ákvarðanir koma fram í eftirfarandi bókun á skiptafundi í búi sóknaraðilja og varnaraðiljans Birgis Þorvaldssonar í skiptarétti Reykjavíkur 15. desember 1976, er haldinn var af Unnsteini Beck skiptaráðanda:

„Í málinu hefur verið lögð fyrir krafa Guðrúnar Einarsdóttur um, að núverandi forstjóri Runtal-ofna h/f, Birgir Þorvaldsson, verði að tilhlutan skiptaráðanda leystur frá því starfi og stjórn félagsins fengin í hendur hæfum og óvilhöllum aðila, og ennfremur, að reikningar félagsins frá og með árinu 1971 verði sömuleiðis að tilhlutan skiptaráðanda teknir til gagngerrar endurskoðunar af hálfu hæfra og óvilhallra manna, er dómkvaddir verði í því skyni. Loks hefur Guðrún Einarsdóttir krafist þess, að skiptaráðandi dómkveðji menn til að meta til verðs hlutabréfaeign málsaðila í h/f Runtal-ofnum.

Umboðsmenn málsaðila hafa lagt fram greinargerðir um þessar kröfur. Einnig hefur umboðsmaður Birgis Þorvaldssonar, Páll S. Pálsson hrl., áður sent skiptaráðanda yfirlýsingu frá stjórn Runtal-ofna h/f þess efnis, að stjórnin lýsir sig ánægða með rekstur félagsins undir stjórn núverandi framkvæmdastjóra þess. ...

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 6. október 1975 (sic) var kveðið á um skiptingu á hlutafjáreign málsaðila í Runtal-ofnum h/f á þá lund, að hvort um sig á sem hjúskapareign þau hlutabréf, sem skráð væru á þess nafn við stofnun félagsins. Á skiptafundi 29. desember s.l. lýstu málsaðilar því yfir, að þau væru hvort um sig fús til að taka við þeirri hlutafjáreign, sem í hjúskaparhlut þess félli upp í búshluta sinn. Samkvæmt þessu hafa nú málsaðilar fengið í hendur hlutabréf í margnefndu félagi að nafnverði kr. 90.000, en eitt hlutabréf að nafnverði kr. 5.000 er óskipt sameign þeirra, og liggur það enn hjá skiptaráðanda. Samkvæmt þessu hefur

hvor málsaðila um sig fengið til fullra umráða þá hlutafjáreign í búinu, sem honum ber, til frjálsra umráða með þeim réttindum og skyldum, sem hlutabréfaeignum fylgja að lögum og samkvæmt samþykktum félagsins. Að svo vöxnu máli eru ekki efni til þess, að skiptaráðandi taki í sínar hendur ráðsmennsku í málefnum félagsins, enda gæti slíkt aðeins orðið bráðabirgðaráðstöfun, sem ekki hefði varanleg áhrif um rekstur og hag félagsins.

Málsaðilar hafa nú, svo sem að framan greinir, sjálfir í höndum þá aðstöðu, sem hlutabréfaeign þeirra veitir þeim, til áhrifa á rekstur félagsins og m. a. til að beita þeim áhrifum, sem lög heimila hluthöfum til íhlutunar um bókhald, daglegan rekstur og eftirlit um félagsmál. Því eru ekki heldur efni til, að skiptaráðandi taki í sínar hendur að fyrirskipa endurskoðun á bókhaldi félagsins".

Í bókun skiptaráðanda hér að framan greinir, að málsaðiljar hafi hvor um sig fengið í hendur hlutabréf í Runtalofnum h/f að nafnverði 90.000 krónur. Hefur hvorugur málsaðilja, að því er séð verður, hreyft athugasemdum við því. Í dómi Hæstaréttar 8. desember 1975 kemur fram, að hlutafé félagsins er 200.000 krónur alls. Aðeins eitt hlutabréf, að nafnverði 5.000 krónur, er í höndum skiptaráðanda. Eins og málum er háttað, er það því ekki í valdi skiptaráðanda að mæla fyrir um aðgerðir þær, sem sóknaraðili krefst, en þær lúta að endurskoðun á reikningum hlutafélagsins og framkvæmdastjórn þess. Verða kröfur sóknaraðilja í máli þessu því eigi teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Kröfur sóknaraðilja, Guðrúnar Einarsdóttur, eru eigi teknar til greina.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1977.

Nr. 123/1976. **Eigandi og ábúandi Grímsstaða, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu,**
gegn
eiganda og ábúanda Arnarstapa.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Eigandi og ábúandi Grímsstaða, Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnessýslu, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1977.

Nr. 6/1977. **Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson**
gegn
Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þeir stefnda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 3.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1977.

Nr. 132/1976. **Benedikt Andrésson**
Guðmundur Andrésson og
Helgi Símonarson
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Kristjáni Gústafssyni
(Einar Viðar hrl.).

Skuldamál. Veðskuldabréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 30. júní 1976. Krefjast þeir sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þó svo, að áfrýjandinn Helgi Símonarson krefst aðeins málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Áfrýjandinn Helgi Símonarson sótti ekki þing í héraði. Hann hefur eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973, og koma því málsástæður hans eigi til álita í Hæstarétti.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða stefnda 250.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Benedikt Andrésson, Guðmundur Andrésson og Helgi Símonarson, greiði stefnda, Kristjáni Gústafssyni, 250.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. maí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að loknum munnlegum málflutningi, hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, höfðað f. h. Kristjáns Gústafssonar, Höfn, Hornafirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnum, birtum 23. og 27. nóv. 1975, gegn Benedikt Andréssyni, Dunhaga 18, Reykjavík, Guðmundi Andréssyni, Aðalgötu 5, Blönduósi, og Helga Símonarsyni, Hrísateig 16, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 3.000.000 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. júní 1973 til 1. júní 1974, með 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí s. á., en með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda Helga Símonarsonar hefur ekki verið sótt þing. Er honum þó löglega stefnt. Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið að því er hann varðar samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum.

Stefndu Benedikt og Guðmundur Andréssynir hafa krafist sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnanda. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Í stefnu segir, að skuld þessi sé samkvæmt 6 samhljóða veðskuldabréfum, hverju að fjárhæð kr. 500.000, útgefnum af stefndu hinn 7. maí 1973, tryggðum með 9. veðrétti í m/s Ljósá, SF 2. Skuldir samkvæmt bréfum þessum hafi átt að greiðast með jöfnum greiðslum á átta árum, í fyrsta sinn 1. júní 1974. Engin greiðsla hafi farið fram á bréfum þessum og hafi þau því öll fallið í gjalddaga 1. júní 1974 vegna vanskila, en auk þess hafi hið veðsetta skip, Ljósá, SF 2, verið selt á nauðungaruppboði og hafi ekkert komið upp í skuldir samkvæmt bréfum þessum.

Í greinargerð lögmanns stefnanda er því haldið fram, að hér sé um sama Guðmund Andrésson að ræða og áður hafi búið að Holtagerði 12, Kópavogi, nú að Aðalgötu 5, Blönduósi, sama Helga Símonarson, er áður bjó að Miðtúni 66, Reykjavík, nú að Hrísateig 16, Reykjavík, og sama Benedikt Andrésson, er áður bjó að Granaskjóli 16, Reykjavík, en nú að Dunhaga 18, Reykjavík.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt ákvæðum í veðskuldabréfunum sé mál þetta höfðað samkvæmt 17. kafla laga nr. 85 frá 1936, en samkvæmt

ákvæðum þessa kafla einkamálalaganna fái varnir stefndu ekki komist að í málinu.

Af hálfu stefndu Benedikts og Guðmundar Andréssona er aðild ekki vefengd, en kröfur eru rökstuddar með því, að stefndu í máli þessu hafi höfðað mál fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur til riftunar kaupum stefndu á m/b Ljósá, SF 2, en stefndu hafi greitt stefnanda kaupverð bátsins, m. a. með því að gefa út hin umstefndu veðskuldabréf. Í því máli sé jafnframt krafist endurgreiðslu kaupverðsins og sé þar innifalin hin umstefndu skuldabréf. Af þessum sökum sé krafist sýknu að svo stöddu, þar til séð verður, hvernig riftunarmálið kann að fara.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu Guðmundar og Benedikts, að þrátt fyrir ákvæði 17. kafla laga nr. 85 frá 1936 fái vörn stefndu komist að, þar sem riftunarmál hafi þegar verið höfðað.

Í skjölum málsins kemur fram, að hinn 23. apríl 1975 var gefið út uppboðsafsal til handa Sjöstjörnunni h/f, Ytri-Njarðvík, um m/b Ljósá, SF 2, en skipið var selt á nauðungaruppboði 13. mars 1975.

Veðskuldabréf þau, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, hafa verið lögð fram í málinu. Samkvæmt ákvæðum bréfanna má reka mál út af þeim fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 85 frá 1936. Í 208. gr. laga nr. 85 frá 1936 eru tæmandi taldar þær varnir, sem uppi verða hafðar í málum samkvæmt XVII. kafla laganna. Varnir stefndu eru ekki þess eðlis, að þeim verði komið að í máli þessu.

Samkvæmt ákvæðum bréfanna er heimilt að telja allar eftirstöðvar, er kunna að vera ógreiddar af höfuðstól skuldarinnar, fallnar í gjalddaga fyrirvaralaust, verði dráttur á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldinni hálfan mánuð fram yfir gjalddaga eða ef eigandaskipti verða að veði. Fyrsti gjalddagi bréfanna var 1. júní 1974. Því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að engin greiðsla hafi farið fram af bréfunum, enda bera bréfin ekki með sér, að af þeim hafi verið greitt. Vaxtakrafa stefnanda er í samræmi við ákvæði bréfanna.

Niðurstaða málsins verður því sú, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 270.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, Benedikt Andrésson, Guðmundur Andrésson og Helgi Símonarson, greiði stefnanda, Kristjáni Gústafssyni, kr. 3.000.000 með 8% ársvöxtum frá 1. júní 1973 til 1. júní 1974, með 1½% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 270.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 3. febrúar 1977.

Nr. 220/1974. **Nói Jónsson, eigandi Vindáss, og Kjartan Nóason og Þráinn Nóason, eigendur Setbergs,** (Aagnar Gústafsson hrl.) gegn **Arnóri Kristjánssyni, eiganda Eiðis** (Jóhann H. Níelsson hrl.).

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Eru dómkröfur áfrýjanda Nóa Jónssonar fyrir Hæstarétti þær, að „landamerki jarðanna Vindáss og Eiðis í Eyrarsveit verði ákveðin línan $A_2 - B_2$, þar til línan sker landamerkjalínu Vindáss og Setbergs, sbr. uppdrátt Ragnars Árnasonar mælingaverkfræðings frá júlí—ágúst 1976". Dómkröfur áfrýjenda Kjartans og Þráins eru þær, að „landamerki jarðanna Setbergs og Eiðis verði ákveðin línan $A_2 - B_2$ frá því hún sker landamerkjalínu Vindáss og Setbergs og fram-

hald þeirrar línu $A_2 - B_2$ upp á hábrún Bergsháls", sbr. áðurnefndan uppdrátt. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Víðtæk gagnaöflun hefur farið fram eftir uppkvaðningu hins áfrýjaða dóms. Meðal nýrra gagna eru skjöl um eignarheimildir fyrir jörðunum Setbergi, Vindási og Eiði, örnefnalýsingar fyrir jarðir þessar, taldar gerðar um 1933 af Þorleifi Jóhannessyni, og uppdrættir, gerðir af Ragnari Árnasyni mælingaverkfræðingi.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, var í héraði lögð fram loftljósmynd af þrætusvæðinu, og mörkuðu málsaðiljar á hana línur, er sýndu kröfur þeirra hvers um sig. Ragnar Árnason hefur, eftir að héraðsdómur gekk, markað á uppdrátt kröfulínur málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti svo og óumdeild landamerki Vindáss og Setbergs.

Gagnaöflun fyrir landamerkjadómi var áfátt og kröfur áfrýjenda hvarflandi. Eigi virðast aðiljar eða dómendur hafa gert sér ljósa grein fyrir, hvar landamerki Setbergs og Vindáss voru, því að lína sú, sem áfrýjendur Kjartan og Þráinn kröfðust viðurkenningar á sem landamerkjalínu milli Setbergs og Eiðis, getur samkvæmt uppdrætti Ragnars Árnasonar aðeins varðað landamerki Vindáss og Eiðis. Þeir gerðu því engar kröfur í héraði um landamerki jarðar sinnar, Setbergs, og Eiðis.

Samkvæmt gögnum máls liggja lönd Setbergs og Eiðis saman á Bergshálsi, og eru aðiljar ekki sammála um merki þar. Kröfur stefnda fyrir landamerkjadómi svo og fyrir Hæstarétti eru þó aðeins um ákvörðun landamerkja til norðurs „upp í Bergsháls".

Landamerkjadómurinn hefur í dómi sínum kveðið á um landamerki frá Nónsteinum til suðurs „beint á fjall upp", en enginn ágreiningur er um merki þar.

Dómurinn hefur eigi ákveðið landamerki Setbergs og Eiðis lengra til norðurs en „upp Bergsháls", en það er óljóst greinimark. Það leiðir hins vegar af meginreglum II. kafla

laga nr. 41/1919, að greiða bar til hlítar úr landamerkjaágreiningi aðilja í máli þessu.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 27. ágúst 1974.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er tekið til landamerkjadómsmeðferðar samkvæmt beiðni Nóa Jónssonar, ábúanda á Vindási, sem er ríkisjörð, og Þráins og Kjartans Nóasona, eigenda Setbergs, til ákvörðunar og dóms um landamerki milli jarðanna Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar. Eigandi og ábúandi þeirrar jarðar er Arnór Kristjánsson. Allar jarðirnar eru í Eyrarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Í landamerkjaskrá segir svo um landamerki framangreindra jarða:

„V Setberg

með hjáleigum: Stekkjartröð og Vindási. ...

B. Landamerki milli Setbergs og Eiðis.

Svonefndur Kaldilækur, sem rennur undan Bergshálsi og í suður ofan í Eiðissund; frá honum sjónhending í Nónsteina og frá þeim beint á fjall upp. ...

Setbergi 10. júní 1885.
Jens V. Hjaltalín
prestur að Setbergi".

Nói Jónsson telur landamerkin beina línu milli upptaka merkjalækjarins og Nónsteina og krefst þess, að landamerkin verði ákveðin þannig.

Þráinn Nóason og Kjartan Nóason krefjast þess, að merkjalækurinn ráði merkjum frá upptökum og niður í Eiðissund, en þaðan bein lína í Nónsteina.

Arnór Kristjánsson krefst þess, að merkjum ráði bein lína milli upptaka merkjalækjarins og Nónsteina og beint framhald þeirrar línu upp í Bergsháls.

Aðiljar krefjast ekki málskostnaðar.

II.

Landslagi á deilusvæðinu er svo háttað, að milli Kolgrafarfjarðar og Grundarfjarðar liggur lágt eiði, en beggja vegna við það rísa allhá fjöll, Lambahnúkur að sunnan og Klakkur að norðan. Neðanundir Klakk, en ofan við eiðið, er alllangur fjallsrani, sem kallast Bergsháls. Neðan við Bergsháls og niður að eiðinu er aflíðandi hlíð, sundurskorin af giljum, og er landsvæði þetta kallað Bringur. Margir lækjarfarvegir liggja niður Bringur, en við vettvangsskoðun í dag voru þeir allir þurrir nema einn.

III.

Enginn ágreiningur er milli málsaðilja um örnefnin Bergsháls og Nónsteina. Hins vegar greinir þá á um örnefnin Kaldalæk og Eiðissund. Sóknaraðiljar (Nói Jónsson, Þráinn og Kjartan Nóasynir) halda því fram, að þrír lækir í Bringum beri nafnið Kaldilækur og sé merkjalækurinn innsti lækurinn af þeim þremur. Varnaraðili (Arnór Kristjánsson) heldur því fram, að einungis einn lækur beri nafnið Kaldilækur og sé hann merkjalækurinn. Lækur þessi er sá í miðið af ofangreindum þremur lækjum og sá eini, sem vatn rann í, þegar vettvangsganga fór fram.

Sóknaraðiljar halda því fram, að Eiðissund séu austast á eiðinu, milli Torfholts og Eiðisvatns, sem er lón eða hóp með samgang við sjó í Kolgrafarfirði. Varnaraðili heldur því aftur á móti fram, að Eiðissund séu sá hluti eiðisins, þar sem mjóst er milli hlíðanna báðum megin, og er það allgóðan spöl frá sjó. Land er þarna allt mýrlent. Lækur rennur austur eftir eiðinu og í Eiðisvatn, kallaður Sundalækur.

IV.

Sóknaraðiljar rökstyðja kröfur sínar með því, að einungis einn lækur renni undan Bergshálsi og hljóti hann því að vera merkjalækurinn, enda renni hann til suðurs niður í Eiðissund. Hins vegar renni fjórir lækir undan Bringum og einn af þeim vilji

varnaraðili nota sem merkjalæk. Hann geti þó ekki verið merkjalækurinn, því að frá upptökum hans upp að Bergshálsi séu 400 metrar, hann renni ekki til suðurs, heldur suðvesturs, og hann renni ekki niður í Eiðissund, heldur niður í hið svokallaða Garðshornsengi. Enn fremur telja þeir óhugsandi, að jafnaðgætinn maður og Jens V. Hjaltalín, prestur að Setbergi, var hefði skilið eftir 400 metra af landamerkjalínu milli Bergsháls og Nónsteina, án þess að þeirra væri að nokkru getið, þegar hann lét skrá landamerki jarðanna.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að Kaldilækur, þ. e. merkjalækurinn, sem hann miði við, sé einmitt sá lækurinn, sem vatn var í við vettvangsskoðun í dag, enda renni hann til suðurs niður í Eiðissund og dreifist þar, uns hann falli saman við Sundalækinn, sem renni niður í Eiðisvatn.

V.

Tvö vitni komu fyrir dóm í málinu.

Sigurbjörn Kristjánsson, Reitarvegi 4, Stykkishólmi, 75 ára gamall, er fæddur á Eiði og bjó þar til 22ja ára aldurs. Hann segir, að Kaldilækur sá, sem landamerkin eru miðuð við, eigi upptök sín austan við Kaldalækjarholt, vestan við Bringur, og renni hann niður góðan spöl vestan við Torfholt, uns hann sameinist Sundalæknum. Hann segir, að lækur þessi renni í beina stefnu á Nónsteina. Hann kannast ekki við, að fleiri lækir þarna kallist „Kaldilækur". Austar sé lækur, sem kallist Djúpilækur og Skriðulækur, þegar hann kemur niður á jafnsléttu, og renni hann heim undir tún á Eiði. Sigurbjörn segir, að Kaldilækur þorni aldrei, en Djúpilækur þorni í þurrkum og hann hafi verið vatnslaus í dag. Eiðissund segir þetta vitni, að liggi frá Torfholti og vestur í „mjóddina". Þá segir vitnið, að Bringur byrji að vestanverðu, austan við Kaldalæk, og nái austur að Djúpadalsholti, og Kaldalæk telur vitnið renna undan Bergshálsi.

Gunnar Stefánsson, Eyrarvegi 3, Grundarfirði, 70 ára að aldri, bjó á Eiði frá árinu 1928—1960. Hann segir, að margir lækir renni niður Bringur, en aðeins einn hafi nafnið Kaldilækur. Sá lækur þorni aldrei, en aðrir lækir séu mestir í leysingum og vatnavöxtum, en þorni á milli. Hann segir, að lækir þessir stefni allir að einum punkti, því að þeir renni allir í Eiðisvatn. Þá segir hann, að Bringur að vestan byrji austan við Kaldalæk. Holtin þar fyrir vestan séu kölluð Vindásholt eða Setbergsholt. Hann telur Kaldalæk koma upp vestan við eða vestan til í Bergshálsi.

VI.

Þau atriði, sem taka þarf afstöðu til í þessu máli, eru fyrst og fremst þau, hvaða lækur sé Kaldilækur sá, sem átt er við í landamerkjaskrá jarðanna, og hvar séu Eiðissund. Málsaðiljar eru sammála um, hvar séu Nónsteinar og hvar sé Bergsháls. Lögð hefur verið fram loftljósmynd af deilusvæðinu, og hafa málsaðiljar dregið á hana línur, sem sýna kröfur þeirra hvers um sig. Sóknaraðili Nói Jónsson telur merkin vera beina línu milli punkta B og A_2 (Nónsteinar), sóknaraðiljar Þráinn og Kjartan Nóasynir milli punktanna C og A_2 og varnaraðili Arnór Kristjánsson milli punkta A_1 og A_2.

Eftir að hafa farið á vettvang og kannað staðhætti og með tilliti til vitnaframburða og annarra atriða, sem fram hafa komið í málinu, eru dómendurnir sammála um, að Kaldilækur sá, sem talað er um í landamerkjaskrá jarðanna, sé sá lækur, sem vatn var í við vettvangsgönguna í dag, þ. e. lækur sá, sem varnaraðili heldur fram, að sé merkjalækurinn, og er það þá miðlækurinn af þeim þremur, sem sóknaraðiljar halda fram, að beri heitið Kaldilækur. Dómendurnir eru einnig sammála um, að merkin beri að miða við upptök lækjarins.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða dómsins sú, að landamerki milli Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar skuli vera bein lína frá upptökum Kaldalækjar í Nónsteina (lína A_1–A_2 á loftljósmynd)og þaðan sjónhending beint á fjall upp. Frá sömu upptökum (Kaldalækjar) skulu merkin vera í beinni áframhaldandi línu (Nónsteinar—Kaldilækur) upp Bergsháls.

Málskostnaðar er ekki krafist og verður því ekki dæmdur.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Erlendi Halldórssyni oddvita, Dal, Miklaholtshreppi, og Símoni Sigurmonssyni bónda, Ytri-Görðum, Staðarsveit.

Dómsorð:

Landamerki milli Setbergs og Vindáss annars vegar og Eiðis hins vegar skulu vera bein lína frá upptökum Kaldalækjar í Nónsteina og þaðan sjónhending beint á fjall upp. Frá sömu upptökum (Kaldalækjar) skulu merkin vera í beinni áframhaldandi línu (Nónsteinar—Kaldilækur) upp Bergsháls.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1977.

Nr. 116/1975. **Ríkisútvarpið**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Dóru Hafsteinsdóttur
(Skúli Pálsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1975. Það hefur verið flutt sérstaklega um formhlið samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 9. júní 1975 verði ómerkt og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að ómerkingarkröfu áfrýjanda verði hrundið og honum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með bréfi, dagsettu 28. maí 1975, tilkynnti borgardómari sá, sem með málið fór, lögmönnum aðilja, að munnlegur málflutningur skyldi fram fara mánudaginn 9. júní 1975, kl. 1000. Hinn 1. júní 1975 ritaði lögmaður áfrýjanda yfirborgardómaranum í Reykjavík bréf, þar sem hann skýrði svo frá, að hann þyrfti að fara til útlanda 3. s. m. „til að sitja Norðurlandafund vegna aðildar að nefnd skv. 58. gr. laga nr. 73/1972“ og mundi verða kominn heim í síðasta lagi 23. s. m. Í bréfinu óskaði hann þess, að nokkur mál, sem hann væri „lögmaður í, verði ekki tekin fyrir á þessum tíma og teknar ákvarðanir“, er væru umbjóðendum hans í óhag. Sama

dag ritaði lögmaður borgardómara þeim, sem með málið fór, svohljóðandi bréf:

„Til mín hefur borist tilkynning yðar, herra borgardómari, þar sem segir, að bæjarþingsmál nr. 588/1974, sem frú Dóra Hafsteinsdóttir hefur höfðað gegn umbjóðanda mínum, Ríkisútvarpinu, verði tekið fyrir til munnlegs flutnings 9. júní n. k. Mál hafa með litlum fyrirvara skipast þannig, að ég þarf að fara úr landi 3. júní n. k., og getur heimkoma mín dregist til 23. júní, þó að það sé ekki fullráðið. Vinsamlega breytið fyrirætlan yðar um flutningsdag, svo að mér gefist tækifæri til að halda uppi vörnum í málinu eftir heimkomu mína".

Bréf þetta kveður borgardómarinn sér hafa borist 4. júní. Á bæjarþingi 9. s. m. var sótt þing af hálfu stefndu, sem var stefnandi í héraði. Af hendi áfrýjanda var ekki sótt þing. Dómarinn lagði þá fram fyrrgreint bréf lögmannsins til sín og gat þess í þingbók, að lögmaður áfrýjanda hefði að öðru leyti hvorki haft samband við sig né gagnaðilja, skv. upplýsingum lögmanns hans, varðandi fjarveruna. Síðan er skráð í þingbók:

„Lögmaður stefnanda krefst þess, að forföll lögmanns stefnda verði metin sem útivist af hálfu stefnda og málið tekið til skriflegs málflutnings og dómtöku eftir að hann hafi fengið frest til skila á sókn.

Lögmaður stefnda hefur enga frekari skýringu gefið á forföllum sínum en fram kemur í áður nefndu bréfi og t. d. ekki látið fram koma hverra erinda hann sé erlendis. Að svo vöxnu verða forföll umboðsmannsins eigi metin lögmæt, og þar sem enginn annar er mættur af hálfu stefnda, er málið tekið til skriflegs málflutnings vegna útivistar af hálfu stefnda, og fær umboðsmaður stefnanda frest til skila á sókn til föstudagsins 13. júní n. k. kl. 15.30". Þingað var í málinu þann dag, og lagði lögmaður stefnanda þá fram sókn. Ekki var sótt þing af hendi áfrýjanda, og var málið dómtekið. Dómur var kveðinn upp 16. júní 1975.

Samkvæmt skýrslu lögmanns áfrýjanda fór hann til útlanda 4. júní 1975 og kom heim aftur 23. s. m. Kveðst hann

hafa m. a. farið að sækja fund norrænna fræðimanna um höfundarétt, sem haldinn hafi verið í Finnlandi 9.—11. júní 1975, svo og til fylgdar eiginkonu sinni, sem fór að sinna opinberum störfum á Norðurlöndum 4.—19. s. m.

Svo sem áður getur, barst héraðsdómaranum bréf lögmanns áfrýjanda 4. júní 1975. Lögmaðurinn hafði í bréfi sínu til yfirborgardómara gert grein fyrir, að hann færi utan í erindum, er varðaði starf hans í þágu hins opinbera, og var lögmanninum rétt að líta svo á, að þau boð kæmu einnig til héraðsdómarans, sem fór með mál hans. Með því að um lögmæt forföll var að ræða hjá lögmanninum, ber eftir kröfu áfrýjanda að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 9. júní 1975 og vísa málinu heim í héraði til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur svo og meðferð málsins frá 9. júní 1975, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1975.

I.

Mál þetta var dómtekið 13. júní sl. Það er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. mars 1974, og þingfest sama dag. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram í þinghaldi 27. júní 1974, og fengu þá umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 18. október 1974. Dómarinn tók málið fyrir 21. febrúar 1975, og voru þá reyndar sættir í því, en án árangurs. Aðiljayfirheyrsla fór fram 10. mars 1975, og lauk þá gagnaöflun í málinu. Munnlegur málflutningur skyldi fara fram 9. júní sl., en þá varð útivist af hálfu stefnda. Stefnandi fékk

frest til skila á sókn, er lögð var fram 13. júní sl., og var málið síðan dómtekið.

Stefnandi málsins er Dóra Hafsteinsdóttir, Goðalandi 15, Reykjavík, en stefndi Andrés Björnsson útvarpsstjóri f. h. Ríkisútvarpsins, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hin stefnda stofnun verði dæmd til að greiða stefnanda orlofsfé að fjárhæð kr. 174.680.92 auk 7% ársvaxta af kr. 973.94 frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1967, af kr. 9.079.20 frá þeim degi til 31. desember 1968, af kr. 21.161.63 frá þeim degi til 31. desember 1969, af kr. 36.867.11 frá þeim degi til 31. desember 1970, af kr. 63.076.30 frá þeim degi til 31. desember 1971, af kr. 92.197.35 frá þeim degi til 31. desember 1972, af kr. 136.462.22 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta af sömu fjárhæð til 31. desember 1973, en af kr. 174.680.92 frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómsins, en til vara er krafist lækkunar á fjárhæðum og málskostnaðar.

II.

Málavöxtum, sem eru ágreiningslausir, er þannig lýst af hálfu stefnanda, að hún hafi frá upphafi sjónvarpsútsendinga árið 1966 unnið við þýðingarstörf hjá Sjónvarpinu. Ekki hafi stefnandi verið fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, heldur unnið að þýðingum eftir sérstakri beiðni yfirþýðanda hverju sinni. Vinna stefnanda hafi einkum verið tvenns konar, þ. e. þýðingar texta og aðlögum textanna að myndefni. Aðlögunin fari fram ýmist þannig, að lesið sé inn á segulbönd eða senda verði textann inn á myndina jafnframt útsendingu myndarinnar og annist þýðandi þann þátt. Greiðslur fyrir þessa vinnu hafi verið inntar af hendi skv. þýðingargjaldskrá, sem Sjónvarpið hafi sett með samkomulagi við Félag sjónvarpsþýðenda. Taxti sé ýmist bundinn við texta eða tímalengd, sem sé þá ákveðinn í mínútum eða klukkustundum, eða þá magn þýðingar, svo sem miðað við hverja síðu.

Í málinu hafa verið lögð fram ýmis bréf, einkum varðandi sáttaumleitanir í deilunni, áður en hún gekk til dómstólanna. Þá hafa og verið lögð fram ýmis skjöl varðandi samningaviðræður stefnda og Félags sjónvarpsþýðenda. Kemur þar m. a. fram, að stefnandi átti á árinu 1971 sæti í samninganefnd af hálfu sjónvarpsþýðenda.

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, en framburður hennar skiptir ekki máli efnislega.

III.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum laga um orlof nr. 16/1943, sbr. lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964 um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 87/1971, sbr. lög nr. 110/1972 um breytingu á þeim lögum. Framangreind tvenn lög gildi í máli þessu. Fyrrnefndu lögin, þ. e. lög nr. 16/1943, gildi um tímabilið 1966 til 1971 (incl.), en síðarnefndu lögin, þ. e. lög nr. 87/1971, um árin 1972 og 1973. Enginn munur sé í raun á þessum lögum að því er snerti það atriði, sem hér sé til úrlausnar, þ. e. rétt stefnanda til orlofsgreiðslna úr hendi stefnda. Þvert á móti séu lögin mjög samhljóða. 1. gr. laga nr. 16/1943 sé svohljóðandi: „Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera". Um þetta gildi tvennar undantekningar, þ. e. að iðnnemar og hlutaráðnir sjómenn skuli ekki fá orlof. 1. gr. laga nr. 87/1971 hljóði svo: „Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort heldur sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum samkvæmt reglum þessara laga". Fjárhæð orlofs sé ákveðin með lögum á hverjum tíma og hafi verið á því tímabili, sem hér um ræðir, þannig: Skv. lögum nr. 68/1964 sé orlof 7% af launum frá gildistöku laganna um áramót 1964/1965 og nái sú tala til krafna varðandi árin 1966 til 1971 (incl.). Skv. lögum nr. 87/1971 sé orlof 8.33% frá 1. janúar 1972 og taki sú tala til krafna vegna áranna 1972 og 1973. Með hliðsjón af áðurgreindum skýrum fyrirmælum laga, vottorði um tekjur stefnanda frá Sjónvarpi og lagafyrirmælum um fjárhæð orlofs sé engum vafa undirorpið, að stefnandi eigi að fá greitt orlof úr hendi Ríkisútvarpsins eins og krafist sé í stefnu. Til enn frekari glöggvunar megi benda á eftirfarandi atriði, sem þýðingu hafi við mat á þessum rétti: 1. Verkefni þau, sem stefnandi fái til vinnslu, séu öll valin af starfsmönnum stefnda. 2. Vinna stefnanda sé ætíð undir eftirliti yfirþýðanda Sjónvarpsins. 3. Stefnandi sé að vísu ekki fastur starfsmaður Sjónvarps, en hins vegar valin til starfa úr mjög þröngum hópi fólks. Geti hún þannig reitt sig á að fá að jafnaði allmörg verkefni og reglulega. 4. Ekki sé hægt að telja laun stefnanda af hendi greidd til endurgjalds fyrir einstaklega ákveðin störf, eins og t. d. til höfunda, sem fái greiðslu fyrir leikrit eða annað slíkt. 5. Mikinn hluta af

starfi sínu, þ. e. allar útsendingar og tæknivinnu, sem starfinu fylgi, geti stefnandi einungis innt af hendi með aðstoð og undir eftirliti og verkstjórn þeirra starfsmanna Sjónvarps, sem útsendingu annist. 6. Stefnandi hafi nú um árabil haft allar sínar vinnutekjur frá þessum atvinnuveitanda og sé í raun og rétti einn af starfsmönnum Sjónvarps. 7. Af launum stefnanda greiði stefndi launaskatt, enda séu launamiðar þannig útfylltir, að laun stefnanda og annarra þýðenda séu talin fram í dálki ætluðum fyrir vinnulaun, en t. d. ekki sett í verktakadálk. Að lokum er því mótmælt af hálfu stefnanda, að það hafi verið forsenda fyrir samningum árið 1971, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár til þýðenda kæmi ekki.

Í greinargerð af hálfu stefnda er fyrst að því vikið, að greiðslur til þýðenda í Sjónvarpi hafi frá upphafi verið miðaðar við sérstakar gjaldskrár, þar sem aðallega hafi verið byggt á verkeiningum. Hér sé því verið að greiða fyrir verk, en ekki vinnu. Verkið sé innt af hendi af fólki úr sérhæfðum hópi. Sé ekki almennt um að ræða greiðslur orlofsfjár til fólks, sem starfi á þessum grundvelli.

Gjaldskrár þær, sem greitt hafi verið eftir á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi verið settar af Ríkisútvarpinu, en með samþykki þýðenda, að minnsta kosti hafi þeir sætt sig við þær. Þegar slík gjaldskrá hafi verið undirbúin árið 1971, hafi verið gerð krafa af hálfu þýðenda um orlofsfé. Að lokum hafi verið samið um heildarlausn málsins og hafi það verið forsenda hennar, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár kæmi ekki. Við ákvörðun á taxta fyrir verk þýðenda hafi því verið skipt í tiltekna þætti. Aðalþættirnir séu: Gjald fyrir hvern texta, sem sjáist á mynd í einu; gjald fyrir skoðun og æfingu, miðað við hvern byrjaðan stundarfjórðung sýningartíma myndar; mínútugjald fyrir að setja texta inn á mynd, meðan sýning hennar fer fram. Sérstök ákvæði hafi verið um það tilvik, er þýðandi semji texta og þegar hann læsi texta upp. Að því leyti sem taxtar hafi verið samdir með tilliti til launa ríkisstarfsmanna hafi eftirvinnukaup verið haft til viðmiðunar. Sá skilningur Ríkisútvarpsins, að ekki eigi að borga orlofsfé til sjónvarpsþýðenda, sé nú helgaður af venju um áraraðir. Því sé mótmælt, að ákvæði orlofslaga eigi við um þýðendur Sjónvarps. Því sé einnig mótmælt, að réttur sé fyrir hendi til orlofsfjár af yfirvinnugreiðslum og sé sú lagaröksemd sett fram til vara. Þá er vaxtakröfu sérstaklega mótmælt.

Í þinghaldi 10. maí sl. óskaði lögmaður stefnanda eftir svo-

felldri bókun: „Með tilvísun til varakröfu minnar um lækkun á fjárhæðum og málskostnaði leyfi ég mér að taka fram, að ég ber fyrir mig fyrningu í máli þessu".

Lagt hefur verið fram vottorð frá Ríkisútvarpinu um laun stefnanda hjá stofnuninni umrætt tímabil. Í samræmi við það sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

Af launum 1966	kr. 13.913.50	7%,	eða kr.	973.94
Af launum 1967	kr. 115.789.50	7%,	eða kr.	8.105.26
Af launum 1968	kr. 172.606.25	7%,	eða kr.	12.082.43
Af launum 1969	kr. 224.364.00	7%,	eða kr.	15.705.48
Af launum 1970	kr. 374.417.00	7%,	eða kr.	26.209.19
Af launum 1971	kr. 416.015.00	7%,	eða kr.	29.121.05
Af launum 1972	kr. 531.391.00	8.33%,	eða kr.	44.264.87
Af launum 1973	kr. 458.808.00	8.33%,	eða kr.	38.218.70

Stefnukrafa samtals kr. 174.680.92

Svo sem áður greinir, var lögð fram sókn af hálfu stefnanda í þinghaldi 13. júní sl. Eins og máli þessu er háttað, þykir rétt að taka meginefni sóknarinnar upp í dóm þennan. Í sókninni segir m. a. orðrétt: „Fjárhæðum, sem krafist er í stefnu, er ekki á nokkurn hátt mótmælt af hálfu lögmanns stefnda, enda byggjast fjárhæðir þessar á lögum annars vegar og hins vegar á uppl. stefnda á dskj. 6.

Mál þetta snýst í rauninni um það, hvort starf umbj. míns hjá Sjónvarpinu verði metið vinna eða verk.

Líti dómurinn svo á, að hér sé um vinnu að ræða af hálfu umbj. míns og líti ekki á hana sem verktaka við þýðingar, er skylda stefnda til greiðslu orlofs ótvíræð lögum skv., enda segir í 1. gr. laga um orlof nr. 87, 1971, að allir þeir, sem starfi í þjónustu annarra gegn launum, eigi rétt á orlofi samkvæmt reglum laganna. Þannig er ljóst, að verði litið á starf umbj. míns sem vinnu, þá þurfa ekki að liggja fyrir neinir samningar um greiðslu orlofsins, þar sem það er lögbundið.

Við allnána athugun á lögum um orlof, bæði þeim lögum nr. 77/1971 og lögum nr. 16/1943, er ekki að finna neina skýringu á því, til hverra lögin eiga að taka á annan hátt en að framan greinir. Þrátt fyrir allmiklar umræður um frumvarp þetta á sínum tíma, en það var lagt fram á alls þremur þingum árið 1942, er ekki að finna neinar hugleiðingar, hvorki í ræðum flutnings-

manna né þeirra, sem til máls taka um frumvarpið, um, á hvern hátt eigi að takmarka lögin um orlof, og það eru því þeir, sem starfa í þjónustu annars gegn launum, sem orlof eiga að fá, hvernig svo sem það verður skýrt í hverju falli.

Í máli þessu er því haldið fram, að umbj. minn hafi í starfi sínu fyrir Ríkisútvarpið verið að inna af hendi vinnu, en ekki tekið að sér sérstakt afmarkað verk til úrlausnar.

Í greinargerð minni á dskj. nr. 2 eru talin upp í 7 töluliðum helstu rök fyrir því, að telja eigi starf umbj. míns vinnu, en ekki verk.

Í fyrsta lagi er á það minnst, að verkefni þau, sem umbj. minn fær til vinnslu, eru öll valin af starfsmönnum stefnda. Þannig er ekki hægt að líta á starf umbj. míns á sama hátt eins og t. d. þess manns, sem kemur til Ríkisútvarpsins með frumsamið efni og fær það flutt, annaðhvort sjálfur eða af öðrum, og fær fyrir það eina afmarkaða greiðslu, eða t. d. mann, sem tekur upp hjá sjálfum sér að þýða skáldsögu til lestrar í útvarp.

Í öðru lagi er á það minnst, að vinna umbj. míns sé ætíð undir eftirliti yfirþýðanda Sjónvarpsins. Þetta atriði verður að telja eitt af höfuðatriðunum, þegar meta á, hvort um sé að ræða vinnu eða verk. Einmitt eftirlitið, sem haft er með starfsmönnum, skilur jú á milli þess, hvort um er að ræða starfsmann, sem leysir af hendi vinnu, eða sjálfstæðan verktaka, sem tekur að sér að vinna tiltekið verk og ræður framkvæmd þess innan vissra marka, t. d. útboðslýsingar. Ekkert af vinnu umbj. míns verður notað, nema yfirþýðandi samþykki í hverju einstöku falli, og er háð breytingum hans, ef verkast vill.

Í 5. tölulið er minnst á það, að stór hluti af starfi umbj. míns sé unninn með aðstoð og undir eftirliti og verkstjórn starfsmanna Sjónvarps, sem annast útsendingar. Hér er um að ræða þann hluta starfs umbj. míns, sem felst í því að senda texta inn á filmu með þar til gerðum ljósavélum og undanfarandi æfingum, en þegar filman er sýnd, verður umbj. minn eða sá þýðandi, sem í hverju falli er um að ræða, að sitja niður í Sjónvarpi og senda þennan texta inn á myndina jafnóðum og myndirnar birtast á skerminum. Þessi vinna verður ekki unnin nema í mjög nánu samstarfi við þá starfsmenn Sjónvarpsins, sem annast útsendingar, og undir verkstjórn þeirra og á þeim tíma, sem ákveðinn er fyrir dagskrárliðina. Það skal sérstaklega bent á, að þessi hluti starfsins, sem er fullt eins mikill eins og textaþýðingin sjálf, er greiddur samkv. tímavinnutaxta. Um önnur atriði í

þessari upptalningu minni vil ég vísa til greinargerðar, en ég tel, að þessi atriði, sem ég hef nú talið, séu hvað veigamest.

Þá er rétt að gefa gaum gjaldskrá, sem liggur til grundvallar greiðslum og er að finna á dskj. 9, 18 og 19. Á þessum gjaldskrám sést, að alls konar tímavinna er ekki síður áberandi en vinna við þýðinguna sjálfa, t. d. B liður, textainnspilun og innspilunargjald, II. liður B, skoðunar- og æfingagjald, og svo mætti lengi telja.

Þá vil ég og benda á skilning Ríkisútvarpsins sjálfs á þessum greiðslum. Í þeim tilgangi var lagður fram í dskj. nr. 7 launamiði (valinn af handahófi frá þýðanda) fyrir laun greidd á árinu 1973, en þar sést, að launagreiðslur til þessa þýðanda eru færðar á dálk nr. 2, þ. e. vinnulaun. Eftir skilningi Ríkisútvarpsins þá ætti þessi greiðsla að vera í dálki nr. 6, þ. e. a. s. greiðslur til verktaka og verkstæða. Þannig voru launamiðar allra þessara sjónvarpsþýðenda útfærðir, og ég hefi einnig lagt fram á dskj. nr. 20 úrskurð ríkisskattanefndar, sem varðar annan sjónvarpsþýðanda, en í úrskurði þessum sést, á hvern hátt skattyfirvöld líta á þessi störf. Ef hér væri um verktakastörf að ræða, er ljóst, að grundvöllur væri til frádráttar á alls konar rekstrarkostnaði, en það er ekki í þessu tilfelli. Þá vil ég leyfa mér að benda á eitt dæmi, sem er hliðstætt dæminu um sjónvarpsþýðendur, þ. e. kennsla mín í Stýrimannaskóla Reykjavíkur í sjórétti. Þar er um að ræða kennslu í sérfagi mínu, lögfræði, og eina aðhaldið, sem ég fæ í þeirri kennslu, er, að ég verð að kenna skv. reglugerð, þ. e. einskonar útboðslýsingu. Að öðru leyti ræð ég þessari kennslu á allan hátt einn. Fyrir þessa kennslu er greitt orlof ofan á laun, þótt ég hafi enn meira frelsi en umbj. minn í sínu starfi.

Á dskj. nr. 8 er að finna greinargerð umboðsmanns stefnda. Ég sé ekki ástæðu til að gera greinargerð þessa að umtalsefni, þar sem ég þykist í greinargerð minni hafa komið inn á öll þau atriði, sem þar er minnst á, en ég vil þó ekki láta undir höfuð leggjast að mótmæla sérstaklega, að venja um áraraðir geti helgað þann skilning, að Ríkisútvarpið sé ekki skylt að greiða orlof af þýðingarlaunum. Lögbrot af hálfu stjórnvalda geta ekki myndað venju. Þá er því einnig mótmælt, að orlofsgreiðslur eigi ekki að ná til yfirvinnu, en umboðsmaður stefnda hefur ekki fært nein rök fyrir því, að hér sé um yfirvinnu að ræða, eða þá, hve mikil hún er af þeim launum, sem að umbj. minn hefur fengið greidd frá Ríkisútvarpinu. Ég vil einnig vekja athygli á, að þrátt fyrir ítarlega greinargerð mína, þar sem reynt er að renna stoðum undir það, að um vinnu sé að ræða, og fullyrðingu hans um, að

þarna sé um verk að ræða, reynir hann ekki að rökstyðja fullyrðingu sína á neinn hátt, þótt þarna sé um höfuðatriði að ræða.

Í réttarhaldi hinn 10. mars 1975 lýsti umboðsmaður stefnda því yfir, að hann bæri fyrir sig fyrningu í málinu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að síðasta árið, sem orlofs er krafist fyrir, er árið 1973, að málinu var stefnt inn hinn 21. mars 1974 og þar með rofin fyrning. Virðist mér einsýnt, að regla 3. greinar laga nr. 14/1905, 1. tl., geti átt við hér og að samfelld viðskipti aðilanna leiði til þess, að ekki fyrnist neitt af þeim kröfum, sem krafist er í stefnu.

Ég tel mig hafa gripið á þeim atriðum, sem mestu máli skipta í þessu máli, þ. e. matið á því, hvort um verk eða vinnu sé að ræða.

Vænti ég þess, að virðulegur dómur verði mér sammála um, að hér sé um vinnu að ræða, og ég vil að lokum leggja áherslu á það, að orlofslöggjöfin var á sínum tíma eitthvert merkasta framlag til vinnuverndar, sem fram hafði komið á Íslandi. Með orlofslöggjöfinni átti að tryggja, að þeir, sem væru í þjónustu annarra, ættu kost á því að njóta hvíldar frá störfum vissan tíma á ári, og með setningu laganna frá 1943 og laganna frá 1971 var þessi réttur undirstrikaður".

IV.

Svo sem að framan er getið, varð útivist af hálfu stefnda. Verður þá skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda og með tilliti til þess, sem fram er komið af hálfu stefnda.

Málsaðild er ekki vefengd. Stefnandi hefur ekki fengið orlofsfé reiknað ofan á greiðslur sínar frá stefnda. Í málinu er deilt um rétt stefnanda til þess.

Telja verður stefnanda starfsmann stefnda og vinnuframlag hans í þágu stefnda þess eðlis, að endurgjald þar fyrir sé laun í skilningi orlofslaga, sem beri að greiða af orlofsfé skv. þeim lagaákvæðum, sem eru réttilega tilfærð af hálfu stefnanda, enda er ósannað, að það hafi verið forsenda fyrir samningum árið 1972, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár til þýðenda kæmi ekki, svo og að sá skilningur af hálfu stefnda, að ekki eigi að borga orlofsfé til sjónvarpsþýðenda, sé helgaður af venju.

Fjárhæð stefnukrafna er að vísu mótmælt af hálfu stefnda, en þau mótmæli eru órökstudd. Eins og mál þetta gengur til dóms, eru stefnukröfur studdar nægilegum gögnum og verða því teknar

til greina að fullu, enda eru þær ófyrndar, sbr. 1. tl. i. f. 3. gr. laga nr. 14/1905.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Björnsson útvarpsstjóri f. h. Ríkisútvarpsins, greiði stefnanda, Dóru Hafsteinsdóttur, kr. 174.680.92 auk 7% ársvaxta af kr. 973.94 frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1967, af kr. 9.079.20 frá þeim degi til 31. desember 1968, af kr. 21.161.63 frá þeim degi til 31. desember 1969, af kr. 36.867.11 frá þeim degi til 31. desember 1970, af kr. 63.076.30 frá þeim degi til 31. desember 1971, af kr. 92.197.35 frá þeim degi til 31. desember 1972, af kr. 136.462.22 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvaxta af sömu fjárhæð til 31. desember 1973, en af kr. 174.680.92 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1977.

Nr. 235/1976. **Veiðifélag Borgarfjarðar**
gegn
Jóni Guðmundssyni.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ásgeir Pétursson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómkvaðningu.

Með kæru 4. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 14. desember 1976, hefur sóknaraðili kært dómkvaðningu mats-

manna „til þess að framkvæma mat á bótum, sem um er krafið eftir 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970". Dómkvaðningin fór fram á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. febrúar f. á. Sóknaraðili virðist eigi hafa fengið vitneskju um hana fyrr en 26. október sl. Hann krefst þess, að dómkvaðningin verði ómerkt, en kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Héraðsdómari tilkynnti varnaraðilja um kæru máls þessa með bréfi 14. janúar 1977. Frá honum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili er samband veiðifélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og málsvari þeirra út á við, sbr. 3. gr. og 4. gr. samþykktar nr. 101/1975. Matsmenn kvöddu fulltrúa veiðifélaganna til fundar 26. október 1976 og skýrðu þeim frá dómkvaðningunni. Með vísan til þessa svo og með hliðsjón af niðurlagsákvæði 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 varðar dómkvaðningin sóknaraðilja með þeim hætti, að honum er heimil kæra máls þessa.

Í matsbeiðni var eigi skilmerkilega greint, að hverjum matsbeiðendur hygðust beina þeim kröfum um skaðabætur, sem meta átti. Bar héraðsdómara að inna matsbeiðendur nánar eftir því. Að því búnu átti hann, eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera matsbeiðendum og matsþola viðvart, áður en dómkvaðning færi fram, svo að þeir gætu lýst viðhorfi sínu til hennar, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við eftir undirstöðurökum sínum. Héraðsdómari hefur ekki gætt þess að láta málið sæta slíkri meðferð. Verður því að ómerkja hina kærðu dómkvaðningu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómkvaðning er úr gildi felld.

Dómkvaðning matsmanna á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. febrúar 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 3. febrúar, var aukadómþing Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sett í skrifstofu réttarins í Borgarnesi og haldið af Ásgeiri Péturssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að dómkveðja matsmenn til þess að framkvæma mat á bótum, sem um er krafið eftir 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Dómarinn leggur fram nr. 1 beiðni um dómkvaðningu matsmanna í framangreindu skyni, upplesin, svohljóðandi:

„Lögmenn Vesturgötu 17.

Hr. Ásgeir Pétursson sýslumaður

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Borgarnesi.

Reykjavík, 27. nóvember 1975.

Efni: Beiðni um dómkvaðningu matsmanna.

Með úrskurði, uppkveðnum í Reykjavík 5. nóvember 1975, synjaði meirihluti yfirmatsnefndar bótakröfu Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá fyrir Bóndhólslandi árin 1970—1973, að báðum árunum meðtöldum. Í úrskurði nefndarinnar segir m. a.:

„Á hann því ekki skaðabótakröfu samkvæmt 1. tl. 95. gr. l. nr. 76/1970 á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu. Hins vegar á hann skaðabótakröfu samkvæmt 3. tl. 95. gr. á hendur veiðieigendum í fiskihverfi sínu".

Hér með fer ég þess á leit f. h. umbjóðanda míns, Jóns Guðmundssonar, Bóndhóli, að þér dómkveðjið matsmenn hið allra fyrsta til að meta bætur til handa umbjóðanda mínum, sbr. 3. tl. 95. gr. l. 76/1970.

Virðingarfyllst,
F. h. Jóns Steinars Gunnlaugssonar hdl.
Þórður Gunnarsson lögfr.

ÞG:hg.".

Nr. 1, framl. í aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3/2 1976. Ásgeir Pétursson.

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat, að meta bætur til handa Jóni Guðmundssyni vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá fyrir Bóndhólslandi árin 1970—1973, að báðum meðtöldum, sbr. 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, eru dómkvaddir sem þar til hæfir og óvilhallir menn þeir Jón Magnússon sýslufulltrúi, Stykkishólmi, og Hinrik A. Þórðarson, fyrrv. bóndi, Nóatúni 18, Reykjavík.

Hinir dómkvöddu matsmenn skulu framkvæma matið af alúð og samviskusemi og óhlutdrægni í hvívetna og eftir bestu þekkingu og vitund. Þeir skulu tilkynna viðkomandi aðiljum, hvar og

hvenær matið fer fram, og gefa þeim kost á að koma að gögnum og upplýsingum um matsatriði.

Að matinu loknu skulu þeir gera um það skriflega skýrslu, sem þeir mega vera reiðubúnir að staðfesta með eiði sínum fyrir rétti, ef krafist verður.

Matinu skal hraðað.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1977.

Nr. 243/1976. **Veiðifélag Borgarfjarðar**
gegn
Benjamín Ólafssyni
Guðmundi Bjarnasyni og
Sveini Bjarnasyni.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Ásgeir Pétursson, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómkvaðningu.

Með kæru 5. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 14. desember 1976, hefur sóknaraðili kært dómkvaðningu undirmatsmanna til að meta varnaraðiljum bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá árin 1970—1973, sbr. XV. kafla laga nr. 76/1970. Dómkvaðningin var framkvæmd að beiðni varnaraðilja og fór fram á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. febrúar 1976. Sóknaraðili virðist eigi hafa fengið vitneskju um dómkvaðninguna fyrr en 26. október 1976. Hann krefst þess, að dómkvaðningin verði ómerkt, en kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Héraðsdómari tilkynnti varnaraðiljum um kæru máls þessa

með bréfi 14. janúar 1977. Frá þeim hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili er samband veiðifélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og málsvari þeirra út á við, sbr. 3. gr. og 4. gr. samþykktar nr. 101/1975. Matsmenn kvöddu fulltrúa veiðifélaganna til fundar 26. október 1976 og skýrðu þeim frá dómkvaðningunni. Með vísan til þessa svo og með hliðsjón af niðurlagsákvæði 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 varðar dómkvaðningin sóknaraðilja með þeim hætti, að honum er heimil kæra máls þessa.

Í matsbeiðni var eigi skilmerkilega greint, að hverjum matsbeiðendur hygðust beina þeim kröfum um skaðabætur, sem meta átti. Bar héraðsdómara að inna matsbeiðendur nánar eftir því. Að því búnu átti hann, eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera matsbeiðendum og matsþola viðvart, áður en dómkvaðning færi fram, svo að þeir gætu lýst viðhorfi sínu til hennar, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við eftir undirstöðurökum sínum. Héraðsdómari hefur ekki gætt þess að láta málið sæta slíkri meðferð. Verður því að ómerkja hina kærðu dómkvaðningu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómkvaðning er úr gildi felld.

Dómkvaðning matsmanna á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3. febrúar 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 3. febrúar, var aukadómþing Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sett í skrifstofu dómsins í Borgarnesi og haldið af Ásgeiri Péturssyni sýslumanni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Að dómkveðja matsmenn skv. XV. kafla laga um lax- og silungsveiði til þess að meta bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá fyrir landi jarðanna Holts og Brennistaða í Borgarhreppi.

Dómarinn leggur fram nr. 1 beiðni um að dómkveðja menn til þess að meta til peningaverðs bætur fyrir skerta veiðiaðstöðu í Hvítá í Borgarfirði fyrir landi jarðanna Holts og Brennistaða, upplesin, svohljóðandi:

„Holti 26. apríl 1974.

Við undirritaðir, Benjamín Ólafsson, Holti, Borgarhreppi, Sveinn Bjarnason og Guðmundur Bjarnason, Brennistöðum, Borgarhreppi, óskum eftir því við sýslumann Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, að hann skipi mann eða semji sjálfur við okkur um veiðibætur fyrir árin 1970—1973 að báðum meðtöldum. Ef ekki semst um bæturnar, þá óskum við eftir, að hann dómkveðji menn í undirmat skv. lögum um lax- og silungsveiði, og vísast málið þá þangað.

Virðingarfyllst,
Benjamín Ólafsson
Sveinn Bjarnason
Guðmundur Bjarnason.

Til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu".

Nr. 1. Lagt fram í aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 3/2 1976. Ásgeir Pétursson.

Til þess að framkvæma hið umbeðna mat, að meta bætur til handa eigendum og ábúendum jarðanna Holts og Brennistaða, þeim Benjamín Ólafssyni, Sveini Bjarnasyni og Guðmundi Bjarnasyni, vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá árin 1970—1973, að báðum meðtöldum, sbr. 15. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, eru dómkvaddir sem þar til hæfir og óvilhallir menn þeir Jón Magnússon sýslufulltrúi, Stykkishólmi, og Hinrik A. Þórðarson, fyrrv. bóndi, Nóatúni 18, Reykjavík.

Hinir dómkvöddu matsmenn skulu framkvæma matið af alúð og samviskusemi og óhlutdrægni í hvívetna og eftir bestu þekkingu og vitund. Þeir skulu tilkynna öllum viðkomandi aðiljum, sem skv. 95. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 94. og 96. gr. laganna, kynnu að verða taldir bótaskyldir, hvar og hvenær matið fer fram og gefa þeim kost á að koma að gögnum og upplýsingum um matsatriði.

Að matinu loknu skulu þeir gera um það skriflega skýrslu, sem þeir mega vera reiðubúnir að staðfesta með eiði sínum fyrir rétti, ef krafist verður.

Matinu skal hraðað.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1977.

Nr. 244/1976. **Veiðifélag Borgarfjarðar**
gegn
Birni H. Jónssyni
Einari Runólfssyni og
Guðrúnu Fjeldsted.

Kærumál. Dómkvaðning matsmanna samkvæmt lögum nr. 76/1970 úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, hefur framkvæmt hina kærðu dómkvaðningu.

Með kæru 5. nóvember 1976, sem barst Hæstarétti 14. desember 1976, hefur sóknaraðili kært dómkvaðningu undirmatsmanna til að meta varnaraðiljum bætur vegna skertrar veiðiaðstöðu í Hvítá árin 1971—1975, sbr. XV. kafla laga nr. 76/1970. Dómkvaðningin var framkvæmd að beiðni varnaraðilja og fór fram á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. október 1976. Sóknaraðili krefst þess, að dómkvaðningin verði ómerkt, en kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Héraðsdómari tilkynnti varnaraðiljum um kæru máls þessa með bréfi 14. janúar 1977. Varnaraðiljar Björn og Einar mótmæla því, að hin kærða dómkvaðning verði felld úr gildi. Frá varnaraðilja Guðrúnu hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili er samband veiðifélaga í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og málsvari þeirra út á við, sbr. 3. gr. og 4. gr. samþykktar nr. 101/1975. Dómkvaðningin var kunngerð sóknaraðilja 26. október 1976. Með vísan til þessa svo og með hliðsjón af niðurlagsákvæði 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 varðar dómkvaðningin sóknaraðilja með þeim hætti, að honum er heimil kæra máls þessa.

Í matsbeiðni var eigi skilmerkilega greint, að hverjum matsbeiðendur hygðust beina þeim kröfum um skaðabætur,

sem meta átti. Bar héraðsdómara að inna matsbeiðendur nánar eftir því. Að því búnu átti hann, eins og atvikum máls þessa er háttað, að gera matsbeiðendum matsþola viðvart, áður en dómkvaðning færi fram, svo að þeir gætu lýst viðhorfi sínu til hennar, sbr. 3. mgr. 139. gr. laga nr. 85/1936, sem hér á við eftir undirstöðurökum sínum. Héraðsdómari hefur ekki gætt þess að láta málið sæta slíkri meðferð. Verður því að ómerkja hina kærðu dómkvaðningu.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða dómkvaðning er úr gildi felld.

Dómkvaðning matsmanna á aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. október 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 26. október, var aukadómþing Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sett í aðsetri réttarins í Borgarnesi og haldinn af Gísla Kjartanssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið aukadómþingsmálið nr. 10/1976, að dómkveðja 2 menn til að framkvæma mat á bótum skv. 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Dómarinn leggur fram: Nr. 1 bréf Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og Guðrúnar Fjeldsted:

„Við undirritaðir eigendur Ölvaldsstaðaveiða í Hvítá óskum eftir, að þjer sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu dómkveðjið tvo menn samkvæmt XV. kafla um matsgerðir og skaðabætur í lögum frá 1970 til að meta tjón það er við álítum okkur hafa orðið fyrir vegna breytinga á lax- og silungsveiðilögum árið 1957. Bótatímabil það, sem hjer um ræðir, er frá 1971 til 1975 að báðum þessum árum meðtöldum. Til viðmiðunar kröfu okkar um bætur getum við þess, að fyrir næstu fimm ár fyrir 1971 voru greiddar kr. 190.000 í veiðitjónsbætur, og þar sem engar stórvægilegar breytingar hafa orðið á rennsli árinnar á þessu tímabili, en veiðiaukning orðið á vatnasvæði Hvítár svo og verulegar verðhækkanir á laxi, ætlumst við til, að bótaupphæð verði hlutfallslega hærri.

Björn H. Jónsson, Ölvaldsstöðum I
Einar Runólfsson, Ölvaldsstöðum II
Guðrún Fjeldsted, vegna Ölvaldsstaða 4.

Til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu".

Til að framkvæma hið umbeðna mat, þ. e. að meta til peningaverðs skerta veiðiaðstöðu við Hvítá í Borgarfirði fyrir landi jarðanna Ölvaldsstaða I, II og IV fyrir árin 1971 til 1975 að báðum árum meðtöldum eru dómkvaddir sem þar til hæfir og óvilhallir menn þeir Jón Magnússon sýslufulltrúi, Stykkishólmi, og Hinrik A. Þórðarson, fyrrv. bóndi, Nóatúni 18, Reykjavík.

Hinir dómkvöddu matsmenn skulu framkvæma matið af alúð og samviskusemi og óhlutdrægni í hvívetna og eftir bestu þekkingu og vitund. Þeir skulu tilkynna öllum viðkomandi aðiljum, sem skv. 95. gr. laga nr. 76/1970, sbr. 94. og 96. gr. laganna, kynnu að verða bótaskyldir, hvar og hvenær matið fer fram og gefa þeim kost á að koma að gögnum og upplýsingum um matsatriði.

Að matinu loknu skulu þeir gera um það skriflega skýrslu, sem þeir mega vera reiðubúnir að staðfesta með eiði sínum fyrir rétti, ef krafist verður.

Matinu skal hraðað.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1977.

Nr. 145/1975. **Guðrún Ágústa Ellingsen**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Birgi Guðnasyni
(enginn).

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Gerir hún þær dómkröfur, að hin áfrýjaða fjár-

námsgerð verði úr gildi felld og henni dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki sótt dómþing í Hæstarétti, og er honum þó löglega stefnt.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð var framkvæmd af fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík í fasteign, sem liggur í öðru lögsagnarumdæmi. Fógetafulltrúann brast því vald til að framkvæma fjárnám í fasteigninni, og ber að fella það úr gildi.

Áfrýjandi var sjálf mætt í fógetarétti ásamt lögmanni sínum, er hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, og benti þar á fasteignina Furulund 94 í Mosfellssveit til fjárnáms. Þykir ekki efni til að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 9. júní 1975.

Ár 1975, mánudaginn 9. júní, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-1473/1975: Birgir Guðnason gegn Guðrúnu Ág. Ellingsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 sátt bæjarþings Reykjavíkur nr. 6184/1974.

Nr. 1 og 2 fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hákon H. Kristjónsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 150.000 með 1½% mánaðarvöxtum frá 31. janúar 1974 til 15. júlí s. á., en með 2% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 30 í endurritskostnað, kr. 405 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 21.850 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 86.500.

Gerðarþoli er mætt og með henni Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt, en lagði fram nr. 3 skiptayfirlýsingu. Fylgir með í eftirriti.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola í lóðinni Furulundi 94, Mosfellssveit. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1977.

Nr. 146/1975. **Guðrún Ágústa Ellingsen**
(Kristján Eiríksson hrl.)
gegn
Ólafi E. Einarssyni
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og stefndi dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð var framkvæmd af fulltrúa yfirborgarfógetans í Reykjavík í fasteign, sem liggur í öðru lögsagnarumdæmi. Fógetafulltrúann brast því vald til að framkvæma fjárnám í fasteigninni, og ber að fella það úr gildi.

Áfrýjandi var sjálf mætt í fógetarétti ásamt lögmanni sínum, er hin áfrýjaða fjárnámsgerð fór fram, og benti þar á

fasteignina Furulund 96 í Mosfellssveit til fjárnáms. Þykir ekki efni til að dæma áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 9. júní 1975.

Ár 1975, mánudaginn 9. júní, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Skólavörðustíg 11 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Jóni P. Emils með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A–1470/1975: Ólafur Einarsson gegn Guðrúnu Ág. Ellingsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 3178/1972. Fylgja með í eftirriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Hákon H. Kristjónsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 133.335 með 7% ársvöxtum frá 17. maí 1972 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaði, kr. 700, kr. 2.000 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli er mætt og með henni Kristján Eiríksson hæstaréttarlögmaður. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt, en lagði fram nr. 3 skiptayfirlýsingu. Fylgir með í eftirriti.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættu lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola í lóðinni Furulundi 96 í Mosfellssveit. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar.

Upplesið játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 16. febrúar 1977.

Nr. 185/1975. **Björgvin Stefánsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Sementsverksmiðju ríkisins og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Björgvin Bjarnason, bæjarfógeti á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 29. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða sér 400.356 krónur með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 6. janúar 1976. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur aðaláfrýjandi fengið dómkvadda tvo menn til að skoða og meta frá öryggissjónarmiði aðstæður við affermingu á sementsgjalli í efnisgeymslu gagnáfrýjanda á Akranesi. Í álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem dagstt er 21. febrúar 1976, segir, að aðstæður í geymslunni hafi verið aðrar, er skoðun fór fram, en þegar slysið varð. Palli þeim, sem um er fjallað í málinu, hafi verið breytt og brík sú, er bifreiðum hafi verið ætlað að nema staðar við, hafi verið horfin. Hinir dómkvöddu menn kynntu sér gögn málsins. Segir svo m. a. í álitsgerðinni:

„Af gögnum málsins virðist ljóst, að pallbríkin að aftan hafi lækkað verulega, áður en umrætt slys varð, vegna efnis-

hruns af bílpöllum, þannig að ekki hafi mátt treysta á hana sem óyggjandi viðvörun.

Við þær aðstæður, sem hér eru og voru, teljum við alls ófullnægjandi fyrir bílstjóra að taka mið aftur fyrir sig með því að opna bílhurð og líta aftur með bílnum. Þess í stað verði að telja eðlilegt, að hann hafi merki sér til hliðar, sem hann getur notað til þess að meta stöðu bíls síns á pallinum, en brúnin að aftan sé til enn frekara öryggis. Viðvörunarmerki þetta er mjög auðvelt að setja upp, og hefði hvor aðili um sig getað framkvæmt það.

Augljóst er, að rykmyndun er þó nokkur í efnisgeymslunni, sérstaklega þegar veður er þurrt og stillt. Hefðu bílstjórar viðvörunarmerki sér til hliðar, skiptir rykmökkurinn harla litlu máli".

Eigi er þörf, eins og hér stendur á, að leysa úr því, hvort aðaláfrýjandi hafi starfað í umrætt sinn sem launþegi hjá gagnáfrýjanda.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdóms að skipta sök á slysi þessu og að hæfilegt sé að dæma gagnáfrýjanda til að bæta aðaláfrýjanda tjón hans að 3/5 hlutum.

Kröfur sínar í máli þessu sundurliðar aðaláfrýjandi þannig:

1. Viðgerðarkostnaður bifreiðarinnar E 194 . . . kr. 267.348
2. Bætur vegna afnotamissis bifreiðarinnar . . . — 133.008

Kr. 400.356

Um 1. Með vísan til raka héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um þennan lið.

Um 2. Aðiljar eru sammála um, að hæfilegur viðgerðartími á skemmdum þeim, sem á bifreiðinni urðu, sé 30 dagar. Í máli þessu er einungis krafist bóta vegna þess, að bifreiðin hafi verið ónothæf þann tíma, en ekki vegna vinnutjóns aðaláfrýjanda. Í málinu er komið fram, að bifreiðin er af árgerð 1964. Nokkur gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt um tekjur aðaláfrýjanda af akstri bifreiðarinnar og reksturskostnaði vegna hennar. Þykir mega áætla tjón aðaláfrýjanda samkvæmt þessum lið 30.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst heildartjón aðaláfrýjanda 165.234 krónur (135.234 + 30.000). Ber gagnáfrýjanda að bæta tjón þetta að ⅗ hlutum, eða 99.140 krónur auk vaxta svo sem krafist er, en gagnáfrýjandi hefur fallist á upphafstíma þeirra.

Eftir þessum málalokum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 100.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Björgvin Stefánssyni, 99.140 krónur með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Ármanns Snævarr.

Brún sú, sem var aftast á palli þeim, er í málinu greinir, var gerð til þess að veita viðnám, ef bifreiðum væri ekið of langt eftir pallinum. Hún kom því aðeins að notum, að þess væri gætt vandlega, að gjall safnaðist ekki fyrir á pallinum og hlæðist upp með henni. Bar gagnáfrýjanda að sjá um, að gjall væri hreinsað af pallinum eftir því sem þörf krafði. Þar sem þetta var vanrækt, verður að leggja meginhluta sakar á gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi hlaut að fylgjast með því, að gjall hafði safnast á pallinn. Allt að einu kvartaði hann ekki yfir þessu. Verður hann af þeim sökum að bera nokkurn hluta tjóns síns sjálfur. Þykir mega gera gagnáfrýjanda að bæta honum tjónið að ⅔ hlutum, en sjálfur beri hann það að ⅓ hluta.

Við föllumst á mat meiri hluta dómenda á tjóni aðaláfrýjanda. Samkvæmt því teljum við, að dæma beri gagnáfrýj-

anda til að greiða honum 110.156 krónur með vöxtum svo sem krafist er, en gagnáfrýjandi hefur fallist á upphafstíma þeirra. Við erum einnig samþykkir atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað. Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorð eigi að hljóða svo:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Björgvin Stefánssyni, 110.156 krónur með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 31. júlí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. júlí sl., var höfðað fyrir bæjarþingi með stefnu, útgefinni 12. desember 1973, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun fyrir sáttanefnd 26. nóvember 1973, af Björgvin Stefánssyni bifreiðarstjóra, Heiðarbraut 39, Akranesi, gegn Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, og til réttargæslu Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík, en hjá því tryggingarfélagi er aðalstefndi ábyrgðartryggður.

Dómkröfur stefnanda voru þær, að stefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda í skaðabætur kr. 268.242 með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og framlögðum reikningi.

Við munnlegan flutning málsins hækkaði stefnandi kröfur sínar í kr. 400.356 með samþykki lögmanns stefnda, án framhaldsstefnu.

Af hálfu stefnda var krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Miðvikudaginn 13. júní 1973 voru nokkrir vörubifreiðarstjórar á Akranesi að aka sementsgjalli úr m/s Freyfaxa í efnisgeymslu Sementsverksmiðju ríkisins. Meðal þeirra var stefnandi í máli þessu, Björgvin Ólafur Stefánsson, fæddur 11. október 1897. Hann ók vörubifreið sinni, E 194, sem er af Trader gerð, árgerð 1964, 7 tonn að stærð.

Þannig hagar til í efnisgeymslu Sementsverksmiðjunnar, að pallur er þar á gólfinu, um 15 metrar á lengd, tæpir 5 metrar á breidd og 2½ til 3 metrar á hæð, þar sem hann er hæstur. Pallurinn nemur við gólf, þar sem hann er lægstur, en hækkar síðan

smám saman, þangað til fullri hæð er náð, og er úr því láréttur um það bil ein til tvær bíllengdir. Steyptir lóðréttir flekar eru á báðum hliðum pallsins og við enda hans, og ná brúnir þeirra upp fyrir pallinn og mynda bríkur.

Pallur þessi gegndi því hlutverki að auðvelda affermingu gjallsins í efnisgeymsluna. Vörubifreiðunum var ekið aftur á bak upp á pallinn og farmurinn síðan losaður aftur af pallbrúninni, og myndaðist þar hrúga eða bingur á gólfi efnisgeymslunnar.

Þennan dag hófst vinna við flutning á sementsgjallinu um kl. 8 um morguninn. Eftir hádegi, eða um kl. 1330—1400, ók stefnandi bifreið sinni aftur á bak upp fyrrnefndan pall. Var hún fullhlaðin gjalli, eða með 6—7 tonn. Kom þá það slys fyrir, að hann ók bifreið sinni aftur af umræddum palli, þ. e. með afturhjólin, með þeim afleiðingum, að hún reis upp á endann. Bifreiðin skemmdist talsvert, og stefnandi varð fyrir nokkrum meiðslum. Lögreglumaður kom á staðinn. Ljósmyndari tók ljósmyndir af bifreiðinni og pallinum, áður en bifreiðin var hreyfð af staðnum.

Í sakadómi Akraness fór fram rannsókn á slysi þessu. Verða hér rakin meginatriði þess, er fram kom í rannsókn þessari.

Stefnandi kom fyrir dóminn 6. júlí 1973. Hann skýrði frá því, að hann hafi um morguninn greinilega orðið var við bríkina á enda pallsins, er hann ók eftir honum, og hafi hann þá stöðvað bifreiðina og losað farminn. Þó væri réttara að orða það svo, að bifreiðin hafi stöðvast af sjálfu sér, er hún var látin síga að bríkinni. Stefnandi kvaðst ávallt hafa reynt að aka mátulega aftarlega á pallinn, áður en hann stöðvaði bifreiðina og losaði farminn. Ef það tókst, féll allur farmurinn af bifreiðinni aftan við pallinn, og ekkert lenti á honum eða brautinni. Mikið öryggi hafi verið að bríkinni, því að venjulega sé svo mikið ryk í efnisgeymslunni, að ekki sjáist aftur fyrir bifreiðina, þó að litið sé í hliðarspegla eða út um glugga. Sú verði þó raunin, að pallurinn hækki fljótlega, þegar farið sé að afferma á honum, og einnig kastist grjót á hann úr túðu, er liggi frá skiljara, sem þarna sé til hliðar við pallinn. Eftir hádegi þennan dag hafi myndast allmikið gjalllag á pallinum, þannig að bríkin var horfin bæði til hliðanna og enda pallsins, þar sem hjólin áttu að stöðvast. Líklega hafi einhverjir bifreiðarstjóranna misst gjall á pallinn og líka hafi möl kastast þangað úr fyrrnefndri túðu.

Stefnandi kvaðst þó ekki hafa gert sér ljóst, að svona var komið. Hann sagðist hafa opnað bílhurðina vinstra megin og reynt að líta aftur með bílnum, um leið og hann seig hægt aftur

á bak. Hann hafi þó strax orðið að loka hurðinni sökum þess, að á hann hrísladist grjót eða gjall úr áðurnefndri túðu eða opi frá skiljaranum. Í sama mund heyrðist honum eitthvað vera kallað til sín. Sagðist hann þá samstundis hafa stöðvað bifreiðina og ætlað að fara að skipta í fyrsta gír. Stóð hann með fætur á hemlinum og kúplingunni. En á því augnabliki hafi bifreiðin kastast eða sigið aftur af pallinum. Stefnandi sagðist hafa fengið högg á höfuðið, á axlir og hrygg við að renna niður úr ökumannssætinu, er bifreiðin reis upp í loftið að framan.

Hann varð var við, að menn komu að, og heyrði fyrst í Árna Gíslasyni bifreiðarstjóra. Með aðstoð komst hann út úr bifreiðinni, og var honum strax ekið á sjúkrahúsið, þar sem læknir skoðaði hann. Eftir nokkurn tíma gekk hann þó heim til sín, þó að honum veittist það erfitt, en það er stutt leið.

Stefnandi taldi í dóminum, að orsök slyssins hafi verið sú, að bríkin á enda pallsins hafi verið horfin. Fyrir þá sök hafi eigi verið hægt að stöðva hjól bifreiðarinnar með eðlilegum hætti við bríkina. Þess hafi ekki verið gætt að hreinsa gjallið af pallinum þennan dag, en stefnandi kvaðst oft hafa vitað til þess, að pallurinn hafi verið hreinsaður, þegar verið var að aka gjalli og öðru efni og það lent á pallinum. Þá hafi enginn verið til staðar til að leiðbeina bifreiðarstjórunum við aksturinn.

Stefnandi tók fram, að gjallið hafi verið hreinsað af gólfi efnisgeymslunnar aftan við pallinn jafnóðum. Var það gert með svokölluðum „krabba“, og var honum stjórnað úr stjórnhúsi, sem er uppi undir þaki geymslunnar. Af þessu myndaðist mikill hávaði svo og ryk í efnisgeymslunni.

Vitnið Árni Breiðfjörð Gíslason vörubifreiðarstjóri, Suðurgötu 90, Akranesi, var í sams konar efnisflutningum og stefnandi þennan dag. Vitnið ók eftir stefnanda í umrætt sinn, en sá þó ekki, er slysið átti sér stað. Það heyrði úr bíl sínum skruðninga í efnisgeymslunni, og er það kom út úr bíl sínum, sá það, að bifreið stefnanda hafði farið aftur af pallinum. Vitnið kallaði á hjálp og aðstoðaði við að koma stefnanda út úr bifreið sinni. Hann var þá miður sín, þrekaður og utan við sig, og varð að styðja hann í bíl, sem ók honum á sjúkrahúsið. Vitnið sagði, að pallurinn eða brautin hafi verið full af gjalli út á brún, eins og fram komi á ljósmyndum, sem vitnið athugaði í dóminum. Þá skýrði vitnið frá því, að þegar svo hefði borið við, að gjall hrundi á pallinn við affermingu bifreiða, hafi það verið hreinsað burt og hafi bifreiðarstjórar óskað eftir því, að pallurinn væri hreinsaður,

þegar svo mikið gjall hafi safnast á hann, að ekki var hægt að losa aftur af honum. En ekki vissi vitnið, hvort pallurinn hefði verið hreinsaður þennan dag. Þá vissi vitnið ekki til þess, að neinn hafi verið á pallinum af hálfu Sementsverksmiðju ríkisins til leiðbeiningar ökumönnum.

Vitnið Ólafur Magnús Vilhjálmsson, verkstjóri stefnda, kvað flekana til hliðar og aftan við pallinn hafa venjulega verið nokkuð upp fyrir hann. Vitnið kom á slysstaðinn, eftir að stefnandi fór á sjúkrahúsið, og athugaði allar aðstæður, meðan bíllinn var enn á staðnum. Vitnið kvað það rétt vera, að nokkuð hafi safnast fyrir af gjalli á pallinum. En hann staðhæfði jafnframt, að við enda pallsins, þar sem bíllinn fór aftur af, hafi bríkin staðið nokkuð upp fyrir brautina, hafi það verið 2—3 tommur við annað hjólið, en 5 tommur við hitt, en brotnað hafi úr bríkinni skarð undan bitanum á bílnum, er hann fór aftur af. Vitnið vissi ekki til þess, að pallurinn hefði verið hreinsaður þennan dag, en fyrir komi, að það sé gert, ef verulegt magn af gjalli safnist fyrir á pallinn við losun. Vitnið sagði það eigi hafa verið venja að hafa mann á pallinum til leiðbeiningar bifreiðarstjórum, er þeir losuðu gjall eða annað þarna í efnisgeymslunni. Vitnið gat þess, að aldrei hafi komið fram frá stefnanda eða öðrum bifreiðarstjórum kvörtun um pallinn. Höfðu þeir þó árum saman ekið gjalli og öðru efni í efnisgeymsluna.

Fróði Einarsson lögregluvarðstjóri segir í lögregluskýrslu, að beðið hafi verið um lögregluaðstoð í efnisgeymslu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi kl. 1420 þennan dag, og fór hann sjálfur á vettvang. Lögregluvarðstjórinn sagði, að vörubifreiðin E 194 hafi lent aftur á bak út af 2ja metra háum kanti, en niður af þessum kanti muni hafa átt að sturta gjallinu. Engin fyrirstaða var þarna á pallbrúninni, sem afturhjól bifreiðarinnar hefðu getað stöðvast við.

Umsögn Öryggiseftirlits ríkisins um slys þetta er dagsett 19. desember 1973, og er byggt á framangreindri rannsókn sakadóms Akraness. Sigurður Þórarinsson eftirlitsmaður skoðaði umræddan pall 13. desember 1973. Í umsögninni segir: „Að mínum dómi var kantur sá, er afturhjól bifreiðanna áttu að stöðvast á, nógu hár, en hafi það mikið gjall verið á pallinum, að það væri jafnhátt kantinum, hefur hann ekki komið að gagni. Æskilegt væri, ef ekki er hindrað, að gjall safnist á pallinn, að einhver segði bílstjórunum til, þegar þeir bakka upp á pallinn, en ekki kom fram í skýrslunum, hvort bifreiðarstjórarnir hefðu farið fram á að fá

mann til þess að segja sér til. Hægt væri að hafa kant, sem lítil hætta væri á, að gjall safnaðist að, eða hreinsa gjallið jafnóðum af pallinum. Orsök slyssins tel ég vera þá, að gjall hafi safnast á pall þann, sem bifreiðin bakkar upp á, og enginn er til þess að segja bifreiðarstjóranum til, og sá slasaði verður ekki var við kantinn, sem afturhjólin áttu að nema við".

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 4. júlí 1973, til bæjarfógetans á Akranesi óskaði hann eftir dómkvaðningu matsmanna til að meta til peningaverðs, hvað kosta muni að gera við bifreiðina E 194, þannig að hún verði eigi verri en fyrir slysið. Sama dag voru dómkvaddir til mats þessa bifvélavirkjameistararnir Ólafur Eyberg Guðjónsson og Þórir Marinósson.

Matsgerð þeirra er dagsett 26. júlí 1973 og er svohljóðandi: „Miðvikudaginn 25. júlí 1973 fór fram samkvæmt dómkvaðningu bæjarfógetans á Akranesi, mat á skemmdum á bifreiðinni E-194. Matið fór fram á Bifvélaverkstæðinu Vísi. Mættur var matsbeiðandi, Björgvin Stefánsson.

Eftirtaldar skemmdir eru á bifreiðinni E-194:

1. Aftara drifskaft ónýtt.
2. Augablað og tvö næstu blöð á hægri afturfjöður ónýt.
3. Fremri fjaðraklossi hægra megin aftan ónýtur.
4. Grind aftan bogin og sturtugrind bogin.
5. Olíutankur mikið dældaður.
6. Varadekksfesting mikið skemmd.
7. 2 stk. 6 volta rafgeymar skemmdir.

Samkvæmt ofanskráðu höfum við metið viðgerðarkostnað þannig:

208 vinnustundir á 468/–	kr.	97.344
Varahlutir og efni	—	37.890
	Alls kr.	135.234"

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 1. ágúst 1973, til stefnda var sett fram bótakrafa vegna slyssins, samkvæmt ofangreindri matsgerð, ásamt vöxtum og kostnaði. Jafnframt áskildi hann sér rétt til framhaldskröfugerðar vegna vinnutjóns, sem stefnandi hefur orðið fyrir vegna slyssins, svo og líkamstjóns og óþæginda. Stefndi vísaði bótakröfunni til Samvinnutrygginga g/t, þar sem verksmiðjan er með ábyrgðartryggingu fyrir rekstur sinn hjá því félagi.

Bótakröfu stefnanda var synjað með bréfi, dags. 11. sept. 1973.

Höfðaði stefnandi því mál þetta með sáttastefnu, dags. 22. nóv. 1973. Krafðist stefnandi þá einnig bóta fyrir afnotamissi af bifreiðinni E 194, að fjárhæð kr. 133.008, auk fyrrnefndra bóta vegna tjóns á bifreiðinni skv. matsgerð.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á hendur stefnda á því, að aðstæður á vinnustað hafi verið óviðunandi og nánast gildra fyrir bifreiðarstjóra, sem óku efni á slysstað í umrætt sinn. Það sýni ljóslega ljósmyndir, sem teknar voru á slysstað og eru dómskjöl í máli þessu. Stefnda hafi borið skylda til þess, að pallur sá, sem stefnandi ók eftir, væri jafnan það hreinn, að brún sú, er aka átti að, væri finnanleg, þar sem ekki var unnt að horfa til akstursins í flestum tilfellum. En upplýst sé með ljósmyndum og öðrum gögnum málsins, að svo var eigi. En þessi vanræksla stefnda, að halda pallinum hreinum, og einnig láta hjá líða að leiðbeina stefnanda við aksturinn, eins og aðstöðu var háttað, hafi verið bein orsök slyssins og tjóns stefnanda. Þá hefur stefnandi bent á, að eftir slysið hafi maður verið settur til að leiðbeina bifreiðarstjórum um akstur á pallinum. Þá er því eindregið mótmælt af hálfu stefnanda, að hann hafi verið sjálfstæður verktaki gagnvart stefnda við umrædd störf. Hann hafi ásamt félögum sínum í launþegafélagi atvinnubifreiðarstjóra verið ráðinn til ákveðinna starfa í þágu stefnda. Hann beri því ótvírætt fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sem rekja megi til vanrækslu starfsmanna hans sem fyrr greinir.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að slysið verði ekki rakið til atvika, er hann beri ábyrgð á að lögum.

Eigi verði annað sýnt en að stefnanda hafi orðið á mistök, er hann ók bifreið sinni aftur á bak í umrætt sinn. Aðstæður í efnisgeymslunni voru hinar sömu og tíðkast höfðu um árabil. Upplýst sé, að stefnandi hafði oftsinnis ekið upp á pallinn og affermt þar bifreið sína. Hann var því gerkunnugur aðstæðum. M. a. var honum fullkunnugt um það, að nokkur brögð voru ávallt að því, að gjall safnaðist á pallinn. Það var hreinsað burt í samræmi við óskir bifreiðarstjóranna. Ryk var og nokkuð í lofti í efnisgeymslunni og stafaði frá sementsgjallinu. Sams konar óhapp og hér um ræðir hafði aldrei komið fyrir áður, og eigi var talin þörf á leiðbeiningum í hvert sinn, er bifreið kom til affermingar.

Stefndi mátti treysta því, að stefnandi og aðrir bifreiðarstjórar, sem tóku að sér að aka efni í geymsluna, gættu fyllstu varúðar, er þeir óku á pallinn, sýndu bæði aðgát og fyrirhyggju og treystu ekki í blindni á bríkina aftast á pallinum.

Stefnandi og aðrir bifreiðarstjórar væru verktakar gagnvart stefnda. Þeir ækju eigin bifreiðum, sem þeir réðu sjálfir yfir að öllu leyti. Bifreiðarstjóri hefði þannig getað falið öðrum að stjórna bifreið sinni, án þess að hafa þyrfti um það nokkur samráð við stefnda. Stefndi hefði ekkert yfir mönnum þessum að segja. Hann aðeins réði þá til akstursins, þyrfti ekki einu sinni að vísa þeim á fermingar- og affermingarstað, því að þeir þekktu allt, er að þessari þjónustu þeirra laut, frá margendurteknum sams konar akstri áður. Hér væri um að ræða marga bifreiðarstjóra, sem ynnu að sams konar akstri samtímis. Þeir hefðu algerlega frjálsar hendur um að búa í haginn fyrir sig í efnisgeymslunni, að því er til frekara öryggis horfði. Vart verði það til ofætlunar metið, að þeim hafi sjálfum borið að tryggja öryggi sitt og bifreiða sinna með því að hafa í frammi á eigið eindæmi eðlilegar og nærtækar varúðarráðstafanir, t. d. taka sig fram um það sjálfir að hreinsa pallinn eftir þörfum. Þeir hefðu þá ekki verið að hreinsa annað en það, sem frá þeim sjálfum var komið á pallinn. Það væri heldur engin goðgá, að þeir leiðbeindu hver öðrum við akstur á pallinn, ef þess gerðist fremur þörf í umrætt sinn en endranær. Þá væri það lágmarkskrafa til þeirra, að þeir létu umj. m. (sic) vita, ef þeir teldu hreinsunar þörf á pallinum og ætluðust til fulltingis hans í því efni. Það hafi þeir alveg látið undan falla, og er allsendis ósannað, að nokkur kvörtun hafi frá þeim borist, er að slíku laut, hvorki umrætt sinn né endranær.

Vakin er athygli á ríkri ábyrgð bifreiðareigenda, ekki síst þeirra, er akstur stunda gegn gjaldi, svo sem var um stefnanda og starfsfélaga hans. Ábyrgðarreglurnar útheimta ýtrustu varúð við akstur.

Það er alkunna, að bifreiðarstjórar þurfa að losa hlass við erfiðar aðstæður, svo sem niður í skurði, húsgrunna og við margvíslegar aðrar áþekkar aðstæður. Alveg er því undir hælinn lagt iðulega, hvort nokkurt viðnám sé, t. d. á skurðbakka.

Akstur aftur á bak við slíkar aðstæður útheimtir eðlilega ýtrustu aðgæslu. Oftar en ekki eru engir til leiðbeininga. Ef illa fer, hittir bifreiðareigandinn engan annan fyrir um ábyrgð á tjóni en sjálfan sig, nema hann hafi haft í frammi þá eðlilegu forsjálni að húftryggja bifreið sína. Ekki getur stefnandi stært sig af slíkri fyrirhyggju.

Stefndi heldur því fram, að hér sé eingöngu við stefnanda sjálfan að sakast. Hann gerþekkti aðstæður, hann vissi um gjall á pallinum, eða átti a. m. k. að vita um það. Honum bar að eiga

hlut að hreinsun þess með starfsfélögum sínum, eða a. m. k. falast eftir hreinsun pallsins hjá stefnda. Hann lét allt reka á reiðanum í þessu efni og treysti í algerri og bókstaflegri blindni á fyrirstöðu á pallbrúninni, sem hann vissi, að hæglega gat jafnast út við mistök í affermingu. Þá er það í sjálfu sér mjög óvarlegt að aka aftur á bak, uns bríkin stöðvaði bílinn. Bríkin gat aldrei verið meira en til viðmiðunar. Hennar hlutverk var engan veginn að koma í staðinn fyrir hemla bifreiðarinnar. En fram kemur, að stefnandi miðaði akstur sinn einmitt við það. Hér ber því allt að sama brunni. Tjónið er stefnanda. Að lokum verður eigi hjá því komist að vekja athygli á háum aldri stefnanda. Það verður að teljast í meira lagi hæpið, að 75 ára gamall maður geti verið hlutgengur við akstur vörubifreiðar. Eðlilega skorti svo gamlan mann ýmsa þá kosti, sem fullgildur vörubifreiðarstjóri þarf að vera búinn. Þarf ekki að nefna þar fleira til en fullkomna sjón og snarleika í snúningum. Er nærtækt að skýra hrakföll stefnanda með skírskotun til hins háa aldurs hans.

Álíta verður, að stefnandi hafi í umrætt sinn unnið við störf í þágu stefnda sem launþegi.

Af gögnum málsins er nægilega upplýst, að aðstaða stefnanda til aksturs bifreiðarinnar á pallinn var mjög ábótavant, þar sem gjall hafði safnast á hann, og vegna ryks sást eigi nægilega aftur fyrir bifreiðina, en enginn var stefnanda til leiðbeiningar við aksturinn. Verður að telja þessar ófullkomnu aðstæður aðalorsök slyssins.

Starfsmenn stefnda báru ábyrgð á framangreindum aðbúnaði, og ber hann því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda. Á hinn bóginn ber á það að líta, að stefnandi sýndi af sér gáleysi með því að aka bifreið sinni um pallinn eins og á stóð. Þykir hann því eiga að bera tjón sitt að hluta. Þykir skipting stefnanda (sic) hæfilega ákveðin þannig, að hann beri tjónið að $^2/_5$ hlutum, en stefndi að $^3/_5$ hlutum.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig við munnlegan flutning málsins, sbr. dskj. nr. 15:

1. Viðgerðarkostnaður á bifreiðinni E 194	kr. 267.348
2. Afnotamissir bifreiðarinnar	— 133.008
	Kr. 400.356

Skulu kröfuliðir þessir nú raktir nánar.

Um lið 1.

Stefnandi greinir þennan kröfulið í efni og vinnu samkvæmt matsgerðinni hér að framan. Matsmenn komu fyrir dóm 23. janúar 1975 og staðfestu matsgerð sína. Töldu þeir tímakaup þá vera 921 í stað 468, er mat fór fram. Þá töldu matsmenn, að verð á varahlutum hefði hækkað um 80% til 100%, frá því að matið fór fram.

Matsmenn sundurliðuðu varahluti í bifreið stefnanda þannig, sbr. dskj. nr. 12:

Drifskaft	kr. 7.750
Augablað	— 3.850
Tvö önnur fjaðrablöð á 2.150	— 4.300
Fjaðraklossi	— 5.400
2 stk. rafgeymar	— 11.300
Gas, boltar, rafsuðuvír o. fl.	— 5.290
	Samtals kr. 37.890

Stefnandi hefur samkvæmt þessu umreiknað þennan kröfulið til verðlags þannig:

Vinnulaun 208 klst. á 921	kr. 191.568
Efni kr. 37.890 skv. matsgerð, tvöfaldað	— 75.780
	Kr. 267.348

Af hálfu stefnda hefur þessum kröfulið verið mótmælt sem allt of háum. Krafan sé ekki verðtryggð miðað við upphaflegu kröfuna. Stefnda hafi ekki verið gefinn kostur á að láta framkvæmd matsins til sín taka og mjög skorti á sundurliðun matsfjárhæðar. Hér sé um gamla bifreið að ræða og megi ætla, að margt í bifreiðinni hafi verið orðið úr sér gengið og því óeðlilegt að reikna nýja hluti á fyllsta verði.

Eins og að framan er rakið, hafa matsmenn nánar sundurliðað matsfjárhæð. Einnig hafa þeir fyrir dómi upplýst, að umbjóðanda stefnda var tilkynnt, hvenær matið átti fram að fara. Þá hafa matsmenn skýrt frá því, að þeir hlutir, sem taldir eru í matsgerð, hafi ekki allir verið ónýtir, enda sé reiknað með því í matinu.

Að þessu athuguðu og málavöxtum að öðru leyti þykir mega leggja matsgerðina til grundvallar þessum kröfulið. En eigi er

efni til að líta svo á, að bótakrafa stefnanda sé verðtryggð. Verður því þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 135.234.

Um 2. lið.

Stefnandi gerir þá grein fyrir þessum kröfulið, að hann sé vegna afnotamissis bifreiðarinnar í 30 daga. Sé þá miðað við tímakaup fyrir bifreiðarstjóra á þeim tíma samkvæmt þáverandi kaupgjaldi. Fjárhæðin reiknast því þannig:

Dagkaup fyrir bifreiðina kr. 5.616 í 30 daga	kr. 168.480
Kaup bifreiðarstjóra á dag kr. 1.182.40 í 30 daga ÷ —	35.472
	Kr. 133.008

Af hálfu stefnda er bent á, að engin gögn séu í málinu varðandi þennan kröfulið. Er því og mótmælt, að stefnandi hafi orðið óvinnufær vegna slyssins.

Hins vegar er viðurkennt af hálfu stefnda í greinargerð, að réttur sé til staðar til bóta fyrir afnotamissi miðað við eðlilegan viðgerðartíma bifreiðarinnar. Mánuði er ekki mótmælt, en hins vegar fjárhæð pr. dag. Það séu til staðar ákveðnar reglur um bætur fyrir afnotamissi atvinnubifreiða. Verði stefnandi eðlilega að sæta sömu kjörum og aðrir í því efni. Hann hafi eigi sýnt fram á meira tjón í þessu efni en gengur og gerist um atvinnubifreiðarstjóra á vörubifreiðum. Sé því ljóst, að kröfugerð stefnanda samkvæmt þessum kröfulið sé langt úr hófi fram.

Af hálfu stefnda var í greinargerð skorað á stefnanda að leggja fram í dóminum viðhlítandi gögn varðandi ætlað tjón samkvæmt þessum kröfulið.

Með dskj. nr. 11 lagði stefnandi fram í dóminum vottorð héraðslæknis, Þórðar Oddssonar, dags. 23. apríl 1975, um heilsufar stefnanda. Þar segir m. a.:

„Hér með vottast, að heilsufar Björgvins Stefánssonar, Heiðarbraut 39, er þann veg farið, að hann hefur verið algjörlega óvinnufær frá því hann slasaðist 13/6 1973. Hann tognaði þá illilega í vinstri axlarlið, liðbönd slitnuðu og blæddi inn í liðinn. Auk þess löskuðust kalksamvextir við hrygginn, og hefur hann haft af því mikla verki síðan. Hann fékk einnig heilahristing í nefndu slysi".

Samkvæmt þessum kröfulið er eigi krafist bóta vegna líkamstjóns stefnanda, heldur aðeins afnotamissis bifreiðarinnar í 30 daga. Stefndi hefur mótmælt kröfunni sem allt of hárri. Stefnandi

hefur eigi gefið upplýsingar um ætlaðan reksturskostnað bifreiðarinnar á sama tíma. En sé hann hafður í huga, þykir mega ákvarða bætur samkvæmt þessum kröfulið kr. 60.000.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verða teknar til greina í málinu bótafjárhæðirnar kr. 135.234 og kr. 60.000, eða alls kr. 195.234.

Stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda ⅗ þeirrar upphæðar, eða kr. 117.140 með þeim vöxtum, sem krafist er í stefnu.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 47.0000.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Björgvin Stefánssyni, kr. 117.140 með 9% ársvöxtum frá 13. júní 1973 til greiðsludags og kr. 47.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 24. febrúar 1977.

Nr. 72/1975. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Fróða B. Pálssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Bifreiðar. Vegir. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 27. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara, að sök verði skipt og kröfur stefnda aðeins teknar til greina að hluta. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 60.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Fróða B. Pálssyni, 60.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt skýrslu verkstjóra áfrýjanda skyldi Hafnarfjarðarvegur vera lokaður fyrir akstri bifreiða til suðurs frá Miklatorgi hinn 4. júní 1973. Þrátt fyrir það voru hvorki sett bann- né aðvörunarmerki við mót Laufásvegar og hinnar nafnlausu götu, er stefndi ók, né við mót hennar og Hafnarfjarðarvegar. Þá voru ekki sett aðvörunarmerki við gryfju þá, er grafin hafði verið í malbikslag Hafnarfjarðarvegar og stefndi lenti í, svo sem boðið er í 6. mgr. 66. gr. laga nr. 40/1968, sbr. 37. gr. reglugerðar nr. 61/1959. Með þessari vanrækslu á merkingum hefur áfrýjandi fellt á sig að meginhluta ábyrgð á tjóni því, er stefndi varð fyrir í umrætt sinn.

Samkvæmt málflutningi stefnda hér fyrir dómi ók hann hægt í umrætt sinn. Gryfja sú, sem um er fjallað, er talin hafa verið um 4.2 m að lengd og 3.4 m að breidd og því náð yfir næstum allan vestari vegarhelming Hafnarfjarðarvegar. Var hún vel sýnileg úr nokkurri fjarlægð. Sýndi stefndi af sér verulegt gáleysi með því að veita eigi gryfjunni athygli í tæka tíð, þannig að hann gæti hemlað og varnað slysi að

nokkru eða öllu leyti. Verður því að telja hann einnig eiga nokkra sök á, hvernig fór.

Þykir eftir atvikum rétt að dæma áfrýjanda til að bæta stefnda ⅔ hluta tjóns hans.

Í málinu er nú aðeins deilt um fjárhæð tjóns stefnda vegna afnotamissis bifreiðarinnar, meðan hún var til viðgerðar. Þykir rétt að meta tjón hans að þessu leyti 90.000 krónur.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnda, sem hér kemur til álita, alls 200.694 krónur (110.694 + 90.000). Ber áfrýjanda að bæta stefnda ⅔ hluta þess, eða 133.796 krónur ásamt vöxtum svo sem krafist er, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 90.000 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði stefnda, Fróða B. Pálssyni, 133.796 krónur með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags og 90.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. janúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 21. janúar sl., hefur Fróði B. Pálsson, Hringbraut 73, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 6. febrúar 1974, gegn borgarsjóði Reykjavíkur til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 324.506 með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til að gæta réttar síns sem ábyrgðartryggjanda stefnda.

Stefndi hefur gert þá kröfu aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt í málinu og kröfur stefnanda aðeins að hluta teknar til greina.

Jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda, hvernig sem málið fer.

Af hálfu réttargæslustefnda eru ekki gerðar kröfur.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að hinn 4. júní 1973 hafi stefnandi ekið bifreið sinni, R 7118, sem er fólksbifreið af gerðinni Singer, suður gamla Laufásveginn frá Umferðarmiðstöðinni í átt að Fosvogi, en þangað mun ferðinni hafa verið heitið. Stefnandi var einn í bifreiðinni, og mun hann hafa ekið út á Reykjanesbraut á móts við Bíla- og búvélasöluna og beygt þaðan til hægri og síðan ekið til suðurs. Þá er stefnandi var kominn á móts við húsið nr. 8 við Eskihlíð, varð hann var við gryfju í veginum. Mun stefnanda ekki hafa unnist tími til að hemla, og lenti bifreiðin ofan í gryfjunni og stöðvaðist þar. Gryfju þessa munu verkamenn á vegum Reykjavíkurborgar hafa gert vegna lagfæringar á götunni, og mun gryfjan hafa náð út á miðja akbrautina frá vestari vegarbrún og verið um 17 cm að dýpt og það breið, að hjól bifreiðar stefnanda sátu ofan í gryfjunni eftir óhappið og námu við brúnir gryfjunnar báðum megin. Samkvæmt lögregluskýrslu hafði Hafnarfjarðarvegi verið lokað vegna gatnaframkvæmdanna, þannig að á Miklatorgi voru tvö merki, A 10 og C 1. Á gamla Laufásveginum var eitt merki, A 9 og C 1, en engin lokunarmerki voru á veginum, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölunni út á Hafnarfjarðarveg, og ekki heldur við litla afrennslisbraut, sem er rétt við gatnamót gamla Laufásvegarins og Hafnarfjarðarvegar og er ætluð fyrir vinstri beygju.

Óhapp þetta var tilkynnt á lögreglustöðina kl. 1640, og samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta, veður skýjað (sic), en rigning.

Í lögregluskýrslu er sagt, að framhluti bifreiðarinnar hafi verið allur genginn til og yfirbygging virst gengin upp í miðju.

Hinn 26. júní 1973 voru dómkvaddir matsmenn til þess að framkvæma matsgerð á bifreiðinni R 7118. Í matsbeiðninni segir m. a. svo:

„Þess er óskað, að hinir dómkvöddu menn segi til um eftirfarandi og rökstyðji niðurstöður sínar:

1. Er bifreiðin R-7118 viðgerðarhæf og ef svo er, hversu mikið kostar að gera við bifreiðina og hver er eðlilegur viðgerðartími.

2. Hvert var söluverðmæti R-7118 á bílamarkaði í Reykjavík hinn 4. júní 1973 fyrir tjón miðað við staðgreiðslu á kaupverði".

Hinir dómkvöddu matsmenn, þeir Halldór Snorrason og Jan Jansen, skiluðu matsgerð, dags. 18. júlí 1973.

Matsgerðin er svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Halldór Snorrason og Jan Jansen, sem voru dómkvaddir til þess að meta bifreiðina R-7118, Singer Vouge, árgerð 1968, mættum við Hringbraut 73 hér í borg fimmtudaginn 5. júlí s.l. kl. 13.00.

Mættir voru eftirtaldir aðilar samkvæmt okkar kvaðningu: Frá skrifstofu borgarverkfræðings: Guttormur Þormar og Guðlaugur Stefánsson, frá lögfræðiskrifstofunni: Ragnar Aðalsteinsson og Guðmundur Markússon og eigandi bílsins, Fróði B. Pálsson. Frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. mætti enginn, enda þótt Jóni Kristjánssyni, lögfr., hafi verið tilkynnt mæting með símtali kl. 9.30 deginum áður.

Eftir að hafa skoðað bílinn og kynnt okkur verð á þeim varahlutum, sem til þarf, komumst við að þeirri niðurstöðu, að viðgerðartími sé hæfilegur 186 klst. og viðgerðarkostnaður kr. 106.249.00. En þetta álit okkar er nánar tilgreint á meðfylgjandi skjali. Við uppgefinn viðgerðartíma mætti þó bæta ca. 5 dögum vegna þurrkunar á málningu.

Söluverð bílsins miðað við fyrstu daga júní s.l. teljum við hafa verið kr. 215.000.00.

Einnig var spurt um það, hvort bifreiðin væri viðgerðarhæf, og teljum við engan vafa á því, og eftir framannefnda viðgerð teljum við, að ekki sé um verðmætarýrnun að ræða".

Ofangreindri matsgerð fylgdi eftirfarandi sundurliðun:

„TJÓNLÝSING.

1. Hægra frambretti mikið dældað.
2. Vinstra frambretti dældað.
3. Rifið út úr brettafestingu við hvalbak hægra megin.
4. Innri brettahlíf hægra megin skekkt.
5. Báðir grindabitar bognir.
6. Skekkja í hvalbak og hægri hlið, þannig að hurðir falla illa í falsa.
7. Skekkja í mælaborði, þannig að hanskahólfslok lokast illa.
8. Svunta undir framstuðara dældud.
9. Jafnvægisstöng bogin og liggur utan í mótorpönnu.
10. Hlíf við stýrishjól brotin.

VIÐGERÐARKOSTNAÐUR.

	Klst.
1. Taka úr vél og gírkassa	8
2. Taka af bæði frambretti, miðstykki og vélarlok	20

3. Taka undan hjólbita	4
4. Skifta um báða grindarbita og rétta hvalbak og mælaborð	65
5. Rétta innri brettahlíf	3
6. Rétta svuntu	4
7. Rétta vinstra frambretti	5
8. Setja á bæði frambretti og miðstykki	32
9. Setja undir hjólbita	6
10. Rétta jafnvægisstöng og festingar	4
11. Setja í vél og gírkassa	20
12. Setja á vélarlok	1
13. Hjólastilla	2
14. Stilla hægri hurðir	4
15. Ryðvarnarmálun, hreinsun og frágangur	8
	186

186 klst. á 452	84.072.00
Efni af verkstæði	1.800.00
Málning á bæði frambretti, svuntu og hvalbak	8.500.00
Hægra frambretti	7.477.00
Báðir grindarbitar	5.400.00
Hlíf við stýri	800.00
	106.249.00“.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu og skýrði þar svo frá málsatvikum: „Ég ók umrætt sinn suður Laufásveginn gamla fram hjá Umferðarmiðstöðinni og áfram suður veginn. Ferðinni var heitið suður í Fossvog. Mér datt fyrst í hug að aka austur Miklubraut og beygði því til vinstri hjá Bíla- og búvélasölunni, en hætti svo við það að aka Miklubraut og beygði til hægri inn á Hafnarfjarðarveginn. Þarna sem ég kom að Hafnarfjarðarvegi voru engin merki, er sýndu, að þarna væru einhverjar verklegar framkvæmdir á veginum, og ók ég því óhikað suður veginn. Ég beygði síðan suður veginn og var að skipta bifreiðinni úr öðrum „geer“ yfir í þriðja, en varð skyndilega var við gryfju í veginum fyrir framan bifreið mína. Þetta skeði það óvænt, að mér vannst ekki tími til að hemla, og hentist bifreið mín niður í þessa gryfju og steytti á bakka gryfjunnar hinum megin. Gryfja þessi var ekki stærri en það, að framhjól lentu niður í hana, en afturhjól voru þá á hinum bakkanum. Það er, þetta

hefur verið tæplega lengd bifreiðarinnar. Gryfjan tók hins vegar út í hálfan veginn. Við þetta kom það mikið högg á bifreiðina, að ég hentist fram og lenti með andlitið á stýrishjóli bifreiðarinnar og hlaut við það skurð á efri vör. Einnig fékk ég högg á brjóstkassann og hef verið með þrautir í brjóstkassanum síðan.

Eins og fram er komið í lögregluskýrslunni, voru engin merki við veg þann, sem liggur fram hjá Búvélasölunni, en sá vegur er allmikið ekinn. Ég hafði ekki hugmynd um, að þarna væri verið að vinna við Hafnarfjarðarveginn, þar sem ég sá engin merki, sem bent gætu til þess, og enginn vinnuflokkur þarna nálægt. Bifreið mín er mjög mikið skemmd og tel, að bifreiðin sé ónýt. Rétt er að geta þess, að bifreið þessa hef ég í sambandi við vinnu mína og þarf mjög mikið á bifreiðum að halda".

Hér fyrir dómi staðfesti stefnandi málavaxtalýsingu í stefnu sem rétta að öðru leyti en því, að ekki hafi verið bílar á undan stefnanda, þá er hann kom út á Reykjanesbrautina, en bílar hafi verið á undan honum, þá er hann var á gamla Laufásveginum. Stefnandi sagði, að öll fjögur hjól bifreiðarinnar hefðu lent ofan í gryfjunni.

Stefnandi sagðist aðallega vinna samkvæmt útboðum við standsetningu lóða og vinni hann mest fyrir bæ og svo ríki, einnig vinni hann fyrir húsfélög. Stefnandi geri þá ákveðið tilboð í verkin, en krefji ekki viðskiptavini sína sérstaklega um bifreiðakostnað. Í tilboðinu sé reiknað með bílkostnaði, en það sé vegna vörubílanotkunar. Aðalannatími í sambandi við atvinnurekstur stefnanda sé á tímabilinu maí—október. Það fari svo eftir veðri, hvort eitthvað sé hægt að vinna á öðrum tíma árs. T. d. hafi öll vinna legið niðri í desember, janúar og febrúar sl. Stefnandi tók fram, að mánuðina júní, júlí og ágúst geri hann ekki annað en að fara á milli vinnustaða og sinna eftirliti.

Stefnandi sagði, að ástæðan fyrir því, að hann hætti við að fara inn Miklubraut, hafi verið, að honum hafi dottið í hug, að fljótlegra væri að fara Hamrahlíðina, Kringlumýrarbrautina og inn Miklubraut, en áfangastaður hans hafi verið í nýju íbúðarhverfi í Fossvogi. Stefnandi hafi einnig séð menn vera að vinna við götuna við Miklatorg og hafi hann þess vegna viljað fara aðra leið.

Stefnandi sagði, að bílalegiubílinn hafi hann eingöngu notað í sambandi við vinnu sína. Í gjaldinu til bílaleigunnar, þ. e. kr. 700 á dag og kr. 6 á km, sé bara fyrir afnot bifreiðarinnar, en þar fyrir utan hafi hann greitt bensín.

Stefnandi sagði, að eftir að mat hefði farið fram á bifreiðinni, þá hafi hann ekki getað komið bifreiðinni á verkstæði og hafi hann óskað eftir aðstoð hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands við að koma bifreiðinni á verkstæði. Þeim tilmælum hafi verið neitað af hálfu réttargæslustefnda og hafi stefnandi þá snúið sér til verkstæðis Egils Vilhjálmssonar h/f, en það fyrirtæki hafi umboð fyrir Singer bifreiðar. Stefnandi hafi ekki getað fengið gert við bifreiðina fyrr en raun varð á, þar sem allt hafi verið uppþantað á verkstæðinu.

Stefnandi tók fram, að bifreið hans sé fjögurra gíra bifreið.

Guðmundur Jakob Guðlaugsson tæknifræðingur mætti sem vitni fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík vegna máls þessa. Þar skýrði Guðmundur svo frá: „Umrætt sinn var ég á leið til borgarinnar og veitti athygli bifreiðum, sem beygðu út fyrir holu, sem var í akbrautinni miðað við stefnu til suðurs. Þessar bifreiðar voru alllangt á undan bifreið þeirri, sem svo lenti í holunni, og tel, að bilið hafi verið það langt, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki séð, er ökumenn hinna bifreiðanna beygðu fram hjá holunni.

Eins og fyrr er sagt, var ég á leið í átt til borgarinnar og ók fram hjá holu þeirri, sem um er rætt, og mætti bifreiðinni rétt eftir að ég fór fram hjá holunni. Ég varð var við, að ökumaður bifreiðarinnar, sem ég mætti, hemlaði, og rétt um leið lenti bifreiðin niður í holunni. Það voru engin aðvörunarmerki við holu þessa, en mig minnir, að merki hafi verið við holu, sem var nokkru fjær borginni.

Þegar þetta skeði, var mjög mikil rigning og útsýni því verra en ella og því erfiðara fyrir ökumenn að greina holuna".

Hér fyrir dómi staðfesti Guðmundur Jakob Guðlaugsson framburð sinn fyrir rannsóknarlögreglu og tók fram, að á mótum gamla Laufásvegarins og Reykjanesbrautar hafi verið aðvörunarmerki, en Guðmundur sagðist hafa séð, að stefnandi kom ekki um þau gatnamót inn á Reykjanesbrautina. Vitnið Guðmundur Jakob Guðlaugsson kannaðist við ljósmyndirnar á dskj. nr. 4 verandi af staðháttum, þar sem óhappið varð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að alla sök á tjóni þessu beri að leggja á stefnda. Borgarsjóði Reykjavíkur sé skylt að bæta stefnanda tjón hans að fullu vegna ábyrgðar borgarsjóðs á saknæmum og ólögmætum athöfnum starfsmanna sinna, sem hafi í þessu tilviki vanrækt að aðvara ökumenn eða loka um-

ræddri akbraut vegna hindrunarinnar, eins og þeim hafi verið rétt og skylt.

Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafi verið ábyrgðartryggjandi borgarsjóðs í þessu tilviki.

Starfsmenn stefnda borgarsjóðs hafi með saknæmum og ólögmætum hætti orðið þess valdandi, að stefnandi varð fyrir tjóni. Starfsmennirnir hafi vanrækt að setja upp aðvörunarmerki um hina hættulegu gryfju, bæði við hana svo og á akstursleið stefnanda, eins og starfsmönnunum sé skylt, sbr. 66. gr., 6. mgr., umferðarlaganna. Starfsmennirnir hafi látið upp aðvörunarmerki á öðrum akstursleiðum en þeim, er stefnandi ók, en þeim hafi þó ekki verið lokað. Hafi því verið enn brýnni ástæða til að setja aðvörunarmerki við gryfjuna eða beina umferð fram hjá henni með leiðbeiningarmerkjum.

Akstur stefnanda í umrætt sinn hafi verið með öllu vítalaus og hafi hann enga sök átt á tjóninu og beri því ekki að skipta sök. Stefnandi hafi ekið fremur hægt og sýnt alla þá aðgæslu, er krafist verði af honum, enda hafi hann mátt treysta því, að akbrautin væri með öllu hindrunarlaus, þar sem engin umferðarmerki hafi gefið honum til kynna hið gagnstæða. Stefnandi hafi heldur ekki getað á nokkurn hátt orðið þess var, að lagfæringar stæðu yfir á akbrautinni, því engir verkamenn hafi verið að vinna þar í nánd. Skyggni hafi auk þess verið slæmt vegna rigningar og gryfjan fallið alveg saman við akbrautina, þegar ekið var að henni, þannig að hennar hafi ekki orðið vart fyrr en alveg var komið að henni. Hafi því stefnandi engin tök haft á að koma í veg fyrir tjónið.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að leiðin, sem stefnandi ók, sé almenn gata. Menn eigi að geta treyst því, að götur eins og Reykjanesbraut séu hindrunarlausar, nema aðvörunarmerki séu um annað. Þá er óhappið varð, hafi verið rigning og vegur blautur. Engir menn hafi verið við vinnu þarna sem óhappið varð og hafi stefnandi því ekki getað greint þetta vik, en það hafi verið stórhættulegt. Hættueigindi viksins hafi lagt þær skyldur á starfsmenn stefnda að setja upp aðvörunarmerki eða loka umferð um veginn.

Vanræksla starfsmanna stefnda á að fara eftir 6. mgr. 66. gr. umferðarlaga felli fébótaábyrgð á stefnda. Sök beri ekki að skipta, þar sem algerlega ósannað sé, að stefnandi eigi nokkra sök á tjóninu.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi ekið bifreið sinni, R 7118, hinn 4. júní 1973 eftir Reykjanesbraut í Reykjavík ofan í vik, sem malbikunarvinnuflokkur í þjónustu stefnda hafi gert í akbrautina vegna viðgerðar á henni. Þetta hafi gerst i dagsbirtu, um kl. 1640, en þá hafi verið rigning og færi blautt. Á uppdrætti lögreglunnar sjáist engin hemlaför eftir bifreið stefnanda og megi af því marka aðgæslu hans við stjórn bifreiðar sinnar. Af ljósmyndum á dskj. nr. 5 sjáist vikið í götunni greinilega, auk þess sem sjá megi langa leið eftir götunni. Vikið hafi því engum manni leynst.

Af lýsingu stefnanda sjálfs á ferðum sínum sé ljóst, að ekið hafi verið af lítilli fyrirhyggju. Stefnandi hafi ekið eftir gamla Laufásveginum, dottið fyrst í hug að fara austur Miklubraut og beygt inn á vegartroðning, sem liggi yfir lóðir af Laufásvegi á Reykjanesbraut. Svo hætti hann við það og beygði til hægri af troðningi þessum áleiðis suður Reykjanesbraut. Slegið hafi verið í, skipt úr öðrum gír í þann þriðja, þá hafi stefnandi séð vikið og hafi bifreið hans henst niður í það, eftir því og steytt á bakkanum hinum megin, án þess að reynt væri að stöðva hana. Skemmdir þær, sem hafi orðið á bifreiðinni við þetta, tali sínu máli um ökuhraðann, en lögreglan lýsi því svo, að framhluti bifreiðarinnar hafi allur gengið til og yfirbyggingin gengið upp í miðju. Varúðarmerki hafi verið sett báðum megin þessa spotta Reykjanesbrautar, sem unnið var við, en ekki á troðning þann, sem stefnandi fór eftir, og virðist stefnandi byggja allan rétt sinn á því, en alveg horfa fram hjá eigin sök, sem fólgin sé í aðgæsluleysi við stjórn bifreiðar og allt of hröðum akstri.

Af vitnisburði Guðmundar Guðlaugssonar sé ljóst, að aðrir vegfarendur en stefnandi hafi beygt fram hjá vikinu vandræðalaust.

Samkvæmt þessu verði því ekki hjá því komist að telja stefnanda sjálfan eiga alla sök á óhappi sínu og sé aðalkrafa stefnda við það miðuð, enda alls ekki unnt að krefjast þess af starfsmönnum stefnda, að sett séu aðvörunarmerki á nokkurra metra fresti, þar sem unnið sé að gatnaviðgerðum eða við þvílíkan troðning og stefnandi hafi farið eftir.

Dómarar hafa farið á vettvang. Við vettvangsskoðunina kom í ljós, að vegur sá, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölunni og út að Reykjanesbraut, er sem hver annar vegur, enda þótt hann muni ekki mikið ekinn, merktur

með biðskyldumerki við Reykjanesbrautina. Þar sem beygt er af gamla Laufásveginum yfir á veg þennan, má sjá út á enda gamla Laufásvegarins, en vart verður við því búist, að þeir ökumenn, sem þessa leið aka, taki eftir, þótt viðvörunarmerki séu staðsett við enda gamla Laufásvegarins. Fram er komið, að óhapp stefnanda átti sér stað á móts við húsið nr. 8 við Eskihlíð. Það hús er í þeirri fjarlægð frá gatnamótum vegarins, sem liggur hjá Bíla- og búvélasölunni, að ekki er óeðlilegt, að ökumaður á 4 gíra bifreið sé þá að skipta úr 2. í 3. gír.

Aðiljar eru sammála um, að stefnandi hafi ekið eftir gamla Laufásveginum og beygt af honum á veg, sem liggur frá gamla Laufásveginum fram hjá Bíla- og búvélasölunni út á Reykjanesbraut.

Af hálfu stefnda er viðurkennt, að vik það, sem stefnandi ók bifreið sinni ofan í, hafi malbikunarvinnuflokkur í þjónustu stefnda gert í akbrautina vegna viðgerðar. Jafnframt er viðurkennt, að á veg þann, sem stefnandi ók af út á Reykjanesbraut, hafi ekki verið látin viðvörunarmerki. En viðvörunarmerki hafi verið látin báðum megin þess spotta Reykjanesbrautar, sem unnið hafi verið við. Einnig hafi verið látin viðvörunarmerki á gamla Laufásveginn. Fram er komið, að engin viðvörunarmerki voru við vikið sjálft.

Þar sem vikið í akbrautinni var ekki merkt, þá bar starfsmönnum stefnda að setja upp viðvörunarmerki á aðliggjandi akbrautir, sbr. 6. mgr. 66. gr. laga nr. 40 frá 1968. Það, að ekki var látið viðvörunarmerki á leið þeirri, sem stefndi ók, þykir varða því, að fella verði fébótaábyrgð á stefnda á tjóni stefnanda. Þar sem stefndi hefur ekki sannað neina þá sök á stefnanda, sem leiði til þess, að stefnandi teljist meðvaldur eða meðábyrgur á tjóni því, sem stefnandi varð fyrir, þá ber stefndi óskipta fébótaábyrgð gagnvart stefnanda.

Verður þá tekin afstaða til hinna einstöku liða í dómkröfu stefnanda.

Stefnandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1. Viðgerðarkostnaður	kr.	90.654
2. Varahlutakostnaður	—	18.226
3. Málning	—	40.696
4. Flutningur bifreiðar	—	1.650
5. Lækniskostnaður	—	750

6. Brotin gleraugu . . . . . kr. 2.045
7. Afnotamissir 159 daga . . . . . — 170.485

Samtals kr. 324.506

Varðandi dómkröfur undir lið 1—3 er vísað til reiknings á dskj. nr. 6 ásamt sundurliðun, en reikningurinn er frá bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar vegna viðgerðar á skemmdum R 7118, samtals að fjárhæð kr. 149.576.

Liður 4 er rökstuddur með því, að við tjónið hafi R 7118 orðið óökufær og hafi verið nauðsynlegt að fá kranabíl til að flytja bifreiðina úr stað, annars vegar af vettvangi og síðan á verkstæði, samkvæmt dskj. nr. 7.

Liður 5. Stefnandi hafi farið beint í rannsókn á Borgarspítalann eftir óhappið og komið síðan einu sinni til framhaldsskoðunar, sbr. dskj. nr. 9.

Liður 6. Er bifreiðin hafi lent á gryfjubarminum, hafi gleraugu stefnanda brotnað, er hann hentist fram á stýri bifreiðarinnar, sbr. dskj. nr. 8.

Liður 7. Hinn 18. júlí 1973 hafi lokið matsgerð í sambandi við skemmdir á bifreið stefnanda, sbr. dskj. nr. 5.

Eins og segir í matsbeiðni á dskj. nr. 5, þá hafi verið ágreiningur milli matsþola og matsbeiðanda um verðmæti bifreiðarinnar og hvort matsþoli skyldi bera óskoraða fébótaábyrgð á tjóni matsbeiðanda eða aðeins fébótaábyrgð að ¾ hlutum. Hafi ekki verið hafist handa um viðgerð á bifreiðinni strax af þeim ástæðum, að talið var, að bifreiðin væri ónýt og hafi matsþoli boðist til að taka bifreiðina til greiðslu á tjóninu. Stefnandi hafi þó ekki getað fallist á tilboð stefnda um sakarskiptingu, auk þess sem ágreiningur hafi verið um verðmæti bifreiðarinnar og söluverð hennar fyrir tjónið og hafi mat stefnda á tjóni stefnanda verið of lágt að mati stefnanda. Eftir að matsgerð hafi farið fram og komið var í ljós, að viðgerð gat farið fram á bifreiðinni, hafi afstaða stefndu verið óbreytt, en nú hafi tilboð þeirra verið miðað við viðgerð á bifreiðinni. Stefnanda hafi ekki tekist að koma bifreiðinni til viðgerðar strax, þar sem mikið annríki hafi verið á bifreiðaverkstæðum og biðlisti langt fram í tímann, enda hafi staðið yfir aðalsumarleyfistíminn. Hafi stefnandi þá gefið stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands kost á að útvega viðgerð fyrir bifreiðina, en því hafi þá verið svarað, að þeir mundu ekki útvega

slíkt. Við fyrsta tækifæri hafi bifreið stefnanda síðan verið flutt á bifreiðaverkstæði Egils Vilhjálmssonar og þar hafi viðgerðin farið fram. Afnotamissir bifreiðarinnar R 7118 teljist því allt tímabilið frá 4. júní 1973 til 9. nóvember 1973, eða samtals 159 dagar. Stefnandi sé gjarðyrkjumaður og annist garðyrkjustörf víða í nágrenni Reykjavíkur fyrir ýmsa aðilja og verði nauðsynlega að hafa afnot af bifreið vegna atvinnu sinnar. Allt fyrrgreint tímabil hafi því stefnandi orðið að taka á leigu bifreið, sbr. reikning á dskj. nr. 10, samtals að fjárhæð kr. 170.485.

Af hálfu stefnda voru eftirfarandi mótmæli höfð uppi um einstaka kröfuliði.

1.—3. Viðgerðarkostnaður og málning, kr. 149.576. Tjón þetta hafi verið metið á kr. 106.249 og standi engin rök til að samþykkja hærri fjárhæð. Verðhækkanir á viðgerðartíma séu ekki á ábyrgð stefnda. Óþarft hafi verið að mála alla bifreiðina vegna viðgerða á skemmdum og hafa beri í huga, að bifreiðin hafi verið orðin gömul, árgerð 1968.

4. Flutningur bifreiðar, kr. 1.650. Þessum lið er ekki andmælt tölulega.

5.—6. Læknishjálp og gleraugu, samtals kr. 2.795. Þessum lið er ekki andmælt tölulega.

7. Afnotamissir, kr. 170.485. Þessum lið er mótmælt sem of háum og vanreifuðum. Stefnandi hafi átt þess kost eins og aðrir að húftryggja bifreið sína, en hafi kosið að hafa hana í notkun á eigin ábyrgð og áhættu. Þar með hafi hann tekið á sjálfan sig áhættuna af því, að bifreiðin var ónothæf. Hann virðist hafa rekið bifreið sína án þess að hafa af því kostnað, að minnsta kosti krefji hann um óskerta leigufjárhæð bílaleigubíla.

Stefnandi segist hafa notað bifreið sína í atvinnuskyni við garðyrkju, en alkunna sé, að viðsemjendur iðnaðarmanna greiði jafnan ferðakostnað þeirra á vinnustað, og verði að ætla, að stefnandi hafi ekki gert undantekningu í þessu efni. Er skorað á stefnanda að gera grein fyrir rekstrarkostnaði bifreiðar sinnar og tekjum af henni fyrir og eftir óhappið til samanburðar í þessu efni, t. d. með því að leggja fram útdrátt úr skattskýrslu. Á sama hátt beri honum að gera grein fyrir tekjum af bílaleigubílum, og komi þær til frádráttar kröfu hans. Stefndi geti aldrei borið ábyrgð á afnotamissi bifreiðar lengur en eðlilegan viðgerðartíma, sem hér sé þrjár til fjórar vikur, en sama tíma megi ætla, að þurft hefði til að afla annarrar bifreiðar.

Um 4, 5 og 6. Þessum liðum hefur ekki verið tölulega andmælt,

þeir eru samtals að fjárhæð kr. 4.445, og verða þeir teknir til greina að öllu leyti.

Um 1—3. Liður þessi er studdur framlögðum reikningum. Í matsgerð á dskj. nr. 5 má sjá, hvað gera þurfti við bifreið stefnanda. Við samanburð á framlögðum reikningum og matsgerðinni kemur í ljós, að gert hefur verið við fleira en hinir dómkvöddu matsmenn töldu nauðsynlegt, þ. á m. að mála bifreiðina alla, skipta um rafgeymi og gera við vatnskassa.

Hinir sérfróðu meðdómendur telja viðgerðarkostnað á bifreið stefnanda eftir óhappið, sem mál þetta er af risið, réttilega metinn í hinni framlögðu matsgerð, og verður því þessi liður tekinn til greina með kr. 106.249.

Um 7. Liður þessi er studdur framlögðum reikningum frá bílaleigu. Samkvæmt reikningum þessum hafði stefnandi á leigu bifreið tímabilið 4. júní 1973 til 9. nóvember 1973. Samkvæmt framlögðum viðgerðarreikningum var bifreið stefnanda á viðgerðarverkstæði tímabilið 5. september 1973 til 8. nóvember 1973. Beðið var um dómkvaðningu matsmanna 26. júní 1973. Hinir dómkvöddu matsmenn skiluðu matsgerð 18. júlí 1973. Því var haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi staðið í samningaumleitunum við Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f allt til 1. ágúst 1973, en eftir þann tíma hafi hann ekki komið bifreið sinni á verkstæði fyrr en í september 1973. Hinir sérfróðu meðdómendur segja það oft geta verið mjög erfitt að koma bifreiðum á verkstæði á þessum árstíma, en þá standa almennt yfir sumarleyfi á bifreiðaverkstæðum. Með hliðsjón af atvikum öllum þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina með kr. 120.000.

Samkvæmt framanrituðu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 230.694 með vöxtum eins og krafist var.

Málskostnaður, þar með talinn matskostnaður, ákveðst kr. 63.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og meðdómsmennirnir Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari og Finnbogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari.

Dómsorð:

Stefndi, borgarsjóður Reykjavíkur, greiði stefnanda, Fróða B. Pálssyni, kr. 230.694 með 9% ársvöxtum frá 4. júní 1973 til greiðsludags og kr. 63.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. mars 1977.

Nr. 155/1975. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Flugfélagi Íslands h/f og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að sér verði aðeins gert að bæta tjón gagnáfrýjanda að ⅓ hluta og að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla, en gagnáfrýjanda dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. febrúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða sér 947.147 krónur með 7% ársvöxtum frá 20. janúar 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 2. ágúst 1972 voru þeir Pétur Kristinn Pétursson, ökumaður R 21624, og Reynir Bjarnason, ökumaður dráttarvélar þeirrar, er flugvélinni ýtti, dæmdir í 2.000 króna sekt hvor fyrir að hafa ekki sýnt næga aðgát í akstri í umrætt sinn. Var brot þeirra talið varða við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 37. gr., sbr. 80. gr. laga nr. 40/1968.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf dómsmálaráðuneyt-

isins 22. febrúar 1977. Segir þar m. a.: „að ... ökutæki það af Coleman gerð, sem notað var til að færa flugvélina TF-FIK út úr flugskýli á Reykjavíkurflugvelli 20. janúar 1972, teljist dráttarvél í skilningi 2. gr. umferðarlaganna".

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega fallast á, að tjón á flugvélinni TF-FIK verði í senn rakið til óvarlegs aksturs ökumanns bifreiðarinnar R 21624 og vangæslu starfsmanna gagnáfrýjanda, sem unnu að færslu flugvélarinnar. Þykir hæfilegt, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að ⅔ hlutum, en sjálfur beri hann það að ⅓ hluta, svo sem héraðsdómur hefur ákveðið. Enginn ágreiningur er fyrir Hæstarétti um fjárhæð tjónsins. Samkvæmt þessu verður héraðsdómurinn staðfestur að því er varðar skaðabætur úr hendi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en málskostnað.

Aðaláfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Flugfélagi Íslands h/f, 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 28. f. m., hefur Flugfélag Íslands h/f, hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni hinn 6. febrúar 1973, á hendur borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur. Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 947.114 með 7% ársvöxtum frá 20. janúar 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og máls-

kostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að sök verði skipt og sér verði aðeins gert að greiða lítinn hluta hinnar umstefndu fjárhæðar, en málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Málavextir eru þeir, að fimmtudaginn 20. janúar 1972 voru starfsmenn stefnanda, Flugfélags Íslands h/f, að færa flugvélina TF-FIK, sem er af gerðinni Fokker Friendship, út úr flugskýli nr. 4 á Reykjavíkurflugvelli. Var notað dráttartæki af gerðinni Coleman til að ýta flugvélinni út úr flugskýlinu, en dráttartæki þetta er með sérstakan útbúnað til þessa verks. Var búnaður þessi tengdur milli dráttartækisins og nefhjóls flugvélarinnar, og var vélinni ýtt aftur á bak út úr flugskýlinu. Auk ökumanns dráttartækisins var starfsmaður stefnanda í stjórnklefa flugvélarinnar. Þegar stél flugvélarinnar var komið nokkuð út úr flugskýlinu, bar að bifreiðina R 21624, sem er sorphirðingarbifreið í eigu borgarsjóðs Reykjavíkur, og rákust bifreiðin og flugvélin saman. Miklar skemmdir urðu á flugvélinni, og kveður stefnandi kostnað við viðgerðina hafa numið alls kr. 947.114, en auk þess hafi orðið mikið tjón af því að taka hafi orðið vélina úr notkun, á meðan viðgerð fór fram.

Lögreglumenn voru kvaddir á vettvang. Sömdu þeir skýrslu um atburðinn og gerðu uppdrátt af vettvangi. Í skýrslu Gísla M. Garðarssonar lögregluþjóns um atburðinn segir svo:

„Árekstur þessi mun hafa orðið með þeim hætti sem hér greinir: Verið var að ýta flugvélinni TF-FIK, af gerðinni FOKKER FRIENDSHIP, út úr flugskýli nr. 4. Var til þess verks notuð dráttarvél með þar til gerðum útbúnaði, sem tengdur var í framenda dráttartækisins og í hjólaútbúnað nefhjóls flugvélarinnar. Þegar flugvélin mun hafa verið komin 12 metra út úr flugskýlinu (sjá meðfylgjandi uppdrátt), mun bifreiðinni R-21624 hafa verið ekið á flugvélina aftanverða.

Ökumaður R-21624 kvaðst hafa verið að aka að flugskýli nr. 4".

Samkvæmt skýrslu sama lögreglumanns var dagsbirta er atburðurinn varð, bjart veður, snjór var á jörðu og hálka.

Frekari rannsókn fór fram fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, en einnig hafa vitni komið fyrir dóm í málinu. Verða nú framburðir þessir raktir.

Vitnið Hjalti Már Hjaltason, hlaðmaður hjá stefnanda, hefur skýrt svo frá, að um kl. 1045 umræddan morgun hafi hann verið sendur út að flugskýli nr. 4 ásamt starfsfélaga sínum, Reyni Bjarnasyni, og hafi þeir átt að taka út úr skýlinu Fokker Friendshipvél, sem þar stóð inni. Hann kveður þegar hafa verið búið

að taka eina vél út úr skýlinu þennan morgun og sé mjög sennilegt, að þeir hafi einnig gert það. Hafi vesturdyrnar því verið opnar, en austurdyrnar enn verið lokaðar. Hjalti kveður sér ekkert hafa fundist dimmt, þegar hann kom inn, en ljós séu alltaf kveikt á kvöldin og látin loga yfir nóttina og á morgnana, þegar flugskýlið er opnað, en hann kveðst ekki hafa veitt ljósunum eftirtekt og því ekki geta sagt um það, hvort þau hafi logað eða ekki. Hann kveður fyrsta verk þeirra hafa verið að tengja dráttarvélina við hjólabúnað nefhjóls flugvélarinnar, en það sé gert með stýri (stöng), sem muni vera um 2 m að lengd og nái frá dráttarvélinni að hjólabúnaðinum. Að því búnu kveðst hann hafa gengið aftur fyrir vélina og tekið klossana frá hjólunum, en jafnframt litið aftur fyrir vélina, en þar hafi ekki verið neina umferð að sjá. Hann kveður sorphirðingarmenn hafa staðið hjá sorptunnunum í vinstra horninu við skýlisdyrnar, séð frá sér. Hann kveðst nú hafa farið upp í flugstjórnarklefann og sest í vinstra sætið eins og vanalega. Hann kveður sitt verk hafa verið að stöðva vélina, ef eitthvað bæri út af, með því að beita hemlum. Ekki kveðst Hjalti muna nákvæmlega, hvort hann hafi orðið var við sorphirðingarbifreiðina, áður en hann fór upp í flugvélina, en hann kveðst hafa verið búinn að sjá hana áður þennan sama morgun niðri við eldhúsið í flugskýli nr. 5. Hjalti kveður Reyni hafa byrjað að ýta vélinni aftur á bak út úr skýlinu. Hann kveðst þá hafa opað gluggann vinstra megin og litið út og upp með stéli flugvélarinnar, sem fari í gegnum „úrtekt" fyrir ofan hurðina, því þar megi litlu muna, að það rekist utan í. Jafnframt kveðst hann hafa séð aftur með vélinni vinstra megin og aftur fyrir hana og hafi hann ekki séð neina hindrun þar. Hjalti kveðst hafa þurft að hálf rísa upp í sætinu til þess að geta gert þetta, en þegar stél vélarinnar hafi verið komið út úr dyrunum, hafi hann aftur sest í sætið. Síðan kveðst hann hafa beðið viðbúinn, ef eitthvað bæri út af, á meðan vélin mjakaðist út úr dyrunum, en allt í einu hafi hann fundið einhverja mótstöðu, einna líkast því, að hjól vélarinnar hefði farið upp á eitthvað, og kveðst hann þá hafa hemlað eins fljótt og hann gat. Hafi vélin þá stöðvast, um leið og hann steig á hemlana. Hjalti kveðst nú hafa farið út úr vélinni til að athuga, hverju þetta sætti, og hafi hann þá séð sorphirðingarbifreið klessta utan í stél vélarinnar hægra megin, en hafi ekki verið unnt að sjá bifreiðina úr glugganum, sem hann leit út um. Hjalti kveður flugstjórnarmenn aldrei kvadda til að færa svona flugvélar inn og út úr flugskýlum. Hann kveður hreyfla flugvélar

aldrei hreyfða, þegar þær séu færðar inn og út úr flugskýlum, heldur sé það gert með dráttartækjum. Á þessum tíma hafi verið tveir menn sendir til að færa flugvélar af þessari gerð út úr flugskýlum, en eftir umræddan atburð hafi sú breyting verið gerð á, að nú séu sendir þrír menn til að færa flugvélar og gangi þá einn maður fyrir aftan flugvélina. Hjalti kveður unnt að kveikja ljós á flugvélinni við þær aðstæður, sem þarna voru, með því að kveikja á rofa og sé þá tengt við rafgeymi flugvélarinnar, en rafgeymirinn sé lítill. Hann kveður aldrei kveikt á ljósum flugvéla, þegar verið sé að færa þær, eins og þarna. Í umrætt sinn kveðst hann hafa gengið úr skugga um það, að nægur þrýstingur hafi verið á hemlakerfinu, áður en flutningurinn hófst. Hann kveður hemla flugvélarinnar það öfluga, að ef dráttarvélin haldi áfram að ýta á flugvélina, eftir að hemlum hennar hafi verið beitt, þá geti dráttarvélin ekki hreyft flugvélina úr stað, heldur lyftist framendi flugvélarinnar upp. Hjalti kveður það almennt taka 5—10 mín. frá því byrjað er að hreyfa flugvél frá þeim stað, sem þessi flugvél var á, og þar til hún sé öll komin út. Hann kveður þessa flugvél hafa staðið nálægt miðju flugskýli, því fyrri vélin, sem farin hafi verið, hafi staðið utar. Ekki kveðst Hjalti geta sagt um það, hvort dráttarvélin, sem ýtti á flugvélina, hafi aukið hraðann, eftir að stél flugvélarinnar var komið út úr flugskýlinu. Hann kveður flugvélar yfirleitt fluttar til með jöfnum hraða. Hjalti kveðst ekki hafa réttindi til að stjórna flugvélum af neinni gerð. Hann kveðst hafa almenn ökuréttindi, svonefnt minnapróf.

Reynir Bjarnason hlaðmaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi starfað hjá stefnanda um 10 ára skeið og síðustu 8—9 árin hafi hann m. a. annast færslu á flugvélum inn og út úr flugskýlum. Í umrætt sinn kveðst hann hafa hagað verkinu á sama hátt og ávallt áður. Hann kveður Hjalta Hjaltason hafa aðstoðað sig við að tengja dráttarvélina við stýrið á nefhjóli flugvélarinnar og síðan hafi þeir litið í kringum vélina og athugað, hvort nokkuð væri því til hindrunar að færa hana út. Reynir kveðst ekki hafa séð neinar bifreiðar nálægar og engar mannaferðir og hafi þeir því strax hafist handa. Hafi Hjalti farið upp í stjórnklefann og þegar hann hafi verið kominn þangað, kveðst Reynir hafa farið að ýta vélinni í áttina að dyrunum. Hann kveður sig minna, að ljós hafi verið kveikt inni í skýlinu og úti hafi verið bjart veður. Því hafi verið frekar bjart inni í skýlinu. Reynir kveður tenginguna úr flugvélinni vera festa í afturenda dráttarvélarinnar, og

því hafi hann ekið dráttarvélinni aftur á bak. Hann kveður sæti hennar vera vinstra megin og því sjáist úr því betur aftur með vinstri hlið vélarinnar. Hann kveðst hafa horft um öxl sitt hvorum megin og fylgst með stéli og vængendum vélarinnar, sem helst hafi verið hætta á, að kynnu að rekast í. Hann kveður útilokað hafa verið, að hann sæi úr sæti sínu það, sem kom beint aftan að vélinni. Þegar þeir voru komnir eitthvað áleiðis, kveðst hann hafa séð tvo sorphirðingarmenn standa við sorptunnurnar í suðvesturhorni skýlisins og hafi þeir staðið þar og horft á vélina á leiðinni út úr skýlinu. Hann kveður flugvélina hafa mjakast skref fyrir skref, en allt í einu hafi hann heyrt skell og hafi hann þá um leið stöðvað dráttarvélina og í sömu andrá hafi flugvélin stöðvast. Hann kveðst hafa farið niður úr dráttarvélinni og gengið aftur fyrir vélina, en þá hafi allt verið um garð gengið. Reynir kveðst ekkert hljóð hafa heyrt, hvorki frá sorphreinsunarmönnunum né bifreiðinni, og því hafi hann eigi getað gert sér grein fyrir hættunni og ekki haft tök á að koma í veg fyrir árekstur inn. Hann kveður tvo menn að jafnaði hafa unnið þetta verk, en ef veður eða skyggni er vont, þá séu fleiri menn við verkið, en hvorugu hafi þarna verið til að dreifa. Hann kveður þá breytingu hafa orðið á vinnutilhögun við að færa flugvélar út úr flugskýlum eftir þetta, að nú sé alltaf hafður einn maður fyrir aftan flugvél, sem sé færð út úr flugskýli, og starfi þá þrír menn við verkið. Reynir kveðst hafa verið á námskeiðum, sem stefnandi hafi haldið, áður en umræddur atburður varð, þar sem mönnum hafi verið kennt að færa flugvélar. Hafi þar verið notaðar kennslubækur, þar sem lýst hafi verið, hvernig draga eigi flugvélarnar. Reynir kveðst vita til þess, að það hafi komið fyrir oftar en einu sinni á athafnasvæði stefnanda, að bifreiðar hafi keyrt á flugvélar. Reynir kveðst hafa almenn ökuréttindi, svokallað minna próf. Hann kveðst ekki hafa réttindi til að stjórna flugvélum.

Pétur Kristinn Pétursson, ökumaður sorphirðingarbifreiðarinnar, kveðst hafa stundað akstur sorphreinsunarbifreiðar hjá Reykjavíkurborg í um 16 ár og síðustu fjögur árin starfað á svæði því, sem nær yfir athafnasvæði Flugfélags Íslands. Kveðst hann þá hafa ekið um svæði það, sem umræddur atburður varð á, en einnig kveðst hann áður hafa starfað á þessu svæði af og til. Á þessum tíma kveður hann sama hátt hafðan á við hreinsun sorptunna þarna, og kveðst hann hafa hagað akstri bifreiðarinnar á sama hátt í umrætt sinn. Í umrætt sinn kveður hann lokið hafa

verið við að tæma sorptunnur við vöruafgreiðslu stefnanda, og kveðst hann hafa ekið þaðan að flugskýlinu á sama hátt og venjulega. Kveðst hann hafa haft þann hátt á að aka að miðjum dyrum flugskýlisins, beygja síðan til hægri og aka meðfram dyrunum og síðan aftur til hægri, þegar hann hafi verið á móts við sorptunnurnar og þá hafi afturendi bifreiðarinnar verið næst tunnunum. Hann kveður nokkra aðstoðarmenn hafa verið með bifreiðinni og hafi að minnsta kosti tveir þeirra verið viðstaddir, þegar óhappið varð, en hinir hafi þá verið komnir að næsta flugskýli. Pétur kveður veður hafa verið bjart og léttskýjað, en dimmt inni í flugskýlinu, þar sem dyrnar á austurenda þess hafi verið lokaðar. Hann kveðst hafa séð flugvélina inni í skýlinu, en enga hreyfingu neins staðar við hana, og því kveður hann sér ekki hafa komið til hugar, að hætta gæti stafað af henni. Pétur kveðst hafa verið á mjög hægri ferð og búið sig undir að beygja. Hann kveðst því hafa litið fyrst í báða baksýnisspeglana til að ganga úr skugga um, að ekkert væri til hindrunar, og síðan í átt til samstarfsmanna sinna, sem stóðu við tunnurnar. Hann kveður þá hafa verið einu mennina, sem hann hafi vitað um þarna nálæga. Er hann leit í átt til flugvélarinar aftur, kveður hann hafa verið örstutt bil á milli hennar og bifreiðarinnar. Hann kveðst hafa gert tvennt í einu, hemlað og slegið á gírstöngina, svo að hún hafi hrokkið úr gír. Hann kveður bifreiðina hafa stöðvast um leið og hann steig á hemlana, en í næstu andrá hafi flugvélin skollið á henni. Pétur kveður sér strax hafa orðið ljóst, að hér var ekki undankomu auðið, og því sleppt hemlum strax og bifreiðin hafi stöðvast, svo að mótstaðan yrði minni. Við ákomuna kveður Pétur bifreiðina hafa færst lítið eitt aftur á bak. Hann kveðst ekki hafa greint neina hreyfingu á flugvélinni, þar sem bifreiðin hafi verið á ferð beint að henni og skuggsýnt inni í flugskýlinu, enda muni flugvélin hafa farið mjög hægt. Pétur kveður verkstjóra Flugfélags Íslands, sem sjá um hleðslu flugvéla, hafa aðsetur í austurenda vöruafgreiðsluhússins og aki hann fram hjá glugganum á herbergi þeirra, er hann aki að sorptunnunum við það hús. Geti verkstjórarnir ekki annað en orðið varir við bifreiðina, þegar hún aki þarna fram hjá. Pétur kveður það hafa komið fyrir, er hann var þarna að störfum, að flugvélar hafi verið að fara inn og út úr flugskýlinu eða um svæðið, og hafi hann því þurft að sýna aðgát, en það hafi aldrei hagað til eins og í umrætt sinn. Pétur kveður birtuna, sem þarna var, hafa komið í veg fyrir, að

hann sæi vel, hvað væri að gerast inni í flugskýlinu, sem hafi verið lokað í austurenda. Hann kveðst ekki muna, hvort sólskyggnið á bifreiðinni hafi verið niðri.

Aðalsteinn Dalmann Októsson, verkstjóri hlaðdeildar stefnanda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi verið staddur inni í skrifstofu hlaðdeildar, sem er í austurenda vöruafgreiðslu Flugfélags Íslands, er umræddur atburður varð. Hann kveður dyr að skrifstofu sinni snúa að dyrum flugskýlis nr. 4. Hann kveðst hafa séð sorphirðingarbifreið standa fyrir utan kaffistofuna, sem er áföst við skrifstofuna, og hafi menn verið að tæma þar sorptunnur. Hann kveðst lítið hafa fylgst með störfum þeirra, enda alvanalegt að sjá þá þarna að verki, en þegar hann hafi komið út stuttu síðar, hafi sorphirðingarbifreiðin verið á leið í átt að flugskýli nr. 4 og stefnt á miðjar dyr þess, sem hafi staðið opnar. Aðalsteinn kveður bifreiðina aðeins hafa átt lítinn spöl ófarinn að afturenda flugvélar, sem verið var að ýta út úr flugskýlinu. Hafi stél vélarinnar verið komið vel út fyrir lúgugatið, sem er ofan dyra. Hann kveðst hafa hrópað sem mest hann mátti, en enginn hafi heyrt til sín, og hafi hann ekki getað séð betur en bifreiðin væri á ferð áfram allt þar til áreksturinn varð, en þó kveðst hann ekki fullyrða, að svo hafi verið, þar sem hann hafi horft aftan á bifreiðina. Hann kveður það varla hafa skipt nokkrum togum frá því að hann sá, hvað verða vildi, og þar til allt var um garð gengið og kveður það ekki hafa verið á sínu valdi að koma í veg fyrir það. Aðalsteinn kveður framenda sorphirðingarbifreiðarinnar hafa snúið til norðausturs, þegar hún stóð við kaffistofuna, og hafi hún staðið skáhallt út frá húsinu og henni því verið ekið í sveig þaðan í átt að miðjum skýlisdyrunum. Hann kveðst að sjálfsögðu oft hafa séð til ferða sorphirðingarbifreiða um þetta svæði, en aldrei veitt því athygli, að þeim væri ekið neitt ógætilega. Ekki kveður hann sér kunnugt um, að sorphreinsunarmenn hafi fengið ákveðin fyrirmæli um, hvernig þeir skyldu haga akstri þarna, en öllum sé að sjálfsögðu skylt að fara varlega á þessu svæði. Hann kveður sér heldur ekki kunnugt um, að sorphreinsunarmenn hafi óskað eftir leiðbeiningum um akstur þarna. Aðalsteinn kveður alltaf sömu menn á hverri vakt sjá um að færa flugvélar út og inn úr flugskýlum og séu þeir þjálfaðir til þess starfs og hafi flestir unnið við það árum saman. Ef veður og skyggni sé gott, framkvæmi tveir menn þetta verk, eins og í umrætt sinn, en við slæm skilyrði, svo sem í hvassviðri eða hálku, komi fleiri til aðstoðar, ef á annað borð sé fært að ná vélum út, en það sé háð vissum veðurskil-

yrðum, svo sem vindátt. Aðalsteinn kveður flugvélina TF-FIK hafa staðið inni í miðju flugskýlinu og hafi önnur flugvél verið fyrir innan hana í vesturendanum. Hann kveður dyr á austurgafli hafa verið lokaðar, þegar óhappið vildi til, en þær hafi verið opnaðar skömmu síðar til að ná út vélinni, sem enn var inni. Hann kveður ljós hafa verið kveikt inni í skýlinu, en hvort þeirra hafi gætt, svo að gagni væri, sé erfitt að segja, þar sem heita mátti fullbjart úti og auk þess hafi verið léttskýjað þá stundina. Aðalsteinn kveður það mikla nákvæmnisvinnu að ná flugvélum út úr flugskýli og sé þeim alltaf ýtt mjög varlega, allt þar til þær séu komnar á þann stað, þar sem þær eigi að vera og flugstjórar taki við þeim tilbúnum til flugs.

Ásgeir Sigurjónsson verkamaður var í vinnuflokki þeim, sem annaðist sorphreinsun á athafnasvæði Flugfélags Íslands. Hann kveður þá hafa losað tunnur hjá vöruafgreiðslunni, en síðan hafi þeir farið að flugskýlinu tveir saman, hann og Ásgrímur Geirmundsson. Kveðst Ásgeir strax hafa farið að setja tunnu á kerruna og síðan hafi hann farið að tína spýtnarusl, sem lá hjá tunnunum. Hann kveðst hafa séð flugvélina inni í skýlinu, þegar hann kom þarna, en kveðst ekki hafa veitt því athygli, að verið væri að færa hana til, og hafi hann því ekki gefið henni sérstakan gaum. Rétt í því að hann var að snúa sér við með tunnuna á kerrunni, kveðst hann hafa heyrt smáskell og þá hafi hann séð um leið, að sorpbíllinn og flugvélin höfðu rekist saman. Ásgeir kveðst ekki hafa veitt bifreiðinni athygli, þegar hún nálgaðist skýlið, en eins og venjulega hafi henni verið ekið að miðjum skýlisdyrunum og síðan hafi ökumaður ávallt sveigt til hægri í átt að tunnunum. Hafi tunnurnar þá verið settar á bifreiðina, þegar ökumaður hafi verið búinn að snúa henni þannig, að framendi hennar hafi verið fjærst dyrunum. Ásgeir kveður atburðinn hafa verið um garð genginn, þegar hann sneri sér við í átt að flugvélinni.

Ásgrímur Geirmundsson, sem var í vinnuflokki þeim, sem var með sorphreinsunarbifreiðinni, skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni, að þeir hafi fyrst losað tunnur hjá vöruafgreiðslunni, en síðan hafi hann og Ásgeir Sigurjónsson farið að flugskýlinu. Þar hafi yfirleitt verið tvær tunnur, sem hafi þurft að losa. Hann kvað veður hafa verið bjart, en skuggsýnt inni í skýlinu, því austurdyr þess hafi verið lokaðar. Hann kvaðst hafa séð flugvélina inni í skýlinu, en ekki hafa veitt henni neina sérstaka eftirtekt og kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að hún væri á ferð. Hann kvaðst strax hafa hafist handa við að koma tunnu

fyrir á kerrunni og síðan ekið henni út úr skýlinu. Hann kvaðst hafa séð bifreiðina koma þarna að og flugvélina á leið út úr skýlinu og kvað sér hafa virst stél vélarinnar stefna beint á ökumann bifreiðarinnar. Hann kvaðst hafa orðið stjarfur af skelfingu og kvaðst ekki hafa búist við, að ökumaðurinn slyppi lifandi, því sér hafi virst árekstur óumflýjanlegur. Hann kvað bifreiðina hafa verið rétt að byrja að beygja í átt til sín og kvaðst telja, að það hafi bjargað lífi ökumannsins, sem annars hefði fengið stél vélarinnar inn um framrúðuna. Ásgrímur kvaðst hafa séð bifreiðina stöðvast og á næsta augnabliki hafi vélin rekist á hana. Hann kvað þetta allt hafa gerst mjög skjótlega. Hann kvaðst ekki hafa séð þann, sem ýtti vélinni út úr skýlinu, fyrr en allt var um garð gengið, því flugvélarbúkinn hafi borið á milli sín og hans, eftir að hann var kominn út úr skýlinu. Kvaðst Ásgrímur engin tök hafa haft á að gera aðvart og kvað sér hafa brugðið mjög illa, þegar hann sá, að hverju stefndi.

Krafa stefnanda er byggð á því, að umræddur árekstur hafi hlotist af akstri sorphirðingarbifreiðarinnar R 21624, og beri stefndi sem eigandi bifreiðarinnar því fébótaábyrgð á tjóni stefnanda samkvæmt 1. mgr. 67. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að um umferð um Reykjavíkurflugvöll gildi ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 53/1949, en samkvæmt því skuli ekki aka ökutækjum eftir akbrautum loftfara, nema brýn nauðsyn beri til, og skuli þá gæta fyllstu varúðar. Þá mæli ákvæði þetta svo fyrir, að ökutæki skuli ávallt víkja fyrir loftförum, sem þau kunna að mæta. Er á það bent af hálfu stefnanda, að dagsbirta hafi verið, bjartviðri og útsýni óbyrgt í allar áttir á leið bifreiðarinnar frá afgreiðslu stefnanda að flugskýlinu. Dyr flugskýlisins hafi verið opnar og flugvélin hafi blasað við hverjum manni, sem átt hafi leið þarna um, enda viðurkenni ökumaðurinn að hafa séð flugvélina, en hann hafi ekki gert sér grein fyrir því, að hún hafi verið á hreyfingu. Þá er og á það bent, að ökumaðurinn viðurkenni að hafa beint athyglinni að allt öðrum hlutum en akstrinum. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að augljóst sé, að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið mjög gáleysislega og hafi hann brotið brýnar umferðarreglur. Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að sorphirðingarbifreiðin hafi verið stöðvuð, er árekstur inn varð. Er því haldið fram, að sök ökumanns sorphirðingarbifreiðarinnar sé svo mikil, að stefndi beri fulla ábyrgð á tjóni stefnanda. Þá er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þeir starfsmenn hans, sem unnu að því að

færa flugvélina, hafi gætt rækilega að hindrunum fyrir aftan flugvélina, áður en þeir hófu starf sitt, en þeir hafi ekki séð neitt, sem gæti komið í veg fyrir, að þeir framkvæmdu starfið með fullu öryggi. Þá er því haldið fram, að dráttarvélin, sem notuð var til að færa flugvélina, sé aðeins ætluð til nota á flugvellinum og sé ekki skráningarskylt ökutæki. Því verði árekstrarreglum umferðarlaga ekki beitt um atvik þetta.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að umræddur atburður verði eingöngu rakinn til atvika, sem hann beri ekki ábyrgð á. Er því haldið fram, að það hafi verið stórkostlegt gáleysi fyrirsvarsmanna stefnanda að láta aðeins tvo menn vinna við að færa flugvélina út úr flugskýlinu, þegar ljóst hafi verið, að hvorugur þeirra hafi getað séð óhindrað aftur fyrir flugvélina. Þá er því haldið fram, að það hafi verið stórkostlegt gáleysi manna þeirra, sem unnu við að færa flugvélina, að gera sér ekki grein fyrir því, að sorphirðingarmenn voru þarna við vinnu, en það hafi þessir menn hlotið að sjá. Þá er því og haldið fram, að fyrirsvarsmenn stefnanda hafi ráðið staðsetningu sorptunnanna þarna, en þeim hafi mátt vera ljóst, að bifreiðar voru notaðar við að tæma þær og þyrftu því að aka um svæðið fyrir framan flugskýlið. Af hálfu stefnda er á það bent, að er umræddur atburður varð, hafi snjór verið á jörðu, en skuggsýnt hafi verið inni í flugskýlinu, þar sem það hafi aðeins verið opið til vesturs. Munur á birtu úti og inni hafi því verið mjög mikill og erfitt fyrir þann, sem úti var, að fylgjast með því, sem var að gerast inni í flugskýlinu. Því hafi verið brýnt, að starfsmenn stefnanda gættu varkárni, en það hafi þeir ekki gert. Þá er því haldið fram, að starfsmenn stefnanda hafi notað dráttarvél, sem sé vélknúið skráningarskylt ökutæki, til að færa flugvélina, en ökutækið hafi þó af einhverjum ástæðum verið óskráð. Er því haldið fram, að mál þetta fari því eftir ákvæði 68. gr. umferðarlaga og almennum skaðabótareglum, enda sé hér um að ræða tilvik, sem falli undir árekstur vélknúinna ökutækja, en ekki skipti máli, þótt stefnandi hafi vanrækt að láta skrásetja dráttarvélina. Er því haldið fram, að öll ábyrgð á árekstrinum hvíli á stefnanda, enda hafi ökumaður sorphirðingarbifreiðarinnar verið þarna í lögmætum erindum. Hann hafi ekið hægt og gætilega og sýnt af sér alla þá varkárni, sem af honum mátti krefjast, og eigi hann enga sök á árekstrinum. Hann hafi ekki getað séð neina hreyfingu á flugvélinni eða nokkur merki um flutning hennar og ekki hafi hann fengið neina viðvörun. Hann hafi því ekki mátt vara sig á því,

að flugvélin mjakaðist löturhægt út úr flugskýlinu, fyrr en hann hafi allt í einu séð, að árekstur varð ekki umflúinn. Ökumaðurinn hafi með miklu snarræði getað hemlað, rofið tengslin við vélina og þannig komið í veg fyrir miklu meira tjón. Bifreiðin hafi stöðvast, um leið og hann steig á hemlana, en í næstu andrá hafi flugvélin skollið á bifreiðinni og er ökumaður hafi sleppt hemlunum, hafi flugvélin ýtt bifreiðinni aftur á bak um 2—3 m.

Varakrafa stefnda er byggð á því, að meginsök á árekstrinum hljóti að hvíla á starfsmönnum stefnanda. Það kemur fram af hálfu stefnda, að stefnandi muni hafa keypt tryggingu fyrir tjóni sem þessu, og þótt vátryggingarfélag sé ekki aðili málsins, þá eigi að beita ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga og lækka bætur til stefnanda eða fella þær alveg niður.

Að undangengnum gagnaöflunarúrskurði í málinu óskuðu lögmenn aðilja eftir umsögn dómsmálaráðuneytisins um það, hvort tæki það, sem notað var til að færa flugvélina TF-FIK í umrætt sinn, væri dráttarvél. Að tilhlutan dómsmálaráðuneytisins framkvæmdi lögreglan í Reykjavík og Bifreiðaeftirlit ríkisins rannsókn á þessu atriði. Tæki það, sem notað var, er umræddur tjónatburður varð, var ekki í akstursháefu ástandi, en við rannsóknina var notað sams konar tæki. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú, að hér væri um að ræða tæki, er væri sérsmíðað sem dráttartæki, með stýrisbúnaði á fram- og afturási og sérstökum dráttartengslum fyrir dráttarstangir að framan og aftan, og er tækinu hafði verið ekið í reynsluakstri, hefði mesti hraði þess orðið 28 km á klst. Var niðurstaða rannsóknarinnar sú, að tækið félli undir ákvæði 2. gr. umferðarlaga um dráttarvélar, þ. e.: „Vélknúið ökutæki, sem aðallega er ætlað til að draga annað ökutæki eða vinnutæki og ekki er gert til hraðari aksturs en 30 km á klst. án verulegra breytinga á því".

Samkvæmt þessu þykir verða að byggja á því í málinu, að tæki það, sem notað var til að færa flugvélina TF-FIK út úr flugskýlinu í umrætt sinn, hafi verið dráttarvél samkvæmt greindu ákvæði umferðarlaga. Það er ágreiningslaust, að slík tæki hafi verið notuð um árabil til að færa til flugvélar stefnanda á Reykjavíkurflugvelli, en ekki er leitt í ljós, af hverju tækið hefur ekki verið skráð. Telja verður, að um atburð þennan beri að beita ákvæðum umferðarlaga eftir því sem við á, sbr. 3. mgr. 1. gr. laganna ásamt ákvæðum 6. gr. reglugerðar fyrir Reykjavíkurflugvöll nr. 53/1949, sem sett var samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1929 um loftferðir og lögum nr. 24/1945 um flug-

velli og lendingarstaði fyrir flugvélar, en styðst nú við ákvæði laga nr. 34/1964, sbr. 77. gr. Samkvæmt þessu þykir rétt að beita um atvik máls þessa niðurlagsákvæði 67. gr. umferðarlaga með lögjöfnun svo og ákvæði 68. gr. laganna.

Það er ágreiningslaust, að um langan tíma hafa sorphirðingarmenn Reykjavíkurborgar komið á athafnasvæði stefnanda á Reykjavíkurflugvelli til að hirða sorp. Hefur Aðalsteinn Dalmann Októsson lýst því, að alvanalegt sé að sjá sorphirðingarmenn þarna að störfum. Er eigi annað fram komið en staðsetning sorptunnanna í suðvesturhorni flugskýlisins hafi verið ákveðin, a. m. k. með þegjandi samþykki þar til bærra starfsmanna stefnanda. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að akstur sorphirðingarbifreiðarinnar að flugskýlinu í umrætt sinn hafi verið þáttur í þeirri brýnu þjónustu, sem Reykjavíkurborg framkvæmir á grundvelli ákvæða 28. gr. heilbrigðisreglugerðar fyrir Reykjavík, nr. 11/1950.

Er ökumaður sorphirðingarbifreiðarinnar ók að flugskýlinu, ók hann um akturssvæði flugvéla við flugskýlið. Bar honum þá samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 53/1949 að gæta fyllstu varúðar. Um 75 m eru frá sorptunnum þeim, sem bifreiðinni var ekið frá, að tunnunum í flugskýlinu, sem bifreiðinni var ekið að. Er ljóst, að opið flugskýlið og flugvélin hafa blasað við ökumanni bifreiðarinnar, er hann ók að skýlinu. Það má fallast á það, að slæm birta og aksturstefna bifreiðarinnar um það bil á mitt flugskýlið og á stél flugvélarinnar hafi valdið því, að erfiðara var fyrir ökumanninn að átta sig á því, hvort flugvélin hreyfðist eða hversu hratt hún hreyfðist. Þrátt fyrir það verður að líta svo á, að á leiðinni að flugskýlinu hefði ökumaður bifreiðarinnar átt að verða var hreyfingar flugvélarinnar eða hversu hratt hann nálgaðist hana með því að beita þeirri aðgæslu, sem honum bar að sýna, svo að hann hefði í tæka tíð getað hagað akstri bifreiðarinnar þannig, að ekki skapaðist það hættuástand, sem var undanfari árekstursins. Telja verður ósannað, hvort bifreiðin hafði stöðvast, áður en árekstur varð. Verður að telja, að ökumaður sorphirðingarbifreiðarinnar hafi ekki sýnt þá aðgæslu, sem honum bar við akstur bifreiðarinnar á þessum stað, og eigi hann því verulega sök á árekstrinum. Við flutning á svo stóru og dýru tæki sem flugvélar af gerðinni Fokker Friendship bar nauðsyn til að þeir, sem það önnuðust, gættu fyllstu varúðar og hefðu fulla yfirsýn yfir svæði það, sem færa þurfti flugvélina um, þrátt fyrir þá takmörkun umferðar, sem ákvæði 6. gr. reglu-

gerðar nr. 53/1949 gera ráð fyrir, en telja verður ljóst, að nokkur umferð bifreiða hafi tíðkast í nágrenni við flugskýlið. Ljóst er, að þeir tveir menn, sem önnuðust flutning flugvélarinnar í umrætt sinn, sáu ekki aftur fyrir flugvélina. Verður að telja, að á það hafi skort, að höfð væri nauðsynleg aðgæsla við þetta verk, og því verði stefnandi sjálfur að bera tjón sitt að hluta. Eftir öllum atvikum þykir rétt að skipta fébótaábyrgð þannig, að stefndi bæti tjón stefnanda að ⅔ hlutum, en stefnandi beri tjón sitt að öðru leyti sjálfur.

Fjárhæð dómkröfu stefnanda er sundurliðuð þannig:

1. Tækniaðstoð frá Fokker VFW, Hollandi, skv. dskj. nr. 4, Dfl. 5.370.00 ..... kr. 147.111
2. 271 vinnustund á kr. 880 ..... — 238.480
3. Varahlutir samkvæmt nánari sundurliðun á dskj. nr. 4 ..... — 561.523

Kr. 947.114

Við munnlegan flutning málsins kom fram af hálfu stefnda, að stefndi hefði ekki aðstöðu til að hafa uppi rökstudd mótmæli gegn fjárhæð dómkröfu stefnanda, en taka beri tillit til þess, að nýir hlutir hafi komið í stað gamalla. Þá kom og fram af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins, að þótt stefnandi væri ekki búinn að fá greiddar bætur frá tryggingarfélagi sínu fyrir tjón þetta, þá beri allt að einu að lækka bætur, sem kunni að verða dæmdar, með hliðsjón af ákvæði 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Ekki er annað fram komið en stefnandi sé réttur aðili máls þessa. Er ekki grundvöllur til að beita ákvæðum 25. gr. laga nr. 20/1954 í máli þessu.

Ekki þykja efni til að lækka tjónbætur á þeim grundvelli, að nýir hlutir hafi komið fyrir gamla.

Samkvæmt þessu þykir verða að leggja fjárhæð dómkröfu stefnanda til grundvallar óbreytta. Verða því úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda ⅔ hluta af kr. 947.114, eða kr. 631.408.70 með 7% ársvöxtum frá 20. janúar 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 120.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan

ásamt samdómendunum Karli Eiríkssyni flugmanni og Sigurgesti Guðjónssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, greiði stefnanda, Flugfélagi Íslands h/f, kr. 631.408.70 með 7% ársvöxtum frá 20. janúar 1972 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 120.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. mars 1977.

Nr. 177/1975. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Grími S. Runólfssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Úrskurður um lögtak úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Leó E. Löve, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m. Hann krefst þess, að „hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur að því er snertir þinggjöld til skattheimtu ríkissjóðs í Kópavogi, kr. 65.920.00, og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak til tryggingar þessum þinggjöldum í eignum stefnda". Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að því er varðar kröfur áfrýjanda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á dómþingi fógetaréttar Kópavogs 23. janúar 1975 var bókað, að teknar væru fyrir beiðnir bæjarsjóðs Kópavogs og skattheimtu ríkissjóðs í Kópavogi um að gera lögtak hjá stefnda. Lögtaksbeiðni lá frammi frá lögmanni bæjarsjóðs, og var þar krafist lögtaks til tryggingar ógreiddum útsvörum. Krafa ríkissjóðs, sem tekin var til meðferðar á þessu dómþingi, var um greiðslu eftirstöðva tekjuskatts. Eftir þetta var fjallað um lögtakskröfurnar í einu fógetaréttarmáli, og var hinn áfrýjaði úrskurður um þær báðar.

Lögtakskröfur áðurnefndra tveggja aðilja voru annars vegar um greiðslur tekjuskatts og hins vegar greiðslu útsvars. Um gjöld þessi eru ekki sömu lagareglur, og verður eigi talið, að kröfurnar séu af sömu rót runnar. Í Kópavogi hefur ekki verið notuð heimild 1. gr. laga nr. 68/1962 um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda. Var óheimilt að fjalla um kröfurnar og úrskurða í einu fógetaréttarmáli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð sjálfkrafa úr gildi að því er varðar áfrýjanda og stefnda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur að því er varðar aðilja þessa hæstaréttarmáls, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Grím S. Runólfsson.

Áfrýjandi greiði stefnda 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður fógetaréttar Kópavogs 5. ágúst 1975.

1.0.

1.1. Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. júlí sl. að loknum munnlegum málflutningi, hafa gerðarbeiðendur krafist þess, að lögtak verði gert í eignum gerðarþola til tryggingar

opinberum gjöldum, álögðum 1973 og 1974, en þau eru útsvar til bæjarsjóðs Kópavogs, kr. 108.500, og þinggjöld til skattheimtu ríkissjóðs í Kópavogi, kr. 65.920, eða samtals kr. 174.420, ásamt vöxtum og kostnaði við lögtaksgerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Auk þess hafa gerðarbeiðendur krafist málskostnaðar úr hendi gerðarþola.

1.2. Kröfur gerðarþola eru þær, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu gerðar og honum úrskurðaður hæfilegur málskostnaður úr hendi gerðarbeiðenda.

2.0.

2.1. Mál þetta snýst um opinber gjöld gerðarþola vegna áætlaðrar hækkunar tekna hans gjaldárin 1970 og 1971, þ. e. tekna, sem aflað var árin 1969 og 1970.

2.2. Gerðarþoli skilaði á tilskildum tíma skattframtölum sínum til skattstofu. Meðfylgjandi framtölum hans var bókhald, þ. e. reksturs- og efnahagsreikningur yfir bifreið gerðarþola, sem á þeim árum var leigubifreiðarstjóri.

Voru ofangreind gögn lögð til grundvallar við álagningu gjalda hans viðkomandi skattár, en með bréfi skattstjórans í Reykjaneslumdæmi, dags. 30. ágúst 1972, er gerðarþola tilkynnt, að framtöl hans og fyrirliggjandi bókhald séu ekki nægilega traust, til að þau verði lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda, og skattstofan hefði í hyggju að ákveða honum gjaldstofna til álagningar opinberra gjalda að nýju fyrir umrædd ár með áætlun.

Í nefndu bréfi eru taldir upp 4 liðir sem tilefni hinnar væntanlegu áætlunar.

2.2.1. Er bent á í fyrsta lagi, að tekjur hans miðað við bensíneyðslu séu að meðaltali kr. 54.79 á hvern bensínlítra árið 1969 og kr. 63.48 árið 1970, sem í bréfinu er talið óeðlilega lágt miðað við sambærilega aðilja.

2.2.2. Í öðru lagi er bent á, að miðað við 14 lítra eyðslu á hverja 100 kílómetra hafi gerðarþoli ekið um 38.000 km á árinu 1969 og 34.000 km á árinu 1970, sem er talið óeðlilega lítið.

2.2.3. Í þriðja lagi er lífeyrir gerðarþola, kr. 155.351 á árinu 1969 og kr. 186.896 á árinu 1970, talinn lægri en „virðist geta staðist".

2.2.4. Þá er í fjórða lagi minnt á, að ekki liggi fyrir upplýsingar um notkun bifreiðar gerðarþola til eigin þarfa. Síðar hvarf

skattstjóri frá að byggja á þessum lið, og verður því ekki frekar um hann fjallað.

2.3. Með bréfi, dags. 9. ágúst (sic) 1972, svarar gerðarþoli athugasemdum skattstjórans.

2.3.1. Bendir hann þar á í fyrsta lagi, að hluti tekna sinna hjá BSF Kópavogs sé fyrir bílaafnot.

2.3.2. Í öðru lagi bendir hann á, að bifreið hans hafi verið stór amerísk bifreið, auk þess sem hann kveðst ekki hafa heyrt, að um lágmarkstölu ekinna kílómetra ætti að vera að ræða.

2.3.3. Í þriðja lagi bendir hann á, að fjölskyldustærð sé aðeins þau hjónin og hafi þau ætíð orðið að sníða sér stakk eftir vexti.

2.3.4. Að lokum minnist gerðarþoli í bréfi sínu á einkaafnot bifreiðar sinnar, sem ekki verður fjallað um frekar.

2.4. Að þessum bréfaskiptum loknum sendi skattstjórinn í Reykjanesumdæmi gerðarþola bréf, þar sem honum er tilkynnt, að fyrrgreind framtöl hans hefðu verið tekin til endurálagningar skv. áðurgreindum 1.—3. lið bréfs skattstjórans, dags. 30. ágúst 1972, „þar sem ekki þykja koma fram viðhlítandi skýringar í bréfi yðar, dags. 9. ágúst 1972".

Áætluð teknaviðbót á framtali árið 1970 var kr. 160.000 að viðbættum 25% viðurlögum, kr. 40.000, og á framtali árið 1971 kr. 250.000 að viðbættum 25% viðurlögum, kr. 62.500.

Úrskurðarorð skattstjórans urðu því þessi: „Tekjuskattur 1970 verður kr. 39.926, var kr. 0. Hækkun kr. 39.926. Tekjuútsvar 1970 verður kr. 66.859, var kr. 9.259. Hækkun kr. 57.600. Tekjuskattur 1971 verður kr. 62.075, var kr. 0. Hækkun kr. 62.075. Tekjuútsvar 1971 verður kr. 99.952, var kr. 9.752. Hækkun kr. 90.200".

2.5. Gerðarþoli mótmælti ofangreindri hækkun í bréfi sínu, dags. 6. des. 1972. Kveður hann hækkunina órökstudda, bendir á, að engin skekkja hafi fundist í bókhaldi, telur útreikninga um bensíneyðslu og vinnuástundun út í hött. Hinn lága lífeyri sinn skýrir gerðarþoli með hagsýni og nægjusemi þeirra hjóna.

Gerir hann að lokum þá kröfu, að umrædd hækkun opinberra gjalda verði felld niður.

2.6. Með bréfi skattstjórans í Reykjanesumdæmi, dags. 27. febr. 1973, er úrskurðað, að tekjuskattur og útsvar 1970 og 1971 standi óbreytt.

Forsendur þessa úrskurðar eru þær sömu og gefið var í bréfi skattstjórans 30. ágúst 1972, lið 1—3.

Í forsendum úrskurðarins segir auk þess:

„Hvorki í svarbréfi eða kæru tilgreinir kærandi, hver sé meðaleyðsla bifreiðarinnar eða hve hann hafi ekið mikið, en telja verður, að heildarakstur hans sé minni en eðlilegur geti talizt, þar sem um aðalstarf er að ræða. Skýringar á lágum lífeyri þykja ófullnægjandi. Kröfunni er því synjað".

2.7. Með bréfi, dags. 20. mars 1973, skaut gerðarþoli máli sínu til ríkisskattanefndar.

2.8. Með úrskurði 26. september 1973 lækkaði ríkisskattanefnd áætlaðar tekjur gerðarþola um kr. 50.000 gjaldárið 1970 og um kr. 80.000 gjaldárið 1971. Við þetta lækkuðu upphæðir þær, sem gerðarþola hafði verið gert að greiða skv. úrskurði skattstjórans í Reykjanesumdæmi. Varð tekjuskattslækkun árið 1970 kr. 13.635, en árið 1971 kr. 21.816, og útsvarslækkun árið 1970 kr. 15.000 og 1971 kr. 24.000.

Í forsendum úrskurðarins er vitnað til margnefnds bréfs frá 30. ágúst 1972 og áætlunar skattstjóra Reykjanesumdæmis og getið kröfu gerðarþola um, að tekjuviðbætur verði felldar niður. Síðan segir í úrskurðinum:

„Eins og atvikum málsins er háttað, var tilefni til að vefengja framtöl kæranda og gera honum að greiða skatta að nýju, sbr. 38. gr. og 37. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í kæru til ríkisskattanefndar kemur fram, að kærandi starfi mikið að félagsmálum og verji til þess nokkrum hluta af vinnutíma sínum. Auk þess sé hann mældur 45% öryrki til leigubifreiðarstjórastarfa af Tryggingastofnun ríkisins".

Var teknaviðbót lækkuð, svo sem fyrr greinir, af ríkisskattanefnd, „eftir atvikum".

2.9. Að beiðni lögmanns gerðarbeiðenda lét skattstjóri í Reykjanesumdæmi í té upplýsingar vegna máls þessa með bréfi, dags. 2. apríl 1975, þar sem fram kemur, á hverju hinir 3 liðir bréfs hans frá 30. ágúst 1972 voru byggðir. Samkvæmt upplýsingum skattstjórans var stuðst við gögn frá verðlagsstjóra, þ. á m. upplýsingar frá Félagi leigubifreiðarstjóra, þegar reiknaðar voru meðaltekjur miðað við 1 lítra eldsneytiseyðslu. Segir orðrétt í bréfinu: „Var talið hæfilegt að miða við, að meðaltalið væri 66 kr. per líter árið 1969 og 82 kr. árið 1970, og meðaltalseldsneytiseyðsla væri um 7.000 l hvort ár". Segir síðan, að við áætlun tekna hjá gerðarþola hafi þessu ekki verið að fullu beitt, tekjur gjaldársins 1970 hefðu með því hækkað um kr. 170.765 í stað 160.000, eins og úrskurðað var, og ársins 1971 um kr. 271.000 í stað 250.000.

Í bréfi skattstjórans segir um ályktun hans á of lágum lífeyri, að ekki sé fyrir hendi annar útreikningur á lágmarkslífeyri en útreikningur Hagstofu Íslands, byggður á vísitölu framfærslukostnaðar, og hafi almenn neysluútgjöld vísitölufjölskyldunnar, þ. e. hjóna með 1.98 barn, verið kr. 257.431 á árinu 1969 og kr. 296.734 á árinu 1970. Af bréfinu má ráða, að þessar tölur séu sambærilegar við lífeyri þann, sem útreiknaður er við meðferð skattframtala. Í bréfi skattstjórans segir:

„Við mat á því, „hvenær lífeyrir er lægri en eðlilegt getur talist", er litið til ýmissa þátta, s. s. fjölskyldustærðar, þ. e. einnig hvort börn eldri en 16 ára eru á heimili gjaldanda, stærð og gerð íbúðarhúsnæðis, svo og bifreiðar, ef rekstrarkostnaður liggur ekki fyrir, aldurs og annarra upplýsinga, t. d. veikinda".

Að lokum fylgir bréfi skattstjórans listi yfir 20 leigubifreiðarstjóra auk gerðarþola, sem höfðu það sammerkt með gerðarþola umrædd ár að hafa á árinu 1970 verið giftir og barnlausir og búið í eigin húsnæði. Sýna tölur þessar lífeyri á árinu 1969 allt frá kr. 154.421 til kr. 275.901 og á árinu 1970 allt frá kr. 97.651 til kr. 267.345. Auk þess fylgdi bréfinu í ljósriti grundvöllur vísitölu framfærslukostnaðar.

2.10. Gerðarþoli sætti sig ekki við ofangreinda úrskurði skattayfirvalda og greiddi ekki þau gjöld, sem byggðust á áætlunum um hækkaðar tekjur hans.

2.11. Var því af hálfu gerðarbeiðenda farið fram á, að lögtak yrði gert í eignum gerðarþola til tryggingar gjöldum þessum. Voru málin tekin fyrir 23. janúar sl. og rekin sameinuð, enda lagaskilyrði fyrir hendi.

2.12. Lögmaður gerðarbeiðenda vísaði í greinargerð sinni til áðurgreindra bréfaskipta milli skattayfirvalda og gerðarþola svo og til bréfs skattstjórans í Reykjanesumdæmi frá 2. apríl sl., sem áður greinir. Sérstaklega var bent á vísitölugrundvöll þann, sem fylgdi nefndu bréfi, og talið, að fjarri lagi hafi verið að gerðarþoli hefði getað lifað af tekjum sínum umrædd ár.

2.13. Lögmaður gerðarþola skilaði ítarlegri greinargerð um málið.

2.13.1. Byggir hann mótmæli sín gegn framgangi gerðarinnar í fyrsta lagi á því, að skattstjóri hafi ekki haft heimild til endurupptöku á þegar álögðum opinberum gjöldum, þar eð engin ný gögn eða atvik hafi legið fyrir, er gátu réttlætt það. Er í þessu sambandi vitnað til 38. gr. laga 90/1965, sbr. 61. gr. laga 51/1964.

2.13.2. Víkur lögmaðurinn síðan að þeim þrem liðum bréfs skattstjórans, sem áætluð teknahækkun var á reist.

2.13.2.1. Hvað fyrsta tölulið snertir, segir í greinargerðinni, að ekki liggi fyrir, við hvaða „sambærilega aðila" var miðað, þegar talið var, að tekjur gerðarþola pr. bensínlítra væru of lágar, en auk þess er bent á, að laun þau, er gerðarþoli fékk hjá BSF Kópavogs, hafi verið nær eingöngu þóknun fyrir bílaafnot, sem kæmi þá til hækkunar á tekjum pr. lítra.

2.13.2.2. Varðandi annan tölulið er í greinargerðinni harðlega mótmælt útreikningum skattstjóra á árskeyrslu og bent á, að gerðarþoli sé talinn 45% öryrki til leigubifreiðarstjórastarfa af Tryggingastofnun ríkisins.

2.13.2.3. Um þriðja tölulið segir í greinargerðinni, að ekki komi fram, á hverju álit skattstjóra um of lágan lífeyri sé byggt. Er því mótmælt, að lífeyrir gerðarþola hafi verið óeðlilega lágur umrædd ár, hann hafi verið eðlilegur og áætluð teknaviðbót, einungis vegna of lágs lífeyris, hafi verið óréttlát, þar sem gerðarþoli hafi getað lifað á fjárhæðum þeim, er hann hafi haft til einkaneyslu samkvæmt framtölum 1970 og 1971.

2.13.4. Að lokum er gerð athugasemd við þau ummæli í bréfi skattstjórans, að skattframtöl og bókhald séu ekki nægilega traust, til að þau verði lögð til grundvallar við álagningu opinberra gjalda. Segir í greinargerðinni, að ekki sé vikið einu orði að göllum í athugasemdum skattstjóra, enda hafi bókhald verið fært samkv. lögum 51/1968 um bókhald.

3.0.

3.1. Við munnlegan málflutning 29. júlí 1975 ítrekuðu lögmenn aðilja röksemdir og málsástæður.

4.0.

4.1. Í máli þessu fara gerðarbeiðendur, bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, fram á, að gert verði lögtak hjá gerðarþola, Grími S. Runólfssyni, til tryggingar opinberum gjöldum, er skattstjóri hefur lagt á skv. áætlun um teknaviðbót á framtaldar tekjur, en áætlun þessa hefur ríkisskattanefnd staðfest að hluta.

4.1.1. Er beiðnin rökstudd með því, að heimilt hafi verið að áætla teknahækkun, þar sem skattframtöl gerðarþola hafi borið það með sér, að gerðarþoli hafi ekki getað framfleytt sér á framtöldum tekjum.

4.1.2. Af hálfu gerðarþola er því hins vegar mótmælt, að nokkuð það komi fram í skattframtölum hans, sem réttlætt gæti umræddа áætlun um teknahækkun. Þá er því haldið fram, að lífeyrir gerðarþola hafi ekki verið svo lágur, að hann hafi ekki getað framfleytt sér af honum.

4.2. Svo sem ítarlega hefur verið rakið hér að framan, er áætlun skattstjóra sem ríkisskattanefndar byggð á þrem liðum bréfs skattstjórans í Reykjanesumdæmi, dags. 30. ágúst 1972.

4.2.1. Í fyrsta lið er þar fjallað um óeðlilega lágar tekjur miðað við hvern bensínlítra.

Ekki liggja fyrir neinar opinberar skýrslur um eyðslu hverrar bifreiðartegundar á bensíni miðað við vegalengd, en skattstjóri miðar við „sambærilega aðila" í þessu efni.

Gerðarþoli hefur skýrt hina lágu krónutölu með tvennu móti, bifreið hans var stór og eyðslufrek, amerísk bifreið, og mikill hluti tekna hans hjá BSF Kópavogs var vegna afnota bifreiðarinnar, þótt ekki væri fært í rekstursreikning hennar. Skýringar þessar voru reyndar fyrir hendi við áætlun á teknahækkunum, en ekki er vikið að þeim í úrskurðum skattayfirvalda.

Með þessum skýringum svo og með tilliti til þess, að skattstjóri hefur ekki rökstutt nægilega, að tekjur gerðarþola séu of litlar miðað við bensínnotkun, verður ekki byggt á 1. lið bréfs skattstjóra frá 30. ágúst 1972.

4.2.2. Skattstjóri telur akstur gerðarþola óeðlilega lítinn miðað við þær forsendur, sem hann gefur sér.

Telja verður þennan lið órökstuddan með öllu, og verður því ekki á honum byggt.

4.2.3. Í þriðja lagi er í bréfi skattstjóra talið, að um of lítinn lífeyri gerðarþola hafi verið að ræða umrædd ár.

Helsti rökstuðningur skattstjórans er vísitölugrundvöllur sá, sem áður er greint frá.

Samkvæmt grundvelli þeim var lífeyrir hjóna með 1.98 barn kr. 257.431 árið 1969, en kr. 296.734 árið 1970.

Lífeyrir gerðarþola, en fjölskylda hans er einungis hann og eiginkona hans, var þessi ár kr. 155.351 og kr. 186.896.

Fram hefur komið í málinu, að gerðarþoli er alger bindindismaður, stundar lítt skemmtanir og kostnaður við að komast á vinnustað er enginn.

Hafa verður í huga, að umræddur vísitölugrundvöllur er byggður á meðaltali, og því ekki ólíklegt, að fjölskyldur komist af með minna en þar greinir.

Að þessu athuguðu þykir skattstjóri ekki hafa rökstutt nægilega álit sitt um of lágan lífeyri, og verður því ekki á þessum lið byggð áætlun um tekjuhækkun.

5.0.

5.1. Af framanskráðu er ljóst, að skattstjóri og ríkisskattanefnd hafa ekki rökstutt nægilega áætlanir um hækkun á tekjum, svo sem ber þó að gera lögum samkvæmt. Af þeirri ástæðu ber að synja um framkvæmd hinnar umbeðnu gerðar.

Eftir atvikum þykir rétt, að gerðarbeiðendur, bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, greiði gerðarþola málskostnað in solidum, og telst hann hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Úrskurðarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðendur, bæjarsjóður Kópavogs og skattheimta ríkissjóðs í Kópavogi, greiði gerðarþola, Grími S. Runólfssyni in solidum málskostnað, kr. 30.000.

Fimmtudaginn 3. mars 1977.

Nr. 219/1974. **Bergþóra Jónsdóttir og**
Halldór Jónsson, eigendur Stekkholts,
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Birni Sigurðssyni, eiganda Úthlíðar II,
Sigurði Jónssyni, eiganda Úthlíðar I,
(Sigurður Ólason hrl.)
og
Hauki Þórðarsyni og
Steinari Þórðarsyni, eigendum Hrauntúns
(Hjörtur Torfason hrl.).

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, að veita aðiljum kost á að afla gagna um þau atriði, er hér greinir:

1. Leitt verði í ljós fyrir dómi, hvort nokkur ágreiningur er um landamerki jarðanna Úthlíðar I og II, Stekkholts og Hrauntúns og aðliggjandi jarða. Ef svo er, skal greina aðilja þá, sem að ágreiningnum standa, og marka þrætulandið á uppdrátt.

2. Aðiljar gefi skýrslur fyrir dómi um það, hvernig háttað hefur verið hagnýtingu landareignar Úthlíðartorfu, þ. e. Úthlíðar I og II, Stekkholts og Hrauntúns, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1941. Einnig verði aflað annarra tiltækra gagna um þetta atriði.

3. Til skýringar á ákvæði yfirlandskiptagerðar um umferðarrétt ábúanda Stekkholts með fjárrekstra yfir skipt lönd Úthlíðar I og II og Hrauntúns verði yfirlandskiptamenn krafðir umsagnar um eða vættis fyrir dómi um umferðarákvæði 4. tl. yfirlandskiptagerðarinnar.

4. Loks er aðiljum veittur kostur á að afla gagna um önnur atriði, sem framangreind gagnaöflun kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Þriðjudaginn 8. mars 1977.

Nr. 30/1974. **Karl Hávarðsson**
Guðný Hávarðsdóttir og
Kristján Hávarðsson
(Hörður Einarsson hrl.).
gegn
Jóni B. Georgssyni
Valtý Guðjónssyni og
(Sveinn Snorrason hrl.)
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Árni Guðjónsson hrl.)
og til réttargæslu
Dánarbúi Alfreðs Gíslasonar bæjarfógeta
(enginn)
Dómsmálaráðherra og
(Árni Guðjónsson hrl.)
Hávarði Reimarssyni
(enginn).

Afsal fasteignar. Lögráðendur. 37. gr. lögræðislaga. Tómlæti. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 4. febrúar 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. janúar s. á. Hafa áfrýjendur gert þessar dómkröfur:

„Aðalkröfur: 1) Að stefndi Jón B. Georgsson verði dæmdur til þess að þola riftun kaupa á eignarhluta áfrýjenda í húseigninni nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík (samtals $\frac{7}{8}$ hlutum, $\frac{7}{24}$ hlutum hvers, til vara samtals $\frac{3}{4}$ hlutum, $\frac{1}{4}$ hluta hvers) gegn endurgreiðslu á samtals kr. 148.750.00 ($\frac{7}{8}$ hlutum af kr. 170.000.00), til vara gegn endurgreiðslu á samtals kr. 127.500.00 ($\frac{3}{4}$ hlutum af kr. 170.000.00), til þrautavara gegn endurgreiðslu á annarri fjárhæð eftir mati dóms-

ins. Og 2) Að stefndu Jón B. Georgsson, Valtýr Guðjónsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir in solidum til þess að greiða áfrýjendum kr. 960.246.00 með 7% ársvöxtum af kr. 26.796.00 frá 31. desember 1963 til 31. desember 1964, af kr. 72.733.00 frá þeim degi til 31. desember 1965, af kr. 124.183.00 frá þeim degi til 31. desember 1966, af kr. 179.308.00 frá þeim degi til 31. desember 1967, af kr. 240.558.00 frá þeim degi til 31. desember 1968, af kr. 332.433.00 frá þeim degi til 31. desember 1969, af kr. 460.264.00 frá þeim degi til 31. desember 1970, af kr. 617.246.00 frá þeim degi til 31. desember 1971, af kr. 764.246.00 frá þeim degi til 31. desember 1972, af kr. 911.246.00 frá þeim degi til 30. apríl 1973, með 9% ársvöxtum af kr. 960.246.00 frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa: Að stefndu Jón B. Georgsson, Valtýr Guðjónsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir in solidum til þess að greiða áfrýjendum kr. 376.250.00 með 7% ársvöxtum frá 20. maí 1963 til 30. apríl 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags".

Þá hafa áfrýjendur krafist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu dómsmálaráðherra hefur verið sótt þing fyrir Hæstarétti og tekið undir kröfur fjármálaráðherra.

Réttargæslustefndi Alfreð Gíslason bæjarfógeti andaðist 30. maí 1976.

Nokkurra nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögu héraðsdóms, þ. á m. um það, hvenær áfrýjendurnir Guðný og Kristján gengu í hjúskap hvort um sig, svo og um ríkisfang þeirra Karls og Guðnýjar. Þá hefur verið lagt fram bréf dómsmálaráðuneytis 16. júlí 1975 til lögmanns áfrýjenda til svars við því, með hvaða hætti ráðuneytið veiti samþykki sitt venju samkvæmt til sölu og kaupa á fasteignum ófjárráða manna. Segir svo um þetta efni í bréfi ráðuneytisins:

„Dómsmálaráðuneytið veitir samþykki sitt, þegar kaupeða söluskilmálar eru þess eðlis, að þeir brjóta ekki í bága við hag hins ófjárráða aðila, og er ákvörðun þar að lútandi yfirleitt tekin að fengnum tillögum viðkomandi yfirfjárráðanda".

I.

Samkvæmt gögnum máls andaðist Guðný Jóhannesdóttir 8. október 1960. Erfingjar hennar voru börn hennar og réttargæslustefnda Hávarðs Reimarssonar, þau Karl L. Hávarðsson, fæddur 23. desember 1940, Gunnar L. Hávarðsson, fæddur 3. júlí 1944, Guðný L. Hávarðsdóttir, fædd 6. janúar 1946, og Kristján L. Hávarðsson, fæddur 3. október 1947. Karl var þá búsettur erlendis, en þau Gunnar, Guðný og Kristján bjuggu í Keflavík. Uppskrift á búi Guðnýjar Jóhannesdóttur fór fram 2. nóvember 1960. Reyndist eign búsins vera fasteignin nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík, að fasteignamatsverði 32.500 krónur, auk nokkurra lausafjármuna. Búskipti fóru hins vegar ekki fram þá.

Með bréfi bæjarfógetans í Keflavík 17. ágúst 1961 var stefndi Valtýr skipaður lögráðamaður barnanna. Gunnar L. Hávarðsson andaðist 17. febrúar 1962. Hinn 10. apríl 1963 var undirrituð skiptagerð sú, sem í héraðsdómi er rakin og þinglýst var 20. maí s. á. sem eignarheimild að fasteigninni nr. 46 við Kirkjuveg. Á kaupsamning um fasteignina, sem lýst er í héraðsdómi og dagsettur er 17. maí 1963, er ritað: „Samþykkur. — Yfirfjárráðandinn í Keflavík, 3. maí 1963 — Alfreð Gíslason". Samþykkis dómsmálaráðuneytis mun aldrei hafa verið leitað. Hinn 20. maí 1963 var gefið út afsal til stefnda Jóns, en það bar eigi áritun yfirfjárráðanda. Afsali þessu var þinglýst 24. s. m. án athugasemda.

Áfrýjandinn Karl krafði stefnda Valtý um skil á erfðahluta sínum síðla árs 1963. Stefndi Valtýr sendi Karli með bréfi 21. janúar 1964 ávísun að fjárhæð 466 bandaríkjadali og gerði honum grein fyrir sölu fasteignarinnar.

Samkvæmt gögnum máls afhenti stefndi Valtýr þeim Guðnýju og Kristjáni nokkrar fjárhæðir, eftir að fasteignin var

seld. Fór síðasta greiðsla til Guðnýjar fram í árslok 1964, en til Kristjáns í september 1967.

Hinn 23. janúar 1969 gerði stefndi Valtýr lögmanni áfrýjanda skil á verðmætum þeim, sem áfrýjendur áttu hjá honum, svo sem lýst er í héraðsdómi.

Hinn 10. október 1968 tilkynntu áfrýjendur stefndu Jóni og Valtý svo og réttargæslustefnda Alfreð, að þeir krefðust riftunar á skiptum frá 10. apríl 1963 og á sölu fasteignarinnar. Síðan höfðuðu þeir mál þetta með stefnu 23. desember 1969. Ný skipti fóru fram á búinu, og var skiptagerð staðfest 4. maí 1973. Er hún tekin upp að meginefni til í héraðsdómi.

II.

Áfrýjendur voru þinglýstir eigendur að fasteigninni nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík, er afsali stefnda Jóns B. Georgssonar var þinglýst. Voru þau talin eiga eignina í óskiptri sameign að ¼ hluta hvert með föður sínum, Hávarði Reimarssyni, samkvæmt skiptagerð 10. apríl 1963. Í máli þessu hafa áfrýjendur skorað á föður sinn að standa ásamt þeim að málssókninni, sem horfir að ógildingu kaupsamningsins frá 17. maí 1963 og afsalsins frá 20. s. m. Hann hefur eigi orðið við þeirri málaleitan. Hafa áfrýjendur stefnt honum til réttargæslu í málinu. Þykja ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 eigi standa málssókninni í vegi, eins og hér stendur á. Kröfur áfrýjenda eru reistar á því lagaviðhorfi, að þeim sé unnt að fá afsalið fyrir framangreindri fasteign dæmt ógilt, að því er varðar eignarhluta hvers um sig í eigninni, svo sem hún er ákvörðuð í skiptagerð, þ. e. aðallega samkvæmt yngri skiptagerð, en til vara samkvæmt eldri skiptagerð. Eigi voru andmæli höfð uppi af hálfu stefnda Jóns gegn því, að um kröfur þeirra yrði dæmt í þessu horfi. Verður hann því eigi sýknaður af kröfu áfrýjenda vegna þess, hvernig þeir hafa lagt mál sitt fyrir dómstól að þessu leyti.

III.

Áfrýjandinn Karl flutti búferlum til Bandaríkja Norður-Ameríku 1958 og hefur átt þar heima síðan. Samkvæmt ákvæðum 3. gr. laga nr. 95/1947 mundi hann hafa öðlast

fjárræði 23. desember 1961 að íslenskum lögum. Hann kveðst hafa fengið ríkisfang í Bandaríkjunum 1967. Áfrýjandinn Guðný fluttist til Bandaríkjanna haustið 1963 og hefur búið þar síðan. Hún giftist 25. júlí 1964. Þann dag fékk hún fjárræði að íslenskum lögum samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 95/1947 og samkvæmt lögum Texas-ríkis, þar sem hún þá var búsett. Guðný kveðst halda íslensku ríkisfangi. Áfrýjandinn Kristján hefur búið hér á landi. Hann kvæntist 15. október 1966 og öðlaðist fjárræði þann dag samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 95/1947.

IV.

Í héraðsdómi eru raktar rækilega aðiljaskýrslur stefnda Valtýs og stefnda Jóns um ástand fasteignar þeirrar, sem málið varðar, í apríl 1963 svo og skýrsla Alfreðs Gíslasonar bæjarfógeta til dómsmálaráðuneytisins 9. mars 1970 um sama efni. Skýrslur þessar bera með sér, að húsið var í mikilli niðurníðslu á þessum tíma. Segir svo m. a. í skýrslu bæjarfógetans:

„. . . ástand húseignarinnar var vægast sagt hörmulegt . . .“. Kveður hann húsið eigi hafa verið „í leigufæru ástandi“. Í bréfi bæjarfógetans til umboðsmanns fjármálaráðherra 26. nóvember 1970 segir m. a.: „Okkur (þ. e. stefnda Valtý og bréfritara) kom báðum saman um það, að kaupverðið væri gott miðað við ástand eignarinnar og almennt gangverð slíkra húsa í Keflavík á þeim tíma, enda töldum við það nær óseljanlegt vegna herfilegs ástands þess“. Var bæjarfógeti gagnkunnugur í Keflavík, þar sem hann bjó um langt árabil og hafði bæði verið bæjarstjóri og bæjarfógeti. Af hálfu áfrýjenda hafa engin gögn verið lögð fram í máli þessu til að hnekkja þessum skýrslum, þ. á m. hefur mats- eða skoðunargerða eigi verið aflað og eigi undirstöðugagna varðandi fasteignamat og brunabótamat. Áfrýjendur hafa og eigi komið fyrir dóm í máli þessu. Með vísan til þessa verður að leggja skýrslur aðilja, stefndu Jóns og Valtýs svo og Alfreðs Gíslasonar bæjarfógeta, um ástand hússins til grundvallar í máli þessu.

Af gögnum máls verður ráðið, að sameigendur höfðu eigi fjárhagslegt bolmagn til að hefjast handa um endurbætur og viðgerðir á húsinu á árinu 1963. Er sýnilegt, að húsið lá undir skemmdum, ef eigi varð að gert. Var og áfrýjendum þörf á að fá fé, er fengist við sölu hússins, sér til framfærslu.

V.

Verða nú teknar til úrlausnar kröfur áfrýjenda á hendur stefndu í málinu.

1. Kröfur áfrýjandans Karls.

Þegar stefndi Valtýr og réttargæslustefndi Hávarður afsöluðu meðstefnda Jóni ofangreindri fasteign í maí 1963, var Karl orðinn fjárráða. Reisir Karl kröfu sína um, að afsalinu til Jóns væri hrundið, á því, að Valtý hafi brostið heimild frá sér til að afsala sínum eignarhluta í fasteigninni, og skuldbindi afsalið sig því eigi.

Eins og fyrr greinir, var áfrýjandinn Karl búsettur erlendis, þegar gengið var frá eignarafsalinu. Í bréfi hans til stefnda Valtýs 29. desember 1963 kemur fram, að honum er þá kunnugt um sölu hússins nr. 46 við Kirkjuveg og söluverð. Gengur hann í bréfi þessu eftir greiðslu frá Valtý á sínum hluta af söluandvirði.

Stefndi Valtýr skýrði Karli skilmerkilega frá sölunni í bréfi 21. janúar 1964 og sendi honum tékka að fjárhæð 466 bandaríkjadali, er bréfritari taldi svara til hlutdeildar Karls í þeim hluta söluandvirðis, er þá hafði verið greiddur. Er því eigi andmælt í málinu, að Karl hafi veitt þessu bréfi og fé viðtöku. Vegna athugasemdalausrar viðtöku fjár þessa og langvarandi aðgerðarleysis síns þykir áfrýjandinn Karl eigi nú geta hnekkt sölu ofangreindrar fasteignar með þeim skilmálum, er stefndi Valtýr gerði honum grein fyrir. Er riftunarkrafa hans því eigi tæk. Er þá jafnframt grundvöllur brostinn undir öðrum kröfum hans í málinu.

Samkvæmt þessu ber að sýkna hina stefndu Jón, Valtý og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum áfrýjandans Karls í máli þessu. Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

2. Kröfur áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns.

Krafa þessara áfrýjenda um, að hrundið verði eignarafsalinu fyrir framangreindri fasteign, að því er varðar eignarhluta þeirra, er á því reist, að við afsalið hafi eigi verið gætt ákvæða 1. mgr. 37. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, er býður, að leita skuli samþykkis dómsmálaráðuneytis, ef binda á ófjárráða mann við sölu fasteignar.

Svo sem greinir að framan, er ósannað, að leitað hafi verið samþykkis dómsmálaráðuneytis til sölu fasteignarinnar, er afsal var gefið út 20. maí 1963. Í bréfi dómsmálaráðuneytisins 2. febrúar 1971 til lögmanns fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í héraði segir svo m. a.: „Vegna fyrirspurnar yðar ... í sambandi við málaferli vegna sölu húseignar í Keflavík, sem ófjárráða aðilar höfðu átt eignaraðild að, tekur ráðuneytið fram, vegna spurningar yðar um það, hver telja mætti, að hefðu orðið svör ráðuneytisins, ef leitað hefði verið samþykkis þess, vegna hinna ófjárráðu aðilja til sölunnar, að ráðuneytið telur lítinn vafa á því, að ef bæjarfógeti hefði í bréfi mælt með heimildinni, og með hefði fylgt sú lýsing á ásigkomulagi húseignarinnar, sem lögráðamaður barnanna gefur á því, mundi ráðuneytið hafa heimilað söluna". Bréf þetta felur eigi í sér samþykki á ofangreindum sölugerningi og hefur þegar af þeirri ástæðu eigi gildi um úrlausn máls þessa.

Þegar ofangreindri eign var afsalað, var Guðný 17 ára og Kristján 15 ára. Gekk sala hússins í berhögg við ákvæði 1. mgr. 37. gr. lögræðislaga.

Af hálfu stefndu er sú málsástæða uppi einum þræði, að áfrýjendurnir Guðný og Kristján hafi, eftir að þau urðu fjárráða, staðfest sölugerninginn, en öðrum þræði telja stefndu, að þessir áfrýjendur hafi fyrirgert rétti sínum til riftunar og fébóta vegna tómlætis um að hefjast handa um kröfugerð og málssókn. Skulu þessar málsástæður nú metnar, að því er varðar hvort þeirra um sig.

Guðný veitti alls viðtöku 28.278 krónum frá stefnda Valtý, eftir að fasteignin var seld, þar af 4.378 krónum, eftir að hún varð fjárráða. Kristján tók við 36.234 krónum frá Valtý, eftir að fasteignin var seld, þar af 6.500 krónum, eftir að

hann öðlaðist fjárræði. Ósannað er, að þau hafi fengið skilagrein frá stefnda Valtý um fjárgreiðslur þessar, þegar þær voru inntar af hendi. Er þess að geta, að Valtýr hafði undir höndum fé þeirra systkina, sem stafaði af öðru en söluandvirði fasteignarinnar. Þykir athugasemdalaus viðtaka þeirra á nefndum fjárgreiðslum, eftir að þau urðu fjárráða, þegar af þessari ástæðu eigi fela í sér staðfestingu þeirra á sölunni.

Af hálfu Guðnýjar er viðurkennt, að henni hafi verið kunnugt um sölu fasteignarinnar þegar vorið 1963. Hins vegar staðhæfir hún, að sér hafi þá verið ókunnugt um þann lagaannmarka, að vanrækt hafi verið að leita samþykkis dómsmálaráðuneytis til sölunnar. Kveðst hún eigi hafa öðlast vitneskju um þetta fyrr en síðsumars 1968, er hún kom í heimsókn hingað til lands. Þessum staðhæfingum er eigi hnekkt af hálfu hinna stefndu. Þegar þetta er virt og haft er í huga, að Guðný hefur verið búsett erlendis allt frá árinu 1963, þykir eigi verða á það fallist, að hún hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að fá sölugerningum um fasteignina nr. 46 við Kirkjuveg hrundið.

Málflutningur af hálfu Kristjáns er einnig reistur á því, að honum hafi eigi verið kunnugt um fyrr en síðsumars 1968, að samþykkis dómsmálaráðuneytis til sölu fasteignarinnar hafði eigi verið aflað. Þessari staðhæfingu hafa hinir stefndu eigi hnekkt. Hér er þess enn fremur að gæta, að aðeins liðu tæp tvö ár frá því, að Kristján varð fjárráða við stofnun hjúskapar, uns bréf 10. október 1968, þar sem lýst er riftunarkröfu, var ritað. Verður eigi talið, að Kristján hafi með tómlæti fyrirgert rétti sínum til að fá hrundið sölugerningi um fasteignina.

Þegar stefndi Jón keypti ofangreinda fasteign, hafði verið undirrituð skiptagerð sú frá 10. apríl 1963, er greinir í héraðsdómi. Var henni þinglýst 20. maí s. á. Verður við það að miða, að skiptagerðin hafi legið til grundvallar samningum þeim, sem mál þetta er risið af. Samkvæmt skiptagerðinni skyldu Guðný og Kristján verða eigendur að ¼ hluta fasteignarinnar hvort. Í skiptum þeirra Jóns og Guðnýjar og Kristjáns, er mál þetta varðar, þykir Jóni hafa verið rétt að

líta svo á, að þau hafi átt ¼ hluta eignarinnar hvort um sig.

Samkvæmt þessu og með vísan til þess, er segir í II, ber að fallast á þá kröfu áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns, að stefnda Jóni sé skylt að hlíta því, að kaupsamningur við hann frá 17. maí 1963 og afsal 20. s. m. varðandi fasteignina nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík sé eigi skuldbindandi fyrir þau, að því er varðar framangreinda eignarhluta þeirra. Verður sölugerningum þessum hrundið gegn því, að þau greiði Jóni hvort um sig 42.500 krónur.

Leitt er í ljós, að veðskuldabréf, sem stefndi Jón gaf út og greint er í héraðsdómi, er nú að fullu greitt. Eigi verður dæmt um það í máli þessu, hvort Jón kunni að eiga kröfu á hendur Guðnýju og Kristjáni vegna endurbóta hans á eigninni.

Síðari þáttur í aðalkröfu áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns beinist gegn öllum hinum stefndu, Jóni, Valtý og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og varðar skaðabætur fyrir missi hagnaðar af eigninn nr. 46 við Kirkjuveg á tímabilinu frá 1. júní 1963 til 30. apríl 1973. Fjárhæð krafna er byggð á matsgerð tveggja dómkvaddra manna, sem dagsett er 15. desember 1972. Er meginefni hennar tekið upp í héraðsdóm. Matsgerðin er miðuð við vergar leigutekjur af fasteigninni, en þar er hvorki dreginn frá kostnaður vegna rekstrar eignarinnar né opinber gjöld. Liggja eigi gögn fyrir í málinu um slíka frádráttarliði. Að framan er lýst ásigkomulagi hússins, þegar það var selt, og verður við það að miða, að húsið hafi þá eigi verið í leigufæru ástandi. Stefndi Jón staðhæfir, að hann hafi endurbætt húsið verulega. Ýmis gögn í málinu benda og í þessa átt. Er ósýnt, að hverju leyti leigutekjur megi rekja til þessara endurbóta. Þykir krafa þessi svo vanreifuð, að vísa beri henni frá héraðsdómi.

Varakrafa áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns á hendur stefndu er við það miðuð, að krafan um ógildingu afsals að nokkru eða öllu leyti verði ekki tekin til greina. Kemur hún því eigi til álita, eins og hér hagar til.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda Jón til að greiða áfrýjendunum Guðnýju og Kristjáni málskostnað

í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 175.000 krónur, en málskostnaður milli Guðnýjar og Kristjáns og stefndu Valtýs og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Framangreindri skaðabótakröfu áfrýjendanna Guðnýjar Hávarðsdóttur og Kristjáns Hávarðssonar á hendur stefndu, Jóni B. Georgssyni, Valtý Guðjónssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjandans Karls Hávarðssonar í máli þessu. Málskostnaður milli þessara málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Kaupsamningi við stefnda Jón B. Georgsson 17. maí 1963 og afsali honum til handa 20. s. m. varðandi fasteignina nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík er hrundið, að því er varðar framangreinda eignarhluta áfrýjendanna Guðnýjar Hávarðsdóttur og Kristjáns Hávarðssonar í eignunni gegn því, að þau greiði hvort um sig stefnda Jóni B. Georgssyni 42.500 krónur.

Stefndi Jón B. Georgsson greiði áfrýjendunum Guðnýju Hávarðsdóttur og Kristjáni Hávarðssyni málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 175.000 krónur, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti milli þessara áfrýjenda og stefndu Valtýs Guðjónssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

I.

Ég er samþykkur I.—IV. kafla í atkvæði meiri hluta dómenda og úrlausn þeirra á kröfum áfrýjandans Karls í máli þessu.

II.

Kröfur áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns um ógildingu á sölu fasteignarinnar nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík, að því er varðar eignarhluta þeirra, eru á því reistar, að við afsalið hafi eigi verið gætt ákvæða 1. mgr. 37. gr. laga nr. 95/1947, er býður að leita skuli samþykkis dómsmálaráðuneytis, ef binda á ófjárráða mann við sölu fasteignar.

Það er ósannað, að aflað hafi verið samþykkis dómsmálaráðuneytis til sölu fasteignarinnar. Í bréfi dómsmálaráðuneytis 2. febrúar 1971 segir svo m. a.: „Vegna fyrirspurnar yðar . . . í sambandi við málaferli vegna sölu húseignarinnar í Keflavík, sem ófjárráða aðilar höfðu átt eignaraðild að, tekur ráðuneytið fram, vegna spurningar yðar um það, hver telja mætti, að hefðu orðið svör ráðuneytisins, ef leitað hefði verið samþykkis þess, vegna hinna ófjárráðu aðila, til sölunnar, að ráðuneytið telur lítinn vafa á því, að ef bæjarfógeti hefði í bréfi mælt með heimildinni, og með hefði fylgt sú lýsing á ásigkomulagi húseignarinnar, sem lögmaður barnanna gefur á því, mundi ráðuneytið hafa heimilað söluna".

Afrýjandinn Guðný er fædd 6. janúar 1946. Hún varð fjárráða 25. júlí 1964, er hún giftist. Áfrýjandinn Kristján er fæddur 30. október 1947. Hann varð fjárráða 15. október 1966, er hann kvæntist.

Þar sem báðir þessir áfrýjendur voru ófjárráða og samþykkis dómsmálaráðuneytis til sölunnar var eigi aflað, öðlaðist stefndi Jón í upphafi eigi lögmæta eignarheimild fyrir eignarhluta þeirra í fasteigninni.

Af gögnum máls verður ráðið, að eftir að fasteignin var seld, hafi áfrýjandinn Guðný veitt viðtöku úr hendi stefnda Valtýs alls 28.278 krónum, þar af 4.378 krónum eftir að hún varð fjárráða. Þá hafi áfrýjandinn Kristján veitt viðtöku úr hendi stefnda Valtýs alls 36.234 krónum eftir söluna, þar af um 6.500 krónum eftir að hann varð fjárráða.

Við það verður að miða, að báðir þessir áfrýjendur hafi dvalist í Keflavík, þegar fasteignin var seld, og að þau hafi vitað um söluna. Ef hugur þeirra stóð til þess að fá ógilta sölu fasteignarinnar, var þess brýn þörf, eins og atvikum máls þessa var háttað, að þau hæfust handa um ráðstafanir til ógildingar eigi síðar en fljótlega eftir að þau urðu fjárráða. Hins vegar höfðu þau ekki uppi tilburði í því efni fyrr en með bréfi lögmanns þeirra frá 10. október 1968 og höfðun máls þessa með stefnu 23. desember 1969. Þegar þessa er gætt og virt öll atvik að sölu fasteignarinnar, þykja þau hafa sýnt slíkt tómlæti um heimtu réttar síns, að það taki fyrir, að fallist verði á kröfu þeirra um ógildingu sölunnar til stefnda Jóns.

Krafa þeirra Guðnýjar og Kristjáns á hendur öllum stefndu vegna missis arðs af fasteigninni er á því byggð, að krafa þeirra um ógildingu sölu fasteignarinnar nái fram að ganga. Þar sem henni hefur verið hrundið, kemur þessi kröfuþáttur þegar af þeirri ástæðu eigi til greina.

Varakrafa þessara áfrýjenda er á því reist, að fasteignin hafi verið seld undir gangverði, og er um það efni vísað til fasteignamats og brunabótamats eignarinnar á sölutíma. Svo sem að framan segir, hafa þessir áfrýjendur firrt sig rétti til ógildingar sölu fasteignarinnar með tómlæti um að halda fram kröfum sínum, og á það einnig við um þennan þátt krafna þeirra. Með þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð í málinu, er eigi gert líklegt, að söluverð fasteignarinnar hafi verið undir gangverði, þegar tillit er tekið til gagna, sem við nýtur um ástand hennar og upphaflega gerð hússins. Þá hafa engin rök verið leidd að þeim mistökum í stjórnsýslu, er fellt geti fébótaábyrgð á hendur ríkissjóði. Ber því að sýkna stefndu af þessari kröfu áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli þessara áfrýjenda og hinna stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur úrlausn meiri hluta dómara í máli þessu, að öðru leyti en því, er varðar áfrýjandann Guðnýju, svo og um ákvörðun málskostnaðar, að því er tekur til áfrýjendanna Guðnýjar og Kristjáns.

Guðný varð fjárráða 25. júlí 1964, er hún giftist. Hún veitti alls viðtöku 28.278 krónum, eftir að fasteignin var seld, þar af 4.378 krónum eftir að hún öðlaðist fjárræði. Eigi er sannað, að skýr grein hafi verið gerð fyrir því, að þessi fjárgreiðsla stafaði af sölu fasteignarinnar nr. 46 við Kirkjuveg. Þykir varhugavert að telja, að í athugasemdalausri viðtöku hennar á síðargreindu fjárgreiðslunni felist staðfesting á sölunni af hennar hendi. Á hitt er að líta, að Guðnýju var kunnugt um söluna þegar á árinu 1963, að því er miða verður við, og jafnframt um hið slæma ástand eignarinnar, sem gerði það brýnt að hefjast handa um gagngerar endurbætur, en selja hana að öðrum kosti.

Guðný hófst eigi handa um að lýsa riftunarkröfu sinni fyrr en með bréfi lögmanns síns 10. október 1968. Voru þá liðin nærfellt 5½ ár frá því að kaupsamningur var gerður og afsali þinglýst og rösk 4 ár frá því að hún varð fjárráða. Verður að telja, að Guðný hafi sýnt af sér slíkt tómlæti um að halda fram kröfu sinni, að það taki fyrir, eins og hér stendur á, að ógilding verði dæmd. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda Jón B. Georgsson af ógildingarkröfu hennar. Af sömu ástæðu verður að sýkna stefndu Jón, Valtý og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs af kröfum hennar um fébætur vegna missis hagnaðar af ofangreindri fasteign.

Varakrafa Guðnýjar á hendur þeim Jóni, Valtý og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er á því reist, að fasteignin hafi

verið seld undir gangverði, og er um það efni vísað til fasteignamats og brunabótamats eignarinnar á sölutíma. Svo sem að framan segir, hefur Guðný sýnt af sér tómlæti um að halda fram kröfum sínum, og á það einnig við um þennan þátt í kröfugerð hennar. Ástæða þykir til að geta þess, að með þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð í málinu, er eigi gert líklegt, að söluverð hússins hafi verið undir gangverði, þegar tillit er tekið til gagna, sem við nýtur í málinu um lélegt ástand hússins og upphaflega gerð þess. Ber því að sýkna stefndu af þessari kröfu áfrýjandans Guðnýjar.

Eftir atvikum tel ég rétt, að málskostnaður milli Guðnýjar og hinna stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Svo sem áður greinir, er ég sammála úrlausn meiri hluta dómara um kröfur Kristjáns Hávarðssonar í máli þessu. Tel ég, að dæma beri stefnda Jóni að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Samkvæmt þessu yrði dómsorð mitt þannig:

Skaðabótakröfu áfrýjanda Kristjáns Hávarðssonar á hendur stefndu, Jóni B. Georgssyni, Valtý Guðjónssyni og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, vegna missis hagnaðar af fasteigninni nr. 46 við Kirkjuveg er vísað frá héraðsdómi.

Stefndu eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjendanna Karls Hávarðssonar og Guðnýjar Hávarðsdóttur í máli þessu. Málskostnaður milli þessara málsaðilja í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Kaupsamningi við stefnda Jón B. Georgsson 17. maí 1963 og afsali honum til handa 20. s. m. varðandi fasteignina nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík er hrundið, að því er varðar framangreindan eignarhluta áfrýjandans Kristjáns Hávarðssonar í eigninni, gegn því, að hann greiði stefnda Jóni 42.500 krónur.

Stefndi Jón B. Georgsson greiði áfrýjandanum Kristjáni Hávarðssyni 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti milli þessa áfrýjanda og stefndu Valtýs Guðjónssonar og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 24. maí 1973.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. maí 1973, hafa Karl Hávarðsson, Ottawa, Illinois, Bandaríkjunum, Guðný Hávarðsdóttir Irving, Texas, Bandaríkjunum, og Kristján Hávarðsson, Víðisvegi 7, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 30. desember 1969, 2. janúar 1970 og 8. janúar 1970, gegn Jóni B. Georgssyni, Holtsgötu 28, Ytri-Njarðvík, Valtý Guðjónssyni, Suðurgötu 46, Keflavík, og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Enn fremur var stefnt til réttargæslu Hávarði Reimarssyni, nú til heimilis að Aðalstræti 12 í Reykjavík, Alfreð Gíslasyni, bæjarfógeta í Keflavík, og Jóhanni Hafstein, þáverandi dómsmálaráðherra, sem yfirmanni lögráðamálefna.

Endanlegar dómkröfur stefnenda eru þessar:

Aðalkröfur:

1) Að stefndi Jón B. Georgsson verði dæmdur til þess að þola riftun kaupa á eignarhlutum stefnenda í húseigninni nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík (samtals 7/8 hlutum, 7/24 hlutum hvers, til vara samtals 3/4 hlutum, 1/4 hluta hvers) gegn endurgreiðslu á samtals kr. 148.750 (7/8 hlutum af kr. 170.000), til vara gegn endurgreiðslu á samtals kr. 127.500 (3/4 hlutum af kr. 170.000), til þrautavara gegn endurgreiðslu á annarri fjárhæð eftir mati dómsins og 2) að stefndu Jón B. Georgsson, Valtýr Guðjónsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði in solidum dæmdir til þess að greiða stefnendum kr. 960.246 með 7% ársvöxtum af kr. 26.796 frá 31. desember 1963 til 31. desember 1964, af kr. 72.733 frá þeim degi til 31. desember 1965, af kr. 124.183 frá þeim degi til 31. desember 1966, af kr. 179.308 frá þeim degi til 31. desember 1967, af kr. 240.558 frá þeim degi til 31. desember 1968, af kr. 332.433 frá þeim degi til 31. desember 1969, af kr. 470.246 frá þeim degi til 31. desember 1970, af kr. 617.246 frá þeim degi til 31. desember 1971, af kr. 764.246 frá þeim degi til 31. desember 1972, af kr. 911.246 frá þeim degi til 30. apríl 1973 og af kr. 690.246 frá þeim degi til greiðsludags.

Varakrafa:

Að stefndu Jón B. Georgsson, Valtýr Guðjónsson og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmdir in solidum til þess að greiða þeim kr. 376.250 með 7% ársvöxtum frá 20. maí 1963 til greiðsludags.

Loks er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnendum að óskiptu málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Á hendur réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar í málinu, og af þeirra hálfu eru heldur ekki gerðar kröfur.

Með úrskurði, uppkveðnum 7. febrúar 1970, vék hinn reglulegi dómari, Alfreð Gíslason, sæti í málinu. Þann 11. maí 1970 skipaði dómsmálaráðuneytið Steingrím Gaut Kristjánsson, þá aðalfulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, setudómara í málinu, og kveður hann upp dóminn.

Málavextir.

Þann 8. október 1960 andaðist Guðný Jóhannesdóttir, Kirkjuvegi 46 í Keflavík. Hún lét eftir sig fjögur börn, stefnendur í máli þessu, og Gunnar Hávarðsson, sem andaðist 17. febrúar 1962. Faðir barnanna er réttargæslustefndi Hávarður Reimarsson. Guðný heitin og Hávarður höfðu búið saman í óvígðri sambúð, en slitið samvistum.

Samkvæmt endurriti úr skiptabók, sem dómarinn hefur haft undir höndum sem setuskiptaráðandi í dánarbúi Guðnýjar Jóhannesdóttur, hófust afskipti skiptaréttar Keflavíkur af meðferð dánarbúsins með því, að eignir búsins voru skrifaðar upp og virtar 2. nóvember 1960.

Þann 17. ágúst 1961 var stefndi Valtýr skipaður lögráðamaður barna Guðnýjar heitinnar Jóhannesdóttur. Þann 10. apríl 1963 var gerð svohljóðandi skiptagerð:

„Skiptagjörð.

Við skipti á dánarbúi Guðnýjar Jóhannesdóttur, Kirkjuvegi 46, Keflavík, sem andaðist hinn 8. október 1960, voru erfingjar hinnar látnu börn hennar, þau: Karl Hávarðsson, Guðný M. Hávarðsdóttir, Kristján Hávarðsson og Gunnar Hávarðsson. Gunnar lést svo hinn 17. febrúar 1962, og er faðir hans, Hávarður Reimarsson, einkaerfingi hans.

Eignir búsins voru einungis húseignin Kirkjuvegur 46 í Keflavík, fasteignamat kr. 32.500.00. Skuldir voru engar, en ef svo kynni að fara, að kröfur risu og yrðu gerðar til búsins, þá ábyrgjast erfingjar þær að fullu.

Ákveðið var, að erfingjarnir, þ. e. þau þrjú börn hinnar látnu, sem fyrst eru talin hér að ofan, svo og einkaerfingi Gunnars heit-

ins, sonar hennar, skyldu eiga húseignina áfram, hvert að einum fjórða hluta, í óskiptri sameign.

Erfðafjárskattur vegna skiptanna er uppgjörður.

Ofangreind börn hinnar látnu eru öll ófjárráða, og hefur Valtýr Guðjónsson, Keflavík, verið skipaður fjárhaldsmaður þeirra.

Keflavík, 10. apríl 1963.

F. h. ófjárráða barna Guðnýjar Jóhannesdóttur:
Valtýr Guðjónsson.
Vegna Gunnar Hávarðarsonar:
H. K. Reimarsson".

Skiptagerðin var innrituð til þinglýsingar á bæjarþingi Keflavíkur 20. maí 1963. Alfreð Gíslason bæjarfógeti segist ekki minnast þess, að skiptagerðin hafi verið borin undir hann eða embætti hans á annan hátt.

Með kaupsamningi, dagsettum 17. maí 1963, var Jóni B. Georgssyni seld húseignin Kirkjuvegur 46 í Keflavík. Stefndi Valtýr Guðjónsson undirritaði samninginn fyrir hönd stefnenda.

1. grein samningsins er svohljóðandi:

„Seljendur lofa að selja, — að tilskildu samþykki skiptaráðandans í Keflavík og dómsmálaráðuneytisins, — og kaupandi að kaupa húseignina Kirkjuveg 46 í Keflavík, sem er 60 ferm. íbúðarhæð úr timbri, á steyptum kjallara, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu múr- og naglföstu, er eign þessari fylgir og fylgja ber. Er eignin að fasteignamati kr. 32.500.00".

2. grein samningsins er svohljóðandi:

„Eignin selst í því ástandi, sem hún nú er í, og hefur kaupandi gert sér grein fyrir því, og sættir hann sig við það".

3. grein samningsins er svohljóðandi:

„Umsamið söluverð framangreindrar eignar er kr. 170.000.00 — eitt hundrað og sjötíu þúsund krónur —, sem kaupandi greiðir þannig:

a. Við afhendingu afsals, í peningum .. .. .. kr. 100.000.00
b. Við afhendingu afsals, með veðskuldabréfi til 10 ára og 7% ársvöxtum, tryggðu með 2. veðrétti í hinu selda, næst á eftir veðskuld á 1. veðrétti hennar, allt að kr. 100.000.00 — 70.000.00".

Réttargæslustefndi Alfreð Gíslason áritaði samninginn með samþykki sínu sem yfirfjárráðandi þann 3. maí 1963. Afsal var

gefið út til stefnda Jóns B. Georgssonar 20. maí 1963, og var það undirritað f. h. stefnenda af Valtý Guðjónssyni og fyrir hönd Hávarðs Reimarssonar af Erni Clausen, þá héraðsdómslögmanni.

Í afsalinu segir meðal annars:

„Allt er hið selda selt í því ástandi, sem það nú er í, og hefur kaupandi kynnt sér það sérstaklega, og sætt sig við að fullu, án fyrirvara í nokkurri mynd. ...

Afsal þetta er gert skv. áritaðri heimild skiptaráðandans í Keflavík á kaupsamningi um húsið, dags. 3. maí 1963".

Samþykkis dómsmálaráðuneytisins til sölunnar virðist aldrei hafa verið leitað.

Stefndi Valtýr Guðjónsson kveðst hafa álitið, að réttargæslustefndi Alfreð Gíslason hefði annast um öflun samþykkisins, en bæjarfógetinn kveðst á hinn bóginn hafa gert ráð fyrir, að stefndi Valtýr mundi leita samþykkisins.

Stefndi Jón B. Georgsson hefur kannast við, að eitt af því, sem tafið hafi fyrir því, að gengið yrði frá kaupunum, hafi verið, að leyfi ráðuneytisins skorti.

28. maí 1963 gaf Jón B. Georgsson út tvö veðskuldabréf, annað að fjárhæð kr. 17.500 og hitt að fjárhæð kr. 52.500. Fyrra bréfið gekk til Hávarðs Reimarssonar, en síðara bréfið til stefnda Valtýs Guðjónssonar f. h. stefnenda. Greiðsla skyldi fara fram með 10 jöfnum árlegum afborgunum og 7% ársvöxtum. Bréfið var tryggt með 2. veðrétti í húseigninni Kirkjuvegi 46 í Keflavík. Stefndi Jón B. Georgsson greiddi kr. 100.000 í útborgun, þar af runnu kr. 75.000 til stefnda Valtýs Guðjónssonar f. h. stefnenda. Af skuldabréfi stefnenda hefur stefndi Jón B. Georgsson greitt eins og hér segir:

	Afborganir:	Vextir:	Samtals:
28/5 1964	kr. 5.250.00	kr. 3.675.00	kr. 8.925.00
25/5 1965	— 5.250.00	— 3.307.50	— 8.557.50
28/5 1966	— 5.250.00	— 2.940.00	— 8.190.00
27/5 1967	— 5.250.00	— 2.572.50	— 7.822.50
5/5 1968	— 5.250.00	— 2.205.00	— 7.455.00
3/6 1969	— 5.250.00	— 1.837.50	— 7.087.50
25/5 1970	— 5.250.00	— 1.470.00	— 6.720.00
24/5 1971	— 5.250.00	— 1.102.00	— 6.352.00
26/5 1972	— 5.250.00	— 735.00	— 5.985.00
21/5 1973	— 5.250.00	— 368.00	— 5.618.00
	Kr. 52.500.00	Kr. 20.212.00	Kr. 72.712.00

Af því fé, sem fékkst fyrir hússöluna, miðlaði stefndi Valtýr ásamt öðru fé, sem systkinunum hafði áskotnast, til stefnendanna Guðnýjar og Kristjáns. Karli greiddi hann í einu lagi þann 21. janúar 1964 kr. 20.308.85, og var það með þeim hætti, sem hér greinir:

Í árslok 1963 fluttist Guðný Hávarðsdóttir til Vesturheims. Hún kom í heimsókn til Karls, eftir að hún kom vestur, og skýrði honum frá sölunni. Karl virðist síðan hafa ritað Valtý bréf, þar sem hann krefur um sinn hluta af andvirði húseignarinnar.

Þann 29. desember 1963 ritaði Karl Valtý svohljóðandi bréf:

„Hr. Valtýr Guðjónsson.

Ég vil ítreka ósk mína, eins og ég skrifaði yður áður í bréfi mínu. Ég bjóst fastlega við að þér hefðuð póstlagt ávísun til mín, með upphæðinni sem ég á heimtingu á. Þér vitið áreiðanlega hve mikið ég á að fá. Eins og systir mín sagði mér, er minn hlutur 24.000 kr., eða um 560 dollarar.

Ég vona að ég þurfi ekki að ítreka þetta frekar við yður. Og svo vonast ég eftir upphæðinni mjög bráðlega, því ég þarfnast peninganna.

Virðingarfyllst,

Karl L. Howardson".

Valtýr sendi því næst Karli ávísun að fjárhæð kr. 20.065.95 með svohljóðandi bréfi:

„Kæri Karl.

Vegna gleymsku í banka sendi ég þér ekki ávísunina fyrr en nú, en hún hefur verið löngu tilbúin.

Ávísunin er Nr. 136619/upp á 466 $ á 43/06	20.065.95
Provision í banka, ísl. kr.	125.40
Leyfisgjald í banka, ísl. kr.	100.00
Burðargjald vestur	14.50
Samtals	20.305.85

Hús ykkar var selt á kr. 170.000.00, í peningum kr. 100.000.00, sem pabbi þinn hefur þegar fengið ¼ af í pen., kr. 25.000.00, og bréf f. afgangi. Bréfið greiðist í maí ár hvert, en þú átt þá ⅓ af 52.500.00 bréfinu, sem greiðist á 10 árum. — Í peningum vegna útborgunarinnar átt þú að fá frá mér samtals kr. 25.000.00, nú sendi ég þér, eins og að framan segir, sem svarar 20.305.85, svo

að enn get ég sent þér af útborguninni 8.694.15, þegar þú kallar eftir því.

Láttu mig vita hvort þetta kemur ekki til skila.

Vinsamlegast

Valtýr Guðjónsson".

Karl hafði orðið fjárráða 23. desember 1961, og Guðný varð fjárráða 6. janúar 1967. Eftir að þau voru orðin fjárráða, kveðast þau ítrekað hafa reynt að fá yfirlit frá stefnda Valtý um fjárhald hans þeirra vegna, en án árangurs. Karl og Guðný komu hingað til lands haustið 1968, og telja þau sig þá hafa fengið staðfestingu á því, að húseignin hefði verið seld. Kristján varð fjárráða um þessar mundir, þ. e. þann 3. október 1968. Þegar þau höfðu kynnt sér alla málavöxtu, ákváðu þau að krefjast riftunar á sölu hússins. Lögmaður þeirra, Hörður Einarsson, ritaði Jóni B. Georgssyni riftunarbréf, dags. 10. október 1968. Afrit af bréfi þessu voru send bæjarfógetanum í Keflavík, stefnda Valtý, Hávarði Reimarssyni og Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, sem hafði komið fram f. h. Hávarðs Reimarssonar við skiptin og hússöluna. Enn fremur létu stefnendur þinglýsa bréfi þessu sem athugasemd við eignarheimild stefnda Jóns.

Þann 23. janúar 1969 afhenti stefndi Valtýr lögmanninum þau verðmæti, sem systkinin áttu í hans höndum, tékka að fjárhæð kr. 48.142.42 og veðskuldabréf að eftirstöðvum kr. 26.250.00. Lögmaðurinn tók við þessum fjármunum með fyrirvara.

Þann 14. nóvember 1970 kröfðust stefnendur þess, að skipti á dánarbúi móður þeirra yrðu tekin upp aftur og búinu skipt samkvæmt fyrirmælum erfðalaganna. Þessi krafa var tekin fyrir í skiptarétti 22. febrúar 1973, og vék þá hinn reglulegi skiptaráðandi, Alfreð Gíslason bæjarfógeti, sæti í því máli. Þann 9. mars 1973 var dómari þessa máls skipaður setuskiptaráðandi til að fara með málið. Opinber skipti hófust 4. maí 1973. Búið var afhent til einkaskipta þá þegar og skiptum lokið.

Meginefni skiptagerðarinnar er þetta:

„Allir aðilar framangreindra skipta, þau Hávarður Reimarsson og Karl, Guðný og Kristján Hávarðarbörn, eru nú sammála um, að skv. réttum skiptum á dánarbúi Guðnýjar heitinnar Jóhannesdóttur og þeim hluta, sem Gunnari heitnum Hávarðarsyni hefði borið úr því búi, hefðu þau átt að verða eigendur búsins, Kirkjuvegur 46, Keflavík, í eftirgreindum eignarhlutföllum:

Hávarður Reimarsson að 1/8 hluta (ekki 1/4 hluta),
Karl Hávarðarson að 7/24 hlutum (ekki 1/4 hluta),
Guðný Hávarðardóttir að 7/24 hlutum (ekki 1/4 hluta),
Kristján Hávarðss. að 7/24 hlutum (ekki 1/4 hluta).

Þar sem umrædd húseign var seld Jóni B. Georgssyni með kaupsamningi, dags. 17. maí 1963, og afsali, dags. 20. maí 1963, og þeirri sölu hefur ekki enn verið rift með dómi, lýsa erfingjarnir yfir því, að leiðréttingin á skiptum þeirra í milli skuli fara þannig fram, að þau verði aðilar að riftunarkröfunni hvert í réttu hlutfalli við erfðatilkall sitt, þ. e. börnin að 7/24 hlutum hvert (samtals 7/8 hlutum), en faðir þeirra að 1/8 hluta. Eru hin nýju skipti á búinu þannig gerð".

Stefnendur halda því fram, að húseignin hafi verið seld langt undir sannvirði. Um verðmæti hússins hefur þetta komið fram í málinu. Þegar salan fór fram, var fasteignamat húseignarinnar kr. 32.500. Samkvæmt vottorði Fasteignamats ríkisins, dagsettu 29. mars 1973, er fasteignamat húseignarinnar nú kr. 825.000. Þegar húsið var selt, var brunabótamat þess kr. 371.000, eignin var endurmetin 31. janúar 1964, og samkvæmt vottorði Brunabótafélags Íslands, dags. 29. mars 1973, er verðmæti þess talið kr. 1.936.300.

Samkvæmt matsgerð Baldurs Guðjónssonar ráðningarstjóra og Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, sem síðar verður getið nánar, er gólfflötur hússins 60 fermetrar, efri hæð og kjallari. Lofthæð efri hæðar er 2.40 m og kjallara 2.20 m, og er hann niðurgrafinn um ca 60 cm. Kjallari er steinsteyptur, en efri hæð er byggð úr timbri, timburgólf er milli kjallara og efri hæðar. Sjálfvirk miðstöð er í húsinu. Á hvorri hæð eru þrjú lítil íveruherbergi auk eldhúss og baðherbergis.

Dómarinn fór á vettvang 18. nóvember 1970 ásamt lögmanni stefnenda, stefnda Jóni B. Georgssyni og Valtý Guðjónssyni, lögmanni þeirra og umboðsmanni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Að lokinni þeirri vettvangsgöngu var eftirfarandi bókað:

„Lóð er ófrágengin. Húsið er ein hæð úr timbri með láréttri vatnsklæðningu á steinsteyptum kjallara, lítið niðurgröfnum. Framan við húsið er stétt og steinsteyptar tröppur upp á hæðina. Tröppurnar og kjallarinn er ópússað að utan. Milliveggir á efri hæðinni eru úr einhvers konar þilplötum. Tvöfalt gler er í gluggum og trélistar milli glerjanna".

Guðný heitin fékk rétt á lóðinni til 25 ára með grunnleigusamningi við Keflavík h/f 2. maí 1957.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla Valtýs Guðjónssonar, og í henni segir um þetta efni:

„Guðný Jóhannesdóttir mun hafa fest kaup á 60 fm. timburhúsi, smíðuðu á lager í Hafnarfirði eða Kópavogi árið 1956. Man ég, að hún sótti fast eftir leyfi til að flytja það hingað suður á ákveðna lóð. Leyfi til flutningsins á lóðina fékk hún aldrei. Samt kom hún með húsið og setti niður á óbyggða lóð nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík. Stóð það þar á tómum olíutunnum um skeið. Ekki hafði byggingarnefnd hörku til að reka hana með húsið til baka og ég, sem bæjarstjóri þá, gekk ekki fram í því. Velviljaðir menn hjálpuðu henni til að koma undir húsið kjallara, þar sem það gat fokið af tunnunum. Eftir það gat hún flutt í húsið með börn sín og búið þar. Ég reyndi að útvega henni lán úr Veðdeild Landsbankans, — húsnæðismálalán, — og fékk hún við umsókn sinni jákvætt svar. Þegar til afgreiðslu kom, voru þó vandkvæði á, og fékk hún frest til frekari skýringa. Loks var henni synjað alveg, vegna þess að matsmenn lánastofnunarinnar úrskurðuðu húsið ekki veðhæft".

Lagt hefur verið fram í málinu umslag, sem virðist stafa frá Veðdeild Landsbankans og hafa verið utan um skjöl, sem vörðuðu umsókn Guðnýjar heitinnar um lán frá veðdeildinni. Á umslaginu stendur m. a.: „óveðh.". Á miða, sem festur er við umslagið, stendur: „aftk. 11/8 '60".

Í skýrslu stefnda Valtýs segir enn fremur, að húsið hafi verið mjög lélegt frá upphafi og rýrnað stöðugt í verðmæti sökum slæmrar umgengni. Síðan segir:

„Þegar húsið var loks selt, hafði það oftar en einu sinni verið sprengt upp, ef það var ekki alveg ólæst. Gluggar voru brotnir, masonit-plötur á veggjum og lofti bylgjaðar og lausar af raka, miðstöðvarlögn og kyndiketill sprunginn af frosti, rafmagnsvél brunnin yfir, hreinlætistæki stífluð og brotin, útihurð ónýt og allur umgangur eftir því, útidyratröppur úr timbri héngu við húsið. ... Verðmæti þess mundi tæplega hafa verið á við fokhelt hús af svipaðri stærð, því auk ástandsins eftir umgengni var bygging þessi svikin, eins og í ljós kom, þegar til mats kom".

Heldur stefndi Valtýr því fram, að húsið hafi verið selt á fullu verði, því hæsta sem fáanlegt var.

Stefndi Valtýr kom fyrir dóminn 13. nóvember 1970, og staðfesti hann þá skýrslu sína. Eftir honum var þá bókað m. a.:

„Mætti kveður húsið hafa verið í mjög slæmu standi og áreiðanlega ekki hægt að fá hærra verð fyrir það.

Hann skýrir svo frá: „Þetta var mjög illa farið hús eftir slæma umgengni, veikbyggt og alls ekki íbúðarhæft eins og það var". Hann vitnar til aðiljaskýrslu sinnar um ástand hússins að öðru leyti. Hann kveður það strax hafa haft orð á sér fyrir að vera illa viðað. Hann kveður húsið hafa skekkst, þegar það stóð á tunnunum, en lagast, þegar það var sett á grunn. Hann kveður skoðunarmenn Veðdeildar Landsbankans hafa komist að því, að ekki væri bindingur í húsinu, aðeins einhvers konar uppistöður. Hann kveður þá hafa sagt, að á húsinu væri einhvers konar kassasmíði. ...

Ekki kveðst mætti muna til, að annað hús, hliðstætt og jafn lélegt, hafi verið til sölu í bænum á þessum tíma. Hann kveður hafa verið óhugsandi að afla fjár til að hressa upp á húsið. ...

Mætti áréttar, að Guðný heitin hafi sagt sér eftir virðingarmönnum veðdeildar, að enginn bindingur væri í húsinu og að það væri eins og lélegur kassi".

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla af hálfu Jóns B. Georgssonar, og segir þar m. a.:

„Ég hefi lesið aðilaskýrslu Valtýs um ástand hússins þá og er henni samþykkur að öllu leyti. Ég vil þó geta þess, að þarna var mjög mikið drasl og sóðaskapur. Búið var að höggva göt á hurðir inni. Rottugangur var í eldhússkápunum, og hafði rottan t. d. nagað stórt gat á útveggsþilplötuna og rótað inn í skápinn miklu af steinull, sem notuð hafði verið til einangrunar. Húsið var mjög frumstætt að öllu leyti, bæði hvað snerti byggingu og búnað og óíbúðarhæft með öllu. Neðri hæðin var aðeins fokheld og hurðarlaus. Ég vildi ekki greiða hærra verð fyrir húsið".

Stefndi Jón B. Georgsson kom fyrir dóminn föstudaginn 13. nóvember, og staðfesti hann þá skýrslu sína. Eftir honum er þá bókað:

„Hann kveður tréstiga hafa legið upp að húsdyrunum, þegar hann keypti húsið. Sumar rúður kveður hann hafa verið sprungnar og brotnar. Einfalt gler kveður hann hafa verið í gluggum í öllu húsinu. Hann kveður miðstöðvarketil hafa verið ónýtan og hitarör sprungin. Salernisskál kveður hann hafa verið sprungna af frosti. Ekkert baðker kveður hann hafa verið í húsinu og eldavél ónýta. Hann kveður masonítloftplötur hafa verið fallnar niður í eldhúsi og stofu. Hann kveður hafa þurft að negla plöturnar upp aftur og skipta um sumar. Hann kveðst alls staðar hafa sett

loftlista og gólflista, en hvorugt kveður hann hafa verið fyrir. Hann kveðst hafa einangrað loft með tréspónum. Veggi kveður hann hafa verið einangraða með glerull eða einhverju slíku. Hann kveður alla veggi klædda með masoníti. Hann kveðst hafa þurft að endurbæta gólfdúk í forstofu. Útidyrahurð kveður hann hafa verið ónýta og aðeins fleka fyrir kjallaradyrum. Kjallarann kveður hann hafa verið tóft eina, en þó eina tvo veggi hlaðna úr steinplötum. Skorstein kveður hann hafa verið rör utan á húsinu. Hann kveður hafa verið fokið ofan af því og kveðst hafa látið bæta ofan á það. Hann kveðst mest hafa gert við húsið sjálfur með konu sinni, en fengið fagmenn til að gera sumt. Hann kveðst ekki vera lærður smiður. Hann kveðst hafa innréttað íbúð í kjallaranum. Hann kveðst ekki muna, hvort gólf í kjallara var steinsteypt. Hann kveðst hafa sett þakrennur á húsið.

Ekki kveðst hann hafa tiltæk gögn um kostnað sinn við endurbætur á húsinu, enda kveðst hann ekki hafa búist við, að eftirmál yrðu. Hann kveðst ekki búast við, að þessi kostnaður komi fram á skattframtölum sínum. ... Hann kveður húsið hafa verið eins og fokhelt hús eða síðra en það".

Lagt hefur verið fram bréf bæjarfógetans í Keflavík til ráðuneytisstjórans í dómsmálaráðuneytinu, dags. 9. mars 1970.

Þar segir m. a.:

„Hins vegar vildi ég mega upplýsa, að ástand húseignarinnar var vægast sagt mjög hörmulegt, þegar kauptilboðið á 170 þús. kr. var gert 1963. Mun auðvelt að sanna það. Húsið var um 60 m^2 gamalt timburhús og hafði verið flutt til Keflavíkur í heilu lagi að mig minnir frá Reykjavík. Það mun hafa verið flutt hingað í leyfisleysi byggingayfirvalda og gekk því illa að fá lóð undir það. Húsið stóð því lengi á tunnum, og minnir mig, að Guðný heitin hafi búið í því þannig. Það lá undir stórskemmdum og hættulegt eins og það var á sig komið. Nokkrir hjálpsamir borgarar unnu að því síðar að steypa undir það grunninn í sjálfboðavinnu að mig minnir. Um þetta leyti, ca 1956, var Guðný heitin starfsmaður við embættið um stuttan tíma og rukkaði inn þinggjöld, og þekkti ég því sæmilega vel til hennar. Þá skal þess getið, að eftir að húsið var komið á grunninn, var það ekki talið veðhæft af húsnæðismálastjórn, sem sendi menn til að skoða það vegna lántökubeiðni. Þessar upplýsingar hef ég frá lögráðamanni barnanna.

Eins og áður er fram tekið, var eignin í mikilli niðurníðslu vorið 1963 og ekki í leigufæru standi. Allir ofnar í húsinu munu hafa

verið frostsprungnir og útitröppur, sem voru úr tré, ónýtar og riðandi.

Þetta ástand eignarinnar réð því, að ég taldi og tel enn, að söluverð hússins 1963 hafi verið gott miðað við verð það, sem fasteignir voru þá seldar á hér í bæ".

Lagt hefur verið fram í málinu bréf bæjarfógetans í Keflavík, dags. 26. nóvember 1970, til umboðsmanns fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Þar segir m. a.:

„1. Það, sem Valtýr segir í upphafi skýrslu sinnar varðandi fasteignina nr. 46 við Kirkjuveg og að húsið hafi verið sett niður á lóðina í algjöru heimildarleysi, og annað, sem hann upplýsir um ástand þess o. fl., tel ég vera rétt, þar sem hann á þeim tíma, 1954—1958, var bæjarstjóri í Keflavík og formaður byggingarnefndar og hefur því sem slíkur fylgst með hinum nýju innflytjendum í bæinn og haft afskipti af málefnum þeirra. ...

Okkur kom báðum saman um það, að kaupverðið væri gott miðað við ástand eignarinnar og almennt gangverð slíkra húsa í Keflavík á þeim tíma, enda töldum við það nær óseljanlegt vegna herfilegs ástands þess".

Um ástæðurnar fyrir sölu hússins segir svo í skýrslu Valtýs Guðjónssonar:

„Systkinin munu hafa haldið sig í húsinu Kirkjuvegi 46, alltaf öðru hvoru, og nutu þó aðhlynningar ýmissa aðila, einkum þó Sesselju Magnúsdóttur, sem sæti átti í Barnaverndarnefnd. ...

Húseignin þeirra var seld í maí 1963 af eftirfarandi ástæðum:

a. Húsið var mjög lélegt frá upphafi og rýrnaði stöðugt að verðmæti vegna slæmrar umgengni.
b. Það varð þegar frá leið óæskilegur samastaður félaga þeirra barna, einkum eftir að næstelsti sonurinn féll frá 1962.
c. Eftir ósk þeirra sjálfra og ábendingu Barnaverndarnefndar þurfti að breyta húsinu í verðmæti, áður en það yrði með öllu ónýtt; skorti þau að auki laust fé til að lifa af. ..."

Í bréfi bæjarfógetans í Keflavík til ráðuneytisstjórans í dómsmálaráðuneytinu, dags. 9. mars 1970, segir svo m. a.:

„Valtýr taldi, að þetta væri mjög gott verð fyrir eignina og annað betra myndi ekki fást fyrir húsið í því ástandi, sem það væri, en það lægi undir skemmdum og þyrfti mikilla viðgerða og endurbóta við. Ég vissi, að hús þetta var í mikilli niðurníðslu og slæmu ástandi".

Um arð af húsinu hefur þetta komið fram í málinu: Í skýrslu

Jóns B. Georgssonar frá 15. október 1970 segir svo um þetta efni:

„Leigutekjur af Kirkjuvegi 46 hafa verið þessar:

1963	kr. 10.000.00
1964	— 36.000.00
1965	— 48.000.00
1966	— 48.000.00
1967	— 46.000.00
1968	— 46.000.00
1969	— 48.000.00“.

Í skýrslu Jóns fyrir dómi segir svo um þetta efni:

„Hann kveður húsið hafa verið leigt út, en ekki að staðaldri. Hann kveður húsið alltaf hafa verið leigt Bandaríkjamönnum. Hann kveður þá alla vera horfna úr landi nema þá, sem nú búa í húsinu. Hann kveður mann að nafni Porter búa á hæðinni. Hann kveðst ekki muna nafn leigjandans á neðri hæðinni.

Hann kveður upplýsingar um leigutekjur vera í skattframtölum.

Hann kveður leigjendur hafa verið í íbúðunum frá hálfum mánuði upp í 4 mánuði. Suma leigjendur kveður hann hafa verið lengur. Hann kveður suma hafa flutt í aðrar íbúðir, þar sem þeim þótti húsið ekki nógu fínt. Hann kveðst ekki hafa tiltækar upplýsingar um viðhaldskostnað hússins. Hann kveðst sjálfur hafa greitt hita og rafmagn þar til nú síðasta árið og oftast lagt til húsgögn, ísskápa og annað.

Aðspurður af umboðsmanni stefnanda kveðst mætti nú leigja hvora íbúð með húsgögnum á 100 Bandaríkjadali fyrir hvern mánuð. Hann kveður leigutekjur sínar af húsinu hafa verið mestar þetta árið. Ekki kveðst hann muna um leigufjárhæðir frá fyrri tíma. ...

Fyrir mætta er lesin skýrsla hans á dskj. 24.

Hann kveður skýrsluna rétta og kannast við undirskrift sína.

Aðspurður af lögmanni stefnenda kveðst mætti telja, að leiga á íbúðum hafi hækkað mjög á þessu ári í Keflavík.

Umboðsmaður stefnenda leggur fram nr. 39 yfirlýsingu Williams Muphy:

„From April 68 through October 68 the total amount of 70.000 Kronar has been paid for one apt. located at Kirkjuvegur 46 Keflavik Iceland

William J Murphy (Occupant)

The amount og 10.000 Kronar per month has been paid since April 68".

Mætta er kynnt efni yfirlýsingarinnar. Hann kveðst ekki vita, hvort þessi maður hafi leigt af sér íbúð. Honum er bent á misræmið milli yfirlýsingarinnar og framburðar hans sjálfs. Dómarinn skorar á mætta að svara því ákveðið, hvort hann telji yfirlýsinguna rétta. Hann kveðst ekki geta borið annað en það, sem hann sé búinn að segja".

Á bæjarþingi Keflavíkur, sem háð var 19. apríl 1972, voru Baldur Guðjónsson ráðningarstjóri og Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður dómkvaddir til að láta í ljós álit á eftirgreindu efni:

„Hver verði talin rétt mánaðarleg húsaleiga eftir tvær íbúðir, aðra í kjallara og hina á hæð, í húseigninni nr. 46 við Kirkjuveg í Keflavík frá júnímánuði árið 1963 til marsmánaðar 1972. Miðað sé við gangleigu á sambærilegu húsnæði til Bandaríkjamanna í Keflavík á ofangreindu tímabili og óskast sundurliðuð eftir árum og metin húsaleiga fyrir hvora hæðina um sig".

„Fjárhæð húsaleigu ræðst af framboði og eftirspurn, en allan þann tíma, sem hér um ræðir, hefur eftirspurn hér í Keflavík og Njarðvíkum verið jöfn og miklum mun meiri en framboðið. Verðlag, þ. á m. fasteignaverð, hefur farið hækkandi á tímabilinu, og hefur því húsaleiga einnig hækkað af þeim sökum.

Mat okkar á gangleigu fyrir sambærilegt húsnæði og hér um ræðir sundurliðast þannig.

Efri hæð.

Júní—des. '63 7 mánuði	kr.	17.500.00
jan.—des. '64 12 mánuði	—	30.000.00
jan.—des. '65 12 mánuði	—	33.600.00
jan.—des. '66 12 mánuði	—	36.000.00
jan.—des. '67 12 mánuði	—	40.000.00
jan.—des. '68 12 mánuði	—	60.000.00
jan.—des. '69 12 mánuði	—	90.000.00
jan.—des. '70 12 mánuði	—	96.000.00
jan.—des. '71 12 mánuði	—	96.000.00
jan.—marz '72 3 mánuði	—	24.000.00
marz—des. '72 9 mánuði	—	72.000.00
	Kr.	595.100.00

Kjallari:

Júní—des. '63 7 mánuði	kr.	13.125.00
jan.—des. '64 12 mánuði	—	22.500.00
jan.—des. '65 12 mánuði	—	25.200.00
jan.—des. '66 12 mánuði	—	27.000.00
jan.—des. '67 12 mánuði	—	30.000.00
jan.—des. '68 12 mánuði	—	45.000.00
jan.—des. '69 12 mánuði	—	67.500.00
jan.—des. '70 12 mánuði	—	72.000.00
jan.—des. '71 12 mánuði	—	72.000.00
jan.—marz '72 3 mánuði	—	18.000.00
marz—des. '72 9 mánuði	—	54.000.00
	Kr.	446.325.00

Leiguna fyrir kjallarann metum við 25% lægri en fyrir efri hæðina.

Samtals næmi leigan fyrir báðar hæðir því kr. 1.041.425.00 — einni milljón fjörutíu og einu þúsundi fjögur hundruð tuttugu og fimm $^{00}/_{100}$ —".

Matsgerðin er dagsett 15. desember 1972.

Skýringar á kröfugerð stefnenda:

Krafa stefnenda í 2. lið aðalkröfu er byggð á matsgerðinni. Um þetta efni segir umboðsmaður stefnenda m. a.:

„Að vísu tel ég, að matið sé allt of lágt, en hefi þó ákveðið að láta við það sitja, þar sem búast má við, að yfirmat dragi málið mjög á langinn (undirmat tók átta mánuði) og mjög mikill hörgull er á mönnum, er talist geta hæfir matsmenn um matsefnið, eins og kom í ljós fyrir dómkvaðningu matsmannanna.

Þar sem matið er svo lágt sem raun ber vitni, tel ég ekki ástæðu til að draga frá matsupphæðinni vegna rekstrarkostnaðar eignarinnar.

Miðað er við, að stefnendum beri að réttu $^7/_8$ hlutar leigugjaldsins (en föður þeirra $^1/_8$ hluti þess), og sundurliðast aðalbótakrafa þeirra þannig:

Fyrir júní—des. 1963 (kr. 30.625.00×$^7/_8$)	kr.	26.796.00
Fyrir árið 1964 (kr. 52.500.00×$^7/_8$)	—	45.937.00
Fyrir árið 1965 (kr. 58.800.00×$^7/_8$)	—	51.450.00
Fyrir árið 1966 (kr. 63.000.00×$^7/_8$)	—	55.125.00

Fyrir árið 1967 (kr. 70.000.00×7/8)	kr.	61.250.00
Fyrir árið 1968 (kr. 105.000.00×7/8)	—	91.875.00
Fyrir árið 1969 (kr. 157.000.00×7/8)	—	137.813.00
Fyrir árið 1970 (kr. 168.000.00×7/8)	—	147.000.00
Fyrir árið 1971 (kr. 168.000.00×7/8)	—	147.000.00
Fyrir árið 1972 (kr. 168.000.00×7/8)	—	147.000.00
Fyrir jan.—apr. 1973 (kr. 168.000.00 : 1/3×7/8)	—	49.000.00
Samtals kr.		960.246.00

sem er bótakrafa stefnenda vegna missts hagnaðar. Vaxta er aðeins krafist frá lokum hvers árs og svo frá 30. apríl 1973".

Um varakröfuna segir svo í stefnu:

„Varakrafan um greiðslu á kr. 376.250.00 er við það miðuð, að riftunarkrafan verði ekki tekin til greina. Byggist hún á því, að hin selda eign hafi verið seld stefnda Jóni langt undir sannvirði. Er talið, að raunverulegt verðmæti eignarinnar hafi verið kr. 600.000.00. Söluverðið var kr. 170.000.00. Mismunurinn á raunverulegu verðmæti og söluverðmæti er kr. 430.000.00, og ber stefnendum 7/8 hlutar af honum, eða kr. 376.250.00. Allir hinir stefndu bera á því ábyrgð gagnvart stefnendum, að eignin var seld svo langt undir sannvirði. Verði talið, að einhver eða einhverjir stefnendanna geti riftað margnefndum kaupum, en einhver þeirra eða einhverjir hafi glatað riftunarrétti sínum, er þess krafist, að sá eða þeir, sem taldir eru hafa glatað honum, verði taldir njóta réttar til hlutdeildar í bótafjárhæðinni skv. varakröfunni, þ. e. réttar til kr. 125.416.66 hver (kr. 376.250.00 : 3)".

Málsástæður.

Riftunarkröfu sína rökstyðja stefnendur þannig:

Þeir telja, að salan hafi verið ólögleg gagnvart Karli vegna umboðsskorts, en hann var fjárráða, þegar salan fór fram. Að því er varðar hina stefnendurna er á því byggt, að ekki hafi legið fyrir samþykki dómsmálaráðuneytisins til sölu á eignarhluta þeirra þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli 37. gr. lögræðislaga. Á því er byggt, að stefnendur hafi notað fyrsta tækifærið sem gafst, til að fá sölugerningnum rift.

Bótakröfu sína á hendur stefnda Valtý Guðjónssyni og ríkissjóði byggja stefnendur á því, að stefndi Valtýr og bæjarfógetinn í Keflavík hafi með atbeina sínum að hinni ólögmætu sölu á eign þeirra orðið til þess, að þau urðu af væntanlegum hagnaði af

rekstri eignarinnar. Krafan um bætur vegna missts hagnaðar úr hendi stefnda Jóns er reist á þeirri almennu reglu, að sá, sem í heimildarleysi hefur hagnýtt sér eign annars manns, skuli svara réttum eiganda bótum.

Því er haldið fram, að stefndi Jón geti ekki hafa verið í góðri trú.

Því er haldið fram, að óheimilt sé og ástæðulaust að telja Karl hafa fyrirgert rétti sínum til riftunar og bóta með viðtöku hluta hans í andvirði hússins, enda hafi verið of seint að varna sölu, þegar hann frétti af sölunni, og aðstaða hans óhæg til riftunar.

Stefnendur halda því fram, að öll rök hnígi að því, að húseignin hafi verið meira virði en nam söluverðinu, og styðja það m. a. við upplýsingar um fasteignamat og brunabótamat hússins svo og matsgerð um arð af eigninni. Telja þeir, að sönnunarbyrðin hvíli á stefndu um, að eignin hafi ekki verið meira virði en sem svarar söluverðinu og að í því efni verði að gera strangustu kröfu um sönnun. Á því er byggt, að stefndi Jón B. Georgsson hafi besta aðstöðu til að upplýsa um þær endurbætur, sem hann hefur gert á húsinu, og að hann verði að bera halla af sönnunarskorti í því efni.

Umboðsmaður stefndu Valtýs Guðjónssonar og Jóns B. Georgssonar heldur því fram, að þeir hafi verið í góðri trú um, að salan væri lögmæt, enda hafi samþykki yfirlögráðanda legið fyrir og þeir því álitið, að hann hefði aflað samþykkis ráðuneytisins. Er á því byggt, að stefndi Karl hafi samþykkt sölu hússins. Kröfur Guðnýjar og Kristjáns eru taldar fallnar niður fyrir tómlæti.

Á því er byggt, að ekki sé leitt í ljós eða gert sennilegt á neinn hátt, að söluverð hússins hafi ekki verið eðlilegt frá sjónarmiði seljendanna. Telja stefndu, að verð hússins hljóti að ráðast af eftirspurn og ástandi þess fremur en þeim sjónarmiðum, sem ráða um opinberar matsgerðir. Því er haldið fram, að knýjandi nauðsyn hafi verið að selja eignina, þar sem ekkert fé hafi verið til að gera húsið arðbært og standa straum af rekstrarkostnaði.

Stefndu kveða sýknukröfu sína fyrst og fremst byggjast á því, að eignin hafi verið seld á eðlilegu matsverði miðað við ástand hennar, að andvirði eignarinnar hafi gengið til réttra aðilja og enginn orðið fyrir tjóni.

Umboðsmaður ríkissjóðs hreyfði því við munnlegan málflutning, að rétt væri að vísa málinu frá ex officio samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936, vegna þess að stefnendur og réttargæslustefndi Hávarður ættu óskipta sakaraðild og yrðu að standa saman að

málinu. Í öðru lagi taldi umboðsmaðurinn, að vísa bæri málinu frá vegna vanreifunar, þar sem stefnendur hefðu ekki gefið skýrslur fyrir dómi.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er viðurkennt, að þau mistök hafi orðið við sölu hússins, að ekki hafi verið aflað samþykkis dómsmálaráðuneytisins til sölunnar, en á því er byggt, að stefnendur hafi ekki orðið fyrir neinu tjóni, þar sem húsið hafi verið selt fyrir eðlilegt verð.

Til vara er á því byggt, að jafnvel þótt þau kunni að hafa orðið fyrir einhverju tjóni, beri ríkissjóður enga ábyrgð á því, heldur sé lögráðamaðurinn, stefndi Valtýr, einn persónulega ábyrgur fyrir því tjóni.

Því er haldið fram, að stefnendurnir geti ekki rift sölunni, þar sem Guðný og Kristján hafi vitað um söluna, þegar hún fór fram, og að stefndi Karl hafi samþykkt söluna.

Því er haldið fram, að bæjarfógetinn í Keflavík hafi ekki tekið að sér að afla samþykkis ráðuneytisins og að áritun hans á samninginn beri ekki að skoða sem samþykki, heldur sem meðmæli. Því er haldið fram, að jafnvel þótt bæjarfógetanum hefðu orðið á mistök, leiði engin regla til bótaábyrgðar ríkissjóðs vegna þess.

Stefnendur hafa m. a. veitt rökum stefnda andsvör, eins og hér segir: Því er haldið fram, að sú niðurstaða verði ekki leidd af 46. gr. einkamálalaganna, að einstökum samaðiljum sé fyrirmunað að leita réttar síns, ef þeir hafa lögmætra hagsmuna að gæta.

Lögmaður stefnenda kveðst ekki hafa séð ástæðu til, að umbjóðendur hans kæmu fyrir dóm til að gefa aðiljaskýrslu, þar sem hann hafi engar spurningar haft fyrir þau að leggja og engin áskorun hafi komið frá gagnaðiljum í þá átt.

Álit dómsins.

Stefnendur virðast eiga rétt á að fá efnisdóm um kröfur sínar þrátt fyrir ákvæði 46. gr. einkamálalaganna. Gagnstæð skoðun gæti leitt til þeirrar óhæfu niðurstöðu, að einn sameiganda gæti selt sameign að meðeigendum sínum fornspurðum, þannig að bindandi væri fyrir þá.

Opinber skipti á dánarbúi Guðnýjar Jóhannesdóttur virðast hafa hafist 2. nóvember 1960, sbr. 12. og 15. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Ekki voru skilyrði til einkaskipta eins og á stóð, sbr. a og c liði 1. mgr. 5. gr. skiptalaganna, sbr. 74. gr. sömu laga. Opinberum skiptum virðist ekki hafa verið lokið, þegar hús-

eignin var seld. Um formgildi ráðstafana á eignum dánarbúsins fer því samkvæmt réttarfarslögum, sbr. einkum 16., 17., 18., 23., 24., 27., 50. og 55. gr. skiptalaga. Stefnendur hafa hvorki gert kröfur né borið fyrir sig málsástæður byggðar á því, að ekki hafi verið fylgt réttum reglum um skipti dánarbúa. Gagnaöflun og málflutningur hafa ekki lotið að þessu efni.

Stefnendur hafa valið þann kost að krefjast riftunar að hluta, en styðja þá kröfu rökum, sem mundu leiða til ógildingar á kaupsamningnum, ef á þær yrði fallist, sbr. 37. gr. og 19. gr. laga nr. 95/1947, en ekki hefur verið krafist viðurkenningar á því, að samningurinn sé ógildur, eða þess, að hann verði ógiltur með dómi.

Riftun er jafnan úrræði, sem þeim er rétt að beita, sem verður fyrir vanefnd, sbr. t. d. 21., 28., 42., 43., 57. og 58. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Í 20. og 21. gr. lögræðislaga er gert ráð fyrir, að viðsemjandi ólögráða manns geti riftað vegna lögræðisskorts viðsemjanda, og virðist þá litið á lögræðisskort sem eins konar vanefnd. Hins vegar virðist ólögráða maður ekki geta borið fyrir sig lögræðisskort sinn eins og um vanefnd viðsemjandans væri að ræða. Stefnendur hafa ekki borið fyrir sig vanefnd af hálfu stefnda Jóns B. Georgssonar. Ber því að sýkna af riftunarkröfunni.

Stefnendum hefur ekki tekist að sýna fram á, að húseignin hafi verið seld undir sannvirði. Þeir virðast þannig ekkert tjón hafa beðið. Ber því einnig að sýkna stefndu af skaðabótakröfum stefnenda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Jón B. Georgsson, Valtýr Guðjónsson og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnenda.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 8. mars 1977.

Nr. 41/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Val Benjamín Bragasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 1. þ. m., er barst Hæstarétti 4. s. m. Krefst varnaraðili þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Verjandi varnaraðilja hefur krafist málsvarnarlauna.

Eftir uppkvaðningu hins kærða úrskurðar hefur annar grunaður maður en sá, sem í úrskurðinum greinir, játað fyrir rannsóknarlögreglu þátttöku í innbroti í vöruskemmu Hafskips h/f. Einnig hann hefur borið varnaraðilja þeim sökum, að hann hafi átt hlut að innbrotinu.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. mars 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 1. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Þann 23. janúar var rannsóknarlögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í vöruskemmu Hafskips að Eiðsgranda hér í borg. Þar hafi verið stolið 31 kassa af erlendum bjór af tegundinni Löwenbraun.

Rökstuddur grunur er fyrir hendi, að kærði, Valur Benjamín Bragason, Skúlagötu 66, Reykjavík, hafi átt þátt í innbroti þessu ásamt þremur öðrum mönnum, enda liggur játning eins þeirra fyrir um þetta atriði.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og þykir því nauðsyn til bera að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, svo hann spilli ekki sakargögnum með óskertu frelsi og hafi áhrif á vitni og samseka, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem brot það, sem hann er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Valur Benjamín Bragason, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 14. mars 1977.

Nr. 42/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Einari Sverri Einarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 4. mars 1977, sem barst Hæstarétti 7. s. m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Einnig krefst hann kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 3. mars 1977.

Ár 1977, fimmtudaginn 3. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á skrifstofu dómsins af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi:

Í morgun kl. 0758 var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og óskað aðstoðar að Kleppsvegi 54. Er lögreglan kom á staðinn, var þar fyrir sendibifreið frá Sendibílastöðinni h/f. Ökumaður bifreiðarinnar skýrði lögreglumönnunum svo frá, að hann hefði skömmu áður ekið með mann að Frakkastíg. Maðurinn fór inn í húsasund og sótti þar tvo kassa, sem í var verðmerktur fatnaður. Að svo búnu var manninum ekið að Kleppsvegi 54, þar sem hann fór inn. Ökumaðurinn taldi, að ekki væri allt með felldu, og hafði því samband við lögreglu. Er lögreglumenn voru að ræða við ökumann, komu tveir menn út úr húsi nr. 54 við Kleppsveg. Voru það þeir Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, og Jóhann Bragi Friðbjarnarson, fæddur 30. nóvember 1935. Er lögreglumenn spurðu Jóhann Braga, en hann var farþeginn í sendiferðabifreiðinni, hvar hann hefði fengið fatnaðinn, sagðist hann hafa keypt hann hér og þar. Báðir mennirnir voru fluttir í fangageymslu lögreglunnar. Upplýst er, að fatnaðinum var stolið úr vörulager á Frakkastíg 9.

Einar Sverrir og Jóhann Bragi hafa báðir mætt fyrir dómi. Báðir halda þeir fram sakleysi sínu og segjast ekkert vita um fatnaðinn.

Í dag kom Valur Magnússon, Írabakka 8, á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar. Hann skýrði svo frá, að hann hefði byrjað að neyta áfengis á veitingahúsinu Cesari sl. þriðjudagskvöld. Þar hitti hann Einar Sverri og mann, sem hann kannast við, en man ekki hvað heitir. Sökum ölvunar man hann ekki, hvað gerðist frá því hann fór úr veitingahúsinu, þar til hann vaknaði í fangageymslu lögreglunnar sl. nótt. Er hann fór úr fangageymslunni, saknaði hann bankabókar, sem hann hafði haft undir höndum.

Í henni átti að vera 390.000 kr. innstæða. Einnig saknaði hann armbandsúrs og lyklakippu.

Einar Sverrir skýrir svo frá, að hann hafi af greiðasemi leyst út 390.000 kr. úr bankabók fyrir Val og afhent honum peningana að Sighvati Andréssyni ásjáandi. Sighvatur ber það hins vegar, að hann hafi sjálfur móttekið 180.000 kr. af fjárhæðinni, sem Einar Sverrir tók út. Sighvatur segir, að þessi fjárhæð hafi átt að vera framlag Vals til fyrirhugaðs útgerðarfyrirtækis, sem hann hefði samþykkt að ganga í. Peningunum kveðst Sighvatur hafa eytt í áfengi og mat. Hann segist ekki vita, hvað Einar Sverrir gerði við afganginn af peningunum.

Ofangreind mál eru á frumstigi rannsóknar. Koma verður í veg fyrir, að kærði, Einar Sverrir Einarsson, hafi tækifæri til að hafa samband við vitni og hugsanlega samseka, á meðan rannsóknin fer fram. Ber því með tilvísun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu, þar sem hann er sakaður um háttsemi, sem mundi varða hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst tíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Mánudaginn 14. mars 1977.

Nr. 45/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Braga Ólafssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 með kæru 8. mars 1977, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Hann krefst

þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Til vara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldstími hans verði styttur verulega. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. mars 1977.

Ár 1977, mánudaginn 7. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í fangelsinu í Síðumúla af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að sunnudaginn 23. janúar sl. var rannsóknarlögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að innbrot hefði verið framið í vörugeymslu Hafskips h/f við Eiðsgranda og þaðan verið stolið 31 kassa af erlendum bjór. Síðar kom í ljós, að einnig hafði 8 brauðristum verið stolið í sama innbroti.

Fjórir menn hafa nú verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna máls þessa. Tveir þeirra, Lárus Ingi Kristjánsson og Ólafur Guðjón Friðfinnsson, hafa játað að hafa verið þarna að verki ásamt Jóni Magnússyni og Val Bragasyni, syni kærða. Tveir síðastnefndu hafa alfarið neitað að hafa átt nokkurn þátt í innbrotinu.

Lárus Ingi hefur borið, að hann og Jón Magnússon hafi orðið viðskila við þá Ólaf og Val eftir innbrotið og hafi hann (Lárus Ingi) og Jón tekið 3 bjórkassa og borið einn þeirra heim, en skilið hina eftir úti í móa við vöruskemmurnar. Er þeir Jón síðar um nóttina hafi ætlað að sækja kassana, sem þeir skildu eftir, hafi hann séð bifreið, hvíta að lit, bakka að skemmunni, en ekki hafi hann greint, hverjir voru þarna á ferð. Framburður þessi er í aðalatriðum í samræmi við framburð Ólafs Guðjóns. Enn fremur hefur Ólafur Guðjón borið, að eftir að þeir Valur urðu viðskila við Lárus og Jón, hafi þeir Valur haft samband við kærða, Braga, í þeim tilgangi að biðja kærða að aka þýfinu af innbrotsstað. Hafi kærði fallist á það og komið að vöruskemmunni í bifreið sinni, hvítum fólksbíl. Kærði hafi ekið um 30 kössum af bjór á brott í tveim ferðum og síðar hafi kærði greitt þeim Val í peningum þeirra hluta þýfisins.

Kærði neitar að vera á nokkurn hátt viðriðinn ofangreint innbrot.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið, og mestur hluti þýfisins hefur enn ekki komið í leitirnar. Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt, svo kærði með óskertu frelsi sínu geti eigi spillt sakargögnum, að úrskurða kærða í gæsluvarðhald. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar þykja því ekki standa gæsluvarðhaldinu í vegi.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Bragi Ólafsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Þriðjudaginn 15. mars 1977.

Nr. 193/1974. **Þverárhreppur**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Benedikt Axelssyni
Þorkelshólshreppi
Sveinsstaðahreppi og
Áshreppi
(Páll S. Pálsson hrl.).

Synjað um innsetningargerð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann, Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Jón Ísberg sýslumaður hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. nóvember 1974. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði

hrundið og að lagt verði fyrir fógetaréttinn „að opna umrætt hlið á hinni svokölluðu Miðhópsgirðingu vestan Gljúfurár". Hann krefst og málskostnaðar óskipt úr hendi stefndu fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þ. á m. afsal 9. janúar 1904 frá Sigurði Jónssyni, bónda á Lækjamóti, til áfrýjanda fyrir ¼ úr Haukagilsheiði með ⅛ úr Lambatungum og ⅛ úr Kornsártungum. Þá kemur fram af gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, að Þverárhreppur hefur á leigu beitarland í svonefndri Fremrihlíð austan í Víðidalsfjalli.

Leggja verður til grundvallar, að Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafi verið gerðarbeiðendur í héraði f. h. áfrýjanda, svo sem bókað er í fógetarétti Húnavatnssýslu í fyrsta þinghaldi í málinu 2. júlí 1974.

Við málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að þeir Guðmundur og Jóhannes hefðu verið fjallskilastjórar í Þverárhreppi, þegar málssókn þessi hófst.

Ágreiningur hefur lengi verið með aðiljum um rekstrarleið fyrir stóðhross úr Þverárhreppi fram á heiðarlönd áfrýjanda, þau er í málinu greinir. Réttur áfrýjanda til rekstrar gegnum hlið á Miðhópsgirðingu er eigi glöggur, og hann hefur eigi sýnt fram á, að slíkir hagsmunir hafi verið í húfi, að eigi hafi mátt bíða úrlausnar vettvangsdóms um ágreininginn. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það er athugavert, að af hálfu áfrýjanda hafa verið lögð fram mörg bréf og greinargerðir fyrir Hæstarétt, sem geyma skriflegan málflutning.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þverárhreppur, greiði Benedikt Axelssyni,

Þorkelshólshreppi, Sveinsstaðahreppi og Áshreppi 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Beiðni um opnun hliðs á Miðhópsgirðingu með beinni fógetagerð, dags. 27. júní 1974, er undirrituð af þeim Jóhannesi Magnússyni og Guðmundi Sigurðssyni. Ekki segir í gerðarbeiðninni, að gerðarinnar sé krafist vegna áfrýjanda. Hvorki er komið fram, að hinir nafngreindu menn hafi annar eða báðir saman verið bærir að lögum til fyrirsvars fyrir dómstólum fyrir Þverárhrepp um málefni það, sem hér greinir, né að þeir hafi haft sérstakt umboð hreppsnefndar til að krefjast þess, að gerðin færi fram. Í samþykkt hreppsnefndar Þverárhrepps 10. júní 1974 segir svo: „Vegna kæru á hendur stóðrekstrarmanna úr Þverárhreppi vorið 1973 telur hreppsnefnd rétt, að þeir aðilar, sem kærðir voru, standi fyrir því máli. — En hins vegar telur hreppsnefnd sjálfsagt, að sveitarsjóður taki á sig kostnað, sem af þessu leiðir, ef einhver verður". Bendir samþykkt þessi til þess, að á þessum tíma hafi hreppsnefndin ekki ætlað að láta málið til sín taka í nafni hreppsfélagsins. Verður samkvæmt þessu að líta svo á, að Jóhannes Magnússon og Guðmundur Sigurðsson hafi verið gerðarbeiðendur.

Úrskurði fógeta, er synjar um framgang gerðarinnar, er áfrýjað til Hæstaréttar í nafni Þverárhrepps. Þar sem hreppurinn var samkvæmt framansögðu ekki málsaðili fyrir fógetaréttinum, og honum er ekki heimil áfrýjun úrskurðarins af öðrum ástæðum, tel ég, að vísa beri málinu frá Hæstarétti. En þar sem sú úrlausn hefur ekki samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum dómsatkvæðis meiri hluta dómenda um efni málsins, er ég samþykkur niðurstöðu dómsatkvæðisins.

Úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu 13. ágúst 1974.

Með bréfi, dags. 27. júní sl., fóru þeir Jóhannes Magnússon bóndi, Ægissíðu, og Guðmundur Sigurðsson bóndi, Katadal, fram á, að svokallað Miðhópshlið verði opnað með fógetavaldi, svo þeir geti óhindrað rekið þar í gegn stóð, sem fara á fram á Haukagilsheiði, en þar á Þverárhreppur land, sem stóð er rekið í.

Fógeti ásamt gerðarbeiðendum fór á vettvang svo og Benedikt Axelsson bóndi, Miðhópi, en hann mætti jafnframt fyrir hreppsnefndir þeirra hreppa, sem málið snertir, Þorkelshólshrepp, Sveinsstaðahrepp og Áshrepp. En svo stutt var liðið frá almennum sveitarstjórnarkosningum, að ekki höfðu oddvitar verið kjörnir. Umboð Benedikts var munnlegt og aðeins að mótmæla, að gerðin næði fram að ganga, og biðja um frest til þess að réttkjörnir oddvitar nýkjörinna hreppsnefnda gætu tekið afstöðu til og lagt fram gögn í málinu.

Gerðarbeiðendur höfðu ásamt fleirum verið kærðir fyrir sakadómi Húnavatnssýslu vorið 1973 fyrir að hafa farið í gegnum umrætt Miðhópshlið, en það var þá læst með lás. Hreppsnefnd Þverárhrepps samþykkti á fundi sínum 10. júní sl. dómsskj. nr. 2, að þeir, sem kærðir voru 1973, standi fyrir þessu máli, en sveitarsjóður greiði málskostnað, ef einhver verður.

Allir aðiljar þessa máls eru ólöglærðir, og hefur fógetinn reynt að leiðbeina þeim eftir getu, bæði um formlegu hliðina og bent þeim á að afla gagna. Umboð gerðarbeiðenda frá hreppsnefnd Þverárhrepps hefðu getað verið fyllri og ákveðnari, en þeim hefur ekki verið mótmælt, enda vilji allra aðilja að fá efnisúrskurð um þetta mál, þ. e. löglega rekstrarleið Þverhreppinga á heiðarland þeirra, en láta minni háttar formgalla ekki hindra slíkan úrskurð.

Reynd var sátt með aðiljum, en án árangurs.

Deilumál þetta er orðið allgamalt. Árið 1945 fór Eggert Levý hreppstjóri, Ósum, fram á, að þetta hlið yrði opnað með fógetavaldi. Var því synjað með úrskurði fógetaréttar Húnavatnssýslu 9. júlí það ár. Hæstaréttarstefna var tekin út í því máli, en fallið frá henni síðar vegna þess, að gerðarbeiðandi, Eggert Levý, og þáverandi gerðarþoli, oddviti Þorkelshólshrepps, Axel Guðmundsson, Valdarási, sömdu um rekstrarleið í gegnum þetta hlið, en frekari málssókn féll niður. Samningur þessi var gerður 28. nóvember 1945.

Í því máli var aðalkrafa gerðarbeiðanda, að rekstrarleiðin fram Víðidalsfjall vestan Gljúfurár yrði viðurkennd bæði vegna þess,

að þarna væri um alfaraleið að ræða, og einnig hefði unnist hefð á þessari rekstrarleið þeirra Þverhreppinga. Fógetarétturinn komst að þeirri niðurstöðu, að svo væri ekki. Fógetarétturinn nú telur sig ekki geta breytt þessari niðurstöðu, þrátt fyrir að í raun kom úrskurður fógetaréttar ekki til framkvæmda, þar sem um jafnhátt dómstig er að ræða. Samkvæmt gildandi vegalögum getur maður girt yfir alfaraleið með leyfi viðkomandi hreppsnefndar. Þessu má áfrýja til vegamálastjóra, en hans úrskurð hlýtur að mega bera undir dómstólana. Nú liggur fyrir, eins og 1945, bann hreppsnefndar Þorkelshólshrepps við stóðrekstri fram um Miðhópshlið, eða m. ö. o. samþykkt hennar til handa ábúanda Miðhóps til þess að loka hliðinu. Þessu hefði átt að vísa til vegamálastjóra, og er formgalli á málinu, en eins og áður segir, hlýtur þetta mál að koma til úrlausnar dómstóla. Úrskurður vegamálastjóra er nánast umsögn eða álit hans, sem ekki er bindandi fyrir dómsvaldið. Fógetinn telur ekki rétt, að þessi formgalli, þótt verulegur sé, tefji efnislega niðurstöðu málsins, og vísar því ekki frá þess vegna.

Að þessu athuguðu lítur fógetarétturinn svo á, að eigandi Miðhóps hafi fulla heimild til þess að loka hliðinu með samþykki hreppsnefndar Þorkelshólshrepps, og nægði af þessari ástæðu einni að synja um framgöngu kröfunnar um opnun hliðsins, en gerðarbeiðandi heldur því hins vegar fram, að með samningnum frá 28. nóvember 1945 hafi Þverhreppingum verið heimiluð leið fram og í gegnum Miðhópshlið og þeim samningi hafi ekki verið sagt upp, aðeins öðrum ákvæðum samningsins. Þess vegna sé um samningsbrot að ræða af hálfu Þorkelshólshrepps að heimila lokun hliðsins nú einhliða. Þessari skoðun sinni til stuðnings vitna gerðarbeiðendur í álit Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 28. sept. 1963, um gildi samningsins frá 18. nóv. 1945 (dómsskj. nr. 4). Lögmaðurinn telur, að samningurinn hafi verið milli hreppsnefndar Þorkelshólshrepps og Eggerts heitins Levý persónulega, en ekki milli hreppsnefndanna, og einnig að ákvæðin um endurskoðun hans heimili ekki einhliða uppsögn. Um fyrra atriðið er það að segja, að Eggert heitinn Levý, hreppstjóri og sýslunefndarmaður á Ósum, bar ægishjálm yfir sveitunga sína, og voru þar þó engir aukvisar. Hann hugsaði um hag þeirra á allan hátt, og það er hann, en ekki hreppsnefnd, sem lætur sverfa til stáls og krefst opnunar Miðhópshliðs 1945. Þegar þeirri beiðni er synjað, tekur hann út hæstaréttarstefnu, en hættir við þá stefnu, þegar hann fær því framgengt með samningi að

fá að reka a. m. k. næstu 10 árin gegnum hliðið gegn greiðslu, sem svarar hátt í þrjú lambsverð að hausti, eða miðað við verðlag sl. haust kr. 3.500 hvert lamb (samkv. uppl. frá S. A. H. voru greiddar kr. 115 fyrir lamb 1945). Og jafnvel þótt litið verði þannig á, að þarna hafi verið um persónulegan samning hans, hlýtur arftaki hans að vera hreppsnefnd Þverárhrepps, því varla getur það verið meining lögmannsins, að fráfall Eggerts heitins laust eftir 1950 verki þannig, að endurskoðun verði ómöguleg og samningurinn gildi um aldur og ævi. Eini aðilinn í hreppum, sem getur komið fram fyrir hreppsbúa, er hreppsnefnd. Enda tekur hreppsnefnd við uppsögninni og gerir um ályktun á fundi 10. mars 1958 að óska eftir viðræðum við hreppsnefnd Þorkelshólshrepps.

Eggert heitinn Levý var stórbrotinn maður og kunni því illa að tapa. Þessi eiginleiki hans kemur fram í bréfi hans, dómsskj. nr. 7, dags. 3. mars 1946. Þar ræðir hann samninginn frá 28. nóv. fyrra árs og getur þess, sem áunnist hafði, en gleymdi að geta um greiðslu kr. 300, sem hann eða hreppssjóður Þverárhrepps greiddu til Þorkelshólshrepps og var fært á girðingasjóð hans, en það er sérstakur reikningur, heiðagirðingareikningur, sem á eru færðar tekjur og gjöld vegna heiðagirðinga í Þorkelshólshreppi (sjá dómsskj. nr. 18).

Ef samningurinn á dómsskj. nr. 6 er athugaður, er aðalefni hans, að umferð um Miðhópshlið er heimiluð, heimilaður er upprekstur 75 hrossa á Víðidalstunguheiði og fógetaréttarmálið fellur niður. Eggert Levý greiðir kr. 300, eða eftir núverandi verðlagi nærri þrjú lambsverð, eða um kr. 10.000. Samningurinn verði endurskoðaður eftir 10 ár.

Á dómsskj. nr. 7, sem áður er vitnað í, leggur Eggert aðaláherslu á upprekstrarréttinn á Víðidalstunguheiði, og þar kemur í ljós, að um framhaldandi réttindi var að ræða. Þverhreppingar höfðu þessi réttindi, og það hlakkar í gamla manninum, er hann tilkynnir, að þeir Þverhreppingar þurfi í samanburði við heimamenn sama sem ekkert að greiða fyrir landið.

Í umræddu bréfi á dómsskj. nr. 7 segir Eggert heitinn ekkert frá sjálfum sér um opnun leiðarinnar um Miðhópshlið, sem hann hafði þá barist fyrir að opnuð yrði. Það verður ekki skýrt annan veg en þann, að sigurinn hafi verið nokkuð dýr og ekki alger, þar sem tímabilið var aðeins 10 ár. Af þessu leiðir, að telja verður, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hafi haft fulla heimild til þess að segja upp samningnum frá 28. nóv. 1945, og það raunar viður-

kennt af hreppsnefnd Þverárhrepps með samþykkt sinni á dómsskj. nr. 9, þar er ekkert getið um rekstrarleið í gegnum Miðhópshliðið, en aðeins samið um áframhaldandi hagagöngu á Víðidalstunguheiði. Þeim samningi er svo sagt upp með bréfi 7. maí 1963 á dómsskj. nr. 10. Heimild til uppsagnar hlýtur að taka til allra þátta samningsins, einnig upprekstrarleiðarinnar um Miðhópshlið. Enda var þetta álit allra gerðarþola, því strax eftir að samningurinn frá 1958 er gerður, hefst stríðið að nýju. Og nú eru aðalhvatamennirnir oddvitar Áshrepps og Sveinsstaðahrepps.

Þannig stendur á, að Miðhóp á land meðfram Gljúfurá og upp í Víðidalsfjall fram að Hólagilslæk. Þar fyrir framan tekur við Þingeyraselsland. Miðhópsgirðingin er nokkru norðan við Hólagilslæk, svo Miðhóp á þarna um 80—100 ha sneið. Þessi girðing var að sögn upphaflega gerð af eiganda Miðhóps, en upprekstrarfélögin sjá nú um hana. Land Þingeyrasels hefur marga undanfarna áratugi verið nýtt sem afrétt og ekki búið í selinu frá því um 1930.

Því verður ekki neitað, að leiðin fram með Víðidalsfjalli að austan um Miðhópshlið virðist beinust leið fyrir Þverhreppinga að fara fram á Haukagilsheiði, en þar eiga þeir upprekstrarrétt fyrir ákveðinn fjölda hrossa.

Á þeim tíma, um 1960, voru hross rekin á heiði eins fljótt og gróður leyfði, þ. e. talinn var kominn nægur gróður fyrir hross. Þá var rekið mikið fyrr en nú, þegar ekki er leyft af gróðurverndarsjónarmiðum að reka fyrr en 10. júlí í ár. Þá kvörtuðu bændur, sem laust fé áttu í Víðidalsfjalli, undan því, að hrossarekstur fram fjallið styggði lambféð og jafnvel yrði til þess, að lömb viltust undan. Þá mun alltaf hafa verið viss tilhneiging til tortryggni gagnvart fjölda hrossanna. Af þessum ástæðum töldu sveitarstjórnir, þ. e. stjórn upprekstrarfélags Áshrepps og Sveinsstaðahrepps, rétt að ákveða rekstrarleiðina fram Vatnsdal samkvæmt heimild í fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu. Þessu vildu gerðarbeiðendur ekki hlíða og töldu Þingeyraselsland vera í Vestur-Húnavatnssýslu. Gætu sveitarstjórnirnar í Austur-Húnavatnssýslu ekki ákveðið rekstrarleiðina. Fógetaréttur**inn lætur það liggja milli hluta, hvar sýslumörkin eru,** enda hefur fógetinn vikið sæti ex officio í máli, sem þarf að kveða á um þetta atriði, þar sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hafði afgreitt mál og hann tekið þátt í þeirri afgreiðslu, sem gengur út frá, að umrætt land sé í Austur-Húnavatnssýslu.

Árið 1962 kæra oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa til saka-

dóms (sjá dómsskj. nr. 5) gerðarbeiðendur og einn mann til fyrir að reka í gegnum Miðhópshlið og fram Víðidalsfjall, en oddvitarnir höfðu ákveðið að reka skyldi fram Vatnsdal, og fyrir brot á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu. Máli þessu lauk með því, að saksóknari taldi ekki þörf aðgerða eftir að hafa fengið sakadómsskýrslur um málið. Féll þá málið niður um sinn, en þetta sýnir, að gerðarþolar töldu, að umferðarrétturinn samkv. samningum frá 1945 væri ekki fyrir hendi. Síðan þá hafa báðir aðiljar rætt þessi mál við fógetann sem sýslumann og hann bent þeim á, að auðveldasta leiðin til þess að fá úr þessu skorið væri að leita aðstoðar fógetaréttar, annað hvort með kröfu um að opna hliðið, eins og nú hefur verið gert, eða leggja lögbann við þessari leið. Samkomulag virðist útilokað.

Eins og áður er komið fram, lætur fógetarétturinn liggja milli hluta, hvort umrætt land sé í Austur-Húnavatnssýslu eða Vestur-Húnavatnssýslu og hvort sveitarstjórnir Ás- og Sveinsstaðahrepps hafi heimild til þess að ákveða rekstrarleið. Hins vegar telur rétturinn, að samningurinn frá 28. nóv. 1945 hafi aðeins veitt tímabundinn rétt til rekstrar í gegnum Miðhópshlið. Þegar þeim samningi var sagt upp, hafi rétturinn fallið niður, þ. e. um hann var ekki frekar samið. Tíminn, síðan samningurinn féll úr gildi, er allt of stuttur til þess, að um hefð geti verið að ræða. En úrskurður fógetaréttar Húnavatnssýslu frá 9. júlí 1945 um hefð og rétt vegna alfaraleiða þar áður stendur í fullu gildi gagnvart fógetaréttinum nú. Því verður að synja um framgang þeirrar kröfu að opna umrætt Miðhópshlið.

Ályktunarorð:

Krafa gerðarbeiðenda um opnun Miðhópshliðs á ekki að ná fram að ganga.

Þriðjudaginn 15. mars 1977.

Nr. 142/1975. **Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli f. h. ríkissjóðs**
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)
gegn
Njarðvíkurhreppi
(Páll S. Pálsson hrl.).

Fasteignaskattur. Synjað um uppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Þorgeir Þorsteinsson, lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli, kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með áfrýjunarstefnu 8. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. september s. á. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang uppboðsins. Til vara er þess krafist, að uppboðskrafan verði lækkuð í 276.279 krónur. Til þrautavara er þess krafist, að krafan verði lækkuð í 618.280 krónur. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Í máli þessu krefur áfrýjandi um fasteignaskatt, sem á var lagður 1974. Gjaldheimtan byggist á II. kafla laga nr. 8/1972. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laganna skyldi leggja ágreiningsefnið fyrir yfirfasteignamatsnefnd til úrskurðar, áður en það var lagt fyrir dómstóla. Ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 320/1972 eða lög nr. 94/1976 hagga þessu ekki. Þegar af þessari ástæðu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna uppboðs.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað um framgang hins umbeðna uppboðs.

Stefndi, Njarðvíkurhreppur, greiði áfrýjanda, flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli f. h. ríkissjóðs, 180.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með dómum Hæstaréttar 26. september 1975 (Hrd. 1975, bls. 683) og 31. mars 1976 (Hrd. 1976, bls. 232) var dæmt, að lögskýra bæri 3. mgr. 4. gr. laga nr. 8/1972 þannig, að ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn fasteignaskatts samkvæmt II. kafla nefndra laga yrði ekki borinn undir dómstóla, nema yfirfasteignamatsnefnd hefði áður lagt úrskurð á ágreiningsefnið. Samkvæmt þessu fellst ég á ákvæði meiri hluta dómenda.

Úrskurður uppboðsréttar Keflavíkurflugvallar 7. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 19. júní sl., er risið vegna mótmæla flugmálastjórnar íslenska ríkisins á Keflavíkurflugvelli við kröfu Njarðvíkurhrepps um, að uppboð fari fram á flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli til lúkningar eftirstöðvum álagðra fasteignagjalda fyrir árið 1974 auk dráttarvaxta og uppboðskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að Njarðvíkurhreppur lagði fasteignaskatt á flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli fyrir árið 1974, að upphæð kr. 1.377.420, og krafði flugmálastjórn um þá greiðslu um vorið 1974 með gjaldseðli.

Hinn 6. ágúst 1974 ritaði flugmálastjórn Njarðvíkurhreppi bréf (fskj. nr. 2 með dskj. nr. 1) og færðist þá undan greiðslu hins álagða fasteignaskatts, nema að því leyti sem skatturinn næmi hærri upphæð en útlagður kostnaður flugmálastjórnar vegna greiðslna til varnarliðsins fyrir vatns-, holræsa- og sorphreinsunargjald og að sá útlagður kostnaður kæmi þar með til skuldajafnaðar við fasteignaskattsálagninguna.

Með bréfi, dags. 10. september 1974 (fskj. nr. 3 með dskj. nr. 1), tilkynnti Njarðvíkurhreppur flugmálastjórn, að á fundi hreppsnefndar hinn 29. ágúst hefði málaleitan flugmálastjórnar verið synjað og jafnframt verið samþykkt að innheimta fasteignaskattinn að fullu.

Hinn 14. nóvember 1974 ritaði lögmaður Njarðvíkurhrepps flugmálastjórn bréf (fskj. nr. 4 með dskj. nr. 1) og krafðist greiðslu fasteignaskattsins innan 30 daga frá dagsetningu bréfsins, en ella yrði beðið um uppboð á flugstöðvarbyggingunni til fullnustu kröfunni.

Með bréfi lögmanns Njarðvíkurhrepps, dags. 19. desember 1974, til lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli var síðan beðið um sölu flugstöðvarbyggingarinnar á nauðungaruppboði til lúkningar fyrrgreindum kröfum.

Mál þetta kom síðan fyrir í uppboðsrétti Keflavíkurflugvallar hinn 29. janúar sl., þar sem lögmaður flugmálastjórnar mótmælti uppboðsbeiðninni og krafðist úrskurðar um réttmæti hennar.

Að lokinni gagnaöflun fór munnlegur flutningur fram hinn 3. apríl sl., og endurflutningur hinn 19. júní sl. vegna dráttar á uppkvaðningu úrskurðar, er stafaði af sérstökum starfsönnum dómarans, er eigi þoldu bið.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur gert þær kröfur, að gerðin nái fram að ganga til fullnustu eftirstöðvum skuldarinnar, kr. 1.077.420 auk 1½% dráttarvaxta á mánuði af kr. 688.397 frá 15. janúar 1974 til 15. maí 1974, en af kr. 1.377.420 frá þeim degi til 8. ágúst 1974, er flugmálastjórn greiddi kr. 300.000 upp í fasteignaskattsálagningu ársins, og af kr. 1.077.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi uppboðsþola skv. taxta LMFÍ.

Lögmaður uppboðsþola hefur krafist þess, að gerðin nái ekki fram að ganga og að uppboðsbeiðanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu uppboðsþola hafa ýmsar málsástæður verið tilgreindar, bæði að því er varðar form- og efnishlið, fyrir því, að gerðin nái ekki fram að ganga.

Að því er formhlið málsins varðar, telur hann, að eigi hafi verið fullnægt skilyrðum laga um sölu lögveða nr. 49 frá 1951 varðandi birtingar- og tilkynningarskyldu.

Efnisástæður gegn framgangi uppboðsins telur hann þessar helstar:

Í fyrsta lagi, að uppboðsandlagið sé í eigu Bandaríkja Ameríku og því undanþegið skatti skv. varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, lög 110 frá 1951. Í þessu tilfelli sé þá einnig um aðildarskort að ræða hjá umbjóðanda hans, þar eð fasteignaskatt beri að leggja á eiganda eignar, sem sé bandaríska ríkið, eins og áður greinir.

Í öðru lagi, að uppboðsandlagið sé staðsett í sérstöku lögsagnarumdæmi, sem falli ekki undir staðarleg valdmörk uppboðsbeiðanda, og í því sambandi kom enn fremur til álita endurgjaldsjónarmið, þ. e. að móti réttindum komi skyldur, sem uppboðsbeiðandi sé í þessu tilfelli algerlega laus við.

Í þriðja lagi verði flugstöðvarbyggingin ekki talin sérstök fasteign, þar eð hún hafi engin sérstök lóðarréttindi, sé aðeins óafmarkaður hluti af stærri heild, þ. e. öllu athafnasvæði flugvallarins.

Formhlið.

Lögmaður uppboðsbeiðanda hefur lagt fram ljósrit af auglýsingaprogrami frá Samtökum sveitarfélaga í Reykjaneskjördæmi (SASÍR) til birtingar í útvarpi og dagblöðum fyrir árið 1975, þar sem birtar eru áskoranir til gjaldenda um að greiða álögð gjöld til sveitarfélaga og þar með að innheimtuaðgerðir verði hafnar í samræmi við lög nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks eftir 15. febrúar hjá þeim, sem ekki hafi greitt fyrri hluta gjaldanna. Hefur lögmaðurinn staðhæft, að samsvarandi auglýsingaprógram hafi verið viðhaft árið 1974, en ekki lagt fram skjalfest gögn því til staðfestingar.

Þá hefur hann lagt fram ljósrit af auglýsingu frá sveitarstjóra Njarðvíkurhrepps í 28. tbl. Suðurnesjatíðinda 1974, þar sem skorað er á þá, sem eiga vangreidd gjöld til Njarðvíkurhrepps, að gera skil þegar, vilji þeir komast hjá innheimtuaðgerðum, þar eð lögtök hefjist í vikunni á eftir.

Enda þótt auglýsing þessi feli fyrst og fremst í sér lögtakshótun skv. auglýsingu í 27. tbl. sama blaðs um, að lögtök hafi verið úrskurðuð, verður að telja, að hér sé einnig um almenna áskorun að ræða til gjaldenda hreppsins um greiðslur hvers konar gjaldfallinna gjalda.

Í áðurgreindum lögum nr. 49/1951 um sölu lögveða án undangengins lögtaks, 1. gr., segir svo um birtingarskilyrði undanfarandi nauðungaruppboði, að birta skuli áður með mánaðarfyrirvara almenna áskorun um greiðslu gjaldanna í dagblaði eða á

annan venjulegan hátt og tilkynna skrásettum eiganda lögveðsins með ábyrgðarbréfi, sem borið sé út, að óskað verði uppboðs á veðinu, verði skuldin eigi greidd innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningarinnar.

Eins og áður greinir, hefur lögmaður uppboðsbeiðanda lagt fram tvö bréf, annað frá umbjóðanda sínum, dags. 10. september 1974 (fskj. nr. 3 með dskj. nr. 1), og hitt innheimtubréf hans sjálfs, dags. 14. nóvember 1974 (fskj. nr. 4 með dskj. nr. 1), sem eigi hefur verið mótmælt, að borist hafi í hendur viðtakanda, þ. e. uppboðsþola, svo og fyrrgreint bréf uppboðsþola til uppboðsbeiðanda, dags. 8. ágúst 1974, þar sem greiðslu fasteignaskattsins er mótmælt að hluta.

Af framangreindum bréfaskriftum er ljóst, að uppboðsþola var fullkunnugt um væntanlegar innheimtuaðgerðir uppboðsbeiðanda, enda hljóta slíkar persónulegar tilkynningar og áskoranir, séu þær sendar á tryggilegan hátt, að vera öruggari en almennar áskoranir, enda í samræmi við niðurlag 1. gr. tilvitnaðra laga.

Skv. framanrituðu telur dómurinn því, að ákvæðum laga nr. 49/1951 um birtingar- og tilkynningaskyldu gagnvart uppboðsþola hafi verið nægilega fullnægt, að því er framgang uppboðsbeiðninnar varðar.

Efnishlið.

1. Bygging sú, er hér um ræðir, var reist af bandaríska ríkinu í kringum 1950 og rekin af varnarliðinu, frá því það kom hér 1951 og til 1964, er íslenska ríkið tók við rekstri hennar samkvæmt samningi ríkjanna, dags. 29. maí 1964 og samþykktum 30. s. m.

Í nefndum samningi (dskj. nr. 9) er fyrirsögn svohljóðandi: „Samkomulag um afhendingu hótel- og flugstöðvarbyggingar Varnarliðs Íslands til íslenzku ríkisstjórnarinnar". Síðar í meginmáli samningsins er kveðið á um, að samkomulag aðilja sé gert um afhendingu ábyrgðar á rekstri og viðhaldi umræddrar byggingar.

Í tölulið 1 er fjallað nánar um afhendingu, en þar segir, að kl. 0001 þann 1. júlí 1964 samþykki ríkisstjórn Íslands að taka í sínar hendur að fullu ábyrgð á rekstri og viðhaldi hótel- og flugstöðvarbyggingar, S-782.

Í síðari liðum samningsins eru ákvæði um, að ríkisstjórn Íslands skuli láta varnarliðinu í té hæfilegt húsrými í byggingunni fyrir flug- og farþegaafgreiðslu, en með breytingu á umræddu samkomulagi frá 24. febrúar 1966, staðfestu 28. s. m., voru síðast-

greind ákvæði um nýtingu varnarliðsins af byggingunni að hluta felld úr gildi frá og með miðnætti þess 28. febrúar 1966.

Frá þessum tímamörkum hefur rekstur og nýting byggingarinnar algerlega verið í höndum flugmálastjórnarinnar fyrir hönd íslenska ríkisins, sem eitt hefur borið alla ábyrgð og kostnað af rekstri hennar. Hefur flugmálastjórn meðal annars skv. ákv. 7. tl. fyrrgreinds samnings greitt varnarliðinu fyrir selda raforku og vatn samkvæmt mælum og fast mánaðargjald fyrir frárennsli og sorphreinsun.

Þá hefur flugmálastjórn, frá því er hún tók við byggingunni að öllu leyti árið 1966, leigt út verulega hluta hennar til íslenskra aðilja, bæði ríkisstofnana og einkaaðilja, gegn leigugjaldi.

Af framanrituðu er ljóst, að bygging sú, er hér um ræðir, er nú algerlega rekin af íslenska ríkinu í þágu millilandaflugs og allsendis óviðkomandi framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, enda hefur varnaliðið síðan reist sérstaka byggingu til að reka þá starfsemi, sem það áður starfrækti í flugstöðvarbyggingunni viðkomandi herflugi.

Þá er upplýst af gögnum málsins, að flugmálastjórn hefur áður svarað til ábyrgðar fyrir flugstöðvarbygginguna, meðal annars með greiðslu álagðs fasteignaskatts fyrir árið 1973 og greiðslu upp í sama skatt fyrir árið 1974.

Að öllu þessu virtu verður að telja, að umrædd mannvirki séu nú algerlega á ábyrgð íslenska ríkisins og því ekki undanþegin skatti samkvæmt varnarsamningnum.

Þá er og skýrt tekið fram í II. kafla laga nr. 51/1964, 3. gr., að fasteignaskatt skuli leggja á eign í því umdæmi, sem hún er staðsett í, og með því að lögveðsréttur er áskilinn í lögunum, skiptir eignaraðild ekki máli gagnvart krefjanda skattsins, sé hann á annað borð réttilega á lagður.

2. Vegna framkvæmda varnarsamnings samkv. lögum nr. 110/1951 var land það, sem lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar nær til, lagt til ríkisins, en hreppamörkum, sem um lögsagnarumdæmið liggja, þó í engu breytt. Fylgja mörk lögsagnarumdæmisins því ekki mörkum ákveðins sveitarfélags, heldur nær það yfir hluta nokkurra sveitarfélaga, þar á meðal Njarðvíkurhrepps, en innan hreppsmarka hans eru flestar þær byggingar, sem íslenska ríkið rekur á Keflavíkurflugvelli. Má þar til nefna, auk flugstöðvarbyggingarinnar, lögreglustöðina og 3 fjölbýlishús í Grænási, sem reist voru sem leiguíbúðir fyrir ríkisstarfsmenn á Keflavíkurflugvelli.

Íbúar greindra fjölbýlishúsa eru skráðir til lögheimilis í Njarðvíkurhreppi og greiða þangað tilskilin sveitargjöld, en gjöld til ríkissjóðs greiða þeir til innheimtumanns ríkissjóðs á Keflavíkurflugvelli.

Skattur sá, er hér er til álita, er skylduskattur á þær eignir, sem lög nr. 51/1964 tilgreina, og því óháður öðrum skuldaskilum skattkrefjanda og forsvarsmanna eignanna.

Kröfur uppboðsþola um, að tilgreindur þjónustukostnaður komi til skuldajafnaðar við skattgreiðsluna, eru því skattheimtu þessari óviðkomandi.

3. Réttindum yfir því landi, sem íslenska ríkis keypti á sínum tíma til afnota vegna framkvæmdar varnarsamningsins og nú er lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar, var við eignaryfirfærsluna þinglýst við embætti sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Við stofnun sérstaks lögsagnarumdæmis á Keflavíkurflugvelli var sem við önnur héraðsdómaraembætti lögð til sérstök afsals- og veðmálabók, en fyrrgreind skjöl um eignarrétt ríkisins að landi lögsagnarumdæmis Keflavíkurflugvallar hafa ekki verið flutt í afsals- og veðmálabók á Keflavíkurflugvelli, heldur varðveitt áfram í afsals- og veðmálabókum Gullbringusýslu.

Sú sérstaða ríkir og á Keflavíkurflugvelli, að öll mannvirkjagerð þar er háð leyfi ríkisvaldsins og bundin þörfum við framkvæmd varnarsamningsins og millilandaflugs, þannig að öll varanleg mannvirkjagerð er annað hvort á vegum varnarliðsins og eign Bandaríkjanna eða á vegum íslenska ríkisins og þá í þess eigu.

Vegna fyrrgreindra takmarkana á athafnafrelsi sakir afskipta ríkisvaldsins og þeirrar sterku aðstöðu ríkisins sem eina landeiganda í lögsagnarumdæminu hefur ríkisvaldið verið einrátt um staðsetningu mannvirkja og því væntanlega ekki séð ástæðu til að afmarka sérstakar lóðir undir mannvirki sín, en frekar litið á mannvirkin sem óafmarkaða hluta af stærri fasteign, sem öll er í þess eigu.

Er þar líkt að staðið og hjá bónda, er hann reisir mannvirki á eignarjörð sinni.

Samkvæmt framanrituðu lítur dómurinn svo á, að bygging sú, er hér er um fjallað, þ. e. flugstöðvarbyggingin, heyri til fasteigna í almennum skilningi þess hugtaks og skipti engu, hvort henni séu ákveðin sérstök lóðarréttindi eða litið á hana sem varanlegan hluta stærri fasteignar.

Upplýst er af framlögðum gögnum, að flugstöðvarbyggingin

hefur verið virt sérstaklega til fasteignamats og fullnægir að því leyti ákvæðum laga um álagningu fasteignaskatts.

Með skírskotun til rökstuðnings undir liðum 1—3 hér að framan lítur dómurinn því svo á, að fasteignaskattur álagður á flugstöðvarbygginguna fyrir árið 1974 sé réttilega á hana lagður, og skal því umbeðin uppboðsgerð ná fram að ganga.

Með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna, sem hér ríkja vegna samningsbundinnar dvalar erlends herliðs og þar af leiðandi staðbundinna samskipta Íslands og Bandaríkjanna, sem ekki eiga sér hliðstæðu hér á landi, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa Njarðvíkurhrepps um, að flugstöðvarbygging á Keflavíkurflugvelli verði seld á nauðungaruppboði, skal ná fram að ganga.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 16. mars 1977.

Nr. 217/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurgeir Einari Karlssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð skýrsla yfirlæknis skurðlækningadeildar Borgarspítalans 15. mars 1977 um sjúkravist ákærða þar 14. maí til 2. júní 1975.

Ákæruefni og sakargögnum er lýst í héraðsdómi. Svo sem greinir þar, er ákærði einn til frásagnar um aðdraganda og atvik að viðureign þeirra Rafns Svavarssonar, er leiddi til

dauða hans. Verður samkvæmt því að rekja upphafið að átökum þeirra til þess, að Rafn hrifsaði til sín bankabók ákærða, en í henni var talsverð innstæða, og stakk henni á sig. Kveður ákærði, að Rafn hafi sagt, að ákærði „fengi hana ekki aftur". Ákærða tókst að ná bókinni af Rafni, en Rafn hafi þá „orðið óður af bræði og slegið sig í vinstri síðu", svo að hann hafi vart náð andanum. Leggja verður til grundvallar, að til verulegra átaka hafi komið milli þeirra. Þá verður við það að miða, að ákærði „hafi verið gripinn ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn Svavarsson og að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði", sbr. svör réttarmáladeildar Læknaráðs í álitsgerð, staðfestri 20. maí 1976, við spurningum héraðsdómara.

Samkvæmt játningu ákærða, sem fær stoð í öðrum sakargögnum, er ótvírætt, að ákærði svipti Rafn Svavarsson lífi með hnífstungum, en talið er í krufningarskýrslu 15. maí 1975, að honum hafi blætt út frá áverkum, sem hann hlaut af völdum eggvopns. Sakargögn veita eigi stoð þeirri tilgátu í héraðsdómi, að ákærði hafi veitt Rafni sár, eftir að hjartslætti lauk. Ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að brot ákærða varði við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þegar virt eru atvik að broti ákærða og aðstæður allar, verður eigi talið, að hann hafi framið brot sitt í neyðarvörn, sbr. 1. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga, og hvorki þykja ákvæði 2. málsgr. 12. gr. né 1. töluliðs 1. málsgr. 74. gr. sömu laga eiga við um það.

Samkvæmt gögnum máls er ákærði sakhæfur.

Telja verður, að hinn látni hafi átt upptökin að viðureign þeirra ákærða með atferli því, er að framan greinir, en sakargögn benda til þess, að hann hafi þá verið alldrukkinn. Þykja ákvæði 4. töluliðs 1. málsgr. 74. gr. almennra hegningarlaga eiga við um háttsemi ákærða. Ber að líta til þessa við ákvörðun refsingar svo og til þess, að ákærði var mjög ungur, aðeins 18 ára, þegar hann framdi brot sitt, er hann gekkst hreinskilnislega við, sbr. 4. tölulið 1. málsgr. 70. gr. og 9. tölulið 1. málsgr. 74. gr. almennra hegningarlaga. Hins vegar

beitti hann hættulegu vopni við framkvæmd brotsins. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár og 6 mánuðir. Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem staðið hefur óslitið síðan 14. maí 1975, komi með fullri dagatölu refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar við áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 150.000 krónur.

Rannsókn máls þessa hefur verið í höndum fimm dómara. Hefur hún eigi verið jafn rækileg sem skyldi. Við frumrannsókn málsins hefði þurft að prófa ákærða frekar en orðið er um aðdraganda að átökum þeirra Rafns Svavarssonar og um átök þeirra og beitingu ákærða á eggvopni gegn hinum látna. Gaf krufningarskýrsla, er lýsir einstökum sárum á líkinu, og efni til að spyrja ákærða nánar um hnífsstungur. Enn fremur var ástæða til að samprófa ákærða og vitni. Ákærði gaf skýrslu fyrir sakadómi 14. maí 1975. Eigi var hann prófaður að nýju fyrir dómi fyrr en 14. júlí s. á., en nauðsyn bar til að hraða dómprófun yfir ákærða. Eigi voru ákærða kynnt ákvæði 2. málsgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, eftir því sem bókað er í þingbók, er hann kom fyrir dóm 14. júlí 1975 og 11. júní 1976, en hann gaf skýrslur í báðum þessum þinghöldum. Bróðir ákærða, Birgir Karlsson, gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu 14. maí 1975 og fyrir sakadómi Reykjavíkur 17. desember 1975, en í hvorugt skipti var honum bent á heimild sína til að skorast undan vættisburði, sbr. 5. tölulið 89. gr. laga nr. 74/1974, sem einnig ber að beita við skýrslur fyrir rannsóknarlögreglu, sbr. 39. gr. sömu laga.

Það athugast, að eigi er aðfararákvæði í héraðsdómi.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti fangelsi 5 ár og 6 mánuði.

Gæsluvarðhaldsvist hans frá 14. maí 1975 komi refsingu til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 29. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 11. júní 1976 að loknum munnlegum málflutningi, er af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu af ríkissaksóknara þann 29. janúar 1976, höfðað gegn Sigurgeir Einari Karlssyni verkamanni, Ennisbraut 29, Ólafsvík, nú gæslufanga á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fæddum 11. nóvember 1956 á Ísafirði, fyrir manndráp með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 14. maí 1975 svipt Rafn Svavarsson, Bragagötu 38, Reykjavík, lífi með hnífsstungum í vistherbergi sínu í verbúð Hróa h/f í Ólafsvík.

Samkvæmt ákæruskjali „þykir ákærði með fyrrgreindu hafa gerst brotlegur samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940".

Kröfur ákæruvaldsins eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og málskostnaðar.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1973 11/10 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Sátt, 4.000 króna sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga (sic). Sviptur rétti til þess að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 11. október 1973.

1974 í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. febrúar 1974.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt miðvikudagsins 14. maí 1975, kl. 0210, tilkynntu tveir unglingspiltar lögreglunni í Ólafsvík, að þeir hefðu þá skömmu áður verið staddir við fjárhús upp með Fossá, sem er

skammt fyrir innan Ólafsvík, og hefði þá ákærði komið til þeirra ríðandi, með tvo til reiðar, og sagt þeim, að hann hefði drepið mann í verbúð Hróa h/f. Í skýrslu Hilmars Júlíussonar lögregluþjóns um málið segir síðan:

„Undirritaður fór þegar ásamt Adolf Steinssyni, lögregluþjóni, niður að verbúð Hróa h/f. Er við komum inn í verbúðina, sáum við, að blóðug fótspor lágu frá dyrum herbergis þess, sem Sigurgeir býr í í Hróa, en hann hefur haft herbergi þar á leigu í vetur. Herbergið reyndist vera læst, og ekkert ljós var þar inni. Við höfðum tal af þremur mönnum, sem sváfu í öðrum herbergjum þarna í verbúðinni, og kváðust þeir ekki hafa orðið varir við neinn hávaða um kvöldið eða nóttina fram að þeim tíma, er við komum í verbúðina.

Þar sem herbergið var læst og enginn opnaði, er við knúðum dyra, fórum við út, og tókst okkur að opna glugga á herberginu og komast inn. Við fundum mann inni í herberginu, og lá hann á gólfinu rétt innan við dyrnar. Maðurinn virtist vera látinn. Mikill blóðpollur var undir manninum og inni í skáp, sem var opinn og stendur hægra megin við dyrnar, er komið er inn í herbergið. Við sáum, að áverkar voru á manninum á hálsi. Maðurinn lá að nokkru leyti krepptur með fætur að dyrum herbergisins, og virtist hann hafa verið dreginn til, því gólfteppið var dregið til undir manninum. Hann var klæddur í blá jakkaföt með ljósum teinum, með rautt hálsbindi, í svörtum, reimuðum skóm og grænum sokkum. Hann var berhöfðaður. Við bárum kennsl á manninn, og þekktum við, að þetta var Rafn Svavarsson, til heimilis að Bragagötu 38, Reykjavík, fæddur 31. júlí 1938 í Reykjavík.

Tvö rúm úr járni voru í herberginu sitt hvorum megin við gluggann, og var annað þeirra tómt, en á rúminu, sem var vinstramegin við gluggann, var dýna, og á henni voru fataleppar og fleira dót. Á gólfinu voru blóðug föt, einnig var veski á gólfinu, og var það merkt Sigurgeiri Einari Karlssyni.

Borð var í herberginu undir glugganum, milli rúmanna. Á því var ýmist dót, þar á meðal bankabók merkt Sigurgeiri. Á fremsta blað hennar var skrifað með blóði stafirnir B. K. Við skápinn rétt við fætur mannsiins fundum við mjóa melspíru. Gluggatjöldin voru dregin fyrir gluggann. Blóðblettir voru á skáphurðunum".

Þá var haft samband við héraðslækninn í Ólafsvík, fleiri lögregluþjónar kallaðir til, ljósmyndari fenginn til þess að taka

myndir af vettvangi, haft samband við sýslumann og rannsóknarlögregluna í Reykjavík.

Síðan segir í lögregluskýrslunni:

„Þá gerðum við einnig ráðstafanir til að hafa upp á Sigurgeiri, og leituðum við upp með Fossá, en fundum hann ekki þar. En þar fundum við þrjá skó, bundna saman á reimunum, og voru þeir alblóðugir.

Um kl. 05.00 kom svo Sigurgeir ríðandi niður í Ólafsvík, og handtókum við hann þá, og færðum við hann í klefa nr. 3 í fangageymslu lögreglunnar í Ólafsvík.

Sigurgeir var mjög miður sín, er hann var handtekinn, og fengum við Vilhjálm lækni til að líta á hann, einnig tók hann blóðprufu úr honum.

Meðferðis hafði Sigurgeir poka og hulstur utan um hníf . . .".

Rannsóknarmennirnir Njörður Snæhólm og Ragnar Vignir komu á staðinn kl. 0615 til aðstoðar við rannsókn málsins. Í skýrslu Njarðar um rannsóknina segir m. a.:

„Lýsing á brotstað.

Herbergið, sem atburður þessi átti sér stað í, er á annarri hæð í verbúðarhúsi Hróa h/f. Gengið upp stiga og síðan inn til vinstri. Herbergið er á vinstri hönd, með glugga í suður, og það hafði Sigurgeir Einar. Nafn hans á hurðinni. Blóðspor eru í stiganum og inn ganginn að herberginu. Aðeins innar og hægra megin við ganginn er herbergi Rafns.

Herbergi Sigurgeirs var læst, er við komum, og lögreglan gætti þess. Fara þurfti inn um opinn glugann til að opna það.

Hurðin opnast inn til vinstri. Pappakassi, fullur af tómum gosflöskum, er á gólfinu bak við hurðina. Járnrúm er við vinstri vegg og dýna í því. Blóðblettir eru framantil á dýnunni um miðju, eins og sest hafi verið á hana í rassblóðugum buxum. Á rúminu er úlpa, tíglótt skyrta, bláar flauelsbuxur og peysubolur. Þetta er hreint. Þá er þar brúnt seðlaveski, merkt Sigurgeiri Einari Karlssyni, Ásbraut 5. Í því kr. 200.00 og ökuskírteini hans.

Borð er undir glugganum. Á því tómir sígarettupakkar, öskubakki hálffullur af sígarettustubbum, 3 tómar gosflöskur á hliðinni, lítið útvarpstæki, vekjaraklukka á grúfu og í lagi, 3 bækur, matskeið og rusl. Viðskiptabók nr. 3130, skráð á Sigurgeir Einar Karlsson. Innistæða kr. 125.050.00 að mér sýnist. Kápa bókarinnar er brotin aftur og skrifað á fyrstu síðu með blóði, að því er virðist með fingri, stafirnir „BK".

Við hægri vegg er járnrúm, en engin dýna í því, á því er bak af stól og dagblað. Við enda þess í horninu næst dyrunum er fataskápur með tveimur hurðum, sem eru með blóðkámi. Hurðin næst dyravegg er opin. Jakki er á gólfinu í skápnum svo og talsvert mikið blóð.

Á gólfi herbergisins er grænt teppi. Undir vinstra rúmi er lítil ferðataska. Framan við það eru tvær hreinar milliskyrtur, ein hrein peysa, ljósbláar buxur með blóðkámi. Þær hafa verið hreinar. Handklæði með blóblettum, eitt par svartir skór, hreinir, tóm gosflaska, hrein. Gráar buxur, alveg gegnsósa af blóði. Blautur blettur undir þeim og blóðkám.

Framan við hitt rúmið er eitt par svört gúmmístígvél.

Á gólfinu, í horninu við opna skápinn, er melspíra og rétt hjá einar sumarnærbuxur, gegnsósa af blóði.

Á gólfinu framan við skápinn liggur Rafn á vinstri hlið með höfuðið í átt að glugga og fætur í átt að dyravegg, skápmegin. Fætur aðeins klepptir um hné og hægri fótur yfir þann vinstri. Vinstri hönd beint fram og hægri aðeins bogin yfir. Hann er kaldur og stirður. Alklæddur, í dökkblá jakkaföt með ljósbláa teina, sokka og reimaða svarta skó, skyrtu og með bindi. Liggur í stórum blóðpolli, um fermetra að stærð. Gólfteppið er dregið til frá horninu. Buxurnar eru blóðugar á rassi. Vinstri skálm og vinstri jakkaermi blóðugt.

Rafni snúið á bakið. Skyrtan fráhneppt og innri skyrta uppi við brjóst. Í ljós kemur skurður á vinstri buxnaskálm innanverðri uppundir nára. Það er stungusár í lærið, og virðist hafa blætt mikið úr því. Þá er stór skurður á hálsi vinstra megin við barka og lítur út eins og ekki hafi blætt úr honum, því skinnið er hreint í kring. Stungusár mjög djúpt að sjá hægramegin við barka og lítur út fyrir að hafa blætt mikið úr því. Stungusár rétt neðan við hægra eyra.

Handarbök eru blóðug, en lófar hreinir og engin sár í þeim eða á fingrum innanverðum.

Það lítur út fyrir, að Rafn hafi verið stunginn í hálsinn, liggjandi með höfuðið inn í skápinn, því blóðið, sem þar er, hefur ekki runnið af gólfinu inn í hann. Rafn hefur síðan verið dreginn inn á gólfið, svo hægt væri að opna herbergishurðina, því fyrir henni hefur hann legið með neðri hluta líkamans.

Úr vösum Rafns tók ég skírteini hans og minnisbók. Engir peningar voru þar.

Læknir staðarins var fenginn til að taka blóðsýni úr Sigurgeiri

Einari til alkóhólákvörðunar. Hann merkti sýnið, sem ég tók með mér, og kom því í Rannsóknastofu Háskólans. Prufan tekin um kl. 06.10.

Eftir að Ragnar hafði tekið myndir, tókum við með okkur nokkrar tómar flöskur, þar á meðal áfengisflösku með slatta í, en hún var í herbergi Rafns, einnig blóðföt og blóðuga strigaskó, sem lögreglan hafði lagt hald á og voru taldir eign Sigurgeirs.

Lögregla Ólafsvíkur ók svo með okkur til Reykjavíkur, og með var tekið lík Rafns Svavarssonar og farið með það í Rannsóknastofu Háskólans v. Barónsstíg ásamt krufningarúrskurði frá sýslumanninum í Stykkishólmi.

Í líkhúsi rannsóknastofunnar athuguðum við sár Rafns nánar og mynduðum þau. Sár á læri 5.3 cm. Sár v. megin á hálsi 6.2 cm. Hægramegin 2.6 cm í þvermál. Undir hægra eyra 2.8 cm. ...

Ég held, að það verði að teljast ákaflega ólíklegt, að átök eða áflog hafi átt sér stað á milli Rafns og Sigurgeirs í herberginu, því það hefði vart getað skeð, án þess að mennirnir hefðu lent á borðinu og það, sem á því var, kastast út á gólf, enda lítur út fyrir, að Rafn hafi verið stunginn niður, þar sem hann lá".

Vilhjálmur Rafnsson, heilsugæslulæknir í Ólafsvík, framkvæmdi skoðun á líki Rafns Svavarssonar strax um nóttina, og segir svo í vottorði hans:

„Laust fyrir kl. 3.00 þann 14. 5. '75 kvaddi Adolf Steinsson lögregluþjónn mig undirritaðan til að skoða mann, sem hann taldi látinn.

Kl. 3.00 komum við í íbúðarherbergi í fiskverkun Hróa h/f, Ólafsvík, ásamt Júlíusi og Birni Jónssyni lögregluþjónum. Þetta reyndist fremsta herbergið í verbúðinni, vistarvera Einars Karlssonar, f. 11. 11. '56. Þar á gólfi herbergisins lá maður, er lögreglumenn kváðu þekkja sem Rafn Svavarsson, f. 31. 7. '38, Bragagötu 38, Reykjavík. Maðurinn var látinn, líkaminn var ekki kaldur átöku, ekki bar á líkstirðnun. Um það bil 1 klst síðar fór að bera á stirðnun líkamans.

Þegar gengið hafði verið úr skugga um, að maðurinn væri látinn, var líkið lítið sem ekki hreyft meir sakir vettvangsrannsóknar lögreglunnar.

Almenn líkskoðun fór því ekki fram af minni hálfu, því lögregluþjónar tóku síðan líkið til flutnings án þess ég væri viðstaddur skoðun eða umbúnaði líksins".

Réttarkrufning var framkvæmd á líki Rafns Svavarssonar þann

15. maí 1975. Krufningin var framkvæmd í Rannsóknastofu Háskólans af Ólafi Bjarnasyni meinafræðingi.

Krufningarskýrslan hljóðar svo:

„Samkvæmt beiðni sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í bréfi, dags. 14. maí 1975, er í dag framkvæmd réttarkrufning á líki Rafns Svavarssonar, sem lézt með voveiflegum hætti aðfaranótt miðvikudags 14. maí 1975.

Í bréfi sýslumanns segir svo: „Óskað er réttarkrufningar á líki Rafns Svavarssonar, Bragagötu 38, Reykjavík, f. 31. júlí 1938, en Rafn fannst látinn í verbúð Hróa h/f, Ólafsvík, kl. 02.30 aðfaranótt miðvikudags 14. maí 1975.

Þegar líkið fannst, var það með nokkra áverka, sennilega eftir hnífstungur. Áfengismagn í hinum látna óskast kannað".

Piltur, búsettur í Ólafsvík, var yfirheyrður í máli þessu og játaði að vera valdur að áverkum þeim, sem væntanlega hafa orðið manninum að bana.

Líkið kemur í Rannsóknastofuna alklætt í dökkum jakkafötum. Handleggir eru báðir krepptir í olnbogaliðum (sjá meðfylgjandi mynd).

Innan undir jakkafötunum er maðurinn klæddur í milliskyrtu, gula nærskyrtu, stuttar nærbuxur og með sokka og skó á fótum. Fötin eru öll meira og minna ötuð storknuðu blóði, bæði utanyfirföt og nærföt og milliskyrta, og í jakkanum framanverðum eru storknar blóðlifrar.

Krufningin:

Líkið er af 173 cm háum karlmanni, sterklega byggðum í meðal holdum. Líkið er alstirt og einstöku mjög litlir líkblettir, fölrauðbláleitir dreifðir um aftanverðan líkamann. Á líkinu eru miklir áverkar, einkum á hálsi. Efst v. megin framan vert á hálsi alveg uppi í kverkinni er 5.5 cm lengur, gapandi skurður, sem nær inn að miðlínu og liggur síðan þvert á miðlínu aftur á við. Frá miðlínuenda þessa skurðar liggur rispa uppi undir kverkinni yfir til hægri 13.5 cm á lengd og nær upp undir hægra eyra. Þessi langa rispa nær hvergi inn úr húðinni, en er greinilega framhald af hinum gapandi skurði, sem áður er lýst. 3 mm neðar við gapandi skurðinn v. megin á hálsinum upphefst rispa, sem nær næstum eins langt út á hálsinn til vinstri og liggur síðan að heita má samhliða skurðinum yfir til hægri, yfir miðlínu og krossar grunnu rispuna, sem áður er lýst, nokkru hægra megin við miðlínu og liggur áfram ofan við hana og mælist 16 cm á lengd. Í framhaldi

af þessari rispu, sem hvergi nær inn úr húðinni, er 1 cm utar gapandi skurður eða stunga, sem mælist 2.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi gapandi skurður er 1 cm neðan við hægra eyra. Enn er gapandi skurður framan á hálsinum hægra megin og upphefst 3 cm frá miðlínu. Skurður þessi liggur samhliða grunnu rispunum, sem áður er lýst, og 1 cm neðan við þær, en mælist sjálfur skurðurinn 3.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi skurður gapir mest 1.5 cm og er djúpur, og skín í vöðva í gegnum skurðinn. Á v. læri efst framanvert, um 6 cm utan við nárann, er 5 cm langur gapandi skurður, og skín í fitu og vöðva í botni skurðarins. Framan á hægri öxl utanvert er 2 cm langur skurður eða stunga, sem nær inn í gegnum húðina. Allir ofangreindir skurðir eru með skörpum börmum og sýnilega eftir eggjárn. Mikið storkið blóð er á húðinni á neðanverðu andliti og hálsi, á báðum höndum og á neðanverðum kvið og ofanverðu v. læri. Ekki sjást nein skurðsár á höndum líksins, hvorki á fingrum eða í greipum.

Önnur áverkamerki en þau, sem að ofan er lýst, sjást ekki við ytri skoðun á líkinu.

Brjóst- og kviðarhol opnað: Enginn vökvi finnst, hvorki í kviðarholi né í brjóstholi. Peritoneum og pleurae slétt og gljáandi og lungu samvaxtalaus. Lega innri líffæra er að sjá innan eðlil. marka.

Við nánari athugun á áverkum á hálsi sést, að skurðsár vinstra megin við miðlínu er grynnst og nær inn úr húðinni og inn að barkakýlisbrjóski v. megin að framan. Stungusár rétt neðan við eyra efst og utan til á hálsinum er djúpt og nær alveg inn í bein, þ. e. a. s. hálshryggjarliði. Stungu- og skurðsár neðan á hálsi h. megin er einnig djúpt og nær aftur með barkakýlinu og aftur undir hrygg. Skurður þessi gengur allt að 1.5 cm inn í cartilago thyroidea neðanvert. Við athugun á slagæðastofnum á hálsi hægra megin sést, að áverkarnir hafa ekki snert art. carotis communis interna, externa eða stærri greinar frá art. carotis externa. Hins vegar hefur stungusárið efst og aftast á hálsinum rétt neðan við hægra eyra gengið inn í gegnum vena jugularis og skorið æðina yfir að mestu. Stungan ofanvert á lærinu sést ganga inn undir lærlegg, en ekki sést, að skorist hafi yfir stærri æðastofna.

Hjarta- og æðakerfi: Í gollurshúsinu eru um 10 ml af tærum, ljósleitum vökva. Pericardium er slétt og gljáandi. Hjartað vegur 470 gr. Það er í stærra lagi, bæði vinstra og hægra afturhólf. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á endacardium eða lokum. Í kransæðum sjást dreifðar atherosclerotiskar breytingar, og eru á blett-

um bæði í hægri og vinstri kransæð þrengsli af III. og IV. gr. Hægri kransæð er mjög fyrirferðarmikil, en ramus circumflexus mjög rýr. Ekki sjást í hjartavöðvanum merki um fersk drep eða örvefsherzli. Vöðvinn er rauðbrúnleitur á gegnskurði, homogen. Ostia mælast sem hér segir: Mitralis 10.5 cm, aorta pulmonalis 6.5 cm, aorta 7.2 og tricuspidalis 11 cm. Hægri ventriculus er 0.8 cm á þykkt og v. ventriculus 1.2 cm á þykkt. Foramen ovale er lokað.

Í aorta sjást aðeins lítilfjörlegar atherosclerotiskar breytingar neðan til í aorta abdominalis og einstöku smá deplar og fíngerðar rákir í aorta thoracalis. Aorta mæl. uppklippt sem hér segir: Arcus 5.5 cm og descendens 3.5 cm. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á vena cava.

Öndunarfæri: Hægra lunga vegur 470 gr, v. lunga 425 gr. Lungun eru svipuð að sjá. Þau eru slétt og gljáandi á yfirborði og áberandi föl og blóðlítil að sjá. Greinilegt diffust emphysema virðist vera í báðum lungum. Á gegnskurði er ekkert sérstakt athugavert að sjá á lungunum að öðru leyti. Consolidationir finnast ekki í lungnavef. Ekkert sérstakt á berkjunum að sjá. Ekkert sérstakt athugavert að sjá við art. pulmonalis, nema hvað vottar fyrir litlum atheromdeplum og fíngerðum rákum í aðalstofni art. pulmonalis og báðum höfuðgreinum.

Ekkert sérstakt athugavert að sjá á barkanum né barkakýlinu, en lesion á cartilago thyreoidea hefur áður verið lýst.

Meltingarfæri: Ekkert sérstakt athugavert að sjá á slímhúð tungu, koks eða vélindis. Maginn er að heita má tómur, aðeins í honum 40—50 ml af tiltölulega þunnum, brúnleitum, gruggugum vökva. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á magaslímhúð. Ekki sjást sár eða æxli í maganum.

Ekkert sérstakt athugavert að sjá á skeifugörn né mjógirni yfirleitt. Ekkert sérstakt á digurgirni að sjá.

Lifrin vegur 1760 gr. Hún er slétt á yfirborði, ljósmóbrúnleit og áberandi föl. Á gegnskurði er ekkert sérstakt athugavert á lifrarteikningu að sjá, en vefurinn er áberandi fölur, aðeins með gulleitum blæ. Í gallblöðru eru um 15 ml af brúnleitu, fremur þunnu galli. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á gallblöðruslímhúð eða gallblöðrunni yfirleitt. Ekkert sérstakt á stærri gallvegum að sjá. Gall rennur greiðlega í skeifugörn, þegar þrýst er á blöðruna.

Briskirtill er rauðgráleitur á gegnskurði og ekkert sérstakt athugavert við hann.

Þvag- og kynfæri: Hægra nýra vegur 155 gr. og v. nýra 165 gr. Nýrun eru svipuð að sjá. Hýði flettast auðveldlega frá yfirborði, sem er slétt. Nýrun eru áberandi föl á gegnskurði, en a. ö. l. ekkert sérstakt athugavert á þeim að sjá. Takmörk milli cortex og pyramida eru greinileg og cortex ekki að sjá rýrnaður. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á slímhúð pelves renes eða ureteres. Í þvagblöðrunni eru 40 ml af tæru, ljósleitu þvagi. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á þvagblöðruslímhúð. Blöðruhálskirtill er ekki að sjá stækkaður. Ekkert sérstakt athugavert við vesiculae seminales. Ekkert sérstakt athugavert að sjá við ytri kynfæri.

Lymphu- og blóðvefjakerfi: Miltið vegur 90 gr. Það er slétt á yfirborði, grábláleitt. Á gegnskurði rauðbrúnleitt, en pulpa skefst lítið sem ekki af skurðfleti.

Eitlastækkanir eru ekki merkjanlegar.

Innkirtlakerfi: Skjaldkirtill vegur 21 gr. Efri póll á hægri lappa hefur aðeins særst, og sjást blæðingar í vefi þar í kring. Kirtillinn er á gegnskurði ljósbrúnleitur homogen og hnútalaus.

Hægri nýrnahetta vegur 7 gr. og v. nýrnahetta 8 gr. Ekkert sérstakt athugavert á nýrnahettunum að sjá á gegnskurði.

Miðtaugakerfi: Ekkert sérstakt athugavert að sjá á galea eða kúpubeinum. Ekkert sérstakt á heilabastinu að sjá. Heilinn vegur 1460 gr. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á mjúku heilahimnunum. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á heilanum á gegnskurði.

Augu voru brostin. Sjáöldur voru meðalvíð, jafnvíð. Ekkert sérstakt athugavert að sjá á augnhvítum.

Ekkert sérstakt á nösum eða ytri eyrum að sjá. Gervitennur eru í báðum gómum, en a. ö. l. ekkert sérstakt á munninum að sjá.

Kviðeggsfita mæl. 2.5 cm á þykkt. Þind stóð h. megin í VI. millirifjabili og einnig v. megin.

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var magn lakóhóls í blóði 2.20‰ og í þvagi 2.85‰.

Smásjárskoðun: Með fitulitun sést veruleg fituíferð í lifrinni.

H.d.: Steatosis hepatis m.gr.

Ályktun:

Við krufninguna fundust miklir áverkar á líkinu, sem vafalaust eru eftir eggjárn og veittir af árásaraðila. Alvarlegustu áverkarnir eru tvö djúp stungusár hægra megin á hálsi og hefur

mest blóðtap orðið frá þeim. Einnig mun verulega hafa blætt úr stungusári efst á vinstra læri. Innri líffæri voru yfirleitt föl og blóðlítil, og virðist ljóst, að manninum hafi blætt út frá ofangreindum áverkum.

Maðurinn hefur verið ölvaður, er hann lézt".

Upplýst er, að Rafn Svavarsson kom til Ólafsvíkur í byrjun maí 1975. Lögreglan í Ólafsvík hafði aðeins einu sinni afskipti af honum eftir komu hans þangað, en það var hinn 8. maí, er hann ásamt tveim öðrum mönnum fór í óleyfi á bát út úr höfninni í Ólafsvík, en þeir sneru við rétt utan við hafnarmynnið og komu til baka. Sakavottorð hans hljóðar svo:

„Rafn Svavarsson, fæddur 31. júlí 1938 í Reykjavík, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1954 21/12 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tollagabrot.

1955 24/5 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956 11/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun og óspektir.

1957 18/1 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. og 157. gr. hegningarlaga, sviptur ökuleyfi í 3 ár fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.

1957 11/7 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1958 26/4 í Reykjavík: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.

1958 1/8 í Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 8/10 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 17/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1958 12/12 í Reykjavík: Dómur: 2 ára fangelsi, sviptur kosningarétti, kjörgengi og rétti til ökuleyfis ævilangt, fyrir brot á hegningarlögum, áfengislögum og umferðarlögum.

1959 15/6 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1960 16/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 110. gr. hegningarlaga.
1960 20/9 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir árás og ölvun.
1960 15/10 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1960 27/12 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 26/7 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
1961 8/12 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
1961 29/12 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1963 26/6 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
1964 30/7 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 217. og 245. gr. hegningarlaga.
1965 4/10 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1966 21/12 í Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1966 7/3 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1967 1/2 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli, sem dæmt var 7. 3. 1966 í sakadómi Reykjavíkur. Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.
1969 7/2 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
1969 24/6 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. laga nr. 73/1952.
1969 18/11 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 30 daga fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.
1970 25/3 í Reykjavík: Dómur: 4 ára fangelsi fyrir brot á 194. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 100.000. Staðfest í Hæstarétti þann 18. júní 1970.
1974 25/2 í Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán.“.

Framburður ákærða.

Við yfirheyrslu í sakadómi 14. maí 1975 skýrði ákærði svo frá, að um kl. 2300 kvöldið áður hefði hann farið niður í verbúð Hróa h/f, þar sem hann bjó, ásamt Hilmari Vignissyni. Þar hitti hann Rafn Svavarsson, sem einnig hafði þar herbergi. Ákærði bauð Hilmari og Rafni inn til sín. Hilmar fór skömmu seinna, en Rafn og ákærði settust að drykkju, en Rafn átti eina flösku af íslensku brennivíni. Síðan var ætlunin að ná í meira vín, og lét ákærði

Rafn hafa kr. 3.500 til þess. Rafn skipti um föt, og þeir fóru fram á gang, en þá læsti Rafn hurðinni hjá sér og læsti lykilinn inni. Ákærði fór upp á þak og inn um gluggann á herbergi Rafns og ætlaði að opna það, en Rafn sprengdi um leið upp hurðina að herberginu og sagðist ekki hafa nennt að bíða eftir því, að ákærði opnaði. Eftir þetta fóru þeir inn í herbergi ákærða, en það er á sama gangi og herbergi Rafns, skáhallt á móti því. Þeir voru tveir einir og klukkan um 2340. Ákærði sýndi Rafni bankabók á Sparisjóð Ólafsvíkur með innstæðu að fjárhæð kr. 125.000. Rafn stakk bókinni á sig og hafði orð á því, að ákærði fengi hana ekki aftur. Ákærða tókst að ná bókinni aftur af Rafni, en hún var í innri jakkavasa Rafns. Rafn sló þá ákærða í vinstri síðu og hrinti honum að rúmi hans við vegginn. Ákærði náði þá í hníf, sem hann geymdi undir dýnu í rúminu. Hnífurinn var í hulstri, og tók ákærði hann úr hulstrinu og hélt á honum í hægri hendi. Rafn var álútur yfir ákærða, sem stakk hnífnum í Rafn, einhvers staðar neðarlega. Hnífurinn gekk eitthvað inn, en hversu langt, vissi ákærði ekki. Rafn sagði þá „þú ert þá svona" og kippti ákærða upp af gólfinu og hélt um hægri úlnlið hans. Ákærði sá, að það blæddi úr Rafni og sagði honum það, en Rafn valt þá niður á gólf við skáp, sem er við dyrnar, og varð ákærði undir honum, nánast hálfur inni í skápnum. Ákærði missti hnífinn inn í skápinn í fallinu. Þegar ákærði lyfti Rafni af sér, var hann orðinn máttlaus. Ákærði flýtti sér að skipta um buxur, því að þær, sem hann hafði verið í, voru orðnar alblóðugar. Hann greip hnífinn og flúði af vettvangi og ætlaði heim til sín, en hætti við það og fór upp fyrir bæ. Hann tók með sér svefnpoka og „anorak" og ætlaði að sofa heima hjá sér um nóttina, en hætti við það. Ákærði var ekki mikið drukkinn og vissi, hvað hann gerði, en ofsahræðsla greip hann, og þorði hann ekki að fara til lögreglu eða læknis. Hann fór upp í fjárhús fyrir ofan bæinn, sótti þangað tvo hesta og reið þeim um nóttina, uns hann kom til baka. Melspíra var í hliðarpoka með hnífnum. Ákærði hélt á hulstrinu með melspírunni í vinstri hendi allan tímann. Hann notaði ekki melspíruna á Rafn, en henti hulstrinu á gólfið, áður en hann fór út úr herberginu. Ákærði var hræddur um, að Rafn gæti beint hnífnum að sér, og þess vegna sveiflaði hann hendinni með hnífnum nokkrum sinnum og gat losað tak Rafns á úlnlið sínum og hafi hann þá sennilega veitt Rafni frekari áverka, sennilega á hálsi eða höfði, meðan þeir lágu á gólfinu við skápinn. Ákærði sá ekki lífsmark með Rafni, þegar hann yfirgaf herbergið, og

taldi þá, að Rafn væri dáinn. Hann ætlaði heim til móður sinnar og segja henni frá atburðinum, en varð hræddur, áður en af því varð, og stefndi til fjalls án þess að láta nokkurn vita. Hann batt hulstrið utan af hnífnum við sig með bandi, áður en hann fór út úr herberginu, en melspíran sennilega runnið út úr pokanum og orðið eftir í herberginu. Ákærði kannaðist lítillega við Rafn.

Í sakadómi þann 14. júlí 1975 skýrði ákærði svo frá, að þegar atburður þessi átti sér stað, hafi hann verið undir áhrifum áfengis, en ekki ölvaður. Þegar hann náði bankabók sinni aftur af Rafni, varð Rafn óður af bræði og sló ákærða í vinstri síðu, svo að hann náði vart andanum. Við það féll hann niður við hliðina á rúminu með handlegginn uppi á dýnunni. Ákærði varð þá ofsalega hræddur og greip til hnífs, sem var undir rúmdýnunni, enda taldi hann, að Rafn ætlaði að ganga frá sér þarna á staðnum. Hann stakk þá Rafn í lærið með hnífnum. Rafn tók þá harkalegu taki um úlnlið ákærða á hægri hendi og varð ægilegur ásýndum. Hann reyndi að beina hnífsoddinum að brjósti ákærða, en hann streittist á móti af öllum kröftum. Ákærða tókst að sveifla hægri hendi til hliðar og beina hnífnum að Rafni. Taldi hann, að við það hefðu orðið áverkar á hálsi Rafns, þó að hann tæki ekki sérstaklega eftir því, enda féllu þeir báðir á hlið inn í skápinn. Það var mikil þolraun fyrir ákærða að losa sig úr þeirri klípu, enda var hann dofinn eftir höggið í síðuna, og hjartslátturinn var ofsalegur vegna hræðslunnar. Hnífinn og melspíruna fann ákærði í bíl stjúpföður síns, Ellerts Emanúelssonar í Ólafsvík. Honum leist vel á hnífinn og ætlaði að fægja hann upp. Hann vildi ekki láta hnífinn liggja á glámbekk og geymdi hann þess vegna undir rúmdýnunni. Hann hugði, að hnífurinn gæti komið sér vel síðar, ef hann færi á sjóinn. Ákærði kvaðst ennþá finna til í vinstri síðu og þrengsli yfir magann og önnur óþægindi, sem hann taldi stafa af höggi því, er hann hlaut í síðuna. Ákærði tók sérstaklega fram, að hann hafi verið mjög lífhræddur frá 13 ára aldri. Rakti hann það til atviks, er hann var eitt sinn að horfa á sjónvarp. Frá þeirri stundu kvaðst hann oft hafa fengið fyrir hjartað og hræðsluköst, sem hann fái ekki við ráðið. Hann sagðist hvorki vera háður áfengi né tóbaki. Áðurnefndan atburð taldi hann óhappaverk, sem hann hafi unnið í neyðarvörn og mikilli hræðslu, án þess að ætlunin væri önnur en að verja hendur sínar og hindra líkamsárás og koma í veg fyrir rán og eignamissi.

Í sakadómi 11. júní 1976 skýrði ákærði svo frá, að á meðan átökin við Rafn áttu sér stað, hafi ákærði reynt að komast út úr

herberginu, en ekki tekist það. Hann kveðst ekki hafa séð smekklásinn, vegna þess að honum sortnaði fyrir augum, en þó tókst honum að opna dyrnar einu sinni, en Rafn ýtti hurðinni aftur að stöfum, svo að hún fór í lás. Þá segir ákærði, að Rafn hljóti að hafa séð hnífinn í hendi sinni, því að hann hélt hnífnum fram og beindi honum að Rafni, sem sjálfur veitti sér fyrsta áverkann með því að ganga á hnífinn.

Framburður vitna.

Páll Snæfell Björnsson, 16 ára að aldri, var ásamt jafnaldra sínum, Sæþóri Gunnarssyni, að huga að hestum seint um kvöldið, sem atburðurinn átti sér stað. Eftir nokkra leit fundu þeir hestana upp með Fossá, fyrir innan og ofan kauptúnið í Ólafsvík. Hestarnir voru bundnir fyrir utan kofa, sem þar er. Hnakkur var á öðrum hestinum og svefnpoki. Strigaskór voru bundnir við hnakkinn. Sæþór gekk að kofadyrunum og opnaði þær með því að rykkja í hurðina, sem var bundin að innan með snæri. Þá heyrðist þrusk fyrir innan, og síðan kom ákærði út. Sæþór spurði hann þá að því, hvers vegna hann hefði stolið hestinum sínum, og svaraði ákærði þá: „Ég hef drepið mann", og endurtók það nokkrum sinnum. Páll Snæfell og Sæþór vildu ekki trúa þessu í fyrstu, en ákærði sýndi þeim þá tómt slíðrið utan af hnífnum og sagðist hafa drepið mann niður í Hróa með hnífnum sínum. Hann sýndi þeim hendurnar á sér, en á þeim var ekkert að sjá. Hann sýndi þeim skóna sína, og var blóð á þeim. Einnig sýndi hann þeim strigaskóna, og var annar þeirra alblóðugur og hinn með blóðslettum. Hann sagði, að maðurinn hefði ætlað að stela af sér bankabókinni og hefði hann drepið manninn í sjálfsvörn, og bað hann þá félaga að segja Adolf Steinssyni lögregluþjóni frá því, að þetta hefði verið í sjálfsvörn. Ákærði sagðist ætla að leggjast út og bað um, að sér yrði lánaður hnífur, svo að hann gæti skorið sér kind til matar. Sæþór sagði þá við hann: „Hvað ætlarðu að gera við hestinn minn? Þú tekur hann ekki með". Ákærði svaraði þá: „Ef ég skila honum ekki, þá máttu eiga bankabókina, sem á stendur BK með blóði". Sæþór gekk þá að hestunum og fór að lagfæra beislið á sínum hesti. Ákærði hótaði þá að slá Snæfell, ef Sæþór kæmi ekki með hestana, og teymdi Sæþór þá hestana til ákærða, sem steig á bak og reið upp að stíflu. Páll Snæfell og Sæþór fóru síðan niður í Hróa ásamt föður Sæþórs og þaðan til Hilmars Júlíussonar lögregluþjóns. Páll Snæfell sagði, að ákærði

hefði verið í geðshræringu og taugaóstyrkur, þegar þeir hittu hann, en sér hefði ekki sýnst hann vera ölvaður.

Vitnið Gunnar Eyjólfsson, 38 ára að aldri, fór upp í hesthús um kl. 2400 ásamt syni sínum Sæþóri. Húsið var opið og tveir hestar, sem þar áttu að vera inni, farnir. Hestana fundu þeir hjá fjárhúsum uppi við Fossá. Sæþór opnaði einar dyrnar, og kom þá ákærði út úr fjárhúsinu. Sæþór sagði við ákærða, að hann vildi fá hestinn sinn, því að hann hefði ekki leyfi til að taka hann. Ákærði brást þá reiður við og kvaðst snúa Sæþór úr hálsliðnum, ef hann fengi ekki hestinn, því að hann væri að flýja, af því að hann hefði drepið mann í herbergi 3 í Hróa. Ákærði spurði Gunnar að því, hvort hann hefði ekki hníf, því hann ætlaði að drepa kind sér til matar. Vitnið sagði ákærða að koma sér heim og vera ekki að þessari vitleysu, en ákærði kvaðst ekki fara heim, þar sem hann hefði drepið mann, og ætlaði hann að leggjast út uppi við Jökul.

Ákærði sýndi vitninu hendurnar á sér, og voru þær allar útataðar í blóði, og einnig sýndi hann vitninu strigaskó, alla í blóði. Ákærði fór svo á hestbak og reið upp rafveituveginn, en vitnið fór niður að Hróa og síðan til Hilmars lögreglumanns og sagði honum eins og var. Vitnið segir, að ákærði hafi sagt sér, að hann hefði framið verknaðinn í sjálfsvörn, þar sem maðurinn hefði ætlað að stela frá sér bankabók með um 150.000 krónum í. Vitninu virtist ákærði ekki vera mikið undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið utan við sig og erfitt hafi verið að henda reiður á því, sem hann sagði. Vitnið fann lítils háttar áfengislykt út úr ákærða, en taldi hann frekar æstan og utan við sig en drukkinn. Vitnið trúði ekki sögu ákærða í fyrstu, en þegar hann sýndi vitninu skóna, fór það að trúa því, að eitthvað gæti verið satt í sögu ákærða.

Vitnið Pétur Lúðvíksson, 18 ára að aldri, fór um kvöldið í verbúð Hróa h/f og í herbergi Birgis Karlssonar, sem var þar einn inni. Eftir 5—10 mínútur heyrði hann umgang frammi á ganginum og leit þá fram. Þá sá hann ákærða koma út úr herbergi nr. 9 ásamt Rafni Svavarssyni, Hilmari Vignissyni og pilti af v/s Sigurvini, sem vitnið veit ekki, hvað heitir. Vitnið gat ekki séð, að þeir væru undir áhrifum áfengis, nema þá helst ákærði, því að hann var farinn að röfla. Rafn kom inn í herbergið til þeirra Birgis, átti nokkur orðaskipti við Birgi, en fór strax út aftur. Hann var þá klæddur vinnugalla. Skömmu síðar kom ákærði og bað vitnið um að fara og kaupa fyrir sig gosdrykki.

Skömmu eftir að vitnið kom til baka, kom móðir ákærða og stjúpfaðir hans til þess að kveðja þá ákærða og Birgi, en þau voru að flytjast til Keflavíkur. Ákærði og Rafn fóru þá út, en komu skömmu síðar til baka. Þeir voru báðir talsvert undir áhrifum. Eftir skamma stund fóru hjónin, og skömmu síðar kom ákærði inn í herbergið og bað vitnið um að aka sér, sem það ekki vildi. Ákærði kom nokkrum sinnum og beiddist þess sama, en vitnið neitaði. Birgir vísaði ákærða út úr herberginu, og fór hann þá. Þegar vitnið var að fara, stóð Rafn á ganginum upp við skáp með hendur í vösum og hengdi hausinn, og virtist hann vera sofandi. Hann var þá búinn að skipta um föt, var í svörtum jakkafötum. Vitnið heldur, að klukkan hafi þá verið um 2330. Vitnið þekkir ákærða vel og kveðst vita, hvenær hann sé drukkinn og hvenær ekki. Hann hafi örugglega verið nokkuð mikið undir áhrifum áfengis, þegar hann talaði við vitnið, enda hafi hann orðið mjög æstur, þegar Birgir vísaði honum út úr herberginu, og sé hann yfirleitt mjög æstur með víni. Vitnið telur, að Rafn hafi einnig verið undir áhrifum áfengis, þegar vitnið sá hann á ganginum.

Vitnið Birgir Karlsson, 17 ára að aldri, er bróðir ákærða. Vitnið var að flytjast í herbergi í verbúð Hróa h/f umrætt kvöld. Pétur Lúðvíksson kom í herbergið til vitnisins og dvaldist þar til kl. 2330. Á meðan Pétur stóð við, kom ákærði nokkrum sinnum og bað Pétur um að aka sér og Rafni Svavarssyni eitthvað upp í bæ, en Pétur vildi það ekki. Ákærði og Rafn voru að drekka saman og munu hafa byrjað að drekka um kl. 2200—2300. Um það leyti sem Pétur fór, voru þeir orðnir talsvert drukknir, og stóð Rafn á ganginum og hallaði sér upp að veggnum, þegar Pétur fór. Ákærði fór upp á þak til þess að komast inn um glugga á herbergi, sem hann var að flytjast í, og hélt vitnið, að Rafn hefði verið að bíða eftir því, að ákærði opnaði fyrir honum. Vitnið gekk til náða um kl. 2400, en sofnaði ekki alveg strax. Það heyrði engin óvanaleg hljóð. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði og Rafn Svavarsson hafi verið málkunnugir áður.

Ákærði hefur gert þá athugasemd við framburð vitna, að hann hafi ekki ætlað að nota hníf, sem hann bað Gunnar Eyjólfsson um, til þess að drepa með honum kindur, heldur til þess að skera bönd utan af heybagga til þess að ná í hey handa hestunum, sem hann var með. Einnig mótmælir hann sem röngum þeim ummælum Gunnars Eyjólfssonar, að hann hafi hótað að snúa son hans Sæþór úr hálsliðnum, ef hann fengi ekki hest Sæþórs, og segist aldrei hafa sagt þessi orð. Enn fremur mótmælir hann því,

sem fram kemur í gögnum málsins og haft er þar eftir vitnum, að hann hafi verið mjög áberandi undir áhrifum áfengis. Hann kveðst að vísu hafa drukkið 3—4 blöndur af íslensku brennivíni í Coca-Cola og fundið lítillega til áfengisáhrifa, en hann telur, að meira hafi borið á vínáhrifum en sú neysla gaf tilefni til vegna hræðslu og geðshræringar út af undangengnum atburðum.

Ákærði gekkst undir geðrannsókn hjá Lárusi Helgasyni, sérfræðingi í tauga- og geðsjúkdómum. I skýrslu hans um geðrannsóknir segir svo m. a.:

„Að beiðni yðar gekkst Sigurgeir Einar Karlsson, f. 11. 11. 1956, Ennisbraut 29, Ólafsvík, undir geðrannsókn hjá undirrituðum, en hann hafði orðið manni að bana miðvikudaginn 14. 5. sl. í Ólafsvík.

Útdráttur úr fylgiskjölum.

Úr sakadómsbók, miðvikudaginn 14. maí, segir kærði frá skiptum sínum við Rafn Svavarsson, þar sem þeir höfðu verið að drekka saman og ráðgera kaup á meira víni. Segir svo orðrétt í sakadómsbók: „Segist kærði hafa sýnt Rafni bankabók á Sparnsjóð Ólafsvíkur með innistæðu 125.000.00 kr. Segir hann Rafn hafa stungið henni á sig og haft orð á því, að kærði fengi hana ekki aftur. Kærði kveðst hafa reynt að ná bókinni aftur af Rafni og tekist það, en bókin hafi verið í innanájakkavasa Rafns. Segir kærði þá, að Rafn hafi slegið sig í vinstri síðu og hrint sér að rúmi sínu við vegginn. Kveðst kærði þá hafa náð í hníf, sem hann geymdi undir dýnu í rúminu. Hnífur þessi hefur verið í hulstri, og kveðst kærði hafa tekið hnífinn úr hulstrinu og haldið á honum í hægri hendi. Rafn hafi þá verið álútur yfir kærða, og kveðst kærði hafa stungið hnífnum í Rafn einhvers staðar neðarlega. Hafi hnífurinn gengið eitthvað inn, en hversu langt, veit kærði ekki. Segir kærði, að Rafn hafi þá sagt: „Þú ert þá svona", kippt kærða upp af gólfinu og haldið um hægri úlnlið kærða. Segist kærði hafa séð, að það blæddi úr Rafni, og sagt honum það, en Rafn hafi þá oltið niður á gólf við skáp, sem er við dyrnar, og kærði orðið undir honum, nánast hálfur inni í skápnum". Síðan segir: „Kveðst kærði hafa flýtt sér að skipta um buxur, en þær, sem hann hafi verið í, orðnar alblóðugar. Kveðst hann hafa gripið hnífinn og flúið af vettvangi og ætlað heim til sín, en hætt við það og farið upp fyrir bæ". Einnig segir: „Kærði kveðst ekki hafa verið mikið drukkinn og vitað, hvað hann gerði, en ofsahræðsla hafi gripið sig og hann hafi ekki þorað að fara til lög-

reglu eða læknis". Enn segir: „Aðspurður segir kærði, að hann hefði verið hræddur um, að Rafn gæti beint hnífnum að sér, og þess vegna hafi hann sveiflað hendinni með hnífnum nokkrum sinnum, getað losað tak Rafns á úlnlið sínum og hafi hann þá sennilega veitt Rafni frekari áverka, sennilega á hálsi eða höfði á meðan þeir lágu á gólfinu við skápinn".

Í sama endurriti úr sakadómsbók segir, þar sem fyrir dóminn kom Pétur Lúðvíksson sjómaður, Sigríðarstöðum, Skagafirði fæddur 25. jan. 1957: „að Sigurgeir Einar hafi verið töluvert undir áhrifum áfengis, ennfremur kveðst vitnið (Pétur Lúðvíksson) þekkja Sigurgeir Einar vel og vita, hvenær hann er drukkinn og hvenær ekki". Ennfremur segir „vitnið (Pétur Lúðvíksson) Sigurgeir Einar sé yfirleitt mjög æstur með víni".

Úr sama endurriti úr sakadómsbók er mættur Gunnar Eyjólfsson, verkamaður, Vallholti 7, Ólafsvík, fæddur 12. jan. 1927 „Vitnið (Gunnar Eyjólfsson) kveðst vilja bæta því við, að Sigurgeir Einar hafi sagt við sig, að hann hafi framið verknaðinn í sjálfsvörn, þar sem maðurinn hafi ætlað að stela frá sér bankabók með um 150.000.00 í". Ennfremur segir vitnið: „að sér hafi virst Sigurgeir Einar vera mikið undir áhrifum áfengis, en hann hafi verið utan við sig og erfitt að henda reiður á því, sem hann sagði".

Í fylgiskjali nr 8, lagt fram í sakadómi, segir um alcóhólákvörðun í blóði Sigurgeirs Einars Karlssonar, að magn alcóhóls hafi verið 1.02‰.

Í krufningarskýrslu, dags. 15. 5. 1975 (Ólafur Bjarnason), er líki Rafns Svavarssonar, Bragagötu 38, Rvk., fæddur 31. 8. 1938, lýst þannig: „Líkið er af 173 cm háum karlmanni, sterklega byggðum í meðalholdum". Ennfremur segir: „Á líkinu eru miklir áverkar, einkum á hálsi. Efst vinstra megin, framanvert á hálsi, alveg upp í kverkina, er 5.5 cm langur gapandi skurður, sem nær inn að miðlínu og liggur síðan þvert á miðlínu aftur á við. Frá miðlínu enda þessa skurðar liggur rispa upp undir kverkina yfir til hægri 13.5 cm á lengd og nær upp undir hægra eyra. Þessi langa rispa nær hvergi inn úr húðinni, en er greinilega framhald af hinum gapandi skurði, sem áður er lýst. 3 mm neðan við hinn gapandi skurð vinstra megin á hálsinum upphefst rispa, sem nær næstum eins langt út í hálsinn til vinstri og liggur síðan að heita má samhliða skurðinum yfir til hægri yfir miðlínu og krossar grunnrispuna, sem áður var lýst, nokkru hægra megin við miðlínu og liggur áfram ofan við hana og mælist 13 cm á lengd. Í

framhaldi af þessari rispu, sem hvergi nær inn úr húðinni, er 1 cm utar gapandi skurður, eða stunga, sem mælist 2.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi gapandi skurður er 1 cm neðan við hægra eyra. Enn er gapandi skurður framan á hálsinum hægra megin og upphefst 3 cm frá miðlínu. Skurður þessi liggur samhliða grunnu rispunum, sem áður var lýst, og einum cm neðan við þær, en mælist skurðurinn sjálfur 3.5 cm á lengd. Þessi síðastnefndi skurður gapir mest 1½ cm og er djúpur, og skín í vöðva í gegnum skurðinn. Á vinstra læri efst framanvert, og 6 cm utan við nárann, er 5 cm langur gapandi skurður, og skín í fitu og vöðva í botni skurðarins. Framan á hægri öxl utanvert er 2ja cm langur skurður eða stunga, sem nær í gegnum húðina".

Sakavottorð Sigurgeirs Einars Karlssonar getur þess, að 11. 10. 1973 hafi hann fengið í sátt 4.000.00 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. málsgrein 25. greinar og 1. málsgrein 24. gr. áfengislaga.

Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 11. 10. 1973.

Ennfremur 1974 uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga, ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 25. 2. 1974.

Jafnframt liggur fyrir sakavottorð fyrir Rafn Svavarsson, og er það upp á 2 blaðsíður með um 29 kæruliði, þar á meðal fyrir árás, m. a. 4ra ára fangelsi fyrir brot á 194. gr. hegningarlaga.

Geðrannsókn.

Alls var rætt við Sigurgeir Einar 3svar sinnum í fangelsinu í Síðumúla, auk þess sem rætt var við móður hans. Viðtölin áttu sér stað seinni part júní mánaðar.

Sigurgeir Einar var ætíð samvinnuþýður og virtist fús að tjá upplýsingar, og fann ég ekki neitt, sem benti til ósannsögli, þó af eðlilegum ástæðum hafi verið dregin meir athygli að sumum atriðum en öðrum.

Sigurgeir Einar er fæddur á Ísafirði, nr. 3 af 5 systkinum, elst upp hjá foreldrum þar á staðnum, uns faðir hans deyr, en þá var Sigurgeir Einar 14 ára. Faðir Sigurgeirs Einars var verkamaður á Ísafirði, en móðirin ólst upp í fóstri í Ísafjarðardjúpi.

Um samskipti við foreldra sína segir Sigurgeir Einar, að hann álíti sig hafa líka skapgerð og móðir hans, en skapgerðinni er lýst þannig, að rokið sé upp, brosað á eftir og að nokkuð beri á nöldursemi. Faðirinn var hins vegar rólegur, og hafði hann þá frekar kosið að ræða við hann, reyndar voru samskipti þeirra mun nánari. Sjálfur lýsir Sigurgeir Einar uppeldinu sem góðu og foreldrum sínum sem góðum foreldrum.

Snemma bar á viðkvæmni hans gagnvart því, að hann hefur líkamslýti, þannig að skekkja er á hálsi, og var hann því kallaður skakkhaus allt frá bernsku, og varð hann viðkvæmur út af því. Brá við með reiði og skapillsku, ef hann var áreittur, að sögn.

Hann gerðist því fremur einrænn og vinafár, en reyndi að bæta úr því með því að halda sér frekar í félagsskap með yngri drengjum en jafnöldrum sínum.

Hann fór í barnaskóla og náði þar sæmilegum einkunnum, en gerðist áhugalaus í gagnfræðadeild og hætti í skóla, reyndar féll hann úr bekk. Var hann þá 14 ára, en það ár dó faðir hans, og fluttist hann ásamt systkinum og móður til Kópavogs og síðan til Ólafsvíkur, og nú mun e. t. v. standa til, að þau flytji til Keflavíkur.

Eftir lát föður lýsir Sigurgeir því, að hann hafi fundið til ábyrgðarkenndar gagnvart heimilinu og virðist því sem hann um skeið hafi reynt að komast í föðurhlutverkið, en fann fljótlega, að hann náði ekki þeirri stöðu, og varð af því viðkvæmur. Fannst honum, að hann hefði orðið að víkja fyrir systur sinni.

Einhverrar viðkvæmni hefur gætt gagnvart systkinum hans og móður, og virðist svo sem hann í einangrun sinni hafi e. t. v. gert nokkuð meiri kröfur til tengsla við þau en almennt gerist og orðið fyrir vonbrigðum, einkum þegar móðir hans kynntist öðrum manni og hóf búskap með honum og var einmitt að flytja búferlum til Keflavíkur, um það leyti sem Sigurgeir Einar lenti í vandræðum þeim, sem leiddi hann til þessarar geðrannsóknar.

Kynni hans af stúlkum hafa verið lítil, og grunar mig, að hann hafi talið, að þær mundu hafa fundið lítið til hans koma.

Snemma fór að bera á kvíða hjá Sigurgeiri Einari. 14 ára var hann að horfa á sjónvarp, þegar hann fann til mikillar köfnunarkenndar og rauk út úr húsi því, sem hann var staddur í, og heim og var lagður inn á sjúkrahúsið á Ísafirði. Svo virðist sem þar hafi verið um einkenni oföndunar að ræða, þannig að ósjálfráða viðbragð öndunar hafi truflast og því komið fram truflanir á loftefnamyndun í blóði, og skapar slíkt ástand mjög óþægilega vanlíðan (hyperventilation). Orsakir þessara einkenna eru oftast nær kvíði og spenna. Þessi oföndunarköst munu hafa komið fyrir aftur, en í vægari mæli, þó lýsir hann einu slíku kasti hér í Reykjavík, þar sem hann fór í skyndingu á Slysavarðstofuna og fékk þar róandi lyf.

Sigurgeir hefur hneigst til vínneyslu, einkum seinni árin, en

ekki er ljóst, hvernig hann er með víni, þar sem hann gerir ekki mikið úr uppvöðslusemi sinni. Hins vegar kemur fram í vitnisburðum, þar sem hann er talinn „mjög æstur með víni".

Viðtal við móður (26. 6.) Sigurgeirs Einars, Sigríði Ásgerði Sæmundsdóttur, fædda 2. 11. 1932.

Auk áðurnefndrar lýsingar á viðkvæmni og vanmáttarkennd Sigurgeirs Einars gagnvart höfuðskekkju hans telur hún, að faðir hans hafi lítið verið heima og mikið mætt á uppeldið af hennar hálfu. Faðirinn spilaði meðal annars í hljómsveit. Strax frá 13 ára aldri telur hún, að það hafi farið að bera á einkennum hjá Sigurgeiri Einari, sem voru óljós, og virðist mér sem þar hafi verið farið að bera á kvíðakenndum, sem aðallega komu þá fram sem einkenni frá líkama, einkum hjarta og stundum með meltingartruflunum. Hún telur hann fljótlega hafa orðið einrænan og innhverfan. Hún tjáir og, að samskipti hans og vinar hennar séu ekki góð og stundum sé líka samband Sigurgeirs Einar og bróður hans slæmt, sérstaklega sl. vetur. Almennt telur hún Sigurgeir vera kjarklítinn.

Sigurgeir Einar lá á Barnaspítala Hringsins á Landspítalanum frá 27. 7. 1970 til 31. 7. sama ár vegna „Syndroma klippelfeil". Þar segir orðrétt í sjúkrasögu: „Sjúklingur er lagður inn vegna „Morbus cordis obs." (ath. á hjarta), „Psychosis obs." (ath. á möguleikum um geðveiki) og „Malformatio columna cervisis" (skekkju á hálsi). Þar segir: „Hann er skapmikill og renna stundum á hann æðisköst, ef hann er áreittur eða uppnefndur, og kveðst hann oft hafa barið félaga sína. Hann segist enga góða vini eiga núna".

Þess er getið í journalnum, að hann hafi áður um næstum árabil fyrir innlagningu notað róandi lyf (Melleril 10 mg.×3 og Valium 7½ mg. á dag, en bæði lyfin eru mjög mild). Mun þetta hafa gerzt eftir að hann fékk „shokkið" fyrir tæpu ári (Þar er átt við áðurlýst oföndunarkast). Í sambandi við viðtal við móður í sama sjúkraáli stendur: „Skapferli drengsins mun alltaf hafa verið nokkuð óhemjulegt, hann er skapstór og frekur." Ennfremur stendur þar: „Hann fór aldrei einn út fyrir 6 ára aldur og alltaf klingdi fyrir eyrum honum skakkhaus, og telur móðirin, að það hafi e. t. v. verið ein af fyrstu minningum hans". Þar segir ennfremur: „Ekki mun hafa borið á einkennum um geðveiki eða áberandi taugaveiklun hjá þessum dreng, hann hefur sætt ofsóknum vegna líkamslýta og þessvegna e. t. v. borið meira á stóru skaplyndi hans og heiftrækni en ella og einkum núna síð-

ustu árin, þar sem drengurinn er á erfiðum aldri og hefur orðið að þola föðurmissi".

Sigurgeir Einar lá á handlækningadeild Borgarspítalans frá 14. 5.—2. 6. 1975 vegna contussiones variae (sem þýðir ýmis konar áverkar).

Þar segir í sjúkraál: „Sjúklingur lenti í ryskingum við annan mann og fékk högg á vinstri síðu og missti andann". Einnig segir, að sjúklingur hafi mikinn verk í vinstri síðu og upp í brjósthol. Jafnframt segir: „18 ára þreklega vaxinn, miður sín andlega, vill lítið tala, liggur með lokuð augun, aumur og vill helst snúa sér til veggjar með sæng yfir höfði". Daginn eftir stendur í sjúkraál: „Nokkuð hressari, mikið miður sín, gat ekki sofið". Á stofnuninni fékk hann svefnlyf, róandi lyf, nærðist illa í fyrstu og þurfti vökvanæringu, lagaðist.

Samandregið.

Svo virðist sem Sigurgeir Einar hafi snemma fundið vanmátt og leiða vegna líkamslýtis, en varið sig með reiðiköstum, orðið einrænn, innhverfur, vinafár og sár út í tilveruna, einkum eftir lát föður, er hann var 14 ára, og um líkt leyti fellur hann úr skóla og hverfur frá bernskustöðvum. Hann finnur vanmátt sinn og reynir að mæta honum með því að ná stöðu gagnvart fjölskyldu sinni, sem hann síðan ekki ber. Á tengsl hans við fjölskylduna mæðir nokkuð, og er Sigurgeir Einar í þeim skiptum stundum sár. Hann hefur því fremur dregist í félagsskap þeirra, sem miður mega sín, og gripið til víns, einkum þegar hann hefur ætlað sér á skemmtistaði, til þess að yfirvinna vanmátt sinn.

Sálfræðileg rannsókn.

Gylfi Ásmundsson, sálfræðingur, tók eftirfarandi sálfræðipróf:

Wechsler, greindarpróf fyrir fullorðna.

Raven 1938, ályktunarpróf.

MMPI, persónuleikapróf.

Rorschach, persónuleikapróf.

Bender Gestalt, skynhreyfipróf.

Um niðurstöður einstakra prófa segir Gylfi:

Wechsler: „Starfhæf greind Sigurgeirs Einars er í löku meðallagi, en líkur eru fyrir því, að eðlisgreind sé hærri".

Raven 1938: „Í löku meðallagi".

Bender Gestalt: „Engar truflanir á skynjun eða fínni hreyfingum koma fram í teikningum".

MMPI: „Prófið er ekki marktækt". Ennfremur segir: „Ástæðan kann að vera óskýrleiki eða confusion í hugsun Sigurgeirs Einars"

Rorschach: „Sigurgeir virðist innhverfur og gefinn fyrir að fantasera". Jafnframt segir: „Hann sér mikið af mannverum í myndunum, og oftast eru þær í einhverjum ógnandi kringumstæðum". Enn segir: „Prófið í heild bendir til þess, að Sigurgeir Einar sé haldinn kvíðaneurosu, varnir hans kynnu einkum að vera projection á aðra".

Heilalínurit.

Heilalínurit var tekið 26. 6. 1975.

Niðurstaða: „Ekkert með vissu abnormalt".

Geðskoðun.

Sigurgeir Einar er 18 ára gamall, ókvæntur verkamaður, og ber áberandi á hálsskekkju hans, reyndar dregur hann strax athygli að henni í viðtalinu. Hann situr nokkuð álútur, fremur þunglyndislegur og jafnvel mæddur, en samvinnugóður. Stundum gætir tortryggni, en ekki meira en innan eðlilegra marka. Greind virðist tæplega í meðallagi.

Hann er haldinn miklum kvíða og einkum ótta við ógnun, og hefur hann nokkrum sinnum misst vald á kvíða sínum bæði, eins og áður er lýst, með óviðráðanlegum líkamsviðbrögðum (ofönd-unarköstunum), en einnig í reiðiköstum, og undir slíkum kringumstæðum kann hann að geta misst vald á tilfinningum sínum og dómgreind.

Persónuleiki Sigurgeirs Einars er innhverfur, nánast schizoid, og kemur fyrir að hann fantaserar. Virðast þá koma fyrir óþægilegar hugmyndir, sem oft fela í sér ytri ógnun, og eykur það á kvíða hans. Reynir hann stundum að losa sig undan hugmyndum þessum með því að horfast ekki í augu við þær. Myndun hans eða samsömun við karlmann er ekki þroskuð, og verður hann því öryggislaus, ef á karlmennskukennd hans mæðir. Hann er vanmáttugur og hneigist til að vernda sig með reiði eða ofsa, sem hann gæti misst stjórn á, eins og áður var bent á, undir ógnandi og kvíðakenndum kringumstæðum.

Það er því ekki óeðlilegt, að Sigurgeir Einar hafi verið gripinn af ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn. Svo virðist sem hann fyrst hafi ætlað að miklast í augum Rafns með því, undir áhrifum áfengis, að sýna innistæðueign sína í bankabók. Síðan reiðst viðbrögðum Rafns, en að lokum orðið hræddur og þá misst stjórn á

gjörðum sínum. Verknaðurinn verður því að teljast framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði.

Sigurgeir Einar líður ekki af geðveiki, andlegum vanþroska eða öðru ástandi þannig, að hann undir venjulegum kringumstæðum geti verið talinn ófær um að stjórna gjörðum sínum.

Niðurstaða.

Sigurgeir Einar er haldinn kvíðaveiklun, en ekki geðveiki, kvíðakennd hans er frá yngri árum, og er mjög líklegt, að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum áhrifum kvíða vegna ógnunar þeirrar, sem hann taldi sér stafa af í átökunum við Rafn. Með tilliti til þess mats er hann því talinn sakhæfur".

Leitað var umsagnar Læknaráðs um niðurstöðu geðrannsóknar á ákærða. Í umsögn Læknaráðs segir m. a.:

„Málið er lagt fyrir læknaráð á þá leið, að beiðzt er umsagnar um niðurstöðu geðrannsóknar á ákærða og spurt um eftirfarandi atriði:

1. Telur læknaráð, að ákærði hafi verið gripinn ofsahræðslu í viðureign sinni við Rafn Svavarsson og að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum kvíða og ótta við sjálfsmeiðingu auk reiði?
2. Er læknaráð sammála þeirri niðurstöðu geðrannsóknarinnar, að ákærði líði ekki af geðveiki, andlegum vanþroska eða öðru ástandi, þannig að hann undir venjulegum kringumstæðum geti verið talinn ófær um að stjórna gjörðum sínum, að kvíðakennd hans stafi frá yngri árum og mjög líklegt sé, að verknaðurinn hafi verið framinn undir snöggum áhrifum kvíða vegna ógnar þeirrar, sem hann taldi sér stafa af átökum við Rafn?

Ennfremur er þess óskað, að læknaráð veiti umsögn um önnur þau atriði, er fram koma í læknisfræðilegum gögnum málsins og það telur efni til, að sérstaklega komi fram.

Tillaga réttarmáladeildar um Ályktun læknaráðs.

Ad 1: Já. Ákærði var einnig undir áhrifum áfengis, og kann það að hafa stuðlað að hömlulausari viðbrögðum.

Ad. 2: Já, samanber og svar 1".

Tillaga þessi og greinargerð var síðan staðfest sem álitsgerð og úrskurður Læknaráðs.

Samkvæmt niðurstöðu Rannsóknastofu í lyfjafræði við HÍ sýndi alkóhólákvörðun í blóði ákærða magn alkóhóls í blóði 1.02‰.

Niðurstaða.

Eins og gögn málsins bera með sér og rakið hefur verið hér að framan, er það sannað, að Rafn Svavarsson lést af áverkum þeim, sem hann hlaut í viðureigninni við ákærða. Ákærði er einn til frásagnar um það, hvernig viðureign þeirra fór fram. Af ummerkjum í herbergi ákærða verður ekki séð, að mikil átök hafi átt sér stað milli þeirra. Eitt sárið á hálsi Rafns virðist bera með sér, að ekki hafi blætt úr því, og gæti það bent til þess, að honum hafi ekki verið veitt það fyrr en eftir að hjartað hætti að slá. Ákærði vill sjálfur halda því fram, að hann hafi ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, en þó virðist hann ekki hafa hugsun á því að tilkynna um atburðinn, heldur virðist fyrsta hugsun hans vera sú að komast undan og flýja og leyna atburðinum. Hann skiptir um föt að einhverju leyti, fer síðan út úr herberginu og læsir því á eftir sér. Hann fer síðan út fyrir kauptúnið og nær þar í hesta og virðist ætla að forða sér burt ríðandi. Hann hættir þó við það áform og kemur aftur inn í kauptúnið síðar um nóttina. Á hinn bóginn skýrir hann fyrstu mönnum, sem hann hittir að máli eftir atburðinn, frá því, að hann hafi orðið mannsbani.

Ákærði hefur haldið fram, að umrætt verk hafi hann unnið af neyðarvörn, og er því haldið fram af hans hálfu, að verkið verði að teljast refsilaust.

Eins og málsatvikum er háttað, er ekki sýnilegt, að ákærði hafi fyrirfram verið ákveðinn í því að veita Rafni Svavarssyni bana. Deiluefni þeirra var sparisjóðsbók, sem ákærði segir, að Rafn hafi ætlað að ræna af sér. Ákærði greip þá til þess ráðs að beina hníf að Rafni sér til varnar, en Rafn var vopnlaus. Ákærða mátti vera ljóst, að skeiðahnífur eins og sá, sem hann beitti í viðureigninni, er mjög hættulegt vopn. Það verður því að álíta, að ákærði hafi hér beitt vörnum, sem voru augsýnilega hættulegri en árásin og tjón það, sem af henni mátti vænta, gaf ástæðu til og hann því farið út fyrir takmörk leyfilegrar neyðarvarnar í verknaði sínum.

Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar á geðheilbrigði ákærða og ályktun Læknaráðs er ákærði sakhæfur.

Ákærði hefur með framangreindum verknaði sínum gerst brotlegur við ákvæði 211. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og ber að refsa honum samkvæmt því, en með heimild í 1. og 4. tl. 74. gr. þeirra laga þykir mega færa refsingu niður úr lágmarki, og

þykir refsing ákærða samkvæmt framansögðu hæfilega ákveðin fangelsi í fjögur ár. Ákærði hefur verið í gæsluvarðhaldi vegna máls þessa frá 14. maí 1975, og ber að draga gæsluvarðhaldstíma hans frá dæmdri refsingu með fullri dagatölu. Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda og réttargæslumanns ákærða, Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns, kr. 150.000.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurgeir Einar Karlsson, sæti fangelsi í 4 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða, sem hófst með úrskurði, uppkveðnum 14. maí 1975 komi til frádráttar dæmdri refsivist með fullri dagatölu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 100.000, og málsvarnarlaun réttargæslumanns síns og skipaðs verjanda, Ragnars Tómassonar héraðsdómslögmanns, kr. 150.000.

Fimmtudaginn 17. mars 1977.

Nr. 104/1975. **Loftleiðir h/f**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands og gagnsök
(Axel Kristjánsson hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi. Aðiljasamlag. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með

stefnu 27. ágúst 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. s. m. Hann krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 15. maí 1974, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 19. september 1975. Hann gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómi hefur ekki verið áfrýjað að því er varðar Verslunarbanka Íslands h/f.

Fyrir héraðsdómi beindi aðaláfrýjandi málssókn þessari aðallega að gagnáfrýjanda, en til vara að Verslunarbanka Íslands h/f. Virðist kröfugerðin á hendur Verslunarbankanum eingöngu hafa verið reist á því, að bankanum hefði verið óheimilt í lögskiptum sínum við aðaláfrýjanda að færa fjárhæð hins falsaða tékka, sem í málinu greinir, aðaláfrýjanda til skuldar á viðskiptareikningi hans. Mat á þessu atriði hlaut hins vegar að ráða úrslitum um það, hvort aðaláfrýjandi yrði talinn hafa orðið fyrir fjártjóni vegna kaupa gagnáfrýjanda á umræddum tékka, er til álita gæti komið, að gagnáfrýjanda bæri að bæta honum, svo sem aðaláfrýjandi heldur fram. Það hefði því verið eðlilegastur málatilbúnaður af hendi aðaláfrýjanda, að hann fengi skorið úr ágreiningi sínum við Verslunarbankann, áður en dæmt væri um skaðabótakröfu hans á hendur gagnáfrýjanda. Samkvæmt þessu og þar sem kröfugerð aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda annars vegar og Verslunarbanka Íslands h/f hins vegar voru reistar á mismunandi atvikum, þykir bera að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Aðaláfrýjandi, Loftleiðir h/f, greiði gagnáfrýjanda, Útvegsbanka Íslands, 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Aðaláfrýjandi hefur stefnt Útvegsbanka Íslands fyrir Hæstarétt, en ekki Verslunarbanka Íslands h/f. Er því ekki samlagsaðild hér fyrir dómi. Hins vegar var Verslunarbankanum stefnt í héraði til vara, og var honum dæmd þar sýkna. Hvort sem heimilt var að haga stefnum í héraði með þessum hætti eða ekki, mátti þar dæma um kröfuna á Útvegsbankann, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Þegar þessa er gætt, tel ég, að dæma beri mál þetta að efni til. Þar sem meiri hluti dómara Hæstaréttar er á annarri skoðun, er ekki ástæða til, að ég fjalli í sératkvæði þessu um efnishliðina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. maí 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ. m., hafa Loftleiðir h/f, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 16. október 1974, aðallega gegn Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, en til vara gegn Verslunarbankanum h/f, Reykjavík, til greiðslu á kr. 200.000 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndu hafa hvor um sig krafist algerrar sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Tildrög málsins eru þau, að hinn 4. september 1972 var framvísað í Útvegsbankanum í Reykjavík tékka frá stefnanda á Verslunarbankann, að fjárhæð kr. 200.000, með útgáfudegi 24. ágúst s. á. Verður tékkanum nánar lýst síðar. Gjaldkeri Útvegsbankans greiddi fjárhæðina til framvísanda, án þess að sá framseldi hana, en hún hafði hins vegar verið framseld af þeim, sem hún var

stíluð á. Við „clearingu“ milli hinna nefndu banka fékk Verslunarbankinn í hendur tékkann og skuldfærði fjárhæðina á ávísanareikning stefnanda hjá bankanum. Síðar kom í ljós, að tékkinn hafði verið tekinn ófrjálsri hendi hjá stefnanda og útfylltur með fölsun. Með bréfi stefnanda, dags. 18. október 1972, kærði hann til rannsóknarlögreglunnar meintan þjófnað og fölsun á tékkaeyðublaðinu. Fór fram rannsókn, en hún upplýsti ekki, hver valdur var að brotinu. Telur stefnandi, að stefndi Útvegsbankinn hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við greiðslu tékkans og stefndi Verslunarbankinn einnig með því að taka við honum til skuldfærslu og séu þeir því bótaskyldir gagnvart sér um fjárhæð tékkans.

Tékki sá, sem hér um ræðir, er að nokkru frábrugðinn venjulegum ávísunum að formi til. Í fyrsta lagi er eyðublaðið merkt stefnanda með þeirra eigin letri í rauðum lit, og enn fremur er hlaupareikningsnúmerið tilgreint á eyðublaðinu. Í öðru lagi er fjárhæð ekki tilgreind í bókstöfum, en í staðinn notuð sérstök vél til útfyllingar á henni, og er þar fyrst nafnið „LOFTLEIÐIR“ og „KR“ og svo fjárhæð í tölustöfum af sömu stærð og framangreind orð, allt með rauðu letri. Í þriðja lagi er svo merki stefnanda prentað á eyðublaðið, þar sem útgáfunöfn eru rituð. Upplýst er, að eyðublöð þessi eru sérstaklega gerð fyrir stefnanda í U.S.A. Er þar um að ræða sérstakar bækur, sem í eru 501 eyðublað, þrjú í hverri síðu, takkfest saman. Þessi eyðublöð eru takkföst við stubb, sem númeraður er samsvarandi tékkanúmeri, og blöðin þannig fest með spíral í bók. Umræddur tékki er undirritaður nöfnunum „F. Þorvaldsson“ og „F. Hólm“.

Verður nú rakið það, sem máli þykir skipta, úr lögregluransókn og skýrslum hér fyrir dómi.

Finnbjörn Þorvaldsson, skrifstofustjóri hjá stefnanda, fullyrti, að nafnritunin „F. Þorvaldsson“ á umræddum tékka væri ekki sín rithönd. Hann kvaðst hafa heimild til að rita undir tékka stefnanda, og gerði hann það með rituninni F. Þorvaldsson og notaði við það kúlupenna. Þegar um tékka væri að ræða í íslenskum krónum á innlendan banka, þá ritaði hann einn undir þá, en ef um væri að ræða tékka í erlendri mynt á erlenda banka, þá ritaði Flemming Hólm, yfirmaður bókhaldsdeildar stefnanda, ásamt sér undir þá tékka með rituninni F. Hólm og notaði við það blekpenna. Finnbjörn kvað einkaritara sinn og aðalgjaldkera félagsins fylla út tékka stefnanda og kæmi hann með þá fullritaða til undirskriftar útgáfunni. Hann sagði, að til þess að nota

vél þá, sem notuð er við að skrá upphæðina, þyrfti viðkomandi að vera vel kunnugur vélinni til að fá letrið rétt staðsett á eyðublaðið. Finnbjörn kvað þá starfsmenn stefnanda ekki hafa fengið vitneskju um meðferð umrædds tékka, fyrr en þeir hafi fengið uppgjör frá Verslunarbankanum í októbermánuði 1972 og þá ekki kannast við greiðslu með honum. Hafi þá uppgötvast, að heilt blað vantaði í tékkabókina.

Flemming Hólm fullyrti, að nafnritunin „F. Hólm" á umræddum tékka væri ekki sín rithönd. Á hér umræddum tíma hafi Finnbjörn Þorvaldsson haft heimild til að rita undir tékka stefnanda, ef um innlenda tékka væri að ræða, en ef um erlenda tékka væri að ræða, hefði hann heimild til að rita undir þá ásamt með Finnbirni. Hann kvaðst rita nafn sitt á tékkana með F. Hólm, og hann kvað tékka ávallt hafa verið útfyllta að fullu, áður en útgáfuritun ætti sér stað.

Guðný Árdal kvaðst hafa það starf hjá stefnanda að rita tékka fyrirtækisins. Eftir að hafa skrifað á stubb upphæð og nafn þess, sem tékki er stílaður á, eftir viðkomandi fylgiskjali, sem jafnframt sé þá áritað númeri viðkomandi tékka, kvaðst hún vélrita tékkaeyðublaðið og stimpla það í sérstakri vél með nafni stefnanda og upphæð í viðkomandi gjaldeyri. Að því loknu fari hún með eyðublaðið til undirritunar útgáfu. Hún kvað umrædda vél vera á stærð við miðlungsstóra reiknivél og sérstaklega gerða í þessu skyni. Til þess að nota vél þessa þurfi nokkra æfingu með tilliti til réttrar staðsetningar á tékkanum, þannig að enginn gæti notað hana, nema hafa til þess nokkra þjálfun. Guðný kvað ekki hafa verið hægt að læsa umræddri vél, gagnstætt þeirri vél, sem nú væri notuð, og hún hafi verið höfð á borði í skrifstofuherbergi sínu og yfir hana breytt utan vinnutíma. Hún kvað þrjú tékkaeyðublöð vera á hverri síðu tékkabókarinnar, takkfest saman, og kvað hún um tvær slíkar bækur vera notaðar á mánuði. Hún kvaðst læsa bókina niður í skrifborðsskúffu sinni, er hún hætti vinnu að kvöldi, og þá væri skúffulykillinn fenginn Óskari gjaldkera til varðveislu, en á daginn væri bókin uppi á skrifborðinu, þar sem hún væri það mikið notuð. Guðný kvað annan starfsmann hafa deilt með sér vinnuherbergi og yfirleitt hafi annað þeirra verið í herberginu, er hitt þurfti að bregða sér frá, en herbergið hafi jafnan ekki verið mannlaust, nema þá aðeins augnablik. Undantekningu frá því, að hvert fylgiskjal væri merkt númeri viðkomandi tékkaeyðublaðs, kvað Guðný vera, þegar ávísað væri launum til starfsmanna um mánaðamót. Þá fengi

hún í hendur lista með öllum nöfnunum, útfyllti tékkaeyðublöðin af listunum, en færði ekki viðkomandi tékkanúmer við hvert nafn, heldur ritaði á listana númer fyrsta tékkaeyðublaðsins, sem byrjað væri á, og svo númer síðasta eyðublaðsins í lokin. Af þessum sökum geti sér yfirsést, að blað vanti í bókina, þar sem hún hafi ekki borið saman fjölda tékkanna og fjölda nafnanna, og í hér umræddu tilviki hafi heilt blað vantað í bókina (þrjú tékkaeyðublöð) og þar með taldir stubbarnir inni á milli slíkra starfsmannalaunatékka. Guðný kvað Óskar gjaldkera fá tékkaeyðublaðabókina daglega, jafnvel oft á dag, til að yfirfara hana og bera saman innstæðu og greiðslur úr henni. Er Guðnýju var sýnt ljósrit af margnefndum tékka, kvaðst hún sjá strax, að þar væri ekki um að ræða rithönd Finnbjörns Þorvaldssonar á tékkanum, en hins vegar væri áritunin „F. Hólm" líkari rithönd Flemmings Hólm. Auk þeirra Finnbjarnar og Flemmings hefðu Alfreð Elíasson og Kristján Guðlaugsson heimild til að undirrita tékka fyrirtækisins.

Óskar Sigurðsson, aðalgjaldkeri hjá stefnanda, kvað það m. a. hafa verið sitt verk á hér umræddum tíma að yfirfara og fylgjast með útgáfu tékka. Hafi það eftirlit farið fram stundum oft á dag. Hafi hann þá þurft að færa inn í bókina allar þær greiðslur, sem inn á reikninginn hafi komið til félagsins, og leggja allar fjárhæðir saman, sem greiddar voru út með tékkunum. Sama gildi, þegar ávísað er launum til starfsmanna. Í því tilviki kvaðst hann athuga hverja síðu í tékkaeyðublaðabókinni, en í hér umræddu tilviki kvaðst hann ekki hafa uppgötvað, að eitt blað hafi vantað í bókina. Hins vegar hefði þetta átt að verða sér ljóst við eftirlit sitt og væru það því afglöp af sinni hálfu, að svo varð ekki. Þetta hefði ekki uppgötvast fyrr en síðar.

Guðrún Jóhannesdóttir, gjaldkeri í Útvegsbankanum, kvað mann hafa komið til sín með umræddan tékka hinn 4. september 1972 til að fá hann greiddan. Kvaðst hún strax hafa bent viðkomandi á að framvísa tékkanum í Verslunarbankanum, sem var greiðslubankinn, en þar sem þá var komið að lokunartíma banka, sagðist maðurinn ekki ná að komast í þann banka. Kvaðst Guðrún þá hafa hringt í Verslunarbankann og gefið viðmælanda sínum þar allar upplýsingar varðandi tékkann, sérstaklega að því er varðaði undirritun útgáfu hans og eins hins, hvort hann kynni að hafa verið tekinn ófrjálsri hendi. Hafi viðmælandi sinn tjáð sér, að allt væri með felldu við tékkann og í lagi að greiða hann. Ekki gat Guðrún tilgreint viðmælanda sinn í Verslunarbankan-

um. Tékkinn var framseldur af þeim aðilja, sem hann var stílaður á, en framvísandinn kvað þann vera föður sinn. Kvaðst hún þá hafa beðið hann um persónuskilríki, en sá hafði engin slík. Hins vegar hafi hann verið með eitthvert bréfadót, sem væri með nafni hans „svona eða þessu nafni, sem var á tékkanum". Með tilliti til upplýsinga þeirra, sem hún hafði fengið hjá Verslunarbankanum, hafi hún greitt út tékkann án þess þó að láta framvísandann framselja hann. Guðrún kvað það yfirleitt ekki vera venju sína að greiða út tékka, án þess að framsal framvísanda væri á tékkanum, en þó kæmi slíkt fyrir, svo sem í hér umræddu tilviki, þar sem hún hafði fengið upplýsingar um ágæti hans hjá Verslunarbankanum.

Ísak Hringsson, aðalgjaldkeri Útvegsbankans, kvað þá, sem hefja starf sem gjaldkeri í bankanum, ekki fá sérstakar starfsreglur til að vinna eftir, en nýr starfsmaður sé hins vegar ávallt látinn í byrjun starfa með vönum gjaldkera, sem honum ber þá að snúa sér til um leiðbeiningar. Þá sé það margbrýnt fyrir gjaldkerum að gæta fyllstu varúðar við greiðslu tékka, og þá sérstaklega við greiðslu tékka á aðra banka. Hin venjulega starfsregla gjaldkera sé sú, að framvísandi framselji tékkann við greiðslu hans, og enn fremur er þá af honum krafist skilríkja fyrir persónu sinni.

Björgúlfur Bachmann, aðalgjaldkeri Verslunarbankans, kvað meðferð tékka, eftir að bankinn fengi þá við „clearing", vera þá, að þeir færu í rafreikni, sem skilaði frá sér stöðu hvers einstaks tékkareiknings við þær hreyfingar, sem fram koma vegna tékkanna. Um leið og þetta sé gert, sé hver einstakur tékki skoðaður, og reynist ekkert vera athugavert við hann við þá skoðun, fær hann þessa meðferð, en ef eitthvað virðist athugavert, þá sé það sérstaklega athugað. Við skoðun á umræddum tékka sagði Björgúlfur hann ekki bera nein þau einkenni, sem starfsmenn við „clearingu" hefðu átt að vantreysta eða hefði átt að vekja athygli þeirra. Við skoðun á margnefndum tékka, kvað Björgúlfur það eitt vekja grunsemdir hjá sér, að sér fyndist skrift Finnbjarnar ekki vera alveg nógu „karakteristisk" fyrir hann.

Krafa stefnanda á hendur stefnda Útvegsbanka Íslands er á því byggð, að starfsmaður hans, gjaldkeri sá, sem greiddi tékkann, hafi með þeirri athöfn sinni sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að greiða framvísanda tékkans út fjárhæðina, án þess að sá sannaði á sér deili og framseldi hann, en gjaldkerinn þekkti alls ekki þann aðilja. Hefur gjaldkerinn og borið fyrir dómi, að

slíkt væri ekki vani hans, heldur væri það starfsskylda sín að gæta varúðar við greiðslu tékka á annan banka. Að vísu sé ekki fullkomlega upplýst í málinu, að gjaldkerinn hafi fengið sérstakar leiðbeiningar yfirmanna sinna, er hann hóf starf sitt, í hverju slík varúð skyldi vera fólgin, en sjálfur hefur hann skýrt frá því, að hann greiði ekki slíka tékka, nema fyrir liggi sönnun á persónu framvísanda, og jafnframt krefjist hann framsals hans. Hvort tveggja það, að yfirmenn bankans gefi ekki slík fyrirmæli til byrjenda sinna í gjaldkerastöðu, og eins vangæsla gjaldkerans í umrætt sinn hafi orðið þess valdandi, að stefnandi varð fyrir tjóni, er nam tékkafjárhæðinni, og beri stefndi Útvegsbankinn bótaskyldu gagnvart sér af þeim sökum.

Stefndi Útvegsbanki Íslands styður sýknukröfu sína þeim rökum, að tjón stefnanda verði á engan hátt rakið til vangæslu af hálfu starfsmanns síns, gjaldkerans, með greiðslu tékkans. Gjaldkerinn sýndi alla þá aðgæslu, sem af honum mátti krefjast. Tékkinn bar engin merki þess, að hann væri falsaður, hann var gerður með þeim hætti sem aðrir tékkar stefnanda, og enn fremur var hann stimplaður í sérstakri vél, sem geri slíka tékka meira traustvekjandi en ella. Gjaldkerinn fullvissaði sig einnig hjá Verslunarbankanum, áður en hann greiddi tékkann, að hann væri í alla staði rétt út fylltur, enda fann Verslunarbankinn, viðskiptabanki stefnanda, ekkert athugavert við hann, er hann fékk tékkann til meðferðar. Tjón stefnanda verði alfarið rakið til aðgerða og aðgerðarleysis starfsmanna stefnanda. Í fyrsta lagi hafi varðveisla á tékkaheftinu verið gróflega ábótavant, en ekki síður hafi gæsla stimpilvélarinnar verið ábótavant, þar sem stimplun í henni var alger forsenda þess, að hægt væri að hagnýta sér tékkann. Brotamaðurinn bæði kann og fær tækifæri til notkunar á vélinni. Í öðru lagi hafa starfsmenn stefnanda sýnt af sér stórkostlegt aðgæsluleysi í allri meðferð sinni á tékkabókinni, eftir að margnefnt blað hafði verið úr henni tekið. Starfsmaður stefnanda, sem útfyllti tékkana, verður þess ekki var, að heilt blað vanti í bókina, en ómótmælt er, að umræddur tékki var þar í bókinni, sem tékkar voru út gefnir til starfsmanna. Gjaldkeri stefnanda, sem fær tékkabókina oft á dag til eftirlits um útgáfur úr henni, framkvæmir það ekki betur en það, að hann verður þess heldur ekki var, og allt bókhaldseftirlit hjá stefnanda lætur sama fara fram hjá sér, þannig að stefnandi verður hins sanna ekki var fyrr en 5 til 7 vikum eftir að atvikið á sér stað, og þá af uppgjöri frá Verslunarbankanum. Af allri þessari vangæslu

starfsmanna sinna verði stefnandi að taka afleiðingunum, hvernig fór.

Sýknukrafa varastefnda er studd sömu rökum og aðalstefnda varðandi alla meðferð starfsmanna stefnanda í gæslu tékkabókarinnar og stimpilvélarinnar og eftirliti með notkun tékkabókarinnar. Bendir varastefndi á það, að umræddur tékki sé svo vel úr garði gerður, að næsta ógerningur hafi verið fyrir starfsmenn sína að sjá á honum misferli. Hljóti að vera um að ræða starfsmann stefnanda eða annan hjá honum öllu kunnugan, sem hafi útfyllt tékkann. Bar stefnanda að sýna verulegri meiri aðgæslu að þessu leyti, þar sem tékkar, gerðir með þeim hætti, sem er hjá stefnanda, veki meira traust en almennir tékkar manna. Margnefndur tékki sé þannig úr garði gerður, að varastefndi hefði ekki orðið skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda með greiðslu hans samkvæmt 7. gr. reglugerðar fyrir Verslunarbanka Íslands h/f nr. 20/1961, en þar segi, að sá beri skaðann, ef fölsk ávísun sé greidd af bankanum, sem féð á, nema um sé að kenna augljósu gáleysi bankans, og slíku sé hér ekki að dreifa.

Hér að framan hefur margnefndum tékka verið lýst. Við samanburð á undirskriftum að útgáfu hans og samsvarandi sýnishorni, sem liggur fyrir í málinu, eru undirskriftir mjög líkar, þannig að mismunur er vart sjáandi nema fyrir mjög kunnuga, og að öðru leyti er naumast sjáandi mismunur á útfyllingu tékkanna, en ómótmælt er þó og sannað, að umræddur tékki er falsaður.

Það er óupplýst í málinu, hvenær eða með hverjum hætti margnefnt blað var fjarlægt úr tékkabókinni, og ekki er fram komið, að vegsummerki séu um það. Ekki nægir þó, eins og áður segir, blaðið eitt til hagnýtingar á því, heldur þarf til stimplun þess í margnefndri tékkavél, sem fram er komið, að varðveitt er ólæst á skrifborði og nokkra æfingu þarf til að nota réttilega. Telja verður útfyllingu tékka með þeim hætti vekja meira traust til tékkans en við almenna útfyllingu, og ber því að gera ríkari kröfur til þeirra aðilja, sem slíkar vélar nota, um varðveislu þeirra, en á henni þykir nokkuð hafa skort hjá stefnanda. Starfsmaður stefnanda, sem útfyllti tékka úr bókinni, þar sem umrætt blað vantaði, fylgdist ekki með því, hvort fjöldi hinna útfylltu tékka væri í samræmi við fjölda þeirra aðilja, sem tékkar voru gefnir út til. Hefði slíkt þó talist eðlileg varkárni. Gjaldkeri stefnanda, sem daglega fékk tékkabókina til eftirlits með útgáfum úr henni, yfirsást einnig um hið fjarlægða blað úr henni, en það

verður og að teljast skortur á eðlilegri varkárni. Til þessarar vangeymslu og aðgæsluskorts starfsmanna stefnanda þykja orsakir verða að nokkru raktar til þeirrar hagnýtingar tékkans, sem síðar varð, og verður stefnandi sjálfur að bera tjón af því.

Hins vegar ber á það að líta, að starfsmaður stefnda Útvegsbankans greiddi framvísanda tékkans hina ávísuðu fjárhæð vitandi um þá staðreynd, að sá var ekki tilgreindur móttakandi samkvæmt texta tékkans, og án þess að framvísandi sannaði á sér deili og framseldi hann. Með þeirri háttsemi sinni varð hann þess valdandi, að ekki varð unnt fyrir stefnanda að koma fram heimtu fjárhæðarinnar úr hendi þess, sem ólöglega var að tékkanum kominn. Á þessari vangæslu starfsmanns síns ber stefndi Útvegsbankinn bótaábyrgð gagnvart stefnanda. Að atvikum öllum virtum þykir rétt, að stefndi Útvegsbankinn bæti stefnanda tjón hans að hálfu.

Samkvæmt framansögðu ber því að dæma stefnda Útvegsbankann til að greiða stefnanda kr. 100.000 með vöxtum eins og krafist er.

Með vísan til framangreindra forsendna ber að sýkna stefnda Verslunarbankann h/f af kröfum stefnanda að því leyti sem bætur eru ekki dæmdar úr hendi stefnda Útvegsbankans.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi Útvegsbanki Íslands dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 33.000. Eftir atvikum þykir rétt að fella niður málskostnað að því er stefnda Verslunarbankann h/f varðar.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Útvegsbanki Íslands greiði stefnanda, Loftleiðum h/f, kr. 100.000 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 33.000 í málskostnað.

Stefndi Verslunarbankinn h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda í málinu, en málskostnaður að því er hann varðar fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. mars 1977.

Nr. 191/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Arnbirni Óskarssyni
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Byggingar- og skipulagsmálefni. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Skipaður verjandi ákærða krefst þess, að máli þessu verði vísað frá héraðsdómi, eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir. Er þar og í megindráttum getið rökstuðnings fyrir kröfu þessari.

Telja verður, að það varði mjög almenningshagsmuni, að gerð og staðsetning húsa sé í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsreglna um þetta efni. Félagsmálaráðherra fer með æðstu stjórn í skipulags- og byggingarmálefnum, sbr. I. og II. kafla skipulagslaga nr. 19/1964, V. kafla reglugerðar nr. 217/1966 um gerð skipulagsáætlana og 1. og 2. mgr. 3. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965. Var honum því sem æðsta fyrirsvarsmanni almenningshagsmuna í málefnum þessum heimil kæra og kröfugerð um brottnám eða breytingu vegna ætlaðs ólöglegs byggingarmáta bílskúrs þess, sem mál þetta fjallar um. Ber að líta á bréf félagsmálaráðherra 16. júlí 1973 til yfirsakadómarans í Reykjavík sem kæru í máli þessu. Efni bréfsins er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Er mál þetta réttilega höfðað og rekið fyrir sakadómi Reykjavíkur samkvæmt 11. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, og þarf eigi, eins og mál þetta horfir við, að taka afstöðu til lögmætis úrskurðar fé-

lagsmálaráðherra 16. ágúst 1972, þar á meðal hvort kæra máls til hans hafi verið lögum samkvæm.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um frávísunarkröfuna.

Þá hefur skipaður verjandi ákærða krafist til vara ómerkingar hins áfrýjaða dóms, þar eð ekki hafi verið tekin afstaða til þess, hvort úrskurður félagsmálaráðherra frá 16. ágúst 1972 fái staðist, en hann hafi ekki verið birtur ákærða. Kæra sú, er felst í framangreindu bréfi félagsmálaráðherra 16. júlí 1973 til yfirsakadómara, markar, svo sem greint var, viðhlítandi grundvöll að afskiptum ákæruvalds af máli þessu, og er krafa verjanda eigi haldbær.

II.

Í héraðsdómi eru málsatvik rakin og sakargögnum lýst. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, hefur brotið til mergjar einstök ákæruefni. Athuga ber þó, að héraðsdómur hefur eigi leyst úr því, við hvaða lagaákvæði háttsemi sú varðar, sem 2. töluliður ákæruskjals tekur til, en þá háttsemi telur dómurinn fela í sér réttarbrot. Þrátt fyrir þennan galla þykir eigi þurfa að ómerkja dóminn, enda er úr því skorið í héraðsdómi, í hverju réttarbrotið er fólgið efnislega.

III.

Í ákæruskjali er bílskúr ákærða, sem hann reisti á Gnitanesi 10 í Skerjafirði, talinn brjóta gegn nánar tilteknum ákvæðum skipulagslaga og byggingarsamþykktar Reykjavíkur o. fl. Hvorki ákæruvald né ákærði bera brigður á lögmæti skipulagsuppdráttar eða annarra skipulagsákvarðana fyrir byggingarsvæði það, sem um ræðir í máli þessu. Þá er því hvorki haldið fram af hálfu ákæruvalds, að ákærða hafi skort tilskilin byggingarleyfi fyrir bílskúrnum né að hann hafi brotið gegn veittum leyfum, sbr. þó 1. tölulið hér síðar.

Mál þetta er, svo sem greint hefur verið, höfðað og rekið að hætti opinberra mála. Hvorki refsikrafa né bótakrafa er uppi höfð í máli þessu.

Að þessu athuguðu skal nú vikið að einstökum liðum ákæruskjals.

Um 1. tölulið.

Samkvæmt 4. málsgr. 95. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965 skal skýli fyrir eina bifreið að jafnaði ekki vera stærra en 30 m^2. Telja verður, að byggingarnefnd hafi almennt heimild til þess að leyfa, að reistir séu bílskúrar, sem nokkru stærri séu en viðmiðunarregla 95. gr. kveður á um, og hafi byggingarnefnd haldið sér innan valdmarka sinna, er hún veitti leyfi til þess, að bílskúr ákærða væri 32.40 m^2 að flatarmáli.

Það athugast, að bílskúr ákærða reyndist vera 32.80 m^2. Frávik þetta er svo lítið, að eigi þykir það sjálfstætt fela í sér brot á þeim lagaákvæðum, er greinir í þessum tölulið ákæruskjals.

Um skýringu á „lofthæð" í 4. málsgr. 95. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur þykir rétt að velja þann skýringarkost, sem beitt er í héraðsdómi.

Um 2. tölulið.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var bílskúrsreitur við Gnitanes 10 markaður á uppdrátt, en eigi var hann málsettur. Er sannað, að skúrinn nær 2.50 metrum lengra inn á lóðina til vesturs en reiturinn gefur til kynna. Leyfði byggingarnefnd Reykjavíkur staðsetningu bílskúrsins með þessum hætti, og var hann eigi reistur á annan hátt en byggingarleyfi stóð til, og á 1. málsgrein 6. gr. laga nr. 19/1964 því eigi við. Gögn máls eru eigi einhlít um það, að hverju marki „ómálsettur byggingarreitur" bindur hendur byggingaryfirvalda. Þegar þetta er virt, þykir varhugavert að telja, að staðsetning bílskúrs með þeim hætti, er lýst er í 2. tölulið ákæruskjals, brjóti „tvímælalaust . . . í bága við gildandi skipulag", sbr. 3. málsgr. 6. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 19/1964, en önnur þau ákvæði, sem til er vitnað í greindum tölulið ákæruskjals, skipta hér eigi máli sjálfstætt.

Um 3. tölulið.

Fallast ber á úrlausn héraðsdóms um þennan tölulið.

Um 4. tölulið.

Það er mat byggingaryfirvalda, að bygging bílskúrs þess, er í málinu greinir, girði eigi fyrir, að „fullnægjandi birtu" njóti „á aðalsólarhlið hússins" Gnitaness 8, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 19/1964. Gögn máls leiða eigi í ljós, að mat byggingaryfirvalda sé óforsvaranlegt eða haldið þeim annmörkum, að bygging bílskúrsins feli í sér brot á þeim ákvæðum, sem 4. töluliður ákæruskjals vísar til.

Svo sem að framan er rakið, hafa byggingaryfirvöld Reykjavíkur heimilað ýmis frávik frá meginreglum um byggingarmáta bílskúra, er leyfi var veitt fyrir bílskúr ákærða. Byggingarnefnd Reykjavíkur mátti vera ljóst, að frávik þessi voru eiganda fasteignarinnar Gnitaness 8 í óhag. Var eðlilegt að veita eiganda hennar kost á að tjá sig um umsókn ákærða um byggingarleyfið. Hér er þess hins vegar að gæta, að byggingarnefnd Reykjavíkur tók að nýju mál þetta til meðferðar hinn 29. júlí 1971 á grundvelli bréfs borgarstjóra til nefndarinnar 11. júní s. á. Var kröfu eiganda Gnitaness 8 um afturköllun byggingarleyfis þar synjað, en á fundi þessum lágu fyrir ýmis bréf hans, sem fólu í sér rækilega reifun af hans hálfu. Hefur hann því átt kost á að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við byggingaryfirvöld Reykjavíkur.

Samkvæmt framanrituðu verður hvorki fallist á aðalkröfu né varakröfu ákæruvalds. Ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til og leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, 100.000 krónur.

Dómsorð:

Héraðsdómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júlí 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 8. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara og meðdómsmönnunum Páli Hannessyni verkfræðingi og Skúli H. Norðdahl arkitekt, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 377/1976: Ákæruvaldið gegn Arnbirni Óskarssyni, sem tekið var til dóms hinn 22. júní sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 10. apríl 1975, á hendur ákærða, Arnbirni Óskarssyn kaupmanni, Gnitanesi 10 hér í borg, fæddum 30. nóvember 1914 í Reykjavík, með skírskotun til 11. tl. 2. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála „til þess að sæta brottnámi ólöglegrar bifreiðageymslu sinnar á lóðinni nr. 10 við Gnitanes hér í borg samkvæmt 6. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19, 1964.

Ákærði byggði geymslu þessa að fengnu byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi og bifreiðageymslu að Gnitanesi 10, og var leyfið samþykkt af byggingarnefnd 14. maí 1970 og staðfest af borgarstjórn Reykjavíkur 21. sama mánaðar, en með bréfi 16. ágúst 1972 felldi félagsmálaráðherra leyfið úr gildi að því er varðar bifreiðageymsluna með þeim rökstuðningi, að hún bryti í bága við byggingarsamþykkt Reykjavíkur, skipulagslög og staðfestan skipulagsuppdrátt af umræddu svæði.

1. Flatarmál bifreiðageymslunnar er 8.20 m (lengd) $\times$ 4.00 m (breidd) = 32.80 m^2 og lofthæð 2.70 m, og brýtur hvort tveggja í bága við grunnreglur 4. mgr. 95. gr., sbr. 99. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur, en samkvæmt nefndri 4. mgr. 95. gr. skal skýli fyrir eina bifreið að jafnaði ekki vera stærra en 30 m^2 og lofthæð ekki meiri en 2.50 m.

2. Bifreiðageymslan nær um 2.50 m lengra til vesturs en byggingarreitur hennar er markaður á mæliblaði mælingardeildar Reykjavíkurborgar, gerðu eftir skipulagsuppdrætti, sem samþykktur var í borgarráði Reykjavíkur 14. febrúar 1967 og staðfestur var af skipulagsstjórn ríkisins 27. sama mánaðar. Varðar það við 6. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. 11. gr. sömu laga og III. kafla reglugerðar nr. 217/1966 um gerð skipulagsáætlana svo og auglýsingu nr. 134/1967 um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af íbúðarhverfi í Skildinganesi í Reykjavík, er afmarkast af Þvervegi, Baugsvegi, Shellvegi og strandlengj-

unni, sbr. auglýsingu nr. 93/1959 um staðfestingu á skipulagsuppdráttum af Skildinganesi í Reykjavík og Neskaupstað.

3. Bifreiðageymslan er aðskilin frá íbúðarhúsinu á lóðinni með 2.40 m breiðum gangi, og fer það í bága við 4. gr. skilmála á skipulagsuppdrætti af þessu svæði og þau ákvæði laga, sem greind eru í næsta lið hér á undan.

4. Bifreiðageymslan er á lóðamörkum og aðeins 3.50 m sunnan við þegar reist íbúðarhús nr. 8 við Gnitanes. Stærð og staður geymslunnar skerðir rétt þess húsráðanda til sólar og birtu á þann veg, að varðar við 2. mgr. 13. gr., sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, sbr. 11. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur nr. 39/1965.

Þess er krafist aðallega, að margnefnd bifreiðageymsla verði fjarlægð eða niður rifin, en til vara, að henni verði breytt í löglegt horf samkvæmt því, sem í 1. og 2. lið hér að framan greinir, þ. e. að hún verði minnkuð um 2.80 m^2, lækkuð um 0.20 m og flutt um 2.50 m til austurs eða stytt til vesturs, sem því nemur.

Ennfremur er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þess er ekki krafist, að ákærða verði gerð refsing".

Málavextir eru sem hér segir:

Hinn 3. apríl 1970 sótti ákærði í máli þessu, Arnbjörn Óskarsson, þá til heimilis að Hagamel 10, Reykjavík, til byggingarnefndar Reykjavíkur um leyfi til að byggja einbýlishús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Gnitanes hér í borg. Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 14. maí s. á. var umsókn þessi tekin til meðferðar, og er eftirfarandi bókað í fundargerð byggingarnefndar um afgreiðslu hennar:

„9. Gnitanes 10. Arnbjörn Óskarsson, Hagamel 10, sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Gnitanes. Stærð 182.3 ferm., 590 rúmm. Gjald kr. 2.360.00. Sami sækir um leyfi til að byggja bílskúr úr steinsteypu á lóðinni. Stærð 32.4 ferm., 86 rúmm. Gjald kr. 340.00. Samþykkt". Með bréfi byggingarfulltrúans í Reykjavík, dagsettu 15. maí 1970, var ákærða tilkynnt um afgreiðslu málsins og jafnframt að samþykkt nefndarinnar væri háð staðfestingu borgarstjórnar. Fékkst sú staðfesting á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur hinn 21. maí 1970.

Með bréfi, dagsettu 15. október 1970, ritar Einar Sveinsson arkitekt f. h. dr. med. Bjarna Jónssonar, Gnitanesi 8 hér í borg, byggingarfulltrúanum í Reykjavík vegna byggingaframkvæmda á lóðinni nr. 10 við Gnitanes. Segir hann Bjarna hafa beðið sig

að líta á þessar framkvæmdir, bifreiðageymslu o. fl., sem séu í byggingu við suðurlóðarmörk hans og hann telji að „svipti sólar" á verulegum hluta suðursvala meðfram húsi hans og hafi hann spurt sig, hvort slíkur byggingarmáti væri samkvæmt settum reglum. Í bréfi Einars segir síðan svo:

„Bifreiðageymslan er á lóðamörkunum, aðskilin frá íbúðarhúsinu, með 2.40 m breiðum gangi, er endar við vegg og sorpgeymslu hússins, en í enda bifreiðageymslunnar er kyndiklefi hússins, geymsla og reykrör kyndiklefans, sem er fyrir utan bifreiðageymsluna, um 1 m frá trégirðingu á lóðamörkum, en frá þessu getur stafað eldhætta og óþarfa mengun andrúmslofsins, enda mun það vera fátítt, að kyndiklefum íbúðarhúsa sé þannig fyrir komið, og er hans alls ekki getið í áðurnefndri byggingarumsókn.

Mannvirki þetta nær 12 m fram á suðurhlið hússins nr. 8, gólf þess er um 15 cm yfir götu, lofthæð 2.30 m, þakhæð 0.40 m og flatarmál 32.4 m^2, en skv. byggingarsamþykkt skal flatarmál bifreiðageymslu að jafnaði vera um 30 m^2".

Þá vitnar Einar Sveinsson í bréfi þessu í 4. gr. skilmála að skipulagsuppdrætti að þessu svæði, en þar segir svo:

„Bifreiðageymsla skal að jafnaði vera í húsinu. Leyfilegt er þó að staðsetja hana við hús, eða fram úr því, þar sem svo er sýnt á mæliblaði".

Telur Einar Sveinsson ljóst í bréfi sínu, að byggingarleyfi fyrir húsinu nr. 10 við Gnitanes fari í bága við þessi skilyrði, og fer hann þess því á leit fyrir hönd Bjarna Jónssonar, að byggingarfulltrúinn stuðli að því, að byggingarleyfi fyrir bifreiðageymslunni verði numið úr gildi eða aðrar viðunandi ráðstafanir gerðar.

Ofanritað bréf varð upphaf allmikilla bréfaskipta milli dr. med. Bjarna Jónssonar annars vegar og borgaryfirvalda hins vegar. Var í þessu sambandi af hálfu borgaryfirvalda m. a. aflað greinargerða byggingarnefndar og skipulagsnefndar og viðkomandi embættismanna borgarinnar. Þykir ekki ástæða til að rekja umrædd bréfaskipti hér. Hinn 5. nóvember 1971 ritaði borgarstjórinn í Reykjavík dr. med. Bjarna Jónssyni bréf, sem þykir þó rétt að birta hér í heild sinni:

„Hinn 11. júní 1971 ritaði ég byggingarnefnd og skipulagsnefnd samhljóða bréf, svohljóðandi:

„Hinn 27. f. m. sendi ég byggingarfulltrúa og skipulagsstjóra þrjú bréf Bjarna Jónssonar, læknis, varðandi veitingu byggingarleyfis að Gnitanesi 10 og skipulag á því svæði. Óskaði ég eftir nákvæmri skýrslu um þau atriði í framangreindum bréfum, er

lúta að viðkomandi embættum. Að athuguðu máli og þar sem bréfritari hefur ítrekað véfengt gildi byggingarleyfis, svo og því að við breyting á skipulagi hafi ekki verið fylgt settum lagareglum er mál þetta hér með lagt fyrir ofangreindar nefndir til úrskurðar".

Greinargerðir um mál þetta voru samþykktar í skipulagsnefnd 28. júní s.l. og í byggingarnefnd 29. júlí s.l. Greinargerðir nefndanna voru sendar yður með bréfi frá skrifstofu minni hinn 6. ágúst s.l.

Síðar hafa verið kannaðir möguleikar á lausn þessa máls með samkomulagi milli yðar og eiganda Gnitaness 10 fyrir milligöngu Reykjavíkurborgar. Þessar tilraunir hafa reynst árangurslausar, svo sem staðfest er með bréfi yðar til skrifstofu minnar hinn 23. f. m.

Í greinargerð skipulagsnefndar kemur fram, að nefndin telur skipulag hverfisins hafa hlotið meðferð og staðfestingu lögum samkvæmt. Í greinargerð byggingarnefndar er kröfu yðar um afturköllun byggingarleyfis að Gnitanesi 10 hafnað. Þér hafið hins vegar, bæði bréflega og í samtölum okkar, lýst því yfir, að þér teljið niðurstöður ofangreindra nefnda rangar og ekki viðunandi fyrir yður.

Að svo vöxnu máli verður ekki séð, að um gildi byggingarleyfisins að Gnitanesi 10 verði úrskurðað frekar, nema hlutast verði til um af yðar hálfu að skjóta máli þessu til úrskurðar ráðherra, sbr. ákvæði 2. mgr. 3. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík frá 24. mars 1965".

Tilraunir þær til að ná samkomulagi, sem nefndar eru í bréfi borgarstjóra, voru í því fólgnar, að Bjarna Jónssyni voru kynntar hugmyndir Ingimundar Sveinssonar arkitekts um sneiðingu af horni bílskúrsins í vesturenda hans. Þessum hugmyndum hafnaði Bjarni.

Með bréfi félagsmálaráðherra, dagsettu 5. nóvember 1971, kærir Bjarni Jónsson síðan samþykkt byggingarnefndar 29. júlí 1971 og samþykkt skipulagsnefndar 28. júní s. á., sem hann kveðst hafa fengið sendar með bréfi borgarlögmanns, dagsettu 6. ágúst s. á. Í framhaldi kæru sinnar sendi hann síðan ráðherra greinargerð, dagsetta 16. nóvember 1971. Ráðuneytið kvað síðan upp úrskurð í máli þessu hinn 16. ágúst 1972. Þar kemst ráðuneytið að þeirri niðurstöðu, að miðað við aðstæður megi telja það óheimilt samkvæmt ákvæðum 95. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur að

leyfa byggingu hærri og stærri bifreiðageymslu en hámarksákvæði greinarinnar segja til um, þar sem vitað hafi verið, að bygging bifreiðageymslunnar yrði eiganda Gnitaness 8 til mikils óhagræðis. Þá telur ráðuneytið, að byggingarnefndin hefði ekki að óathuguðu máli átt að leyfa það, að bifreiðageymslan næði lengra inn í lóðina en skipulagsuppdráttur gerði ráð fyrir. Að lokum lítur það svo á, að með því að bifreiðageymslan sé ekki áföst húsinu, sé 4. gr. skipulagsskilmála ekki fullnægt. Niðurlag úrskurðar ráðuneytisins hljóðar svo:

„Með vísun til framanritaðs og ákvæða 14. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur vill ráðuneytið því hér með fella úr gildi byggingarleyfi hússins Gnitanes 10, er veitt var 14. maí 1970, að því er varðar bifreiðageymslu við húsið, og verði hin leyfða staðsetning hennar og stærð innan þeirra marka, sem leyfilegt má teljast og lýst hefur verið hér að framan. Breytingum þessum skal lokið innan sex mánaða frá dagsetningu þessa úrskurðar að telja".

Með ályktun byggingarnefndar Reykjavíkur 31. ágúst 1972 er ofangreindum úrskurði félagsmálaráðherra með öllu hafnað sem röngum, m. a. á þeim forsendum, að málskotsréttur skv. 2. mgr. 3. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur hafi verið löngu liðinn.

Hinn 16. júlí 1973 ritaði félagsmálaráðuneytið yfirsakadómaranum í Reykjavík bréf, þar sem það skýrir frá úrskurði sínum í máli þessu, en síðan segir svo í bréfinu:

„Byggingarnefnd Reykjavíkur hefur enn ekkert aðhafst til að framfylgja úrskurði ráðuneytisins, enda þótt ellefu mánuðir séu liðnir frá uppkvaðningu hans.

Jafnframt því að senda yður, herra yfirsakadómari, ljósmynd af umræddum úrskurði ráðuneytisins, vill ráðuneytið með hliðsjón af ákvæðum laga um byggingarmálefni Reykjavíkur, nr. 61, 31. október 1944, sbr. 6. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, hér með fara þess á leit við yður, að þér sjáið um, að þessum úrskurði ráðuneytisins verði framfylgt".

Málið var nú tekið til frumrannsóknar hjá rannsóknarlögreglu, aflað gagna, svo sem teikninga og mynda og skýrsla tekin af ákærða. Var málið síðan sent saksóknara ríkisins með bréfi sakadómsins, dagsettu 23. nóvember 1973. Með bréfi saksóknara til dómsins, dagsettu 8. maí 1974, var þess síðan krafist, að „fram fari í sakadómi Reykjavíkur rannsókn um það, hvort með byggingu bifreiðageymslu að Gnitanesi 10 hafi verið framið brot gegn

byggingarsamþykkt Reykjavíkur nr. 39/1965 og skipulagslögum nr. 19. 1964 af hálfu byggjenda geymslunnar og byggingarnefndar Reykjavíkur"

Var þá hafist handa um rannsókn málsins fyrir dómi. Með bréfum, dagsettum 3. júlí 1974, til Gests Ólafssonar arkitekts og Karls Ómars Jónssonar verkfræðings voru þeir kvaddir til að láta dóminum í té álitsgerð um umrædda bifreiðageymslu. Segir svo í bréfunum til þeirra:

„Er þess einkum óskað, að eftirtalin atriði komi þar fram: Lýsing á umræddri bifreiðageymslu. Hvort hún sé byggð í samræmi við samþykkta teikningu eða hvar sé út af brugðið. Hvort samþykkt teikning sé í ósamræmi við reglur byggingarsamþykktar og skipulagslaga og ef svo er, að hve miklu leyti. Einnig önnur atriði, sem matsmenn kynnu að telja skipta hér máli".

Frestur til að skila álitsgerð þessari var ákveðinn til 31. ágúst 1974, en hún barst dóminum ekki fyrr en 25. október 1974. Þykir hér rétt að rekja allítarlega efni hennar.

Í álitsgerðinni er gefin eftirfarandi lýsing á bifreiðageymslu við Gnitanes 10:

„Veggir bifreiðageymslunnar eru steyptir, en þak úr timbri, pappaklætt og hallar lítið eitt frá lóðarmörkum til suðurs. Utanmál geymslunnar eru: Lengd 8.20 m, breidd 4.00 m. Auk þess eru langveggir geymslunnar steyptir 80 cm framfyrir innkeyrsludyr bifreiðageymslunnar. Brúttó lofthæð geymslunnar er 2.70 m. Hér eru öll mál metin með 5 cm nákvæmni, eins og gert er ráð fyrir í íslenskum staðli ÍST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga. Í vestari enda bifreiðageymslunnar er geymsla, sem samkvæmt teikningu átti að nota að hluta fyrir kyndingu. Við höfum hæðarmælt frá fastmerki borgarkerfisins á gólf bifreiðageymslu og sannprófað, að hæð hennar er í samræmi við samþykktar teikningar. Að því er best verður séð, er stærð bifreiðageymslunnar í samræmi við samþykkta teikningu".

Þá segir svo í álitsgerðinni:

„Í 95. grein byggingarsamþykktar Reykjavíkur segir: „Bifreiðaskýli fyrir eina bifreið skal að jafnaði ekki stærra en 30 m^2 og lofthæð ekki meiri en 2.50 m". Hér er gert ráð fyrir, að átt sé við brúttómál.

Flatarmál bifreiðageymslunnar er $8.20 \times 4.00 = 32.8$ m^2 og lofthæð 2.70 m, eins og áður getur. Þessar tölur eru um 9% hærri en viðmiðunartölurnar í 95. grein. Varla verður með sanngirni ályktað annað en að byggingarnefnd Reykjavíkur hafi

heimild samkvæmt orðalagi byggingarsamþykktar Reykjavíkur til þess að heimila ofangreint frávik.

Í 18. grein reglugerðar um gerð skipulagsáætlana segir ennfremur: „Leyfa má þó á lóðamörkum útbyggingar, bílskúra og slíkt, enda sé hæð á mörkum eigi yfir þrír metrar".

Lóðin að Gnitanesi 8 er lítið eitt lægri en gólf bifreiðageymslu að nr. 10, en augljóst er, að fyrrgreint ákvæði reglugerðarinnar er uppfyllt".

Þá er vikið að skipulagi í Skildinganesi og afstöðu til skipulagslaga og reglugerða:

„Félagsmálaráðuneytið staðfesti skipulag Skildinganess í mælikvarða 1 : 2000 18. febrúar 1959. Þessu skipulagi var síðar breytt, og var breytingin staðfest í félagsmálaráðuneytinu 10. febrúar 1965.

Á grundvelli þessa skipulags, sem var einnig í mælikvarða 1:2000, var síðar gert deiliskipulag í mælikvarða 1 : 500. Það var samþykkt í skipulagsnefnd Reykjavíkur 25. janúar 1967, í borgarráði 14. febrúar 1967 og staðfest af skipulagsstjórn ríkisins 27. febrúar 1967.

Á skipulagsuppdrætti af Skildinganesi í mælikvarða 1 : 2000, sem staðfestur var í félagsmálaráðuneytinu 10. 2. 1965, er staðsetning húsa sýnd með dökkum reitum á hverri lóð. Víða er einnig gefið til kynna, hvar bifreiðaskýli skuli staðsett á lóðum, en svo er ekki á lóðum íbúðarhúsa við Gnitanes".

„Á þeirri útfærsluteikningu í m 1 : 500, sem borgarráð Reykjavíkur samþykkti 14. 2. 1967 og skipulagsstjórn ríkisins staðfesti 27. febr. 1967, er hins vegar sýndur byggingarreitur á lóðinni Gnitanes 10, sem má vera allt að 20.00 m sinnum 13.00 m að stærð. Auk þess er sýndur á lóðinni 4 m breiður reitur fyrir bifreiðageymslu í norðurmörkum lóðarinnar og eitt bifreiðastæði milli hennar og Gnitaness. Fjarlægð byggingarreits bifreiðageymslunnar frá Gnitanesi er ekki málsett og ekki heldur lengd reitsins.

Við meðferð skipulagstillagna samkvæmt 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 geta þolendur skipulags ekki kynnt sér og gert athugasemdir við skipulagstillögur. Til móts við þetta virðist koma bótaskylda sveitarstjórnar, sbr. 19. gr., 4. mgr., ofangreindra skipulagslaga, vegna tjóns, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir.

Eftir ofangreindu skipulagi í m 1 : 500 gerði mælingardeild borgarinnar svokallað mæliblað, þar sem að stærð lóðar og bygg-

ingarreitsins er sýnd ásamt staðsetningu bifreiðageymslu og bifreiðastæðis við norðurmörk lóðarinnar. Lengd bifreiðastæðisins og byggingarreits bifreiðageymslunnar eru ómálsett, en önnur mál eru í samræmi við deiliskipulagið. Ennfremur eru sýndir hæðarkótar lóðar við götu og lágmarkshæð á gólfi".

„Hugtakið byggingarreitur er ekki notað í skipulagslögum eða reglugerðum, en þeir hafa verið notaðir um árabil hér á landi til þess að ákveða fjarlægð milli húsa og frá lóðamörkum og gefa þannig hlutaðeigandi aðilum til kynna, hvar mannvirki kunni að geta risið.

Í ofannefndum greinum er skipulagsaðila gert að skyldu m. a. að kveða á um fjarlægð á milli húsa og frá lóðamörkum. Lítum við þannig á, að með því að teikna byggingarreit bifreiðageymslu á skipulagsuppdrátt sé verið að fullnægja ofangreindu ákvæði. Jafnvel þótt byggingarreitur bifreiðageymslunnar sé ekki málsettur nema á einn veg, má engu að síður mæla staðsetningu hans og fjarlægð frá öðrum mannvirkjum með ákveðnu hámarks fráviki".

Í niðurstöðum álitsgerðarinnar segir m. a. á þessa leið:

„Eins og fram kemur hér að framan, höfum við komizt að þeirri niðurstöðu, að bifreiðageymslan sé byggð samkvæmt samþykktum teikningum. Ennfremur álítum við, að byggingarnefnd hafi haft heimild til þess að víkja frá viðmiðunartölum í 95. grein byggingarsamþykktarinnar um stærð og hæð bifreiðageymslunnar.

Staðsetning bifreiðageymslunnar orkar aftur á móti tvímælis. Augljóst er, að hún nær um 2.5 m lengra til vesturs en reitur sá á mæliblaði, sem henni er ætlaður. Lengd reitsins er hins vegar ekki málsett né fjarlægð hans frá götu, og taldi byggingarnefnd sig þess vegna ekki bundna af slíkum byggingarreit.

Réttur hlutaðeigandi aðila, sem ákveðinn er með skipulagi, er mjög margþættur, en ekki verður séð, að réttur til sólarljóss eða útsýnis sé beinlínis tryggður með íslenskum skipulagslögum eða byggingarsamþykkt Reykjavíkur, ef frá er talin 13. grein skipulagslaganna. Í þeirri grein er kveðið á um, að „í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss", en erfitt er að sýna fram á, að svo sé ekki við Gnitanes 8.

Með lengingu bifreiðageymslunnar til vesturs í línu c–c á hjálögðu mæliblaði umfram þann byggingarreit, sem henni var markaður á staðfestum skipulagsuppdrætti í mælikvarða 1 : 500,

er útsýni frá húsinu Gnitanesi 8 til suðvesturs skert óverulega miðað við þann rétt til útsýnis, sem ákvarðaður hefði verið með byggingarreit hússins Gnitanes 10 (sjá línu b–b á hjálögðu mæliblaði)".

Í framhaldi þessa er rétt að rekja hér það, sem máli þykir skipta úr framburðum þeirra aðilja, sem kallaðir voru fyrir dóm í málinu.

Páll Líndal, borgarlögmaður og starfandi formaður byggingarnefndar Reykjavíkur, minntist ekki sérstaklega ákveðinna umræðna í sambandi við afgreiðslu umrædds byggingarleyfis fyrir Gnitanes 10, nema að því er tekur til kyndiklefa í bifreiðageymslunni. Á umsókn um byggingarleyfi hafi verið áritуð athugasemd fulltrúa eldvarnareftirlits, Gunnars Ólafssonar, með kröfu um, að kyndiklefi væri sér í eldtraustum klefa og ekki væri innangengt úr húsinu í bifreiðageymslu.

Hann var spurður að því, hvort ekki séu sérstaklega tekin til umræðu tilvik, þar sem um sé að ræða umsóknir um frávik frá ákvæðum eða leiðbeiningareglum byggingarsamþykktar. Sagði hann, að þetta kæmi ætíð til umræðu, ef ábendingar um það lægju fyrir frá þeim embættismönnum, sem undirbúa fundi, og oftast einnig, án þess að slíkar ábendingar liggi fyrir. Hann segir, að byggingarnefnd líti á ákvæði byggingarsamþykktar sem leiðbeiningarreglur og sé henni heimilt að víkja frá hámarksákvæðum þar í samræmi við mat á aðstæðum. Að jafnaði fari slík frávik ekki yfir 10%, en í sérstökum tilvikum geti frávik verið meira. Hann segir ýmis atriði koma til greina við mat á slíku, t. d. tillit til nærstaddra bygginga, landhalla, gerð húss, sem um er sótt, o. fl. Hann segir, að sjónarmið nágranna séu hugleidd, en yfirleitt ekki eftir þeim leitað. Hann var spurður að því, hvort sérstök athugun hafi farið fram um sjónarmið nágranna Gnitaness 10, og kveðst hann ekkert muna um það.

Páll var spurður að því, hvaða sérstök ástæða hafi mælt með fráviki frá reglum byggingarsamþykktar að því er varðaði bygginguGnitaness 10. Hann áréttaði, að hann myndi ekki sérstaklega eftir umræðum um málið í byggingarnefnd, en telur, að hér hafi legið til grundvallar einhver þau atriði, er hann nefndi áður.

Hann var spurður að því, hvort byggingarnefnd teldi sig bundna af ákvæðum greinargerðar með skipulagsuppdráttum. Hann sagði svo vera. Hann var spurður um túlkun á 4. gr. greinargerðar með skipulagsuppdrætti staðfestum 27. febrúar 1967. Hann telur, að byggingarnefnd hafi haldið sig innan marka skipu-

lags með leyfi fyrir Gnitanesi 10 14. maí 1970. Hann segir, að á uppdrættinum sé sýndur byggingarreitur, en innan hans eigi byggingin að vera, enda sé hann málsettur. Hann telur stærð bílskúrs á uppdrætti ekki vera bindandi fyrir byggingarnefnd, þar sem lengd hans sé ekki málsett. Hann telur það ekki brot á skipulagsuppdrætti, þótt hús sé ekki sambyggt bílskúr, og sé það álit sitt, að samkvæmt uppdrættinum sé nægilegt, að hús og bílskúr séu tengd með einhverjum hætti.

Hann er spurður að því, hvort það sé ekki rúm túlkun á 4. gr. greinargerðar með skipulagsuppdrætti að heimila staðsetningu bílskúrs svo, að hann sé ekki sambyggður íbúðarhúsi. Telur hann þetta fyllilega heimilt og fremur til hagræðis fyrir nágranna heldur en vera mundi, ef húsið væri sambyggt bílskúrnum. Hann segir aðspurður, að hér hafi ekki komið neitt til álita, hvort nágrannahús væri svipt sólarbirtu, og telur hann fráleitt, að hús í þeirri hæð, sem hér um ræðir, valdi birtuskerðingu, sem varði við skipulagslög.

Byggingarnefndarmennirnir Þorvaldur Kristmundsson og Gústaf Elí Pálsson skýrðu frá í meginatriðum á sama veg og Páll Líndal. Einnig kom fyrir dóm Aðalsteinn Magnús Stefánsson Richter, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar. Minntist hann þess, að þegar málið var í undirbúningi fyrir fund byggingarnefndar, hafi það komið til umræðu milli sín og skrifstofustjóra byggingarfulltrúa, og jafnvel einnig byggingarfulltrúa, að því er varðar staðsetningu, stærð og hæð bílskúrs. Þessi atriði hafi komið til athugunar, þegar borinn var saman skipulagsuppdráttur frá 1967 og fyrirliggjandi uppdráttur af nefndu húsi. Samkvæmt uppdrætti af húsinu var bílskúr færður fjær götu og lengdur til vesturs frá því, sem skipulagsuppdráttur frá 1967 gefur til kynna. Byggingarreitur bílskúrsins sé hins vegar ekki málsettur, en slíkir reitir séu ekki taldir bindandi. Skipulagsyfirvöld hafi ekki túlkað skipulagslög og reglugerð á þann hátt, að lögun hússins sé bundin að öllu leyti á skipulagsuppdrætti, því með því væru hendur arkitekta um of bundnar. Hann segir, að heildarreitur hússins sé málsettur á skipulagsuppdrætti og byggingarreitur bílskúrs sé að sínu áliti innan þess hreyfanleika, sem arkitekt sé heimilt að vinna í. Hann segir, að lengd bílskúrsins, sem leyfð var, hafi ekki verið meiri en leyft var á árunum þar áður. Lengdin í þessu tilviki hafi einkum helgast af því, að gert var ráð fyrir kyndiklefa í bílskúr, en eigandi hússins hafi talið sér hagkvæmt að hafa hann þar, vegna þess að hitaveita hafi verið væntanleg. Við

meðferð málsins hafi ekki verið talið, að lenging bílskúrsins rækist á hagsmuni húss nr. 8, enda ekkert hús vestan við það hús.

Að því er varðar 4. grein greinargerðar á skipulagsuppdrætti um staðsetningu bílskúrs segir hann það ákveðna skoðun sína, að staðsetning bílskúrs við Gnitanes 10 sé innan þeirra möguleika til hreyfanleika, sem arkitekt hafi. Hann tekur fram, að hæðarafsetningu og hæð hússins Gnitaness 10 sé mjög í hóf stillt og sé gólfplata 10 cm lægri en leyfilegt sé samkvæmt skipulagi og mesta hæð 3.50 m miðað við gólfflöt, en hæsti kvóti er 9.40, en hæsti kvóti á húsi nr. 8 ca 10.35. Hæðarkvóti gólfs í bílskúr nr. 10 er 5.85 skv. skipulagsuppdrætti og einnig samkvæmt teikningu. Leyfilegt sé að hækka bílskúrskvóta um 15 cm skv. 3. gr. greinargerðar á skipulagsuppdrætti frá 1967. Samkvæmt uppdrætti sé hæð frá gólfi að neðri brún lofts 2.30 og 40 cm til viðbótar upp á efri brún veggjar við lóðarmörk. Miðað við það, að gólfkvóti megi vera 15 cm hærri skv. skipulagsuppdrætti, sé hæð bílskúrsveggs frá slíkri gólfplötu aðeins 5 cm umfram 2.50 m. Þessi 5 cm viðbót sé algert lágmark til að verja nágrannalóð vatni af bílskúrsþakinu. Á þessum forsendum hafi hann samþykkt umrædda hæð bílskúrsins.

Hæð á bílskúrsvegg miðað við lóð húss nr. 8 sé nokkuð meiri. Að því er varðar sólarbirtu fyrir hús nr. 8 taldi hann, að umræddur veggur sé innan marka skipulagslaga um þetta efni, en þau séu mjög teygjanleg, en hann telur, að vesturhlið hússins nr. 8 sé höfuðsólarhlið þess og þar sé ekkert, sem skyggi á.

Zophonías Pálsson, skipulagsstjóri ríkisins, á stöðu sinni samkvæmt rétt til setu á fundum byggingarnefndar. Hann var hins vegar ekki viðstaddur afgreiðslu títtnefnds byggingarleyfis fyrir Gnitanes 10. Vegna umfjöllunar félagsmálaráðuneytisins skrifaði hann að beiðni Hallgríms Dalbergs ráðuneytisstjóra minnispunkta, óundirritaða, hinn 9. og 13. desember 1971. Liggja þeir frammi í dóminum, og hefur Zophonías staðfest fyrir dóminum að hafa ritað þá. Í þessum minnispunktum kemst hann m. a. að þeirri niðurstöðu, að miðað við aðstæður sé hæð og stærð bifreiðageymslunnar að Gnitanesi 10 of mikil og sé það andstætt venjum byggingarnefndar að leyfa slíka byggingu. Einnig hefði byggingarnefnd ekki átt að leyfa lengingu bílskúrsins til vesturs og hefði verið eðlilegt, að hún frestaði afgreiðslu leyfisins til frekari athugunar.

Fyrir dómi skýrði Zophonías Pálsson svo frá, að byggingarnefnd telji sér að jafnaði heimilt að víkja nokkuð frá ákvæðum

byggingarsamþykktar um hæð og stærð bílskúra. Venja hafi hins vegar verið að leyfa ekki hækkun eða stækkun, nema það væri nágrönnum að meinalausu. Ef um sérstök vafatilvik hefur verið að ræða, hefur málinu verið frestað og nefndarmenn beðnir að fara á staðinn til að athuga staðhætti. Þá segir hann, að mjög óvenjulegt hafi verið og nánast ekki þekkst, að leyfð væri bæði hækkun bílskúrs og stækkun miðað við ákvæði byggingarsamþykktar, nema öruggt væri, að það væri nágrönnum ekki til baga. Hafi verið leyfður stærri bílskúr en 30 m², t. d. allt að 10 metra langir, hafi jafnframt verið reynt að gæta þess, að þeir yrðu lægri, það er að gólfkvóti yrði lækkaður. Þá segir hann, að í nokkrum tilvikum, þegar vafi hefur þótt leika á um hagsmuni nágranna, hafi verið leitað eftir skriflegu samþykki þeirra. Hann telur víst, að hefðu byggingarnefndarmenn farið að Gnitanesi 10 og skoðað þar aðstæður, áður en bílskúrsbyggingarleyfi var veitt, hefðu þeir ekki veitt leyfi til bílskúrsbyggingarinnar í þeirri mynd, er hann var byggður, sé miðað við þær venjur, sem nefndin hefur haft í þau 18—19 ár, sem hann hefur setið í nefndinni.

Að því er varðar byggingarreit á skipulagsuppdrætti telur hann, að að öllu jöfnu eigi að fara eftir slíkum byggingarreitum, hvort sem þeir séu málsettir eða ekki, en einungis megi víkja frá þeim, að ljóst sé, að ekki sé gengið á hagsmuni nágranna, eða fyrir liggi samþykki þeirra nágranna, sem byggingarnefnd telur, að eigi hagsmuna að gæta. Telur hann, að lenging bílskúrs að Gnitanesi 10 inn í lóðina sé þess eðlis, að kanna hefði átt sjónarmið og hagsmuni eiganda nágrannalóðar.

Að því er varðar bil á milli húss og bílskúrs að Gnitanesi 10 telur hann, að um sé að ræða frávik, sem fremur sé til hagsbóta fyrir eiganda húss nr. 8. Um sé að ræða nokkurs konar tengingu milli bílskúrsins og hússins með bitum og megi vera, að þetta hafi leitt til þess, að bílskúrinn varð svo hár, sem raun bar vitni. Hann telur, að teikning að Gnitanesi 10 hafi verið með fyrstu teikningum, sem byggingarnefnd hafi samþykkt eftir viðkomandi arkitekt. Nú séu ákvæði í byggingarsamþykkt Reykjavíkur um eins árs starfsreynslu arkitekta, áður en þeir mega leggja teikningar fyrir byggingarnefnd, en líklega hafi þetta ákvæði ekki verið komið í gildi 1970.

Hann tók fram, að ákvæði í greinargerð með skipulagsuppdrætti um staðsetningu bílskúrs sé til þess ætlað að stuðla að góðum heildarsvip hverfisins, þannig að bílskúr skeri sig ekki úr.

Aðspurður kvaðst Zophonías telja, að bílskúr á lóðamörkum

Gnitaness 8 og 10 skerði sólarbirtu á fyrrnefnda húsið meira en efni standa til, ef fylgt hefði verið ákvæðum um hæð og stærð, og taldi eðlilegt, að byggingarnefnd hefði krafist lækkunar á bílskúrnum frá hámarksákvæðum með tilliti til þess, að þarna var fyrir hús, sem taka varð tillit til, í aðeins þriggja og hálfs metra fjarlægð. Hann segir, að fordæmi fyrir slíkri minnkun bílskúra frá hámarksákvæðum byggingarsamþykktar séu allmörg og hafi nefndin heimild til að beita slíkum frávikum, þegar þannig stendur á.

Ingimundur Sveinsson arkitekt teiknaði húsið Gnitanes 10, en hann er tengdasonur ákærða. Fyrir dómi hefur hann skýrt svo frá, að ekki hafi sérstaklega komið til umræðu milli sín og byggingaryfirvalda staðsetning bílskúrs við umrætt hús. Bílskúr sé á lóðamörkum, eins og hann sé sýndur á skipulagsuppdrætti, og íbúðarhúsið sé innan þess byggingarreits, sem því er ætlaður í uppdrætti og mæliblaði, en þó fært til suðurs, fjær húsinu nr. 8 en heimilt hefði verið að hafa það og hljóti það að vera til hagsbóta fyrir eiganda húss nr. 8. Að því er varðar fjarlægð bílskúrs frá götu og lengd til vesturs segir hann, að reitur bílskúrsins á skipulagsuppdrætti hafi ekki verið málsettur og venja sé að líta á slíka reiti sem leiðbeinandi, en ekki bindandi. Engin athugasemd hafi komið frá byggingaryfirvöldum varðandi þetta atriði. Hann telur hagsmuni nágranna ekki fyrir borð borna með byggingu bílskúrsins á lóðamörkunum, en svo hefði miklu fremur verið, ef húsið hefði staðið á mörkum byggingarreits í norðri og vestri, eins og heimilt var. Hann segir, að þessi mál hafi ekki komið til umræðu milli sín og eiganda hússins nr. 8.

Að því er varðar hæð umræddS bílskúrs, telur hann hana ekki brjóta í bága við ákvæði byggingarsamþykktar. Hann segir, að gólfplata sé 20 cm lægri en heimilt sé að hafa hana skv. mæliblöðum, en hefði sú heimild verið notuð og þakhæð væri 2.50, hefði hæðin verið svipuð og nú er. Þá segir hann, að byggingarsamþykkt tali um lofthæð og séu áhöld um, hvort eigi að túlka það svo, að það sé hæð undir loft eða ofan á þak. Sé hæð bílskúrs borin saman við gólfhæð húss nr. 8, sé þakhæð bílskúrsins við hús nr. 10 töluvert fyrir neðan 2.50 m.

Dr. Bjarni Jónsson læknir, Gnitanesi 8, hefur fyrir dóminum skýrt svo frá, að honum hafi orðið kunnugt um fyrirhugaða byggingu á lóð nr. 10, þegar byrjað var að vinna þar á lóð. Síðan hafi byggingunni þokað áfram og hafi þau hjón séð, að hár bílskúrsveggur reis upp á lóðamörkum. Þau hafi ekkert aðhafst í fyrstu.

en fljótlega hafi komið fram álit ýmissa manna, sem komu í hús þeirra, m. a. byggingamanna, að þessi bygging væri ekki í samræmi við reglur. Hann ræddi þá við Einar Sveinsson, sem kom og leit á húsið, og taldi hann hæð bílskúrsins brjóta í bága við ákvæði byggingarsamþykktar og staðsetningu hans og brjóta í bága við ákvæði á skipulagsuppdrætti.

Hann segir, að mjóar svalir séu með suðurhlið og vesturhlið húss síns. Sá hluti þeirra, sem liggur við suðurhlið, hafi áður en hús nr. 10 var byggt, verið mjög sólríkur og mikið notaður af heimilisfólkinu til sólbaða, enda sé þar skjólgott. Síðan bílskúrinn reis á lóðamörkunum njóti ekki sólar á þessum hluta svalanna nema að mjög takmörkuðu leyti. Hann mótmælir því, sem fram kom í framburði skipulagsstjóra borgarinnar, að vesturhlið sé aðalsólarhlið húss síns, og bendir á, að mjög vindasamt sé við þá hlið, en hún snýr að sjó. 3 gluggar eru á suðurhlið hússins, þ. e. gluggar á tveimur herbergjum barna hans svo og gluggi á stofu, þar sem hann hefur skrifborð sitt. Hann segir, að síðan bílskúr húss nr. 10 hafi risið, hafi gluggatjöld verið dregin fyrir í tveimur af þessum herbergjum. Kveður hann það mjög leiðinlega sjón að sjá hinn gráa múr rísa í slíkri hæð í um það bil þriggja og hálfs metra fjarlægð frá þeim glugga á húsi sínu, sem er styst frá.

Ákærði hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að honum sé ekki kunnugt um, að til umræðu eða álita hafi komið, þegar umsókn hans um byggingarleyfi fyrir Gnitanesi 10 hafi verið til meðferðar hjá borgaryfirvöldum, að bygging bílskúrs kynni að vera á mörkum þess, sem leyfilegt væri skv. byggingarsamþykkt eða skipulagi. Honum sé ekki kunnugt um, að athugasemdir eða breytingar hafi verið gerðar á hugmyndun arkitekts við meðferð málsins í byggingarnefnd. Hann segir og, að af sinni hálfu hafi ekki komið til umræðu hagsmunir eða sjónarmið eigenda Gnitaness 8, áður en ráðist var í byggingu húss hans, né hafi hann leitað eftir sjónarmiðum þeirra.

Ákærði tók fram, að starfsmönnum múrarameistara hafi af hálfu eigenda Gnitaness 8 verið meinað að ganga frá járni á þeirri hlið bifreiðageymslu, sem snýr að lóð þeirra, en þarna standa járn út úr veggnum, sem hann telur geti verið hættuleg fyrir börn að leik.

Ákærði tók fram, að hann hafi engin afskipti haft af byggingu hússins eftir að teikning var samþykkt, heldur hafi húsameistari ásamt arkitekt algerlega séð um hana.

Að lokinni framangreindri dómsrannsókn var málið á ný sent ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 9. janúar 1975. Hann sendi málið síðan til baka með ákæruskjali, dagsettu 10. apríl 1975. Var málið þingfest hinn 10. júní 1975 og dróst þingfesting m. a. vegna fjarvistar ákærða í útlöndum.

Með bréfum, dagsettum 5. ágúst 1975, kvaddi dómsformaður þá Gísla Jónsson prófessor og Daða Ágústsson rafmagnstæknifræðing til að láta dóminum í té álitsgerð varðandi sól og birtu á hús nr. 8 við Gnitanes og þá einkum á þá hlið þess, er snýr að bílskúrsvegg Gnitaness 10. Segir svo m. a. í bréfunum: „Er þess óskað að látið verði í ljós álit á því, hvort framangreind hlið hússins nr. 8 sé aðalsólarhlið þess, að athugað verði birtumagn á þessari hlið, bæði á glugga hennar og verönd við hana. Hvort matsmenn telji, að bílskúrsveggur húss nr. 10 standi í vegi fyrir fullnægjandi sólarbirtu á þessa hlið. Einnig hvaða breytingar yrðu hér á, ef bílskúr yrði lækkaður um 20 cm og styttur til vesturs um 2.50 m. Auk framangreindra atriða er óskað álits skoðunarmanna um öll önnur atriði varðandi þetta efni, sem þeir telja máli skipti".

Frestur til að skila álitsgerð þessari var ákveðinn til 10. september 1975. Mjög verulega dróst, að henni væri skilað þrátt fyrir ítrekaða eftirgangsemi dómsformanns, og barst hún fyrst hinn 13. febrúar sl.

Í álitsgerðinni segir svo um það, hver sé aðalsólarhlið Gnitaness 8:

„Í 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 segir, að í reglugerð um gerð skipulagsuppdrátta, sem ráðherra skal setja, skuli m. a. kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, og segir síðan orðrétt: „og skal í því efni við það miðað að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss".

Við gerð skipulagsuppdrátta liggja ekki fyrir teikningar af þeim húsum, sem byggð verða, en hins vegar hvernig þau snúa við höfuðáttum. Engu að síður ber skv. fyrrnefndu lagaákvæði að taka tillit til „aðalsólarhliðar húss". Með hliðsjón af þessu er það skoðun undirritaðra, að með aðalsólarhlið húss sé í umræddum lögum átt við þá hlið, sem mest nýtur sólar, óháð því, hvernig hún er gerð. Sú hlið húss nr. 8, sem snýr að bílskúrsvegg hússins nr. 10 og snýr í átt, sem er 4.75° vestan við suður, ber því að telja aðalsólarhlið hússins".

Um dagsbirtu segir svo:

„Dagsbirtustuðull ákveðins staðar inni í húsi er hlutfallið milli

birtu á þeim stað og birtu úti, þar sem sést til alls himinhvolfsins. Er í báðum tilvikum miðað við birtu á láréttum fleti.

Þar eð stærðfræðilegir útreikningar á dagsbirtustuðlum eru mjög flóknir, er við ákvörðun þeirra almennt stuðst við til þess gerð línurit, en þeirri aðferð fylgir viss ónákvæmni.

Athugaðir hafa verið dagsbirtustuðlar fyrir herbergin í húsinu nr. 8, sem hafa glugga á suðurhlið, annars vegar í því tilviki, að bílgeymslan við húsið nr. 10 sé óbreytt, og hins vegar í því tilviki, að hún sé lækkuð um 20 cm og stytt um 2.5 m til vesturs. Mismunur fundinna gilda reyndist svo hverfandi, að þegar tekið er tillit til þeirrar nákvæmni, sem ákvörðun stuðlanna er háð, með notkun áðurnefndra línurita, verður að telja, að þeir hafi mjög takmarkað gildi.

Á það má hins vegar benda, að það hvort bílskúrsveggurinn verði í ljósum eða dökkum lit, hafi meiri áhrif á dagsbirtu í húsinu nr. 8 heldur en það hvort bílskúrsveggurinn lækkar um 20 cm og styttist um 2.5 m eða er óbreyttur.

Að lokum er talið rétt að vekja á því athygli, að hér á landi mun ekki vera til nein ákvæði í lögum eða reglugerðum um það, hvað dagsbirtustuðull í íbúðarhúsnæði þurfi að vera, til þess að dagsbirtan sé talin fullnægjandi".

Þá er vikið að áhrifum bílskúrsveggjarins á nýtingu sólar fyrir Gnitanes 8, og segir þar í upphafi:

„Beðið er um álitsgerð um það, hvort „bílskúrsveggur húss nr. 10 standi í vegi fyrir fullnægjandi sólarbirtu". Undirrituðum er ekki kunnugt um, að til sé neinn einhlítur mælikvarði á það, hvað telja megi fullnægjandi sólarbirtu. Því var leitast við að setja fram talnalegan samanburð á nýtingu sólar í þremur mismunandi tilvikum, þ. e.:

Tilvik A: Bílgeymsla við hús nr. 10 óbreytt.
Tilvik B: Bílgeymsla við hús nr. 10 20 cm lægri og 2.5 m styttri til vesturs en hún er í dag.
Tilvik C: Engin bílgeymsla við hús nr. 10.

Áhrif bílskúrs við húsið nr. 10 hefur einungis áhrif á birtu og sólu á suðurhlið hússins nr. 8. Athugunin beinist því einungis að þeirri hlið.

Athuguninni á nýtingu sólar er skipt í 5 megin þætti, þ. e. nýting sólar á svölum, nýting sólar á þeim þremur gluggum, sem á suðurhliðinni eru, þ. e. vesturglugga, miðglugga og austurglugga,

og að lokum athugun á því, hvort mænir hússins nr. 10 sé skuggamyndandi einhvern hluta ársins, þegar sólin er lægst á lofti".

Þá skýra matsmenn frá forsendum útreikninga og reikniaðferðum sínum. Kemur þar fram, að ekki er tekið tillit til ljósbrots í gufuhvolfinu, en þess gæti einungis, þegar sól er lægst á lofti. Ekki sé tekið tillit til skuggamyndunar þakskeggs húss nr. 8. Gengið sé út frá því, að ekki valdi annað takmörkun sólar á hús nr. 8 en hús nr. 10 og bílgeymslan við það hús. Ekki sé tekið tillit til veðurfarslegra áhrifa á skerðingu sólar. Þá segir, að ekki hafi reynst vera til í landinu línurit yfir gang sólar hina ýmsu daga ársins. Hafi því orðið að reikna þau út.

Um framkvæmdar mælingar sínar segja matsmenn:

„Þann 10. janúar 1976 gerðu undirritaðir ýtarlegar mælingar á suðurhlið hússins nr. 8. Voru m. a. mæld ljósop glugga og staðsetning þeirra.

Þann 13. janúar 1976 gerði annar undirritaðra athugun á því, klukkan hvað stefna sólar væri hornrétt á suðurvegg hússins nr. 8. Reyndist það vera kl. 13:55. Hádegi þann dag var kl. 13:36. Samkvæmt þessum athugunum hefur normall veggjarins stefnu, sem er 4.75° vestan við hásuður.

Samkvæmt beiðni undirritaðra framkvæmdi mælingadeild borgarverkfræðingsins í Reykjavík nokkrar hæðarmælingar og mælingar á fjarlægð frá bílskúrsvegg hússins nr. 10 og að húsi nr. 8. Mælingarblaðið fylgir skýrslu þessari, merkt nr. 4—8. Samkvæmt þessum mælingum er hæðarkóti svalagólfs 6.29 m og efri brúnar bílskúrsveggjar við hús nr. 10 8.55 m. Hæðarmunurinn er 2.26 m".

Þessu næst rekja þeir heildarniðurstöður sínar, og þykir hér rétt að taka þær upp í heild:

„Verða nú raktar niðurstöður útreikninganna og tekinn fyrir sérstaklega hver flötur fyrir sig. Innan sviga er tímalengdin sett í hundraðshlutum. Valin hefur verið sú leið að setja tímalengdina í tilviki B 100%. Vakin skal athygli á því, að klukkustundir eru í skýrslu þessari táknaðar með alþjóðlega tákninu h.

Þegar um er að ræða tímabil, sem skipta dögum, eru báðir dagar meðtaldir:

4.4.1 Svalir.

4.4.1.1. Tímabil árs, þegar nýtur óskertrar sólar.
Tilvik A: 05.04—06.09, þ. e. 155 dagar (92.8%)
Tilvik B: 30.03—12.09, þ. e. 167 dagar (100.0%)
Tilvik C: 08.03—05.10, þ. e. 212 dagar (126.9%)

Dagamunurinn milli tilvika A og B stafar einungis af hæðarmismun bílskúrsveggjarins, en lengdarmunurinn hefur engin áhrif.

4.4.1.2 Vorjafndægur, 20. 03. 76.
Tímar dagsins, þegar nýtur óskertrar sólar:
Tilvik A: 7:56—9:11 og 17:31-sólarlags kl. 19:35.
Samtals 3.32 h (70.3%).
Tilvik B: 7:56—9:59 og 16:55-sólarlags kl. 19:35.
Samtals 4.72 h (100.0%).
Tilvik C: 7:56-sólarlags kl. 19:35.
Samtals 11.65 h (246.8%).

4.4.1.3 Haustjafndægur, 22. 09. 76.
Tímar dagsins, þegar nýtur óskertrar sólar:
Tilvik A: 7:41—8:56 og 17:15-sólarlags kl. 19:20.
Samtals 3.33 h (67.0%).
Tilvik B: 7:41—9:59 og 16:40-sólarlags kl. 19:20.
Samtals 4.97 h (100.0%).
Tilvik C: 7:41-sólarlags kl. 19:20.
Samtals 11.65 h (234.4%).

Ekki er talin þörf á því að athuga skerðingu sólar á svalirnar vetrartímann milli jafndægra, þar eð svalir eru ekki notaðar til að njóta sólar þann tíma ársins.

4.4.2 Vesturgluggi.

4.4.2.1 Tímabil árs, þegar nýtur ósketrar sólar.
Tilvik A: 06.03—07.10, þ. e. 216 dagar (97.3%).
Tilvik B: 03.03—10.10, þ. e. 222 dagar (100.0%).
Tilvik C: 18.02—23.10, þ. e. 249 dagar (112.2%).

Dagamunurinn milli tilvika A og B stafar einungis af hæðarmismuni bílskúrsveggjarins, en lengdarmunurinn hefur engin áhrif.

4.4.2.2 Tímabil árs, þegar bílgeymslan hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar.

Tímabilið 07.11—03.02, þ. e. 89 daga, er íbúðarhúsið nr. 10 afgerandi um nýtingu ósketrar sólar á gluggann. Af hvorri gerðinni bílskúrinn er, tilvik A eða B, hefur því ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar þetta tímabil.

Í upphafi og lok tímabilsins nýtur ósketrar sólar:
07.11 : 15:55-sólarlags kl. 16:41.
03.02 : 16:26-sólarlags kl. 16:41.

4.4.2.3 Óskert sól þann 11. 02. 76.
Tilvik A: 13:47—15:37 og 16:23-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 3.05 h (72.6%).
Tilvik B: 12:38—15:37 og 16:23-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 4.20 h (100.0%).
Tilvik C: Sólarupprás kl. 9:48—10:24.
11:24—15:37 og 16:23-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 6.03 h (143.6%).

4.4.2.4 Óskert sól þann 01. 03. 76.
Tilvik A: Sólarupprás kl. 8:42—9:31 og 10:30-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 8.95 h (93.4%).
Tilvik B: Sólarupprás kl. 8:42—9:31 og 9:52-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.58 h (100.0%).
Tilvik C: Sólarupprás kl. 8:42-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.93 h (103.7%).

4.4.3 Miðgluggi.

4.4.3.1 Tímabil árs, þegar nýtur óskertrar sólar.
Tilvik A: 02.03—10.10, þ. e. 223 dagar (97.4%).
Tilvik B: 28.02—13.10, þ. e. 229 dagar (100.0%).
Tilvik C: 22.02—20.10, þ. e. 242 dagar (105.7%).
Dagamunurinn milli tilvika A og B stafar einungis af hæðarmismuni bílskúrsveggjarins, en lengdarmunurinn hefur engin áhrif.

4.4.3.2 Tímabil árs, þegar bílgeymslan hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar.
Tímabilið 03.11—07.02, þ. e. í 97 daga, er íbúðarhúsið nr. 10 afgerandi um nýtingu óskertrar sólar á gluggann. Af hvorri gerðinni bílskúrinn er, tilvik A eða B, hefur því ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar þetta tímabil.
Í upphafi og lok tímabilsins nýtur óskertrar sólar:
03.11 : 16:35-sólarlags kl. 16:51.
07.02 : 17:05-sólarlags kl. 16:51.

4.4.3.3 Óskert sól þann 11. 02. 76.
Tilvik A: Sólarupprás kl. 9:48—10:01 og 17:04-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 0.75 h (55.6%).

Tilvik B: Sólarupprás kl. 9:48—10:01, 15:01—15:37 og 17:04-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 1.35 h (100.0%).
Tilvik C: Sólarupprás kl. 9:48—10:58, 11:24—15:37 og 17:04-sólarlags kl. 17:36.
Samtals 5.92 h (438.5%).

4.4.3.4 Óskert sól þann 01. 03. 76.
Tilvik A: Sólarupprás kl. 8:42—10:09, 10:30—15:45 og 15:54-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.43 h (95.0%).
Tilvik B: Sólarupprás kl. 8:42-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.93 h (100.0%).
Tilvik C: Sólarupprás kl. 8:42-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.93 h (100.0%).

4.4.4 Austurgluggi.

4.4.4.1 Tímabil árs, þegar nýtur óskertrar sólar.
Tilvik A: 19.03—23.09, þ. e. 189 dagar (95.5%)
Tilvik B: 15.03—28.09, þ. e. 198 dagar (100.0%)
Tilvik C: 03.03—09.10, þ. e. 221 dagur (111.6%).
Dagamunurinn milli tilvika A og B stafar bæði af hæðarmismuni og lengdarmismuni bílskúrsveggjar.

4.4.4.2 Tímabil árs, þegar bílgeymslan hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar.
Tímabilið 21. 10—21. 02, þ. e. í 124 daga, er íbúðarhúsið nr. 10 afgerandi um nýtingu óskertrar sólar á gluggann. Af hvorri gerðinni bílskúrinn er, tilvik A eða B, hefur því ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar þetta tímabil.
Í upphafi og lok tímabils nýtur óskertrar sólar:
21.10 : Sólarupprás kl. 8:45—11:09
21.02 : Sólarupprás kl. 9:14—11:39.

4.4.4.3 Óskert sól þann 11. 02. 76.
Tilvik A: Sólarupprás kl. 9:48—11:36.
Samtals 1.80 h (100.0%).
Tilvik B: Sólarupprás kl. 9:48—11:36.
Samtals 1.80 h (100.0%).
Tilvik C: Sólarupprás kl. 9:48—15:05.
Samtals 5.28 h (293.3%).

4.4.4.4 Óskert sól þann 01. 03. 76.

Tilvik A: Sólarupprás kl. 8:42—11:40 og 18:23-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 3.22 h (64.8%).

Tilvik B: Sólarupprás kl. 8:42—11:40, 12:09—13:32 og 18:01-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 4.97 h (100.0%).

Tilvik C: Sólarupprás kl. 8:42—17:35 og 17:52-sólarlags kl. 18:38.
Samtals 9.65 h (194.2%).

4.4.5 Mænir hússins nr. 10 skuggamyndandi.

Tímabilið 29. 11—13. 01, þ. e. í 46 daga, er mænir hússins nr. 10 skuggamyndandi eftir að sólin hefur náð stefnunni, sem markast af línu milli austurenda mænisins og austurhorns bílskúrsveggjar, en það skeður á umræddu tímabili á tímunum 12:26 (þann 29. 11) til 12:46 (þann 13. 01).

Þann 22. 11. 76 er veggur bílskúrsins skuggamyndandi frá sólarupprás kl. 10:32 til kl. 14:39, eða þar til 1 h og 25 mín. eru liðnar frá hádegi. Mænir hússins nr. 10 er síðan skuggamyndandi frá kl. 14:39 og til sólarlags kl. 15:56".

Að lokum er samantekt á niðurstöðum álitsgerðarinnar svohljóðandi:

„Til þess að gefa nokkurt yfirlit yfir megin niðurstöður eru hér á eftir teknar saman í stutt yfirlit þær tölur, sem helst eru taldar skipta máli. Þar sem talað er um skerðingu er hundraðshluti reiknaður út frá þeim tölum, sem fengust fyrir tilvik B, þ. e. með bílskúrsvegg 20 cm lægri og 2.50 m styttri en hann nú er. Milli þeirra tímabila, þegar annars vegar naut óskertrar sólar, og hins vegar, þegar bílskúr hafði ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar, var látið nægja að athuga tvo daga, þ. e. 11. 02 og 01. 03. Alveg samsvarandi niðurstöður fengjust, ef reiknað væri einnig út fyrir þá tvo haustdaga, þegar deklínasjón sólar er næst því að vera sú sama, en það eru dagarnir 31. 10 og 12. 10. Tilhliðrun verður þó í tíma, þar eð hádegi þessa daga er á öðrum tíma en hina fyrrnefndu daga, þann 12. 10 er hádegi 26 mínútum fyrr, en þann 31. 10 er það 30 mínútum fyrr.

Svalir.

1. Óskertrar sólar nýtur 05. 04—06. 09, eða í 155 daga.
Skerðing er 7.2%.

2. Á vorjafndægri nýtur óskertrar sólar í 3.32 h.
   Skerðing er 29.7%.
3. Á haustjafndægri nýtur óskertrar sólar 3.33 h.
   Skerðing er 33.0%.

Vesturgluggi.

1. Óskertrar sólar nýtur 06. 03—07. 10, eða í 216 daga.
   Skerðing er 2.7%.
2. Af hvorri gerðinni bílgeymsla er, hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar á tímabilinu 07. 11—03. 02, eða í 89 daga.
3. Þann 11. 02. nýtur óskertrar sólar í 3.05 h.
   Skerðing 27.4%.
4. Þann 01. 03. nýtur óskertrar sólar í 8.95 h.
   Skerðing er 6.6%.

Miðgluggi.

1. Óskertrar sólar nýtur 02. 03—10. 10, eða í 223 daga.
   Skerðing er 2.6%.
2. Af hvorri gerðinni bílgeymslan er, hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar á tímabilinu 03. 11.—07. 02, eða í 37 daga.
3. Þann 11. 02. nýtur óskertrar sólar í 0.74 h.
   Skerðing er 44.4%.
4. Þann 01. 03 nýtur óskertrar sólar í 9.43 h.
   Skerðing er 5.0%.

Austurgluggi.

1. Óskertrar sólar nýtur 19. 03.—23. 09, eða í 189 daga.
   Skerðing er 4.5%.
2. Af hvorri gerðinni bílgeymslan er, hefur ekki áhrif á nýtingu óskertrar sólar á tímabilinu 21. 10—21. 02, eða í 124 daga.
3. Þann 11. 02. nýtur óskertrar sólar í 1.80 h.
   Skerðing er 0%.
4. Þann 01. 03. nýtur óskertrar sólar í 3.22 h.
   Skerðing er 35.2%.

Mænir hússins nr. 10 skuggamyndandi.

Tímabilið 29. 11—13. 01, þ. e. í 46 daga, er mænir hússins nr. 10 skuggamyndandi, eftir að sólin hefur náð stefnu, sem er 11.47°

austan við suður, sem er, umrætt tímabil, á svolítið breytilegum tíma dags, þ. e. frá 12:26 til 12:46".

Með bréfi, dagsettu 15. mars 1976, óskaði verjandi ákærða þess, að framangreindum matsmönnum yrði falið „að gera grein fyrir því, hver áhrif það hefði haft á birtu og sólarljós á Gnitanesi 8, ef mannvirki á Gnitanesi 10 hefðu fullnýtt byggingarreit og þakhæð hefði verið hin sama og að Gnitanesi 8.

Matsmenn dragi síðan saman í niðurstöðu áhrif mannvirkja að Gnitanesi 10, hvað snertir birtu og sólarljós gagnvart Gnitanesi 8 miðað við þrjár uppsetningar:

1. Mannvirki eins og þau eru í dag.
2. Bílgeymsluþak verði lækkað um 20 cm og geymslan stytt um 2.5 m.
3. Mannvirki reist þannig, að byggingarreitur hefði verið fullnýttur og þakhæð íbúðarhúss hefði verið hin sama og að Gnitanesi 8".

Dómurinn taldi rétt að verða við þessari beiðni, og með bréfum, dagsettum 15. mars 1975, voru þeir Gísli Jónsson og Daði Ágústsson kvaddir til að láta dóminum í té álitsgerð um þau atriði, er verjandinn tilgreindi.

Vafi kom upp um forsendur þær, sem ganga skyldi út frá við álitsgerðina, en eftir að dómurinn hafði fengið bréf frá verjandanum um það efni, gaf hann matsmönnum nánari fyrirmæli. Dróst gerð álitsins nokkuð af þessum sökum, en því var skilað hinn 11. júní sl., og komu matsmenn fyrir dóm sama dag og staðfestu það.

Í inngangi álitsgerðarinnar segir svo um forsendur:

„Beðið er um álitsgerð miðað við tvennar forsendur. Fyrri forsendurnar eru settar fram af skipuðum verjanda eiganda hússins nr. 10 við Gnitanes, Benedikt Sveinssyni hrl., en þær eru, að á lóðinni nr. 10 standi hús, sem hafi sömu hæð yfir götu og hús nr. 8, hafi sambærilega þakkanta og fylli út byggingarreit. Til frekari skýringar fylgdi beiðni sakadóms uppdráttur Ingimundar Sveinssonar, arkitekts, dags. 20. 03. 76. Á meðfylgjandi mynd V–11 er sýndur smækkaður hluti af uppdrættinum. Í samráði við Harald Henrysson, sakadómara, var gerð sú breyting á teikningu Ingimundar, að húsið nr. 10 var mjókkað (suðurhlið færð til norðurs) þannig, að húsið og bílgeymslan væri samtals 220 m^2, sem er hámarksstærð skv. skipulagsskilmálum. Við þetta færist mænir hússins um 1.75 m til norðurs.

Síðari forsendurnar eru settar fram af sakadómi sjálfum. Þær eru, að á lóðinni nr. 10 standi sams konar hús og nú er á lóðinni nr. 8 og í sömu hæð yfir götu, sem þýðir það, að húsið lyftist um 0.25 m. Athuganir skv. fyrri forsendunum eru hér á eftir nefndar tilvik 1 og skv. þeim síðari tilvik 2".

Um áhrif á dagsbirtu segir svo:

„Dagsbirtan er reiknuð út fyrir tvö tilvik: 1) hús, sem stendur í lóðarmörkum með bílskúrinn og er með þakkóta, + 10.71 og þakmæni 4.75 m frá útvegg. 2) hús samskonar og er á lóð no 8, með sömu staðsetningu frá lóðarmörkum og þakkóta + 10.71. Í tilviki 1) er dagsbirtan í stofunni 1.24% og í herberginu 1.63%. Í tilviki 2) er dagsbirtan í stofunni 1.25% og í herberginu 1.65%. Dagsbirtan fyrir núverandi hús á lóð no 10 er í stofu 1.28% og í herbergi 1.67%.

Af þessum útreikningum sést, að núverandi hús á lóðinni gefur mestu dagsbirtuna í stofu og herbergi".

Þá er vikið að áhrifum á nýtingu sólar. Segir þar í upphafi:

„Þeir útreikningar, sem nú eru gerðir, hafa fyrst og fremst þann tilgang að bera saman nýtingu sólar við tilvik 1 og tilvik 2 annars vegar við nýtingu sólar við núverandi ástand (tilvik A í álitsgerðinni frá í febrúar 1976) og hins vegar við nýtingu sólar, ef bílgeymslan á lóð nr. 10 væri lækkuð um 0.20 m og stytt til vesturs um 2.50 m (tilvik B í álitsgerðinni frá í febrúar 1976). Til þess að fá fram þennan samanburð er talið nægilegt að reikna út tíma óskertrar sólar".

Síðar er reiknað út það tímabil árs, þegar nýtur óskertrar sólar, og segir þar svo:

„Tölurnar í sviga eru lengd tímabilsins í hundraðshluta af samsvarandi tímabili í álitsgerðinni frá í febrúar 1976. Fyrri talan er hundraðshluti af tímabili tilviks A, þ. e. miðað við núverandi ástand, en síðari talan er hundraðshluti af tímabili tilviks B, þ. e. miðað við að bílgeymslan á lóð nr. 10 sé lækkuð um 0.20 m og stytt til vesturs um 2.50 m.

Svalir.
Tilvik 1: 30.03—12.09, þ. e. 167 dagar (107.7/100.0%).
Tilvik 2: 17.03—25.09, þ. e. 193 dagar (124.5/115.6%).

Vesturgluggi.
Tilvik 1: 06.03—06.10, þ. e. 215 dagar (99.5/96.8%).
Tilvik 2: 29.02—13.10, þ. e. 228 dagar (105.6/102.7%).

Miðgluggi.
Tilvik 1: 10.03—03.10, þ. e. 208 dagar (93.3/90.8%).
Tilvik 2: 01.03—12.10, þ. e. 226 dagar (101.3/98.7%).

Austurgluggi.
Tilvik 1: 18.03—25.09, þ. e. 192 dagar (101.6/97.0%).
Tilvik 2: 11.03—01.10, þ. e. 205 dagar (108.5/103.5%).

Við tilvik 1 fyrir svalirnar er bílgeymslan afgerandi um mörk tímabils óskertrar sólar. Í öllum öðrum tilfellum er þakbrúnin afgerandi.

Í niðurstöðunum kemur fram m. a.:

Tilvik 1 veldur meiri skerðingu á sólu fyrir alla fletina fjóra en tilvik 2.

Í samanburði við núverandi ástand (sjá einnig mynd V–9) gefur tilvik 1 meiri nýtingu óskertrar sólar á svölum og austurglugga, en minni nýtingu á vesturglugga og miðglugga. Tilvik 2 gefur hins vegar meiri nýtingu á öllum flötunum fjórum.

Í samanburði við það ástand, sem yrði, ef bílgeymslan á lóð nr. 10 yrði lækkuð um 0.20 m og stytt til vesturs um 2.50 m (sjá einnig mynd V–10), veldur tilvik 1 engri breytingu á nýtingu óskertrar sólar á svölum, en minni nýtingu á öllum gluggunum. Tilvik 2 gefur hins vegar minni nýtingu á miðglugga, en meiri nýtingu á báðum hinum gluggunum og svölunum".

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið í framburðum og framlögðum gögnum málsins og dómurinn telur máli skipta við úrlausn þess.

Verjandi ákærða hefur í skriflegri vörn sinni krafist þess, að máli þessu verði vísað frá dómi. Byggir hann þessa kröfu á því, að málið sé í raun ekki opinbert mál, heldur einkamál, „sem eigendum að Gnitanesi 8 hefur tekist að fá saksóknara ríkisins til að reka sem opinbert mál, þótt til þess skorti öll skilyrði". Skilyrðum 11. töluliðs 2. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 sé ekki fullnægt. Það skilyrði, að „fyrirsvarsmenn almenningshagsmuna" eigi aðild, hljóti að tákna, að almenningshagsmunir séu í veði. Í þessu máli séu engir slíkir hagsmunir í veði né geti verið það. Mál þetta sé frá upphafi byggt á því, að húseignin að Gnitanesi 10 valdi húseigendum að Gnitanesi 8 óþægindum og tjóni, enda séu það þeir, sem séu upphafsaðiljar að málinu og hafi fylgt því eftir sem um einkamál væri að ræða. Mál sem þetta hafi aldrei fyrr verið höfðað sem opinbert mál.

Þá segir verjandi, að hvorki sveitarstjórn né skipulagsstjórn séu

aðiljar að máli þessu, en aðrir aðiljar geti vart talist „fyrirsvarsmenn almenningshagsmuna“ í skilningi 11. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974. Skipulagslög geri ekki ráð fyrir, að ráðherra geti upp á sitt eindæmi gripið til stöðvunar- eða niðurbrotsaðgerða, heldur eingöngu ef lægra sett stjórnvöld hafi um það frumkvæði. Þá hafi ákærða í máli þessu ekki verið birtur úrskurður ráðherra.

Mál þetta er, sem fyrr er rakið, upphalfega komið til meðferðar sakadóms að kröfu félagsmálaráðuneytisins, sem óskaði þess, að dómurinn sæi um, að úrskurði þess frá 16. ágúst 1972 yrði framfylgt. Málið var að lokinni lögreglurannsókn sent ríkissaksóknara, er krafðist sjálfstæðrar dómsrannsóknar í málinu, en að þeirri rannsókn lokinni höfðaði hann mál þetta.

Málskot Bjarna Jónssonar til félagsmálaráðherra byggist á 2. mgr. 3. gr. byggingarsamþykktar fyrir Reykjavík frá 24. mars 1965. Byggingarleyfi það, sem kært var út af, var veitt hinn 14. maí 1970 og staðfest af borgarráði 21. s. m., en ekki er kært til ráðuneytis fyrr en 5. nóvember 1971. Á það er hins vegar að líta, að viðræður fóru fram milli kæranda, Bjarna Jónssonar, og borgaryfirvalda á þessu tímabili, en hinn 11. júní 1971 ritaði borgarstjóri byggingarnefnd og skipulagsnefnd bréf, þar sem hann lagði málið endanlega undir úrskurð þeirra. Greinargerðir um málið voru samþykktar í nefndunum 28. júní (skipulagsnefnd) og 28. júlí (byggingarnefnd), og voru þær sendar kæranda með bréfi, dagsettu 6. ágúst 1971. Í bréfi borgarstjóra til kæranda, dagsettu 5. nóvember 1971, er vikið að því, að í framhaldi af þessu hafi árangurslaust verið leitað sátta. Er kæranda að lokum bent á, að hann geti skotið máli þessu til úrskurðar ráðherra. Gerði hann það samdægurs, 5. nóvember, þ. e. innan 3ja mánaða frá að honum varð kunnugt um endanlegan úrskurð byggingarnefndar.

Verjandi hefur mótmælt því, að Bjarni Jónsson hafi átt hér kæruaðild, þar sem í 2. mgr. 3. gr. byggingarsamþykktarinnar sé einungis talað um, að lóðareiganda eða lóðarleigjanda sé heimilt að skjóta ályktun byggingarnefndar til ráðherra, ef honum þyki rétti sínum hallað með henni. Heimildin sé hér bundin við eiganda eða leigjanda þeirrar lóðar, sem um er fjallað. Dómurinn telur, að ekki beri að túlka ákvæði þetta svo þröngt, enda geti ákvarðanir byggingarnefndar varðað eigendur eða leigjendur annarra lóða en þeirrar, sem um er fjallað. Virðist þetta og hafa verið skilningur borgarstjóra, sbr. fyrrgreint bréf hans, dags. 5. nóvember 1971.

Með hliðsjón af framanrituðu verður að telja, að kæran til ráð-

herra hafi fullnægt skilyrðum um aðild og tíma og jafnframt að ráðherra hafi verið bær um að fella úrskurð um hana. Þessi úrskurður ráðherra er síðan grundvöllur þess, að málið kemur til meðferðar sakadóms. Verður að líta svo á, að ráðherra komi hér fram sem fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna, enda séu það hagsmunir almennings, að úrskurðir yfirvalda nái fram að ganga eða verði ella felldir úr gildi af þar til bærum aðiljum. Samkvæmt þessu verður því að ályktа, að ríkissaksóknari hafi haft heimild til að höfða mál þetta og að dóminum beri að taka efnislega afstöðu til ákæruatriða. Er frávísunarkröfu verjanda því hrundið.

Í ákæruskjali eru tilgreind 4 atriði, þar sem ríkissaksóknari telur margnefnda bifreiðageymslu brjóta í bága við lög og reglugerðir. Verða þessi atriði nú rakin og tekin afstaða til þeirra í ljósi þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu og að framan eru rakin.

1. Flatarmál bifreiðageymslunnar er óvefengjanlega 32.80 m^2. Samkvæmt 4. mgr. 95. gr. byggingarsamþykktar Reykjavíkur skal skýli fyrir eina bifreið að jafnaði ekki vera stærra en 30 m^2.

Eins og fyrr er rakið, telja byggingarnefndarmenn, að ákvæði 95. gr. byggingarsamþykktarinnar séu viðmiðunarreglur, sem víkja megi nokkuð frá eftir aðstæðum. Á það má fallast, að byggingarnefnd hafi hér nokkurt svigrúm samkvæmt orðalagi greinarinnar. Hins vegar verður að telja, að sú ráðstöfun, að leyfa stærri bifreiðageymslu en 30 m^2 á mörkum lóðanna nr. 8 og 10 við Gnitanes, hafi verið óeðlileg miðað við aðstæður. Byggingarnefnd bar að fara hér með varúð með tilliti til hagsmuna eiganda húss nr. 8, sem byggt hafði verið eftir skipulagi, er ekki gerði ráð fyrir slíkri byggingu á lóðamörkum.

Hæð bifreiðageymslunnar er óvefengjanlega 2.70 m mælt frá gólfi og upp á efri brún þaks. Samkvæmt 4. mgr. 95. gr. byggingarsamþykktar skal lofthæð að jafnaði ekki vera meiri en 2.50 m. Ekki er skilgreint nánar, hvað átt sé hér við með lofthæð, en færa má rök fyrir því, að þar sé átt við innanmál, sbr. 79. gr. byggingarsamþykktarinnar. Innanmál bifreiðageymslunnar að Gnitanesi 10 er 2.30 m.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að skv. 18. gr. reglugerðar nr. 217/1966 um gerð skipulagsáætlana má leyfa bílskúra á lóðamörkum, „enda sé hæð á mörkum eigi yfir þrír metrar". Hinir sérfróðu meðdómendur hafa mælt hæð veggs bifreiðageymslunnar á lóðamörkum miðað við jarðveg lóðar nr. 8, og er hún u. þ. b. 3 metrar. Með tilliti til þessa þykir dóminum ekki

unnt að líta svo á, að með hæð bílskúrsins hafi verið gengið lengra en heimilt var.

2. Óvefengjanlegt er, að bifreiðageymslan nær um 2.50 m lengra til vesturs en byggingarreitur hennar er markaður á mæliblaði því, sem gert er eftir skipulagsuppdrætti, staðfestum af skipulagsstjórn ríkisins 27. febrúar 1967. Byggingarreitur þessi er ekki málsettur á mæliblaðinu, og taldi byggingarnefndin heimilt að víkja frá honum. Telja verður, að frávik frá slíkum byggingarreitum, þótt ómálsettir séu, eigi ekki að heimila nema með mikilli varúð. Með því að leyfa lengingu bifreiðageymslunnar að Gnitanesi 10 um 2.50 m til vesturs, hefur byggingarnefndin að mati dómsins tvímælalaust gengið lengra en talið verður eðlilegt miðað við aðstæður og hagsmuni eiganda Gnitaness 8.

3. Bifreiðageymslan að Gnitanesi 10 er aðskilin frá íbúðarhúsinu á lóðinni með 2.40 m breiðum gangi, og eru steinbitar yfir honum, sem tengja húsið og bílskúrinn. Í 4. gr. skilmála á skipulagsuppdrætti, staðfestum 27. febrúar 1967, segir, að bifreiðageymsla skuli að jafnaði vera í húsinu, en leyfilegt sé þó að staðsetja hana við hús eða fram úr því, þar sem svo sé sýnt á mæliblaði. Á skipulagsuppdrættinum og mæliblaði samkvæmt honum er bifreiðageymslan sýnd á lóðamörkum. Ljóst er því, að bifreiðageymslan er að þessu leyti staðsett samkvæmt skipulagsuppdrætti. Íbúðarhúsið fyllir hins vegar ekki út í þann byggingarreit sem heimilaður var samkvæmt uppdrætti í norður, heldur er það tengt geymslunni með ofangreindum hætti. Dómurinn lítur ekki svo á, að byggingarnefnd hafi brotið ákvæði skipulagsskilmálanna með því að leyfa þessa afstöðu milli húss og bifreiðageymslu. Er þetta og síður en svo til óhagræðis fyrir húseiganda að Gnitanesi 8.

4. Að lokum er því haldið fram í ákæruskjali, að stærð bifreiðageymslunnar og staður skerði rétt húsráðanda húss nr. 8 til sólar og birtu á þann veg, að varði við 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þar sem hún standi aðeins 3.50 m sunnan við það hús.

Í 13. gr. skipulagslaga er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um gerð skipulagsáætlana og um ýmis ákvæði, sem þar skuli vera. Skuli þar m. a. kveðið á um lágmarksfjarlægð milli húsa, þar sem við það verði miðað, að í íbúðarhverfum njóti fullnægjandi birtu á aðalsólarhlið húss. Í reglugerð nr. 217/1966, sem sett var samkvæmt þessu ákvæði, er ekki að finna ákvæði, sem kveða nánar á um þetta efni. Í 18. gr. reglugerðar-

innar eru ákvæði um, hver skuli vera fjarlægð íbúðarhúsa frá lóðamörkum, og sem fyrr er nefnt, er þar jafnframt heimilað, að útbyggingar, bílskúra og slíkt, megi byggja á lóðamörkum, enda sé hæð á mörkum eigi yfir þrír metrar. Það verður því að vera háð mati hverju sinni, hvort fullnægjandi birtu njóti á aðalsólarhlið húss.

Þegar virtar eru þær niðurstöður sérfræðinga, sem raktar hafa verið hér að framan um áhrif bifreiðageymslunnar á dagsbirtu og sólarbirtu að Gnitanesi 8, verður að telja ósannað, að fullnægjandi birtu njóti ekki á aðalsólarhlið hússins. Óskertrar sólar nýtur samkvæmt þessum niðurstöðum á svölum við suðurhlið frá 5. apríl til 6. september, en hefði notið frá 8. mars til 5. október, ef enginn bílskúr væri á lóðamörkum. Skerðing tímabils óskertrar sólar ár hvert er minni að því er varðar gluggana. Þetta atriði ákærunnar er því ekki talið á rökum reist.

Er þá komið að því að taka afstöðu til kröfugerðar ríkissaksóknara í ákæruskjali um niðurrif oftnefndrar bifreiðageymslu eða breytingar á henni. Við mat á þeirri kröfugerð verður að hafa í huga þá hagsmuni á báða bóga, sem í húfi eru. Annars vegar eru hagsmunir ákærða í máli þessu, er byggði hús sitt og bifreiðageymslu í samræmi við teikningar, sem samþykktar voru af réttum yfirvöldum. Líta ber á þau verðmæti, sem um ræðir. Bifreiðageymsla af þeirri stærð, sem hér er um fjallað, er að mati hinna sérfróðu meðdómenda að verðmæti u. þ. b. 1.300—1.400 þúsund krónur. Niðurrif hennar ásamt tilheyrandi framkvæmdum mundi kosta u. þ. b. 400—500 þúsund krónur. Þá ber að hafa í huga, að niðurrif eða breytingar á bifreiðageymslunni hefði óhjákvæmilega allmikla röskun og óþægindi í för með sér fyrir ákærða.

Hins vegar eru hagsmunir eiganda hússins nr. 8 við Gnitanes. Ljóst er, að skipulagsuppdráttur sá, sem staðfestur var 27. febrúar 1967 af skipulagsstjórn ríkisins, hafði í för með sér breytingu frá því skipulagi, er gilti, þegar hús nr. 8 var byggt, en þar var gert ráð fyrir bílgeymslum á sjálfstæðri lóð handan götunnar til að forðast það, að þær lentu á norðurmörkum lóðar til ama þeim, er byggði næstu lóð fyrir norðan. Eigandi Gnitaness 8 hafði því ekki ástæðu til að búast við slíku, er hann byggði hús sitt. Þó ber hér á það að líta, að hann fékk sjálfur að byggja bílskúr norðan við sitt hús og hefði þar af leiðandi mátt búast við, að öðrum yrði einnig leyft það. Hvað sem því líður, kann breyting sú, sem varð á skipulaginu með framangreindum uppdrætti, að hafa haft í för með sér bótarétt honum til handa á hendur borgarsjóði, sbr. 4.

mgr. 19. gr. skipulagslaga. Umrædd breyting á skipulaginu er ekki til umfjöllunar í þessu máli, þótt dómurinn hafi talið rétt að benda hér á hana, enda er hún grundvöllur þess, sem síðar gerðist.

Dómurinn vill í þessu sambandi og leggja áherslu á, að hann telur framkomu byggingaryfirvalda í Reykjavík gagnvart húseiganda að Gnitanesi 8 mjög aðfinnsluverða. Í fyrsta lagi með því, að heimiluð var bygging bifreiðageymslunnar á þann hátt, sem lýst hefur verið hér að framan, án þess að leitað yrði eftir sjónarmiðum þess aðilja, sem átti hér augsýnilegra hagsmuna að gæta, en honum hafði ekki verið gefinn kostur á að kynna sér uppdrátt að breyttu skipulagi. Enn fremur með því að hafa eftir alllangt þóf um þetta mál bent honum á þá leið að leita endanlegs úrskurðar ráðherra um málið, en hafa síðan þann úrskurð að engu.

Samkvæmt gildandi reglum og skipulagi er að mati dómsins, svo sem fyrr er rökstutt, gengið á rétt húseiganda að Gnitanesi 8 með stærð bifreiðageymslunnar, sem er a. m. k. 2.80 m^2 meiri en eðlilegt verður að telja og með staðsetningu hennar lengra til vesturs en eðlilegt var og áður er lýst. Slík stærð og staðsetning eykur tvímælalaust það óhagræði, sem því fylgir að hafa bifreiðageymslu í ekki meiri fjarlægð frá suðurhlið húss. Bílskúrsveggur sem þessi er óneitanlega hvimleið sjón við þessar aðstæður og varpar jafnan nokkrum skugga inn í garð hússins. Á hinn bóginn er á það að líta, sem fyrr er rakið, að skerðing á nýtingu sólar á suðursvölum og gluggum er tiltölulega lítil. Útsýnisskerðing frá suðurhlið er og óveruleg, enda snúa aðalútsýnisgluggar hússins í vestur, að sjó.

Þegar allt framanritað er virt, kemst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að í málinu hafi ekki verið í ljós leitt, að hagsmunir eiganda Gnitanesi 8 hafi verið skertur svo verulega, að réttlæti þær aðgerðir gagnvart bifreiðageymslu að Gnitanesi 10, er aðalkrafa ríkissaksóknara fjallar um. Verði því að sýkna ákærða af aðalkröfu ákæruvaldsins í málinu.

Varakrafa í ákæruskjali hljóðar upp á, að bifreiðageymslunni verði breytt í löglegt horf. Samkvæmt niðurstöðu dómsins um stærð og staðsetningu bifreiðageymslunnar kæmi því hér til álita að dæma ákærða til að sæta því, að hún yrði minnkuð um 2.80 m^2 og flutt til austurs eða stytt til vesturs um 2.50 m. Í þessu sambandi ber að hafa í huga þá niðurstöðu matsmanna, að stytting bifreiðageymslunnar um 2.50 m til vesturs hefði engin áhrif á

þann tíma árs, sem nýtur óskertrar sólar á svölum og á tveimur gluggum af þremur á suðurhlið Gnitaness 8. Á það ber einnig að líta, að á sínum tíma hafnaði eigandi Gnitaness 8 tillögu að breytingu á bílskúrnum, sem gekk í þessa átt. Dómurinn telur, að áhrif slíkra breytinga til bóta fyrir eiganda Gnitaness 8 yrðu svo óverulegs miðað við þá verðmætaröskun, er af þeim leiddi, að ekki sé ástæða til að taka þessa kröfu ákæruvaldsins til greina. Beri því einnig að sýkna ákærða af varakröfu ríkissaksóknara.

Samkvæmt ofangreindum úrslitum ber að fella kostnað af máli þessu á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 70.000.

Dómsorð:

Ákærði, Arnbjörn Óskarsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Kostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Benedikts Sveinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 70.000.

Fimmtudaginn 24. mars 1977.

Nr. 180/1977. **Haraldur Böðvarsson & Co h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Kristjáni Gíslasyni
(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Gagnkrafa. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. desember 1975.

Hann fékk áfrýjunarleyfi vegna héraðsdómsins 26. nóvember 1975 og vegna fjárnámsgerðarinnar 22. desember s. á. Hér fyrir dómi krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi. Einnig krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint, að áfrýjandi hafði uppi fyrir héraðsdómi gagnkröfu til skuldajafnaðar við kröfur stefnda. Héraðsdómara hefur láðst að taka afstöðu til gagnkröfu þessarar í dómi sínum. Af þeirri ástæðu, og þar sem áfrýjandi hefur gagnkröfuna einnig uppi fyrir Hæstarétti, verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Samkvæmt þessu ber einnig að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum er rétt að stefndi greiði áfrýjanda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Kristján Gíslason, greiði áfrýjanda, Haraldi Böðvarssyni & Co h/f, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 28. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. febrúar sl., var höfðað með stefnu, útgefinni 19. desember 1972, af Kristjáni Gíslasyni, Hvassa-

leiti 24, Reykjavík, síðar til heimilis Klapparstíg 63, Reykjavík, gegn Haraldi Böðvarssyni & Co h/f, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda voru þær í stefnu, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 733.503.00 auk 7% ársvaxta af kr. 463.388.81 frá 1. janúar 1969 til 22. mars 1969, af kr. 293.503.00 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 513.503.00 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 733.503.00 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Í þinghaldi 1. október 1974 lækkaði stefnandi kröfu sína um kr. 73.503.00.

Við munnlegan flutning málsins krafðist stefnandi hækkunar vaxta af dómkröfu sinni í samræmi við auglýsingar Seðlabanka Íslands um vexti. Þá setti hann og fram varakröfu í málinu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru því þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 660.000.00 auk 7% ársvaxta af kr. 389.885.80 frá 1. janúar 1969 til 22. mars 1969, af kr. 220.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 440.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 660.000.00 frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Varakrafa stefnanda er sú, að stefnda verði dæmd önnur lægri fjárhæð að mati dómara auk vaxta og málskostnaðar sem fyrr greinir.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði dæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefnda var því lýst yfir, að hækkun vaxtakröfu stefnanda sætti eigi andmælum sérstaklega.

Málavextir eru þessir:

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að stefndi, Haraldur Böðvarsson & Co h/f, hafi tekið söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði á leigu haustið 1967. Stefnandi, Kristján Gíslason, var hótelstjóri á Akranesi. Framkvæmdastjóri hins stefnda félags, Sturlaugur H. Böðvarsson, fór í byrjun október 1967 frá Akranesi austur á Vopnafjörð með stefnanda, og var með þeim aðalverkstjóri stefnda, Sigurður Gíslason. Var þá stöðin afhent stefnda, en eigi var ákveðið eða samið um leigugjald eða leigutíma, og aldrei var gerður skriflegur leigusamningur um söltunarstöðina.

Stefndi keypti af stefnanda tunnur, salt, krydd o. fl. á stöðinni fyrir kr. 385.095.30.

Það er upplýst og óumdeilt í málinu, að leigugjaldið fyrir árið 1967 var ákveðið á fundi í skrifstofu stefnda á Akranesi í ágústmánuði 1968. Var stefnandi á þeim fundi og með honum Karl Ó. Jónsson, skrifari hjá Eimskip, en af hálfu stefnda Sturlaugur H. Böðvarsson framkvæmdastjóri, fulltrúi hans, Magnús Guðmundsson, og Sigurður Gíslason aðalverkstjóri. Var leigugjaldið ákveðið kr. 220.000.00 fyrir árið 1967. Gjald þetta er að fullu greitt. Samkvæmt yfirlitsreikningi stefnda, dags. 1. janúar 1969, yfir viðskipti aðilja til þess tíma vegna söltunarstöðvarinnar var skuld stefnda þá við stefnanda kr. 169.885.80, sbr. dskj. nr. 4 í málinu. Var á reikningi þessum framangreint leigugjald fyrir stöðina árið 1967, en engin leiga var á yfirliti þessu fyrir árið 1968. En skuld þessi var greidd af hálfu stefnda 22. mars 1969.

Lagt hefur verið fram í dóminum ljósrit af kröfubréfi sveitarstjórans í Vopnafjarðarhreppi, dags. 30. júlí 1970 (fylgiskjal með dskj. nr. 14), til stefnanda máls þessa vegna ógreiddra opinberra gjalda til sveitarfélagsins. Kemur í ljós í bréfi þessu, að lagt hefur verið aðstöðugjald á söltunarstöð stefnda á Vopnafirði árið 1969 kr. 55.800.00 og árið 1970 kr. 5.800.00.

Þá hefur verið lagt fram í dóminum af hálfu stefnda reikningur Siglufjarðarkaupstaðar til stefnda yfir leigugjald fyrir söltunarstöð hans á Siglufirði árið 1968. Virðast hafa verið saltaðar 2928 tunnur á stöðinni á því ári. Lágmarksleiga eða fastagjald var kr. 50.000.00, og mátti salta án sérstaks gjalds allt að 1250 tunnum. En síðan var greitt sérstakt gjald, kr. 50.00, á hverja tunnu fram yfir 1250 tunnur. Heildarleigugjald af stöð stefnda á Siglufirði 1968 var því kr. 133.900.00.

Stefnandi krafði stefnda um leigugjald fyrir söltunarstöðina á Vopnafirði árin 1968, 1969 og 1970, kr. 220.000.00 á ári. Er stefndi hafnaði kröfu þessari, höfðaði stefnandi mál þetta.

Af hálfu aðilja hafa verið gefnar skýrslur fyrir dómi í máli þessu, og vitni hafa komið fyrir dóminn. Verður framburður þeirra nú nokkuð rakinn.

Stefnandi segir í stefnu, að upphaflega hafi eigi verið samið um ákveðna leigu, heldur skyldi hún ákveðin eftir á í samræmi við leigu fyrir aðrar sambærilegar stöðvar. Stefnandi kveðst hafa farið fram á kr. 400.000.00 í leigu, eða sem svaraði kr. 100.00 á hverja saltaða tunnu, en stefndi hafi eigi viljað semja um ákveðna fjárhæð fyrir tunnuna. Stefnandi segir í stefnu, að staðið

hafi í samningaþófi um þetta fram eftir árinu 1968 og loks hafi stefnandi eiginlega einhliða ákveðið leiguna fyrir árið 1967 kr. 220.000.00. Kveðst stefnandi hafa verið neyddur til að sætta sig við þá fjárhæð til að fá uppgjör milli sín og stefnda á hreint. Þessi fjárhæð sé þó á engan hátt miðuð við tunnufjölda, því að stefndi hafi saltað 3422 tunnur í stöðinni árið 1967.

Stefnandi telur leigutímann vera frá vori til vors og sé leigugjaldið gjaldfallið í síðasta lagi fyrir áramót árið, sem söltunin fer fram.

Stefndi hafi aldrei sagt upp leigunni og sé hann því skyldur til að greiða leigu fyrir stöðina frá vori 1967 til vors 1971.

Fyrir dómi 7. febrúar 1974 kveðst stefnandi ekki minnast þess sérstaklega, að rætt hafi verið um, að leigan yrði miðuð við leigugjald fyrir sambærilegar stöðvar, enda hafi hann þá ekki verið kunnugur leigu á öðrum stöðvum. En stefnandi ítrekaði, að hann hafi sett fram þá kröfu, að leigan yrði miðuð við tunnufjölda og að hann fengi greitt fyrir hverja tunnu kr. 100.00.

Stefnandi kvað leiguna fyrir árið 1967 hafa verið ákveðna á fundi á skrifstofu stefnda í ágúst 1968 og hafi þá áðurnefndir menn verið viðstaddir. Þá sagði stefnandi, að af hálfu stefnda hafi verið óskað eftir að hafa stöðina á leigu árið 1968, enda hafi stefndi þá reist söltunarskýli á stöðinni.

Stefnandi kveðst krefja stefnda um leigu af stöðinni árin 1969 og 1970 og byggi það á því, að hann hafi þá haft stöðina enn á leigu, og sagðist stefnandi vita til, að stefndi hafi undirbúið söltun þar haustið 1969. Stefnandi hafi þá komið á stöðina og séð þar nýjar tunnur.

Stefnandi staðfesti, að hann hafi farið með fyrrnefndum mönnum til Vopnafjarðar í október 1967 og hafi söltunarstöðin þá verið afhent stefnda til starfrækslu. Stefnandi lýsti söltunarstöðinni þannig, að hún væri steypt plan niður við höfnina, nokkurn spöl frá bryggjunni. Þar hafi verið til staðar öll nýjustu tæki, svo sem færiband með sorteringarvél, slógdragari svo og lagerhús fyrir salt o. fl., um 200 fermetrar að stærð. Í húsnæði þessu er kaffistofa og skrifstofuaðstaða með síma svo og snyrtiaðstaða. Þá er á stöðinni smáhús fyrir tunnugeymslu á tveimur hæðum.

Vitnið Karl Óskar Jónsson, skrifari hjá Eimskip, Laugavegi 40, Reykjavík, kvaðst hafa aðstoðað stefnanda á fundi 23. ágúst 1966 á skrifstofu stefnda við uppgjör við stefnda vegna leigu á söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði. Vitnið sagði, að stefnandi hafi sett fram þá kröfu að fá í leigugjald kr. 100.00 fyrir hverja salt-

aða tunnu. En stefnandi taldi, að hann þyrfti að fá kr. 400.000.00 lágmarksleigu fyrir stöðina, og miðaði þá við vexti og opinber gjöld af stöðinni. Á þetta vildi Sturlaugur H. Böðvarsson, framkvæmdastjóri stefnda, ekki fallast. Samkomulag varð um það að lokum að miða leigugjaldið við fjölda saltaðra tunna á stöðinni 1967, en þær voru 3422. Hafi leigugjaldið að lokum verið ákveðið kr. 55.00 á tunnu og tunnufjöldinn verið ákveðinn 4000 og þannig gjaldið ákveðið 220.000.00.

Vitnið sagði, að því hafi verið kunnugt um, að venja var að leigugjald á söltunarstöðvum væri ákveðið þannig, að ákveðið gjald var greitt fyrir saltaða tunnu, en jafnframt væri fastaleiga, sem þá væri greidd jafnt, hvort saltað væri mikið eða lítið.

Framkvæmdastjóri hins stefnda félags, Sturlaugur H. Böðvarsson, Vesturgötu 32, Akranesi, kom fyrir dóm 1. okt. 1974. Hann kvað stefnda hafa tekið söltunarstöð stefnanda á leigu haustið 1967 og hafi hann farið austur á Vopnafjörð um haustið, eins og að framan er lýst, en þá hafi eigi verið samið um leigutíma eða leigugjald. Í ágústmánuði 1968 var haldinn fundur í skrifstofu félagsins á Akranesi til þess að ákveða leigu fyrir söltunarstöðina. Voru þar staddir þeir menn, er áður getur. Samkomulag varð um að greiða í leigu fyrir stöðina kr. 220.000.00. Framkvæmdastjórinn fullyrti, að leigugjaldið hafi verið miðað við kr. 55.00 á hverja saltaða tunnu, en tunnufjöldinn, sem var 3422, hafi verið „rúnnuð af" og ákveðinn 4000, og þannig fundið út framangreint gjald. Hann kvað fastagjald aldrei hafa komið til mála og sagði, að stefnandi hafi aldrei viljað það.

Árið 1968 var einnig saltað nokkuð magn af síld á söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði, en aldrei hafi verið rætt um leigugjaldið fyrir það ár við stefnanda. En árið 1969 hafi eigi verið söltuð nein síld á stöðinni og aldrei hafi verið rætt um leigu fyrir það ár eða í annan tíma en að framan greinir.

Magnús Guðmundsson, fulltrúi og prókúruhafi hjá hinu stefnda hlutafélagi, gaf skýrslu fyrir dómi 1. okt. 1974 um mál þetta. Hann minntist ferðar stefnanda og Sturlaugs H. Böðvarssonar til Vopnafjarðar haustið 1967 og sagði, að er þeir komu til baka, hefði söltunarstöðin verið tekin á leigu. Taldi hann, að talað hafi verið um, að engin fastaleiga yrði fyrir stöðina, heldur aðeins ákveðið gjald fyrir hverja tunnu.

Á fundinum á skrifstofu stefnda í ágústmánuði 1968 hafi stefnandi ekki farið fram á að fá greitt fastagjald fyrir stöðina, en hann hafi óskað eftir hærra leigugjaldi en fyrirsvarsmenn hins

stefnda félags vildu greiða. Þegar talað hefði verið um þetta alllengi, véku þeir stefnandi og Sturlaugur H. Böðvarsson af fundinum og voru einir í herbergi nokkra stund. Er þeir komu aftur, höfðu þeir samið um leigugjaldið, kr. 220.000.00 fyrir árið 1967. Gáfu þeir þá skýringu á fjárhæð þessari, að greitt væri kr. 55.00 fyrir tunnuna og þær taldar 4000 í stað 3422, er saltaðar voru. Gengið var frá reikningi fyrir leigu þessari strax á fundinum. Magnús minntist þess ekki, að á fundinum hefði verið minnst á leigu fyrir söltunarstöðina haustið 1968 eða önnur ár.

Haustið 1968 var enn saltað nokkuð magn af síld á stöðinni, eða 637 tunnur, en ekki minntist Magnús þess, að nokkurn tíma hafi verið rætt um leigugjaldið fyrir það ár.

Magnús kveðst ekki minnast þess, að neinn undirbúningur hafi verið af hálfu stefnda um söltun á stöð stefnanda árin 1969 og 1970, og taldi hið stefnda félag hafa aðeins haft stöðina á leigu í tvö ár, 1967 og 1968, enda hafi stefnandi leigt hluta stöðvarinnar öðrum aðilja árið 1969 án samráðs við fyrirsvarsmenn hins stefnda félags.

Magnús Guðmundsson taldi, að söltunarskýli, er félagið reisti á stöðinni 1967, hafi verið rifið árið 1970.

Þá kvað Magnús hið stefnda félag hafa greitt álagt aðstöðugjald til Vopnafjarðarhrepps af söltunarstöðinni árið 1969 og 1970, eins og fram er komið í málinu. Hann gaf þá skýringu á aðstöðugjöldunum þessi ár, að síld, sem söltuð er að hausti, t. d. 1968, hafi verið til vinnslu og meðferðar meira og minna á næsta ári, 1969, og sé aðstöðugjald næsta ár, 1970, lagt á þá starfsemi fyrra árs.

Vitnið Sigurður Gíslason, yfirverkstjóri hjá stefnda, Sunnubraut 5, Akranesi, taldi, að förin til Vopnafjarðar, sem áður greinir frá, hafi verið farin 8. okt. 1967. Vitnið taldi, að stefnandi og Sturlaugur hafi lauslega rætt um gjald fyrir hverja saltaða tunnu, en minntist þess ekki, að rætt hafi verið um ákveðna fjárhæð í því sambandi. Vitnið kveðst hafa stungið upp á því við fyrrnefnda menn að miða leiguna við leigusamning, sem hið stefnda félag, Haraldur Böðvarsson & Co h/f, hafði þá um söltunarstöð á Siglufirði við bæjarsjóð Siglufjarðar. Var leigugjald þar upphaflega kr. 50.000.00 fast árlegt gjald, en einnig kr. 40.00 á hverja saltaða tunnu fram yfir 1250 tunnur. Síðar fór fastaleigan niður í kr. 40.000.00. Vitnið taldi sig muna þetta nokkurn veginn rétt. Vitnið sagði, að stefnandi hafi andmælt því að taka neitt fastagjald af stöðinni. Vitnið kvað enga síldarsöltun hafa

verið á stöðinni árið 1969 og engan undirbúning hafa farið fram það haust um söltun. Þó að nýjar tunnur kynnu að hafa verið á stöðinni sumarið eða haustið 1969, geti það stafað af því, að kaupendur síldarinnar, sem voru Svíar, kynnu að hafa sent tunnur án sérstakrar beiðni eða tunnur hafi verið þar frá árinu áður. Vitnið bað verkstjórann á söltunarstöðinni að rífa söltunarskýli stefnda 1970 og senda það til Akraness, og var það gert.

Frásögn vitnisins af fundinum í ágúst 1968 á skrifstofu stefnda er samhljóða frásögn Magnúsar Guðmundssonar hér að framan.

Stefnandi gerir þá grein fyrir stefnukröfu sinni eins og hún varð endanlega, að hún sé vangreitt leigugjald fyrir söltunarstöðina í þrjú ár, 1968, 1969 og 1970, kr. 220.000.00 á ári. Vaxtakrafan er af eftirstöðvum af skuld 1. janúar 1969, kr. 169.885.80, og leigugjaldi 1968, kr. 220.000.00, eða alls kr. 389.885.80, þangað til eftirstöðvarnar voru greiddar sem fyrr greinir.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar með því, að stefndi hafi haft á leigu söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði í 4 ár, frá vori 1967 til vors 1971. Það sé óumdeilt í málinu, að stefndi tók stöðina á leigu 1967 og rak söltun á stöðinni í 2 ár, 1967 og 1968. Samkomulag varð um leigugjaldið fyrir árið 1967, og hefur það þegar verið greitt af stefnda. Stefndi sagði aldrei upp leigunni, en líta megi svo á, að hann hafi eigi haft áhuga á að hafa stöðina á leigu eftir 1970, er hann flutti burt hús það eða söltunarskýli, er hann reisti á stöðinni. Stefnandi vildi upphaflega fá háa tunnuleigu, en ekkert fastagjald. En líta verði svo á, er málsatvik öll eru höfð í huga, að samningur hafi orðið milli aðilja um fastagjald, er samið var um leigugjald fyrir árið 1967, kr. 220.000.00. Það er óumdeilt, að stefndi hafði söltunarstöðina á leigu árið 1968. Allar löglíkur séu fyrir því, að það hafi verið ætlun aðilja, að sama leigugjald gilti fyrir það ár og árið 1967, þó að nokkru minni söltun færi þá fram á stöðinni. Hér sé um allmikla fasteign að ræða ásamt tækjum til starfseminnar. Og stefndi hafi sönnunarbyrði um það, að efni leigusamningsins um leigugjaldið breytist frá upprunalegu samkomulagi, og beri því halla af sönnunarskorti í því efni. Og fráleitt sé að líta svo á, að stefnandi eigi ekki rétt á leigugjaldi af stöðinni árin 1969 og 1970 vegna þess eins, að síldin veiddist ekki þau ár.

Varakröfu sína styður stefnandi einnig með því, að aldrei verði með neinni sanngirni unnt að meta leigugjaldið lægra en venja var að greiða fyrir aðrar sambærilegar söltunarstöðvar á umræddu tímabili. Og eðlilegt væri að leigugjald væri hærra á

Vopnafirði en á Siglufirði á þessum tíma, eins og göngu síldarinnar var háttað og alkunnugt hafi verið.

Af hálfu stefnda hafa verið færð þau rök fyrir sýknukröfu hans, að stefnandi viðurkenndi að skulda stefnda kr. 64.167.68 á viðskiptareikningi. En leigugjald stefnda vegna söltunarstöðvarinnar árið 1968 gæti aldrei orðið hærri fjárhæð en kr. 35.035.00, þ. e. kr. 55.00 fyrir hverja saltaða tunnu, en þær voru 637 á því ári. Það sé upplýst í málinu, að leigugjaldið fyrir árið 1967 hafi verið miðað við tunnufjölda, eða 4000 tunnur og kr. 55.00 fyrir hverja tunnu, enda viðurkennt af stefnanda, að hann vildi fá ákveðið tunnugjald, en ekki fastagjald. Söltunarstöðin hafi og verið leigð til eins árs í senn. Það sé því út í hött að tala um leigu fyrir árin 1969 og 1970, því að enginn samningur hafi verið með aðilujm um leigu á þeim tíma. Á það beri og að líta, að engin veiði var á síld eða söltun á stöðinni 1969 eða 1970 og því um ekkert leigugjald að ræða af þeim ástæðum einum, þar sem upphaflega hafi verið samið um greiðslu fyrir hverja saltaða tunnu, en ekkert fastagjald. Af framangreindum ástæðum sé því fráleitt af stefnanda að halda því fram, að það sé leigutaka (stefnda) að sanna, að upphaflegi leigusamningurinn um leigugjald fyrir árið 1967, kr. 220.000.00, gildi eigi áfram.

Varðandi varakröfu stefnanda beri að hafa í huga, að söltunarstöð sú á Siglufirði, er stefndi hafði þar á leigu, var fullkomnari en söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði. Ætti leigugjaldið því að vera lægra á Vopnafirði.

Af gögnum máls þessa má ráða, að stefndi hafði söltunarstöð stefnanda á Vopnafirði á leigu árin 1967 og 1968, og er eigi um það deilt í málinu. Þá er og upplýst, að stefndi hafði nokkra starfsemi á stöðinni árin 1969 og 1970, þar sem hann greiddi þau ár aðstöðugjald til Vopnafjarðarhrepps, og hefur því eigi verið mótmælt af hálfu stefnda. Þykir af þeim ástæðum og málavöxtum að öðru leyti mega líta svo á, að stefndi hafi haft söltunarstöðina á leigu einnig árin 1969 og 1970.

Það er upplýst, að leigugjaldið fyrir söltunarstöðina árið 1967 var ákveðið með þeim hætti að greiða gjald, kr. 55.00, fyrir hverja saltaða tunnu, þó með þeirri breytingu, að bætt var við 578 tunnum. Mætti e. t. v. líta svo á, að þessi fjárhæð, kr. 31.700.00, væri fastagjald fyrir stöðina á því ári, en eigi hefur það fengist upplýst í málinu. En það er í ljós leitt af gögnum málsins, að á þessum tíma hafi verið venja að ákveða leigugjald af söltunarstöðvum með þeim hætti að greiða fast gjald án tillits til þess, hvort saltað

væri mikið eða lítið, og væri í fastagjaldinu innifalin söltun á nokkrum fjölda af tunnum. Að framan er rakið, að stefnandi leigði söltunarstöð á Siglufirði 1968, og raunar fleiri ár, og greiddi fyrir hana fastagjald, kr. 50.000.00, og síðan ákveðið gjald á hverja saltaða tunnu fram yfir 1250 tunnur. Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir mega ákveða, að hið stefnda félag greiði stefnanda í leigugjald fyrir söltunarstöðina árin 1968, 1969 og 1970 kr. 50.000.00 á ári og komi þá eigi til sérstakar greiðslur fyrir saltaðar tunnur, sem voru 637 árið 1968. Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 150.000.00 auk 7% ársvaxta af kr. 219.885.80 (169.885.80 + 50.000.00) frá 1. janúar til 22. mars 1969, af kr. 50.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 64.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Haraldur Böðvarsson & Co h/f, greiði stefnanda, Kristjáni Gíslasyni, kr. 150.000.00 auk 7% ársvaxta af kr. 219.885.80 frá 1. janúar til 22. mars 1969, af kr. 50.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 100.000.00 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 150.000.00 frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað kr. 64.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Akraness 18. júní 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 18. júní kl. 1130, var fógetadómur Akraness settur að skrifstofu Haralds Böðvarssonar & Co h/f í Bárugötu og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta, Hermanni G. Jónssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetamálið nr. 20/1975: Kristján Gíslason gegn Haraldi Böðvarssyni & Co h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dómsendurrit, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 150.000 með 7% árs-

vöxtum af kr. 219.885.80 frá 1. janúar til 22. mars 1969, af kr. 50.000 frá þeim degi til 1. janúar 1970, af kr. 100.000 frá þeim degi til 1. janúar 1971 og af kr. 150.000 frá þeim degi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 695 fyrir birtingu og endurrit, kr. 64.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, og kr. 2.000 fyrir aðfararbeiðni.

Af hálfu gerðarþola er mættur Magnús Guðmundsson fulltrúi. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt kröfurnar.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, hraðfrystihúsi við Bárugötu nr. 8—10, Akranesi, ásamt öllu tilheyrandi svo og lóðarréttindum.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Föstudaginn 25. mars 1977.

Nr. 183/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Inga Ingimundarsyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Þjófnaður. Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Viðar Á. Olsen, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði.

Svo sem í héraðsdómi getur, var mál þetta höfðað gegn tíu mönnum. Er því skotið til Hæstaréttar eingöngu að því er varðar ákærða Ólaf Inga Ingimundarson. Eru brot þau, sem honum eru gefin að sök, greind í þrem ákæruskjölum, dags. 20. maí, 18. og 27. ágúst 1975.

I.

Ákæra 20. maí 1975.

Samkvæmt ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök:

1. Að hafa aðfaranótt sunnudagsins 12. ágúst 1973 tekið bifreiðina R 10106 í heimildarleysi við Ásgarð 7 í Garðahreppi og undir áhrifum áfengis ekið henni nokkurn spöl. Í héraðsdómi eru rakin gögn þau, er þetta ákæruatriði varða. Segist ákærði sökum ölvunar sinnar lítt muna eftir ferðum sínum þessa nótt og ekki minnast þess að hafa brotið gluggarúðu í bifreiðinni og ekið henni. Hann dragi þó ekki í efa, að framburður kunningja síns um þetta ákæruatriði sé réttur.

Með hliðsjón af framburði kunningja ákærða, Svavars Heimis Guðjónssonar, og ákærða sjálfs svo og því, að jakki hans fannst í bifreiðinni R 10106, eftir að þeir félagar hlupu frá henni, þykir ekki varhugavert að telja fram komnar nægar sannanir fyrir töku ákærða á bifreiðinni og akstri hennar, eins og að framan greinir.

Hefur ákærði með þessu atferli sínu gerst brotlegur við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956, 2. og 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og við 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en af hálfu ákæruvalds hefur því verið lýst yfir, að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga eigi ekki við um brot ákærða, er hér greinir, enda hafi eigi reynst unnt að taka úr honum blóð til alkóhólákvörðunar.

Taka ber til greina skaðabótakröfu Einars Siggeirssonar, eiganda bifreiðarinnar R 10106, 2.000 krónur, enda hefur ákærði samþykkt að greiða hana á móti Svavari Heimi.

Af Einari Siggeirssyni hafa hvorki verið teknar skýrslur

fyrir rannsóknarlögreglu né dómi. Þá hafa lögreglumenn þeir, er á vettvang fóru og handtóku Svavar Heimi, eigi komið fyrir dóm og staðfest skýrslu sína. Ber að finna að þessu.

2. Að hafa aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst 1973 í heimildarleysi tekið bifreiðina Í 197 við Túngötu 20 á Ísafirði og undir áhrifum áfengis ekið henni víðsvegar um götur bæjarins.

Er málavöxtum lýst í hinum áfrýjaða dómi, og hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þessi. Reyndist alkóhólmagn í blóði hans vera 1.86‰.

Brot þau, er undir þessum tölulið greinir, varða við sömu lagaákvæði og að framan getur undir 1 að öðru leyti en því, að 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga á hér við í stað 3. mgr.

3. Við málflutning fyrir Hæstarétti féll ríkissaksóknari frá ákæruatriðum á hendur ákærða um ölvun og óspektir á almannafæri, bæði á Ísafirði fimmtudaginn 30. ágúst 1973 og á Hótel Esju í Reykjavík laugardaginn 2. febrúar 1974. Koma sakargiftir þessar því ekki til álita hér fyrir dómi.

II.

Ákæra 18. ágúst 1975.

Ákærða er hér gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í tvo báta, er lágu í Ísafjarðarhöfn, m/b Orra og m/b Víking III., og stolið úr hirslum í fyrrgreinda bátnum sex glösum af morfíni, þrem sprautum og glasi með ópíumtöflum í, en úr þeim síðarnefnda sex glösum af morfíni.

Hefur ákærði viðurkennt að hafa framið brot þessi og segist hafa notað lyfin ásamt kunningjum sínum, en einn þeirra, Bragi Jónsson, ber, að þeir tveir, ákærði og hann, hafi í félagi framið þjófnaðinn um borð í m/b Orra.

Varða þessi brot ákærða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða er ekki gefið að sök að hafa í annan tíma tekið lyf ófrjálsri hendi um borð í m/b Orra, svo sem að er vikið í héraðsdómi. Kemur það því ekki til álita í máli þessu.

III.

Ákæra 27. ágúst 1975.

Með ákæruskjali þessu er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 undir áhrifum áfengis ekið bifreið sinni, R 2598, „skamman spöl eftir Skólagötu á Ísafirði, er bifreiðinni var ýtt í gang".

Málsatvikum þessa ákæruatriðis er lýst í héraðsdómi. Ákærði hefur ekki viljað kannast við að hafa stjórnað bifreiðinni, er henni var ýtt í gang, eins og félagar hans, Þröstur Jónsson og Árni Guðmundsson, bera. Kveðst ákærði hafa verið mjög ölvaður, er hann og félagar hans komu að bifreiðinni greinda nótt, enda reyndist blóðsýni, er úr honum var tekið, innihalda 2.09‰ af alkóhóli. Ekki kannast hann við að hafa gefið neina skýrslu fyrir lögreglu nótt þessa, en lögð hefur verið fram í rannsókn málsins skýrsla um yfirheyrslu á ákærða klukkan 0540. Er hún undirrituð af Torfa Einarssyni lögreglumanni og vottfest. Segir í skýrslunni, að ákærði hafi verið óstöðugur á fótum, þvöglumæltur og frásögn hans samhengislaus. Þá er m. a. eftirfarandi skráð í skýrslunni: „Voruð þér að aka bifreið? Já. Hvaða bifreið? R-2598. ... Hvert voruð þér að fara? Setja bifreiðina í gang, er þeir Árni Guðmundsson og Þröstur Jónsson ýttu henni í gang, hef ekið á.g. 5 metra þá tók Árni við".

Með samhljóða framburðum þeirra Árna Guðmundssonar og Þrastar Jónssonar bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi svo og með hliðsjón af greindri lögregluskýrslu þykja fram komnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi stjórnað bifreiðinni undir áhrifum áfengis í því tilviki, sem greinir undir þessum tölulið.

Varðar brot þetta við 2. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Það athugast, að hvorki lögreglumaður sá, Ólafur Sigurvinsson, er handtók ákærða og félaga hans framangreinda nótt, né Torfi Einarsson lögreglumaður voru kvaddir fyrir dóm.

IV.

1. Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, upp-

kveðnum 9. mars 1972, var ákærði dæmdur í 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr., sbr. 20. gr., 254. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, og gegn 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Með brotum þeim, sem greinir í máli þessu, hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða ákærða nú refsingu í einu lagi fyrir brot þau, sem dómur frá 9. mars 1972 fjallar um, og þau, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli því, sem hér er til úrlausnar. Ber að tiltaka refsinguna samkvæmt 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuðir.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki gerst brotlegur við lög eftir 9. apríl 1975. Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi býr ákærði nú í Bolungarvík með konu og tveim börnum þeirra kornungum. Er hann sagður stunda vinnu sína vel. Þykir eftir atvikum mega skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu hennar og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

2. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt miðað við 17. maí 1975, en þann dag var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í sakadómi Ísafjarðar við rannsókn ákæruatriðis þess, er greinir undir III að framan. Afhenti hann þá dómara ökuskírteini sitt.

3. Eftir atvikum þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Ingi Ingimundarson, sæti fangelsi 8 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður

falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu ákærða, greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 50.000 krónur, og málflutningslaun verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. mars 1976.

Mál þetta er höfðað af hálfu ákæruvaldsins, í fyrsta lagi með ákæru I, dagsettri 26. september 1973, á hendur Árna Guðmundssyni, Smiðjustíg 10, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og Má Óskarssyni, Aðalstræti 42, Ísafirði, fæddum þar í bæ 3. október 1954, fyrir að taka í heimildarleysi, aðfaranótt föstudagsins 22. júní 1973 ásamt piltinum P. V. S. dráttarvél skammt frá Suðureyri við Súgandafjörð, og gegn ákærða Árna fyrir að aka henni undir áhrifum áfengis, þar til ákærði Már tók við akstrinum, en eiganda vélarinnar tókst að stöðva akstur hans inn með Súgandafirði, og voru lögreglumenn einnig til kvaddir.

Telur ákæruvaldið báða ákærðu hafa gerst brotlega við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, en ákærða Árna jafnframt við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, ákærði Árni jafnframt til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og báðir til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í öðru lagi er málið höfðað með ákæru II, dagsettri 20. maí 1975, á hendur Ólafi Inga Ingimundarsyni sjómanni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum 15. júlí 1950 í Reykjavík, fyrir að taka í heimildarleysi tvívegis í ágúst 1973 bifreiðar og aka þeim verandi undir áhrifum áfengis, þ. e. aðfaranótt sunnudagsins 12. ágúst

bifreiðina R 10106 við Ásgarð 7 í Garðahreppi og aka henni nokkurn spöl, þar til eiganda hennar tókst að stöðva akstur hans, og aðfaranótt laugardagsins 18. ágúst bifreiðna Í 197 við Túngötu 20 á Ísafirði og aka henni víðsvegar um götur bæjarins, þar til akstri lauk á Suðurgötu vegna afskipta lögreglu.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Enn fremur fyrir að vera fimmtudaginn 30. ágúst 1973 og laugardaginn 2. febrúar 1974 ölvaður og með óspektir á almannafæri, í fyrra skiptið á Ísafirði og síðara skiptið á Hótel Esju í Reykjavík.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 21. gr., sbr. 44. gr. áfengislaga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í þriðja lagi er málið höfðað með ákæru III, dagsettri 18. ágúst 1975, á hendur: 1. Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, 2. Niels Jónssyni, Hlíðarvegi 26, Ísafirði, fæddum þar í bæ 27. febrúar 1954, 3. Erni Jónssyni, Sundstræti 35 A, Ísafirði, fæddum þar í bæ 29. mars 1953, 4. Kristjáni Sveinbjörnssyni, Aðalstræti 22, Ísafirði, fæddum þar í bæ 21. maí 1948, 5. Ólafi Inga Ingimundarsyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum í Reykjavík 15. júlí 1950, 6. Braga Jónssyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum þar í bæ 15. desember 1947, fyrir eftirtalin brot:

I.

Ákærða Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa skömmu eftir miðjan marsmánuð 1974 brotist inn í kortaklefa m/b Fagraness í Ísafjarðarhöfn og stolið þar úr lyfjakistu 6 glösum af morfíni ásamt tilheyrandi sprautum.

Enn fremur aðfaranótt sunnudagsins 23. júní 1974 farið um borð í m/b Víking II., m/b Guðnýju og m/b Fagranes í Ísafjarðarhöfn, þar sem ákærði hugðist stela morfíni, en hann varð frá að hverfa án þess að finna nokkuð.

II.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Niels Jónssyni er gefið að sök að hafa skömmu eftir miðjan marsmánuð 1974 brotist inn í kortaklefa m/b Víkings II. í Ísafjarðarhöfn og stolið þar 6 sprautuhylkjum af morfíni.

III.

Ákærðu Árna Guðmundssyni, Niels Jónssyni og Erni Jónssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt mánudagsins 17. júní 1974 farið um borð í m/b Þrist við bryggju í Hnífsdal og stolið þar lyfjakistu úr björgunarbáti og poka með neyðarblysum, en lyfjakistan hafði að geyma m. a. 6 sprautuhylki af morfíni.

IV.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Erni Jónssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1974 farið um borð í breskan togara í Ísafjarðarhöfn og stolið þar pappahólk, sem innihélt m. a. sex sprautuhylki af morfíni.

V.

Ákærðu Árna Guðmundssyni og Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 20. október 1974 brotist inn í klefa skipstjórans á m/b Flosa í bátahöfninni á Ísafirði og stolið þar sex sprautuhylkjum af morfíni úr lyfjakistu bátsins.

VI.

Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa föstudaginn 20. júní 1975 stolið átta glösum af morfíni í sjúkraskýlinu á Bolungarvík.

VII.

Ákærða Niels Jónssyni er gefið að sök að hafa snemma í júnímánuði 1974 stolið gúmmíbjörgunarbáti, köfunartækjum og neyðarblysum um borð í hraðbáti í Ísafjarðarhöfn.

VIII.

Ákærðu Ólafi Inga Ingimundarsyni og Braga Jónssyni er gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í Orra í Ísafjarðarhöfn og stolið þar sex glösum af morfíni, þremur sprautum og glasi með ópíumtöflum.

IX.

Ákærða Ólafi Inga Ingimundarsyni er gefið að sök að hafa sunnudaginn 24. mars 1974 farið um borð í m/b Víking III. í Ísafjarðarhöfn og stolið þar sex glösum af morfíni.

Þykir ákæruvaldinu allir framangreindir verknaðir ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en verknaður, sem lýst er í ákærulið I, síðari málsgrein, þykir varða við 244. gr., sbr. 20. gr. nefndra laga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í fjórða lagi er málið höfðað með ákæru IV, dagsettri 27. ágúst 1975, á hendur Þresti Jónssyni sjómanni, Hlíðarvegi 26, Ísafirði, fæddum 24. apríl 1957 á Flateyri, Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og Ólafi Inga Ingimundarsyni, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, fæddum 15. júlí 1950 í Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 2598, þ. e. ákærði Ólafur Ingi skamman spöl eftir Skólagötu á Ísafirði, er bifreiðinni var ýtt í gang, ákærði Árni þaðan að Ósbrú og ákærði Þröstur þaðan í Miðtún, þar sem aksturinn var stöðvaður af lögreglu.

Telur ákæruvaldið háttsemi allra ákærðu varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Gegn ákærða Þresti er málið enn fremur höfðað fyrir eftirgreind brot:

I. Fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 2. nóvember 1974 bifreiðinni Í 597 um götur á Ísafirði án þess að sinna stöðvunarmerkjum lögreglu og á allt að 100 km hraða miðað við klst. á Hafnarstræti, en hálka og myrkur var á.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 3. mgr. 38. gr., 49. gr., 1. og 3. mgr., stafliði a, b og i, og 1. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

II. Fyrir að aka undir áhrifum áfengis um og eftir miðnætti aðfaranótt mánudagsins 7. apríl 1975 bifreiðinni R 2598 um götur á Ísafirði og í Hnífsdal og aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1975 bifreiðinni Í 597 af Hlíðarvegi inn á Túngötu.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar,

til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í fimmta lagi er málið höfðað með ákæru V, dagsettri 29. október 1975, á hendur Kristjáni Sveinbjörnssyni, Aðalstræti 22, Ísafirði, fæddum þar í bæ 21. maí 1948, Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, Gunnari Atla Överby, Hlíðarvegi 51, Ísafirði, fæddum 26. október 1952 í Florö, Noregi, og Hirti Júlíussyni, Fjarðarstræti 4, Ísafirði, fæddum 10. ágúst 1950 á Akranesi, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Tékkasvik.

Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa á árinu 1974 gefið út eftirgreinda tékka á ávísanareikning sinn nr. 1021 við Landsbanka Íslands, útibúið Ísafirði, án þess að nóg innstæða væri fyrir hendi á reikningnum, og notað síðan tékkana í viðskiptum í Reykjavík, nema annars verði getið, með eftirgreindum hætti:

1. A Nr. 550421, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 27. september 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Olíufélaginu h/f.

2. A Nr. 19673, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 2. október 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af ákærða sjálfum.

3. A Nr. 556450, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 3. október 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af ákærða sjálfum.

4. A Nr. 636342, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 21. desember 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Landssímastöðinni á Akureyri.

5. A Nr. 641429, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á tóbaksvörum á Reykjavíkurflugvelli.

6. A Nr. 641430, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

7. A Nr. 641431, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, sama notkun og greinir í 6. lið.

8. A Nr. 641432, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borgartúni 32.

9. A Nr. 641433, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember

1974, útgefinn til Hótels Esju til greiðslu á veitingum eða annarri þjónustu.

10. A Nr. 641434, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður í viðskiptum við veitingahúsið Útgarð h/f.

11. A Nr. 631437, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsibæ.

12. A Nr. 641440, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 20. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

13. A Nr. 641441, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

14. A Nr. 641442, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borgartúni 32.

15. A Nr. 631443, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

16. A Nr. 641444, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 30. desember 1974, óljóst um notkun tékkans, sem framseldur er í banka af Gúmmívinnustofunni h/f, Skipholti 35.

17. A Nr. 641445, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

18. A Nr. 641447, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

19. A Nr. 641448, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum á Röðli.

20. A Nr. 641449, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 31. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

21. A Nr. 641450, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31. desember 1974, notaður til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

Telur ákæruvaldið háttsemi ákærða Kristjáns, sem að framan er rakin, varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Þjófnaðarbrot.

1. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni og Árna Guðmundssyni er í félagi gefið að sök að hafa þriðjudagsnóttina 1. apríl 1975 brotist inn í húsakynni Félagsbakarísins á Ísafirði og stolið þar kr. 1.900 í peningum, nokkru magni af konfekti, peningakassa með smámynt og reikningum og fjórum 50 kg sekkjum af strásykri.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

2. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa, sunnudagskvöldið 20. júlí 1974 brotist inn í Niðursuðuverksmiðjuna h/f, Torfnesi, Ísafirði, og stolið þar tveim kössum af frystri rækju.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

3. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er gefið að sök að hafa þriðjudaginn 12. ágúst 1975 stolið úr bifreiðinni G 7764, sem stóð fyrir utan Björnsbúð á Ísafirði, tveim flöskum af áfengi.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

4. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni og Gunnari Atla Överby er í félagi gefið að sök að hafa mánudagsnóttina 22. september 1975 brotist inn í Íshúsfélag Ísfirðinga h/f og stolið þar úr kjötgeymslu einum dilkaskrokk, einu nautslæri og tveimur kindahausum.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5. Ákærðu Kristjáni Sveinbjörnssyni, Hirti Júlíussyni og Gunnari Atla Överby er í félagi gefið að sök að hafa mánudagsnóttina 6. október 1975 reynt að brjótast í þjófnaðarskyni inn í áfengisútsöluna við Aðalstræti á Ísafirði, þar sem lögreglumenn komu að þeim, þar sem þeir höfðu tekið loftspjald úr glugga í kjallara hússins, og handtók þá.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

6. Ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni er svo loks gefið að sök að hafa í septembermánuði 1975 slegið eign sinni á kr. 30.000 í peningum, sem ákærði fann á götu við Esso-Nesti á Ísafirði, og eytt þeim að hluta í eigin þarfir, áður en lögreglumönnum tókst að leggja hald á peningana.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 246. gr. almennra hegningarlaga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Í sjötta lagi er málið höfðað með ákæru VI, dagsettri 10. nóvember 1975, á hendur:

1. Má Óskarssyni, Aðalstræti 42, Ísafirði, fæddum þar í bæ 8. okt. 1954,

2. Árna Guðmundssyni, Aðalstræti 12, Ísafirði, fæddum þar í bæ 6. mars 1954, og
3. Hirti Júlíussyni, Sólgötu 9, Ísafirði, fæddum á Akranesi 10. ágúst 1950, fyrir eftirgreind brot:

I. A.

Ákærða Má Óskarssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudagsins 29. september 1974 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Í 796 frá Ísafirði áleiðis til Bolungarvíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans fyrir utan Búð í Hnífsdal.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

I. B.

Ákærða Má er gefið að sök að hafa aðfaranótt föstudagsins 30. ágúst 1974 brotist inn í raftækjaverslunina Neista í Hafnarstræti á Ísafirði og stolið þar lítilli talstöð. Einnig síðar sömu nótt inn á raftækjaverkstæðið Raf, en ákærði hvarf þaðan án þess að taka nokkuð.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, síðara tilvikið, sbr. 20. gr. sömu laga.

I. C.

Ákærða Má er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 8. október 1974 brotist ásamt piltinum Benedikt Skúlasyni inn í apótekið á Ísafirði og stolið þar 2—3 þúsund krónum í peningum og nokkru af lyfjum.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt laugardagsins 7. júlí 1973 brotist inn í stýrishúsið á m/b Gissuri hvíta í Ísafjarðarhöfn og stolið þar haglabyssu og riffli.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærða Hirti Júlíussyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 undir áhrifum áfengis ekið vörubifreið, sem Rafveita Ísafjarðar á, víðsvegar um götur Ísafjarðar.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga.

IV.

Ákærðu Má Óskarssyni og Árna Guðmundssyni er gefið að sök að hafa fimmtudaginn 18. janúar 1973 brotist inn í Alþýðuhúsið á Ísafirði og stolið þar peningum, kr. 34.000, og litlum peningakassa.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu Má Óskarssyni og Hirti Júlíussyni er gefið að sök að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brotist inn í káetu, lest, brú og eldhús í m/s Fagranesi í Ísafjarðarhöfn og stolið þar 47 flöskum af áfengi, sem áttu að fara með skipinu til Þingeyrar, 5—7 þúsund krónum í peningum, 5—6 kartonum af vindlingum og nokkru af öli og sælgæti.

Telur ákæruvaldið þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Krefst ákæruvaldið þess, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar og ákærðu Már Óskarsson og Hjörtur Júlíusson enn fremur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Ákærðu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna og hafa sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1. Ákærði Árni Guðmundsson:
   1973 20/8 á Akureyri: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
   1973 3/3 á Ísafirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 3. mgr. 73. gr. lögreglusamþykktar Ísafjarðar.
   1973 7/5 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
   1973 19/11 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
2. Ákærði Már Óskarsson:
   1971 30/11 á Ísafirði: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 257. gr. laga nr. 19/1940 og 21. gr. áfengislaga.
   1971 30/11 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 60. gr. umferðarlaga.
   1972 24/3 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 10/5 á Ísafirði: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 3. gr., sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 105/1936 um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum o. fl., sbr. lög nr. 69/1936.
1972 13/7 á Ísafirði: Sátt, 2.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

3. Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson:
1972 9/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga, 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 18/2 1974, dómsbirting.

4. Ákærði Niels Jónsson:
1971 10/11 á Ísafirði: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., 1. og 2. mgr. 50. gr. umfreðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 1. nóvember 1971.
1972 18/3 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 22/3 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
1972 26/4 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1973 7/5 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

5. Ákærði Örn Jónsson:
1971 á Ísafirði: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26/3 1971.
1971 18/10 á Ísafirði: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 21/3 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

6. Ákærði Kristján Sveinbjörnsson:
1966 28/4 á Ísafirði: Áminning fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.
1969 22/10 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mánuði frá 24/11 1969.
1969 4/9 á Ísafirði: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 51., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

1970 3/12 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1973 26/1 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 26/1 1973.

7. Ákærði Bragi Jónsson:
1965 í S.-Múlasýslu: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1965.
1967 15/12 á Ísafirði: Dómur: 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá dómsbirtingu. Greiði Báru h/f, Eskifirði, skaðabætur, kr. 27.292.
1969 5/12 á Ísafirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1974 21/2 á Ísafirði: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 24/7 1973.
8. Ákærði Þröstur Jónsson:
Hefur hvorki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.
9. Ákærði Gunnar Atli Överby:
1969 17/9 á Ísafirði: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1969 17/9 á Ísafirði: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1971 26/5 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1971 16/6 á Ísafirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 5/6 á Ísafirði: Sátt, 900 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1972 4/10 í Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
10. Ákærði Hjörtur Júlíusson:
1967 29/5 á Akranesi: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1973 á Ísafirði: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8/3 1973.

Málavextir.

Ákæra I.

Að morgni föstudagsins 22. júní 1973 hringdi Friðjón Guðmundsson, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, til lögreglunnar á Ísafirði og óskaði lögregluaðstoðar vegna dráttarvélarþjófnaðar. Kvað hann ölvaða menn frá Ísafirði hafa stolið frá sér dráttarvél og ekið henni inn með Súgandafirði, en hann hefði elt mennina í bifreið og náð þeim og tekið af þeim dráttarvélina. Lögreglumenn fóru á móti Friðjóni og mættu honum í Botni í Súgandafirði, þar sem hann var með öðrum manni, og höfðu þeir meðferðis fjóra menn frá Ísafirði, sem stolið höfðu dráttarvélinni. Voru það ákærðu Árni Guðmundsson og Már Óskarsson ásamt Páli Sigurðssyni úr Reykjavík og Reyni Erni Eiríkssyni úr Kópavogi. Við yfirheyrslu í sakadómi sama dag viðurkenndu ákærðu ásamt Páli Sigurðssyni að vera valdir að dráttarvélarþjófnaðinum. Kváðust þeir hafa verið við drykkju í húsi á Suðureyri nóttina áður, en þangað hefðu þeir farið með leigubifreið. Þeir hefðu svo um nóttina gengið inn Súgandafjörð og séð þá dráttarvél. Hefðu þeir komið sér saman um að taka vélina traustataki, utan Reynir Örn, sem ekki hefði viljað taka þátt í athæfi þessu. Hefðu þeir síðan tengt saman kveikjuþræði vélarinnar og síðan ekið af stað inn fjörðinn. Kváðu þeir ákærða Má hafa ekið, en töldu jafnframt, að ákærði Árni hefði ekið lítils háttar, en þeir þrír hefðu hjálpast að því að setja vélina í gang. Þeim félögum var tekið blóð til alkóhólmælingar, og reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða Árna vera 1.57‰, en í blóði ákærða Más 0.39‰.

Friðjón Guðmundsson krafðist skaðabóta fyrir dráttarvélina, kr. 2.500, og samþykktu ákærðu ásamt Páli Sigurðssyni þá kröfu.

Ákæra II.

1. liður.

Klukkan 0235 sunnudaginn 12. ágúst 1973 var óskað aðstoðar að Ásgarði 7, Garðahreppi. Sá, sem óskaði aðstoðar, var Einar Siggeirsson, s. st., og var það vegna þess, að rétt áður hafði bifreið hans, R 10106, verið sett í gang og ekið af stað, en hann náð að hindra frekari akstur, þegar bifreiðinni hafði verið ekið um 50 metra.

Sagði Einar tvo unga pilta hafa verið í bifreiðinni, greinilega undir áhrifum áfengis, og hefðu þeir hlaupið frá sér og horfið sér sjónum. Hefði sá, sem sat undir stýri, verið dökkhærður, síðhærður og í lopapeysu.

Vindrúða í hægri framhurð bifreiðarinnar reyndist hafa verið brotin til að komast inn í bifreiðina, en í henni fundust lyklar, sem gengu að kveikjulás hennar, og kvaðst Einar ekki eiga lykla þessa. Þá fannst skilríkjalaus jakki í bifreiðinni.

Var þegar tekið að svipast um eftir piltum þessum, og fundust þeir síðar um nóttina við húsið nr. 4 við Hraunhóla í Garðahreppi. Er lögreglumenn komu að húsinu, hljóp sá, sem klæddur var þverröndóttu peysunni, á hrott og hvarf, en hinn, sem var áberandi ölvaður, var fluttur til yfirheyrslu á lögreglustöð. Kvaðst piltur þessi heita Heimir Guðjónsson, til heimilis að Hraunhólum 4, Garðahreppi. Neitaði hann í fyrstu að svara spurningum, en kvað þann, sem með sér hefði verið, heita Ólaf Inga Ingimundarson, Faxatúni 26, Garðahreppi, með aðsetri að Hnífsdalsvegi 8, Hnífsdal. Síðar viðurkenndi Heimir að hafa verið í bifreiðinni R 10106 fyrr um nóttina.

Klukkan 1100 sama dag mætti til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði Ólafur Ingi Ingimundarson, Hnífsdalsvegi 8, Ísafirði, ákærði í máli þessu. Kvaðst hann hafa verið við vínđrykkju hjá Heimi Guðjónssyni að Hraunhólum 4 kvöldið áður. Hafi þeir Heimir drukkið úr tveim flöskum af ákavíti og hafi þeir verið orðnir blindfullir, er þeim datt í hug að fara út. Kvaðst ákærði lítið muna eftir ferðum þeirra, en þó hefðu þeir ætlað að fá sér leigubíl, sem þeir hefðu þó ekki fengið. Næst kveðst ákærði muna eftir sér heima hjá Heimi og hafi hann þá séð hvíta lögreglubifreið og þá hlaupið í burtu, sjálfsagt af því að hann hafi vitað sig hafa gert eitthvað af sér. Síðar hafi hann svo farið heim til Heimis og sofnað þar. Hafi hann þá verið jakkalaus og ekki vitað, hvar hann týndi honum. Ákærða var sýndur jakkinn, sem fannst í bifreiðinni R 10106, og kvaðst hann eiga jakkann, en kvaðst ekki þekkja lyklana, sem fundust í bifreiðinni. Ekki sagðist ákærði muna eftir að hafa brotist inn í bifreiðina, en kvað það geta verið, þar eð hann hafi verið mikið fullur.

Sama dag kl. 1420 mætti Heimir Guðjónsson til yfirheyrslu. Greindi hann svo frá, að þeir, hann og ákærði, hefðu nóttina áður brotið rúðu í hvítri Cortina bifreið utan við húsið Ásgarð 7, Garðahreppi. Báðir hefðu þeir verið mikið ölvaðir. Kvað Heimir sig minna, að Ólafur hefði brotið litla hliðarrúðu og þannig opnað bifreiðina. Lykla kvaðst Heimir hafa fundið í litlum kassa í hólfi bifreiðarinnar og hefðu þeir gengið að svissinum. Ólafur hafi sest undir stýri, ræst bifreiðina og síðan ekið nokkra metra, uns eig-

andi bifreiðarinnar hafi komið og stöðvað þá. Taldi Heimir þá og hafa farið inn í aðra bifreið við Löngufit, en hún hafi ekki farið í gang, en Ólafur hafi stýrt henni.

Ákærði Ólafur Ingi var enn yfirheyrður sama dag. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa ekið bifreiðinni R 10106, en kvaðst ekki efast um að hafa gert það, þar eð Heimir segði það. Ítrekaði ákærði, að hann hefði verið mikið drukkinn og kvaðst ekki muna atburðarás næturinnar. Kvaðst hann samþykkja að greiða helminginn af 2.000 kr. skaðabótakröfu eiganda nefndrar bifreiðar.

Ákærði kom fyrir rétt í sakadómii Ísafjarðar hinn 18. febrúar 1974 og staðfesti þá lögregluskýrslur um málið í öllum atriðum og kvaðst engu hafa við að bæta. Skaðabæturnar kvaðst hann þó eigi hafa greitt ennþá.

2. liður.

Klukkan 0330 laugardaginn 18. ágúst 1973 voru lögreglumenn á Ísafirði á eftirlitsferð. Á Sundstræti urðu þeir varir við bifreið, sem ekið var niður fyrir sláturhús KÍ, og virtist sem reyna ætti að fela bifreiðina. Þegar hafa átti tal af ökumanninum, ók hann fram hjá lögreglumönnunum á töluverðri ferð og sinnti engum stöðvunarmerkjum. Var honum veitt eftirför, og náðist hann skömmu síðar. Reyndist bifreiðin vera Í 197 og ökumaður hennar Ólafur Ingi Ingimundarson, ákærði, og hafði hann stolið bifreiðinni skömmu áður við húsið nr. 20 við Túngötu. Eigandi bifreiðarinnar sótti hana skömmu síðar og sagði hana óskemmda. Hafði bifreiðin verið opin og með kveikjuláslyklum í, þegar ákærði tók hana. Kvað ákærði þá Má Óskarsson og Árna Guðmundsson hafa verið með sér, þegar hann tók bifreiðina, en hann var einn á ferð, þegar hann var tekinn. Tekin var af ákærða skýrsla um meinta ölvun við akstur, og einnig var honum tekið blóð til alkóhólrannsóknar. Samkvæmt þeirri skýrslu kvaðst hann hafa drukkið margar tegundir af áfengi fyrir aksturinn í Félagsheimilinu í Hnífsdal og kvaðst einnig hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði kom fyrir rétt í sakadómi 16. nóvember 1973 og staðfesti þá lögregluskýrslur um málið og kvað þær réttar. Kvaðst hann og hafa tekið bifreiðina Í 197 traustataki og ekið henni sem leið liggur vestur Túngötu, suður Hafnarstræti og Aðalstræti og síðan beygt inn á Sundstræti, þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn. Var ákærði sviptur ökuleyfi til bráðabirgða. Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera 1.86‰.

3. liður.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 30. ágúst 1973, var ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson staddur í apótekinu á Ísafirði þann sama dag og veittist þá að konu, sem þar var, með ósæmilegu orðbragði. Spurði hann konuna m. a. að því, hvort hún væri að fá pilluna fyrir dóttur sína, 14 ára gamla, og lét þess og getið, að fólk þetta ætti bágt, sem borgin sæi fyrir. Konan spurði þá ákærða, hvort hann væri að tala við sig, og kvað hann það vera. Sló þá konan ákærða utanundir, og gerði ákærði sig þá líklegan til að slá konuna, en gengið var á milli. Krafðist konan skaðabóta og eins þess, að ákærði yrði látinn sæta refsingu. Fyrir rétti hinn 31. ágúst 1973 viðurkenndi ákærði að hafa verið að gantast eitthvað við konu þessa, en mundi lítið, hvað þeim hafði farið á milli, nema hvað konan hefði slegið sig í andlitið. Skaðabætur neitaði ákærði að greiða vegna atviks þessa.

4. liður.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 2. febrúar 1974, var óskað aðstoðar að Hótel Esju vegna ölvaðs manns. Var þar handtekinn mjög áberandi ölvaður maður, sem reyndist vera ákærði.

Ákæra III.

I. liður.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Ísafirði, dagsettri 3. apríl 1974, kvaðst Árni Guðmundsson, ákærði samkvæmt þessum ákærulið, hafa brotist inn í m/s Fagranes, þar sem það lá í Ísafjarðarhöfn. Hefði þetta verið í kringum 18. mars s. á. og hefði Árni Pétur Guðjónsson verið með sér. Þeir hefðu farið inn um glugga í brú skipsins stjórnborðsmegin, en síðan inn í kortaklefa skipsins, þar sem meðalakassi skipsins var geymdur, og hefðu lyklarnir staðið í skránni. Hefðu þeir tekið úr kassanum 6 morfínglös, sem þeir síðan hefðu farið með til Bolungarvíkur og neytt þar. Ákærði staðfesti framanritað fyrir rétti hinn 3. apríl 1975. Kvaðst ákærði þá ekki geta sagt til um, hvor þeirra Árna Péturs hafi átt hugmyndina að innbrotinu.

Hinn 24. júní 1974 gaf ákærði Árni skýrslu hjá lögreglu, þar sem hann kannaðist við að hafa aðfaranótt sunnudagsins 23. júní s. á. að afloknum dansleik farið um borð í m/b Víking II. Kvaðst hann hafa tætt upp gúmmíbátinn og tekið upp lyfjakassann, en komist að raun um, að ekkert morfín var í honum. Hafi hann þá haldið yfir í m/b Guðnýju, en þar hafi sama sagan endurtekið sig.

Loks hafi hann farið um borð í m/b Fagranes, losað lokið af kistunni utan um gúmmíbátinn og farið að skera upp seglið utan af bátnum. Í þann mund hafi komið bíll, og kvaðst ákærði þá hafa falið sig bak við kistuna, en síðan haldið á brott.

Fyrir rétti hinn 3. apríl 1975 staðfesti ákærði það, sem hér að framan greinir. Taldi hann sig hafa valdið talsverðum skemmdum á björgunarbátum m/b Víkings II. og m/b Guðnýjar, en taldi sig ekki hafa skemmt bátinn í m/b Fagranesi. Kvaðst hann reiðubúinn að bæta það tjón, sem hann hefði valdið, eftir því sem geta stæði til.

II. liður.

Ákærðu Árni Guðmundsson og Niels Jónsson brutust inn í m/b Víking II. í Ísafjarðarhöfn. Fyrir rétti hinn 3. apríl 1975 kannaðist ákærði Árni við innbrot þetta og taldi sig hafa átt hugmyndina að innbrotinu. Hafi þeir Niels verið drukknir í þetta sinn. Kvaðst ákærði Árni hafa verið á skipinu áður og hafa vitað af lyfjakistu í brú þess.

Ákærði Niels Jónsson kom fyrir rétt hinn 4. apríl 1975. Kvað hann þá Árna hafa brotið rúðu í stýrishúsi m/b Víkings II. og þeir skriðið síðan báðir inn. Hefðu þeir farið í lyfjakistu skipsins og tekið þaðan 6 sprautuhylki af morfíni. Síðan hafi verið farið heim til föður Árna og þaðan út í Heimabæ í Hnífsdal, þar sem morfínsins var neytt.

III. liður.

Aðfaranótt hins 17. júní 1974 fóru þeir ákærðu Árni Guðmundsson, Niels Jónsson og Örn Jónsson um borð í m/b Þrist, þar sem báturinn lá í Ísafjarðarhöfn. Datt ákærðu í hug að ná sér í morfín úr björgunarbáti m/b Þrists. Fór ákærði Árni upp á stýrishús m/b Þrists og tók björgunarbátinn upp úr kistu, sem hann var geymdur í, og rétti þeim Erni og Niels. Ristu þeir bátinn upp á þilfari m/b Þrists. Tóku þeir lyfjakistu björgunarbátsins og fóru með hana upp að Ísfirðingi og opnuðu hana þar. Í kistunni voru m. a. sex túbur af morfíni, sem ákærðu skiptu á milli sín. Héldu þeir síðan að Austurvegi 14, þar sem þeir reyndu að nota morfínið. Skömmu síðar voru þeir reknir út. Fóru þá ákærðu Árni og Niels með leigubíl niður að höfn og fóru aftur um borð í m/b Þrist. Köstuðu þeir björgunarbátnum í sjóinn. Poka með neyðarblysum, sem þeir tóku úr m/b Þristi, settu ákærðu í farangursgeymslu leigubílsins. Síðar gáfu þeir bílstjóranum blysin.

IV. liður.

Aðfaranótt sunnudagsins 30. júní 1974 fóru ákærðu Árni Guðmundsson og Örn Jónsson um borð í breskan togara í Ísafjarðarhöfn. Um borð í togaranum tóku þeir pappahólk og höfðu með sér í land. Í pappahólk þessum reyndust m. a. vera sex sprautuhylki af morfíni ásamt einhverju af pillum. Neyttu ákærðu morfínsins að Aðalstræti 22.

V. liður.

Sunnudaginn 20. október 1974 var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um innbrot í m/b Flosa, sem lá í bátahöfninni. Hafði morfíni verið stolið úr lyfjakistu skipsins. Sama dag hafðist upp á þjófunum, sem reyndust vera ákærðu Árni Guðmundsson og Kristján Sveinbjörnsson. Viðurkenndu þeir að hafa um nóttina farið um borð í m/b Flosa og stolið þaðan sex sprautuhylkjum af morfíni. Hefðu þeir sprengt upp hurð fyrir klefa skipstjórans. Síðan hefðu þeir opnað skúffu í klefanum og tekið morfínið þaðan. Þeir hefðu síðan neytt fjögurra skammta heima hjá föður Kristjáns, en tveim skömmtum skiluðu þeir aftur.

VI. liður.

Föstudaginn 20. júní 1975 var ákærði Kristján Sveinbjörnsson á ferð í Bolungarvík. Fór hann þá m. a. í sjúkraskýlið á staðnum þeirra erinda að verða sér úti um lyfseðil. Þar eð enginn var í sjúkraskýlinu, en húsið opið, gekk ákærði inn. Fór hann inn á lækningastofuna og úr kæliskáp, sem þar var, tók hann kassa með átta glösum af morfíni. Hafði ákærði síðan samband við læknirinn á staðnum, sem neitaði ákærða um umbeðinn lyfseðil. Hélt hann að því búnu til Ísafjarðar, og þar neytti hann tveggja skammta af morfíni ásamt öðrum, eftir að hann hafði orðið sér úti um sprautu í þeim tilgangi.

VII. liður.

Að morgni sunnudagsins 9. júní 1974 varð þess vart, að trillubátur var á reki yfir undir svonefndum Básum. Við athugun kom í ljós, að utan Sundahafnar var á reki mannlaus gúmmíbátur, og voru í honum loftkútar, köfunarlunga og sundfit. Þekkti lögreglumaður, sem athugaði málið, hluti þessa sem sína eign. Höfðu þeir verið teknir úr hraðbáti lögreglumannsins, en þaðan höfðu og verið teknir tveir eldsneytistankar. Þegar trillan, sem áður getur, var sótt, fundust eldsneytistankarnir í henni. Síðar kom á dag-

inn, að ákærði Niels Jónsson hafði tekið hluti þessa úr hraðbátnum í því skyni að kafa. Setti hann köfunartækin í árabát, sem var bundinn skammt frá, og reri síðan út fyrir grjótgarðinn. Ekki tókst köfunin sem skyldi, og fór þá ákærði upp í bátinn aftur. Henti ákærði gúmmíbátnum í sjóinn og blés hann upp. Setti hann síðan köfunartækin í gúmmíbátinn og reri honum að garðinum og fór þar í land, en hafði með sér tvö neyðarblys.

VIII. liður.

Samkvæmt framburði ákærða Braga Jónssonar í lögregluskýrslu fóru þeir hann og ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson um borð í m/b Orra hinn 24. mars 1974. Tóku þeir þar úr lyfjaskúffu sex glös af morfíni, þrjár sprautur og glas með ópíumpillum. Ákærði Ólafur Ingi hefur og borið að hafa átt þátt í þjófnaði úr m/b Orra ásamt ákærða Braga og Árna Pétri Guðjónssyni.

IX. liður.

Samkvæmt framburði ákærða Ólafs Inga, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, fór hann um borð í m/b Víking III. hinn 24. mars 1974. Var stolið þaðan sex glösum af morfíni úr skúffu í bestikki skipsins. Morfínsins var síðan neytt í Hnífsdal.

Ákæra IV.

Um kl. 0500 aðfaranótt miðvikudagsins 9. apríl 1975 varð lögreglumaðurinn, sem var nýkominn heim af vakt, var við, að bifreiðinni R 2589 var ekið inn Seljalandsveg, og var hún ljóslaus. Veitti lögreglumaðurinn bifreiðinni eftirför, þegar henni var ekið til baka um Seljalandsveg og Miðtún. Hafði hann tal af ökumanninum, sem var ákærði Þröstur, og lagði áfengislykt frá vitum hans. Kvað Þröstur ákærða Árna hafa ekið bifreiðinni inn Seljalandsveg, og játaði Árni því. Þá kvað Árni ákærða Ólaf Inga hafa gangsett bifreiðina og ekið henni fyrstu metrana, en ákærði Árni þá tekið við og ekið inn í fjörð. Allir báru ákærðu ölvunareinkenni og voru því færðir á varðstofu, þar sem þeim var tekið blóð. Þá voru og teknar af þeim skýrslur um meinta ölvun við akstur, þar sem þeir viðurkenndu að hafa verið við drykkju að Skúlagötu 10 um nóttina. Hefðu þeir drukkið eina flösku af brennivíni og fundið til áfengisáhrifa við aksturinn.

Ákærði Þröstur kom fyrir rétt hinn 25. apríl 1975 og staðfesti þá framanritað. Kvað hann þá ákærðu hafa ákveðið að fara á bifreið ákærða Ólafs Inga, R 2598. Hefðu hann og ákærði Árni

ýtt bifreiðinni, þar sem hún hafi ekki farið í gang, en ákærði Ólafur Ingi hafi setið undir stýri. Hafi bifreiðin þá farið í gang. Ákærði Árni hafi þá tekið við akstrinum og ekið sem leið liggur um Hafnarstræti og inn Seljalandsveg að Brúarnesti. Þar hafi hann, Þröstur, tekið við og ekið út Seljalandsveg og niður í Túnin, sem fyrr er rakið. Var ákærði í þessu þinghaldi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en hann kvaðst hafa álitið sig án ökuréttinda frá 7. apríl 1975, að hann afhenti lögreglunni ökuskírteini sitt.

Ákærðu Ólafur Ingi og Árni komu fyrir rétt hinn 17. maí 1975. Kvaðst ákærði Ólafur Ingi ekki muna eftir því að hafa sest undir stýri bifreiðarinnar, meðan henni var ýtt í gang. Taldi hann sig hafa sest inn í bifreiðina í umrætt sinn, en síðan sofnað.

Ákærði Árni greindi frá á sama hátt og ákærði Þröstur. Kvað hann ákærða Ólaf Inga hafa setið undir stýri, meðan bifreiðinni var ýtt í gang. Þá viðurkenndi ákvæði Árni eigin akstur sem fyrr greinir. Var hann því sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Ákærði Ólafur Ingi kom því næst aftur fyrir rétt og var þá kynntur framburður ákærða Árna. Taldi hann framburð þeirra ákærðu Árna og Þrastar rangan ásamt því, sem greindi í lögregluskýrslum. Var ákærði Ólafur Ingi sviptur ökuleyfi til bráðabirgða í þessu þinghaldi.

Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsókna reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða Árna vera 2.66‰, ákærða Ólafs Inga 2.09‰ og ákærða Þrastar 1.78‰.

I.

Aðfaranótt laugardagsins 2. nóvember 1974 hafði lögreglan á Ísafirði afskipti af ákærða Þresti, sem þá var ökumaður bifreiðarinnar Í 597. Ók ákærði gegnt einstefnu á Silfurgötu, en gaf lögreglu þá skýringu á akstrinum, að hann væri að flýta sér upp á sjúkrahús vegna slasaðs farþega í bifreiðinni. Fékk hann þá að halda áfram. Síðar um nóttina hafði lögreglan enn afskipti af ákærða, er hann ók á mikilli ferð niður Eyrargötu. Var honum veitt eftirför, þar sem hann ók um Fjarðarstræti, Sólgötu og niður Hafnarstræti. Á móts við húsið nr. 7 við Hafnarstræti var ákærða gefið stöðvunarmerki, sem hann ekki sinnti, heldur ók inn á Hafnargötu og niður þá götu, en síðan upp Hafnarstræti. Reynt var að stöðva aksturinn með hljóð- og ljósmerkjum, en án árangurs. Á Hafnarstræti var hraði bifreiðarinnar mældur með því að halda jöfnu millibili milli bifreiðanna, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar þá 100 km hraða miðað við klukkustund. Var

þeim hraða haldið upp Hafnarstræti. Síðan var beygt inn Hlíðarveg og ekið út hann á mikilli ferð. Á móts við húsið nr. 26 við Hlíðarveg var hemlað, og stökk þá ökumaður ásamt eiganda bifreiðarinnar út úr henni, og hlupu þeir inn í húsið. Bifreiðin rann nokkra metra áfram, en stöðvaðist er hægra framhjól hennar lenti á gangstéttarbrún. Voru ekki höfð frekari afskipti af ökumanninum. Ákærði kannaðist við framanritað fyrir rétti hinn 25. apríl 1975, utan að hann kvað bifreiðina hafa verið stöðvaða, áður en hann fór út úr henni á Hlíðarvegi.

II.

Aðfaranótt mánudagsins 7. apríl 1975 veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni R 2598, sem ákærði Þröstur ók upp Hafnarstræti. Var bifreiðin stöðvuð og tal haft af ákærða, og lagði þá sterka áfengislykt frá vitum hans. Var hann því færður á varðstofu, þar sem tekin var af honum skýrsla um meinta ölvun við akstur, og einnig var honum tekið blóð til alkóhólmælingar. Kvaðst ákærði hafa drukkið ca 1 flösku af áfengi og hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Fyrir rétti kvaðst ákærði hafa ekið í þetta skipti frá Mánakaffi út í Hnífsdal. Þaðan til baka til Ísafjarðar. Hafi hann ekið niður Hafnarstræti niður á höfn, en síðan upp Hafnarstræti, uns lögreglumenn höfðu afskipti af honum. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1.88‰.

Aðfaranótt fimmtudagsins 8. maí 1975 komu lögreglumenn að bifreiðinni Í 597 við húsið nr. 20 við Túngötu. Höfðu þeir þar tal af eiganda bifreiðarinnar, og kvað hann ákærða Þröst sennilega hafa tekið bifreiðina við húsið nr. 26 við Hlíðarveg. Sást þá ákærði skammt frá, en tók til fótanna, þegar lögreglumenn hugðust hafa tal af honum. Hann náðist þó, og á varðstofu viðurkenndi hann að hafa tekið bifreiðina traustataki fyrir utan húsið nr. 26 við Hlíðarveg og ekið henni. Ákærða var því tekið blóð til alkóhólmælingar. Morguninn eftir var tekin af ákærða lögregluskýrsla. Samkvæmt henni kvaðst hann hafa tekið bifreiðina Í 597 fyrir utan húsið heima hjá sér að Hlíðarvegi 26 og tengt fram hjá svissinum og þannig komið bifreiðinni í gang. Síðan hefði hann ekið niður brekkuna milli Hlíðarvegar 24 og 26 og beygt inn á Túngötu. Á móts við Stebbabúð hefði bifreiðin drepið á sér og hefði þá eigandi bifreiðarinnar komið þar að. Kvaðst ákærði þá hafa hlaupið inn Túngötu, en rétt í því hafi lögreglan komið og náð sér. Ákærði kom fyrir rétt hinn 17. maí 1975 og neitaði þá að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn, þar eð hún hefði aldrei

farið í gang, en ákærði kvaðst hafa látið hana renni niður brekkuna. Þá kvaðst ákærði ekki hafa stolið bifreiðinni, en neitaði að svara, hvort hann hefði fengið hana lánaða. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa, þegar hann lét bifreiðina renna. Einnig neitaði ákærði að hafa tengt saman fram hjá svissinum. Samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða 1.81‰.

Ákæra V.

I. Tékkasvik.

Ákærði Kristján Sveinbjörnsson gaf út og notaði á árinu 1974 samtals 21 tékka, alla, utan tvo, til handhafa og alla til greiðslu úr ávísanareikningi sínum nr. 1021 í Landsbanka Íslands, Ísafirði, en innstæða fyrir tékkunum reyndist eigi nóg.

Tékkarnir fengust því eigi innleystir og voru sendir Seðlabanka Íslands til innheimtu, en Seðlabankinn fór þess síðan á leit, að málið yrði tekið til opinberrar meðferðar. Ákærði kom fyrir rétt hinn 11. apríl 1975 og gerði þá grein fyrir umræddum tékkum eftir því sem hann mundi og hér á eftir verður rakið.

1. A Nr. 550421, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 27. september 1974, framseldur af Olíufélaginu h/f. Ákærði mundi ekki, til hvers tékki þessi var notaður.

2. A Nr. 19673, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 2. október 1974, framseldur í banka af ákærða sjálfum, sem ekki mundi, til hvers andvirði hans var notað.

3. A Nr. 556450, að fjárhæð kr. 10.000, dagsettur 3. október 1974, framseldur í banka af ákærða sjálfum, sem ekki mundi, til hvers andvirði hans var notað.

4. A Nr. 636342, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 21. desember 1974, framseldur í banka af landssímastöðinni á Akureyri. Ákærði mundi ekki, til hvers tékkinn var notaður.

5. A Nr. 641429, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á tóbaksvörum á Reykjavíkurflugvelli, en mismuninn hefði hann fengið greiddan í peningum.

6. A Nr. 641430, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 28. desember 1974. Tékkann kvaðst ákærði að líkindum hafa notað til staðgreiðslu á veitingum á Hótel Esju.

7. A Nr. 641431, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Sama notkun og greinir í 6. lið.

8. A Nr. 641432, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember

1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Borgartúni 32.

9. A Nr. 641433, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Útgefinn til Hótels Esju til greiðslu á veitingum eða þjónustu.

10. A Nr. 641434, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsibæ.

11. A Nr. 641437, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 28. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Glæsibæ.

12. A Nr. 641440, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði gaf tékkann út til Hótels Esju til staðgreiðslu á veitingum eða þjónustu.

13. A Nr. 641441, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa staðgreitt veitingar með tékka þessum, sem framseldur er af Hótel Esju.

14. A Nr. 641442, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa staðgreitt veitingar í veitingahúsinu Borgartúni 32 með tékka þessum.

15. A Nr. 641443, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 29. desember 1974. Ákærði kvaðst hafa notað tékka þennan til staðgreiðslu á veitingum að Hótel Esju.

16. A Nr. 641444, að fjárhæð kr. 1.000, dagsettur 30. desember 1974. Tékkinn var framseldur í banka af Gúmmívinnustofunni h/f, Skipholti 35, en ákærði mundi ekki, til hvers tékkinn var notaður.

17. A Nr. 641445, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

18. A Nr. 641447, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

19. A Nr. 641448, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 30. desember 1974. Ákærði notaði tékkann til staðgreiðslu á veitingum í veitingahúsinu Röðli.

20. A Nr. 641449, að fjárhæð kr. 15.000, dagsettur 31. desember 1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

21. A Nr. 641450, að fjárhæð kr. 25.000, dagsettur 31. desember

1974. Ákærði taldi sig hafa notað tékkann til staðgreiðslu á veitingum og þjónustu á Hótel Loftleiðum.

Ákærði kvaðst reiðubúinn til að greiða fjárhæð tékkanna, jafnskjótt sem hann hefði fjárhagsgetu til þess. Enginn tékkanna hefur verið greiddur ennþá.

II. Þjófnaðarbrot.

1. Að morgni þriðjudagsins 1. apríl 1975 var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um innbrot í Félagsbakaríið á Ísafirði. Hafði verið farið inn um glugga á skúrbyggingu. Stolið hafði verið skiptimynt og fjórum 50 kg sekkjum af strásykri. Spor lágu frá Félagsbakaríinu að Skólagötu 10, sem er skammt frá. Kom á daginn, að þeir, sem valdir voru að innbrotinu, voru ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Árni Guðmundsson. Höfðu þeir verið að drykkju að Skólagötu 10 nóttina áður. Urðu þeir þá tóbakslausir og töluðu sig þá saman um að brjótast inn í Félagsbakaríið í leit að tóbaki, öli o. þ. u. l. Skreið ákærði Árni inn um glugga, eftir að hleri hafði verið tekinn úr, en opnaði síðan fyrir ákærða Kristjáni. Fóru þeir síðan um bakaríið og stálu þar u. þ. b. kr. 1.900 í skiptimynt, sælgæti og peningakassa með smámynt og reikningum. Þá stálu ákærðu og fjórum 50 kg pokum af strásykri. Fluttu ákærðu síðan þýfið yfir að Skólagötu 10 og földu það þar uppi á lofti. Fóru þeir því næst að sofa, en höfðu áður talað sig saman um að þræta fyrir verknaðinn, ef þeir yrðu yfirheyrðir.

2. Að kvöldi sunnudagsins 20. júlí 1975 fór ákærði Kristján Sveinbjörnsson inn í Niðursuðuverksmiðjuna h/f, Torfnesi, og stal þaðan frystri rækju. Var um að ræða tvo kassa af rækju, sem ákærði síðan seldi fyrir áfengi.

3. Mánudaginn 11. ágúst 1975 kl. 1740 var kært til lögreglunnar á Ísafirði yfir því, að skömmu áður hefði ákærði Kristján Sveinbjörnsson sést taka tvær flöskur af áfengi úr bifreið fyrir utan verslunina Björnsbúð. Hafði eigandi áfengisins skilið það eftir í bifreiðinni. Stuttu seinna sást ákærði taka pakka úr bifreiðinni og hlaupa síðan á brott. Náðist ákærði skömmu síðar, og var hann þá drukkinn og neitaði að hafa tekið áfengið. Var hann yfirheyrður nokkrum sinnum vegna þessa. Daginn eftir viðurkenndi ákærði að hafa stolið úr bifreiðinni tveimur flöskum af áfengi og skilaði hann áfenginu.

4. Sunnudagskvöldið 21. desember 1975 voru ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Gunnar Atli Överby að drykkju ásamt fleirum

að Eyrargötu 8, Ísafirði. Um miðnættið fóru ákærðu yfir að Hnífsdalsvegi 8, en einhvern tíma um nóttina fóru þeir þaðan að Ísfélagi Ísfirðinga h/f. Þar opnuðu þeir rennihurð og fóru síðan inn í frystigeymslu og stálu þaðan lambskrokk, nautslæri og tveim kindahausum. Þýfið fóru þeir með að Eyrargötu 8, en fluttu það síðan að Aðalstræti 22 og settu það þar í frystikistu.

5. Skömmu eftir miðnætti aðfaranótt mánudagsins 6. október 1975 var lögreglu tilkynnt um menn, sem voru að paufast bak við áfengisútsölu við Aðalstræti á Ísafirði. Lögreglumenn fóru á staðinn og fundu þá ákærðu Kristján Sveinbjörnsson og Hjört Júlíusson. Kváðust þeir vera að fela sig fyrir ákærða Gunnari Överby. Þarna á staðnum fannst loftspjald, sem tekið hafði verið frá kjallaraglugga, og sög. Síðar viðurkenndu ákærðu, að ætlun þeirra hafi verið að brjótast inn í áfengisútsöluna í því skyni að verða sér úti um áfengi. Skrúfuðu þeir í því augnamiði loftspjald frá glugga á húsinu. Kváðust ákærðu hafa verið hættir við tilraunina, áður en lögreglan kom, og þá hafði ákærði Gunnar verið farinn af vettvangi.

6. Ákærði Kristján Sveinbjörnsson skýrði svo frá fyrir dómi hinn 30. september 1975, að hann hefði fundið 30.000 kr. á gangstétt þá skömmu áður. Kvaðst hann hafa slegið eign sinni á peningana, og hafði hann þegar eytt um helmingi peninganna.

Ákæra VI.

I. A.

Klukkan 0350 aðfaranótt sunnudagsins 29. desember 1974 höfðu lögreglumenn afskipti af bifreiðinni Í 796. Var bifreiðin stöðvuð fyrir utan Búð í Hnífsdal. Lítils háttar áfengislykt lagði frá vitum ökumannsins, Más Óskarssonar, ákærða samkvæmt þessum ákærulið. Var hann því færður á lögreglustöðina og honum þar tekið blóðsýni til alkóhólákvörðunar. Einnig var tekin af honum skýrsla um meinta ölvun við akstur. Kvaðst ákærði hafa verið á leið frá Ísafirði út í Bolungarvík og hafa drukkið eina flösku af áfengi fyrr um kvöldið. Þá kvaðst hann og hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1.62‰.

I. B.

Aðfaranótt föstudagsins 30. ágúst 1974 var ákærði Már Óskarsson staddur í Hafnarstræti á Ísafirði, og var hann ölvaður. Gekk ákærði að raftækjaversluninni Neista í Hafnarstræti. Skreið hann þar inn um opinn glugga inn í verslunina. Hafði hann þaðan með

sér á brott litla talstöð. Á heimleið átti ákærði leið fram hjá raftækjaverkstæðinu Raf. Sló ákærði spjald úr glugga og fór þar inn. Ruslaði ákærði þar í ýmsu, en fór síðan út án þess að taka nokkuð. Iðraðist ákærði þá gjörða sinna og fór á lögreglustöðina og skilaði þangað talstöðinni.

I. C.

Aðfaranótt þriðjudagsins 8. október 1974 braust ákærði Már Óskarsson ásamt piltinum Benedikt Skúlasyni inn í apótekið á Ísafirði. Var tilgangur þeirra að verða sér úti um peninga. Fóru þeir inn í kjallara hússins og þaðan upp í verslunina. Tóku þeir þar tvö til þrjú þúsund krónur úr peningakassa verslunarinnar. Einnig tóku þeir allmikið af pillum af handahófi úr versluninni, þegar þeir fundu ekki meiri peninga en að framan getur. Peningunum eyddu þeir, en sumt af pillunum tóku þeir inn.

II.

Laugardaginn 7. júlí 1973 var lögreglu tilkynnt, að brotist hefði verið inn í m/b Gissur hvíta í Ísafjarðarhöfn og þaðan stolið haglabyssu og riffli. Féll grunur á ákærða Árna Guðmundsson, sem sést hafði á ferð með byssur á götum um morguninn. Talað var við mann, sem ákærði hafði miðað byssu á um morguninn. Ákærði viðurkenndi síðan að hafa brotið rúðu í stýrishúsi bátsins og stolið byssunum þaðan. Fór hann með byssurnar og faldi þær í kjallara hússins nr. 42 við Aðalstræti. Á leiðinni þangað hafði hann miðað byssu á mann, en hún var þó óhlaðin.

III.

Aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brutust þeir Már Óskarsson og ákærði samkvæmt þessum ákærulið, Hjörtur Júlíusson, inn í m/s Fagranes í Ísafjarðarhöfn og stálu þaðan áfengi o. fl. Fór ákærði Hjörtur og náði í vörubifreið, sem Rafveita Ísafjarðar á, en ákærði hafði umráð bifreiðarinnar. Sótti ákærði bifreiðina, sem stóð við Sólgötu, og ók henni niður að höfn. Þaðan ók ákærði að Aðalstræti 42. Ákærði hafði drukkið nokkurt magn af áfengi fyrir aksturinn. Taldi Már hann hafa verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og einnig viðurkenndi ákærði að hafa fundið til áhrifa áfengis.

IV.

Fimmtudaginn 18. janúar 1973 brutust ákærðu Árni Guðmundsson og Már Óskarsson inn í Alþýðuhúsið á Ísafirði. Fóru þeir

inn í kjallara hússins, en fóru þaðan í miðasölu hússins, og skemmdu þeir dyraumbúnað, bæði í miðasölu og í kjallara. Úr miðasölunni stálu ákærðu kr. 34.000 og auk þess litlum peningakassa. Peningunum eyddu ákærðu í áfengi.

V.

Aðfaranótt fimmtudagsins 23. janúar 1975 brutust ákærðu Már Óskarsson og Hjörtur Júlíusson inn í m/s Fagranes í Ísafjarðarhöfn. Átti ákærði Már hugmyndina að innbrotinu, sem ákærði Hjörtur féllst þegar á. Fóru þeir um borð í m/s Fagranes þeirra erinda að stela áfengi, sem þeir vissu af í skipinu. Brutu þeir upp lása fyrir hurðum frammi í skipinu, en fundu ekkert. Einnig voru brotnar hurðir fyrir vistarverum skipverja frammi í skipin, og taldi ákærði Hjörtur þá félaga valda að þeim skemmdum, en ákærði Már taldi það einnig mögulegt. Báðir voru ákærðu undir áhrifum áfengis. Að þessu búnu fóru ákærðu aftur í skipið. Fóru þeir um dyr af dekkinu inn í skipið. Er inn kom, rótuðu þeir félagar til í eldhúsi skipsins og tóku þar þá peninga, sem þar voru, ásamt einhverju af sælgæti og tóbaki. Þá brutu ákærðu hurð að bestikkinu í skipinu. Er þeir félagar höfðu leitað að áfengi þarna án þess að finna nokkuð, ákváðu þeir að leita í lest skipsins. Tóku þeir því ofan af lestinni, og fór ákærði Már niður í lestina. Rétti hann síðan áfengispakka, sem þar voru, upp úr lestinni, en ákærði Hjörtur tók við þeim. Stálu þeir þarna samtals 47 flöskum af áfengi, en auk þess nokkru af peningum, tóbaki, öli og sælgæti. Fluttu þeir síðan áfengið upp í Edinborgarsund, sem þarna er rétt fyrir ofan. Urðu þeir þá varir við mannaferðir og fluttu þá áfengið til og földu það undir drasli, sem þarna var. Sótti ákærði Hjörtur síðan vörubifreið, sem þeir svo fluttu áfengið á að Aðalstræti 42. Þar tóku ákærðu umbúðirnar utan af áfenginu og fleygðu þeim niður í fjöru neðan Fjarðarstrætis. Áfengið földu þeir síðan í rangölum, sem liggja út frá kyndiklefa í kjallara hússins. Þangað var áfengið sótt, er upp hafði komist um þjófnaðinn.

Niðurstaða.

Samkvæmt því, sem hér að framan hefur verið rakið, og öðrum gögnum málsins, verður niðurstaða þess sem hér segir:

Ákærði Árni Guðmundsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru I og þar er réttilega lýst. Telst enn fremur sannað,

að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru III, I. til V. lið ákærunnar. Er háttsemi ákærða réttilega lýst, utan þar sem segir í III. lið ákærunnar, að m/b Þristur hafi verið við bryggju í Hnífsdal. Af gögnum málsins er ljóst, að m/b Þristur var við bryggju í Ísafjarðarhöfn. Þykir þessi villa þó eigi svo stórvægileg, að hún hafi áhrif á úrslit málsins. Enn fremur telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru IV, fyrsta lið. Þá telst og sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru V, II., þjófnaðarbrot, 1. lið. Loks telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem greinir í ákæru VI, II. og IV. lið. Háttsemi ákærða er í öllum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Verður því orðið við kröfum ákæruvaldsins í málinu. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði. Ákærði hefur jafnan verið samvinnuþýður við rannsókn mála og ávallt greint skilmerkilega og undanbragðalaust frá málavöxtum og með því auðveldað mjög rannsóknina. Þykir mega virða þessa framkomu ákærða honum til hagsbóta. Þá hefur ákærði og sýnt vilja til að bæta fyrir hegðun sína og m. a. stundað atvinnu með eðlilegum hætti. Þykir verða að hafa hliðsjón af framansögðu við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu virtu þykir mega fresta fullnustu refsingar ákærða og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.500, til Friðjóns Guðmundssonar, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, ásamt ákærða Má Óskarssyni. Dæma ber og ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 51.300, til Alþýðuhúss Ísfirðinga, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni.

Svipta ber ákærða ökuleyfi í 1 ár frá 17. maí 1975 að telja, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Már Óskarsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem um ræðir í ákæru I og þar er rétt lýst. Enn fremur telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi, sem lýst er í ákæru VI, lið I A, I B, I C, lið IV og lið V. Er háttsemin færð til réttra refsiákvæða í öllum tilvikum, og ber því að verða við kröfum ákæru-

valdsins í málinu. Við yfirheyrslur skýrði ákærði greiðlega frá brotum sínum og auðveldaði þannig mjög rannsókn málanna. Þá hefur önnur hegðun ákærða og verið með ágætum frá því upp komst um brot hans. Þykir mega meta þessa hegðun ákærða honum til hagsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr 19/1940. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Með hliðsjón af framansögðu þykja rök standa til að fresta megi fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.500, til Friðjóns Guðmundssonar ásamt ákærða Árna Guðmundssyni.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 51.300, til Alþýðuhúss Ísfirðinga, Ísafirði, ásamt ákærða Árna Guðmundssyni.

Líta verður svo á, að hvorki hafi við frumrannsókn á innbroti og þjófnaði úr m/s Fagranesi hinn 23. janúar 1975 né síðar við rannsókn máls þess komið í ljós, svo óyggjandi verði talið, að ákærðu Már Óskarsson og Hjörtur Júlíusson hafi stolið þar peningum úr tösku stýrimanns. Verður ekki talið, að bótakrafa vegna hvarfs þessara peninga sé studd nægum og óyggjandi rökum. Ber því að hafna henni, þar eð ekki þykir fært að tefja sakamálið vegna þessa. Bótakröfu Djúpbátsins h/f, Ísafirði, ber því að lækka um framangreinda fjárhæð, kr. 3.500. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða skaðabætur, kr. 135.766, til Djúpbátsins h/f, Ísafirði, ásamt ákærða Hirti Júlíussyni.

Við rannsókn á innbroti og þjófnaði úr m/s Fagranesi, sem fyrr getur, hefur ekki verið leitt í ljós, svo óyggjandi sé, hvert tjón Þorgríms Guðnasonar matsveins varð. Er bótakrafa hans og mjög óljós og óákveðin. Hafa ákærðu Már og Hjörtur fallist á að greiða Þorgrími Guðnasyni kr. 1.500 til 2.000. Verður ekki talið, að í málinu hafi verið færð fram þau rök fyrir bótakröfunni, að fallast beri á hærri bætur. Samkvæmt því ber að dæma ákærða til að greiða skaðabætur, kr. 2.000, til Þorgríms Guðnasonar matsveins, Ísafirði, ásamt ákærða Hirti Júlíussyni.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá 1. febrúar 1975 að telja, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru II, fyrri lið, ákæru III, VIII. og IX. lið, og ákæru IV, fyrsta lið.

Fyrir hönd ákærða hefur verið krafist sýknunar af kröfum ákæruvaldsins samkvæmt ákæru IV, fyrsta lið. Er sýknukrafan studd þeim rökum, að ekki sé í málinu stuðst við framburð vitna, heldur einungis framburð meðákærðra og að ekki hafi verið gætt réttra reglna við skýrslutöku í málinu. Þá hefur því og verið haldið fram, að atvikum sé ranglega lýst í ákæru.

Gegn þessum rökum þykir þó verða að leggja til grundvallar við úrlausn málsins framburð meðákærðu Þrastar Jónssonar og Árna Guðmundssonar, enda verður ekki séð, að nokkuð það hafi komið fram í málinu, sem geri framburð þeirra tortryggilegan. Lögregluskýrsla, sem einnig er á byggt í málinu, er undirrituð af lögreglumanninum Torfa Einarssyni og vottuð af lögreglumanninum Ólafi Sigurvinssyni. Gögn þessi eru samhljóða, og þykir ekki verða fram hjá þeim gengið, en þau talin veita fullnægjandi sönnun fyrir því, að ákærði hafi setið undir stýri, meðan bifreiðinni var ýtt í gang. Þá verður eigi á það fallist, að atvikalýsing í ákæru sé röng, þar eð telja verður öruggt, að bifreiðinni hafi verið ýtt eftir Skólagötu og að bifreiðin hafi staðið við húsið nr. 10 við Skólagötu, þar sem ákærðu voru við drykkju. Hafa ber og í huga, að samkvæmt eigin framburði ákærða og öðrum gögnum málsins var hann ofurölvi, er umræddir atburðir gerðust, og minni hans mjög takmarkað.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu, uppkveðnum 9. mars 1972, birtum 18. febrúar 1974, var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins, fyrir brot á 244. gr., sbr. 20. gr., 254. gr. og 259. gr. almennra hegningarlaga og 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Ákærði hefur því rofið skilorð það, sem honum var sett með ofangreindum dómi, og ber nú að ákveða honum refsingu á ný fyrir þau brot, er þar greinir, auk þeirra, sem hann er nú kærður fyrir. Ákærði hefur undanfarið stundað atvinnu með eðlilegum hætti og ekki orðið uppvís að lögbrotum, og verður því að virða hegðun ákærða nú að undanförnu honum til hagsbóta, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Rétt þykir þó eftir atvikum að ákveða, að fullnustu refsingarinnar skuli fresta og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðn-

ingu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Réttarrannsókn sú, sem fram fór vegna brota þeirra, sem ákært er vegna í ákæru II, síðari lið, og rakin eru sem 3. og 4. liður ákærunnar hér að framan, virðist hafa verið mjög ófullkomin. Vitni hafa ekki verið yfirheyrð og framlagning skjala vafasöm. Þá er og um að ræða brot, sem telja verður lítilvæg. Af þeim sökum verður ákærði sýknaður af þessum ákæruatriðum. Krafist er og skaðabóta vegna brota þessara. Þykir eigi ástæða til að verða við þeirri kröfu, þar eð kröfugerðin er mjög ófullkomin og óákveðin og eigi í ljós leitt, að efni séu til að öðru leyti að leggja bótaábyrgð á ákærða vegna þessa.

Eigi verður séð, að ákærði hafi greitt skaðabætur til Einars Siggeirssonar, Ásgarði 7, Garðahreppi, svo sem hann hafði lofað. Dæma ber því ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.000, til Einars Siggeirssonar, Ásgarði 7, Garðabæ.

Svipta ber ákærða ökuleyfi ævilangt frá 17. maí 1975 að telja, að hann var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem um ítrekað brot er að ræða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir, þar með talin m. a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Ákærði Kristján Sveinbjörnsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, V. og VI. lið, ákæru V, lið I, tékkasvik, og lið II, þjófnaðarbrot, 1. til 6. tölulið. Háttsemi ákærða er í öllum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Ákærði hefur í engu bætt háttsemi sína frá því hann framdi afbrot þau, sem hann er nú ákærður fyrir. Hefur hann síðan orðið uppvís að nokkrum brotum. Þá hefur hann enga atvinnu stundað. Ber að taka tillit til þessa við ákvörðun refsingar ákærða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 7 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi 60 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. október 1975 með fullri dagatölu. Ekki verður séð, að rök séu til að skilorðsbinda dóminn.

Dæma ber ákærða til að greiða Aðalsteini Guðlaugssyni, Rauðalæk 52, f. h. Röðuls s/f fjárhæð fjögurra tékka, samtals kr. 20.000, Olíufélaginu h/f fjárhæð eins tékka, kr. 1.000, veitingahúsinu Borgartúni 32 fjárhæð tveggja tékka, samtals kr. 10.000. Dæma

ber ákærða til að greiða Andrési J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, andvirði kindaskrokks, kr. 6.360, og Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, andvirði 47 kg af nautakjöti, kr. 23.500, hvort tveggja ásamt ákærða Gunnari Atla Överby.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Hjörtur Júlíusson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru V, lið II, þjófnaðarbrot, 5. tölulið, og ákæru VI, III. og V. lið. Er háttsemin í öllum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Ákærði hefur nú að undanförnu mjög gert sér far um að bæta háttsemi sína. Ber að hafa það í huga við ákvörðun refsingar ákærða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga. Fullnustu refsingar ákærða þykir eftir öllum atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 135.766, til Djúpbátsins h/f, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni.

Dæma ber ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 2.000, til Þorgríms Guðnasonar matsveins, Ísafirði, ásamt ákærða Má Óskarssyni, hvort tveggja með vísan til þess, sem segir um þátt ákærða Más.

Með dómssátt, sem gerð var í sakadómi Ísafjarðar hinn 7. janúar 1974, var ákærði sviptur ökuleyfi í 2 mánuði fyrir brot á 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga. Er því um ítrekað brot að ræða. Ber því að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 27. janúar 1975 að telja, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Gunnar Atli Överby.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru V, lið II, þjófnaðarbrot, 4. og 5. tölulið. Er háttsemin í báðum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Fullnustu refsingariinnar þykir þó eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Með vísan til þess, sem segir um þátt ákærða Kristjáns Sveinbjörnssonar, ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta, kr. 6.360, til Andrésar J. Jóhannssonar, Fjarðarstræti 33, og kr. 23.500 til Jóns Kristmannssonar, Seljalandsvegi 36, hvort tveggja ásamt ákærða Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Niels Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, II., III. og VII. lið. Er háttseminni rétt lýst að undanteknu því, sem segir í III. lið, sbr. það, sem segir um þátt ákærða Árna Guðmundssonar hér að framan. Háttsemin er í öllum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Ákærði hefur ekki orðið uppvís að afbrotum frá því um miðjan júní 1974. Ber að hafa hliðsjón af því við ákvörðun refsingar ákærða, sbr. 8. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 25 daga. Eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Örn Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru III, III. og IV. lið. Um háttsemi samkv. III. lið gildir þó hið sama og segir um þætti ákærðu Árna Guðmundssonar og Nielsar Jónssonar hér að framan. Háttsemin er í báðum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga. Fullnustu refsingarinnar þykir þó eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Bragi Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem

honum er gefin að sök og réttilega er lýst í ákæru III, VIII. lið. Er háttsemin færð til rétts refsiákvæðis. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Fullnustu refsingarinnar þykir eftir atvikum mega fresta og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Þröstur Jónsson.

Sannað telst, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök og lýst er í ákæru IV, öllum liðum ákæru nnar. Er háttsemin í öllum tilvikum færð til réttra refsiákvæða. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Svipta ber ákærða ökuleyfi í 2 ár frá 25. apríl 1975 að telja, að ákærði var sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls kostnaðar, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Dómsorð:

Ákærði Árni Guðmundsson sæti fangelsi í 7 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Friðjóni Guðmundssyni, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, skaðabætur, kr. 2.500, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 17. maí 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Már Óskarsson sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Friðjóni Guðmundssyni, Hlíðarvegi 2, Suðureyri, skaðabætur, kr. 2.500, ásamt Árna Guðmundssyni.

Ákærði greiði Alþýðuhúsi Ísfirðinga skaðabætur, kr. 51.300, ásamt Árna Guðmundssyni.

Ákærði greiði Djúpbátnum h/f, Ísafirði, skaðabætur, kr. 135.766, ásamt Hirti Júlíussyni.

Ákærði greiði Þorgrími Guðnasyni matsveini, Ísafirði, skaðabætur, kr. 2.000, ásamt Hirti Júlíussyni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 1. febrúar 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Ólafur Ingi Ingimundarson sæti fangelsi í 5 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Einari Siggeirssyni, Ásgarði 7, Garðabæ, skaðabætur, kr. 2.000.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 17. maí 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars G. Hinrikssonar héraðsdómslögmanns, kr. 30.000.

Ákærði Kristján Sveinbjörnsson sæti fangelsi í 7 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 60 daga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 6. október 1975 með fullri dagatölu.

Ákærði greiði Aðalsteini Guðlaugssyni, Rauðalæk 52, f. h. Röðuls s/f, kr. 20.000.

Ákærði greiði Olíufélaginu h/f kr. 1.000.

Ákærði greiði veitingahúsinu Borgartúni 32 kr. 10.000.

Ákærði greiði Andrési J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, kr. 6.360 ásamt Gunnari Atla Överby.

Ákærði greiði Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, kr. 23.500 ásamt Gunnari Atla Överby.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Hjörtur Júlíusson sæti varðhaldi í 60 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Djúpbátnum h/f, Ísafirði, skaðabætur, kr. 135.766, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði greiði Þorgrími Guðnasyni matsveini, Ísafirði, skaðabætur, kr. 2.000, ásamt Má Óskarssyni.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 27. janúar 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Gunnar Atli Överby sæti varðhaldi í 20 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði Andrési J. Jóhannssyni, Fjarðarstræti 33, kr. 6.360, ásamt Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Ákærði greiði Jóni Kristmannssyni, Seljalandsvegi 36, kr. 23.500, ásamt Kristjáni Sveinbjörnssyni.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Niels Jónsson sæti varðhaldi í 25 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Örn Jónsson sæti varðhaldi í 20 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Bragi Jónsson sæti varðhaldi í 10 daga. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga haldið á þeim tíma.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Ákærði Þröstur Jónsson sæti varðhaldi í 30 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 25. apríl 1975 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað, sem af málssókn gegn honum leiðir.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 29. mars 1977.

Nr. 182/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Guðmundi Guðmundssyni
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Tollagabrot. Sakarkostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdóminn kvað upp Guðmundur Kristjánsson, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist:

„I) Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að svipting ökuleyfis verði lengd, svo og

II) Að ákærði verði dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, en annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar verði greiddur úr ríkissjóði".

Eftir uppsögu hins áfrýjaða dóms hafa verið haldin framhaldspróf í máli þessu og ný gögn verið lögð fram, þ. á m. nýtt sakavottorð ákærða, dags. 15. desember 1976, og endurrit úr sakadómsbók Keflavíkur af rannsókn um ætlað áfengis- og umferðarlagabrot Egils Eyfjörðs Eiríkssonar sjómanns, Bjarnavöllum 7 í Keflavík, en ákærði hefur borið, að Egill hafi ekið bifreiðinni Ö 3205 undir áhrifum áfengis frá Keflavík til Grindavíkur 24. júlí 1975, svo sem í héraðsdómi greinir.

Við framhaldspróf í máli þessu kom fyrir dóm Kristinn Valberg Gamalíelsson, lögreglumaður nr. 1 í Grindavík. Gerði hann lögregluskýrslu í máli þessu, undirritaði hana og tók varðstjóraskýrslu af ákærða. Staðfesti hann efni skýrslna þessara, en meginefni þeirra er rakið í hinum áfrýjaða dómi.

Í endurriti af rannsókn í greindu máli Egils Eyfjörðs Eiríkssonar kemur fram, að þeir félagar, hann og ákærði í

máli þessu, hafi neytt áfengis, áður en þeir fóru í bifreiðinni Ö 3205 að Aðalstöðinni í Keflavík, á heimili Egils Eyfjörðs að Bjarnavöllum 7, en ekki Eyjavöllum 7, svo sem greinir í héraðsdómi.

Við rannsókn í máli Egils Eyfjörðs kom fyrir dóm Gylfi Þórðarson vélstjóri, Bræðratungu í Grindavík, en hann tilkynnti lögreglu um akstur bifreiðarinnar Ö 3205. Fimmtudaginn 24. júlí 1975 var hann ásamt mágkonu sinni, Björk Aðalheiði Birkisdóttur, farþegi í bifreið, sem bróðir hans, Rúnar Þór Þórðarson ók. Voru þau á leið frá Reykjavík til Grindavíkur. Á móts við fjallið Þorbjörn eða við Svartsengi segjast þau hafa dregið uppi bifreið með fjögurra stafa Ö númeri, sem ekið hafi verið hlykkjótt eftir vegnum, svo að erfitt hafi verið að aka fram úr henni. Í henni hafi verið tveir menn og sá, sem ók, hafi bersýnilega verið yngri en farþegi hans. Ökumaðurinn hafi augsýnilega verið undir einhverjum annarlegum áhrifum, en þau hafi greinilega séð framan í hann. Bera þau hjónin, að svipað hafi verið ástatt með farþega hans.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem aflað var eftir uppkvaðningu héraðsdóms, kemur fram, að hann hefur 9 sinnum sætt sektum fyrir brot gegn umferðarreglum, einni sekt fyrir ölvun og einni sekt fyrir tolllagabrot. Þá sætti hann á árinu 1971 tveggja ára skilorðsbundinni ákærufrestun vegna brots á 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Í sakadómi Keflavíkur hinn 5. apríl 1973 var hann svo dæmdur í 10 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og var sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 22. febrúar 1973. Sakavottorð þetta var borið undir ákærða, og hafði hann ekkert við það að athuga.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi getur, er sannað, að ákærði hefur framið brot þau, sem honum eru gefin að sök í ákæruskjali. Eru þau þar réttilega heimfærð til lagaákvæða.

Ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr.

24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja, en ölvunarakstur ákærða, sem hann var dæmdur fyrir í sakadómi Keflavíkur 5. apríl 1973, hefur ítrekunaráhrif á brot það um ölvun við akstur, sem ákærði er dæmdur fyrir í máli þessu, sbr. 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku á þrem fimm pela flöskum af áfengi og um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur.

Það athugast, að dómari sá, er rannsakaði málið og kvað upp héraðsdóminn, hefur eigi getið stöðuheitis síns. Þá var lögreglumaður sá, er stóð að handtöku ákærða með Kristni Valberg Gamalíelssyni, eigi kvaddur fyrir dóm.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Gunnars Guðmundar Guðmundssonar, á að vera óraskað.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengis og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 27. febrúar 1976.

Mál þetta, sem þingfest var og dómtekið í dag, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dags. 15. janúar sl., á hendur Gunnari Guðmundi Guðmundssyni, Heiðarbrún 14, Keflavík, fæddum 13. apríl 1936 í Reykjavík, fyrir að aka fimmtudaginn 24. júlí 1975 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 3205 frá Þórkötlustaðahverfi í Grindavík áleiðis til Krísuvíkur, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans rétt sunnan við Ísólfsskála.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.

umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Enn fremur fyrir að hafa um sama leyti keypt af Bandaríkjamanni 3 fimm pela flöskur af ótollafgreiddu áfengi, þar sem þeir voru staddir við Aðalstöðina í Keflavík, en þar af voru tvær flöskur romm og ein vodka.

Telst þetta varða við 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1966, sbr. 3. gr. og 33. gr. áfengislaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, til að þola upptöku á framangreindu áfengi samkvæmt 1. mgr. 72. gr. fyrrgreindra laga nr. 59/1969 og 33. gr. i. f. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í lögregluskýrslu segir, að fimmtudaginn 24. júlí sl., kl. 1620, kom á lögreglustöðina í Grindavík maður að nafni Gylfi Þórðarson og tilkynnti (sic), að ökumaður bifreiðarinnar Ö 3205 væri líklega ölvaður. Sagði Gylfi þessi, að tveir menn væru í bifreiðinni og væri nokkur aldursmunur á þeim og æki sá yngri.

Tveir lögreglumenn fóru þegar að leita að bifreiðinni. Fengu þeir þær upplýsingar hjá vegfaranda, að henni hefði verið ekið í átt til Krísuvíkur. Óku lögreglumennirnir áleiðis þangað og stöðvuðu umrædda bifreið í svonefndu Ögmundarhrauni. Höfðu þeir tal af ökumanni, ákærða í málinu, svo og farþeganum í bifreiðinni, Agli Eyfjörð Eiríkssyni, fæddum 1952.

Báðir voru menn þessir áberandi ölvaðir að sjá, og sýndi öndunarsýni, sem ákærði tók, 3. stig áfengisneyslu. Færðu lögreglumennirnir ákærða og farþega hans síðan til lögreglustöðvar til skýrslutöku hjá varðstjóra og að því loknu til Keflavíkur, þar sem læknir tók þeim blóð til alkóhólákvörðunar.

Nefndur Egill hefur neitað að hafa nokkuð ekið bifreiðinni Ö 3205 í umrætt sinn þrátt fyrir gagnstæðan framburð ákærða þess efnis. Er dómsrannsókn í máli hans ekki lokið.

Við leit lögreglumannanna í bifreiðinni fundust tvær flöskur af Baccardi rommi og ein flaska af Gilbeys vodka, allar fimm pela.

Framburður ákærða fyrir dómi er á þá leið, að um kl. 0900 umræddan dag hafi hann neytt hvítvíns að Eyjavöllum 7, Keflavík, og hafi magnið verið um hálf flaska. Að neyslu lokinni hafi hann farið fótgangandi heim til sín, en haldið aftur að Eyjavöllum 7 síðar um daginn. Eftir skamma viðdvöl hafi þeir Egill farið út í bifreiðina Ö 3205. Hafi Egill sest undir stýri og ekið af stað. Ók hann fyrst að Aðalstöðinni í Keflavík, en þar kveðst

ákærði hafa farið út úr bifreiðinni og hitt nokkra menn að máli. Eftir um það bil klukkustundar dvöl þarna hafi hann sest aftur inn í bifreiðina og hafi Egill nú ekið til Grindavíkur. Er þangað var komið, segist ákærði hafa tekið eftir því, að Egill var orðinn ölvaður, og hefði hann vegna þessa tekið við stjórn Ö 3205 í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík og ekið bifreiðinni, þar til lögreglumenn stöðvuðu hann rétt sunnan við Ísólfsskála. Kveður ákærði Egil hafa drukkið af áfengi því, sem var í bifreiðinni, en ein áðurnefndra flaskna var átekin, þegar lögreglan tók þær í sína vörslu.

Ákærði segist ekki hafa neytt meira magns áfengis, en viðurkennir hins vegar að hafa neytt töluverðs áfengismagns frá því um hádegi daginn áður og fram til kl. 2300. Ekki kveðst hann hafa fundið til áhrifa áfengis við áðurlýstan akstur.

Magn alkóhóls í blóði ákærða í umrætt sinn var 2.09‰.

Ákærði kveðst hafa keypt áfengisflöskur þær, sem áður er greint frá, af óþekktum Ameríkana, sem hann hafi hitt á planinu við Aðalstöðina í Keflavík. Hafi maður þessi boðið ákærða títtnefndar flöskur til kaups, sem hann síðan keypti fyrir 10.000 kr.

Með eigin framburði ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í ákæru greinir, og varðar hún við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 og 66. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59/1969, sbr. 3. gr. áfengislaga.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorðii sætt eftirtöldum ákærum og refsingum:

1953 12/3 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1954 25/5 í Hafnarfirði: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.

1952 9/7 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 20., sbr. 38. gr. bifreiðalaga.

1961 24/8 í Keflavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir stöðvunarskyldu við umferðarmerki.

Samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, 45. gr. áfengislaga og 66. gr. tolllaga telst refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þá skal ákærði vera sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 27. febrúar 1976 að telja samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og sæta upptöku til ríkissjóðs á tveim flöskum af Baccardi

rommi og einni flösku af Gilbeys vodka samkvæmt 1. mgr. 72 gr. tolllaga.

Loks skal ákærði greiða allan kostnað sakarinnar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Guðmundur Guðmundsson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 27. febrúar 1976 að telja.

Tvær fimm pela flöskur af Baccardi rommi og ein flaska af Gilbeys vodka eru gerðar upptækar til ríkissjóðs.

Ákærða ber að greiða allan kostnað vegna máls þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 138/1976. **Jón V. Jónsson s/f**
gegn
Gunnari Erni Arnarsyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón V. Jónsson s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkjissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 200/1977. **Snorri Hjaltason**
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Snorri Hjaltason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 kr. útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 219/1976. **Híbýli h/f**
gegn
Jóni Ásmundssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Híbýli h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 40/1977. **Kyndill h/f og**
Jósafat Arngrímsson
gegn
Ragnari Jónssyni.

Útivistardómur. Kröfu um réttarfarssekt synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Kyndill h/f og Jósafat Arngrímsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Ekki eru skilyrði til að sinna kröfu stefnda um, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða réttarfarssekt fyrir að sækja ekki dómþing Hæstaréttar.

Föstudaginn 1. apríl 1977.

Nr. 158/1976. **Tollstjórinn í Reykjavík**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Sigurði M. Helgasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, f. h. þrotabús Vilhelms Ingimundarsonar
(Ingi Ingimundarson hrl.).

Söluskattur. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð. Málflytjendur. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1976. Hann gerir svofelldar dómkröfur:

„Að kröfum áfrýjanda í þrotabú Vilhelms Ingimundarsonar og Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur, kr. 1.610.310.00, verði skipað í skuldaröð sem hér segir:

Aðallega að krafan verði úrskurðuð sem forgangskrafa — geymslufé — utan skuldaraðar, þó á eftir kröfum skv. 2. gr. laga nr. 32/1974.

Til vara að kröfunni verði skipað í II. flokk forgangskrafna sem almennri lögveðskröfu, sbr. 3. gr. l. nr. 32/1974.

Til þrautavara að kröfunni verði skipað í III. flokk forgangskrafna, sbr. 6. tl. 4. gr. l. nr. 32/1974.

Og enn til vara að allar eftirfarandi málsástæður verði þannig metnar, að krafan hafi forgang að því leyti, að hún komi til útborgunar á undan þeim kröfum, sem nefndar eru í 5. gr. l. nr. 32/1974.

Ennfremur að stefnt þrotabú verði dæmt til greiðslu málskostnaðar í báðum réttum, eftir mati Hæstaréttar".

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómkröfur áfrýjanda eru um greiðslu á vangreiddum söluskatti. Af kröfufjárhæðinni er 1.390.781 króna vegna krafna, sem lýst var í þrotabú Vilhelms Ingimundarsonar, en 219.529 krónur vegna krafna, sem lýst var í þrotabú Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur, eiginkonu hans. Skiptaráðanda hefur samkvæmt áfrýjunarstefnu aðeins verið stefnt fyrir Hæstarétt vegna þrotabús Vilhelms Ingimundarsonar. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er tekur til krafna á hendur þrotabúi Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur. Breytir það þessu ekki, að skiptaráðandi ákvað hinn 3. febrúar 1976, að skiptameðferð beggja þrotabúanna skyldi vera sameiginleg frá þeim tíma.

Fram er komið, að Sigurmar Albertsson lögræðingur, er flutti mál þetta af hálfu áfrýjanda í héraði, er starfandi fulltrúi hjá áfrýjanda. Hafði hann heimild til að fara með mál áfrýjanda fyrir dómi, sbr. 21. gr. laga nr. 61/1942. Vegna starfs síns hefur lögfræðingurinn jafnframt fengið

löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til þess að framkvæma lögtök fyrir áfrýjanda sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og á hans ábyrgð. Ekki þykir sú löggilding þó eiga að valda því, hvorki vegna niðurlagsákvæðis 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 32/1971 né af öðrum ástæðum, að ómerkja eigi sjálfkrafa hinn áfrýjaða úrskurð, sem kveðinn var upp í skiptarétti um ágreining varðandi söluskatt, er áfrýjandi annast innheimtu á.

Enginn lagagrundvöllur er fyrir því, að áfrýjandi standi utan raðar skuldheimtumanna um heimtu kröfu sinnar, sem er um tiltekna fjárhæð peninga, er hann krefst, að greidd verði af eignum þrotabúsins ósérgreint. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar kröfu áfrýjanda, tollstjórans í Reykjavík, á hendur þrotabúi Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur.

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að því er varðar stefnda, Sigurð M. Helgason skiptaráðanda f. h. þrotabús Vilhelms Ingimundarsonar.

Áfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Á skiptafundi í þrotabúi Vilhelms Ingimundarsonar hinn 3. febrúar 1976 er skráð í þingbók, að á skiptafundinum sé mættur Sigurmar Albertsson, fulltrúi tollstjóra. Má af bókuninni ráða, að hann hafi sótt skiptafundinn vegna áfrýjanda máls þessa. Á skiptafundii 9. mars 1976 mætti sami umboðsmaður á ný, og lagði hann þá fram skriflega greinargerð af

hálfu áfrýjanda um ágreiningsefni máls þessa. Enn mætti hann á skiptafundi 30. apríl 1976, er greinargerð kom fram af hendi annarra kröfuhafa til andmæla við kröfum áfrýjanda. Loks flutti sami umboðsmaður málið munnlega 14. maí 1976.

Umboðsmaðurinn, Sigurmar Albertsson lögfræðingur, fékk löggildingu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hinn 21. ágúst 1972 samkvæmt 15. gr. laga nr. 74/1972 og 33. gr. laga nr. 85/1936 til þess að framkvæma lögtök fyrir áfrýjanda sem fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík og á hans ábyrgð. Var hann því starfsmaður við sama embætti og skiptaráðandi sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða úrskurð. Gekk málflutningur nefnds umboðsmanns áfrýjanda því í berhögg við niðurlagsákvæði 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 32/1971.

Með skírskotun til þess, sem nú er rakið, var framangreindur umboðsmaður ekki löghæfur til þess að koma fram sem málflytjandi fyrir skiptaréttinum. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og meðferð málsins frá og með þinghaldi 9. mars 1976 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Þessi úrlausn hefur eigi hlotið samþykki meiri hluta dómenda, og mun ég því samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. júní 1976.

Meðferð þessa máls hófst hér fyrir dómi með því, að sóknaraðili, tollstjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, gerði kröfur í gjaldþrotabú Vilhelms Ingimundarsonar kaupmanns, Gautlandi 21 hér í borg, fyrir söluskatti að fjárhæð kr. 2.352.347 auk vaxta og kostnaðar og í gjaldþrotabú Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur, sama stað, kr. 219.529, eða samtals kr. 2.571.876 auk vaxta og kostnaðar. Við kæru til skattstofu var söluskattur Vilhelms Ingimundarsonar 1974 lækkaður um kr. 961.566, sbr. bréf skattstofu 8. mars 1976. Á skiptafundi í þrotabúinu 3. febr. sl., þegar kröfur voru kannaðar, mótmælti Ingi Ingimundarson hæstaréttarlög-

maður f. h. skjólstæðings síns ofannefndum söluskattskröfum sem forgangskröfum. Umboðsmaður tollstjóra, Sigurmar Albertsson fulltrúi, mótmælti bókuninni og lét bóka, að hann héldi fast við, að söluskatturinn væri geymslufé hjá hinum söluskattsskylda aðilja.

Í réttarhaldi í búinu 9. mars sl. lagði umboðsmaður tollstjóra fram greinargerð í málinu, og var jafnframt bókað, að ákveðið væri að reka sérstakt skiptaréttarmál um deiluefnið, og var ákveðið að halda uppi vörnum á kostnað búsins og skiptaráðanda falið að ráða lögmann. Í réttarhaldi 30. apríl var lögð fram greinargerð af hálfu varnaraðilja.

Kröfur sóknaraðilja eru samkvæmt bókunum, greinargerð og munnlegum málflutningi, að söluskatturinn verði úrskurðaður sem forgangskrafa — geymslufé — utan skuldaraðar, þó á eftir kröfum skv. 2. gr. laga nr. 32/1975. Til vara er þess krafist, að söluskattskröfunni verði skipað í II. flokk forgangskrafna sem almennri lögveðskröfu, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1974. Til þrautavara er þess krafist, að söluskattskröfunni verði skipað í III. flokk forgangskrafna, sbr. 6. tl. 3. gr. laga nr. 32/1974. Og enn til vara, að allar eftirfarandi málsástæður verði þannig metnar, að söluskattskrafan hafi þannig forgang, að hún komi til útborgunar á undan þeim kröfum, sem nefndar eru í 5. gr. laga nr. 32/1974.

Varnaraðili krefst þess, að öllum kröfum sóknaraðilja verði hrundið, krafa sóknaraðilja verði úrskurðuð almenn krafa og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati réttarins.

Að lokinni gagnaöflun og árangurslausri sáttatilraun var málið tekið til úrskurðar hinn 14. f. m. að loknum munnlegum málflutningi sama dag.

Með úrskurði í skiptarétti Reykjavíkur 16. maí 1975 var bú Vilhelms Ingimundarsonar, Gautlandi 21 hér í borg, tekið til skipta sem gjaldþrota, og með úrskurði 1. ágúst 1975 var bú Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur, sama stað, tekið til gjaldþrotaskipta, en þau eru hjón og ráku saman verslunina Tíbrá að Laugavegi 19 hér í borg á eigin nafni og ábyrgð. Innköllunarfrestur í þrotabú Vilhelms Ingimundarsonar rann út 18. október 1975, og voru kröfur í búið samtals kr. 11.089.962, en af þeim kröfum var krafa sóknaraðilja fyrir söluskatt kr. 2.353.347. Talið var fram til skatts á vegum búsins og krafist lækkunar á skattinum, og var hann lækkaður um kr. 961.566 með ákvörðun skattstofunnar í Reykjavík, og lækkar krafan væntanlega í samræmi

við það. Innköllunarfrestur í þrotabú Jósefínu Ragnhildar Pálsdóttur rann út 1. febrúar 1976, og voru kröfurnar að upphæð samtals kr. 814.525, þar af kr. 219.529 söluskattur vegna söluturns að Leifsgötu 4, sem hjónin höfðu rekið um skeið. Á skiptafundi í báðum búunum, sem báðir voru haldnir 3. febr. sl., var ákveðið að sameina bæði búin, enda voru þau samkvæmt firmaskrá sameigendur að versluninni Tíbrá, og sama gilti um söluturninn Leifsg. 4.

Aðalkröfu sína byggir sóknaraðili á því, að söluskatturinn sé geymslufé hjá fyrirtækjunum, sem séu söluskattsskyld, og hafi fé þetta því ekki verið eign viðkomandi aðilja fyrir gjaldþrotið og þá ekki heldur eign þrotabúsins nú.

Sóknaraðili bendir á, að söluskattskröfur séu ekki nefndar sérstaklega í lögum nr. 32/1974 um breytingar á skiptalögunum nr. 3/1878 og að sjálfsögðu ekki heldur í upphaflegu lögunum. Ekki tilgreini söluskattslögin nr. 10/1974 heldur neitt um forgang vanskilaðs söluskatts við búskipti, en í 14. gr. þeirra laga séu sett viðurlög við vanskilum á söluskattinum til ríkissjóðs auk annarra viðurlaga, þ. á m. sekta, megi koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Það verði að teljast í hæsta máta óeðlilegt, að þrotamaðurinn geti átt það á hættu að sæta refsivist vegna vanskila á söluskatti, ef bú hans eigi fé til skila á innheimtum söluskatti. Það verði því að skýra lög nr. 32/1974 með hliðsjón af nefndum ákvæðum laga nr. 10/1974 og telja það eðlilega niðurstöðu samkv. eðli málsins, að söluskattskröfur í bú njóti forgangs fyrir öðrum kröfum.

Kröfu sína um, að kröfu hans verði skipað í II. flokk skuldaraðar sem almennri lögveðskröfu, sbr. 3. gr. laga nr. 32/1974, byggir sóknaraðili einkum á því, að hér sé um almennt veð að ræða, sbr. kammerréttartilskipun 18. mars 1720, tilskipun 31. janúar 1793 og kansellíbréf frá 10. apríl 1795. Hann skírskotar til þess, að þótt lagaboð þessi séu gömul, verði að telja þau í fullu gildi enn, enda séu þau birt í gildandi lagasafni.

Varðandi þrautavarakröfu sína skírskotar sóknaraðili til 6. tl. 4. gr. laga nr. 32/1974, sbr. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, en í greinargerð með frumvarpinu til laganna sé tekið fram, að 5., nú 6. tl. þessarar greinar svari til a liðs 83. gr. laga nr. 3/1878, en þar segi m. a.: „Skuldir, sem rísa af því, að hinn framliðni hefir undir höndum fé landsins, kirkna, sveitarfélaga, stofnana, ómyndugra, eða annarra einstakra manna, annaðhvort sem embættismaður, sýslunarmaður eða í umboði af hálfu hins opinbera". Sölu-

skattsskyldir aðiljar innheimti söluskattinn í umboði hins opinbera og séu því opinberir sýslunarmenn að þessu leyti.

Að lokum hefur sóknaraðili gert þá kröfu, að söluskattskröfurnar gengju fyrir kröfum samkv. 5. gr. laga nr. 32/1974, það er almennum kröfum samkv. eðli málsins.

Varnaraðili hefur einkum stutt mótmæli sín gegn kröfum sóknaraðilja með eftirgreindum rökum:

Samkvæmt 83. gr., 3. tl., skiptalaga nr. 3/1878 hafi skattar og gjöld til ríkissjóðs og sveitarfélaga haft forgang í búum. Með 3. gr. laga nr. 32/1974 sé nefnd lagagrein felld úr gildi og hvergi sé í nefndum lögum um breytingu á skiptalögunum ákvæði um forgang söluskattskrafna, eins og lögmaður gagnaðilja viðurkenni. Ekki séu heldur nein ákvæði um þetta í lögum um söluskatt, hvorki í eldri lögum þar um né núgildandi lögum nr. 10/1974 né heldur öðrum lögum.

Reglur um geymslusamninga eða geymslufé telur varnaraðili ekki koma til greina án skýrra lagafyrirmæla eða samnings. Varnaraðili telur, að ekki eigi að gilda aðrar reglur um söluskatt að þessu leyti en aðra skatta, enda þótt strangari viðurlög gildi um vanskil á honum en ýmissa annarra skatta.

Um allar varakröfur sóknaraðilja sé sama máli að gegna og um aðalkröfuna að því leyti, að með lögum nr. 32/1974 hafi forgangsréttur skattkrafna og fleiri krafna hins opinbera, t. d. skiptagjöld í búum, verið úr lögum numinn og séu til þess gild rök. Hvort tveggja sé, að ekki sé lengur viðurkennt, að kröfur opinberra aðilja eigi að njóta sérréttinda og að skattakröfur í bú byggist oft á áætlunum tekna, sem einatt hafi valdið því, að ekkert komi upp í almennar kröfur. Einnig er mótmælt þeirri málsástæðu sóknaraðilja, að söluskattur njóti forgangs vegna þess, að lögveð sé fyrir skatti þessum, enda verði slíkt veð að byggjast á lagafyrirmælum hverju sinni, en svo sé ekki í þessu tilviki, á slíkt sé ekki minnst í lögum um söluskatt eða í öðrum lögum. Fráleitt sé að telja, að með orðunum „gjaldheimtumenn vorir" í tilsk. 18. mars 1720 og bréfi 10. apríl 1795 sé átt við kaupmenn, sem séu söluskattsskyldir, þar sé eingöngu átt við opinbera embættismenn, sem önnuðust opinbera innheimtu. Kaupmenn og aðrir söluskattsskyldir aðiljar séu ekki opinberir sýslunarmenn, eins og t. d. lögmenn, og séu ekki á nokkurn hátt gerðir út sem slíkir til innheimtu þessa skatts. Ekkert samningssamband sé þarna um meðferð, geymslu og skil fjárins, en slíkt

réttarsamband þyrfti að vera fyrir hendi, til að beita mætti þessu ákvæði.

Eins og að framan greinir, byggir sóknaraðili aðalkröfu sína á því, að söluskattskrafa sé utan skuldaraðar, þar sem þetta fé sé eign ríkissjóðs í vörslu hinna söluskattsskyldu aðilja. Skal nú vikið nokkuð nánar að þessu. Í lögum um söluskatt nr. 10 frá 1960, 2. gr., 2. mgr., segir: „Hver sá, sem selur eða afhendir í atvinnuskyni vöru eða verðmæti, og hver sá, sem innir af höndum vinnu og þjónustu, skal með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í lögum þessum, innheimta söluskatt skv. 1. málsgr. og standa skil á honum í ríkissjóð". Í 10. gr. sömu laga segir, að þótt viðkomandi vanræki að taka söluskatt af vöru, vinnu eða þjónustu, beri honum eigi að síður að standa skil á skattinum. Í 23. gr. sömu laga segir: „Verð vöru, vinnu og þjónustu má hækka sem söluskatti nemur". Samkvæmt fyrstnefnda ákvæðinu segir að vísu: „skal ... innheimta", en samkvæmt síðar tilvitnuðu ákvæðunum er viðkomandi söluskattsaðilja nánast í sjálfsvald sett, hvort hann leggur hinar tilgreindu prósentur, sem svara söluskatti, á vöruna eða hvort hann greiðir hana að nokkru eða öllu leyti af álagningunni, enda eru eiginlega engin viðurlög við því að leggja ekki söluskattinn á vöruna, heldur fyrst og fremst við því að greiða hann ekki á tilskyldum tíma. Söluskatturinn er því lagalega séð lagður á hina söluskattsskyldu aðilja, það er umsetningu þeirra, og er því ekki verulega frábrugðinn ýmissi annarri skattlagningu. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á það með sóknaraðilja, að hver söluskattsskyldur aðili sé innheimtumaður ríkissjóðs samkvæmt lagaumboði og að söluskattsféð eða fé, sem því svari, sé eign ríkissjóðs í vörslu viðkomandi aðilja. Það styður þetta, að venjulegir söluskattsskyldir aðiljar hafa engin réttindi sem opinberir sýslunarmenn og fá enga þóknun fyrir ómak sitt sem innheimtuaðiljar og bera þá ekki heldur skyldur sem slíkir.

Þá er á það að líta, að með lögum nr. 32/1974 er gerð róttæk breyting á réttarstöðu opinberra skatta og gjalda gagnvart búum, sem ekki eiga fyrir skuldum, þar sem með 3. gr. laganna er 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878 hreinlega felld úr gildi varðandi forgang opinberra skatta, án þess að nokkuð komi í staðinn varðandi þá, og í 2. gr. sömu laga er svo langt gengið, að skiptagjald í ríkissjóð, sem skoða má sem endurgjald fyrir vinnu við skiptin, er tekið út sem forgangskrafa í bú.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið greint, verða söluskattskröfur í bú þetta hvorki teknar til greina sem kröfur utan skulda-

raðar né í 2. flokk forgangskrafna samkv. 3. gr. laga nr. 32/1974, sbr. 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878, enda verður ekki fallist á það með sóknaraðilja, að ýmis viðurlög, þar á meðal refsivist vegna vanskila á greiðslu söluskatts, eigi að hafa áhrif í þessu sambandi. Með tilvísan til þess, er að framan greinir, verður söluskattskrafan ekki heldur tekin til greina sem forgangskrafa í 3. flokki forgangskrafna samkv. 6. tölul. 4. gr. laga nr. 32/1974, sbr. 84. gr. skiptalaga nr. 3/1878, þar sem söluskattsskyldir aðiljar verða ekki taldir opinberir sýslunarmenn með sjálfstæða fégæslu, er hafi undir höndum fé annarra, enda er ekkert í athugasemdunum við frumvarpið að lögunum, t. d. dæmi, sem þar er tekið, er bendi til, að málsgreinin eigi við þessa aðilja. Dæmi, sem þar er nefnt, lýtur að tilviki, þar sem ætlast er til, að vörslumaður þar greinds fjár hafi það sérgreint frá öðrum fjármunum, sem eru í vörslu hans, en engin ákvæði eða venjur eru um slíkt varðandi söluskatt. Engin rök finnast heldur fyrir því, að söluskattskrafan eigi að hafa forgang fyrir almennum kröfum í sérstökum flokki, og því einnig hafnað. Samkvæmt þessu ber að flokka söluskattskröfuna í máli þessu með almennum kröfum í búið.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.

Sigurður M. Helgason borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Krafa tollstjórans í Reykjavík um forgangsrétt framangreindra söluskattskrafna í bú þetta er ekki tekin til greina, og ber að skipa þeim með almennum kröfum í búið.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 25.000 í málskostnað innan 14 daga frá birtingu úrskurðarins að telja.

Mánudaginn 4. apríl 1977.

Nr. 37/1975. **Samtrygging íslenskra botnvörpunga**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Haraldi Jónssyni og
Jóni Hafdal Jónssyni og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Sjóvátrygging. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson og Lúðvík Ingvarsson prófessor.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. mars 1975. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum gagnáfrýjenda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla. Til þrautavara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 26. mars 1975. Krefjast þeir þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 21.000.000 króna með 9% ársvöxtum frá 26. mars 1973 til 16. maí 1973, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim 19.000.000 króna auk vaxta eins og í aðalkröfu. Til þrautavara krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim aðra lægri fjárhæð auk vaxta sem í aðalkröfu. Í öllum tilvikum hafa gagnáfrýjendur krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nýrra gagna.

Framkvæmdastjóri aðaláfrýjanda, Jóhannes Proppé, hefur gefið skýrslu fyrir dómi og skýrt frá því, að honum hafi orðið kunnugt um fyrirhuguð skipti á aðalvél b/v Haukaness

í septembermánuði 1972. Skömmu fyrir óhappið hafi honum verið tjáð, að aðalvélin hafi verið tekin úr skipinu.

Þá hafa gagnáfrýjendur, bróðir þeirra, Guðmundur Hafdal Jónsson, Sigurður Hallgrímsson hafnsögumaður svo og Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður, stjórnarformaður aðaláfrýjanda, komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Ekkert það kemur þó fram í skýrslum þeirra, er veiti tilefni til að rekja þær sérstaklega.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, var veðurspá, sem lesin var í útvarp kl. 0100 18. febrúar 1973, þannig:

„Búist er við stormi á miðunum fyrir SV og N land og ísingu á Vestfjarða- og Norðurmiðum. Milli Vestfjarða og Grænlands er 965 mb djúp lægð, sem fer enn vaxandi og hreyfist ANA. Frysta mun um allt land. Veðurhorfur næsta sólarhring: Suðvesturland til Norðurlands og Suðvesturmið til Norðurmiða: V eða NV stormur og éljagangur. Mikil ísing á Vestfjarða og N-miðum".

Veðurspá, sem lesin var í útvarp sama dag kl. 0430 og 0700, hljóðaði þannig:

„Gert er ráð fyrir stormi á miðunum sunnan og vestan og norðanlands. Gera má ráð fyrir mikilli ísingu á Vestfjarða og Norðurmiðum. Milli Grænlands og Vestfjarða er 965 mb lægð, sem dýpkar enn og hreyfist austur á bóginn. Veður mun kólna um allt land í dag, en hlýna aftur sunnanlands undir kvöldið.

Veðurhorfur næsta sólarhring: Suðvesturland og Faxaflói og Suðvesturmið til Faxaflóamiða: V hvassviðri, en stormur eða rok á miðunum. Él í dag. Gengur í SA hvassviðri með slyddu undir kvöldið".

Þótt á það megi fallast með héraðsdómi, að gagnáfrýjendur hafi sýnt hirðuleysi um eftirlit með skipinu og að vanbúnaður hafi verið á legufærum þess, verður ekki talið, að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða af hendi gagnáfrýjenda, þannig að beitt verði ákvæðum 18. gr. laga nr. 20/1954.

Reglurnar í d og e liðum I. tl. 8. gr. vátryggingarskilmál-

anna, sem raktar eru í héraðsdómi, eru ekki svo glöggar, að þær verði taldar bindandi varúðarreglur í merkingu 1. mgr. 51. gr. laga nr. 20/1954. Koma ákvæði þeirrar greinar því ekki til álita í máli þessu.

Fram er komið, að aðaláfrýjandi telur Hafnarfjarðarhöfn öruggt skipalægi allt árið. Verður ekki talið, að 63. gr. laga nr. 20/1954, sbr. a lið I. tl. 8. gr. vátryggingarskilmálanna verði beitt um skip í slíkri höfn. Felst í 63. gr. undantekning frá meginreglu 18. og 20. gr. laganna, sem ekki þykir rétt að skýra með rýmkandi lögskýringu.

Samkvæmt þessu og þar sem önnur gild lagaákvæði leiða ekki til þess, að aðaláfrýjandi sé laus úr ábyrgð, ber honum að greiða vátryggingarbætur vegna atburðar þess, sem hér er fjallað um.

Vátryggingarskírteini það, sem aðaláfrýjandi gaf út vegna b/v Haukaness, var verðsett skírteini samkvæmt 75. gr. laga nr. 20/1954. Vátryggingarverðið var þar ákveðið 21.000.000 króna. Samkvæmt matsgerð Jóns Hafsteinssonar og Marteins Jónassonar, sem rakin er í héraðsdómi, var verðmæti skipsins fyrir strandið 16.300.000 krónur, þegar þess var gætt, að aðalvél skipsins hafði verið tekin úr því. Þessu mati hefur ekki verið hnekkt, og verður það lagt til grundvallar. Í málinu er ekki um deilt, að kostnaður við viðgerð á skipinu, ef hún hefði verið framkvæmd, hefði orðið 16.710.000 krónur, sem er áætlunarfjárhæð Björns Magnússonar. Í þeirri fjárhæð er innifalinn björgunarkostnaður, 600.000 krónur. Þegar þetta er virt, verður að telja samkvæmt 70. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 2. tl. 20. gr. vátryggingarskilmálanna, að hér hafi verið um altjón að ræða.

Samkvæmt 73. gr. laga nr. 20/1954, sbr. 4. mgr. 21. gr. vátryggingarskilmálanna, eignast vátryggingarfélag, sem hefur greitt bætur vegna altjóns, leifar hins vátryggða hlutar, ef einhverjar eru. Fram er komið, að húfur b/v Haukaness var seldur á nauðungaruppboði 20. ágúst 1973 fyrir 420.000 krónur, og er óumdeilt, að andvirðið rann til hagsbóta fyrir gagnáfrýjendur. Virðist aðaláfrýjandi ekki hafa hirt um hagsmuni sína í því sambandi. Eins og fyrr er sagt,

verður að leggja til grundvallar, að verðmæti b/v Haukaness fyrir strandið 18. febrúar 1973 hafi verið 16.300.000 krónur. Þykir aðaláfrýjandi hafa sannað nægilega, að vátryggingarfjárhæðin, 21.000.000 krónur, sem var vátryggingarupphæðin samkvæmt hinu verðsetta vátryggingarskírteini, hafi verið hærri en svo, að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 20/1954. Verður fjárhæð sú, sem aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjendum því ákveðin 16.300.000 krónur að frádregnum nýnefndum 420.000 krónum, sem var söluverðið á nauðungaruppboðinu 20. ágúst 1973. Kostnað þann, sem aðaláfrýjandi greiddi eftir strandið vegna björgunar og bráðabirgðaviðgerðar, þykir ekki eiga að draga frá, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 20/1954.

Samkvæmt þessu verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjendum 15.880.000 krónur. Jafnframt ber að taka til greina kröfu gagnáfrýjenda um vexti, þó þannig, að samkvæmt 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954 reiknast vextir af dæmdri fjárhæð 8% ársvextir frá 26. mars 1973 til 16. maí sama ár, 10% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 15% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 750.000 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að kvaðning samdómenda í máli þessu fór ekki fram í samræmi við ákvæði 201. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samtrygging íslenskra botnvörpunga, greiði gagnáfrýjendum, Haraldi Jónssyni og Jóni Hafdal Jónssyni, 15.880.000 krónur með 8% ársvöxtum frá 26. mars 1973 til 16. maí 1973, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 15% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 750.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og Lúðvíks Ingvarssonar prófessors.

I.

Við vísum til atkvæðis meiri hluta dómenda um kröfugerð málsaðilja og gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt.

II.

Þeir Jónas Elíasson prófessor og Þorsteinn Gíslason stýrimannaskólakennari hafa lýst því í matsgerð sinni, þeirri sem rakin er í héraðsdómi, hvernig eðlilegt hefði verið að binda b/v Haukanes við bryggju, þar sem hann lá. Þykir sýnt með samanburði á matsgerðinni og því, sem gögn málsins leiða í ljós um bindingu skipsins, að á það hafi skort, að svo hafi verið gengið frá festingum skipsins í bryggjupolla, sem rétt var.

Þá telja matsmennirnir enn fremur í matsgerð sinni, að eðlilegt hefði verið að leggja út legufærum frá b/v Haukanesi, þar sem hann lá við bryggjuna. Héraðsdómur, sem skipaður var siglingafróðum samdómanda, hefur talið hið síðarnefnda sjálfsagða öryggisráðstöfun og einnig tekið undir fyrrgreint álit matsmanna um, að ekki hafi verið réttilega gengið frá festingum skipsins í bryggju. Áliti hinna sérfróðu manna á þeim atriðum, sem nú hafa verið nefnd, hefur ekki verið hnekkt. Verður að meta gagnáfrýjendum það til gáleysis, að b/v Haukanesi var lagt við bryggju með umræddum hætti, sérstaklega þegar hafðar eru í huga aðstæður á legustað. Einkum verður að telja, að gagnáfrýjendum hefði átt að vera ljóst, að það væri eðlileg öryggisráðstöfun, að skipið lægi við legufæri. Afskipti hafnaryfirvalda af flutningi b/v Haukaness frá fyrri legustað í Hafnarfjarðarhöfn leysti gagnáfrýjendur ekki frá skyldu til að sjá um, að gengið væri frá skipinu á fullnægjandi hátt á hinum nýja legustað.

Auk þess, sem greint hefur verið, verður að fallast á það, að af hálfu gagnáfrýjenda hafi brostið á nægilegt eftirlit með

skipinu nóttina, sem það slitnaði upp. Var brýnt að hafa vakandi eftirlit með skipinu vegna veðurs, sjógangs og sterkra strauma, og það því fremur, sem ótryggilega var frá skipinu gengið, svo sem áður er greint.

Telja verður, að það, að b/v Haukanes slitnaði frá bryggju og strandaði, megi rekja til þess vanbúnaðar og eftirlitsskorts, sem að framan er getið.

III.

Aðaláfrýjandi hefur haldið því fram, að með framangreindri vanrækslu hafi gagnáfrýjendur fyrirgert rétti sínum til vátryggingarbóta vegna ákvæða 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954.

Svo sem áður er greint, var misbrestur á frágangi b/v Haukaness á legustað svo og á eftirliti með skipinu nóttina, sem það sleit upp. Það þykir þó varhugavert að telja vanrækslu gagnáfrýjenda í þessum efnum stórkostlega í skilningi nefnds lagaákvæðis. Leiðir þessi málsástæða aðaláfrýjanda því ekki til sýknu hans.

Aðaláfrýjandi hefur enn fremur skírskotað til ákvæða í d lið og e lið vátryggingarskilmála sinna til stuðnings sýknukröfu sinni. Eru ákvæði þessi rakin í héraðsdómi. Heldur aðaláfrýjandi því fram, að með ákvæðunum hafi hann undanþegið sig skyldu til að bæta tjón, sem stafi af atvikum, er í þeim greini. Eigi að beita þeim, eins og hagi til í máli þessu. Ófrávíkjanlegt ákvæði 20. gr. laga nr. 20/1954 haggi þessu ekki, svo sem gagnáfrýjendur haldi fram, þar sem ákvæði skilmálanna hafi stoð í 63. gr. sömu laga. Geymi hún sérreglu um tjón, sem stafi af því, að skip hefur verið „óhaffært ... ófullnægjandi útbúið eða mannað ...“.

Ljóst er, að 63. gr. vátryggingarsamningalaga tekur ekki til þess tilviks, sem hér er um fjallað, ef beitt er strangri orðskýringu. Leiðir þetta einkum af því, að í greininni er aðeins nefnt tjón, sem stafar af því, að skip var óhaffært, „er það lét síðast úr höfn ...“. Er þá athugaefni, hvort eigi að síður sé rétt að skýra nefnda 63. gr. þannig, að henni verði beitt um skip, sem hefur verið lagt. Er tvímælalaust samkvæmt 2. mgr. 59. gr. vátryggingarsamningalaga, að vá-

trygging skips, sem lagt hefur verið í lægi, telst vera sjóvátrygging.

Með 63. gr. vátryggingarsamningalaga eru gerðar strangari kröfur um aðgæslu útgerðarmanns, sem vátryggt hefur hagsmuni sína, en gerðar eru í 2. mgr. 18. gr. laganna. Samkvæmt 63. gr. á hann ekki rétt til vátryggingarbóta vegna tjóns, er stafar af því, að skip var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, eða var að öðru leyti svo á sig komið, sem í greininni segir, ef hann vissi eða mátti vita um það, sem áfátt var, enda þótt hann verði ekki sakaður um stórfellt gáleysi.

Álíta verður, að gildar ástæður liggi til þess að krefjast sömu aðgæslu af útgerðarmanni um ásigkomulag skips og tryggilegan umbúnað þess, er því hefur verið lagt í lægi, eins og gert er varðandi skip, sem eru í förum. Þegar þetta er haft í huga, þykir verða að skýra 63. gr. vátryggingarsamningalaga þannig, að hún eigi einnig við um skip, sem lagt hefur verið. Samkvæmt þessu verður ekki talið, að 20. gr. laganna skjóti loku fyrir, að gild verði metin ákvæði d liðs og e liðs 8. gr. vátryggingarskilmála aðaláfrýjanda, þar sem þau hafa fullnægjandi stoð í nefndri 63. gr.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, teljum við, að sýkna beri aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjenda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Við erum samþykkir athugasemd meiri hluta dómenda um kvaðningu meðdómenda. Samkvæmt framansögðu teljum við, að dómsorð ætti að vera svofellt:

Aðaláfrýjandi, Samtrygging íslenskra botnvörpunga, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Haralds Jónssonar og Jóns Hafdals Jónssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 18. janúar 1975.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. janúar 1975, hafa Haraldur Jónsson, Flókagötu 6, Hafnarfirði, og Jón Hafdal Jónsson, Melholti 4, Hafnarfirði, höfðað við þingfestingu málsins 5. maí 1973, þar sem mætt var af hálfu stefnda (Samtryggingu íslenskra botnvörpunga) og réttargæslustefnda (hafnarsjóði Hafnarfjarðar) og fyrirtaka málsins samþykkt.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 21.000.000 með 9% ársvöxtum frá 26. mars 1973 til 16. maí 1973, með 10% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974, en 15% frá þeim degi til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins, til vara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum í bætur kr. 19.000.000 með 9% ársvöxtum frá 26. mars 1973 til 16. maí 1973, með 10% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974, en 15% frá þeim degi til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins, til þrautavara, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum bætur eftir mati dómsins með 9% ársvöxtum af hinni tildæmdu fjárhæð frá 26. mars 1973 til 16. maí 1973, með 10% ársvöxtum frá 16. maí 1973 til 15. júlí 1974, en 15% frá þeim degi til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins. Stefnendur ganga út frá því, að veðhafar í b/v Haukanesi haldi lögvörðum rétti sínum til að fá fullnustu á veðkröfum sínum af þeim bótum, sem tildæmdar kunna að verða.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu og ríflegs málskostnaðar að mati dómsins.

Réttargæslustefnda var upphaflega stefnt solidariskt með stefnda, en síðan fallið frá öllum kröfum á hendur honum í þessu máli.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Málavextir.

1.1. Sunnudaginn 18. febrúar 1973, um klukkan 7 árdegis, slitnaði skip stefnenda, b/v Haukanes, frá trébryggjunni í norðurhöfninni í Hafnarfirði í hvassri vestanátt og miklu flóði og rak upp í urð við Fjarðargötu og strandaði þar. Bolur skipsins dældaðist mikið, og enn fremur urðu skemmdir á bryggjunni.

Skipið náðist út á morgunflóðinu þann 19. febrúar og var dregið til Reykjavíkur og tekið þar í slipp. Var það þéttað þar til bráðabirgða á vegum stefnda, en síðan dregið til Hafnarfjarðar og lagt á ný við trébryggjuna, þar sem það hafði verið áður.

Stefnendur höfðuðu og ráku mál á hendur réttargæslustefnda af þessu tilefni og kröfðu hann bóta vegna þess tjóns, sem þeir töldu sig hafa beðið. Sýknudómur í því máli var felldur 6. september sl. Í máli því, sem hér er til meðferðar, krefja stefnendur stefnda um vátryggingarfé, sem þeir telja sig eiga rétt á samkvæmt vátryggingarsamningi við stefnda.

1.2.

Vátryggingarsamningurinn.

Með samningi, sem staðfestur var með útgáfu vátryggingarskírteinis, dags. 1. janúar 1970, tók stefndi að sér að húftryggja b/v Haukanes, GK 3, samkvæmt vátryggingarskilmálum fyrir íslensk fiskiskip, sem stærri eru en 100 rúmlestir, útgefnum 1969 af samtökum íslenskra sjótryggjenda svo og sérstökum skilmálum, sem nefnast „takmörkun B".

Samkvæmt ákvörðun fjárhæðanefndar fiskiskipa, sem starfar í samræmi við ákvæði í 11. gr. laga nr. 79/1968, var vátryggingarverð skipsins á tryggingartímabilinu 1. janúar 1970—31. desember 1970 ákveðið 20 milljónir króna, miðað við að skipið væri rekið með eðlilegum hætti við fiskveiðar.

Vátrygging skipsins var síðan endurnýjuð á árinu 1971 og 1972 með þeim breytingum einum, að á tryggingartímabilinu 1. janúar —31. desember 1972 var vátryggingarfjárhæð á húf skipsins ákveðin á sama hátt 21 milljón króna.

Hins vegar var ekki gefið út nýtt vátryggingarskírteini í hvert sinn, heldur sendur út árlegur iðgjaldareikningur hverju sinni.

Vátrygging skipsins var enn endurnýjuð þann 1. janúar 1973 með sama hætti og áður, að fjárhæðanefnd fiskiskipa ákvarðaði iðgjald skipsins fyrir tímabilið 1. janúar—31. desember 1973 820 þúsund krónur, sem enn er ógreitt, og vátryggingarfjárhæðina á húf skipsins 21 milljón króna, og er tekið fram af fjárhæðanefnd, að téð mat á húf skipsins sé miðað við þær upplýsingar, sem um skipið sé að finna í skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins pr. 1. jan. 1973, en þar er tekið fram, að skipið sé með Ruston aðalvél frá árinu 1952.

Auk þess kveður stefndi gengið út frá því af hálfu fjárhæðanefndar við mat hennar á húf skipsins, að skipinu sé haldið til fiskveiða með eðlilegum hætti á vátryggingartímabilinu, því að öðrum kosti sé vátryggingarverð skipa fjárhæðanefndinni óviðkomandi.

Þau ákvæði vátryggingarskilmálanna, sem hér skipta máli eða vert þykir að geta, eru sem hér segir:

„1. gr. Um vátryggingu þessa gildir sú grundvallarregla, að hún er bein skaðatrygging, og er félaginu óskylt að greiða hærri bætur en þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

2. gr. Hið vátryggða er húfur skipsins, þ. e.

A. Bolur:

(a) Allt, sem er sambyggt skipinu eða fest við það, annað en vélar, sbr. lið B.
(b) Farviðir, laus tæki, búnaður og annað, sem nauðsynlegt er að hafa í hverju skipi.
(c) Vistir og birgðir, sem eðlilegar mega teljast.

B. Vélar:
(a) Aflvélar, ljósavélar og aðrar fastar vélar.
(b) Gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og gírum.
(c) Spil, ásamt dælum og tilheyrandi búnaði.
(d) Rafkerfi, annað en rafleiðslur, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, loftskeyta- og kalltæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum.

Veiðarfæri falla ekki undir vátryggingu þessa, þ. e. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, net, línur, færi, fiskikassar, belgir, baujur ásamt baujuluktum, bólfæri og annar útbúnaður, sem til veiðarfæra telst.

3. gr. Vátryggingarverð.

Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir báða aðila, nema síðar verði sannað, að verðákvörðunin hafi verið byggð á röngum forsendum. Þó getur vátryggingartaki aldrei breytt vátryggingarverðinu án samþykkis félagsins. ...

8. gr. Það, sem félagið bætir ekki.

1. Tjón á skipinu og kostnaður:
(a) Tjón, sem stafa af því, að skipið var óhaffært, þegar það lét síðast úr höfn, sbr. 63. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954. ...
(d) Tjón, sem verða vegna þess, að skipið var ekki í hæfu standi, þegar því var lagt, eða var ekki svo um búið sem skyldi, nema útgerðarmanni verði ekki um þetta kennt.
(e) Tjón, sem verða vegna þess, að útgerðarmaður hefur ekki gætt hæfilegrar hirðu, t. d. þannig, að hann láti skipið liggja gæzlulaust við bryggju eða vélvana í óöruggri höfn. ...
(h) Tjón, sem eigandi eða útgerðarmaður eiga sök á, enda séu þeir ekki skráðir á skipið, en þá fer um ábyrgð þeirra eins og um ábyrgð annarra skipverja. ...

9. gr. Upphæð tjónbóta.

(a) Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, þá bætir fé-

lagið tjónið með því að greiða vátryggingarverðið, eins og það er ákveðið í skírteini þessu, sbr. 3. gr.

(b) Tjón á skipinu bætir félagið með því að greiða vátryggðum nauðsynlegan viðgerðarkostnað, sem hann hefur haft af tjóninu, ásamt tilheyrandi kostnaði, sbr. þó viðfestar niðurjöfnunarreglur.

(c) Bætur fyrir hvert einstakt tjón á skipinu og fyrir kostnað skulu aldrei vera hærri en nemur vátryggingarverðinu, sbr. þó liði (j) og (k) í 7. gr. I. Allt tjón á skipinu og allur kostnaður, sem er bein afleiðing af einum og sama atburði, telst vera eitt tjón. ...

(f) Nú semur félagið við vátryggðan um tjónbætur, án þess að viðgerð fari fram og án þess að skipið hafi verið dæmt óbætandi, og skulu þá slíkar bætur aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði, eins og tveir dómkvaddir matsmenn meta hann, miðað við ákvæði skírteinis þessa um bætur og viðfestar niðurjöfnunarreglur.

(g) Sé skipið selt, áður en viðgerð fer fram á bótaskyldu tjóni, bætir félagið tjónið á sama hátt og segir í lið (f), enda sanni vátryggður, að vegna tjónsins hafi söluverð skipsins orðið lægra, sem því nemur. ...

13. gr. Breytt áhætta.

Ef áhætta breytist svo að máli skiptir félaginu í óhag, eftir að vátryggingin var tekin, ber vátryggingartaka að tilkynna félaginu það, jafnskjótt og honum er kunnugt um breytinguna, og greiða viðbótariðgjald að mati félagsins. Vanræki hann það, fer um vátrygginguna eins og um rangar upplýsingar frá hans hendi væri að ræða. ...

16. gr. Viðgerð á bótaskyldu tjóni.

Eigandi skal sjálfur annast um viðgerð á bótaskyldu tjóni á skipi sínu, nema félagið ákveði annað. Um skyldu félagsins til að greiða bætur fer eftir ákvæðum 24. gr. ...

20. gr. Algert tjón.

Algert tjón, sem félagið bætir, getur orðið með eftirtöldum háttum:

(1) Skipið ferst eða verður fyrir svo miklu tjóni, að alls ekki er unnt að bjarga því eða gera við það.

(2) Skipið verður fyrir svo miklu tjóni, að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærri fjárhæð en vátryggingarverðið, enda sé skipið ekki vátryggt undir verði. ...

21. gr. Krafa vátryggðs um bætur fyrir algert tjón. ...

Þegar skipið hefur orðið fyrir algeru tjóni og félagið hefur greitt vátryggingarverðið í bætur, eignast það um leið skipið eða leifar þess. ...

24. gr. Skylda félagsins til að greiða bætur.

Félaginu er skylt að greiða vátryggðum bætur 14 dögum eftir að það gat gengið úr skugga um, að bótakrafa væri rétt. Dragist greiðsla fram yfir gjalddaga, greiðir félagið vexti af bótunum frá gjalddaga, 1% p. a. lægri en víxilvexti Landsbankans.

Áður en félagið greiðir vátryggðum bætur fyrir algert tjón, ber því sérstaklega að ganga úr skugga um, að ekki sé skert trygging þeirra aðila, sem eiga þinglesin veð í skipinu. ...

30. gr. Sönnunarskylda.

Um vátryggingu þessa gildir sú almenna regla, að sönnunarskyldan hvílir á vátryggðum, bæði um það, að tjón sé bótaskylt samkvæmt skírteini þessu, og einnig um það, hve miklu tjónið nemur".

Ákvæði „takmörkunar B", sem hér þykir rétt að geta, eru þessi:

„1. grein.

Ákvæði í 7. gr. I vátryggingarskilmálanna orðist svo:

Það, sem félagið bætir:

(a) Algert tjón, sbr. 20. gr.
(b) Ábyrgðartjón, sbr. 7. gr. II.
(c) Björgun og aðstoð.
(d) Samtjón.
(e) Strandtjón.
(f) Brunatjón.
(g) Tjón af árekstri við fastan eða fljótandi hlut, þ. m. t. ís. Tjón, sem af því hlýzt, að skipið slæst við annað skip eða mannvirki, sem það er bundið við, liggur eða fest, bætist ekki.

2. gr.

Ákvæði í 10. gr. vátryggingarskilmálanna orðist svo:

Tjónafrádráttur.

Ef skip verður fyrir algeru tjóni, þá bætir félagið það með því að greiða vátryggingarverðið, eins og það er ákveðið í vátryggingarskírteininu.

Sérhvert annað tjón skal sæta tjónafrádrætti, eins og hann er ákveðinn í vátryggingarskírteininu.

Ef einn atburður veldur tjóni, sem fellur undir tvo eða fleiri stafliði hér að framan, skal telja eitt tjón allt það, sem fellur undir stafliðina (b), (c) og (d), en annað tjón allt það, sem fellur undir stafliðina (e), (f) og (g).

Eigin áhætta tryggingartaka í hverju einstöku tjóni.

a) Algert tjón, engin eigin áhætta.
b) Ábyrgðartjón ..... kr. 100.000.00
c) Björgun og aðstoð ..... — 100.000.00
d) Samtjón ..... — 100.000.00
e) Strandtjón 10% minnst ..... — 250.000.00
f) Brunatjón 10% minnst ..... — 250.000.00
g) Tjón af árekstri við fastan eða fljótandi hlut 10% minnst ..... — 250.000.00".

1.3.

Vélaskipti.

Í lok ágústmánaðar 1972 höfðu stefnendur lagt skipinu utan á svonefnt Steinker í syðri höfninni í Hafnarfirði. Var aðalvélin tekin úr skipinu, og hugðust stefnendur setja nýja vél í hennar stað og gera aðrar breytingar á skipinu, m. a. með það fyrir augum að gera það út til loðnuveiða.

Jafnframt leituðu stefnendur eftir lánsfé, þar á meðal hjá stefndu. Rituðu þeir stefndu tvö bréf um það efni, dags. 14. september og 6. nóvember 1972. Í síðara bréfinu er þess getið, að stefnendur hafi undirbúið vélaskipti og að þeir áformi að gera ákveðnar breytingar á skipinu.

Stefnendur ákváðu að taka tilboði frá H. Ben. & Co um vél á ca kr. 16.000.000. Greiða átti 10% út í hönd, en eftirstöðvar á 5 árum. Í desember 1972 stöðvaðist vinna við skipið, að mestu vegna fjárskorts. Þann 6. febrúar 1973 samþykkti Fiskveiðasjóður að veita stefnendum lán, sem svaraði ⅔ hlutum vélarverðs. Stefnendur hófu nú undirbúning að viðræðum við Landsbankann, en þeir höfðu áður sótt um lán hjá bankanum vegna framkvæmdanna, en áður en af viðræðum gat orðið, slitnaði skipið frá bryggju og strandaði, eins og áður greinir.

Þegar leið á loðnuvertíðina, var farið að amast við dvöl skipsins við steinkerið af hálfu réttargæslustefnda og stefnendum tilkynnt, að þeir yrðu að færa skipið. Stefnendur óskuðu eftir, að skipið yrði þá flutt innan á Steinkerið, en þeirri kröfu var hafnað, vegna þess að þar er löndunarstaður fiskiskipa. Starfsmenn

réttargæslustefnda fluttu síðan skipið þann 8. febrúar að gömlu trébryggjunni í norðurhöfninni. Var því lagt utan á bryggjuna með stefnið til vesturs, en skuturinn stóð aftur af bryggjunni.

1.4.

Samskipti aðilja eftir strandið.

Eftir að skipið rak upp, kröfðu stefnendur stefndu um bætur, kr. 21.000.000, en einnig kveðast þeir hafa rætt um, að gert yrði við skipið og að stefndu greiddu viðgerðarkostnaðinn, enda þótt þeir teldu, að viðgerðarkostnaður mundi nema hærri fjárhæð en vátryggingarverðinu.

Með bréfi, dags. 26. mars 1973, synjaði stefndi greiðslu vátryggingarbóta með tilvísun í 8. gr. vátryggingarskilmálanna, I. d og e lið og 13. gr. Hins vegar samþykkti félagið að greiða kostnað við björgun, drátt og slipptöku, að frádreginni eigin áhættu vátryggingartaka, kr. 100.000. Tekið var fram, að í þessari ákvörðun fælist ekki viðurkenning á greiðsluskyldu. Jafnframt tilkynnti stefndi, að vátryggingarverð skipsins væri lækkað í kr. 2.000.000.

1.5.

Ástand bryggjunnar.

Bryggjan er talin hafa verið smíðuð árið 1931. Landgangur bryggjunnar hvílir á fimm staurarröðum, og eru 23 staurar í hverri röð út að bryggjuhausnum. Bil á milli staura er 4.2 m. Bryggjuhausinn liggur í vestur frá enda landgangsins og myndar horn við landganginn, sem er lítið eitt gleiðara en 90°. Undir bryggjunni eru 5 staurararaðir með 45—56 staurum. Festarhælar eru ýmist endar bryggjustauranna, sem ganga upp úr þekjunni, eða járnhælar, sem boltaðir eru niður í bryggjuviðina.

Gunnar Ágústsson hafnarstjóri, sem er byggingaverkfræðingur að mennt, hefur gert uppdrætti að bryggjunni, sem lagðir hafa verið fram í málinu, og sýna þeir m. a. festarhæla bryggjunnar. Hann hefur tölusett festarhælana, og kemur fram á myndum, sem hann hefur tekið og lagðar hafa verið fram í málinu, hvernig þeir voru gerðir. P1 er þannig fyrsti staurinn í innstu staurarröð bryggjuhaussins, fjórði staur frá austurhorni bryggjunnar. P3 er endinn á öðrum staur utan við P1, en P2 er járnhæll, sem festur er í bryggjugólfið rétt innan við P3. P4 er járnhæll við bryggjuhornið, P5 til P11 liggja í röð frá P4 út eftir ytri bryggjukantinum og P11 á suðvesturhorni bryggjunnar. P5, P6 og P8 eru

járnhælar, og P9 var einnig járnhæll. P7 og P10 eru tréhælar, P12 og P13 eru tréhælar á vesturenda bryggjunnar. P14—20 eru innan á bryggjuhausnum í röð frá vestri til austurs, P14, 15, 19 og P20 eru tréhælar, en hinir eru járnhælar.

Hafnarstjórinn hefur skýrt svo frá fyrir dóminum, að nýbúið hafi verið að styrkja bryggjuna mikið, þegar skipið slitnaði frá henni, þannig að settir hafi verið 36 nýjir staurar út eftir landganginum og helmingnum af hausnum. Ytri hluta haussins kveður hann hafa verið lokað með girðingu. Hann kveður bryggjuna hafa verið eins trausta miðað við aldur og frekast var kostur. Hann kveður umferð ökutækja um innri hluta bryggjunnar hafa verið takmarkaða og miðað við 5 tonna öxulþunga til að forða því, að loðnunætur væru fluttar milli skipa og lands um bryggjuna. Hann kveður 14 tonna krana þó hafa verið notaðan á bryggjunni um árabil, án þess að nokkuð kæmi fyrir. Hann kveður viðhald hafa farið fram á bryggjunni á hverju ári og viðgerðir eftir þörfum. Hann kveður sér ekki kunnugt um, að skip hafi slitnað frá bryggjunni áður. Hann telur bryggjuna vera í 5.5 m hæð yfir meðalstórstraumsfjöruborði.

Halldór Hannesson byggingaverkfræðingur og Sigurjón Einarsson skipasmiður hafa metið tjón á bryggjunni. Þeir lýsa járnhælum bryggjunnar þannig í matsgerð: „Festlarnir eru járnsteyptir, allir svipaðir að gerð; þykkur sóli, sem hvílir á bryggjuþekjunni, en tvö járnrör upp úr til að binda skipsfestar í. Þeir eru festir með 6 eða 8 boltum ∅ 7/8″ eða ∅/ 3/4″ í gegnum sólann og sérstaka styrkingu á bryggjunni undir þekju. Mál festlanna þriggja, sem eftir eru og eru brotnir, eru: 87—102 cm langir og 23—32 cm breiðir sólar, þykkt um 5 cm í miðju. Rörin eru 22—25 cm í þvermál og um 40 cm að hæð". Að öðru leyti kemur eftirfarandi fram um gerð bryggjunnar í matsgerðinni: „Sitt hvorum megin við staurana (undir bitum, sem bera þekjuplanka) eru sver tré, „tengur", 15×25 cm í þvermál hvert. Auk þess eru á stauraokunum skástífur úr 10×20 cm sverum trjám, sem liggja á ská frá kanti og niður í fjöruborð á staur 6 m innan við kant. Skástífurnar eru 7.5 m langar. Kanttré eru tvö, hið efra 15×15 cm, hið neðra 25×25 cm í þvermál. Milli þeirra ganga þekjuplankarnir, 7½×20 cm í þvermál, fram, svo að endar þeirra og framhlið kanttrjáa flúktuðu saman".

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm. Sigurjón Einarsson kveðst hafa unnið að viðgerðum á bryggjunni síðan 1943—44, síðast 1971—72. Hann kveður bryggjuna mikið notaða og farna að

gefa sig. Hann kveður helst hafa verið fúa í dekkinu og segist ekki ábyrgjast, að laust sé við fúa annars staðar í bryggjunni. Hann kveðst telja, að fúi í dekki geti haft áhrif á styrkleika festinga. Hann segir, að ekki sé mjög langt síðan skipt var um kant á innri enda bryggjunnar.

Halldór Hannesson kveður bryggjuna ekki óhæfari til að binda við hana skip en margar aðrar. Hann telur það skipta mestu máli um hæfni bryggjunnar til festingar, að afstýringar á bryggjugrind séu í lagi.

Jónas Elíasson prófessor og Þorsteinn Gíslason, kennari við Stýrimannaskólann, hafa verið dómkvaddir samkvæmt ábendingu dómsins, m. a. til að veita umsögn um, hvort bryggjunni hafi í einhverju verið áfátt, þannig að ekki væri unnt að festa skip við hana til langframa á tryggilegan hátt. Í matsgerðinni segir m. a., að bryggjan liggi um 500 m innan við hafnarmynnið, mjög í stefnu þess straums og þeirrar öldu, sem kemur þar inn í vestanveðrum. Matsmennirnir segjast hafa veitt athygli allmiklum viðgerðum og fúa í nokkrum festarhælum. Þeir lýsa frágangi hælanna þannig, að þeir séu settir á milli tveggja bita, fyllingartrébútar settir undir dekkplankana, dekkplankabútar settir undir þá og allt boltað saman. Telja þeir þennan frágang fullnægjandi, sé þess gætt, að hællinn hafi gott hald í þeim bitum, sem hann er settur á milli, og þeir séu gegnumgangandi bitar með gott hald í töngunum báðum megin við. Matsmennirnir telja, að hægt sé að ná betri festingu fyrir járnhælana með því að bolta þá ofan í tengurnar og tengja við næstu tengur hvorum megin við með aukabitum.

Jónas Elíasson hefur lýst því áliti fyrir dómi, að bryggjan sé ekki sérlega óvenjuleg með tilliti til þess tíma sem hún er byggð á. Hann telur, að takmarkað burðarþol bryggjunnar þurfi ekki að hafa óhagstæð áhrif á hæfileika bryggjunnar til að festa við hana skip.

Um festingu á P9, sem fór með stykki, sem rifnaði úr bryggjunni, segir svo í matsgerðinni: „Sýnt er á mynd 3, hvernig honum hefur verið komið fyrir í bryggjunni. Hann er settur á milli tveggja tanga, síðan festur með fjórum dekkplönkum að neðan við hjálparbitann og bita A. Athugun leiddi ennfremur í ljós, að til að koma 26×26 bútnum fyrir undir pollanum hefur verið tekið úr bita B, og hefur hann brotnað við sagarfarið. Ennfremur er hann ekki heill í hinn endann, heldur skeyttur. Ennfremur er hjálparbitinn skeyttur við þessa sömu töng, og sést kubbur, sem

hann hefur hvílt á, en ekki aðrar festingar. Í hinn endann hefur hjálparbitinn brotnað, bútarnir af hjálparbitanum og bita B eru horfnir".

Niðurstaða matsmanna um traustleika bryggjunnar er sem hér segir:

„Matsmenn telja rétt að líta á þetta atriði í tvennu lagi sem hér segir:

2a) Var bryggjunni í einhverju áfátt er viðvíkur festingum b/v Haukaness? Polli sá, er Haukanesið tók með sér, var aðeins festur í einn aðalbita og einn hjálparbita með festingum, sem, að því er séð verður, voru dekkplankar og bryggjunaglar. Auk þess voru bitarnir aðeins heilir í annan endann, en skeyttir í hinn, og þar að auki sagað úr bita til að koma pollanum fyrir. Ennfremur er frágangur á festiboltum polla þannig, að boltarnir geta dregist upp án þess að slitna. Matsmenn verða því að svara lið 2a) játandi.

2b) Var hægt að festa b/v Haukanes við bryggjuna? Svo sem kemur fram í atriði 1, er það álit matsmanna, að eðlilegt hafi verið að leggja út akkeri, þegar Haukanesinu var lagt. Það er álit matsmanna, að með slíkum hætti hefði verið unnt að binda b/v Haukanes við bryggjuna við þær aðstæður, sem hér um ræðir, þrátt fyrir þá ágalla bryggjunnar, sem á undan eru raktir".

Í dómi sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 6. september 1974 í máli stefnenda gegn hafnarsjóði Hafnarfjarðar segir, að dómurinn líti svo á samkvæmt því, sem upplýst sé um ástand bryggjunnar, að hún hafi ekki verið haldin þeim annmörkum, almennt, að ekki hafi verið forsvaranlegt að vísa stefnendum á hana sem viðlegupláss fyrir skipið.

Enn fremur segir svo í dóminum:

„Telja verður sannað, að bryggjan hafi verið haldin tvenns konar annmörkum, sem hér koma við sögu. Járnfestlarnir voru festir þannig í bryggjuviðina, að boltarnir, sem þeir voru festir með, gátu dregist upp við átak, og festarhæll P9 hafði ekki gallalaust hald í bryggjunni. Ekki hefur þó verið sýnt fram á, að gallar þessir hafi í sjálfu sér verið verulegir, og með hliðsjón af fyrrgreindri vanrækslu stefnenda sjálfra og öðrum sönnunarreglum verður að telja ósannað, að þessir annmarkar hafi verið þáttur í orsökum tjónsins".

1.6.

Festing skipsins.

Við sjóprófin lýsti Jón Hafdal því, hvernig skipið hefði verið bundið þannig: „Fram af því hafi verið 3½" vír í „sabba" og úr „sabbanum" vír á polla, en á þann sama polla hafi legið sver nylonstroffa. Í annan polla, hinum megin á bryggjunni, hafi legið 3½" vír af skipinu framanverðu, þvert yfir bryggjuna. Vír 3½" hafi síðan legið í spring aftur með á stóran trépolla. Annar vír 3½" frá skipinu aftanverðu hafi legið fram með því á járnpolla. Annar vír 2½" hafi legið í „sabba" þvert upp af skipinu með landganginum og „sabbinn" legið á trépolla, en vírinn á endanum síðan á járnpolla. Að lokum hafi legið nylonstroffa og einn eða tveir vírar á hornpollanum innst á bryggjunni".

Hafnarstjórinn, Gunnar Ágústsson, kveðst hafa gengið niður á byrggjuna um morguninn, þegar skipið hafi slitnað frá, og farið síðan ásamt Sigurði Hallgrímssyni hafnsögumanni yfir leifarnar af festingum á bryggjunni. Hann kveðst hafa mælt sverleika á trossum og festlum nr. 1—2, 4—5 og 7. Hann kveðst bæði hafa mælt breidd og ummál með málbandi. Hann kveðst hafa framkvæmt mælingarnar einn. Hann hefur gert uppdrátt að bryggjunni og teiknað skipið inn á hana.

Jón Hafdal skýrði frá því í sjóprófi 21. febrúar 1973, að ljósavélar hefðu verið í lagi og hefði með þeim mátt knýja akkerisvindu. Hann kveður þeim eigendum ekki hafa hugkvæmst að setja út akkeri, enda gert ráð fyrir, að skipið yrði fljótlega fært til. Hann segir, að þeir eigendurnir og menn á þeirra vegum hafi bundið togarann við bryggjuna. Hann kveðst hafa lagað festingar í vikunni fyrir óhappið, jafnað þær og stytt í endum og sett nýjan enda í stað annars, sem hafði slitnað.

Sigurður Hallgrímsson hafnarvörður sagði við sjóprófin, að hann hefði strax gert athugasemd við festinguna, einkum að framan, og aðspurður af eigendum ekki hafa talið þær nægilegar og hafi þeir bætt um í því efni að einhverju leyti, m. a. sett festingu þvert yfir bryggjuna. Hann telur, að tvímælalaust hefði átt að setja út akkeri, ef unnt var, en hafnarverðirnir hafi ekki fyrirskipað það, enda hafi þeir talið, að akkerisvindan væri ekki nothæf. Hann segir, að eftir norðangarðinn, sem hafi verið mestur 13. febrúar, hafi verið margsinnis reynt að ná til eigenda skipsins til að benda þeim á að ganga betur frá festingum, en skipið hafi þá verið eina 3—4 metra frá bryggju, en það hafi ekki tekist fyrr en fimmtudaginn 15. eða föstudaginn 16. febrúar. Þá hafi verið gerð einhver bragarbót varðandi festingarnar. Hann telur ekki alls kostar heppilegt að hafa víra á járnpollum, þar sem þá

sé hætta á, að festingar bili við átak. Hann kveðst þó ekki hafa gert athugasemdir við vírafestingar.

Sigurður Hallgrímsson kom aftur fyrir dóminn 13. maí. Hann kvaðst þá telja, að festingum skipsins hafi einkanlega verið áfátt í því, að þær hafi ekki tekið jafnt á við allar aðstæður. Hann kveður fjöðrun alls ekki hafa verið fullnægjandi.

Björn Bjarnason hafnarvörður kom fyrir dóminn 9. október 1973. Hann kveðst hafa séð skipið við bryggju kvöldið áður en það slitnaði frá og kveður þá ekkert hafa verið athugavert við festingar. Hann sagði, að hafnarverðir kvörtuðu við eigendur skipa, ef þeir yrðu varir við, að skip væru illa bundin.

Eftirfarandi spurning var lögð fyrir matsmennina Jónas Elíasson og Þorstein Gíslason: „Hvernig var eðlilegt að binda skip af stærð b/v Haukaness við trébryggjuna í norðurhluta Hafnarfjarðarhafnar til langtíma á þeim tíma, þegar skipið slitnaði frá í febrúarmánuði?“ Í matsgerðinni er gerð grein fyrir því, hvernig skip, sem liggur við bryggju, verður fyrir þrenns konar átaki eða kröftum af völdum vinda, aldna og strauma. Þeir telja höfuðatriði, að festingar skips séu vel fjaðrandi. Síðan segir orðrétt: „Algengustu festar í dag eru stálvírar og nylontóg. Vírarnir eru miklu sterkari (hér um bil þrisvar sinnum miðað við sama sverleika), en nylontógið teygist miklu meira (hér um bil fjörutíu sinnum miðað við sama átak og sama brotstyrk). Þegar bundið er með vírum, eru því oft notaðir „sabbar“ eða gúmmíhringar til að auka teygjuna. Festum verður að haga þannig, að skipið leggist ekki í þær og slíti þær, þegar sjór lækkar á fjöru. Tilsvarandi slaknar á festum, þegar flóð er, nema þær séu strekktar. Þegar festar verða slakar, getur skip, sem hreyfist fram og til baka, náð að komast á nokkra ferð, áður en festarnar byrja að taka í, og kemur mikill kippur í festarnar, þegar slíkt skeður. Þegar akkeri er lagt út, er það lagt í mátulega langri akkeriskeðju. Þegar skipið hreyfist fram og til baka, lyftist keðjan frá botni og leggst á hann aftur, en slaknar aldrei alveg á henni. Akkeri er því mjög fjaðrandi festing, þó ekki teygist á keðjunni sjálfri“.

Matsmennirnir voru spurðir um einstök atriði matsgerðarinnar fyrir dóminum. Jónas Elíasson sagði, að ef festingar væru slakar og skip næði að kippa í þær snögglega, þegar það væri á mestri ferð, reyndi mest á festarnar. Hann telur, að ómögulegt sé að festa skip þannig, að það hreyfist ekki. Þegar verið er að strekkja festar, kveður hann menn verða að gera upp við sig, hversu mikla hreyfingu þeir vilja leyfa. Hann segir, að því meira sem

festingar eru strekktar þeim mun takmarkaðri verði hreyfingar skipsins. Hann segir, að öldur geti valdið hliðarveltingi, ef öldulag er þannig, en kveður hreyfingarnar fram og aftur hafa verið þyngstar og hættulegastar við þær aðstæður, sem voru, þegar skipið slitnaði frá. Hann sagði, að matsmennirnir teldu, að ef skip væri bundið eins og lýst er í matsgerðinni, þyrfti ekki að breyta festingum með tilliti til sjávarstöðu, enda væri það fest með akkerum.

Matsmaðurinn var spurður um álit hans á festingu skipsins eins og hún er sýnd á uppdrætti hafnarstjórans á dskj. 21 með innfærðum leiðréttingum stefnenda. Hann sagði, að betra hefði verið að festa aðra framtaugina, sem fest var við P9, á P10, með því móti hefði átakið jafnast betur út yfir bryggjuna. Enn fremur benti hann á, að ekki verði séð á teikningunni, að fjöðrun sé á taug í P16, en segir, að líklega hefði mátt vera fjöðrun á þessari taug.

Niðurstaða matsmannanna í þessum þætti er sem hér greinir: „Með hliðsjón af því, sem að framan greinir, telja matsmenn nægilegt að greina, hvernig þeir álíta eðlilegt að binda skip af stærð b/v Haukaness í því leguplássi, sem b/v Haukanes fékk úthlutað.

Þetta er hægt að framkvæma á margan hátt, með mismunandi festingum. Þó telja matsmenn nauðsynlegt, þegar slíku skipi er lagt til langtíma á greindum stað, að nota legufæri þess, svo það megi mæta þeim veðrum, sem samkvæmt reynslu koma á þessum árstíma. Þá ber að taka tillit til, 1) að mesti munur sjávarstöðu nálgast 5 metra, 2) skipum skal lagt með stefnið til vesturs á móti veðrum úr þeirri átt, 3) ef skipið er létt í sjó, 4) að verja skal festar gegn núningi á köntum og í klifum, ef hætta er á slíku.

Matsmenn telja eðlilega festingu, sem nú verður talið: Tveir 3½″ vírar með sabba 30 metra fram af hvalbak skipsins á sinn hvorn polla. Frá hvalbaknum liggi ennfremur springur 15—20 m á lengd úr fjaðrandi efni með líku burðarþoli og framfestingar. Samskonar springur að lengd og gerð liggi frá bátaþilfari fram með síðu skipsins. Frá festipolla aftast í stjórnborðsgangi komi festing samsvarandi að fjöðrun og styrk áðurgreindum springum í polla á bryggjuhorni, ennfremur annar springur í polla á bryggjuhorni, ennfremur annar springur í polla 8 metrum utar. Frá sama stað komi 20 metra löng festing upp með landgangi bryggjunnar,

samskonar og framfestingar. Frá hvalbak komi springur úr nyloni þvert yfir bryggjuna.

Springir og festing í hornpolla skulu settir með tilliti til lægstu sjávarstöðu, en aðrar festingar skal strekkja. Legufærum skal lagt út sem áður greinir. Matsmenn telja skipið einnig eðlilega fest, ef í stað víranna eru notuð nylontóg með sama burðarþoli, enda séu þau hæfilega varin gegn núningi.

Mat þetta er að hluta til byggt á persónulegri reynslu annars matsmanns á festingu skipa við þessa bryggju á undanförnum 30 árum".

Nokkur meiningarmunur er milli lögmanns stefnenda annars vegar og lögmanna stefnda og réttargæslustefnda hins vegar, um hvernig skipið hafi verið bundið, en í áðurnefndum dómi sjó- og verslunardómsins 6. september 1974 segir svo um festingu skipsins:

„Dómurinn lítur svo á, að stefnendur verði sjálfir að bera óskoraða ábyrgð á, hvernig skipið var bundið. Ekkert er fram komið um, að starfsmenn stefnda hafi gefið ólögmæt fyrirmæli um festingar, sem til megi rekja orsakir tjóns stefnenda. ...

Eins og þarna háttaði, má ganga út frá því, að aðalátak hafi komið á framfestingar skipsins. Akkerum hafði þó ekki verið varpað, en hald í slíkum festingum gat ráðið úrslitum og var sjálfsögð öryggisráðstöfun eins og á stóð. Ekki var heldur gengið tryggilega frá framfestingum skipsins, sérstaklega með hliðsjón af því, að skipið hafði ekki hald í akkerisfestingum, eins og fyrr er rakið. Þannig var engin fjöðrun á festingunni í festarhælinn P16, og festarhællinn P10 var látinn ónotaður, en þess í stað tvær taugar bundnar í festarhælinn P9 ...".

1.7.

Veður.

Samkvæmt vottorði Veðurstofunnar 21. maí 1973 var veður þannig, um það leyti sem skipið slitnaði frá bryggjunni, á Reykjavíkurflugvelli og í Straumsvík:

„REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR.

Dags.	Tími	Vindátt og veðurhæð	Mest veðurhæð milli athugana	Loftþrýstingur við sjávarmál
17/2	24	SV 8	8	981.2
18/2	03	VSV 9	9	983.0
18/2	06	VSV 9	10	983.8
18/2	09	VSV 9	10	985.3

STRAUMSVÍK.

Dags.	Tími	Vindátt og veðurhæð
17/2	21	SSV
18/2	09	VSV".

Enn fremur hefur verið lagt fram línurit yfir flóðahæð í Reykjavík 12. febrúar—19. febrúar 1973 og veðurspá 17. febrúar 1973 kl. 2215, svohljóðandi: „Búizt er við stormi á miðunum fyrir sunnan, vestan og norðan land og ísingu á Vestfjarða- og Norðurmiðum.

Milli Vestfjarða og Grænlands er 965 mb djúp lægð, sem fer enn vaxandi og hreyfist austnorðaustur. Frysta mun um allt land.

Suðvesturland og Faxaflói, Suðvesturmið og Faxaflóamið:

Vestan eða norðvestan stormur og éljagangur".

Lögmaður réttargæslustefnda lýsir veðuraðstæðum, þegar skipið slitnaði upp, þannig í greinargerð: „Fór þá saman stórstreymisháflóð, vestanstórviðri og sjógangur, sem lagði beint inn hafnarmynnið þangað sem b/v Haukanes lá við bryggjuna og sneri stefni upp í vind og sjó".

Samkvæmt línuriti yfir flóðhæð í Reykjavík klukkan 0700 18. febrúar sl. komst flóðhæðin upp í 4.4 m, eða um 30 cm hærra en taflan yfir sjávarföll sýnir fyrir þennan tíma, enda stóð vindur af hafi, og loftþrýstingur var lágur, en slíkar aðstæður valda því, að flóðhæðin verður mun hærri en ella. Mismunur á sjávarborði kl. 0051 og klukkan 0700 hefur því verið um 4.40 m, en hæð bryggjunnar er ca 5.50 m. Hafnarstjórinn kveður hæð á bryggjudekki yfir sjávarmáli hafa verið 1.10 m, þegar flóðið stóð sem hæst.

Jón Hafdal kveður hafa verið kvassa vestanátt um nóttina og hert mjög á flóðinu klukkan um 0700.

Samkvæmt lögregluskýrslu, dags. 18. febrúar 1973, var vestan stórviðri, þegar skipið rak upp, og leiddi töluverða öldu inn höfnina.

Í dóminum frá 6. september 1974 segir svo um þetta efni:

„Fyrr er frá því greint, að b.v. Haukanesi var lagt til langs tíma í norðurhöfn Hafnarfjarðar. Aðfaranótt 18. febrúar 1973, áður en skipið slitnaði frá bryggjunni, var vest-suð-vestan stormur, sem fór vaxandi eftir því sem á nóttina leið. Sjógangur var mikill sakir veðurhæðar og vindáttar og straumar sterkir af þessum sökum, enda var stækkandi straumur um þetta leyti, sem náði hámarki um morguninn á svipuðum tíma og skipið slitnaði

frá bryggjunni. Ekki verður talið, að veðurhæð og aðrar aðstæður hafi verið meiri eða verri en almennt mátti búast við á þessum árstíma ...".

1.8.

Eftirlit.

Jón Hafdal kveður engan vaktmann hafa verið í skipinu, en hann kveðst hafa litið eftir skipinu klukkan um 0200 aðfaranótt hins 18. febrúar, hafi þá allt verið í lagi. Klukkan 0400 kveður hann bróður sinn, Guðmund Jónsson, hafa litið eftir skipinu. Hann kveður engan frá útgerð skipsins hafa verið hjá því, þegar það slitnaði upp, en hann kveðst hafa komið á staðinn klukkan 0730.

Haraldur Jónsson kveðst síðast hafa komið að skipinu, áður en það slitnaði frá, einhvern tíma um laugardagskvöldið, en þá kveður hann ekkert hafa verið athugavert að sjá.

Guðmundur Jónsson, bróðir stefnenda, kveðst hafa séð Jón Guðna Hafdal vinna við að lagfæra festingar skipsins á fimmtudaginn í vikunni áður en skipið slitnaði frá. Hann kveðst oft hafa litið eftir skipinu, síðan það var flutt, og jafnt á nóttu sem degi og síðast hafa komið að því klukkan um 0400 aðfaranótt sunnudagsins. Þá kveður hann allt hafa verið í lagi með festingar og veður ekki það vont, að ástæða væri til að óttast, að skipið slitnaði frá.

Sigurður Hallgrímsson hafnarvörður telur, að átt hefði að hafa menn um borð í skipinu til að fylgjast með festingum og hagræða endum með hliðsjón af aðstæðum, sjávarhæð og fleiru. Kveður hann eina fjóra menn hafa verið um borð í b/v Röðli í þessu skyni, en bæði það skip og m/s Askja hefðu verið í hættu, hefðu þau verið gæslulaus.

Gunnar Ágústsson hafnarstjóri kveður ekki hafa verið sérstaklega beðið um, að vaktmaður væri í skipinu. Hann kveður hafnsögumenn meðal annars hafa það starf að fylgjast með festingum skipa. Þegar hafnarvörður tekur á móti endum, kveður mætti (sic) hann þó aðallega taka á móti fyrirmælum frá skipstjórnarmönnum. Hann kveður hafnsögumenn fá greitt fyrir ómælda yfirvinnu vegna þess meðal annars, að það sé á verksviði þeirra að fara út ótilkvaddir, þegar sérstök ástæða er til, svo sem slæmt veður.

Þorsteinn Gíslason var spurður, hvort hann teldi forsvaranlegt að hafa ekki menn um borð í skipi við þær aðstæður, sem voru,

þegar Haukanesið slitnaði frá. Hann kveðst telja nauðsynlegt að hafa eftirlit með skipinu, ef eitthvað er að veðri.

Sigurður Hallgrímsson hafnarvörður kveðst hafa komið niður að höfn um miðnætti aðfaranótt 18. febrúar, vegna þess að Askja átti þá að leggja úr höfn. Hann kveðst hafa dvalist við höfnina til klukkan 0100, en ekki reynt að ná sambandi við eigendur Haukaness eða eigendur annarra skipa. Hann kveðst ekki vita til, að Árni Sigurðsson hafi verið við höfnina á þessum tíma.

Jónas Elíasson taldi, að hægt hefði verið að forðast strand með því að láta akkerið falla, um leið og skipið slitnaði frá.

Þorsteinn Gíslason var spurður, hvort hann teldi, að hægt hefði verið að festa skipið, eftir að festingar byrjuðu að slitna, með því að láta akkeri falla. Hann kveðst ekki geta svarað spurningunni, einkum vegna þess að ekki sé vitað, hversu langur tími leið, frá því að skipið byrjaði að slitna frá og þangað til það var byrjað að reka. Hann sagði, að alltaf tæki nokkurn tíma að láta akkeri falla, einkum ef steypt væri í akkeriskluss. Hann kvað reynslu sína benda til, að leirbotn væri við bryggjuna. Hann kvaðst telja, að það væri haldgóður botn. Hann kvaðst telja, að yfirleitt tæki lítið í bryggjubönd, ef legufæri væru úti.

Um eftirlit með skipinu segir svo í niðurstöðum dómsins frá 6. september 1974:

„Dómurinn lítur svo á, að stefnendum hafi sjálfum staðið næst að líta eftir skipi sínu. Ekki verður séð, að starfsmönnum hafnarinnar hafi orðið nokkuð það á við eftirlitsstörf sín við hafnarvörsluna, sem stefnendur geti byggt kröfur á á hendur stefnda, enda virðist eftirlitsskylda starfsmanna hafnarinnar fyrst og fremst lúta að almennu öryggi og verndun hafnarmannvirkja. ...

... Loks bar stefnendum að hafa stöðugt eftirlit með skipinu við þær aðstæður, sem hér voru, en slíkt eftirlit var nauðsynlegt eins og hér stóð á. Þessari skyldu var ekki fullnægt að neinu viðhlítandi marki".

1.9.

Hvernig slitnaði skipið frá?

Engir sjónarvottar hafa komið fyrir dóminn, sem geta borið um, hvernig skipið slitnaði frá bryggjunni. Svo sem áður segir, slitnaði stykkið úr bryggjunni, þar sem festarhæll P9 var, auk þess brotnuðu þrír járnhælar. Hafa boltarnir öðrum megin í öllum tilvikum dregist upp og sólinn brotnað á milli röranna, og sólarnir eru brotnir þvert yfir, og liggja brotsárin yfirleitt í gegn-

um boltagöt. Leifar af festingum eru á festarhælum P1, 2, 3 og 7 og á þeim helmingi af P4 og 5, sem ekki slitnaði. Enn fremur hefur kantur bryggjunnar slitnað, og tengur og skáskífur eru víða skemmdar. Tengiskúr fyrir rafmagn, sem stóð framarlega á bryggjunni, færðist úr stað. Rafkaplar röskuðust lítillega.

Dómkvaddir matsmenn hafa metið kostnað við lagfæringar og endurbætur á bryggjunni á kr. 1.084.300. Áður hefur verið greint frá umsögn matsmanna um frágang á festingum festarhæls P9.

Þorsteinn Gíslason var spurður að því, hvort hann teldi, að skip af stærð b/v Haukaness hefði haldist við bryggjuna, ef það hefði verið bundið við bryggjuna eins og gert er ráð fyrir í álitsgerðinni, en ekki við legufæri. Hann svaraði spurningunni játandi, en bætti við, að svarið væri miðað við, að festihælar gæfu sig ekki. Hann kvaðst telja miklar líkur á, að hæll, sem merktur er P9, hefði gefið sig fyrst eða P16. Við það kvaðst hann telja, að skipið hefði tekið að rása, því slegið flötu og losnað síðan.

Jónas Elíasson var spurður, hvort hann teldi líklegt, að hæll P9 hefði slitnað fyrst. Hann sagði, að matsmennirnir hefðu að vísu kynnt sér af gögnum, hvernig skipið var bundið, en ekki farið djúpt ofan í það atriði. Hann sagði, að þeir hefðu ekki spurt, hvernig skipið hefði verið fest. Hann kvaðst telja, að verulegu máli skipti, hvernig festingarnar væru strekktar, en um það sagði hann, að matsmenn hefðu ekki fengið upplýsingar. Hann kvað það líklegast, að pollinn hefði gefið sig, einhvern tíma þegar skipið fór aftur. Ef festingar hefðu verið mjög slakar, taldi hann þó hugsanlegt, að þetta hefði gerst, þegar skipinu sló flötu. Hann kvað hugsanlegt, að skipið hefði fyrst losnað að aftan, hafi afturfestingar verið mjög strekktar. Hann kvað festarhælana P9 og P16 hafa verið þá, sem áttu að halda, úr því að skipið lá ekki við akkeri. Hann var spurður, hvort hann teldi líklegt, að skipið hefði slitnað frá vegna veikleika í P9. Hann kvaðst ekki geta svarað þessu nema eftir líkum, einkum kvað hann erfitt að svara, vegna þess að ekki væri vitað, hvernig skipið var bundið, hversu strekktar festingar voru og hversu fjaðrandi. Hann sagði, að ef festingar hefðu verið mjög slakar, hefði það líklega slitnað, hvernig sem hælarnir hefðu verið. Ef skipið hefði verið vel bundið, taldi hann vel mögulegt, að það hefði haldist upp við bryggjuna, þótt það hefði ekki verið fest við akkeri. Hann kvað hafa komið fram í viðræðum matsmannanna, að Þorsteinn teldi eftir reynslu sinni, að oft hefði verið erfitt eða nánast ómögulegt að hemja skip við bryggjuna án þess að varpa akkerum. Hann sagðist telja líklegra,

að skipið hefði haldist við bryggjuna, ef hællinn hefði ekki bilað. Ómögulegt kvað hann að svara því, hvort skipið hefði slitnað frá vegna veikleika í P9. Hann kvað þetta þó ekki útilokað og kvaðst hafa reynt að gera sér grein fyrir þessu. Hann kvað ljóst, að hællinn þoldi minna eins og hann var en hann hefði gert, ef hann hefði verið betur festur.

Það, sem segir í matsgerð Jónasar Elíassonar og Þorsteins Gíslasonar um festinguna á P9, var lesið fyrir Sigurjóni Einarssyni. Hans svar var, að hællinn ætti að vera fyrir innan kanttréð og kvaðst ekki skilja, hvers vegna tekið hefði verið úr því. Hann sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að tekið hefði verið úr kanttré nema við tréhæla, til að þeir fengju sæti. Hann kvað sig minna, að endinn, sem út sneri, hafi verið boltaður niður gegnum töngina, en að hinn endinn hafi verið laskaður og sennilega brotinn um laskann. Hann kvað rétt, að plankarnir væru negldir upp í bitann með þekjunöglum, en lagði áherslu á, að boltarnir, sem festu hælana, gengju niður í gegnum þá og að uppfylling undir hæla félli þétt að burðarbitum. Hann kvaðst ekki telja, að festing hæla hefði verið óeðlilega veik miðað við aðra hæla í bryggjunni. Hann kvað jafnvel koma fyrir, að hælar losnuðu úr steinbryggjum. Hann var spurður um álit sitt á því, hvers vegna rifnað hefði úr bryggjunni þarna. Hann sagði, að þetta hefði verið við framendann á skipinu og þess vegna reynt mjög mikið á hælinn.

1.10.

Tjónið.

Stefnendur keyptu skipið árið 1968 á kr. 12.500.000.

Þann 20. febrúar 1973 fór fram skoðun á skipinu. Kom þá í ljós, að bolur skipsins var stórskemmdur. Á stjórnborðssíðu voru 21 plata skemmd, þar af töldu skoðunarmenn, að endurnýja þyrfti 18. Á bakborðssíðu voru 2 plötur skemmdar. Enn fremur höfðu losnað hnoð á hæl skipsins, og stýrið virtist athugunarvert sökum stirðleika. Þá var rafbúnaður skipsins bilaður.

Björn Magnússon gerði áætlun um kostnað við viðgerð á skipinu 22. febrúar 1973 fyrir stefnda. Hann kveðst hafa gert áætlunina sem fulltrúi beggja aðilja. Niðurstaða hans var, að viðgerð mundi kosta kr. 13.000.000.

Hann endurskoðaði kostnaðaráætlunina 25. apríl 1973 að ósk stefnenda.

Hann tekur fram, að áætlun sín sé byggð á athugun Stálsmiðjunnar h/f, Togaraafgreiðslunnar, Slippfélagsins og Seguls h/f.

Hann kveður Stálsmiðjuna h/f hafa viljað hækka sína áætlun úr kr. 10.000.000 í kr. 12.000.000, strax eftir að hann hafði sent áætlunina frá sér, og einnig kveðst hann hafa hækkað alla aðkeypta vinnu um 13% til að mæta verðhækkunum.

Hin endurskoðaða áætlun sundurliðast þannig:

1.	Skrokkviðgerð (Stálsmiðjan h/f)	kr. 13.560.000
2.	Frárif (Togaraafgreiðslan og Slippfélagið) ..	— 850.000
3.	Slippstaða og sátur (Slippfélagið)	— 850.000
4.	Rafmótoraviðgerðir (Segull h/f)	— 850.000
5.	Eyddur björgunarkostnaður o. fl.	— 600.000
		Alls kr. 16.710.000

Ekki varð úr, að gert yrði við skipið, og var það selt á nauðungaruppboði 20. ágúst 1973 á kr. 430.000.

Marteinn Jónasson framkvæmdastjóri og Jón Hafsteinsson skipaverkfræðingur voru dómkvaddir til þess, eftir atburðinn, að meta verðmæti skipsins eins og það var rétt fyrir strandið.

Skoðun fór fram í viðurvist umboðsmanna aðilja máls þessa og réttargæslustefnda 5. júlí 1973.

Niðurstöður matsgerðarinnar, sem er dagsett 14. júlí 1973, eru sem hér segir:

„1.	Skipsbolur, yfirbygging og aðrir stálsmíðaðir hlutir (möstur, bómur, gálgar, flotvörpugálgar, pollar og kefar, stýri og stammi, lúgur ståldyr, stoðir)	10.700.000.00
2.	Vélar, búnaður í vélarrúmi, vindubúnaður með rafali og rafmótor, rörakerfi (dælur, rör, lokar), stýrisvél	2.800.000.00
3.	Innréttingar (loftræsting, upphitun, klæðning og einangrun íbúða, innréttingar íbúða, eldhústæki), klæðning lestar, gluggar og kýraugu .	0.900.000.00
4.	Rafkerfi og rafeindatæki. (Raftöflur, tenglar, leiðslur og ljósabúnaður), Rafeindatæki: Ratsjá K.H. 18/9 árg. 1970 ratsjá K.H. 14/9 miðunarstöð Pedersen dýptar-	

mælir og fiskleitartæki 2 stk. K.H. MS 29, 1 stk. MK4 árg. 1959 talstöð Pedersen 1.900.000.00

16.300.000.00

Verðmæti b/v Haukaness, GK 3, í því ástandi, er skipið var í rétt fyrir strand þess hinn 18. 2. 1973, verður metið á kr. 16.300.000.00 (sextán milljónir og þrjúhundruð þúsund)".

Matsmenn hafa komið fyrir dóm og gert grein fyrir matinu. Skýrslum matsmannanna ber saman, og þykir nægilegt að rekja helstu atriðin í skýrslu Jóns Hafsteinssonar.

Hann kveðst hafa skoðað skipið á vegum Fiskveiðasjóðs fyrir strandið. Hann kveður innréttingar þá hafa verið lélegar og raka í einangrun.

Hann kveður matsmennina hafa aflað sér upplýsinga um aldur tækja og byrjað á að meta skipið nýtt. Hann kveður hafa verið reiknaða út þyngd stáls í stálsmíðuðum hlutum og vinnustundafjölda, sem ætla megi, að hafi farið í smíðina. Síðan segir hann hafa verið tekið tillit til verðs á vinnutíma rétt fyrir strandið. Um verðlag á hlutum kveður hann hafa verið miðað við sama tíma. Loks kveður hann skipið hafa verið afskrifað eftir afskriftareglum Fiskveiðasjóðs. Jafnframt þessu kveður hann matsmennina hafa aflað upplýsinga um verðlag á skipum innanlands og utan og verðmæti skipsins ákvarðað í samræmi við verðlag á sambærilegum skipum þannig. Hann kveður niðurstöður eftir báðum þessum aðferðum hafa orðið líkar og nálægt niðurstöðutölum matsins. Hann kveður hafa verið tekið tillit til þess, að hjálparvélar voru viðgerðar að hluta, að smíðaðir höfðu verið nýir gálgar, að frystitæki voru svo léleg, að þau voru ekki matshæf og einangrun ónothæf, þar sem sjór hafði komist að. Hann kveður ekki hafa verið metin önnur björgunartæki en þau, sem voru um borð, en af þeim segir hann lítið hafa verið annað en björgunarvesti.

Marteinn kveður enga björgunarbáta hafa verið í skipinu.

Matsmennirnir gátu þess, að keisinn hefði verið ólæstur og þannig hægt að komast niður í vélarrými og lestarrými. Marteinn kveðst hafa haft orð á því við Jón Hafdal, að óvarlegt væri að hafa keisinn opinn. Jón Hafdal hafði sagt tormerki á að læsa tryggilega. Jón Hafsteinsson segist ekki hafa heyrt talað um, að

stolið hefði verið úr skipinu. Marteinn segir, að ekki hafi komið til álita að meta verðmæti, sem kynni að hafa verið stolið.

Jón kveður skoðunaraðstöðu hafa verið fullnægjandi að öðru leyti en því, að ekki hafi verið hægt að komast í skipstjóraklefa.

2.0.

Málsástæður.

2.1. Málflutning stefnenda ber að skilja þannig, að þeir byggi á því, að vátryggingarsamningurinn taki til tjóns þeirra og að undantekningarákvæði vátryggingarskilmálanna eigi ekki við.

Af hálfu stefnenda er vitnað í 7. gr. vátryggingarskilmálanna svo og 2. gr. þeirra og í 70. og 75. gr. laga nr. 20/1954.

Af hálfu stefnenda er lögð áhersla á, að þeir eigi enga sök á óhappinu, eða að minnsta kosti ekki í þeim mæli, sem miðað er við í 2. mgr. 18. gr. vátryggingarsamningalaga. Því er haldið fram af hálfu stefnenda, að höfuðorsök óhappsins sé að rekja til óvenjulegs veðurs og sjólags.

Stefnendur telja, að stefnda hafi verið kunnugt um, að vélin hafði verið tekin úr skipinu, m. a. vegna lánsumsóknar, og að ekki hafi verið um breytta áhættu að ræða, sem stefndu hafi ekki vitað um.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að mat hinna dómkvöddu matsmanna á verðmæti skipsins sé ófullkomið og byggt á röngum forsendum, einkum að því leyti að beitt sé fyrningarreglum, sem ekki eigi við.

Enn fremur hefur því verið hreyft af hálfu stefnenda, að þótt þeim hafi verið kunnugt um efni matsgerðarinnar, áður en skipið var dregið til útlanda, þá hafi matsgerðin ekki verið lögð fram í dómi og matsmenn ekki komið fyrir dóm fyrr en eftir þann tíma.

Aðalkrafa stefnenda er miðuð við, að orðið hafi algert tjón í skilningi 20. gr. skilmálanna, þar sem viðgerðarkostnaður mundi hafa numið hærri fjárhæð en vátryggingarverðinu.

Varakrafan er miðuð við, að í ákvörðun stefnda um lækkun vátryggingarfjárhæðar í kr. 2.000.000 felist viðurkenning á því, að tjónið hafi numið mismun vátryggingarfjárhæðanna, kr. 19.000.000.

2.2.

Af hálfu stefnda er á því byggt, að af meginreglu 63. gr. vátryggingarsamningalaga og a liðar 8. gr. vátryggingarskilmál-

anna og d og e liðum sömu greinar leiði, að félagið sé laust úr ábyrgð, ef skip er ekki í hæfilegu standi, þegar því er lagt, eða svo um búið sem skyldi. Stefndi heldur því fram, að skipið hafi ekki verið í hæfilegu standi, þar sem aðalvél hafði verið tekin úr því og ekki nægilega vel um búið, að því er varðaði festingu þess, til að mæta þeim hættum, sem að skipum kunna að steðja í höfn.

Þar sem stefnendur önnuðust sjálfir eftirlit með skipinu og önnuðust festingu þess, telur stefndi, að öllum skilyrðum 63. gr. laga nr. 20/1954, sbr. h lið 8. gr. vátryggingarskilmálanna, sé fullnægt.

Til vara styður stefndi kröfur sínar við 18. gr. vátryggingarsamningalaga.

Loks hefur stefndi stutt kröfur sínar við 13. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. 45. gr. laga nr. 20/1954. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að með því að tilkynna ekki um, að aðalvélin hefði verið tekin úr skipinu, hafi stefnendur brugðist þannig skyldum sínum við stefnda, að félagið eigi að vera laust úr ábyrgð. Er á það bent af hálfu stefnda, að ákvörðun fjárhæðanefndar fiskiskipa sé miðuð við, að skip sé í eðlilegum rekstri. Heldur stefndi því fram, að þegar skipinu var lagt og vélin tekin úr því, hafi brostið forsenda fyrir ákvörðun vátryggingarverðsins.

Varðandi varakröfuna hefur því verið lýst yfir af hálfu stefnda, að una beri við mat dómkvaddra matsmanna um verðmæti skipsins rétt fyrir óhappið. Í því sambandi er því mótmælt, að skipið hafi verið óbætandi eftir strandið. Stefndi telur því, að miða beri við, hvað kostað hefði að gera við það, þegar atburðurinn gerðist, og telur, að þá beri að miða við fyrri áætlun Björns Magnússonar. Samkvæmt g lið 9. gr. skilmálanna telur hann bera að draga 10% frá þeirri fjárhæð og síðan söluverð skipsins, kr. 430.000. Síðan telur hann, að dóminum sé rétt að færa bætur niður skv. 18. gr. vátryggingarsamningalaga.

3.0.

Álit dómsins.

Óumdeilt er, að vátryggingarsamningurinn taki til vátryggingaratburðarins, sbr. 7. gr. vátryggingarskilmálanna og 60. gr. laga nr. 20/1954. Álitamál er því, hvort 8. gr. skilmálanna, sbr. 18. og 20. gr. laga nr. 20/1954 eða 13. gr. skilmálanna, sbr. 45. og 51. gr. áður tilvitnaðra laga, eigi hér við.

Í 20. gr. laga nr. 20/1954 felst það, að ábyrgð vátryggjanda

verður ekki takmörkuð varðandi orsakir að vátryggingaratburði, nema þegar um stórkostlegt gáleysi er að tefla eða önnur þau tilvik eiga við, sem nefnd eru í greininni og ekki skipta máli hér. Það er skoðun dómsins, að skýra beri 8. gr. skilmálanna, d, e og h liði, í samræmi við þetta. Ekki verður talið, að hér sé um að ræða varúðarreglur, sem 51. gr. laga nr. 20/1954 tekur til. Af þessu leiðir, að tilvitnuðum liðum 8. gr. skilmálanna verður ekki beitt gegn stefnendum, nema brot á þeim feli í sér stórkostlegt gáleysi. Í samræmi við dóm sjó- og verslunardómsins í máli stefnenda gegn hafnarsjóði Hafnarfjarðar frá 6. september 1974 ber að telja, að orsakir tjónsins sé að rekja til vanrækslu stefnenda við festingu skipsins og ónógs eftirlits með því.

Hins vegar er varhugavert að fullyrða, að stefnendum hafi verið ljóst, að vanræksla þeirra gæti leitt til þess, að skipið slitnaði frá bryggjunni. Þeir verða þannig ekki taldir hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 20. gr. vátryggingarsamningalaga.

Skipið var bundið við bryggju í höfn, sem telja verður örugga. Ósannað er, að bryggja þessi hafi verið óhæf til veðlegu við þær aðstæður, sem þarna voru. Aðalvélin hafði að vísu verið tekin úr skipinu, en dómurinn telur, að haldbær rök skorti um það, að áhætta stefnda á því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hafi aukist með þeim hætti, að 13. gr. vátryggingarskilmálanna, sbr. 45. gr. laga nr. 20/1954, eigi hér við. Fyrrgreind matsgerð þeirra Jóns Hafsteinssonar í heild eða einstakir liðir hennar hafa ekki verið vefengdir með haldbærum rökum. Í matsgerðinni var verðmæti b/v Haukaness metið á kr. 16.300.000.

Telja verður, að stefnda hafi tekist að sanna með matsgerðinni, að hið tiltekna verð sé hærra en svo, að sanngjarnt sé að telja það vátryggingarverð skipsins, sbr. 2. mgr. 75. gr. laga nr. 20/1954. Í því sambandi ber og að hafa í huga, að aðalvélin hafði verið tekin úr skipinu. Af þessu leiðir, að ekki er unnt að verða við aðalkröfu og varakröfu stefnenda eins og þær eru settar fram í stefnu. Á hinn bóginn þykir mega hafa matsgerðina til hliðsjónar, þegar tjón stefnenda er áætlað, sbr. 75. gr., sbr. 39. gr. og 37. gr. laga nr. 20/1954. Önnur gögn málsins styðja og þessa niðurstöðu, einkum þau, sem lúta að kostnaði við viðgerð á skipinu eftir strandið. Með hliðsjón af síðastnefndum lagaheimildum, sbr. einnig 52. gr. laga nr. 20/1954, ber til frádráttar að taka tillit til áætlaðs verðs skipsins eftir strandið, en tjón þetta hefur ekki verið gert upp skv. ákvæðum 73. gr. laganna. Um þetta efni eru

gögn málsins ófullkomin. Upplýst er, að stefndi lækkaði vátryggingarverð skipsins með bréfi 26. mars 1973 í kr. 2 milljónir. Skýrsla Björns Magnússonar, dags. 21. febrúar 1973, fyrrgreind matsgerð og önnur gögn málsins veita og nokkra fræðslu um ástand skipsins eftir strandið. Eftir atvikum þykir rétt að miða við þessa fjárhæð til frádráttar. Þá verður að hafa í huga til frádráttar, að matsgerðin nær til rafleiðslna og nokkurra raftækja, sem vátryggingin tekur ekki til, sbr. 2. gr. vátryggingarskilmálanna B (d).

Enn fremur ber að draga frá bótum kr. 100.000 vegna eigin áhættu stefnenda skv. lokaákvæði „takmörkunar B", þar sem ekki þykir fullsannað, að ekki hefði borgað sig að gera við skipið.

Verður ekki fallist á það með stefnda, að fjárhæð tjónbóta eigi að sæta frekari lækkun samkvæmt 9. gr. vátryggingarskilmálanna, f og g liðum, þegar af þeirri ástæðu, að því skilyrði ákvæðisins, að dómkvaddir matsmenn mætu viðgerðarkostnað, hefur ekki verið fullnægt.

Samkvæmt ofangreindum sjónarmiðum þykja vátryggingarbætur hæfilega ákveðnar kr. 14.000.000.

Af gögnum málsins virðist mega ráða, að félagið hafi kostað drátt skipsins af strandstað til Reykjavíkur, bráðabirgðaþéttingu og drátt að bryggju í Hafnarfirði. Þennan kostnað hafa þeir fallist á að greiða að frádregnum fyrrgreindum kr. 100.000 vegna sjálfsábyrgðar.

Telja verður, að stefnda beri skv. 2. mgr. 53. gr. vátryggingarsamningalaga að greiða þennan kostnað auk ofangreindrar fjárhæðar.

Vaxtahæð í kröfugerð stefnenda er í samræmi við 1. mgr. 24. gr. vátryggingarskilmálanna og 3. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.000.

Dóm þennan kváðu upp Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Stefán Már Stefánsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Samtrygging íslenskra botnvörpunga, greiði stefnendum, Jóni Hafdal Jónssyni og Haraldi Jónssyni, kr. 14.000.000 auk 9% ársvaxta frá 26. mars 1973 til 1. maí 1973, 10% ársvaxta frá þeim degi til 1. júlí 1974, en 15% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags og kr. 500.000 í máls-

kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. apríl 1977.

Nr. 110/1975. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Úlfari Þormóðssyni aðallega, en til vara
Svavari Gestssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1975 og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að dæmd verði hæfileg refsins fyrir ummælin,

3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 100.000 kr. í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 16. febrúar 1974 til greiðsludags,

4. að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 25.000 kr. til að kosta birtingu forsendna og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum,

5. að birtar verði forsendur væntanlegs dóms og dómsorð í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndu tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefna lýtur að, birtust í 15., 17. og 39. tölubl. dagblaðsins Þjóðviljans, er út komu 19. og 22. janúar og 16. febrúar 1974. Greinar þær, sem geyma ummælin, eru allar auðkenndar -úþ, en frá nafni höfundar er ekki skýrt að öðru leyti. Samkvæmt hinni sérstöku ábyrgðarreglu 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956 ber höfundur því aðeins refsi- og fébótaábyrgð á efni rits, að hann hafi nafngreint sig. Merkið -úþ verður ekki talin næg nafngreining í skilningi nefnds lagaákvæðis, og skiptir hér ekki máli, þótt aðalstefndi, Úlfar Þormóðsson, sem starfaði á umræddu tímabili sem blaðamaður við Þjóðviljann, hafi í máli þessu lýst yfir því, að hann sé höfundur greinanna. Samkvæmt 3. mgr. 15 gr. laga 57/1956 verður ábyrgð á ummælunum því lögð á ritstjóra blaðsins, varastefnda Svavar Gestsson, en aðalstefndi verður sýknaður af kröfum áfrýjenda.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi. Verður nú fjallað um ummælin og þau auðkennd á sama hátt og þar.

I.1. Af hálfu stefndu hefur því verið haldið fram, að ummæli þessi, „fallkandídatar“ og „bitlingameistarar“, taki ekki til áfrýjenda allra, heldur einungis sumra af þeim. Slíkt verð-

ur þó ekki ráðið af ummælunum né samhengi því, sem þau eru í. Ummæli þessi þykja vera móðgandi og varða við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þessara ummæla.

I.2. Orðið „mannvitsbrekka“ þykir hér vera notað í niðrandi merkingu og verður skv. 241. gr. alm. hegningarlaga ómerkt sem óviðurkvæmileg ummæli, en verður hins vegar ekki talið refsiverð móðgun.

I.3. Svo sem segir í héraðsdómi, hafa engar sönnur verið færðar á það, að tilgangur áfrýjenda hafi verið sá, sem í ummælum þessum segir, en fallast verður á, að opinberri gagnrýni í þjóðmálum væri of þröngur stakkur sniðinn, ef ummæli þessi ættu að teljast ærumeiðandi aðdróttun.

II.1.—4. Ummæli þessi fela að vísu í sér ámæli um þá, sem tóku þátt í undirskriftasöfnuninni og frumherja hennar, en verða þó ekki talin fara svo út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni, að þau verði talin refsiverðar móðganir eða aðdróttanir. Niðurstaða héraðsdóms um ómerkingu ummæla samkvæmt þessum kafla stefnunnar staðfestist.

III. Í ummælum þeim, sem tilgreind eru í 1., 6. og 7. lið þessa kafla, kemur fram aðdróttun í garð áfrýjenda um stórfelldar persónunjósnir um íslenska ríkisborgara, skoðanir þeirra og athafnir. Í 6. lið er það einnig haft á orði, að „fagmenn frá Watergate“ kunni að eiga þar hlut að, sbr. hér enn fremur orðið „Watergate-víxilinn“ í 4. lið. Starfsemi áfrýjenda er þannig tengd alkunnu bandarísku hneykslismáli, sem mjög var í hámæli, er greinar þessar birtust. Engum stoðum hefur verið rennt undir aðdróttanir þessar, sem eru ærumeiðandi og refsiverðar skv. 235. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að önnur ummæli í þessum kafla teljist ekki refsiverðar ærumeiðingar, svo og niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu ummæla í 1., 4., 5., 6. og 7. lið þessa kafla.

Svo sem áður segir, ber varastefndi, Svavar Gestsson, refsiábyrgð á ummælunum, og þykir refsing hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs. Vararefsing verður ekki

ákveðin, sbr. 53. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga 101/1976.

Ummælum þeim, sem heimfærð eru til refsiákvæða, þ. e. liðir I.1, III 1, 4, 6 og 7, er öllum beint að áfrýjendum sameiginlega vegna forgöngu þeirra að undirskriftasöfnun „Varins lands". Enda þótt refsa beri fyrir framangreind ummæli, þykja þau ekki eftir öllum atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum slíkum miska, að bótaskylt sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að dæma varastefnda til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir skv. 2. mgr. 22. gr. laga 57/1956 rétt að skylda varastefnda til þess að birta dóm þennan í 1. eða 2. tölubl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir að dómur er birtur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varastefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 200.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en rétt þykir, að málskostnaður að því er varðar aðalstefnda falli niður.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Úlfar Þormóðsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla skulu óröskuð.

Varastefndi, Svavar Gestsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Varastefndi skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda um miskabætur.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorð dóms þessa í opinberum blöðum.

Varastefndi skal birta dóm þennan í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 200.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda nema að því er varðar skaðabótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Í ummælum þeim, sem greind eru í 1., 4., 6. og 7. lið III. kafla í héraðsstefnu, eru áfrýjendum bornar á brýn persónunjósnir og starfsemi þeirra tengd Watergate-málinu. Þetta orð hefur almennt verið látið tákna pólitíska starfsemi, þar sem notast er við glæpsamlegar aðferðir. Með því að tengja áfrýjendur Watergate-málinu þann veg, sem gert var, hefur verið vegið freklega að æru þeirra.

Eftir gildistöku laga nr. 19/1940 hefur í ærumeiðingarmálum myndast dómvenja fyrir því að dæma yfirleitt skaðabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940, ef refsing hefur verið dæmd og bótakrafa verið höfð uppi.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, þykja áfrýjendur skv. nefndri lagagrein eiga rétt á fégjaldi úr hendi varastefnda, Svavars Gestssonar, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. júní sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ól-

afur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1974, *aðallega* gegn Úlfari Þormóðssyni, blaðamanni við dagblaðið Þjóðviljann, Æsufelli 2, Reykjavík, en *til vara* gegn Svavari Gestssyni, ritstjóra og ábyrgðarmanni sama blaðs, Brekkustíg 3 A, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í greinum í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974. Greinar þessar eru auðkenndar með upphafsstöfum í nafni aðalstefnda, og hefur hann í greinargerð gengist við höfundarábyrgð.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Þau eru þessi:

I.

Í 15. tbl., er út kom 19. janúar 1974. Grein á bls. 5, er ber yfirskriftina: „Horn í síðu" og undirfyrirsögnina: „Sjálfboðaliðar til sköffunar á aðhlátursefni". Greinin er undirrituð —úþ.

1. „ ..... fallkandidatar, ... bitlingameistarar ....."
2. „..... þessi hópur mannvitsbrekkna ....."
3. „..... Ætlunarverkið er sum sé það að safna meðal íslenskra borgara undirskriftum undir áskorun til ríkisstjórnarinnar um að hrófla ekki við hernum í Miðnesheiði og sjá reyndar til þess að hann verði þar um aldur og æfi (sic) ....."

II.

Í 17. tbl., er út kom 22. janúar 1974. Grein á bls. 3, er ber fyrirsögnina: „Lengi getur vont versnað". Greinin er undirrituð —úþ.

1. „..... sú niðurlæging nóg fyrir íslenskt fólk að standa fyrir undirskriftasöfnun um ævarandi hersetu í landinu, þó ekki bættist önnur niðurlæging við hjá þeim sem fyrir þessu standa....."
2. „..... hafi næsta ómálga börn verið send með Watergatevíxilinn milli íbúða, og væri sú svívirða öllu meiri að etja börnum út í slíkt og meiri niðurlæging en sjálf hin niðurlægjandi söfnun....."

3. „..... gengið um meðal sjúklinga og beðið um uppáskrift á víxilinn ....."
4. „..... þykir fólki athafnasemi „landvarnarmanna" með eindæmum".

III.

Í 39. tbl., er út kom 16. febrúar 1974. Grein á bls. 5, er ber yfirskriftina: „Mestu persónunjósnir sem tíðkast hafa hérlendis" og undirfyrirsögnina: „Landsmenn flokkaðir með tölvu af Vörðu landi". Greinin er undirrituð —úþ.

1. Aðalfyrirsögn greinarinnar: „Mestu persónunjósnir sem tíðkast hafa hérlendis".
2. Undirfyrirsögnina „Landsmenn flokkaðir með tölvu af Vörðu landi".
3. „ .... nota tölvu til að skilja líklega uppáskrifendur frá ólíklegum....."
4. „..... Watergate-víxillinn....."
5. „.. .. Landvarnarmenn hefðu fengið ..... að öðrum kosti ....."
6. „..... á vegum landvarnarmanna færu nú fram víðtækustu persónunjósnir sem fram hefðu farið hérlendis, og væri með ólíkindum að Íslendingar einir ættu hugmyndina að slíkum vinnubrögðum, heldur hlytu hér fagmenn frá Watergate að eiga sinn hlut að".
7. „ ..... halda uppi njósnum um íslenska ríkisborgara, skoðanir þeirra og athafnir ....."

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur:

„*að* framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að dæmd verði þyngsta refsing fyrir ummælin skv. 234.–236. gr. laga nr. 19/1940.

að stefnendum verði hverjum fyrir sig dæmdar kr. 100.000:00 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 16. febrúar 1974 til greiðsludags.

að stefnendum verði skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 dæmdar sameiginlega kr. 25.000:00 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

að stefnendum verði dæmdur sameiginlega hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnda að mati dómara".

Að lokum er gerð sú krafa, að þeim sem dæmdur verði í mál-

inu til ábyrgðar, verði gert að sjá um skv. 22. gr. laga nr. 57/1956, að birtar verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í málinu í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Af hálfu stefnda, Úlfars Þormóðssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar *í fyrsta lagi*, að máli þessu verði vísað frá dómi með tilvísun til ákvæða 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Fari svo, að frávísunarkrafan verði ekki tekin til greina, gerir hann *í öðru lagi* þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Þá gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Þar sem aðalstefndi hefur gengist við höfundarábyrgð á umstefndum ummælum, er í greinargerð hans sagt, að ekki komi til álita „objectiv" ábyrgð varastefnda. Engar kröfur eru gerðar af hálfu varastefnda, en fyrir hann er sótt þing.

Í þinghaldi þann 7. febrúar sl. var málið sótt og varið um frávísunarkröfu stefnda. Með úrskurði, dags. 17. febrúar 1975, var frávísunarkröfu stefnda hrundið.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu.

„Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar.

Boðað var, að undirskriftasöfnunin mundi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri, að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum. Hér á landi þurfa að vera traustar varnir. Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott".

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áhersla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskrá eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, og viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með þeim nöfnum, sem á

listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlast íslenskan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Var það dagblaðið „Þjóðviljinn", sem reið á vaðið og lét aðallega að sér kveða í þessu efni. Birtust í blaði þessu frá því um miðjan janúar og fram eftir marz mánuði fjölmargar greinar í ýmsu formi, er beindust að framtaki „VARINS LANDS". Greinum þessum var það yfirleitt sameiginlegt, að í þeim var farið ærumeiðandi ummælum um undirskriftasöfnunina og aðstandendur hennar. Svo er og farið grein þeirri, sem stefnt er út af í máli þessu."

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands

unnið af kapppi að því að varnarliðið fari úr landi . . . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta svo í stefnu, sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu“.

III.

Röksemdir málsaðilja.

Að hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 23. maí sl. hefur einn stefnenda, prófessor Þór Vilhjálmsson, þetta að segja: „ . . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu“. Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972-1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerðist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var

heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur."

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga, hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem

særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg. Í ummælunum er ekki sveigt á niðrandi hátt að persónulegum eiginleikum einstakra þátttakenda, heldur aðeins áfellst, — tæpitungulaust, að vísu, — hið pólitíska atferli hópsins. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingar atriði:

1. Undirskriftasöfnuninni var ætlað að hafa pólitísk áhrif á stjórnvöld með því að hún átti að sýna vilja eða skoðun þeirra, sem skrifuðu undir. Hvort tveggja er, að undirskriftasöfnun sem aðferð við skoðanakönnun er bæði ónothæf (af því að hún er óáreiðanleg) og ólýðræðisleg. Gegn henni mæla sömu rök og lágu til grundvallar afnámi opinberra kosninga hérlendis og leiddu til þess, að upp voru teknar leynilegar atkvæðagreiðslur. Það eru því ekki meiðyrði, þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega. Ég bendi í þessu efni á greinar Sigurðar Líndal, prófessors og forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, sem birtust í Vísi í marz 1974, og ég legg hér fram.

2. Framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar hlaut mikið ámæli. Frá vinnustöðum komu opinberlega fram lýsingar á því, hvernig atvinnurekandi safnaði undirskriftum. Upplýsingar komu um þvílíkan ákafa undirskrifenda að ná sem hæstri tölu, að þeir skrifuðu tvisvar undir, en viðurkennt í stefnu, að slíkt hafi þurft að leiðrétta í hundruðum tilfella. Alvarlegri ásakanir komu fram um hreinar falsanir, þegar ákefðin rak menn til að falsa nöfn annarra manna. Munu verða leidd vitni undir rekstri þessa máls til að upplýsa hinn virðulega dómara um vinnubrögðin.

Hin þungu ámælisorð vegna framkvæmdarinnar á undirskriftasöfnuninni verða ekki flokkuð undir refsiverð meiðyrði, þar sem ærin ástæða virðist hafa verið til að viðhafa þau.

3. Menn þóttust sjá tengsl milli Sjálfstæðisflokksins og undirskriftasöfnunarinnar og sjá þess greinilega merki, að sá flokkur

hefði spennt forráðamenn hennar, stefnendur þessa máls, fyrir áróðursvagn sinn. Fyrir þessa hluta sakir, urðu ummælin og ávirðingarnar harkalegri. Auðsæileg tengsl voru þarna á milli, sem áróðursmönnum Sjálfstæðisflokksins tókst ekki að halda leyndum í sveitastjórnar- og Alþingiskosningum þeim, sem fram fóru á árinu 1974, en hversu náin tengslin voru, verður reynt að upplýsa undir rekstri þessa máls. Lagt verður fram bréf frá Fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, sem fylgdi haglega gerðum límmiða með auðkennum og einkennisorðum stefnenda, VARIÐ LAND, og sent var til flokksfélaga með beiðni um að þeir á ólögmætan hátt límdu þessa miða á bifreiðir sínar á kjördegi. Ummæli, sem hér er stefnt út af, og fela í sér ásökun á hendur stefnendum um að þeir hafi gengið erinda Sjálfstæðisflokksins eru í alla staði réttlætanleg og því refsilaus með öllu.

— — —

5. Heimildarlaus meðferð stefnenda á undirskriftargögnum hefur í hinum umstefndu ummælum verið alvarlega fordæmd. Eftir dúk og disk játuðu stefnendur, að þeir hefðu afritað undirskriftargögnin og gert sér tölvuskrá yfir undirskrifendur. Þessi dæmalausa afritun undirskriftanna er til þess fallin að vekja grunsemdir andstæðinga hersetunnar um samband stefnenda við Sjálfstæðisflokkinn og leyniþjónustu Bandaríkjanna. Fyrir hvern var tölvuskráin gerð? Ekki fylgdi hún undirskriftargögnunum til opinberra aðilja, og hvar er hún nú, eftir að verkefni stefnenda er lokið, og hópurinn ekki lengur til sem slíkur? Barnalegt er að reyna að slá ryki í augu fólks með þeim útskýringum, að tölvuskrá hafi verið nauðsynleg til að finna tvíritanir og falsanir, svo sem sýnt mun fram á undir rekstri þessa máls . . . Af sjónarhóli persónufrelsis í nútímaþjóðfélagi er tölvuafritun þessara undirskriftagagna heimildarlaust trúnaðarbrot við þá, sem skrifuðu undir. Hún er trúnaðarbrot, þar sem ekkert var tilkynnt um hana í upphafi undirskriftasöfnunarinnar. . . ."

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„*Um I. 1.*

Stefnendur telja ummæli þessi meiðandi og móðgandi fyrir sig og að þau varði við 234. gr., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um I. 2.

Stefnendur telja þessi ummæli móðgandi og refsa beri fyrir þau samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um I. 3.

Stefnendur telja þessi ummæli grófa rangtúlkun á tilgangi undirskrifta Varins lands, sem gerð var grein fyrir hér að framan. Telja þeir ummælin ærumeiðandi fyrir sig og beri að refsa fyrir þau samkvæmt 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 1.

Stefnendur telja, að ummæli þessi séu móðgandi og niðrandi fyrir sig. Varðandi þá rangtúlkun á tilgangi undirskriftanna, sem felst í ummælum, vísast til I.3 hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 2.

Hér er því dróttað að stefnendum, að þeir hafi beitt fyrir sig börnum við söfnun undirskrifta. Þetta er alrangt. Svo sem gerð var grein fyrir hér að framan, var séð til þess, að einungis ábyrgir aðilar fengju undirskriftalista í hendur. Auk þessarar aðdróttunar eru ummæli þessi ærumeiðandi að öðru leyti vegna stóryrða og hrakyrða. Sérstaklega telja stefnendur „Watergate-víxilinn" ærumeiðandi. Er þar greinilega verið að tengja undirskriftasöfnun Varins lands heimskunnu hneykslismáli, sem allengi hefur verið ofarlega á baugi í Bandaríkjunum og oft er sagt frá í fjölmiðlum. Telja stefnendur, að ummæli þessi varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 3.

Hér er því dróttað að stefnendum, að þeir hafi gengið um á meðal sjúklinga til að biðja um undirskriftir. Ummæli þessi eru alröng og ærumeiðandi fyrir stefnendur. Telja þeir ummælin varða við 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. 4.

Stefnendur telja þessi ummæli ærumeiðandi, sérstaklega þegar þau eru virt í samhengi við ummælin greind undir II.2 og 3 hér að framan. „Landvarnarmanna" telja þeir sérstaklega meiðandi vegna þess, sem gefið er í skyn með því að nota orðið innan

tilvitnunarmerkja. Telja stefnendur hérgreind ummæli varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 1.

Stefnendur telja þessa fyrirsögn mjög ærumeiðandi fyrir sig. Með henni er fullyrt, að þáttur í undirskriftasöfnun þeirri, er stefnendur beittu sér fyrir, hafi verið njósnastarfsemi, sem er alrangt. Telja stefnendur þetta mjög alvarlega aðdróttun, sem varði við 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 2.

Hér er enn verið að dylgja um persónunjósnir. Eini tilgangurinn með notkun tölvu var að tryggja, að undirskriftir yrðu eigi tvítaldar. Að öðru leyti vísast til III.1. hér að framan, m. a. um refsiheimildir.

Um III. 3.

Hér er fullyrt um rangan tilgang tölvunotkunar. Telja stefnendur þessi ummæli ærumeiðandi og vísa til III. 1. um refsiheimildir.

Um III. 4.

Hér er undirskriftasöfnun Varins lands tengd áðurnefndu hneykslismáli, sem um ræðir undir II. 2 hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi ærumeiðandi og refsiverð samkvæmt 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 5.

Hér er undirskriftasöfnunin tengd íslenskum stjórnmálaflokkum á óviðeigandi hátt. Telja stefnendur ummæli þessi í heild ærumeiðandi fyrir sig og að þau varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 6.

Stefnendur eru hér vændir um njósnastarfsemi með forgöngu sinni að umræddri undirskriftasöfnun. Auk þess eru þeir vændir um samráð og tengsl í því efni við aðila að heimskunnu hneykslismáli í Bandaríkjunum, sem drepið hefur verið á hér að framan. Telja stefnendur ummæli þessi mjög ærumeiðandi fyrir sig og að þau varði við 234. og 236., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um III. 7.

Stefnendur vísa til þess, er greinir undir III. 6 hér að framan. Ummælin eru mjög ærumeiðandi, og telja stefnendur þau varða við 234. og 236. gr., til vara 235. gr. laga nr. 19/1940."

Stefnendur rökstyðja kröfu sína um miskabætur svo í greinargerð: „Ærumeiðingar í dagblöðum eru almennt fallnar til að valda þeim miska, er þær beinast að. Slíkur tjáningarháttur í rituðu máli er flestum hvimleiður. Í umræddum blaðagreinum var veitst að stefnendum með ýmsum hrakyrðum vegna frumkvæðis þeirra um könnun á viðhorfi almennings á Íslandi til varnarmála landsins. Þessi skrif voru mjög fallin til að gera stefnendur tortryggilega í augum almennings. Full ástæða er til að taka hart á slíkum blaðaskrifum með því að dæma þeim, er að skrifunum standa refsingu, svo um muni, en þeim ríflegar miskabætur, sem misgert er við. Hafa ber í huga, að umræddar greinar voru á meðal fjölmargra annarra, sem birtust í „Þjóðviljanum", þannig að nærri liggur að álykta, að hér hafi verið um skipuleg ærumeiðandi skrif að ræða í garð stefnenda".

Stefndi hefur þetta að segja um einstök ummæli, sem stefnt er út af:

„Ég hlýt fyrst að benda dómaranum á, að ummæli þau, sem hér er stefnt út af, eru slitin úr samhengi og því mjög erfitt að gera sér grein fyrir rökstuðningi stefnenda fyrir því, að ummælin séu meiðyrði og refsiverð.

Um I. 1.

Hér eru tvö orð í fyrstu málsgrein blaðagreinarinnar tekin úr samhengi og stefnt fyrir þau, en ekki alla málsgreinina af þessum 12 manna hóp. Orðin, sem tínd eru út eiga alls ekki við hópinn, og ber að sýkna umbjóðanda minn af þessari kröfu, þegar af þeirri ástæðu. Síðar í greininni er greinilega gefið í skyn og með nafnbirtingu við hverja er átt, þegar talað er um fallkandidat og um bitlingameistara. Fallkandidatinn er Unnar Stefánsson, frambjóðandi Alþýðuflokksins, og bitlingameistarinn er Þór Vilhjálmsson prófessor.

Um I. 2.

Með því að orðið „mannvitsbrekka" er samkvæmt réttum skilningi á íslensku máli hrósyrði, ber að sýkna umbjóðanda

minn af öllum refsikröfum fyrir að viðhafa þetta orð um stefnendur. Skiptir hér engu, þótt stefnendur hafi ekki betri skilning á orðinu en raun ber vitni.

Um I. 3.

Það fer vitaskuld ekki á milli mála, að áskorun stefnenda til íslenskra stjórnvalda fól í sér kröfu um að bandarískri herinn yrði látinn vera um kyrrt í landinu og að ríkisstjórnin hætti við yfirlýst áform sín, að láta herinn fara. Hvergi í áskoruninni er minnst á það einu orði, að tímasetja dvöl bandaríska hersins hér, eða binda dvöl hans við tiltekið ástand innan lands eða utan. Þar af leiðir að leyfilegt er að draga þá ályktun, eins og umbjóðandi minn gerir, að þeir vilji, að herinn sé hér ótímabundið, eða um aldur og ævi.

Um II. 1.

Orðið „ævarandi" hefur ekki merkinguna óendanlega eða eilíft, heldur áframhaldandi eða samfellt. Með því að í áskorun á stjórnvöld, sem stefnendur stóðu að, er óskað eftir ótímabundinni og áframhaldandi dvöl erlends hers í landinu, eru ummæli þessi rétt í alla staði og refsilaus.

Um II. 2.

Um „Watergate-víxilinn" ræði ég undir lið III. Hér er fundið að framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar, og átalið að börn hafi gengið um með lista þessa. Þótt stefnendur þessa máls segist ekki hafa afhent börnum listana til þess að ganga með í hús, er hitt engu að síður staðreynd, að fjölmargir aðilar hringdu á ritstjórnarskrifstofur Þjóðviljans og sögðu börn hlaupa með þessa lista milli íbúða í fjölbýlishúsum í Reykjavík til undirskriftar. Mönnum er rétt að átelja þessi vinnubrögð. Ef nokkur ber ábyrgð á þeim, eru það þeir, sem stóðu að undirskriftasöfnuninni og sáu um dreifingu á listunum. Ummæli þessi varða því ekki við lög.

Um II. 3.

Á ritstjórnarskrifstofu Þjóðviljans var hringt af Landspítalanum, og kvartað undan því, að verið væri að dreifa undirskriftargögnum meðal sjúklinga á spítalanum, og að þar lægju listar frammi á setustofu. Það hlýtur að vera frjálst að átelja þessi vinnubrögð, ef mönnum finnast þau ámælisverð. Slíkt

getur ekki verið refsivert á Íslandi. Hitt er svo annað mál, að *mér* sýnist ekkert vera við það athugandi, að sjúklingum jafnt og heilsuhraustum mönnum sé boðið að skrifa upp á svona undirskriftargögn, ef menn eru að bjóða slík plögg á annað borð. Sjúklingum er frjálst að hafa skoðun á þessu máli eins og hverjum öðrum, og ég sé ekki, að það sé meiðandi fyrir stefnendur þessa máls, þótt þeir hafi boðið sjúkum jafnt og heilbrigðum að skrifa undir áskorun sína.

Um II. 4.

Hér hnjóta stefnendur um orðið „landvarnarmenn", og er það óþarfa viðkvæmi. Hér er verið að auðgreina þá, sem vilja hafa bandaríska her á Íslandi frá hinum, sem ekki vilja heyra það nefnt. Þetta er nánast lýsingarorð, og getur ekki talist refsivert.

Um III. 1.

Hér vilja stefnendur átelja ummælin í fyrirsögn greinarinnar „Mestu persónunjósnir, sem tíðkast hafa hérlendis." Ég mun undir rekstri þessa máls sýna fram á, að ummæli þessi eru réttlætanleg og sönn í alla staði og þess vegna refsilaus. Vísa ég til B. 5. hér að framan.

Um III. 2.

Um þessi ummæli gilda sömu rök og undir lið III. 1.

Um III. 3.

Um þessi ummæli gilda sömu rök og undir liðum III. 1. og 2. hér að framan og verða þau einnig talin refsilaus.

Um III. 4.

Tilgangurinn með því að nefna undirskriftargögn VARINS LANDS „WATERGATE-víxil", er alls ekki sá að kasta persónulegri rýrð á þá, sem söfnuðu uppáskriftum, né þá, sem ábektu, heldur er tilgangurinn auðvitað sá að minna almenning, sem boðið er að skrifa upp á plöggin, á þá *staðreynd,* að með því að gera það, er viðkomandi að óska eftir hersetu erlends herliðs, sem lýtur stjórn þess forseta Bandaríkjanna, sem staðinn er að glæpum svo stórum, að hann hefur nú um síðir hrökklast frá embætti með skömm. Að nefna Watergate í sambandi við bandaríska hersetu á Íslandi er að hafa uppi *varnaðarorð,* og er fráleitt að telja það refsivert.

Um III. 5.

Hér kvarta stefnendur undan því, að undirskriftasöfnunin sé tengd íslenskum stjórnmálaflokkum á óviðeigandi hátt. Eins og sýnt mun verða fram á, undir rekstri þessa máls, eru ummæli þessi réttlætanleg og refsilaus með öllu. Hér skal þess getið, að einn frambjóðandi Alþýðuflokksins, sem er einn stefnenda, hefur skýrt frá þessum tengslum opinberlega. Þau alvarlegu mál, sem eru gerð að umtalsefni í þessum ummælum, hljóta að setja svip sinn á þessi málaferli.

Um III. 6.

Með vísan til rökstuðnings hér að framan um tengsl undirskriftasöfnunarinnar við leyniþjónustu Bandaríkjanna, verða ummæli þessi talin réttlætanleg og refsilaus.

Um III. 7.

Um þessi ummæli gilda sömu röksemdir og undir liðum III. 1–4. hér að framan.

Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er að reikna út miskabótakröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Opinber ummæli eins úr hópnum, Jónatans Þórmundssonar prófessors, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess, að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað, eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón."

IV.

Yfirheyrslur.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram í málinu. Umfangi þeirra hefur að nokkru ráðið, að hér er aðeins um að ræða eitt af mörgum málum, sem stefnendur hafa höfðað vegna fjölmæla út af undirskriftasöfnuninni, sem efnt var til undir kjör-

orðinu „Varið land". Yfirheyrslurnar eða hluta þeirra má nota í öðrum þessara mála, og horfði því til verksparnaðar að fara ekki nákvæmlega eftir þeirri gullnu reglu að rannsaka aðeins það, sem beinlínis skiptir hér máli. Þá hefur umfang yfirheyrslnanna að vonum ráðist af því, að stefndi hefur leitast við að finna ýmsum orðum sínum stað. Yfirheyrslur þessar hafa horft til mikils skýringarauka fyrir dóminn. Þrátt fyrir það þykir hér ekki nauðsynlegt að skýra frá nema litlu af efni þeirra og þeirra hjálparskjala, sem notast hefur verið við.

Nokkrir stefnenda hafa komið fyrir dóm, og hafa sumir þeirra m. a. nefnt dæmi þess, að þeir hafi orðið fyrir aðkasti vegna, að því er þeir telja, skrifa stefnda og annarra í Þjóðviljann. Hafa þeir m. a. nefnt sem dæmi mótmæli 152 aðilja við málssóknum þeirra á hendur blaðamönnum og rithöfundum vegna meintra meiðyrða. Skjal þetta liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 9. Þá hafa þeir nefnt fleiri dæmi og lagt fram skjöl máli sínu til stuðnings. Svo er háttað dómsskj. 33., 34. og 38.

Stefnendur hafa lagt fram lýsingu á athugun þeirra á undirskriftum listanna. Lýsingin hljóðar svo:

„Athugun sú, sem hér verður lýst, var skipulögð og framkvæmd af forvígismönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varið land". Tilgangurinn var þríþættur: a) að kanna hvort þeir sem ritað höfðu nöfn sín á undirskriftalistana hefðu náð tilskildum aldri, b) að kanna hvort einhverjir hefðu ritað nafn sitt á fleiri en einn lista og c) að athuga hvort tilbúin (uppspunnin) nöfn fyndust á listunum. Athugun þessi var lokaþátturinn í kerfisbundinni viðleitni til að tryggja að niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar yrðu sem áreiðanlegastar. Frá upphafi höfðu allir listar verið númeraðir. Þeir höfðu aðeins verið afhentir fullorðnu fólki og skráð í spjaldskrá hverjir hefðu fengið hvaða lista í hendur. Var þetta m. a. gert til þess að geta rakið feril hvers lista og fengið staðfestingu undirskrifta, ef reynt yrði að vefengja einhverja undirskriftina eftir á. Um leið og útfylltir listar bárust á skrifstofu Varins lands var ennfremur athugað hvort eitthvað óeðlilegt væri á þeim að sjá, t. d. fleira en eitt nafn með sömu eða svipaðri rithönd, og leiddi slíkt stundum til nánari eftirgrennslunar.

Lokaathugun sú, sem hér er til umræðu, skiptist í tvennt, *forvinnslu,* sem framkvæmd var með vél (tölvu) og *úrvinnslu,* sem framkvæmd var í höndunum. Skal þessum þáttum nú stuttlega lýst.

Forvinnslan.

1. Upplýsingarnar á undirskriftalistunum voru gataðar á spjöld. Á hvert spjald var gatað nafn eins undirskrifanda, heimilisfang hans (gata, götunúmer og sveitarfélag) og númerið á listanum, sem nafnið hafði verið skrifað á. Á spjaldinu mátti því finna allar upplýsingar, sem listinn sjálfur bar með sér, en aðrar ekki. Í stað þess að skrá sveitarfélag með bókstöfum á spjaldið var töluheiti þeirra notað, t. d. 0000 fyrir Reykjavík og 2500 fyrir Gullbringusýslu. Kerfi þetta er almennt notað við skýrslugerð og götun.
2. Tölva var notuð til að raða spjöldunum (spjaldupplýsingunum) eftir listanúmerum. Voru nöfnin og heimilisföngin prentuð út í þeirri röð og tölvan jafnframt látin telja nöfnin á hverjum lista. Þetta var gert til að ganga úr skugga um að ekkert nafn hefði fallið niður við götun. Nafnatalning tölvunnar var borin saman við talningu, sem gerð hafði verið „í höndunum" jafnóðum og listarnir bárust.
3. Tölvan var látin raða spjöldunum eftir heimilisföngum. Voru nöfnin síðan prentuð út í þeirri röð. Þetta var gert til þess að vinnandi vegur væri að athuga þau þrjú atriði, sem nefnd voru í upphafi (a, b og c). (Sjá meðfylgjandi skýringardæmi um skrána).
4. Þar sem götunarvinnan var mjög umfangsmikil og nauðsynlegt að hraða henni eftir föngum, var óhjákvæmilegt að töluvert yrði um götunarvillur. Villurnar gátu stafað af því að nöfn væru illlæsileg, sveitarfélag óljóst, eða hreinlega stafvillur í götun. Þegar slíkt kom fram við úrvinnsluna (sjá neðar) var merkt við nafnið og leiðréttingarspjald gatað, ef villan var þess eðlis að máli skipti. Til þess að koma leiðréttingunni inn á réttan stað í tölvulistann var stuðst við hlaupandi númer sem tölvan hafði prentað við hverja línu í útskrift. (Númer þessi voru ekki tengd nöfnum undirskrifenda sem slíkum heldur aðeins stöðu nafnanna í viðkomandi útskrift. (1. lína í útskriftinni var merkt 1, 2. lína var merkt 2, o. s. frv.). Númer tiltekins nafns gat því breyst með hverri nýrri útskrift, eftir því sem nöfnum fjölgaði, og eins gátu ólík nöfn fengið sama númer, sitt í hverri útskriftinni).

Úrvinnslan.

Strax og prentaðar skrár (útskriftir) lágu fyrir, hófst hin eiginlega úrvinnsla, sem öll var handavinna:

1. Hinn prentaði nafnalisti var borinn saman við íbúaskrár. Í

íbúaskrám er nöfnum manna raðað eftir heimilisföngum og fæðingardagur skráður við hvert nafn. Ef í ljós kom að undirskrifandi hafði ekki náð tilskildum aldri, var athugasemd rituð við nafn hans á prentaða listanum (tölvuútskriftinni). Með því að setja merki á spássíu íbúaskránna við þau nöfn, sem þegar höfðu verið athuguð, mátti strax sjá hvort undirskrift hafði komið fram áður. Ef sama nafn hafði birst áður, var athugasemd rituð við nafnið á prentaða listanum. Ef nafn fannst ekki í íbúaskrá (t. d. algengt um Vestmannaeyinga, sem nýlega höfðu flust búferlum) var reynt að kanna málið á annan hátt með því að fletta upp í símaskrá eða þjóðskrá. Verk þetta var unnið jafnóðum og tölvuútskriftir bárust.

2. Þegar allar undirskriftir sem tímanlega bárust, höfðu verið yfirfarnar eins og unnt reyndist, voru viðeigandi athugasemdir um aldur og tvíritanir færðar inn á frumgögnin (undirskriftalistana).
3. Niðurstöður undirskriftasöfnunarinnar voru birtar almenningi með greinargerð. Í þeim tölum, sem birtar voru, voru ekki meðtalin nöfn þeirra, sem reynst höfðu undir tilskildum aldri og nöfn ekki tvítalin."

Ofangreind lýsing er í samræmi við það, sem fram kom í aðiljaskýrslum og vitnisburðum Þorgerðar Sigurgeirsdóttur, en götunarþjónusta hennar sá um götun spjalda eftir undirskriftalistunum, og starfsmanna IBM, en þar fór tölvuvinnslan fram. Í aðiljayfirheyrslunum kom fram, að tvær útskriftir voru gerðar af tölvunni. Annað þessara eintaka var eyðilagt, en tölvuspóla og hitt eintakið er enn í vörslu aðstandenda „Varins lands".

Hjálmtýr Guðmundsson, starfsmaður IBM, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hann hefði gert nokkur forrit, sem notuð voru til að skrifa út gataspjöld og leiðrétta þær upplýsingar, sem fengust af undirskriftalistunum. Gatað hefði verið inn á spjöldin nafn, götuheiti, húsnúmer, númer á undirskriftalista og staðarnúmer, sem táknaði sýslu eða kaupstað. Þeir hjá IBM hafi síðan sett inn á tölvuspólurnar hlaupandi númer, svo koma mætti við leiðréttingum, annars hefði skráin verið óvinnsluhæf. Aðstandendur „Varins lands" hefðu ekki verið búnir að gefa skráningunni númer, nema listanúmer. Engin nafnnúmer hefðu verið á skránum og því ekki hægt að vinna þessa skrá saman við þjóðskrá. Almennt séð væri ekki hægt að vinna saman tvær

skrár, nema þær hefðu samsvarandi númer. Einar Kvaran, starfsmaður IBM, hefur staðfest þessar upplýsingar.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn, fyrst í þinghaldi 25. apríl sl., en síðar í þinghaldi 23. maí sl. Í fyrra þinghaldinu kom fram, að með orðinu „fallkandidatar" á stefndi við stefnanda, Unnar Stefánsson, og annan af aðstandendum „Varins lands", Hörð Einarsson. Mun hann höfða til þess, að þeir hafi einhvern tíman fallið í kosningum. Með orðinu „bitlingameistarar" kvaðst hann eiga við stefnanda prófessor Þór Vilhjálmsson. Í þinghaldi 23. maí sl. kveðst hann vita til þess, að Þór sé prófessor við Háskóla Íslands og samkvæmt kjarasamningum og starfsmati sé svo litið á, að það sé fullt starf. Þór hafi þó tekið að sér ýmis aukastörf, þ. á m. að vera lögmaður Ríkisútvarpsins. Þá sitji hann í ýmsum nefndum og ráðum. Kvaðst stefndi telja öll þau störf bitlinga, sem hægt sé að sinna jafnframt fullu starfi.

Í þinghaldi 25. apríl sl. kveðst stefndi skilja orðið „mannvitsbrekka" þannig, að það sé maður, sem hafi vit til þess að komast upp brattann í lífinu. Hann hafi notað þetta orð í jákvæðri merkingu.

Þá kom fram, að stefndi telur sig hafa heimildir fyrir greinunum í 17. tbl. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974. Heimildirnar séu símtöl, sem hann hafi átt við fólk, sem hringt hafi á ritstjórnarskrifstofur Þjóðviljans til að koma að þar greindum upplýsingum. Hann sagði svo háttað þeim upplýsingum, að ómálga börn væru send milli húsa með undirskriftaskjalið. Hann kvað engar heimildir fyrir því, að stefnendur hefðu gert slíkt, enda sé það ekki sagt í greininni. Hann kvaðst telja, að þeir, er stefnendur afhentu undirskriftalistana, hefðu gert þetta. Hann kvaðst vita til þess, að undirskriftalisti hafi gengið annað hvort á taugadeild Landspítalans eða Borgarspítalans og kvað það ámælisvert. Hann taldi mann, sem þar hefði haft lista undir höndum, vera einn þeirra, sem aðstandendur „Varins lands" hefðu afhent lista.

Upplýsingar þær, sem fram koma í 39. tbl. Þjóðviljans, kvaðst hann telja fyrstu upplýsingarnar um það, að aðstandendur „Varins lands" notuðu tölvu í sambandi við undirskriftasöfnunina. Þeir hefðu þá ekki verið búnir að skýra frá því opinberlega. Ályktanir þær, sem dregnar séu í greininni, séu heimildarmanns hans. Þá skýrði stefndi svo frá, að hann sjálfur hefði nokkrum sinnum reynt að ná sambandi við aðstandendur „Varins lands" til að fá upplýsingar um söfnunina. Þeir hafi neitað að ræða við

hann. Hann minntist þess að hafa reynt að ræða við stefnanda Þorstein Sæmundsson strax í upphafi undirskriftasöfnunarinnar.

V.

Álit dómsins.

Aðild.

Stefnendum var kunnugt, að aðalstefndi var höfundur umstefndra ummæla. Hann hefur auðkennt sér greinarnar með upphafsstöfum sínum. Þá hefur hann gengist við ummælunum. Þar sem stefnendum var kunnugt, hver var höfundur umstefndra ummæla, þykir auðkenning greinanna með upphafsstöfum nægileg nafngreining í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, enda sætir það ekki ágreiningi málsaðilja. Aðalstefndi verður því talinn bera ábyrgð á umstefndum ummælum, og ábyrgð varastefnda kemur þannig ekki til greina.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða".

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands“, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið og slík almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælanda ábyrgð. Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og greinar stefnda birtust í Þjóðviljanum, hafi þar birst fjöldi áþekkra greina. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í Þjóðviljanum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

Ummælin.

I.

Ummæli í 15. tbl. Þjóðviljans, sem út kom 19. janúar 1974. Ummælin eru úr almennri áróðursgrein.

1. Hér er um að ræða ummæli, sem algeng eru í slíkri stjórnmálaumræðu. Þykja þau allskostar óþörf og óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykja þau með tilliti til þess, sem greinir í almenna kaflanum hér að framan, ekki þess eðlis, að sekta eigi fyrir þau.
2. Af samhengi setningarinnar má ráða, að orðið mannvitsbrekka sé hér notað í háðungarskyni og á óviðurkvæmilegan hátt, og ber því að ómerkja ummælin, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykja ekki efni til að sekta fyrir ummælin.
3. Herlið Bandaríkjanna hefur þegar verið á Keflavíkurflugvelli frá árinu 1951. Hér er ekki um langan tíma að ræða í lífi þjóðar, en mælt við mannsævina er hér um umtalsverðan tíma að ræða. Stefndi hefur ekki fært sönnur á, að tilgangur stefnenda hafi verið sá, að þetta herlið verði hér um aldur og ævi, eins og segir í umstefndum ummælum, og texti undirskriftaskjalsins veitir ekki nægilegt tilefni til ummælanna. Hins vegar þykir allri umræðu um dvöl herliðsins vera settar of þröngar skorður, séu ummæli þessi látin varða við hegningarlög, sbr. það sem segir í almenna kaflanum hér að framan.

II.

Ummæli í 17. tbl. Þjóðviljans, sem út kom 22. janúar 1974. Ummælin eru í fréttagrein og kveðst stefndi hafa heimildir fyrir þeim.

1. Hér kemur í fyrsta lagi fram sú skoðun, að niðurlægjandi sé fyrir íslenskt fólk að standa fyrir undirskriftasöfnun um ævarandi hersetu í landinu. Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu, að heimildir skorti fyrir því, að sá hafi verið tilgangur undirskriftasöfnunarinnar. Hins vegar kemur fram í þessum ummælum þáttur þeirrar deilu, sem verið hefur um dvöl herliðsins, og þykir ekki, eins og þessari umræðu hefur verið háttað, fært að setja hér svo þröngar skorður, að ummælin séu látin varða við hegningarlög.

Síðari hluti málsgreinarinnar verður ekki skilinn frá lið 2 hér á eftir.

2. Af samhenginu við næstu málsgrein á undan verður þeirri hugsun ekki varist, að með tilvitnuðum ummælum sé átt við aðstandendur „Varins lands". Með framlögðum vottorðum og vætti vitna þykir fram komið, að börn hafi verið send milli húsa með undirskriftaskjalið. Hins vegar skortir það alla stoð, að stefnendur hafi staðið fyrir slíku. Vegna umfangs undirskriftasöfnunarinnar verður að telja það hafa verið óframkvæmanlegt fyrir stefnendur að hafa eftirlit með því, að börn væru ekki send með skjalið, en fallast verður á það, að slíkt hafi ekki verið við hæfi, eins og á stóð. Aftur á móti þykir málsgreinin stóryrtari en tilefni var til, sbr. orðin ómálga, Watergate-víxill, svívirða, etja og niðurlæging, og þykir því skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 eiga að ómerkja ummælin, þótt ekki þyki, eins og hér stendur á og með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum, eiga að refsa fyrir þessi ummæli. Um orðið „Watergate-víxill" verður nánar fjallað hér á eftir.
3. Á það verður ekki fallist, að almennt séð geti það verið niðrandi að bjóða sjúklingi að rita undir skjal, en sé gengið á milli sjúklinga á sjúkrahúsi, er það fallið til að raska ró þeirra. Verður því að fallast á það með stefnendum, að séu ummælin skoðuð í heild, sé setningin niðrandi og óviðurkvæmileg og beri því, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja ummælin. Hins vegar þykir með tilvísun til þeirra sjónarmiða, sem talin eru í almenna kaflanum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir þau.
4. Uppsetning þessarar setningar er óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja ummælin með tilvísun til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en af sömu ástæðum og áður er um fjallað þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þau.

III.

Ummæli í 39. tbl. Þjóðviljans frá 16. febrúar 1974.

Ummælin koma fram í fréttagrein, og kveðst stefndi hafa heimildarmann fyrir ummælunum. Hann hefur þó ekki tilgreint heimildarmann sinn. Um greinina í heild er það að segja, að enda þótt fram sé komið, að stefnendur hafi notað tölvu sér til aðstoðar við athugun og talningu á undirskriftalistunum, er það algerlega ósannað, að tölva hafi verið notuð í þeim tilgangi, sem

fréttagreinin vill vera láta. Má segja, að með skýringum stefnenda og vætti starfsmanna IBM og Þorgerðar Sigurgeirsdóttur sé fram komið, að nokkurra ranghugmynda hafi gætt í skrifum um tölvuvinnslu undirskriftalistanna og möguleika þá, sem voru til þeirrar vinnslu. Hins vegar gerði tölvan mögulegt að vinna upp skrár eftir undirskriftalistunum, sem hugsanlegt væri fyrir stjórnmálaflokk að hafa not af. Stefndi hefur þó ekki getað sýnt fram á, að sá hafi verið tilgangur stefnenda.

1. Undirskriftasafnanir eru til þess fallnar að kanna hugi fólks um ákveðið málefni. Ókunnugt er um yfirgripsmeiri undirskriftasöfnun hérlendis en þá, sem aðstandendur „Varins lands" stóðu fyrir. Svo sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja undirskriftasafnanir almennt bjóða heim nokkurri hættu á röskun á friði manna og að fólk verði fyrir ónæði. Hins vegar er hér allt of gróflega til orða tekið, og þykir eiga að ómerkja ummæli samkv. þessum lið, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með tilvísun til almennu athugasemdanna hér að framan þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.
2. Það má til sanns vegar færa, að landsmenn hafi verið flokkaðir með tölvu af aðstandendum „Varins lands", enda þótt réttara sé, að þeir hafi gert það með aðstoð tölvu. Setningin ein sér þykir ekki þannig vaxin, að ástæða sé til að heimfæra hana undir refsilagaboð.
3. Stefndi þykir ekki hafa fært sönnur á, að hér sé rétt með farið, en ummælin samkv. þessum lið þykja þó ekki út af fyrir sig þannig vaxin, að ástæða sé til að heimfæra þau undir hegningarlagaákvæði.
4. Stefnendur hafa haldið því fram, að hér sé verið að tengja starfsemi „Varins lands" alþekktu bandarísku hneykslismáli, Watergate-málinu svokallaða. Stefndi hefur aftur á móti haldið því fram, að með orðinu „Watergate-víxill" sé verið að tengja dvöl herliðs Bandaríkjamanna við þetta mál, enda hafi það lotið stjórn þess forseta Bandaríkjanna, sem hrökklaðist frá völdum vegna þessa máls. Orð þetta hefur í áróðursskyni verið notað nokkuð almennt í ræðu og riti andstæðinga herdvalarinnar, og er strax þann 22. janúar 1974 notað af stefnda í fréttagrein. Virðist ekki efni til að taka það öðruvísi en sem almennt skammaryrði, og ber að ómerkja það sem slíkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Hins vegar þykir með tilvísun til röksemda þeirra,

sem fram koma í almennum athugasemdum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

5. Stefndi hefur ekki fært sönnur að þessum ummælum. Þau þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Af sömu orsökum og taldar hafa verið um önnur ummæli hér að framan þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.
6. Fyrri hluti ummælanna, sem hér er stefnt út af, er sams konar og undir lið 1, og þykir á sama hátt og þar eiga að ómerkja ummælin, en ekki vera ástæða til að refsa fyrir þau. Síðari hluti setningarinnar er þannig fram settur, að tæpast má taka það, sem þar stendur, bókstaflega. Verður að telja þau ummæli, sem í þeim hluta felast, almennt skens, sem beri að ómerkja, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en ummælin verði ekki talin það alvarlega meint, að refsa eigi fyrir þau, sbr. einnig þær almennu athugasemdir, sem taldar eru hér að framan.
7. Um þennan lið gildir það sama og lið 1. hér að framan. Ómerkja ber því ummælin, en af þar greindum orsökum þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þau.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum Varins lands og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 80.000 í málskostnað, er þá tekið tillit til þess, að

stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinnan í þessu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Úlfars Þormóðssonar, sem birtust í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974 og upp eru talin í stefnu undir liðum I. 1 og 2, II. 2, 3 og 4 og III. 1, 4, 5, 6 og 7, skulu vera dauð og ómerk.

Stefnda, Úlfari Þormóðssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Úlfar Þormóðsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, kr. 80.000 óskipt í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 3/1975. **M**
(Kristinn Einarsson hrl.)
gegn
K
(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. janúar 1975. Krefst hann þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefndu. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en til vara, að henni verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál þar. Einnig krefst hún málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál þar, en hún fékk gjafvörn hér fyrir dómi hinn 27. nóvember 1975.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð allmörg ný gögn, þ. á m. ný vottorð um endurteknar blóðflokkarannsóknir bæði í Københavns Universitets Retsmediciniske Institut og Rannsóknastofu Háskólans, svo og álitsgerð Læknaráðs frá 18. mars 1977, sem gerð var í tilefni af úrskurði Hæstaréttar 30. nóvember 1976. Verður síðar vikið að gögnum þessum. Þá hafa málsaðiljar komið fyrir dóm að nýju.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram, að eigi hafi verið forsenda til að veita stefndu heimild til að höfða mál þetta, sbr. 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936, þar sem rúmt ár hafi verið liðið frá lokum lögmælts áfrýjunarfrests, er dómsmálaráðuneytið veitti henni leyfi til málshöfðunar.

Af gögnum máls verður ráðið, að stefnda hafi hinn 14. ágúst 1970, rúmum mánuði eftir fæðingu barnsins, gert reka að því með aðstoð lögfræðings, að áfrýjandi gengist við faðerni barnsins, B, og honum yrði gert að greiða lögboðnar greiðslur með því og vegna fæðingar þess. Talsverðan tíma tók að ná til áfrýjanda, sem neitaði faðerninu. Kom að því, að stefnda fól núverandi lögmanni sínum að annast málarekstur þennan, og var málið þingfest á bæjarþingi Keflavíkur 22. ágúst 1973.

Í 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936 er dómsmálaráðherra veitt heimild til að lengja málshöfðunarfresti í barnsfaðernismálum, ef sérstaklega stendur á. Áfrýjandi hefur eigi fært að því haldbær rök, að dómsmálaráðherra hafi við veitingu leyfisins farið út fyrir valdmörk sín.

Samkvæmt hinum nýju vottorðum um blóðflokkarann-

sókn getur áfrýjandi verið faðir barns stefndu, en eigi D. Í ályktunarorðum hins danska blóðflokkavottorðs frá 3. júní 1976 segir svo:

„IV K Hp 1—1 Gc 1—1 Gm (a+x+b—) Inv (1—)
9/1-54
B Hp 2—1 Gc 2—1 Gm (a+x+b+) Inv (1—)
15/7-70
M Hp 2—2 Gc 2—2 Gm (a—x—b+) Inv (1—)
9/10-41
D Hp 2—1 Gc 1—1 Gm (a+x+b+) Inv (1—)
24/9-41

Der er intet til hinder for M faderskab til B efter Hp-, Gc-, Gm- og Inv-systemerne, hvorimod D faderskab er oforeneligt med Gc-systemet."

Meðal hinnu nýju gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, er greinargerð Blóðbankans frá 14. október 1976, svohljóðandi:

		„HLA	Bf	Ac.Ph.
1.	K, Keflavík, f. 9/1 '54	3;7	SS	B
2.	B, s. st., f. 15/7 '70	3,9;7,w40	SS	B
3.	M, R., f. 9/10 '41	3,9;7,w40	SS	B
4.	D, R., f. 24/9 '41	2,9;7,8(w22)	SS	A

K (1) er móðir B (2). 3 og 4 eru meintir feður. B (2) erfir **3;7;S** frá móður sinni (1) og hlýtur því að erfa 9;w40;S frá föður sínum. M (3) getur lagt til **9;w40;S**. D (4) getur ekki lagt til 9;w40;S né B í Ac.Ph. D (4) getur því ekki verið faðir B (2)".

Gögn þau, sem nú hafa verið reifuð, lágu fyrir Læknaráði, er það gerði ályktun sína 18. mars 1977. Er ályktunin svohljóðandi: „Viðbótargögn, sem aflað hefur verið, breyta ekki fyrri ályktun læknaráðs um, að barnið B geti verið ávöxtur samfara aðila málsins 14. eða 15. desember 1969".

Er stefnda kom fyrir dóm hinn 1. mars 1976, bar hún, „að hún hafi ekki verið með neinum öðrum karlmönnum en þeim tveim, sem komið hafa fram í málinu, frá því 1. október til 1. janúar 1970, og reyndar hafi hún aldrei verið með karlmönnum fyrr en þessum tveim." Eru aðiljar sam-

mála um, að samfarir þeirra hafi farið fram 14. eða 15. desember 1969.

Þegar litið er til hinna læknisfræðilegu gagna málsins, þ. á m. ályktana Læknaráðs og vottorðs Péturs H. J. Jakobssonar prófessors, er greinir í héraðsdómi, svo og framburða málsaðilja um kynmök þeirra, þykir mega staðfesta úrlausn hins áfrýjaða dóms um faðerni barns stefndu, B, og greiðslu með því og vegna fæðingar þess.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, samtals fyrir báðum dómum 100.000 krónur.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Það athugast, að eigi sést, að ljósmóðir sú, sem tók á móti barni stefndu, hafi spurt hana um faðerni þess og skrásett skýrslu hennar þar um, eins og boðið er í 214. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir báðum dómum, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 100.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 22. nóvember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 13. þ. m., hefur K, ..., Keflavík, fædd 9. jan. 1954, höfðað gegn M, . . ., Reykjavík, fæddum . . ., og gert þær kröfur,

að hann verði dæmdur faðir barns sóknaraðila, B, fædds 15. júlí 1970, og hann dæmdur til þess að greiða með barninu meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs, fæðingarstyrk hennar og tryggingariðgjald fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Til vara krefst sóknaraðili þess, að henni verði heimilaður fyllingareiður. Þá krefst hún og málskostnaðar sér til handa í báðum framangreindum tilvikum.

Varnaraðili krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta er höfðað með leyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. ágúst 1973, sbr. 6. mgr. 211. gr. laga nr. 85/1936.

Umboðsmenn aðilja samþykktu í þinghaldi 22. ágúst 1973, að mál þetta yrði rekið og dæmt fyrir bæjarþingi Keflavíkur.

Hinn 15. júlí 1970 fæddi sóknaraðili lifandi sveinbarn á sjúkrahúsinu í Keflavík, sem var 2300 grömm að þyngd og 48 cm að lengd, sbr. vottorð ljósmóður. Föður að barni þessu hefur sóknaraðili lýst varnaraðilja í máli þessu. Sóknaraðili kom fyrir rétt 22. ágúst 1973. Sóknaraðili kvaðst hafa kynnst varnaraðilja vorið 1969 hér í Keflavík. Hafi hann oft komið í heimsókn til móðurbróður hennar, sem hafi búið í sama húsi og hún. Hafi hann komið í heimsókn á heimili móðurbróður síns og þar hafi þau kynnst. Kunningsskapur þeirra hafi þá ekki verið náinn. Um haustið, þegar móðurbróðir hennar var að flytja úr húsinu . . . . ., hefðu þau, hún og varnaraðili, verið samferða upp á háaloft með ýmislegt dót og hefði þá varnaraðili verið að reyna við sig, og kvaðst hún þá hafa tekið á móti og þau hefðu kysst, en ekkert hafi orðið á milli þeirra í það sinn. Hún kvað þau hafa hist nokkrum sinnum eftir það, en ekkert náið samband hefði verið á milli þeirra. Síðan hefði það gerst sunnudaginn 15. desember 1969, að varnaraðili hefði hringt í sig og beðið hana að gæta barna fyrir sig, á meðan hann færi í næsta hús til að hjálpa kunningjafólki sínu. Varnaraðili hafi þá búið að . . . . . í Keflavík. Hafi hún farið þangað og hefði varnaraðili verið undir áhrifum áfengis og hefði hann ekki farið úr húsinu til að hjálpa við flutninga, og kvaðst hún ekki hafa orðið vör við það, að verið væri að flytja úr næstu húsum. Varnaraðili hefði fengið sig með sér inn í svefnherbergi og þau haft þar samfarir, engar getnaðarvarnir hefðu verið notaðar, hvorki af hans hálfu né hennar. Samfarirnar hefðu verið fullkomnaðar og varnaraðilja hefði orðið sáðlát. Sóknaraðili sagði, að þau

hefðu aldrei, hvorki fyrr né síðar, haft samfarir nema í þetta eina skipti. Sóknaraðili skýrði og frá því, að hún hefði síðast haft á klæðum mánaðamótin nóvember desember 1969. Hún hafi farið til læknis í janúar 1970, vegna þess að hún hafi ekki haft á klæðum lengi. Læknirinn hefði sagt, að hún væri barnshafandi og komin 6 vikur á leið. Hún hefði síðan farið beint frá lækninum heim til varnaraðilja og ætlað að segja honum frá, hvernig komið væri, en hún ekki getað sagt honum það, þar sem kona hans hefði alltaf verið viðstödd.

Í réttarhaldi þessu kvaðst sóknaraðili hafa verið með D í ca 1 ár, en hætt að vera með honum í nóvember 1969. Kvaðst hún hafa haft samfarir við D tvisvar sinnum í nóvember með ca viku millibili, sennilega aðra og þriðju vikuna í nóvember. Ekki kvaðst hún muna, hvort hann notaði getnaðarvarnir, en kvaðst sjálf ekki hafa notað þær. Hún kvað samfarir þessar hafa átt sér stað á heimili D á . . . . . í Keflavík.

D skýrði frá því í réttarhaldi 28. ágúst 1973, að hann hefði nokkrum sinnum haft samfarir við sóknaraðilja, og taldi hann, að þau hefðu síðast haft samfarir í september 1969 og hann hefði alltaf notað getnaðarvarnir við samfarirnar.

Blóðflokkarannsókn fór fram á D 29. ágúst 1973, en blóð sóknaraðilja og barnsins, B, hafði verið rannsakað í febrúar 1971. Niðurstaða þeirrar blóðflokkarannsóknar, var sú, að skv. henni gat D ekki verið faðir B, sonar sóknaraðilja, þar eð D reyndist vera arfhreinn með tilliti til eiginleikans M, en sá eiginleiki fannst ekki í blóði barnsins. Kemur því D ekki til álita sem faðir barns sóknaraðilja, sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936.

Varnaraðili hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við sóknaraðilja 15. desember 1969 á heimili sínu, sem þá hafi verið að . . . . . í Keflavík. Sagði hann, að samfarir þessar hefðu ekki verið fullkomnaðar, honum hefði ekki orðið sáðlát til sóknaraðilja.

Í réttarhaldi því, er varnaraðili viðurkenndi samfarir við sóknaraðilja, skýrði hann frá því, að hann hefði gengið á sóknaraðilja, eftir að hann hafði haft við hana samfarir, hvort hún hefði ekki haft áður samfarir við einhvern. Hún hefði þá tjáð sér, að hún hefði haft samfarir við E á þjóðhátíðinni í Vestmannaeyjum sama ár, og með D einhvern tíma áður.

Sóknaraðili hefur staðfastlega neitað því að hafa haft samfarir eða náið samband við E og neitar að hafa sagt varnaraðilja það, að hún hefði haft við hann samfarir. E hefur komið

fyrir rétt og neitað því að hafa haft nokkru sinni samfarir við sóknaraðilja. Sóknaraðili hefur lýst því yfir, að hún hafi ekki verið með nokkrum öðrum karlmönnum en hún hefur greint frá frá því í október fram í endaðan desember.

Hinn 15. janúar 1970 skoðaði Kjartan Ólafsson, héraðslæknir í Keflavík, sóknaraðilja. Taldi hann hana vera gengna með 6—7 vikur og sendi hana til sérfræðings í kvensjúkdómum, sbr. vottorð Kjartans. Læknirinn segir í vottorðinu, að hann hafi skráð hjá sér, að síðustu blæðingar hefðu verið 25. til 30. nóvember 1969 og mætti því búast við fæðingu í ágústlok. Læknirinn segir í sama vottorði, að konan hafi komið í skoðun til sín 26. maí 1970 og hefði hann þá skráð hjá sér: „Komin rúma sex mánuði á leið, fullt líf, hreyfingar örugglega komnar 28. 4. 1970, góð fósturhljóð, höfuðstaða og konunni heilsast eðlilega."

Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir á fæðingardeild Landspítalans, hefur gefið eftirfarandi vottorð í málinu: „K, fædd 9. 1. 1954, búsett . . . . ., Keflavík, ógiftur nemandi, kom til undirritaðs til læknisskoðunar þann 3. febrúar 1970. Hún sagðist hafa haft reglulegar tíðir seinast miðjan nóvember 1969 og samfarir 15. 12. 1969. Hafði aldrei áður verið barnshafandi, og við skoðun á fjölgunarfærum er ekkert óeðlilegt að finna, nema að legið er að stærð og mýkt svarandi til 8—9 vikna meðgöngutíma.

Samkvæmt venjulegum reikningum um meðgöngutíma var samkvæmt seinustu tíðum að vænta fullburða fæðingar seint í ágúst. Herdís Björnsdóttir ljósmóðir vottar fæðingu hjá K á Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs þann 15. 7. '70, lifandi sveinbarn, sem vó 2300 gm að lengd 48 cm.

Hugsanlegur getnaðartími K er frá byrjun desember 1969, og síðan geta alltaf egglos eitthvað tafist, þannig að þá getur getnaður orðið tilsvarandi seinna. Þyngd barnsins við fæðingu svarar til þess, að barnið hafi fæðst 4—5 vikum fyrir tímann, og þá væri áætlaður fullburðatími seint í ágúst."

Kristján Sigurðsson, sjúkrahúslæknir í Keflavík, hefur gefið eftirfarandi vottorð að beiðni réttarins: „K, fædd 9. 1. 1954, þá til heimilis að . . . . ., Keflavík, ól þann 15. 7. 1970 kl. 13.45 lifandi sveinbarn, sem við fæðingu vó 2300 grömm og mældist vera 48 cm á lengd.

Stúlkan kom á sjúkrahúsið sama dag kl. 10.45. Var legbotn þá tvær til þrjár fingurbreiddir neðan við flagbrjósk og höfuð skorðað í grindarinngangi.

Samkvæmt fæðingarbók er talið vanta eina til tvær vikur á fullan burð. Hörund er ekki talið rautt. Limir eru ekki taldir magrir eða grannir. Neglur á fingrum eru ekki taldar linar og eru gómheldar. Andlit er ekki talið hrukkótt og bæði eistu eru í pung. Ekki er tekið fram, hvaða ljósmóðir var viðstödd fæðinguna."

Rétturinn hefur skoðað fæðingarbók sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs, og ber bókinni saman við þessa lýsingu læknisins, sem rakin er hér að framan.

Elsa María Hertervig ljósmóðir hefur komið fyrir dóm, og var henni sýnt ljósrit úr fæðingarbók Sjúkrahúss Keflavíkur, og kvaðst hún hafa ritað það, sem þar var skráð. Hún sagði, að strax eftir fæðingu væri gerð svokölluð fæðingartilkynning, sem send væri sóknarpresti, en eftir þessari fæðingartilkynningu væri bókin færð. Þar, sem svarað sé því í fæðingarbókinni, hvort barnið sé fullburða eða ekki, standi ca 1—2 vikur. Hún kvaðst ekki sjálf hafa tekið á móti umræddu barni. Hún sagði, að ljósmóðir sú, sem tæki á móti barninu, útfyllti fæðingartilkynninguna, sem fæðingarbókin væri rituð eftir, en ekki mundi hún, hvort allt kæmi fram í fæðingartilkynningunni, sem kæmi fram í fæðingarbókinni. Hún bætti við, að upplýsingar í fæðingarbókina væru færðar inn eftir skoðun hennar og læknisins og þær síðan ritaðar inn að bestu þekkingu þeirra. Ljósmóðir sú, sem tók á móti barni sóknaraðilja, kom einnig fyrir rétt og kvaðst ekki muna sérstaklega eftir því að hafa tekið á móti barni hennar, en hún kvaðst rita það hjá sér, hvaða börnum hún tæki á móti, og væri þetta eitt þeirra barna. Hún kvaðst ekkert muna um það, hvernig barnið hefði litið út við fæðingu, og ekki muna eftir neinu sérstöku við fæðingu þessa barns.

Með bréfi réttarins, dags. 4. janúar 1974, var mál þetta sent Læknaráði til umsagnar og þess þar farið á leit, „að Læknaráð láti réttinum í té skriflega umsögn sína um það, hvort barnið B, f. 15. 7. 1970, geti með tilliti til framkominna vottorða lækna verið ávöxtur samfara aðila 15. desember 1969."

Með bréfi, dagsettu 16. ágúst 1974, barst réttinum álitsgerð og úrskurður Læknaráðs í framangreindu máli. Ályktun Læknaráðs var sú, að „samkvæmt læknisvottorðum, sem fyrir liggja, telur læknaráð, að barnið B, fæddur 15. 7. 1970, geti verið ávöxtur samfara 15. desember 1969."

Með bréfi, dags. 16. október 1974, fór rétturinn þess á leit við héraðslækni í Keflavík, Kjartan Ólafsson, að hann léti dóm-

inum í té skriflega umsögn sína um það, hver væri mögulegur getnaðartími barns sóknaraðilja, B, og jafnframt hvort barn hennar hefði verið fullburða við fæðingu með tilliti til vottorða lækna.

Niðurstaða héraðslæknisins var sú, að hann teldi mögulegan getnaðartíma barns sóknaraðilja geta verið frá 10. október 1969 til 30. desember 1969.

Blóðflokkarannsókn hefur farið fram á málsaðiljum og barninu, og samkvæmt henni getur varnaraðili verið faðir barns sóknaraðilja, en niðurstaða rannsóknarinnar var þessi:

			Rh						Kell	Fy		
			C	D	E	c	e	C^{w}	Kk	ab	P_1	H^{p}
Sóknaraðili	0	Nss	+	+	—	—	+	—	—	+	+	1—1
Barnið	0	Nss	+	+	—	—	+	—	—	+	+	2—1
Varnaraðili	0	Nss	+	+	+	+	+	—	+	—	+	2—2

Aðiljar málsins eru sammála um það, að þau hafi haft samfarir 15. desember 1969 og hafi það verið í eina skiptið, sem þau höfðu samfarir. Varnaraðili hefur gert ítrekaðar tilraunir til að draga aðra aðilja inn í mál þetta, án árangurs. Barn sóknaraðilja er fætt 15. júlí 1970 og líða því aðeins 214 dagar, frá því aðiljar hafa samfarir, þar til barnið fæðist. Eins og áður segir, kemur fram í fæðingarbók sjúkrahússins, að barnið, B, var á engan hátt óeðlilegt við fæðingu að öðru leyti en því, að barnið var lítið, eða 2300 grömm að þyngd og 48 cm að lengd. Sóknaraðili hefur sjálf lýst útliti drengsins, B, við fæðingu, og lýsti hún barninu þannig, að það hefði verið með mikið hár, rukkótt, eins og gamalmenni í andliti, horað, rautt og blátt, og skinnið hefði allt verið í fellingum, en ekki mundi hún, hvernig neglur höfðu verið. Lýsing sóknaraðilja á barninu stangast mjög á við lýsingu þá, sem færð er í fæðingarbók sjúkrahússins. Pétur H. J. Jakobsson, yfirlæknir á fæðingardeild Landspítalans, telur, að þyngd barnsins við fæðingu svari til þess, að barnið hafi fæðst 4—5 vikum fyrir tímann. Læknirinn telur og, að hugsanlegur getnaðartími sé frá byrjun desember 1969 og síðan geti alltaf egglos eitthvað tafist, þannig að þá geti getnaður orðið tilsvarandi seinna. Læknaráð hefur ályktað, að barnið geti verið ávöxtur samfara 15. desember 1969. Að áliti héraðslæknis er

mögulegur getnaðartími barnsins frá 10. október 1969 til 30. desember 1969.

Aðalvörn varnaraðilja í máli þessu er sú, að barn það, sem hér um ræðir, geti eigi verið ávöxtur samfara aðilja 15. desember 1969, þar sem þá væri um óeðlilega stuttan meðgöngutíma að ræða.

Rétturinn lítur svo á, að það sé þyngst á metunum og afgerandi, að aðiljar eru á einu máli um það, að þau hafi haft samfarir á mögulegum getnaðartíma barnsins. Blóðrannsókn útilokar eigi varnaraðilja frá faðerninu. Sóknaraðili hefur staðfastlega haldið því fram, að enginn annar en varnaraðili og nefndur D hafi haft samfarir við hana á mögulegum getnaðartíma barnsins, en samkvæmt niðurstöðu blóðrannsóknar getur D ekki verið faðir að barni sóknaraðilja.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, vottorða lækna, niðurstöðu Læknaráðs og lýsingu sóknaraðilja sjálfs á barninu við fæðingu, ber að dæma varnaraðilja föður barns þess, er sóknaraðili ól hinn 15. júlí 1970, samkvæmt 212. gr. laga nr. 85/1936. Skal hann greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, fæðingarstyrk og tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1970, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma varnaraðilja til greiðslu alls málskostnaðar. Útlagður kostnaður embættisins vegna máls þessa nemur kr. 9.200. Enn fremur verður embættið að leggja út þóknun til Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, talsmanns sóknaraðilja, samkvæmt 215. gr. laga nr. 85/1936. Þykir þóknun til Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns hæfilega ákveðin með tilliti til umfangs rannsóknar málsins kr. 65.000.

Málskostnaður nemur því samtals kr. 74.200, sem varnaraðilja ber að greiða, og rennur hann til ríkissjóðs.

Jón Eysteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins sveinbarns, B, er sóknaraðili, K, ól hinn 15. júlí 1970.

Skal varnaraðili greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs þess, tryggingariðgjald sóknaraðilja fyrir árið 1970 og fæðingarstyrk til hennar, allt samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Varnaraðili greiði kr. 74.200 í málskostnað, er renni til ríkissjóðs, þar af eru kr. 65.000 málssóknarlaun til talsmanns sóknaraðilja, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 20. apríl 1977.

Nr. 109/1975. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Guðsteini Þengilssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1975 og gert þessar dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að dæmd verði hæfileg refsing fyrir ummælin,

3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 30.000 kr. í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 29. janúar 1974 til greiðsludags,

4. að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 20.000 kr. úr hendi stefnda til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms í máli þessu í opinberum blöðum,

5. að birtar verði forsendur og dómsorð dóms í máli þessu í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefnda tildæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefna tekur til, eru í greininni: VL-fólk og vestræn samvinna, sem birtist í 23. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kom 29. janúar 1974. Stefndi er tilgreindur höfundur greinarinnar með fullu nafni, og ber hann samkvæmt 1. og 2. málsgrein 15. greinar laga 57/1956 refsi- og fébótaábyrgð á efni hennar.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi. Stefndi hefur borið að þessum ummælum hafi ekki aðeins verið beint að áfrýjendum máls þessa, sem höfðu forgöngu um undirskriftasöfnun Varins lands, heldur og að öllum þeim, er að málefni þessu unnu með starfi að undirskriftasöfnun og með undirskriftum sínum. Í málflutningi stefnda er sérstaklega bent á fyrirsögn greinarinnar og á það, að enginn er þar nafngreindur.

Þegar á það er litið meðal annars, að í greininni er veist að tilteknum hópi manna, og einnig á það, að það var alkunna frá upphafi, að áfrýjendur höfðu forgöngu um undir-

skriftasöfnun Varins lands og stjórnuðu framkvæmd hennar, verður að telja, að ummæli þessi beinist fyrst og fremst að áfrýjendum.

Verða hin átöldu ummæli tekin til álita, og eru þau auðkennd á þann hátt, sem gert er í héraðsdómi.

1. Stefndi tekur svo til orða, að hópur manna hafi það fyrir „aðaláhugamál" sitt, að Ísland verði „hersetið" áfram. Ummæli þessi þykja eigi varða við hegningarlög. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að þessu leyti.

2. a og b. Í þessum ummælum felst aðdróttun um, að annarlegar ástæður, svo sem hagsmunatengsl, hafi ráðið því, að áfrýjendur beittu sér fyrir undirskriftasöfnun undir áskorun Varins lands. Þessi ummæli varða við 235. grein almennra hegningarlaga 19/1940. Samkvæmt 1. málsgrein 241. greinar sömu laga ber að ómerkja þau.

3. Ummæli þessi varða ekki við hegningarlög.

4. Ummæli þessi eru móðgandi fyrir áfrýjendur og varða við 234. grein almennra hegningarlaga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þeirra.

5. Ummæli þessi varða ekki refsingu, en ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þeirra stendur óhaggað.

Refsing stefnda þykir hæfilega ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ummælum þeim, sem heimfærð eru til refsiákvæða, þ. e. liðir 2 a og b og 4, er beint að áfrýjendum sameiginlega vegna forgöngu þeirra að undirskriftasöfnun Varins lands. Enda þótt refsa beri fyrir þessi ummæli, þykja þau eigi eftir atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum miska, sem bótaskyldur sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar almennra hegningarlaga.

Dæma ber stefnda samkvæmt 2. málsgrein 241. greinar hegningarlaga til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 20.000 kr. til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Rétt þykir samkvæmt 2. málsgrein 22. greinar laga 57/1966, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í

1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir að dómur þessi er birtur að lögum.

Dæma ber stefnda til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 140.000 kr.

Dómsorð:

Ummæli, sem greinir í liðum 2 a og b, 4 og 5 hér að framan, skulu ómerk.

Stefndi, Guðsteinn Þengilsson, greiði 10.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 20.000 kr. til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þennan í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 140.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda, nema að því er varðar miskabótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Þar eð stefndi hefur gert sig sekan um refsiverða meingerð gegn æru áfrýjenda, svo sem greinir í atkvæði meiri hlutans, og með tilliti til dómstólavenju í ærumeiðingarmál-

um teljum við, að áfrýjendur eigi rétt á nokkru fégjaldi úr hendi stefnda skv. 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms miðvikudaginn 2. júlí, hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geirastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 13. júní 1974, gegn Guðsteini Þengilssyni lækni, Álfhólsvegi 95, Kópavogi, vegna ummæla, sem birtust í grein í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Grein þessi ber yfirskriftina: „VL-fólk og vestræn samvinna". Stefndi er nafngreindur sem höfundur greinarinnar.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Ummæli þessi eru:

„1. „ . . . hópur manna, sem hefur það fyrir aðaláhugamál sitt, að Ísland verði hersetið áfram, . . . "

2. „ . . . Erfitt er að leiða getur að því, hvaða hvatir liggi að áhuga þessa fólks á því, að hafa Ísland hersetið . . . Margt bendir til þess, að þær séu undir niðri reistar á rökum, sem betur fer á að halda sem varlegast á lofti, t. d. það, að mál þetta er flutt af grunsamlega miklum ákafa. Varla getur farið hjá því, að gamalgróin herseta svo sem hér er, hafi skapað hagsmunatengsl, sem því erfiðara er að rjúfa þeim mun lengur sem líður . . . "

3. „ . . . geigvænlegu smekkleysi . . . "

4. „ . . . samblástur nokkurra auðnuleysingja . . . "

5. „ . . . Þeir færi nú fram sem ákafast bænaskrár sínar fyrir varanlegum herstöðvum . . . ".“

Síðan segir, að stefnendur geri svofelldar dómkröfur:

„að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu, sem á getur reynt skv. 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 30.000 í miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, með 9% ársvöxtum frá 29. janúar 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 kr. 20.000 í kostnað við að birta forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

að stefndi verði dæmdur skv. 22. gr. laga nr. 57/1966 til að sjá um, að birt verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu í fyrsta eða öðru tölublaði dagblaðsins „Þjóðviljinn", er út kemur eftir birtingu dómsins.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara."

Af hálfu stefnda, Guðsteins Þengilssonar, hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar *í fyrsta lagi*, að máli þessu verði vísað frá dómi með tilvísun til ákvæða 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Fari svo, að frávísunarkrafan yrði ekki tekin til greina, hefur hann *í öðru lagi* gert þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Þá gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Í þinghaldi 18. mars sl. var málið sótt og varið um frávísunarkröfu stefnda. Með úrskurði, uppkveðnum þann sama dag, var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu: „Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „Varið land". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa

vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins".

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 10. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum. Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott."

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „Varins lands" varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áherzla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskrá eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, en viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu

sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með nöfnum, sem á listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en haträm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Var það dagblaðið „Þjóðviljinn“, sem reið á vaðið og lét aðallega að sér kveða í þessu efni. Birtust í blaði þessu frá því um miðjan janúar og fram eftir marz mánuði fjölmargar greinar í ýmsu formi, er beindust að framtaki „Varins lands“.“

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar haträmmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . . " Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta svo í stefnu sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu".

III.

Röksemdir málsaðilja.

Að hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 23. maí sl. hefur einn stefnenda, prófessor Þór Vilhjálmsson, m. a. þetta að segja: „. . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu". Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972—1973, sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7.

gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar, og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt, að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur".

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara er pólitískt athæfi, sem særir

helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg. Í ummælunum er ekki sveigt á niðrandi hátt að persónulegum eiginleikum einstakra þátttakenda, heldur aðeins áfellst, — tæpitungulaust að vísu, — hið pólitíska atferli hópsins. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingar atriði:

1. Undirskriftasöfnuninni var ætlað að hafa pólitísk áhrif á stjórnvöld með því að hún átti að sýna vilja eða skoðun þeirra, sem skrifuðu undir. Hvort tveggja er, að undirskriftasöfnun, sem aðferð við skoðanakönnun er bæði ónothæf (af því að hún er óáreiðanleg) og ólýðræðisleg. Gegn henni mæla sömu rök og lágu til grundvallar afnámi opinberra kosninga hérlendis og leiddu til þess að upp voru teknar leynilegar atkvæðagreiðslur. Það eru því ekki meiðyrði, þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega. Ég bendi í þessu efni á greinar Sigurðar Líndal, prófessors og forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, sem birtust í Vísi í marz 1974 og ég legg hér fram.

2. Auk almenns pólitísks áhuga hefur umbjóðandi minn fastmótaðar skoðanir um þjóðfrelsismál. Hann var virkur þátttakandi á stúdentsárum sínum í baráttu stúdenta og kennara gegn erlendri ásælni. Hann vill, að Íslendingar ráði málum sínum sjálfir en séu ekki háðir erlendum ríkjum. Hann telur að erlend herseta skerði fullveldi okkar og sjálfsákvörðunarrétt eins og dæmin sanni. Hann telur, að hernaðarsamvinna Íslendinga geti ekki verið fólgin í öðru en að láta segja sér fyrir verkum. Af þessum ástæðum fara sjónarmið stefnenda um áframhaldandi hersetu harkalega í bága við hans skoðanir. Þess vegna grípur hann til pennans. Ummæli hans verður að virða í þessu ljósi.

3. Umbjóðandi minn er læknir og hefur megnustu fyrirlitningu á hernaði og styrjaldarrekstri. Sérstaka andúð hefur hann á Bandaríkjaher fyrir athæfi hans í Viet-Nam. Lengra í svívirðu

verður ekki komist að hans mati fyrir Íslendinga en að taka höndum saman í hernaðarsamvinnu við þá herforingja og stjórnmálamenn sem stjórnuðu aðförum Bandaríkjahers í Viet-Nam. Af þessum ástæðum er atferli stefnenda sem hnefahögg framan í umbjóðanda minn. Ummæli hans verður jafnframt að virða í þessu ljósi."

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf.

„*Um 1.*

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr., en til vara 235. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Um 2.

Stefnendur telja þessi ummæli móðgandi og niðrandi fyrir sig. Með þeim er gefið í skyn, að til grundvallar frumkvæði þeirra að áðurgreindri undirskriftasöfnun séu annarlegir persónulegir hagsmunir þeirra, tengdir áframhaldandi dvöl varnarliðsins í landinu. Telja stefnendur ummælin refsiverð samkvæmt 235. gr., en til vara 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og að þau varði við 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4.

Stefnendur telja ummæli þessi fela í sér móðgun og aðdróttun um ótilhlíðilegan tilgang frumkvæðis þeirra. Telja þeir ummælin varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 5.

Stefnenduur telja þessi ummæli varða við 234. eða 235. gr. laga nr. 19/1940."

Stefnendur rökstyðja síðan kröfur sínar frekar þannig:

„Stefndi ber bóta- og refsiábyrgð á hinum átöldu ærumeiðandi ummælum sem nafngreindur höfundur téðrar blaðagreinar, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Umrædd blaðagrein var liður í margendurteknum ærumeið-

andi skrifum um stefnendur í „Þjóðviljanum". Verður að ætlast til, að dómstólar tryggi mönnum æruvernd með virkum bóta- og refsiviðurlögum. Ljóst er, að ummælin í umræddri grein voru fallin til að valda stefnendum miska."

Um einstök ummæli hefur lögmaður stefnda þetta að segja: „Umbjóðandi minn reit grein í Þjóðviljann 29. janúar 1974, en honum blöskraði framferði þeirra, sem stóðu að undirskriftasöfnun Varins lands á sjálfu þjóðhátíðarárinu. Í grein þessari sýnir höfundurinn tæpitungulaust, fram á fánýti hinna klassísku raka um erlenda hersetu á Íslandi og ræðir einnig um þá hugsjón sumra Íslendinga, að þessi fámenna og vopnlausa þjóð okkar eigi að hafa hernaðarsamvinnu við önnur ríki, og þá einna helst við þá hernaðaraðila, sem mestu og verstu glæpina frömdu í Viet-Nam og hlutu alheimsfordæmingu. Grein sinni lýkur umbjóðandi minn með því að láta í ljós þá von, að Alþingi og ríkisstjórn takist að framkvæma þau áform sín að losa Ísland við erlendan her.

Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir því hugarfari stefnenda, að vilja hneppa pólitíska andstæðinga sína í tugthús fyrir svona skrif. Ef það er refsivert á Íslandi að skrifa grein eins og þá, sem læknirinn, umbjóðandi minn hefur skrifað, þá er úti um skoðanafrelsi og ritfrelsi í þessu landi.

Um 1.:

Hin umstefndu ummæli eru tekin út úr fyrstu málsgrein greinarinnar, en í heild er hún svohljóðandi: „Þau furðulegu tíðindi hafa gerst, að kominn er fram á sjónarsviðið hópur manna, sem hefur það fyrir aðaláhugamál sitt, að Ísland verði hersetið áfram, og ætlar þar með að vinna gegn því, að eitt veigamesta atriðið í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar verði framkvæmt". Ummæli þessi telja stefnendur vera refsiverð og sýnir nú fátt betur fáránleik þessara málaferla. Umbjóðandi minn er í þessari málsgrein að skýra frá hreinum staðreyndum, sem ekki verða hraktar. Hvorki í stefnu né greinargerð er reynt að rökstyðja á hvern hátt þessi staðreyndalýsing umbjóðanda míns varði við lög. Hins vegar hafa stefnendur í máli sínu gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, stud. phil., rökstutt refsikröfu sína út af svipuðum ummælum með þeim hætti að telja, að í þeim felist aðdróttun um, að herseta í landinu sé stefnendum sérstakt keppikefli. Það er augljóst hverjum manni, sem læs er á íslenska tungu, að sam-

kvæmt yfirlýsingum stefnenda þegar þeir hleyptu undirskriftasöfnuninni af stað, var henni ætlað að hafa þau áhrif á stjórnvöld í landinu, að þau hættu við yfirlýst áform sín um að láta herinn fara. Augljóst er því, að það hefur verið áhugamál þessa hóps manna, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu, að láta herinn *vera*, það er að segja, að *láta Ísland vera hersetið áfram*. Í stefnu þessa máls er vitnað í yfirlýsingar stefnenda í upphafi söfnunarinnar og er þar talað skýru máli um áhugamál þessa hóps: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu. Við teljum fulla ástæðu til að fram komi, að íslenskur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott.“ Þarf frekari vitna við en þeirra eigin orð um áhuga stefnenda fyrir því að Ísland verði hersetið áfram?

Um 2.:

Ég vil vekja athygli dómarans á því, hvernig stefnendur skeyta þessi ummæli saman á milli dálka í blaðagreininni. Hitt er rétt, að í bollaleggingum sínum um það, hvað liggi að baki áhuga fólks fyrir því að Ísland sé hersetið, íar hann í það, að hagsmunatengsl, sköpuð af gamalgróinni hersetu geti hér verið eins þung á metunum og hin opinberu rök um öflugar varnir og hinar merkilegu hernaðarsamvinnuhugsjónir. Það er enda opinber staðreynd, að slík hagsmunatengsl fylgja erlendri hersetu, bæði hér á landi og annars staðar. Auðvelt verður undir rekstri þessa máls að sýna fram á bein hagsmunatengsl ýmissa aðila við erlenda hersetu hér. Þeir sem í upphafi vöruðu við því, að hleypa erlendu herliði inn í landið, höfðu einmitt þessi hagsmunatengsl og slævandi áhrif þeirra í huga. Á hinn bóginn mega stefnendur þessa máls ekki lesa ummælin á þann veg, að með þeim sé dróttað að þeim, að þeir, einhverjir, eða allir stundi hermang. Ljóst er hins vegar, að hermangið er fylgifiskur erlendrar hersetu og greinarhöfundur lætur að því liggja, að hagsmunatengsl hermangsins sé jafn ríkur þáttur í áhuga þeirra, sem vilja hafa hér erlendan her og hitt, að Ísland sé vopnum varið og að Íslendingar stundi hernaðarsamvinnu við erlend ríki. Auðvitað er greinarhöfundi rétt og heimilt að hafa þessa skoðun á hlutuunum og fráleitt er, að telja þessi ummæli móðgandi fyrir stefnendur. Ég mótmæli því að þetta séu refsiverð ummæli.

Um 3.:

Þessi ummæli telja stefnendur líka móðgandi fyrir sig. En leyfist manni að spyrja: Er það ekki meiriháttar smekkleysa að minnast 11 hundruð ára byggðar á Íslandi með því að undirrita áskorunarskjal til stjórnvalda um að halda áfram tvíbýli við erlent herlið í landinu? Greinarhöfundur má hafa þá skoðun, að undirskriftasöfnunin sé smekkleysa, og verður tæpast talið, að hann fari þar offari í orðavali. Ég mótmæli því harðlega, að þessi ummæli séu refsiverð.

Um 4.:

Því er mótmælt, að þessi ummæli geti verið móðgun fyrir stefnendur eða séu á annan hátt refsiverð. „Samblástur" er réttnefni á þeim aðgerðum, sem stefnendur efndu til í því skyni að koma í veg fyrir áform þáverandi ríkisstjórnar um að láta herinn fara. Einnig sýnist ekki ofmælt, að þeir, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu, séu auðnulausir menn, þegar horft er til framtíðarinnar og það virt, að svo gæti til tekist fyrir þeirra tilverknað, að Ísland yrði hersetið um langan aldur. Og er þá bæði haft í huga lífshamingja þeirra sjálfra og niðja þeirra, svo og auðna íslensku þjóðarinnar í heild.

Um 5.:

Um þessi ummæli gildir það, sem ég sagði hér að framan um nr. 1. Með þessum ummælum er greinarhöfundur aðeins að lýsa þeim staðreyndum, að stefnendur fóru sem ákafast með undirskriftaskrár sínar, sem í rauninni eru bænarskrár fyrir áframhaldandi hersetu og herbækistöðvum erlendra herja á Íslandi. Annað verður því ekki sagt um þessi ummæli, en þau séu staðreyndalýsing með vægu orðalagi og refsilaus með öllu."

Þá rökstyður stefndi sýknukröfu sína frekar þannig:

„Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er, að reikna út miskabótakröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Opinber ummæli eins aðilans úr hópnum, prófessors Jónatans Þórmundssonar, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til

þess að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd". Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Með því að útgefanda og/eða ritstjóra Þjóðviljans er ekki stefnt í máli þessu, ber að sýkna umbjóðanda minn vegna aðildarskorts af þeirri kröfu, að hann verði dæmdur til þess að sjá um að dómur í máli þessu verði birtur í Þjóðviljanum."

Við munnlegan flutning málsins vitnaði lögmaður stefnda einnig til framburðar hans hér fyrir dóminum og taldi, að stefndi hefði ekki átt við stefnendur sérstaklega með ummælunum og væru þeir því ekki réttir aðiljar málsins. Þessu mótmælti lögmaður stefnenda sem of seint fram komnu og vitnaði til þess, að í greinargerð sé þessari málsástæðu ekki hreyft.

IV.

Yfirheyrslur.

Endurrit umfangsmikilla yfirheyrslna hafa verið lögð fram í málinu. Umfangi þeirra hefur að nokkru ráðið, að hér er aðeins um að ræða eitt af mörgum málum, sem stefnendur hafa höfðað vegna meintra fjölmæla út af undirskriftasöfnuninni, sem efnt var til undir kjörorðinu „Varið land". Yfirheyrslurnar eða hluta þeirra má nota í öllum þessum málum, og horfði því til verksparnaðar að fara ekki nákvæmlega eftir þeirri gullnu reglu að leggja aðeins það fram, sem beinlínis skiptir hér máli, enda erfitt

að vinsa það úr öllum yfirheyrslunum. Yfirheyrslur þessar hafa horft til mikils skýringarauka fyrir dóminn. Þrátt fyrir það þykir hér ekki nauðsynlegt að skýra frá nema litlu af efni þeirra.

Nokkrir stefnenda hafa komið fyrir dóm, og hafa sumir þeirra m. a. nefnt dæmi þess, að þeir hafi orðið fyrir aðkasti vegna, að því er þeir telja, skrifa stefnda og annarra í Þjóðviljann. Hafa þeir m. a. nefnt sem dæmi mótmæli 152 aðilja við málssóknum þeirra á hendur blaðamönnum og rithöfundum vegna meintra meiðyrða. Skjal þetta liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 9.

Stefndi hefur komið fyrir dóminn. Hann skýrði svo frá, að með ummælum sínum í greininni, sem hefur orðið stefnendum tilefni til málssóknar, eigi hann alltaf við sama hópinn, þ. e. alla sem að undirskriftunum unnu beint eða óbeint, og alla undirskrifendur líka. Hann tók það fram, að þegar greinin var rituð, hafi undirskriftasöfnunin verið skammt á veg komin. Honum hafi verið það kappsmál að draga frekar úr fjölda þeirra, sem skrifuðu undir, en stefnendur hafi verið farnir að guma af fjölda þeirra. Hann hafi því talað um „nokkra" í greininni. Hann hafi, þegar greinin var rituð, ekki haft nokkurn stefnenda persónulega í huga.

V.

Álit dómsins.
Aðild.

Stefnendur gengust fyrir og stjórnuðu framkvæmd undirskriftasöfnunar undir kjörorðinu „Varið land", en því er ekki mótmælt af stefnda, að undirskriftasöfnun þessi hafi verið tilefni greinar hans í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Með hliðsjón hér af verður að telja, að stefnendur eigi þegar af þessum ástæðum aðild að máli þessu.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta

mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið, og slík almenn undir-

skriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælanda ábyrgð.

Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og grein stefnda birtist í Þjóðviljanum, hafi þar birst fjöldi áþekkra greina. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í Þjóðviljanum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í 23. tbl. Þjóðviljans 1974. Stefndi er nafngreindur höfundur þessarar blaðagreinar og ber ábyrgð á henni, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hann hefur hér fyrir dóminum sagst í greininni hafa átt við alla, sem að undirskriftasöfnuninni unnu, og undirskrifendur einnig. Hér að framan hafa stefnendur, sem stóðu fyrir undirskriftunum, verið taldir geta höfðað mál út af meintum meiðyrðum vegna söfnunar þessarar. Þótt þeirra persónulega sé ekki getið, verða a. m. k. sum ummælin ekki öðru vísi skilin en að einnig sé átt við þá, enda hefur stefndi ekki mótmælt því.

1. Orðið herseta, sem kemur fyrir í setningunni, hafa þeir, er andvígir eru dvöl bandaríska herliðsins hér, notað í málflutningi sínum. Rétt skýrt mun orðið merkja dvöl hers á landi að óvilja þeirra, sem landið byggja. Hins vegar hefur það verið svo almennt notað, að merkingin vill brenglast í notkun, og einnig, sé það notað af andstæðingi herdvalarinnar, getur það lýst skoðun hans á dvöl herliðsins. Þegar þetta er haft í huga og þau sjónarmið, sem að framan eru talin í almenna kaflanum, þykir umræðum um dvöl herliðsins ekki verða settar það þröngar skorður, að ummæli samkv. þessum lið verði látin varða við hegningarlög.

2. Ummælum samkv. þessum lið er skipt í 2 a og 2 b samkv.

ábendingum lögmanna í málflutningi, enda er hér um að ræða aðskilin ummæli.

2 a. Ummæli þessi ein sér þykja ekki varða við hegningarlagaákvæði, en rétt þykir að meta þau út af fyrir sig.

2 b. Hér er átt við, að margt bendi til, að kröfur um áframhaldandi hersetu séu undir niðri reistar á ákveðnum rökum o. s. frv. Ummæli þessi, eins og þau eru fram sett, eru svo almennt orðuð, að ekki verður talið, að þau þannig löguð fari út fyrir þau mörk, sem rétt þykir að setja þessari umræðu. Þau þykja þannig ekki verða heimfærð undir hegningarlagaákvæði.

3. Hér er að vísu harkalega til orða tekið, en ummælin lýsa skoðun, sem telja verður stefnda frjálsan af að tjá, eins og hér háttar til.

4. Ummæli samkvæmt þessum lið þykja allt of stóryrt og vera óviðurkvæmileg. Ber því, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, að ómerkja þau. Hins vegar þykir með tilvísun til þeirra raka, sem upp eru talin í almenna kaflanum hér að framan, ekki vera efni til að refsa fyrir þessi ummæli.

5. Ummælin, eins og þau eru fram sett, þykja óviðurkvæmileg, og ber samkv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja þau. Hins vegar þykir ekki verða refsað fyrir þessi ummæli frekar en þau næstu á undan.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands" og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 20.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Í bókun, framlagðri 24. okt. 1974, gerðu stefnendur stefnda það sáttaboð, að þeir féllu frá kröfum sínum, málskostnaður félli niður, en stefndi lýsti því yfir, að með því að gera sáttina teldi hann umstefnd ummæli ómakleg.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 25.000 í málskostnað, er þá tekið tillit til þess, að stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinna í einu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Guðsteins Þengilssonar, sem birtust í 23. tbl. Þjóðviljans 1974 og talin eru í stefnu undir liðum 4 og 5, skulu dauð og ómerk.

Stefnda, Guðsteini Þengilssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Stefndi, Guðsteinn Þengilsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1977.

Nr. 180/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Kristni Marinó Gunnarssyni og
Ólafi Finni Böðvarssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Þjófnaður. Hilming. Fjárdráttur. Almenn hegningarlög, 57. gr. a. Skilorð. Skaðabætur. Kyrrsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kvað upp Guðmundur L. Jóhannesson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Ákærðu eru sekir um brot þau, sem þeir eru sakfelldir fyrir í héraðsdómi, og ákærði Kristinn Marinó er réttilega sýknaður af ákæruatriðum þeim, er greinir í B, II, 6 b í dóminum. Eru brotin talin varða við viðeigandi refsiákvæði, en heimilt er að færa háttsemi ákærða Kristins Marinós, þá er getur í B, II, 6 a og 7 í héraðsdómi, til 254. gr. almennra hegningarlaga, þótt það refsimæli sé eigi greint í ákæruskjali, sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Þjófnaðarbrot þau, sem ákærðu frömdu í sameiningu, þar á meðal þjófnaður á hrossum, svo og þjófnaður ákærða Kristins Marinós á hrossum, þar sem hann var einn að verki, varða við 2. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Refsingu ákærða Kristins Marinós ber að ákveða með vísan til 77. gr. almennra hegningarlaga og með sérstakri hliðsjón af sakarferli hans og því, að telja verður hann forgöngumann að brotum þeim, er þeir ákærði Ólafur Finnur frömdu í sameiningu. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 24 mánuðir.

Ákærði Ólafur Finnur var 19 ára, er hann hóf brotastarfsemi þá, sem hann er sakfelldur fyrir í máli þessu, en hann

var 20 ára, er henni lauk. Ákærði Ólafur Finnur hefur eigi sætt refsingu fyrr.

Rétt er að láta ákærða njóta þeirra refsikosta, sem 57. gr. a almennra hegningarlaga (9. gr. laga nr. 101/1976) lögfestir, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga, en þeir eru ákærða léttbærari en orðið hefðu eftir refsilögum þeim, sem í gildi voru, er hann framdi brot sín. Með vísan til þessa og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi óskilorðsbundið svo og 9 mánaða fangelsi skilorðsbundið. Skal fullnustu á síðargreinda refsihlutanum frestað, og fellur sú refsing niður að liðnum 3 árum frá uppsögn dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um skyldu ákærðu til greiðslu skaðabóta, en héraðsdómari vísaði nokkrum skaðabótakröfum frá dómi að ófyrirsynju.

Ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærðu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Kyrrsetning sú, er greinir í héraðsdómi, var gerð í skjóli 144. gr. laga nr. 74/1974. Samkv. 3. tl. 1. málsgr. þeirrar greinar þarf ekki að höfða mál „til réttlætingar kyrrsetningu", er svo stendur á. Ber þegar af þeirri ástæðu að fella úr gildi ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar þessarar.

Dæma ber ákærðu óskipt til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Kristinn Marinó Gunnarsson, sæti fangelsi 24 mánuði.

Ákærði, Ólafur Finnur Böðvarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Þá sæti hann enn fremur fangelsi í 9 mánuði, en fullnustu þeirrar refsingar skal fresta, og fellur hún niður að liðnum 3 árum frá uppsögn dóms þessa, verði

almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955 haldið.

Ákvæði héraðsdóms um gæsluvarðhaldsvist ákærðu, greiðslu skaðabóta og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningargerðar er úr gildi fellt.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kjósarsýslu 23. desember 1975.

Árið 1975, þriðjudaginn 23. desember, var á dómþingi sakadóms Kjósarsýslu, sem háð var í skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 697-698/1975: Ákæruvaldið gegn Kristni Marinó Gunnarssyni og Ólafi Finni Böðvarssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 17. nóvember sl., er af ákæruvaldsins hálfu höfðað gegn Kristni Marinó Gunnarssyni bifreiðarstjóra, Írabakka 12, Reykjavík, og Ólafi Finni Böðvarssyni bifreiðarstjóra, Saurbæ, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu, fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot, framin af ákærðu í félagi á árinu 1974, nema annars sé getið:

1. Hinn 10. október 1974 farið að sumarbústað í Miðfellslandi í Þingvallasveit, sem Sigurður Bergsson, Írabakka 10, Reykjavík, á þar í byggingu, og stolið þar 15 plötum af vatnsheldum krossviði að verðmæti um kr. 39.000.
2. Um svipað leyti og áður greinir stolið úr sendiferðabifreið, sem stóð á bílastæði Vélverks h/f við Bildshöfða í Reykjavík, einum kassa, sem innihélt sex krukkur af „Nescafé“, og enn fremur úr vinnuvél, sem stóð þar nærri, startara, enn fremur úr skófluvagni, sem stóð á athafnasvæði Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi, tveimur rafgeymum, startara og gírkassa úr Moschwitch bifreið, sem stóð við Hvassahraun í Hafnarfirði,

startara úr dráttarvél, sem stóð við Vífilsstaði, olíudælu úr Bedford bifreið, sem stóð hjá húsi Sjófangs h/f á Grandagarði í Reykjavík, rafgeymi úr Massey-Ferguson dráttarvél, sem stóð við Smiðjuveg í Kópavogi, og varadekki úr sendiferðabifreið, sem stóð þar nærri, startara úr Deutch vinnuvél og startköplum og hátalara úr grjótflutningabifreið, sem báðar stóðu á athafnasvæði Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi, olíudælu úr vélskóflu, sem stóð við verkstæði Jóns V. Jónssonar í Hafnarfirði, startara úr Bedford vörubifreið, sem stóð á athafnasvæði B. M. Vallá á Ártúnshöfða, 108 lítrum af hráolíu af tanki við Steypustöðina h/f á Kjalarnesi og enn fremur skrúfstykki úr vinnuskúr þar í nánd, um 60 lítrum af hráolíu af tanki á athafnasvæði Sverris Runólfssonar á Kjalarnesi og frá Gunnari Guðmundssyni, föður Kristins Marinós, hjólbarða undan Mercedes Benz vörubifreið, einum hnakki og tveimur fólksbifreiðadekkjum.

3. Ákærða Kristni Marinó er einum gefið að sök að hafa síðla sumars 1974 stolið þremur hnökkum úr hesthúsi, sem stendur ofan við Fífuhvammsveg í Kópavogi.

4. Ákærða Kristni Marinó er einum gefið að sök að hafa um mánaðamótin nóvember og desember 1973, þá er hann var á leið úr Borgarfirði til Reykjavíkur á bifreið sinni, R 17290, sem er sendiferðabifreið, stöðvað rétt ofan við Útskálahamar við Kiðafell í Kjós, stolið þar tveimur hestum, öðrum 8 vetra og hinum 3 vetra, og flutt þá með sér til Reykjavíkur, þar sem hann slátraði hestunum og seldi síðan kjötið af þeim. Eigandi hestanna var Hjalti Sigurbjörnsson bóndi, Kiðafelli í Kjós.

5. Ákærða Kristni Marinó er gefið að sök að hafa einhvern tíma vorið 1974 tekið að sér að flytja tvo hesta fyrir Stefán Jónsson bónda, Þjóðólfshaga, Rangárvallasýslu, að Ingólfshvoli í Grímsnesi, en þess í stað flutt hestana til Reykjavíkur og selt þá síðan, annan til Hreiðars Júlíussonar, Bræðraborg, Garði, á kr. 40.000 og hinn til Jóns Konráðssonar bónda, Skeggjastöðum, Húnavatnssýslu, fyrir kr. 35.000, og hagnýtt sér andvirði þeirra.

6. Báðum ákærðu er svo gefið að sök að hafa um mánaðamótin október og nóvember 1974 sammælst um að stela hestum, sem gengu á heiðinni fyrir ofan Geitháls, þangað sem þeir lögðu svo leið sína á bifreið Ólafs Finns, G 8691, og handsamað þar tvö trippi, sem þeir fluttu svo í hesthús í Hafnar-

firði, þar sem þeir slátruðu trippunum og seldu síðan kjötið af þeim. Trippi þessi átti Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík.

7. Báðum ákærðu er svo gefið að sök að hafa mánudagskvöldið 6. nóvember 1974 stolið tveimur hestum, sem voru í hagagöngu á Vatnsendahæð, steingrárri hryssu, veturgamalli, og jarpstjörnóttum hesti, tveggja vetra, báðum úr eigu Péturs Sveinssonar, Snælandi, Kópavogi, sem þeir létu á bifreið Kristins Marinós og óku svo með áleiðis norður í land, en stöðvuðu við Hvítanes í Kjós, þar sem ákærðu stálu úr girðingu leirljósum hesti, þriggja vetra, úr eigu Ólafs Ingimundarsonar, Fögrubrekku 4, Kópavogi. Ákærðu héldu svo sem leið liggur til Hvammstanga, þar sem þeir seldu alla hestana til slátrunar á samtals kr. 45.000.

Atferli ákærðu, sem að framan er rakið, telst varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi ákærða Kristins Marinós, sem lýst er í 5. lið hér að framan, telst til vara varða við 1. mgr. 247. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru sakhæfir.

Ákærði Kristinn Marinó er fæddur 23. ágúst 1934 á Akureyri og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1949 29/12 Reykjavík: Áminning fyrir akstur án réttinda.
1950 30/11 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum.
1951 9/3 Reykjavík: Sátt, 200 kr. fyrir brot á 1. mgr. 20. gr. lögreglusamþykktar.
1951 8/5 Reykjavík: Uppvís að broti á 244. gr. hegningarlaga. Fallið frá saksókn, skilorðsbundið til 18 ára aldurs. Háður eftirliti barnaverndarnefndar til 18 ára aldurs.
1952 14/3 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi og sviptur ökuleyfi í 2 ár, fyrir brot á 244. og 254. gr. hegningarlaga.
1955 22/2 Reykjavík: Dómur: Fangelsi 3 mánuði, sviptur kosningarétti og kjörgengi, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir brot á 244., 248. og 259 gr. hegningarlaga, áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum.
1956 9/11 Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi, sviptur kosninga-

rétti og kjörgengi og ævilangt rétti til ökuleyfis, fyrir brot á 244., 248. og 259. gr. hegningarlaga, áfengislögum og bifreiðalögum.

1959 23/1 Reykjavík: Dómur: Varðhald 20 daga, sviptur ökuleyfisheimild ævilangt, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

1960 15/1 Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á lögum um iðju og iðnað.

1961 14/3 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1962 21/9 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir iðnlagabrot.

1964 29/4 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1965 10/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

1965 10/2 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir umferðarslys.

1966 9/3 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.

1968 20/3 Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 3/2 1968. Staðfest í Hæstarétti þann 13/1 1969.

1971 15/7 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1974 2/9 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson er fæddur 27. september 1954 að Saurbæ, Kjalarnesi, og hefur hvorki sætt refsingum né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

A. Ákærði Kristinn Marinó einn.

I. Taka á tveimur hestum við Kiðafell í Kjós.

Veturinn 1973—1974 var Hjalti Sigurbjörnsson, bóndi að Kiðafelli í Kjós, með hesta sína og annarra í girðingu við Útskálahamra þar hjá.

Einhvern tíma um veturinn, að því er hann taldi líklegast í byrjun febrúar, hurfu tvö hross úr girðingunni. Annar hesturinn var brúnstjörnóttur, 8 vetra, ómarkaður og ójárnaður og með ör á hægra augnloki. Hinn var brún hryssa, 3 vetra, ómörkuð og ójárnuð, ótamin og líklega fylfull. Hafði hlið á girðingunni opnast og hrossin komist þar út. Bóndinn leitaði mikið að hrossunum, en án árangurs.

Þennan sama vetur var ákærði á ferð á sendiferðabifreið sinni, R 17290, og var að koma úr Borgarfirði á tómri bifreiðinni og ætlaði til Reykjavíkur. Hann taldi þetta hafa verið um mánaðamótin nóv.-des. 1973. Rétt ofan við Útskálahamar við Kiðafell í Kjós sprakk hjólbarði undir bifreið hans. Er hann hafði skipt um hjólbarða, kom honum í hug að taka tvo hesta, sem stóðu við vegjaðarinn þarna rétt hjá. Kvað hann annan hestinn hafa verið brúnstjörnóttan, 7—8 vetra, en hinn hafa verið dökka 3—4 vetra meri. Bæði hrossin hafi verið ójárnuð og gæf. Brá hann dráttartaug bifreiðarinnar um háls hrossanna og teymdi þau svo upp í bifreiðina. Fór hann með hestana í hesthús, sem hann hafði með Jónasi Vigfússyni, Hvammsgerði 12, Reykjavík, í Víðidal í Reykjavík. Geymdi hann hestana þarna um nóttina, en daginn eftir fékk hann Lýð Kristin Jónsson, Heiðahvammi við Suðurlandsveg, til að aðstoða sig við að slátra hrossunum. Var í fyrstu ætlunin að slátra þeim í hesthúsinu, en þar eð Lýði líkuðu ekki aðstæður þar, var farið að trönustæði skammt frá heimili hans, og skaut hann hrossin með riffli, sem hann hafði fengið léðan hjá Þorvaldi Stefánssyni, Þórufelli 20, Reykjavík, sem var og ásamt syni ákærða viðstaddur slátrunina. Ekki er upplýst, að þeim hafi verið kunnugt, hvernig ákærði var að hestunum kominn, og kvað Lýður ákærða hafa sagt, að hann hefði fengið þá hjá manni uppi í Kjós. Lýð og Þorvaldi bar saman, að þetta hefði skeð árið 1973. Eftir slátrunina var húðin flegin af hrossunum og kjötið brytjað niður, en innyflum og hausum ekið og hent á öskuhaugana í Hafnarfirði. Ákærði seldi húðirnar, en Lýður aðstoðaði hann við að selja kjötið. Ók ákærði með það til ýmissa kunningja Lýðs, sem keyptu það. Ber þeim saman um, að þeir hafi fengið um kr. 40.000 fyrir kjötið, og fékk Lýður af því kr. 7-8.000 fyrir slátrunina og söluna á kjötinu.

Brúnu hryssuna átti Hjalti Sigurbjörnsson, en brúnstjörnótta hestinn átti Garðar Ólafsson, Barðaströnd 18, Seltjarnarnesi.

II. Flutningur tveggja hrossa frá Þjóðólfshaga í Rangárvallasýslu og óleyfileg sala þeirra.

Fyrir tilstilli Lýðs Jónssonar, sem nefndur er hér að framan, hittir ákærði Stefán Jónsson, bónda að Þjóðólfshaga, Rangárvallasýslu, og talast þeir nokkrum sinnum við veturinn 1973—1974, er Stefán var á ferð í Reykjavík. Falaði ákærði hest hjá Stefáni, og talaðist svo til milli þeirra, að ákærði kæmi austur að Þjóðólfshaga til að ganga frá kaupunum. Um vorið kom svo

ákærði að Þjóðólfshaga á sendiferðabifreið sinni, og var þá gengið frá kaupum á 4 vetra fola, sem Stefán átti og afhenti ákærða, en hann samþykkti víxil fyrir kaupverðinu. Hjá Stefáni voru þá tveir hestar í hagagöngu, sem Kjartan Hannesson, Ingólfshvoli í Ölfusi, átti. Nokkru áður hafði Kjartan haft samband við Stefán og tjáð honum, að hann þyrfti að fara að fá hestana til tamningar. Þar eð ákærði var á leið til Reykjavíkur og fór fram hjá Ingólfshvoli, taldi Stefán upplagt að senda hestana með bifreið ákærða, og kvað hann ákærða hafa boðist til að taka þá og hafi komið fram hjá ákærða, að hann þekkti Kjartan vel. Kvaðst Stefán hafa lagt fyrir ákærða að fara heim í hlað á Ingólfshvoli og afhenda Kjartani þá þar sjálfum og hafi ákærði lofað því. Ákærði tók hestana í bifreið sína og ók með þá áleiðis að Ingólfshvoli, en í stað þess að fara með þá þangað, ók hann með þá til Reykjavíkur að hesthúsi, sem hann hafði í Víðidalnum. Síðar seldi hann báða hestana. Annan seldi hann Hreiðari Júlíussyni, Garði, Gerðahreppi, fyrir kr. 40.000, en hinn seldi hann Jóni Konráðssyni, Skeggjastöðum, Húnavatnssýslu, fyrir kr. 35.000, og gekk það, sem fyrir þá fékkst, til hans sjálfs. Hann kvaðst hafa sagt Stefáni síðar, að hann hefði látið hestana við veginn í Grímsnesinu, en Stefán kvað hann hafa sagt sér, að hann hefði ætlað að sleppa þeim inn í túngirðingu hjá Kjartani, en hann hefði ekki ráðið við hestana og þeir sloppið og hann ekki náð þeim aftur, en séð þá síðar á Hellisheiði. Stefán kvaðst svo ekki hafa hitt Kjartan fyrr en um haustið og ekki heyrt í honum og því reiknað með, að hann hefði fengið hestana.

III. Hnakkaþjófnaður.

Um verslunarmannahelgina 2.—6. ágúst 1974 var brotist inn í hesthús reiðskóla Gusts í Smárahvammslandi í Kópavogi og teknir þaðan úr reiðtygjageymslu 3 hnakkar, sem héngu inni á suðurvegg hússins. Þetta voru spaðahnakkar með gjörðum, ístöðum og reiða og tilheyrðu Gusti. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið þrjá hnakka úr hesthúsi ofan við Fífuhvammsveg í Kópavogi síðla sumars 1974. Þetta hafi verið að kvöldi til í myrkri. Hann hafði farið þangað í bifreið með Gísla Magnússyni, Yrsufelli 13, og Guðm. Jónssyni, Írabakka 10, Reykjavík.

Ákærði kvaðst hafa verið einn við að taka hnakkana. Hann kvað húsið hafa verið krækt aftur með nagla, en ekki vissi hann, hver átti það. Ákærði kom tveim hnakkanna til geymslu að

Kárastöðum í Húnavatnssýslu, en einn þeirra seldi hann fyrir kr. 12.000 Guðjóni Breiðfjörð Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík. Guðjón, sem er bifvélavirki, er starfsmaður á verkstæði Olíufélagsins Esso á Gelgjutanga. Hafði hann og ákærði áður unnið saman á bifreiðaverkstæði. Hafði ákærði komið til hans um mánaðamótin júní-júlí 1974 og vantaði þá gírhjól í bifreið sína, sem Guðjón gat útvegað honum. Kom þá fram í samtölum þeirra, að ákærði var mikið í hestaflutningum o. fl. í sambandi við hestamennsku, og tjáði Guðjón honum þá, að hann vantaði hnakk, og bað hann að láta sig vita, ef hann vissi af hnakki til sölu. Hann kom svo hálfum eða heilum mánuði síðar og bauð Guðjóni til kaups hnakk, sem hann kvað ónefndan mann eiga, og af kaupunum varð, svo sem rakið er hér að framan. Öllum hnökkunum var síðar skilað til reiðskóla Gusts, og kannaðist forstöðukona skólans við þá.

B. Ákærðu Kristinn Marinó og Ólafur Finnur.

I. Krossviðarþjófnaður.

Föstudaginn 11. okt. 1974 kom Sigurður Bergsson, Írabakka 10 í Reykjavík, að sumarbústað, sem hann átti í smíðum í landi Miðfells í Þingvallasveit. Hafði hann reist grindina að húsinu og viðað að sér 15 plötum af vatnsheldum krossviði, sem hann hafði geymt inni í grindinni og gengið vel frá þeim. Hann sá nú, að plöturnar voru horfnar, en hafði síðast komið þarna sunnudaginn áður, og voru plöturnar þá á sínum stað. Voru plöturnar af stærðinni 120 x 260 sm og 6.6 mm þykkar og höfðu kostað alls kr. 32.994, er þær voru keyptar, en kostuðu nú um kr. 39.000. Ákærði, sem býr í sama húsi og Sigurður, hafði nokkru áður flutt plöturnar fyrir hann að sumarbústaðarbyggingunni.

Að kvöldi fimmtudagsins 10. október 1974 hafði ákærði fengið meðákærða til að fara austur að sumarbústaðarbyggingunni til að stela krossviðarplötunum. Var ákveðið að fara í bifreið meðákærða, þar eð ákærði hafði farið með krossviðinn austur á bifreið sinni. Meðákærði ók sendiferðabifreið sinni, G 8691, að sumarbústaðarbyggingunni. Tóku þeir þarna í bifreiðina allar plöturnar, 15 að tölu, og ók meðákærði með þær heim til sín að Saurbæ, þar sem þeir geymdu þær fyrst í gömlum bíl, en síðar kom ákærði þangað og fékk 9 eða 10 plötur, sem hann seldi sendiferðabílstjóra í Kópavogi á kr. 1.200 plötuna, en meðákærði notaði hinar til að klæða innan með sendiferðabifreið sína.

II. Þjófnaður á ýmsum hlutum úr bifreiðum og vinnuvélum svo og á fleiri hlutum á eftirgreindum stöðum.

1. *Hvassahraun.*

Fimmtudaginn 18. júlí 1974 tilkynnti Kornelíus Jónsson, úrsmiður og bóndi í Hvassahrauni, að nýlega hefði verið farið inn í bragga hans þar og stolið þaðan gírkassa úr Moskwitch bifreið og startara úr dráttarvél. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa farið saman suður í Hvassahraun og þar inn í bragga. Spenntu þeir upp hurð hans til að komast inn. Tóku þeir startara úr dráttarvél, sem var þarna inni og gírkassa úr Moskwitch bifreið, sem var þar laus. Var ætlunin að nota startarann í bifreið ákærða, en hann passaði ekki, og var honum og gírkassanum komið fyrir til geymslu í skúr föður ákærða.

2. *Vífilsstaðir.*

Föstudaginn 6. september 1974 tilkynnti Yngvi Viktorsson, Vífilsstöðum, Garðahreppi, að aðfaranótt þriðjudagsins eða miðvikudagsins á undan hefði verið stolið startara úr dráttarvél Maach-Farmal, sem staðið hafi við gripahús staðarins. Enn fremur hefði verið tekið allt tilheyrandi startaranum. Taldi hann þetta allt að verðmæti kr. 25.000. Ákærðu hafa viðurkennt að hafa farið saman að Vífilsstöðum og tekið þar úr dráttarvél startara. Hafði meðákærði Ólafur skrúfað startarann úr, en ákærði staðið á verði á meðan. Startarann settu þeir í bifreið ákærða.

Á tímabilinu sept.-6. nóv. 1974 voru ákærðu saman í að fremja eftirtalda þjófnaði.

3. *Örfirisey — Hafnarfjörður.*

Að kvöldlagi fóru ákærðu saman út í Örfirisey á bifreið meðákærða. Þar við saltfiskverkunarhús Sjófangs h/f stóð Bedford vörubifreið. Úr bifreið þessari tóku ákærðu olíudælu, sem ákærði skrúfaði úr með lykli, sem meðákærði lánaði honum, en um leið fylgdist hann með í bifreið sinni, þ. e. stóð vörð um staðinn. Farið var svo með dæluna af staðnum í bifreið meðákærða, og var haldið til Hafnarfjarðar, þar sem þeir tóku olíudælu úr vélskóflu, sem stóð utan við verkstæði Jóns V. Jónssonar við Dalshraun í Hafnarfirði. Dælurnar átti að nota í bifreið ákærða, og var önnur sett í hana, en hann kvað þær hafa verið lélegar og hann síðar kastað þeim.

4. *Bíldshöfði.*

Kvöld eitt um svipað leyti komu ákærðu að bílastæði Vélverks h/f við Bíldshöfða og tóku þar úr sendiferðabifreið, sem var ólæst, einn kassa með sex krukkum „Nescafé", sem meðákærði fékk til ráðstöfunar, og kvaðst hann hafa gefið fjórar þeirra, en kastað tveimur. Þá tóku ákærðu úr vinnuvél, sem þarna var á stæðinu, startara, sem ákærði fékk til afnota og geymdi í bílskúr föður síns.

5. *Smiðjuvegur, Kópavogi.*

Eina nóttina komu þeir að nýbyggingu við Smiðjuveg í Kópavogi. Þar við götuna var Massey-Ferguson dráttarvél, og tóku þeir úr henni rafgeymi. Meðákærði losaði hann, en ákærði bar hann svo út í bifreið meðákærða, sem þeir voru á. Neðar við götuna var sendiferðabifreið, og tóku þeir úr henni varadekk. Rafgeymirinn var settur í bifreið ákærða og varadekkið, sem var á felgu, undir hana.

6. *Athafnasvæði Sverris Runólfssonar við*
við Tíðaskarð á Kjalarnesi.

a) Meðákærði fór eitt kvöldið í lok október kl. 2300—2400, er myrkt var, að skófluvagni af svonefndri „Scraper" gerð, sem geymdur var við vegarkafla, sem Sverrir Runólfsson var að leggja skammt frá heimili meðákærða. Mannlaust var á staðnum, er hann kom þangað, og tók hann þar úr skófluvagninum tvo Tudor rafgeyma, sem hann fór með heim. Hann kvað ákærða hafa verið búinn að biðja hann að útvega rafgeyma og hann merkt það svo, að hann ætti að stela þeim. Ákærði kvaðst ekki hafa lagt á ráðin um að taka geymana. Ákærði fékk geymana frá meðákærða og notaði annan í sendiferðabifreið, R 17290, en hinn í svonefndan Kjörbúðarvagn Kaupfélags Hafnfirðinga, sem hann átti, og hafði hann afnot af geymunum, þó að hann vissi, að þeir væru stolnir. Skófluvagninn var í eigu Vegagerðar ríkisins, og voru geymarnir taldir að verðmæti kr. 14.840.

b) Föstudagskvöldið 1. nóvember fór meðákærði aftur að greindu athafnasvæði og tók nú úr *Deutz* vinnuvél, sem Sverrir Runólfsson átti, startara, en svo fór hann í grjótflutningsbíla frá Þórisósi h/f þar skammt frá og tók úr þeim startkapal og hátalara, og fór hann með hluti þessa heim til sín og ætlaði síðar til eigin nota.

c) Ákærðu fóru um svipað leyti saman að þessu athafnasvæði

og tóku þá 60 lítra af olíu af svokölluðum olíukálfi, sem var þarna og í eigu Jarðýtunnar s/f. Dældu þeir olíunni á þrjá 20 lítra brúsa, sem þeir svo báru að bifreiðum sínum um 200 metra leið, og var yfir skurð að fara. Olíuna notuðu þeir á bifreiðarnar.

7. *Athafnasvæði B. M. Vallá, Ártúnshöfða 108.*

Í byrjun nóvember fór meðákærði að athafnasvæði B. M. Vallá og tók þar úr Bedford vörubifreið startara, sem hann hafði með sér af staðnum og fékk ákærða til afnota. Ákærðu fóru og saman nokkru síðar og tóku fleiri hluti úr bílnum. Ákærða var því ljóst, að startarinn var þjófstolinn.

8. *Athafnasvæði Steypustöðvarinnar h/f, Kjalarnesi.*

Í byrjun nóvember fóru ákærðu saman á bifreið meðákærða upp í gryfjur Steypustöðvarinnar h/f nokkru ofan við Verslunina Esju á Kjalarnesi í því skyni að stela þar því, sem þar væri nýtilegt. Úr olíutank, sem þar var, tóku þeir 108 lítra af olíu, sem þeir settu á bifreið meðákærða, og tvo brúsa. Þeir brutust svo inn í kaffiskúr þarna og losuðu þar af borði skrúfstykki, sem þeir höfðu með sér af staðnum.

9. *Föðurhús ákærða.*

Tvívegis þetta haust tóku ákærðu ófrjálsri hendi fjármuni frá föður ákærða, Gunnari Guðmundssyni, Sjávarhólum, Kjalarnesi. Í fyrra skiptið tóku þeir tvo hjólbarða undan Mercedes-Benz vörubifreið, sem hann átti. Hjólbarðana kváðu þeir hafa verið lélega eða ónýta, og þeir fleygt þeim, en felgurnar voru heilar, og hentu þeir þeim. Í síðara skiptið, nokkru síðar, fóru þeir inn í bílskúr Gunnars við Álfhólsveg í Kópavogi og tóku þaðan hnakk, sem hékk á hurð í skúrnum, og tvo hjólbarða, sem voru þar fyrir neðan. Hnakkinn seldu þeir fyrrgreindum Guðjóni Jónssyni fyrir kr. 3.000, og hjólbarðana seldu þeir á Hjólbarðaverkstæðið Múla við Suðurlandsbraut og fengu kr. 1.000 fyrir hvorn og skiptu andvirðinu á milli sín.

III. *Taka tveggja hesta ofan við Geithála.*

Fimmtudaginn 30. október 1974 voru ákærðu saman og mun ákærði hafa borið fram þá uppástungu, að þeir tækju hesta til slátrunar og sölu, sem væru víða á heiðinni ofan við Geithála. Meðákærði var í fyrstu hræddur við þetta, en féllst á þetta, og komu þeir sér saman um að fara á bifreið meðákærða þangað

uppeftir í þessu skyni. Er þeir komu að reykhúsi, sem var við Geitháls, sáu þeir þrjá hesta þar utan girðingar, einn fullorðinn og tvö trippi. Ákærðu kváðu trippin hafa verið dökkjörp eða rauðjörp. Ákærði reyndi að ná hestunum. Kom þá þar að 12—13 ára piltur, og sagði ákærði honum, að hann ætti trippin, og aðstoðaði hann þá við að ná þeim. Náðu þeir öðru, meðan meðákærði var að gera bifreið sína tilbúna, en meðákærði hjálpaði og við að ná hinu, og þeir settu þau bæði í bifreið hans. Þeir ætluðu og að ná þriðja hestinum, sem var stór bleikur hestur, en það tókst ekki. Þeir fóru með hestana í hesthús, sem ákærði hafði með Jónasi Vigfússyni ofan við kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Meðákærði ók svo heim til sín og stal þar kindabyssu, sem faðir hans átti, og hélt svo með ákærða aftur að fyrrgreindu hesthúsi. Hann skaut svo báða hestana, og hjálpuðust ákærðu svo við að flá þá og hluta kjötið í sundur. Kjötið seldu þeir svo ýmsum aðiljum og fengu samtals kr. 40.000 fyrir og komu kr. 9.000 í hlut meðákærða, en hitt gekk til ákærða, sem eyddi því í áfengi og ýmislegt í sambandi við drykkjuskap. Húðunum, hausunum og innvolsinu hentu þeir út í fjöru á Seltjarnarnesi. Hesta þessa, sem voru veturgömul trippi, annað rautt, en hitt jarpt, og mörkuð, átti Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík, og hafði hann geymt þau við Lækjarbotna í Kópavogi.

IV. *Taka tveggja hesta á Vatnsendahæð og eins hests við Hvítanes í Kjós.*

Eftirmiðdag fimmtudagsins 7. nóvember 1974 komu ákærðu á bifreiðinni R 17290 til Hvammstanga. Héldu þeir að sláturhúsi Sigurðar Pálmasonar og buðu þar Karli Sigurgeirssyni, framkvæmdastjóra verslunar Sigurðar Pálmasonar, til kaups þrjá hesta, sem þeir voru með og kváðu vera 4—6 vetra. Þeir sögðust hafa verið að koma norðan úr landi og ætla aftur norður. Í ljós kom svo, að þeir fóru suður, og er hestarnir voru skoðaðir af vönum mönnum, reyndust þeir vera 3ja vetra. Atferli þeirra þótti allgrunsamlegt. Voru þeir kallaðir fyrir rannsóknarlögreglu og látnir gera grein fyrir, hvar þeir hefðu fengið hestana. Sagðist meðákærði hafa átt hestana, keypt þá á hestamannamóti að Vindheimamelum í Skagafirði og geymt þá þar í girðingu nokkuð frá Vindheimamelum. Þar kváðust þeir svo hafa tekið þá, 4—5 mínútna akstur frá Varmahlíð, til hægri á norðurleið (sic), og ákærði svo ekið þeim á bifreið sinni að Hvammstanga. Við frekari könnun kom í ljós, að bændur á næstu bæjum við girðingu

þá, sem hrossin áttu að vera í, töldu það fjarri sanni, að það hafi verið tekin hross að kvöldi miðvikudags eða aðfaranótt fimmtudags 7. nóvember af þeim stað.

Um svipað leyti, eða helgina á eftir, var Þórður Guðnason, bóndi að Hvítanesi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu, staddur með tveim öðrum mönnum norður í landi og hafði farið m. a. út í Hindisvík, þar sem hann festi kaup á 6 folöldum. Hann hafði frétt um, að komið hefði verið með þrjú hross til sláturhúss S. P. á Hvammstanga og væru þau þar í geymslu. Þórður hafði fyrir rúmu ári selt Ólafi Ingimundarsyni, starfsmanni Sláturfélags Suðurlands, leirljósan hest, og hafði Ólafur hringt í hann daginn áður og verið að spyrja hann um, hvort leirljósi hesturinn hefði verið markaður. Hefði Ólafur tjáð honum, að hesturinn hefði horfið úr girðingu að Hvítanesi í Kjósarsýslu aðfaranótt fimmtudagsins og komið hefði í ljós, að þrjú göt hefðu verið á girðingunni sitt hvorum megin við hliðið niður við sjó. Fékk Þórður svo að líta á hestana, sem þá, sunnudaginn 11. nóvember, voru úti í haga að Skarfhóli. Þórður þekkti þegar meðal hestanna leirljósa hestinn, sem hann hafði selt Ólafi.

Ákærðu voru teknir fyrir aftur af rannsóknarlögreglunni í Kjósarsýslu og viðurkenndu eftir talsverð undanbrögð að hafa tekið hestana ófrjálsri hendi.

Hafði það atvikast svo, að þetta haust hafði fyrrnefndur Jónas Vigfússon, sem hafði hesthús með ákærða, beðið hann að fara fyrir sig norður að Höskuldsstöðum í Eyjafirði og Selsnesi á Skaga að sækja þrjú hross. Bifreið ákærða var um þetta leyti biluð, og átti hann í nokkrum erfiðleikum með að koma henni í lag.

Miðvikudaginn 6. nóvember hafði hann komið bifreiðinni í lag, og var þá ákveðið að fara norður. Þennan dag hittust ákærðu og ræddu norðurferðina og komu sér þá saman um að taka svo marga hesta sem þeir kæmu í bifreiðina og hafa með sér norður í land og selja þar. Vissu þeir, að á Vatnsendahæð var töluvert hestastóð, og fóru þeir fyrir kvöldmat þennan dag og athuguðu aðstæður og sáu þar hesta bæði utan og innan girðingar. Seinna um kvöldið fóru þeir svo aftur að sama stað, og tókst meðákærða þar að handsama tvo hesta, steingráan hest og annan jarpstjörnóttan. Beislaði meðákærði þá, en þeir lögðu svo girðinguna niður og hjálpuðust við að setja þá inn í bifreiðina. Þeir reyndu að ná þarna fleiri hestum, en náðu ekki. Eftir það ók ákærði bifreiðinni áleiðis norður. Í girðingu í Hvítanesi í Kjós sáu

þeir marga hesta, og stöðvaði ákærði þar bifreiðina, og ákváðu þeir að taka þar fleiri hesta. Klipptu þeir fyrst girðingu, og eftir það fór meðákærði að reyna að ná hestum og náði að handsama og koma beisli á leirljósan fola. Klipptu þeir sundur girðinguna á tveim stöðum öðrum til að koma folanum út og setja í bifreiðina. Þeir reyndu að ná fleiri hrossum, en styggð var komin á þau, og tókst þeim það ekki. Þeir héldu svo áfram og reyndu tvívegis aftur á leiðinni að ná hrossum, í annað skiptið skammt frá Hafnarfjalli, en í hitt nærri Svignaskarði, en tókst ekki. Ekið var svo áfram án teljandi viðstöðu að Hvammstanga, þar sem þeir seldu hrossin í sláturhúsið þar fyrir kr. 45.000, sem þeir skiptu á milli sín.

Hestana, sem ákærðu tóku úr stóðinu á Vatnsendahæð, veturgamla steingráa meri og jarpstjörnóttan, 2 vetra gamlan hest, áttu Pétur Hjaltested, Vatnsenda, og Pétur Sveinsson, Snælandi, Kópavogi, en leirljósa graðhestinn, sem þeir tóku úr girðingu að Hvítanesi í Kjós, átti Ólafur Ingimundarson, og var hann 3ja vetra.

C. Niðurstöður.

Ljóst er, að ákærðu hafa framið verknaði þá, sem lýst er hér að framan. Ákærði Kristinn er einn að verki í tilvikum þeim, sem greinir í A. Ákærðu eru ákærðir saman fyrir alla aðra verknaði og þeir greindir í lið B. Ósannað verður þó að telja, að ákærði Kristinn hafi átt þátt í þjófnaði á startara úr Deutz vél og á startkapli og hátalara úr grjótflutningabifreið á athafnasvæði Sverris Runólfssonar í Kjós 1. nóv. 1974, og ber að sýkna ákærða af þessum ákærulið. Þá verður og talið ósannað, að ákærði Kristinn hafi átt þátt í að taka muni þá, sem greinir í B II, 6 a og 7. Hins vegar verður að telja, að með hagnýtingu sinni á þessum stolnu hlutum hafi hann gerst sekur um eftirfarandi hlutdeild.

Með verknuðum þeim, sem greinir í A lið I og III, hefur ákærði gerst sekur um brot á 244. gr. alm. hegningarlaga, en við 1. mgr. 247. gr. sömu laga með atferli því, sem lýst er í A II. Meðákærði hefur gerst brotlegur við 244. gr. sömu laga með verknaði í B II 6 b, 2 og 7, en ákærði við 254. gr. sömu laga með verknuðum, sem lýst er í B II 6 a og B II 7.

Með öðrum verknuðum, sem lýst er hér að framan og ákærðu voru saman í, hafa þeir gerst brotlegir við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega metin þannig:

Ákærði Kristinn Marinó Gunnarsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson sæti fangelsi í 19 mánuði.

Rétt þykir, að gæsluvarðhaldsvist ákærðu frá 12. nóvember til 12. des. 1974 komi með fullri dagatölu til frádráttar refsingunni.

Skaðabótakröfur.

Eftirtaldar kröfur til bóta hafa verið gerðar í málinu:

1. Hjalti Sigurbjörnsson, Kiðafelli í Kjós, vegna töku á brúnni þriggja vetra kynbótahryssu ..... kr. 90.000
2. Garðar Ólafsson, Barðaströnd 18, Seltjarnarnesi, vegna töku á átta vetra brúnstjörnóttum reiðhesti — 85.000
3. Guðjón Jónsson, Laugalæk 34, Reykjavík, vegna 2ja hnakka, sem hann keypti af ákærðu, en varð að skila — a) andvirði kr. 15.000 b) viðgerð kr. 3.000 — 18.000
4. Vífilsstaðabúið, Garðahreppi,
   A. 1 stk. startari skv. meðfylgjandi nótu kr. 32.885
   B. Bætur vegna afnotamissis landbúnaðartækis í tvo mánuði miðað við kr. 1.000 á dag ..... — 50.000 — 82.885

   auk 13% vaxta frá 4. sept. 1974 til greiðsludags.
5. Vegagerð ríkisins,
   2 rafgeymar, hálfvirði nýrra .... kr. 14.840
   Vinna við ísetningu o. fl. .... — 5.003
   Akstur ..... — 2.294 — 22.137
6. Kristfinnur Jónsson, Yrsufelli 8, Reykjavík vegna 2ja trippa ..... — 70.000
7. Sigurður Pálmason h/f, Hvammstanga,
   1. Andvirði 3ja hesta ..... kr. 45.000
   2. Kostn. vegna umhirðu, gæslu og hagagöngu, auk þeirra 13% ársvaxta frá 6/11 1974 ..... — 20.000 — 65.000
8. Gísli Andrésson, Hálsi, Kjósarsýslu, vegna viðgerðar á girðingu að Hvítanesi, Kjósarhreppi ..... — 5.000

Ákærðu hafa fallist á kröfur í lið 3 a, 4 A, 5, 7, 1 og 8, og þykir mega taka þær til greina með framkomnum vaxtakröfum, þó frá 6. nóvember 1974 að því er varðar kröfu í lið 7.

Hluta af kröfu í 3 a ber að dæma ákærða Kristin til að greiða einan, þ. e. kr. 12.000, en kr. 3.000 greiði ákærðu saman.

Sigurður Pálmason h/f hefur fallið frá kröfulið 7, 2.

Aðrar kröfur og kröfuliðir eru of óljósir og ekki studdir nægum gögnum, og mun valda verulegum töfum og óhagræði í málinu að fá þær frekar skýrðar, og ber því með vísun í 3. mgr. 146. gr. að vísa þeim frá dómi.

Löghald, sem gert var af sýslumanni Kjósarsýslu í bifreiðinni G 8691, þykir mega staðfesta.

Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda þeirra, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Eirikssonar, sem ákveðast kr. 45.000.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Kristinn Marinó Gunnarsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Ólafur Finnur Böðvarsson sæti fangelsi í 19 mánuði.

Til frádráttar refsingum þeirra komi með fullri dagatölu gæsluvarðhaldsvist þeirra frá 12. nóvember til 12. desember 1974.

Ákærði Kristinn Marinó greiði Guðjóni Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík, kr. 12.000.

Ákærðu greiði báðir óskipt saman Guðjóni Jónssyni, Laugalæk 34, Reykjavík, kr. 3.000, Vífilsstaðabúinu, Garðahreppi, kr. 32.885 auk 13% ársvaxta frá 4. september 1974 til greiðsludags, Vegagerð ríkisins kr. 22.137, Sigurði Pálmasyni h/f, Hvammstanga, kr. 45.000 auk 13% ársvaxta frá 6. nóv. 1974 og Gísla Andréssyni, Hálsi, Kjósarsýslu, kr. 5.000.

Löghald í bifreiðinni G 8691 staðfestist.

Ákærðu greiði óskipt saman allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Kristjáns Eiríkssonar, kr. 45.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. apríl 1977.

Nr. 149/1975. **Hreppsnefnd Hveragerðishrepps f. h. hreppsins**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Ögmundi Jónssyni
(Örn Clausen hrl.).

Ómerking. Frávísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Halldór Kristinsson, fulltrúi sýslumannsins í Árnessýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. október 1975, en hann fékk leyfi dómsmálaráðuneytis til áfrýjunar héraðsdóms hinn 22. september s. á. og til áfrýjunar fjárnámsgerðar hinn 15. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta var ekki lagt til sátta fyrir sáttamenn, en það var ekki undanþegið sáttatilraun sáttamanna. Við þingfestingu málsins var ekki heldur skráð í þingbók yfirlýsing aðilja um, að útilokað væri, að sátt kæmist á fyrir sáttamönnum. Ber því samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936 að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málsúrslitum ber að fella úr gildi fjárnám það, er stefndi lét gera í húseign áfrýjanda, Hverahlíð 24 í Hveragerði, til tryggingar kröfu sinni samkvæmt hinum áfrýjaða dómi.

Dæma ber stefnda til að greiða áfrýjanda samtals 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Stefndi, Ögmundur Jónsson, greiði áfrýjanda, hreppsnefnd Hveragerðishrepps f. h. hreppsins, 50.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 30. desember 1974.

Mál þetta, sem þingfest var 21. júní 1974 og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 6. desember 1974, er höfðað með stefnu, birtri 19. júní 1974, af Ögmundi Jónssyni, Vorsabæ, Hveragerðishreppi, gegn hreppsnefnd Hveragerðishrepps, Hveragerði, Árnessýslu.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 864.000 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá þeim tíma til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi setur kröfugerð sína upp með eftirfarandi hætti:

Niðurstaða yfirmatsmanna	kr. 760.000
Reikningur matsmanna	— 180.000
	kr. 940.000
Innborgun hreppsnefndar	— 220.000
	kr. 720.000
Meðalhækkun verðlags 1/3 '74 20%	— 144.000
Samtals	kr. 864.000

Stefndi krefst hins vegar sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér verði dæmdur málskostnaður að mati dómsins úr hendi stefnanda.

Málsatvik.

Stefnandi fékk með byggingarbréfi umboðsmanns ríkisjarða í Hveragerðishreppi, dagsettu 1. október 1963, æviábúðarrétt á jörðinni Vorsabæ í Hveragerðishreppi. Hinn 12. maí 1967 var Hveragerðishreppi afsöluð jörðin, þannig að þeir, sem áður höfðu fengið lóðir eða landspildur á leigu úr jörðinni, héldu rétti sínum.

Með bréfi, dagsettu 6. maí 1971, tilkynnti stefndi stefnanda samþykkt sína um að taka spildu úr landi jarðarinnar úr ábúð hans. Í tilefni þessa fór stefnandi í lögbannsmál 17. mars 1972. Lögbannið náði ekki fram að ganga. Milli málsaðilja varð hins vegar samkomulag um, að stefndi beiddist mats á tjóni stefnanda.

Áður en til þess kom, að stefnanda væri sagt upp ábúðarrétti á landspildu þessari, höfðu farið fram samningaumleitanir milli talsmanna stefnda, þeirra Ólafs Steinssonar, þáverandi oddvita, og Sigurðar Pálssonar sveitarstjóra, annars vegar og stefnanda hins vegar. Ekki varð úr samningum. Talsmenn stefnda höfðu að eigin sögn boðið milli eitt og tvö hundruð þúsund krónur í bætur auk þess sem til tals hefði komið, að stefnandi fengi heitt vatn frá hreppnum án endurgjalds.

Til að framkvæma áðurgreint mat voru dómkvaddir Sigurður Ármannsson endurskoðandi og Sigurður Baldursson hæstaréttarlögmaður. Matsgerð þeirra er dagsett 19. mars 1973 og er á þessa leið:

„Með dómkvaðningu sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 10. ágúst 1972, vorum við undirritaðir kvaddir til að meta til peningaverðs fjártjón Ögmundar Jónssonar, bónda, Vorsabæ í Ölfusi, vegna uppsagnar Hveragerðishrepps á ábúðarrétti Ögmundar, að því er varðar 27 ha lands úr landi jarðarinnar Vorsabæjar.

Matsmenn gengu á vettvang 12. ágúst 1972. Af hálfu matsbeiðanda var viðstaddur Sigurður Pálsson, sveitarstjóri Hveragerðishrepps, og með honum Allan Magnússon, cand. jur., vegna Benedikts Sveinssonar hrl.

Matsþoli Ögmundur Jónsson var sjálfur viðstaddur.

Með tryggingarbréfi, dags. 24. september 1963, hafa matsþoli og kona hans lífstíðarábúð á jörðinni með þeim takmörkunum, er í bréfinu greinir. Matsþoli var 65 ára að aldri og kona hans 50 ára, er dómkvaðning fór fram.

Land það, sem beiðst er mats á, er spilda að stærð 27 ha og liggur öll norðan hins nýja Suðurlandsvegar, en sunnan gamla vegarins. Spildan skerst í sundur af tengivegi Hveragerðis við

Suðurlandsveg. Spildan er afmörkuð á fram lögðum uppdrætti.

Samkvæmt bréfi Vals Þorvaldssonar, trúnaðarmanns Búnaðarsambands Suðurlands, dags. 25. janúar 1971, er jörðin Vorsabær 120 ha að stærð, þar af eru 68 ha eða 57% þurrlendi, en 52 ha eða 43% mýri. Spilda sú, sem taka á, er hluti af þurrlendi jarðarinnar, þ. e. um 40% þurrlendis, en 22.5% af landi allrar jarðarinnar.

Matsþoli kveðst eingöngu nota hið umdeilda land til beitar.

Matsþoli kveðst ekki eiga mannvirki þau, sem á landinu eru.

Matsmenn eru sammála um, að eigi verði hjá því komist að meta matsþola bætur vegna landtöku og skertrar aðstöðu til búrekstrar, og er þá m. a. litið á fasteignamat jarðarinnar og mannvirkja, sem tengd eru búrekstri.

Við rekstur málsins hefur Gústaf Tryggvason, cand. jur., v. Ragnars Jónssonar hrl. gætt réttar matsþola.

Matsorð:

Hæfilegar bætur fyrir landtöku og skerta aðstöðu til búrekstrar teljist hæfilega ákveðnar kr. 200.000.00.

Telja verður, að matsþoli hafi haft nokkurn kostnað vegna réttargæzlu í máli þessu, og telst hann hæfilega metinn kr. 20.000.00.

Samtals teljum við hæfilegar bætur til matsþola því vera samtals kr. 220.000.00, sem matsbeiðanda ber að greiða innan 4 vikna frá dagsetningu þessarar matsgerðar. Vextir reiknast 8% á ári frá sama tíma til greiðsludags.

Þóknun til matsmanna greiðist samkvæmt reikningi.

Framan ritaða matsgerð erum við reiðubúnir að staðfesta fyrir dómi, ef krafist verður."

Stefndi greiddi fjárhæð matsins til stefnanda.

Stefnandi vildi aftur á móti ekki una matinu og bað um yfirmat. Til að framkvæma það voru dómkvaddir Árni Jónsson landnámsstjóri, sem útnefndur var formaður yfirmatsnefndarinnar, Halldór Þorbjörnsson sakadómari og Haukur Hafstað framkvæmdastjóri. Yfirmatsgerðin er dagsett 1. febrúar 1974, og er hún á þessa leið að loknum upphafsorðum.

„Jörðin Vorsabær var eign ríkissjóðs. Samkvæmt byggingarbréfi, dags. 24. september 1963, er Ögmundi Jónssyni heimil ábúð á jörðinni ævilangt. Falli Ögmundur frá á undan konu sinni, nýtur hún einnig ábúðarréttar, þar til hún giftist að nýju, sbr. 10. lið byggingarskilmálanna.

Hinn 12. maí 1967 afsalaði ríkissjóður jörðinni til Hveragerðis-

hrepps með þeim fyrirvara, að „þeir, sem fengið hafa lóðir eða landspildur á leigu úr hinu selda landi, halda rétti sínum", þ. e. ábúðarréttur Ögmundar og konu hans hélzt óbreyttur.

Samkvæmt þjóðskrá er Ögmundur Jónsson fæddur 1. ágúst 1907, en kona hans, Júdith Jónsson, 28. nóv. 1922.

Hinn 27. apríl 1971 ákvað hreppsnefnd Hveragerðishrepps að taka hluta af Vorsabæjarlandi úr leiguábúð. Tilkynnti hreppsnefndin Ögmundi ákvörðun þessa með bréfi 6. maí 1971.

Svo sem lýst er í undirmatsgerð, er landspilda sú, sem um er að ræða, um 27 ha að stærð og liggur milli gamla og nýja Suðurlandsvegarins. Landið er ekki ræktað og hefur verið nýtt til beitar.

Leitt hefur verið í ljós, að Ögmundur hefur úr umræddri spildu leigt lóð undir benzínstöð og verzlun, og hefur hann árlega fengið í þóknun fyrir leiguafnot þessi 200 l af benzíni. Enn fremur hefur hann um langt skeið haft nokkrar leigutekjur fyrir fjárrétt og fjárhólf, sem eru á landinu. Leiga þessi hefur farið hækkandi með hliðsjón af þróun verðlags, án þess um hana hafi verið gerðir fastir eða formlegir samningar. Leigan nam 1972 samtals kr. 8.500.00. Í undirmatsgerð sést ekki, að litið hafi verið til þessara tekna Ögmundar af landspildu þeirri, sem hann missir nú ábúðarrétt á.

Svo sem áður greinir, hafa umboðsmenn beggja aðila lagt fram greinargerðir, bæði fyrir þessa matsnefnd og áður fyrir undirmatsmenn, og einnig hafa þeir lagt fram ýmis gögn og túlkað sjónarmið sín munnlega fyrir matsmönnum, síðast á fundi með þeim 29. f. m.

Umboðsmaður Ögmundar Jónssonar hefur greint frá því, að umrætt land hafi ávallt verið nýtt til beitar, og sé það hægt enn þrátt fyrir nýja Suðurlandsveginn. Enn fremur hefur verið bent á skerta aðstöðu til búrekstrar. Þá hefur af hálfu Ögmundar verið vakin athygli á, að þegar gerðardómur mat bætur fyrir land það, er fór undir Suðurlandsveginn, hafi bótafjárhæð numið 10 kr. pr. m^2. Enn er bent á, að Hveragerðishreppur hafi hinn 1. júlí 1970 leigt Sameinuðu efnasmiðjunni s.f. hluta af umræddu landi án vitundar Ögmundar og án þess að samið væri um bætur til hans, og segir í því sambandi í greinargerð lögmannsins: „Ég álít, að hreppurinn hafi þarna verið að svipta ábúanda Vorsabæjar miklum tekjumöguleikum, þar sem hreppurinn nýtur ekki þeirra tekna, sem hugsanlega fást út úr framleigu, hefði verið eins rétt að ábúandi nyti þeirra eins og þriðji aðili."

Þá hefur umboðsmaður Ögmundar lagt fram vottorð um, að leigusamningur um 1000 fermetra lóð í Hveragerði hafi á sl. ári verið seldur fyrir kr. 400.000.00.

Af hálfu Hveragerðishrepps hefur því verið haldið fram, að landið sé óræktað og með öllu verðlaust til búskapar með tilliti til þess, hvernig Suðurlandsvegurinn liggur nú. Bent er á, að ábúanda sé óheimilt skv. byggingarbréfi að leigja lóðir eða jarðarparta úr landi jarðarinnar nema með samþykki landeiganda og verðlag á eignarlandi sé ekki viðmiðunarhæft í þessu sambandi.

Ákvörðun hreppsnefndar Hveragerðishrepps um að taka spilduna undan ábúð hefur stoð í 2. gr. l. 23/1966 og 27. gr. skipulagslaga 19/1964. Hér er um að ræða eignarnám á óbeinum eignarréttindum, þ. e. lífstíðarábúðarrétti Ögmundar og konu hans á landinu. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir l. 61/1917, þar sem dómkvaðning matsmanna fór fram fyrir gildistöku l. 11/1973, sjá 19. gr. þeirra laga.

Matsmenn eru sammála um, að eftirtalin sjónarmið komi til álita við ákvörðun bóta:

a) Missir afnota á um 27 ha landspildu til landbúnaðar, og verður þá miðað við beitarafnot. Landið er þurrt, undirstaða hraun og yfirborð þess að mestu fyllt með jarðvegi. Það er mikið til vaxið samfelldum heilgrasagróðri og verður að teljast gott beitiland. Lega landsins er hentug. Auðvelt er að auka afrakstur þess með áburði. Spildan er að mestu leyti ræktanleg.

b) Röskun á búskaparaðstöðu, en matsbeiðandi missir afnot af verulegum hluta jarðarinnar. Samkvæmt skýrslu Vals Þorvaldssonar, trúnaðarmanns Búnaðarsambands Suðurlands, sem fram hefur verið lögð og eigi gerð athugasemd við, er landspilda sú, sem tekin er úr ábúð, 22.5% af öllu landi jarðarinnar, en um 40% af þurrlendi hennar. Land Vorsabæjar eftir þessa skerðingu er þá alls 93 ha og þar af þurrlendi 41 ha.

c) Missir leigutekna af fjárrétt og fjárhólfi svo og tekna af lóð undir benzínstöð, en þessar tekjur hlýtur hann að missa, þegar hann hefur ekki lengur ábúðarrétt á landinu. Miðað við verðlag í janúar 1974 nema þessar aukatekjur nú á ársgrundvelli kr. 16.250.00.

Við ákvörðun eignarnámsbóta er höfð hliðsjón af því, að matsbeiðandi hafi þurft að greiða opinber gjöld af tekjum þeim, er hann hefur haft af landinu. Hins vegar er gert ráð fyrir, að af bótafjárhæð þurfi hann eigi að greiða tekjuskatt né útsvar.

Þegar metin hafa verið þau atriði, sem nú hafa verið rakin, telja matsmenn hæfilegar bætur til matsbeiðanda nema kr. 700.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 til greiðsludags.

Þá ber Hveragerðishreppi að greiða allan kostnað af matinu, þar á meðal matskostnað til Judith og Ögmundar Jónssonar, samtals kr. 60.000.00 vegna beggja matsmálanna.

Matsorð:

Hveragerðishreppur greiði Ögmundi Jónssyni og Judith Jónsson kr. 700.000.00 ásamt 9% ársvöxtum frá 1. mars 1974 og samtals kr. 60.000.00 í málskostnað og enn fremur þóknun til matsmanna skv. reikningi."

Stefndi vill eigi fallast á að greiða stefnanda matsfjárhæð þessa. Hann telur sig þegar hafa bætt stefnanda allt tjón hans vegna uppsagnar á umræddri landspildu. Ber hann það fyrir sig, að yfirmat þetta sé að engu hafandi. Engin sundurliðun sé í yfirmatinu á einstökum reikningsliðum og enginn rökstuðningur fyrir niðurstöðunni. Þá telur stefndi, að yfirmatsnefndin hafi farið langt út fyrir verkefni sitt, sem hafi verið að meta fjártjón stefnanda. Þá hefur stefndi vikið að því, að stefnandi hafi eigi átt rétt til leigutekna af bensínstöð og beri því eigi bætur fyrir þann missi. Byggir stefndi það álit á byggingarbréfi, sbr. 26. gr. ábúðarlaga nr. 8/1951, og leigusamningi um lóð undir bensínstöðina.

Formaður yfirmatsnefndarinnar, Árni Jónsson landnámsstjóri, kom fyrir dóminn og gaf skýrslu um störf nefndarinnar. Hann kvaðst sjálfur vera kunnugur í Ölfusinu. Hann hafi m. a. um árabil verið oddviti Ölfushrepps og búið á Reykjum. Hann sé því kunnugur staðháttum. Formaðurinn kvað höfuðgrundvöll útreiknings yfirmatsupphæðarinnar vera byggðan á fóður- og beitargildi á hvern hektara, þ. e. hversu mikil kjötframleiðsla gæti verið af hverjum hektara landsins. Því til viðbótar væru leigutekjur þær, sem getið er í matsgerðinni. Þá kvað hann yfirmatsnefndina hafa kynnt sér skattskýrslu stefnanda í því skyni að afla sér upplýsinga um, hvort hann greiddi einhver opinber gjöld af búrekstri sínum með tilliti til tekna af hinni umræddu spildu. Hafi komið fram, að svo var. Yfirmatsnefndin hafi lagt þessar upplýsingar því til grundvallar, að jörðin væri eðlilega nytjuð, þ. e. hvorki of- né vannytjuð. Formaðurinn lýsti því yfir, að matið sé miðað við landbúnaðarlegt gildi spildunnar, en ekki beinlínis við tekjur stefnanda né bústofn hans, að öðru leyti en

því, að slíkar upplýsingar hafi legið fyrir til hliðsjónar, eins og áður segir.

Varðandi ummæli í yfirmatsgerðinni, „lega landsins er hentug", sagði formaður yfirmatsnefndarinnar, að landið væri nálægt bænum að Vorsabæ og sé vel girðanlegt og að ekki hafi verið neitt vandamál að nýta það þrátt fyrir umferðina. Þá upplýsti hann, að yfirmatsnefndinni hafi ekki þótt ástæða til að sundurliða tölulegan útreikning yfirmatsfjárhæðarinnar frekar en gert var. Höfuðuppistaðan sé í a lið. A og B liðir séu reiknaðir hvor fyrir sig.

Einnig hafa komið fyrir dóminn stefnandi, Ólafur Steinsson, fyrrverandi oddviti, og Sigurður Pálsson sveitarstjóri. Ekki þykir ástæða til að rekja framburði þeirra frekar en fram kemur að framan.

Niðurstaða.

a) Um niðurstöðu yfirmatsins, kr. 760.000.

Matsgerðir þær, sem hér eru til grundvallar, eru framkvæmdar samkvæmt lögum nr. 61/1917, sbr. 2. gr. laga nr. 23/1966. Samkvæmt ákvæðum laganna yrði endurgjald fyrir eignarnámið ákveðið eftir niðurstöðu yfirmatsnefndar, ef verk hennar reyndust fullnægjandi. Stefndi heldur því fram, að yfirmatsgerðin sé svo gölluð, að hún sé að engu hafandi. Telja verður, að eigi hafi verið sýnt fram á neina þá annmarka á yfirmatinu, að á því verði ekki byggt. Eigi verður annað séð en yfirmatsnefndin hafi haldið sig að öllu leyti við þær lagareglur, er henni bar, og að hún hafi reist mat sitt á réttum forsendum. Þessi liður í kröfugerð stefnanda verður því tekinn til greina. Frá fjárhæðinni dregst innborgun stefnda, kr. 220.000, þannig að eftir eru kr. 540.000.

b) Um reikning yfirmatsmanna, kr. 180.000.

Stefnandi hefur greitt þessa upphæð fyrir stefnda til yfirmatsmanna, sbr. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917. Þessi liður verður og tekinn til greina, þar eð það verður eigi talið til verka dómsins að breyta fjárhæðinni, sbr. 9. gr. laga nr. 61/1917.

c) Um 20% meðalhækkun verðlags 1. mars 1974, kr. 144.000.

Þessi kröfuliður er með öllu órökstuddur og á sér eigi lagastoð. Verður hann því eigi tekinn til greina.

d) Um vaxtakröfu.

Í yfirmatsgerðinni eru vextir ákveðnir 9%. Eigi þykja efni til

að breyta þeirri ákvörðun. Hins vegar þykir rétt að dæma vexti af þóknun matsmanna með þeim hætti er stefnandi krefst.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda kostnað hans af málinu, sem ákveðst kr. 170.000.

Dómsorð:

Stefndi, hreppsnefnd Hveragerðishrepps, greiði stefnanda, Ögmundi Jónssyni, kr. 720.000 með 9% ársvöxtum af kr. 540.000 frá 1. mars 1974 til greiðsludags og 9% ársvöxtum af kr. 180.000 frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af sömu fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags og kr. 170.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Árnessýslu 24. júní 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 24. júní, kl. 1730, var fógetaréttur Árnessýslu háður í skrifstofu Hveragerðishrepps, Hveragerði, með undirrituðum vottum, af fulltrúa sýslumanns, Jakob J. Havsteen.

Fyrir tekið: Málið nr. F. 86/1975: Ögmundur Jónsson gegn Hveragerðishreppi.

Fógeti leggur fram nr. 1 til 2 gerðarbeiðni og dómsendurrit, svohljóðandi (fylgir í ljósriti).

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir Gústaf Þór Tryggvason héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir skuld skv. dómi, að fjárhæð kr. 720.000 með 9% ársvöxtum af kr. 540.000 frá 1. mars 1974 til greiðsludags og 9% ársvöxtum af kr. 180.000 frá 1. mars 1974 til 21. júní 1974, en 1½% vanskilavöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af 180.000 frá 21. júní 1974 til greiðsludags ásamt birtingarkostnaði, kr. 715, og málskostnaði, kr. 170.000, auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi innheimtuaðgerðir, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda og að geymdum betra rétti þriðja manns.

Af hálfu gerðarþola mætir Hafsteinn Kristinsson, oddviti Hveragerðishrepps, og er málið tekið fyrir hér á þessum stað og tíma með samþykki mætta, og gætir fógeti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður. Áminntur um sannsögli kveðst talsmaður gerðarþola ekki geta greitt. Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu talsmanns gerðarþola lýsti fógeti yfir fjárnámi til tryggingar kröfum gerðarbeiðanda í eftirtöldum eignum gerðarþola:

Húseign Hveragerðishrepps að Hverahlíð 24, Hveragerði. Fallið var frá virðingu.

Fógeti bryndi þýðingu gerðarinnar fyrir talsmanni gerðarþola og ábyrgð hans í því sambandi.

Mánudaginn 2. maí 1977.

Nr. 56/1977. **Gróa M. Sigvaldadóttir**
Ólöf Sigvaldadóttir
Þorbjörg Sigvaldadóttir og
Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar
gegn
Ástu Þorbjarnardóttur
Sigurði O. K. Þorbjarnarsyni
Sigurjóni Þorbjarnarsyni
KFUM í Reykjavík og
Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Gróa M. Sigvaldadóttir, Ólöf Sigvaldadóttir, Þorbjörg Sigvaldadóttir og Björgunar- og sjúkrasjóður Breiðafjarðar, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 2. maí 1977.

Nr. 44/1976. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Degi Þorleifssyni aðallega,
en til vara Svavari Gestssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. febrúar 1976 og gera þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að dæmd verði þyngsta refsing fyrir ummælin,

3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar 100.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 2. febrúar 1974 til greiðsludags,

4. að áfrýjendum sameiginlega verði dæmdar 25.000 kr.

til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að þeim, sem dæmdur verður í málinu, verði gert að sjá um, að birtar verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í 1. eða 2. tölublaði dagblaðsins Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefnda verði gert að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu hefur í fyrsta lagi verið gerð krafa um, að mál þetta verði sameinað hæstaréttarmálinu nr. 26/1977: Bjarni Helgason o. fl. gegn Svavari Gestssyni, svo að kostur verði að tiltaka refsingu, ef dæmd yrði, í einu lagi.

Um efnishlið málsins er sú krafa gerð af hálfu aðalstefnda, að honum verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti, en af hálfu varastefnda aðallega, að staðfest verði sú niðurstaða héraðsdóms, að sakfella hann ekki, en til vara, ef hann verði sakfelldur, að honum verði aðeins dæmdur hegningarauki skv. 78. gr. hegningarlaga, sbr. dóm í hæstaréttarmáli nr. 110/1975. Þá er þess krafist, að varastefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Máli því, sem lögmaður stefndu vitnar til, nr. 26/1977, hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. febrúar sl., en gögn málsins hafa enn ekki borist dóminum. Áfrýjendur eru hinir sömu og í máli því, sem hér er til meðferðar, en stefndi er Svavar Gestsson einn. Eru eigi efni til þess að taka til greina kröfu um sameiningu þessara mála.

Ummæli þau, sem stefna lýtur að, birtust í tveimur greinum í dagblaðinu Þjóðviljanum, hin fyrri í 16. tölublaði, er út kom 20. janúar 1974, en hin síðari í 27. tölublaði, er út kom 2. febrúar s. á. Undir fyrri greininni standa bókstafirnir DÞ, en undir hinni síðari dþ. Höfundur er að öðru leyti ekki nafngreindur. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956 ber höfundur því aðeins refsi- og fébótaábyrgð á efni rits, að hann hafi nafngreint sig. Merkin DÞ og dþ verða ekki talin næg nafngreining í skilningi nefnds lagaákvæðis, og skiptir ekki máli, þótt aðalstefndi, Dagur Þorleifsson, blaða-

maður við Þjóðviljann, hafi lýst yfir því, að hann sé höfundur greinanna. Skv. 3. mgr. 15. gr. laga 57/1956 verður ábyrgð á ummælunum því lögð á ritstjóra blaðsins, varastefnda Svavar Gestsson, en aðalstefndi verður sýknaður af kröfum áfrýjenda.

Hinum átöldu ummælum er lýst í héraðsdómi, að undanteknum ummælum skv. stefnulið II. 5., sem ekki eru tilfærð þar í heild. Þau hljóða svo:

„Öllum brögðum beitt.

Aðferðir þær, sem beitt hefur verið til þess að afla undirskrifta undir Watergate-víxilinn, hafa ekki afhjúpað algert siðleysi og andlegan sóðaskap þeirra er á bak við þann víxil standa — það var ekki annað en lá í augum uppi áður. Aðferðirnar við undirskriftasöfnunina hafa verið margar og hver annarri soralegri. Sá sem þetta ritar hefur fregnað að reynt hafi verið að fá börn og unglinga undir kosningaaldri til þess að skrifa undir, svo og andlega vanheilt fólk, eitthvað hefur verið um það að menn hafi skrifað undir fyrir aðra, samkvæmt „munnlegu umboði" þeirra og eins virðast undirskriftasafnararnir ekkert vera að súta það þótt sömu manneskjurnar skrifi undir margsinnis. Þannig hefur heyrst að þrjú eintök af Watergate-víxlinum hafi gengið á meðal starfsfólks sjúkrahúss nokkurs hér í borg, og skrifuðu sömu manneskjurnar þar upp á öll þrjú eintökin."

Ljóst er, að öllum ummælunum er fyrst og fremst stefnt að áfrýjendum í máli þessu. Í þeim er dróttað að áfrýjendum, að þeir hafi gerst sekir um brask og skúmaskotamakk (stefnuliður I. 2.), að afstaða þeirra mótist fyrst og fremst af efnahagslegum hlunnindum, sem þeir eða aðiljar tengdir þeim hafi af hérvist hersins (II. 2.), að aðferðir við söfnunina hafi verið soralegar og beitt við hana stéttarvaldi borgarastéttarinnar, atvinnurekendavaldinu (II. 5. og 6.). Aðdróttanir þessar, sem engum stoðum hefur verið rennt undir, eru brýnt brot gegn 235. gr. alm. hegningarlaga. Að öðru leyti eru hin átöldu ummæli samsafn stórfelldra móðgunaryrða um áfrýjendur, og varða þau við 234. gr. hegningarlaga.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 4. f. m., í málinu nr 110/1975: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni og til vara Svavari Gestssyni, en áfrýjendur þá voru hinir sömu og í þessu máli, var varastefndi, Svavar Gestsson, dæmdur í 20.000 kr. sekt fyrir ærumeiðandi ummæli um áfrýjendur. Refsingu hans ber því að tiltaka nú sem hegningarauka með hliðsjón af 78. gr. almennra hegningarlaga, og verður hann ákveðinn 30.000 króna sekt til ríkissjóðs. Skv. 53. gr. alm. hegnl., sbr. 7. gr. laga 101/1976 verður vararefsing ekki ákveðin.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu allra hinna átöldu ummæla skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Í hinum umstefndu ummælum felst harkaleg árás á æru áfrýjenda. Af þeim sökum þykir mega fallast á, að áfrýjendur eigi rétt til nokkurs fégjalds úr hendi varastefnda skv. 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga. Þykir fégjald þetta hæfilega ákveðið 25.000 kr. til hvers áfrýjenda auk 9% ársvaxta frá 2. febrúar 1974 til greiðsludags.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga þykir rétt að dæma varastefnda til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir skv. 2. mgr. 22. gr. laga 57/1956 rétt að skylda varastefnda til þess að birta dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir að dómur þessi er birtur.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varastefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 160.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en rétt þykir, að máiskostnaður að því er varðar aðalstefnda falli niður.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Dagur Þorleifsson, skal vera sýkn af kröfum áfrýjenda í máli þessu. Málskostnaður að því er hann varðar falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um ómerkingu ummæla skulu óröskuð.

Varastefndi, Svavar Gestsson, greiði 30.000 króna sekt til ríkissjóðs.

Varastefndi greiði áfrýjendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni hverjum um sig 25.000 króna fégjald ásamt 9% ársvöxtum frá 2. febrúar 1974 til greiðsludags.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Varastefndi skal birta dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Þjóðviljans, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Varastefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 160.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. nóvember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 18. nóvember sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar

J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 20. júní 1974, aðallega gegn Degi Þorleifssyni, blaðamanni við dagblaðið Þjóðviljann, Tjarnargötu 10 A, Reykjavík, en til vara gegn Svavari Gestssyni, ritstjóra og ábyrgðarmanni sama blaðs, Brekkustíg 3 A, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í greinum í 15., 17. og 39. tbl. Þjóðviljans 1974. Greinar þessar eru auðkenndar með upphafsstöfum í nafni aðalstefnda, og hefur hann í greinargerð gengist við höfundarábyrgð. Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Ummælin eru þessi:

I.

16. tbl., er út kom 20. janúar 1974. Grein á bls. 6, er ber yfirskriftina: „Fíflum att á forað". Undirrituð DÞ.

1. Fyrirsögn greinarinnar: „Fíflum att á forað".
2. „ . . . illræmdir braskarar og „athafnamenn" eða persónur sem nátengdar eru slíkum aðilum gegnum ættarleg eða pólitísk sambönd. Raunar er alger óþarfi að skilgreina þessar kanamellur stéttarlega: svipmótið á fésunum á myndinni sem birtist í Morgunblaðinu á miðvikudag ætti að segja næga sögu um það, hvers konar tegund er hér á ferð.

   Mannvalið í þjóðníðinganefnd þessari er að vísu athyglisvert af fleiri ástæðum. Það sýnir að hernámssinnar borgarastéttarinnar eru raunverulega farnir að óttast að þeir missi úr landinu óskabarn sitt, bandaríska herinn, að málsstaðurinn sé tapaður. Þess vegna hefur við valið í nefndina verið viðhöfð gamla og góða reglan: fíflinu skal á foraðið etja. Það hefur ekki þótt þorandi með tilliti til framtíðarinnar, að setja í þetta skítverk aðrar persónur en þær, sem þegar eru svo illræmdar fyrir brask og skúmaskotamakk að þær hafa engu að tapa hvað álit snertir, ásamt með nokkrum sem lengi hafa aðallega haft það hlutverk að vera til athlægis í flokkum þeim og samtökum, sem þeir hafa verið að puða í. . . ."
3. „ . . . örgustu úrhrök afturhalds og fasisma, sem í landinu er yfirhöfuð hægt að drífa upp. Myndin aftan á Mogganum 16. jan. er enn ein staðfesting þeirra örlaga. . . ."
4. „ . . . góðborgarar óðfúsir að hlaupa í skarðið og þjóna sínum erlendu herrum og gerast stjórnmálamenn og gleðikonur í senn."

II.

27. tbl., er út kom 2. febrúar 1974. Grein á bls. 9, er ber yfir-

skriftina: „Atvinnurekendavaldið afhjúpað". Framhald greinarinnar er á bls. 14. Hún er undirrituð DÞ.

1. „ . . . sérstöku einstaklinga, sem sigað var fram til þess að sníkja undirskriftir undir landráðavíxilinn, er almennt er nú kenndur við Watergate, sem vel fer á, táknrænt séð. . . ."
2. „ . . . Hér er sem sagt um að ræða þess konar „athafnamenn", að varla er grundvöllur fyrir því að gera ráð fyrir að þeir hafi nokkurn tíma nennt eða séð ástæðu til að hugleiða svoleiðis mál í nokkurri alvöru. „Varnarástríða" þessara manna mótast fyrst og fremst af efnahagslegum hlunnindum, sem þeir eða aðilar þeim á einhvern hátt tengdir hafa af hérvist hersins og eru nú beinlínis að ærast. . . ."
3. „ . . . Innan um þennan siðvillta söfnuð sníglast svo tveir tragikómískir persónuleikar, einmanalegir menntamenn, sem maður freistast til að halda að svo lengi hafi starað á stjörnurnar eða grúft sig niður í skræður að þeir séu hættir að taka að nokkru ráði eftir því, sem gerist á jörðinni í kringum þá. Þeir verðskulda líklega fyrst og fremst vorkunnsemi og í svæsnasta lagi góðlátlegt grín: kumpánar þeirra geta hins vegar ekki vakið annað en fyrirlitningu og ógeð hjá hverjum sæmilega siðuðum manni."
4. „ . . . pólitísku siðleysi fundarboðenda. . . ."
5. „ . . . öllum brögðum beitt" (millifyrirsögn) og ummælin „Aðferðir þær, ... öll þrjú eintökin."
6. „ . . . Téðar aðferðir til undirskriftaöflunar eru þó langt í frá alvarlegasta atriðið í málinu. Hitt er alvarlegra að við umrædda söfnun hefur fyrst og fremst verið beitt ákveðnu valdi, stéttarvaldi borgarastéttarinnar, atvinnurekendavaldinu. . . ."

Síðan segir, að stefnendur geri svofelldar dómkröfur:

„*að* framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk skv. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að dæmd verði þyngsta refsing fyrir ummælin skv. 234.—235. gr. laga nr. 19/1940.

að stefnendum verði hverjum fyrir sig dæmdar kr. 100.000.00 í miskabætur skv. 1. mgr. 264. gr. laga 19/1940 með 9% ársvöxtum frá 16. febrúar 1974 til greiðsludags.

að stefnendum verði dæmdar kr. 25.000.00 skv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í máli þessu í opinberum blöðum.

að stefnendum verði dæmdur sameiginlega málskostnaður að skaðlausu að mati dómara."

Að lokum er gerð sú krafa, að þeim sem dæmdur verði í málinu til ábyrgðar, verði gert að sjá um skv. 22. gr. laga nr. 57/1956, að birtar verði forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í málinu í 1. eða 2. tölublaði Þjóðviljans, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Af hálfu stefnda Dags Þorleifssonar hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar í fyrsta lagi, að máli þessu verði vísað frá dómi með tilvísun til ákvæða 46. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Fari svo, að frávísunarkrafan verði ekki tekin til greina, gerir hann í öðru lagi þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu.

Þá gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Í þinghaldi 15. september sl. var málið sótt og varið um frávísunarkröfu stefnda. Með úrskurði, uppkveðnum þann 16. september, var frávísunarkröfunni hrundið.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARRIÐ LAND". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20.

febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott."

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð næsta mikill, því alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áherzla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskrá eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, og viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með nöfnum, sem á listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk

nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlast íslenzkan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafist en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Var það dagblaðið „Þjóðviljinn", sem reið á vaðið og lét aðallega að sér kveða í þessu efni. Birtust í blaði þessu frá því um miðjan janúar og fram eftir marz mánuði fjölmargar greinar í ýmsu formi, er beindust að framtaki „VARINS LANDS"."

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtarlýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina og tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . ." Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta svo í stefnu sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu."

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í aðiljaskýrslu hér fyrir dóminum þann 23. maí sl. hefur einn stefnenda, prófessor Þór Vilhjálmsson, m. a. þetta að segja: „ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu." Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því að íslenska ríkisstjórnin hefði látið

í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnfram tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur."

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmugu-leg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg. Í ummælunum er ekki sveigt á niðrandi hátt að persónulegum eiginleikum einstakra þátttakenda, heldur aðeins áfellst, — tæpitungulaust að vísu, — hið pólitíska atferli hópsins. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingar atriði:

1. Undirskriftasöfnuninni var ætlað að hafa pólitísk áhrif á stjórnvöld með því að hún átti að sýna vilja eða skoðun þeirra, sem skrifuðu undir. Hvort tveggja er, að undirskriftasöfnun, sem aðferð við skoðanakönnun er bæði ónothæf, (af því að hún er óáreiðanleg) og ólýðræðisleg. Gegn henni mæla sömu rök og lágu til grundvallar afnámi opinberra kosninga hérlendis og leiddu til þess, að upp voru teknar leynilegar atkvæðagreiðslur. Það eru því ekki meiðyrði, þótt undirskriftasöfnunin sem slík sé fordæmd harkalega. Ég bendi í þessu efni á greinar Sigurðar Líndal, prófessors og forseta Lagadeildar Háskóla Íslands, sem birtust í Vísi í mars 1974, og ég legg hér fram.

2. Framkvæmd undirskriftasöfnunarinnar hlaut mikið ámæli. Lýsingar frá vinnustöðum komu opinberlega fram á því, hvernig atvinnurekandi safnaði undirskriftum. Upplýsingar komu um þvílíkan ákafa undirskrifenda í að ná sem hæstri tölu, að þeir skrifuðu tvisvar undir, en viðurkennt er í stefnu, að slíkt hafi þurft að leiðrétta í hundruðum tilfella. Alvarlegri ásakanir komu fram um hreinar falsanir, þegar ákefðin rak menn til að falsa nöfn annarra manna. Munu verða leidd vitni undir rekstri þessa máls til að upplýsa hinn virðulega dómara um vinnubrögðin. Hin þungu ámælisorð vegna framkvæmdarinnar á undirskriftasöfnuninni verða ekki flokkuð undir refsiverð meiðyrði, þar sem ærin ástæða virðist hafa verið til að viðhafa þau.

3. Menn þóttust sjá tengsl milli Sjálfstæðisflokksins og undirskriftasöfnunarinnar og sjá þess greinileg merki, að sá flokkur hafi spennt forráðamenn hennar, stefnendur þessa máls, fyrir áróðursvagn sinn. Fyrir þessa hluta sakir urðu ummælin og ávirðingarnar harkalegri. Auðsæileg tengsl voru þarna á milli, sem áróðursmönnum Sjálfstæðisflokksins tókst ekki að halda leyndum í sveitarstjórnar- og Alþingiskosningum þeim, sem fram fóru á árinu 1974, en hversu náin tengslin voru, verður reynt að upplýsa undir rekstri þessa máls."

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„Í framangreindum ummælum og fyrirsögnum er slíkt samansafn af fúkyrðum og svívirðingum, að sjaldgæft er að sjá slíkt á prenti. Það dylst engan veginn, að ummælum þessum er beint að stefnendum. Þeim eru valin ýmis verstu smánaryrði tungunnar, og þeir eru vændir um hinar verstu hvatir og ávirðingar. Málefni það og frumkvæði þeirra, sem snerist um varnarmál Íslands, er meðhöndlað sem ómerkilegt dægurmál væri. Ummæli þessi í heild eru mjög ærumeiðandi fyrir stefnendur. Telja þeir einsætt, að þau varði við 234., 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940."

Þá segir:

„Stefnendum er kunnugt, að aðalstefndi er höfundur umræddra tveggja blaðagreina, enda hefur hann gengizt við þeim opinberlega, t. d. í umræðuþætti í sjónvarpi. Hann hefur og nafngreint sig sem höfund greinanna með því að setja undir þær upphafsstafi í nafni sínu. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, ber höfundur ritsmíðar refsi- og fébótaábyrgð á efni hennar, ef hann hefur nafngreint sig. Yrði svo litið á, að aðalstefndi hefði eigi með auðkenningu umræddra greina nafngreint sig í merkingu téðs lagaákvæðis, þá er ljóst, að varastefndi sem ritstjóri og ábyrgðarmaður dagblaðsins „Þjóðviljinn", er greinarnar birtust, ber þessa ábyrgð að höfundi frágengnum samkvæmt 3. mgr. nefnds lagaákvæðis. Fyrir þessa sök er varnaraðild svo háttað í máli þessu, sem raun ber vitni.

Framangreindar dómkröfur stefnenda beinast því í öllum atriðum aðallega að stefnda Degi Þorleifssyni, en til vara að stefnda Svavari Gestssyni, ef svo færi, að aðalstefndi yrði sýknaður vegna ófullnægjandi nafngreiningar."

Stefnendur rökstyðja kröfu sína um miskabætur svo:

„Það er engin nýlunda, að menn séu ærumeiddir í dagblöðum hérlendis. Þó mun það næsta fátítt, ef ekki einsdæmi, að jafnlágt sé lotið í því efni og í þeim tveim blaðagreinum, sem eru tilefni þessa máls. Eru stefnendum þar valin mörg hin grófustu hrakyrði tungunnar. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum með því að dómstólar beiti virkri bóta- og refsivörzlu. Hafa ber í huga í því efni, að umræddar greinar tilheyra umfangsmiklum ærumeiðandi skrifum, sem birtust í yfir 20 tbl. „Þjóðviljans" frá því í janúar til marz 1974 og beindust gegn stefnendum. Einnig ber að hafa í huga, að tilefni þessara endurteknu ærumeiðandi blaðaskrifa var ekki annað en það, að stefnendur beittu sér fyrir

könnun á viðhorfi almennings í landinu til varnarmála landsins."

Af hálfu stefnda er þetta sagt um ummælin:

„Það skal játað, að ummæli þau, sem stefnt er út af í máli þessu eru harkaleg. Á því gátu stefnendur átt von, eins og fyrr segir, enda ryðjast þeir fram fyrir skjöldu í pólitískum hildarleik. Ef taka á yfirlýsingar stefnenda í upphafi undirskriftasöfnunarinnar alvarlega, eins og umbjóðandi minn gerði, er leyfilegt að ályktа, samkvæmt orðalagi þeirra, að þeir, sem vildu bandaríska herinn burt, væru með þeirri afstöðu að skerða öryggi þjóðarinnar og vinna gegn því að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði. Slík ásökun stefnenda eru sakargiftir um hegðun, sem varðar við landráðakafla hegningarlaganna.

Eftir yfirlýsingar sínar fengust stefnendur aldrei til að koma á opinbera fundi eða standa fyrir máli sínu, en allt þetta hjálpaðist að til að gera viðbrögðin við framtakssemi þeirra harkalegri en ella. Hin stefndu ummæli eru af pólitískum toga og verður að skoða þau í þessu ljósi: Umbjóðandi minn sér stefnendur sem persónugervinga hinna afturhverfu afla í þjóðfélaginu, sér þá taka að sér auðvirðilegustu óþurftarverkin og metur siðferðisstig og manngildi þeirra eftir því. Verður að telja refsilaust þó hann segi sinn pólitíska hug allan.

Með málaferlum þessum eru stefnendur að flytja pólitíska baráttu inn í réttarsalina. Það hefur að vísu áður verið gert, en þá kárnar gamanið.

Stefnukröfum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingar eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er að reikna út miskakröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Opinber ummæli eins aðilans úr hópnum, Jónatans Þórmundssonar, prófessors, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess, að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd". Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og tölvuafritun var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr. sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Umbjóðandi minn hefur nafnmerkt með upphafsstöfum sínum greinar þær, sem hin umstefndu ummæli eru í, og gengst við höfundarábyrgð skv. 2. mgr. 15. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956. Tæmir hann því sökina varnarmegin, hvað allar kröfur stefnenda áhrærir. Kemur því ekki til álita objectíf ábyrgð á ummælunum af hálfu varastefnda.

Ég mæti einnig í málinu fyrir varastefndan og geri engar kröfur."

IV.

Yfirheyrslur.

Endurrit umfangsmikilla yfirheyrslna hafa verið lögð fram í málinu. Umfangi þeirra hefur að nokkru ráðið, að hér er aðeins um að ræða eitt af mörgum málum, sem stefnendur hafa höfðað vegna meintra fjölmæla út af undirskriftasöfnuninni, sem efnt var til undir kjörorðinu „Varið land". Yfirheyrslurnar eða hluta þeirra má nota í öllum þessum málum, og horfði því til verksparnaðar að fara ekki nákvæmlega eftir þeirri gullnu reglu að leggja aðeins það fram, sem beinlínis skiptir hér máli, enda erfitt að vinsa það úr öllum yfirheyrslunum. Yfirheyrslur þessar hafa horft til mikils skýringarauka fyrir dóminn. Þrátt fyrir það þykir hér ekki nauðsynlegt að skýra frá nema litlu af efni þeirra.

Nokkrir stefnenda hafa komið fyrir dóm, og hafa sumir þeirra m. a. nefnd dæmi þess, að þeir hafi orðið fyrir aðkasti vegna, að því er þeir telja, skrifa stefnda og annarra í Þjóðviljann. Hafa þeir m. a. nefnt sem dæmi mótmæli 152 aðilja við málssóknum þeirra á hendur blaðamönnum og rithöfundum vegna meintra

meiðyrða. Skjal þetta liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 9.

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Hann skýrði svo frá, að með ummælunum, sem honum er stefnt fyrir, hafi hann átt við stefnendur þessa máls sem pólitíska heild eða hluta af pólitískri heild. Sú pólitíska heild sé hin hernámssinnuðu öfl í landinu, eins og hann kemst að orði. Hann kvað mynd þá, sem vitnað er til í ummælum hans í 18. tbl. Þjóðviljans, vera mynd af aðstandendum „Varins lands". Hann kvaðst hafa haft einhverja hugmynd um, hvað þessir menn gerðu margir hverjir, og greinilegt hafi verið, að þeir væru tengdir hinum hernámssinnuðu öflum í landinu. Þar ætti hann fyrst og fremst við Sjálfstæðisflokkinn og öfl honum tengd í öðrum flokkum. Hann taldi engum vafa bundið, að íslenska valdastéttin teldi sig hagnast á veru hersins í landinu, og varla væri mögulegt að gera ráð fyrir öðru en þessi pólitíska aðgerð væri sprottin af þeim hagsmunasamböndum. Hann sagðist hafa verið félagi í „Samtökum herstöðvaandstæðinga" síðustu árin. Hins vegar kom fram, að hann hefði áður verið félagi í „Varðbergi". Hann taldi engum vafa bundið, að aðstandendur „Varins lands" væru tengdir atvinnurekendavaldinu í landinu, sem hann nefndi svo. Atvinnurekendavaldið væri nátengt hægri öflum í landinu og þeirra helsta pólitíska vígi, sem væri Sjálfstæðisflokkurinn. Hann kvaðst vita, að sumir aðstandenda „Varins lands" væru háttsettir í Sjálfstæðisflokknum og flestir þeirra tengdir honum á einhvern hátt.

Álit dómsins.
Aðild.

Stefnendum var kunnugt, að aðalstefndi var höfundur umstefndra ummæla. Hann hefur auðkennt sér greinarnar með upphafsstöfum sínum. Þá hefur hann gengist við ummælunum. Þar sem stefnendum var kunnugt, hver var höfundur umstefndra ummæla, þykir auðkenning greinanna með upphafsstöfum nægileg nafngreining í skilningi 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1966, enda sætir það ekki ágreiningi málsaðilja. Aðalstefndi verður því talinn bera ábyrgð á umstefndum ummælum, og ábyrgð varastefnda kemur þannig ekki til greina. Ljóst er, að tilefni ummæla stefnda er undirskriftasöfnunin „Varið land", sem stefnendur höfðu forgöngu um, og hann hefur viðurkennt að hafa átt við þá sem hluta af heild. Með hliðsjón hér af er stefnendum heimil sóknaraðild í máli þessu.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Íslands gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttu-

tæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið, og slík almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast.

Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og greinar stefnda birtust í Þjóðviljanum, hafi þar birst fjöldi áþekkra greina. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í Þjóðviljanum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

Ummælin.

Þegar greinar stefnda í 16. og 27. tbl. Þjóðviljans 1974 eru lesnar í heild sinni, blandast engum hugur um, að þar er vikið beint að forgöngumönnum „Varins lands".

Þegar litið er yfir ummælin, sem stefnt er fyrir, þykir mega taka þau öll undir einn hatt. Fallast verður á það með stefnendum, að hér sé um slíkt samsafn af fúkyrðum og svívirðingum að ræða, að sjaldgæft er að sjá slíkt á prenti. Ummælin í heild þykja varða við 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga, og ber því að ómerkja þau. Þá þykja þau réttilega verða færð til ákvæða 234. og 235. gr. sömu laga, og ber þrátt fyrir sjónarmið þau, sem sett eru fram almennt hér að framan, að refsa stefnda fyrir ummæli þessi. Hins vegar þykir eiga að hafa framangreind almenn sjónarmið í huga stefnda í hag, þegar honum er ákveðin refsing. Er þá litið til þess, hverjar eru núverandi skoðanir hans á dvöl bandaríska herliðsins hér á landi. Stefndi hefur ekki áður sætt refsingu. Þykir hæfilegt að gera honum að greiða kr. 25.000

í sekt til ríkissjóðs. Samkvæmt 54. gr. laga nr. 19/1940 ber að ákveða, að varðhald komi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan aðfararfrests. Varðhald samkv. þessu telst hæfilega ákveðið í 5 daga.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands", og tilefni þeirra eru athafnir, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Óþægindi þau, sem stefnendur hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 120.000 í málskostnað, er þá m. a. tekið tillit til þess, að stefnendur hafa höfðað fleiri mál vegna ummæla, sem sprottin eru af undirskriftasöfnun þeirra, og vinnan í þessu máli sparar mikla vinnu í hinum málunum.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli stefnda, Dags Þorleifssonar, sem birtust í 16. og 27. tbl. Þjóðviljans 1974, skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Dagur Þorleifsson, greiði kr. 25.000 í sekt til ríkissjóðs. Varðhald í 5 daga komi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan aðfararfrests.

Stefnda, Degi Þorleifssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tbl. Þjóðviljans, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Dagur Þorleifsson, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan

Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, kr. 120.000 óskipt í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 3. maí 1977.

Nr. 57/1977. **Graphic Equipment World Wide Inc.**
gegn
Jóhanni Þóri Jónssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. apríl 1977, sem Hæstarétti barst 13. s. m. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og synjað verði um frest í málinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 6. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar þann 31. mars sl., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður höfðað f. h. firmans Graphic Equipment World Wide Inc. í New York með stefnu, birtri 3. febrúar 1976, á hendur Jóhanni Þóri Jónssyni prentsmiðjueiganda, Meistaravöllum 5, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð $ 9.112.07 með 13% ársvöxtum frá 6. janúar 1975 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi telur málavexti vera þá, að þann 1. nóvember 1974 hafi Jóhann Þórir Jónsson pantað hjá honum tvær prentvélar fyrir $ 13.369.00. Síðan hafi bæst við ýmsir hlutir prentvélunum tilheyrandi fyrir $ 1.100.07. Loks hafi bæst við ýmis kostnaður að fjárhæð $ 2.655.00. Nemi þetta alls $ 17.124.07.

Upp í þessa skuld hafi verið greiddar skv. takmarkaðri bankaábyrgð $ 7.012.00 (sic), svo að eftir standi nú $ 9.112.07, sem sé hin umstefnda skuld. Hún hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir ótal áskoranir.

Í greinargerð stefnanda er því haldið fram, að stefndi hafi tekið á móti prentvélunum 7. mars 1975 án nokkurra athugasemda eða mótmæla. Málatilbúnað sinn byggir stefnandi á reikningum, sem fram koma á dskj. nr. 4 og 5 og samningi, sem fram kemur á dskj. 6 og 7.

Stefndi byggir sýknukröfur sínar á því, að sú greiðsla, sem hann hafi þegar innt af hendi fyrir vélarnar, sé fullnaðargreiðsla fyrir það verðmæti, sem hann hafi fengið. Vélarnar, sem hann hafi fengið hjá stefnanda, hafi verið í allt öðru ástandi, þegar þær komu til Íslands, en um var samið, ýmislegt hafi vantað í þær, þær hafi verið óyfirfarnar og fjölda fylgihluta hafi vantað. Stefndi hafi orðið fyrir stórkostlegu tjóni, kostnaði og óhagræði við að þurfa að panta þá hluti, sem á vantaði samkvæmt upphaflegu samkomulagi. Stefndi hefur lagt fram vottorð tveggja aðilja, sem eiga að styðja þessar fullyrðingar hans, og jafnframt hefur hann lagt fram bréfaskipti aðilja eða hluta þeirra. Þá hefur hann lagt fram samantekt reikninga úr bókhaldsgögnum Skákprents, sem er fyrirtæki stefnda, vegna viðgerða, leturkaupa o. fl. vegna setjaravélar.

Mál þetta er þingfest þann 6. febrúar 1976. Greinargerð stefnda er lögð fram 21. maí 1976, og málið fer þá til úthlutunar yfirborgardómara. Þann 25. júní 1976 er því úthlutað til þess dómara, sem nú fer með það. Er þá komið fast að tveggja mánaða réttarhléi. Þann 15. október 1976 er málið tekið fyrir og þá frestað að ósk lögmanna til frekari gagnaöflunar til þriðjudagsins 9. nóvember 1976. Þann dag er málið tekið fyrir og þá leggur lögmaður stefnda fram dskj. nr. 16—44. Málinu er síðan enn frestað til frekari gagnaöflunar til 29. nóvember 1976. Þann dag kemur stefndi fyrir dóm og eitt vitni. Lögmaður stefnda upplýsir í því þinghaldi, að hann hafi afhent endurskoðanda reikninga stefnda yfir kostnað hans vegna meintra vanefnda stefnanda. Þessari úrvinnslu endurskoðandans sé ekki lokið, en lögmaðurinn telur þá úrvinnslu nauðsynlega, til þess að málið verði skýrt fyrir dóminum.

Lögmaður stefnanda mótmælti skýrslu stefnda sem rangri og skýrslu vitnisins, sem kom fyrir dóminn, sem rangri og þýðingarlausri.

Lögmaður stefnda skoraði síðan á lögmann stefnanda að leiða fyrirsvarsmann umbjóðanda síns, Evelyn Cooper, fyrir dóminn. Málinu er að svo búnu frestað til frekari gagnaöflunar og yfirheyrslna til þriðjudagsins 18. janúar 1977.

Þann dag mætir fyrirsvarsmaður stefnanda, Evelyn Cooper, fyrir dóminum, en hún er búsett í New York. Málinu er síðan enn frestað til frekari gagnaöflunar til þriðjudagsins 22. febrúar sl. Þann dag leggur lögmaður stefnda fram nr. 49 samantekt reikninga úr bókhaldsgögnum Skákprents vegna viðgerða, leturkaupa o. fl. vegna setjaravélar.

Lögmaður stefnanda mótmælir þessu dskj. sem röngu, en tekur það gilt sem staðfest fyrir dóminum. Þá komu fyrir dóminn Eiríkur Grímsson og Birgir Sigurðsson, en þeir fóru með stefnda til Bandaríkjanna, þá er vélar þær, sem málið snýst um, voru pantaðar.

Lögmaður stefnanda mótmælir þessum framburðum sem röngum.

Lögmaður stefnda óskaði síðan eftir frekari fresti til gagnaöflunar og vitnaleiðslu í 10 til 15 daga. Lögmaður stefnanda kvaðst þá neita öllum frekari fresti. Fór fram munnlegur flutningur um frestbeiðni stefnda.

Þann 2. mars sl. var úrskurður upp kveðinn í þessu deilumáli aðilja, og var hinn umbeðni frestur veittur. Forsendur þess voru,

að enn þótti skorta nokkuð á, að málið væri svo skýrt, að dómur yrði á það lagður. Þá vantaði, að skjöl væru lögð fram í íslenskri þýðingu.

Þann 18. mars sl. lagði stefndi fram nokkur gögn. Voru það aðallega þýðingar á skjölum, sem hann hafði áður lagt fram. Einnig lagði hann fram samantekt á reikningum úr bókhaldsgögnum Skákprents vegna viðgerða, leturkaupa o. fl. vegna setjaravélar ásamt athugasemdum stefnda. Án athugasemda hafði hann lagt þessar skýringar fram í þinghaldi 22. febrúar sl., dómsskj. 49. Þá lagði hann fram ábyrgð Landsbanka Íslands vegna kaupa stefnda af stefnanda, breytingar á þessari ábyrgð og nokkur bréfaskipti Landsbanka Íslands og Chase Manhattan Bank vegna þessarar ábyrgðar.

Þá kom Björn Magnússon vélvirki fyrir dóminn. Hann sagðist hafa gert að hluta við setjaravél þá, er stefndi keypti af stefnanda, eftir að hún kom til landsins, en margt sé þó að henni enn. Hann sagði, að hlutir, sem pantaðir voru, eftir að vélin kom til landsins, hefðu verið nauðsynlegir, til þess að vélin kæmist í fullkomið ástand. Hann sagði, að erfitt mundi reynast að greina í sundur þá reikninga, sem stafi frá breytingum á vélinni, og þá, sem af viðgerð stafi, þar sem unnið hafi verið samtímis að þessu. Hann sagði það sitt mat, að ekki hefði verið gert við vélina, áður en hún var send til Íslands. Í samningi, dómsskj. 6, segir, að vél þessi eigi að vera algerlega uppgerð og í góðu starfhæfu lagi.

Að loknum framburði Björns Magnússonar var málinu enn frestað til 31. mars sl. Lögmaður stefnanda lagði þá fram þýðingu nokkurra skjala og farmskírteini. Lögmaður stefnda lagði þá fram svohljóðandi matsbeiðni:

„Ég undirritaður f. h. Jóhanns Þóris Jónssonar, Meistaravöllum 5, Reykjavík, fer þess hér með á leit, að dómkvaddir verði tveir hæfir og óvilhallir menn til þess að skoða og meta eftirfarfarandi:

1. Setjaravél, Intertype Model C3 ásamt fylgihlutum, sem lýst er í dskj. nr. 4 í sjó- og verslunardómsmálinu nr. 23/1976.
2. Aðra þá hluti, sem lýst er á reikningum á dskj. nr. 5, 6 og 7 í sama dómsmáli, að undanskilinni prentvél, Heidelberg Cylender Model SBG.

Þess er óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn meti, hver sé eðlilegur kostnaður við að koma framangreindum hlutum í það ástand, sem reikningarnir gera ráð fyrir á grundvelli þeirra upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu, og á grundvelli þeirra reikn-

inga, sem lagðir verða fyrir matsmennina og fjalla um efnis- og vinnukostnað frá afhendingu til þessa dags. Þess er óskað, að hinir dómkvöddu matsmenn hafi í huga, að þeir reikningar, sem lagðir verða fyrir þá, fjalli að hluta til um kostnað við að koma setjaravél í það ástand, sem tíðkast hér á landi, en matsgerð þeirra á að miðast við að koma setjaravél í það ástand, sem tíðkast í Bandaríkjum Norður-Ameríku, eins og reikningarnir gera ráð fyrir.

Þess er óskað að hinir dómkvöddu matsmenn tilkynni undirrituðum svo og Magnúsi Thorlacius hrl., Garðastræti 11, Reykjavík, f. h. Graphic Equipment World Wide um stund og stað matsgerðar."

Lögmaður stefnanda mótmælti, að dómkvaðning matsmanna færi fram, og lýsti gagnaöflun lokið af sinni hálfu. Hélt hann því fram, að stefndi hefði mátt fyrir löngu biðja um dómkvaðningu þessa og þar sem hann hafi ekki gert það, yrði hann að bera hallann af því. Lögmaðurinn synjaði síðan um allan frest í þessu skyni. Lögmaður stefnda óskaði eftir fresti í sex vikur til þess að leggja fram matsgerð samkvæmt framlagðri matsbeiðni. Taldi hann það verða til að skýra kröfur sínar og auðvelda dóminum að taka afstöðu til dómkrafna. Tilefni þess, að beiðni um dómkvaðningu kæmi nú fram, sagði lögmaðurinn vera vitnaskýrslu Björns Magnússonar í þinghaldi 18. mars sl. Þá vakti hann athygli á því, að ekki hefði verið gerð grein fyrir verðmæti þeirra fylgihluta, sem ekki hefðu verið sendir til Íslands. Lögmaður stefnanda mótmælti málsástæðum stefnda og lagði málið í úrskurð dómsins. Lögmaður stefnda lagði málið í úrskurð dómsins.

Álit dómsins.

Af stefnda hálfu hefði verið rétt að fá dómkvadda matsmenn, strax og hann taldi sig verða varan við, að afhending stefnanda uppfyllti ekki þá skilmála, sem um var samið. Þetta lét hann fyrirfarast. Hann hefur hins vegar lagt fram gögn og leitt vitni að því, að afgreiðslu stefnanda hafi verið ábótavant. Verður ekki af gangi málsins ráðið, að frestir hafi frekar orðið af hans völdum en stefnanda, og frestir hafa yfirleitt verið notaðir til gagnaöflunar. Framkvæmd mats samkvæmt matsbeiðni stefnda yrði til skýringa. Af þessu leiðir, að rétt þykir að taka kröfu hans til greina. Matsmenn verða þannig dómkvaddir og frestur veittur til framlagningar matsgerðar í sex vikur. Hvorugur aðilja hefur

krafist málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins, og verður því ekki hér tekin afstaða til þess álitaefnis.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp úrskurð þennan ásamt meðdómsmönnunum Þórði Sturlaugssyni framkvæmdastjóra og Ingólfi P. Steinssyni framkvæmdastjóra.

Úrskurðarorð:

Frestur er veittur til 11. maí nk. kl. 0930.

Fimmtudaginn 5. maí 1977.

Nr. 143/1976. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Rúnari Ármanni Arthúrssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmað-

ur, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. júlí 1976 og gert þessar dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að dæmd verði þyngsta refsing fyrir ummælin,

3. að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda 50.000 krónur í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 25. janúar 1974 til greiðsludags,

4. að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 25.000 krónur úr hendi stefnda til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms í máli þessu í opinberum blöðum,

5. að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að dómur í máli þessu, forsendur og dómsorð, verði birtur í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendum gert að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem stefna tekur til, eru í grein, sem birtist án nafngreiningar höfundar í 1. tbl. Stúdentablaðsins, er kom út 25. janúar 1974. Stefndi var þá ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins og kveðst hafa ritað greinina.

Hin átöldu ummæli eru rakin í héraðsdómi í níu tölusettum liðum. Þeim auðkennum er fylgt hér. Af efni greinarinnar verður ekki um það villst, að ummælunum er beint gegn áfrýjendum.

Í ummælum tölumerktum 1—6 og 8 felast móðganir, sem varða við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, og samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga ber að ómerkja þau öll.

Með hliðsjón af notkun orðsins „hernámssinni“ í opinberum umræðum um dvöl varnarliðsins hér á landi þykja ummæli merkt 7 eigi varða hegningu, en ákvæði héraðsdóms um ómerkingu þeirra stendur.

Í ummælum merktum 9 felst harkaleg aðdróttun um, að fjárhagsmunir ráði afstöðu áfrýjenda í máli, er varðar mikilvæga þjóðarhagsmuni. Stefndi hefur ekki reynt að réttlæta ummæli þessi, og varða þau við 235. gr. alm. hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga ber að ómerkja þau.

Refsing stefnda samkvæmt 234. gr. og 235. gr. alm. hegningarlaga verður ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Aðdróttun stefnda í garð áfrýjenda er með þeim hætti, að rétt þykir að dæma stefnda samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga til að greiða áfrýjendum miskabætur, 15.000 krónur til hvers um sig ásamt 9% ársvöxtum frá 25. janúar 1974 til greiðsludags.

Dæma ber stefnda samkvæmt 2. mgr. 241. gr. hegningarlaga til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir rétt að ákveða skv. 22. gr. laga nr. 57/1956, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir að dómur þessi hefur verið birtur að lögum.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir sá málskostnaður hæfilega ákveðinn 100.000 krónur.

Dómsorð:

Hin átöldu ummæli skulu ómerk.

Stefndi, Rúnar Ármann Arthúrsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 5 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi greiði áfrýjendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stef-

ánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, hverjum um sig, fégjald, 15.000 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 25. janúar 1974 til greiðsludags.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þenna í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, 24. mars sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B.A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1974, gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, Njálsgötu 108, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í óundirritaðri grein í 1. tbl. 50. árgangs Stúdentablaðsins, er út kom 25. janúar 1974, en stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins á þeim tíma.

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af.

Ummælin eru þessi:

1. Yfirskrift: „Ameríkanasleikjur . . .“

2. „ . . . fíflin kunna yfirleitt ekki að skammast sín. Þetta sýndi sig berlega í síðustu viku þegar fjórtán „þjóðkunnir menn" riðu á vaðið með undirskriftasöfnun fyrir eins konar bænarskjal til bjargar hernámsliði Bandaríkjanna á Íslandi . . ."

3. „Ameríkanasleikjurnar . . ."

4. „ . . . ekkert hafa komist áfram innan sinna eigin samtaka, vegna þess hvað þeir þykja leiðinlegir . . ."

5. „ . . . vonlausu framagosar íhaldsaflanna . . ."

6. „Í hópi þessa ófagnaðarlýðs . . ."

7. „Þessir einlægu hernámssinnar . . ."

8. „ . . . þessi hópur . . . íhaldskurfa, sem hefur rottað sig saman til að slá skjaldborg um hernámið . . ."

9. „ . . . Fyrir utan þá örvæntingarfullu framahagsmuni sem áður er drepið á, koma til annars konar hagsmunir. Hafi menn þegið styrk frá NATO til að mennta sig í Bandaríkjunum er ekki nema sjálfsögð kurteisi að þakka fyrir sig á þennan hátt og ef ættingjar manns eiga hagsmuna að gæta af því að leigja könum húsnæði fyrir okurprís, því skyldi maður þá ekki vera reiðubúinn að fórna sér fyrir „frelsi og öryggi" ættjarðarinnar."

Dómkröfur stefnenda eru:

„að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu fyrir ummælin, sem um getur orðið að ræða samkvæmt 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnenda fyrir sig miskabætur að fjárhæð kr. 50.000,00 samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, auk 9% ársvaxta frá 25. janúar 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000,00 til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs væntanlegs dóms í málinu í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að dómur í máli þessu, forsendur og dómsorð, verði birtur í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dóms þessa, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara."

Af hálfu stefnda voru í upphafi gerðar þær dómkröfur í fyrsta lagi, að máli þessu verði vísað frá dómi með vísan til ákvæða 46.

gr. laga um meðferð einkamála í héraði. En fari svo, að frávísunarkrafan verði ekki tekin til greina, gerði stefndi í öðru lagi þær dómkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Jafnframt gerir hann kröfu til ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Við fyrirtöku málsins 12. janúar sl. féll lögmaður stefnda frá frávísunarkröfu sinni.

Endanleg dómkrafa stefnda er krafa um sýknu af öllum kröfum stefnenda í málinu, og jafnframt krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnenda.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND". Áttu þar hlut að 14 menn, þ. e. allir stefnendur og auk þess lögmennirnir Hörður Einarsson og Óttar Yngvason. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri, að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helstu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott."

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhending fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Undirskriftasöfnunin hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem þar áttu hlut að, var Stúdentablaðið. Í áðurgreindu 1. tbl. blaðsins birtist grein á öftustu síðu og framhald hennar á 4. bls. Yfirskrift þessarar greinar er: „Ameríkanasleikjur komnar á stjá", en aðalfyrirsögnin er svohljóðandi: „Nú á að safna undirskriftum." Í grein þessari er farið ýmsum ærumeiðandi ummælum um forgöngumenn „Varins lands". Einnig er veitzt sérstaklega að fjórum háskólakennurum úr hópi þeirra með ærumeiðandi ummælum. Þau ummæli í greininni, sem beinast að forgöngumönnum „Varins lands" og þar með öllum stefnendum, koma ein til álita í þessu máli. Háskólakennararnir í hópi stefnenda, sem ærumeiddir eru sérstaklega í greininni, munu höfða saman sérstakt meiðyrðamál út af ummælunum, sem að þeim beinast sérstaklega."

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Fyrst er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem

liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta í stefnu svo sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu.“

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvara stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Í máli þessu hefur verið lagt fram sem dskj. nr. 13. endurrit af yfirheyrslum í bæjarþingsmálinu nr. 1376/1974: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni aðallega, en til vara Svavari Gestssyni. Í aðiljaskýrslu í því máli, gefinni á bæjarþingi hinn 23. maí 1975, hafði einn stefnenda, Þór Vilhjálmsson, þáverandi prófessor, m. a. þetta að segja:

„ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kapp-

kosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu." Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar, og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskrár-

atriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur. Það er skoðun mín, að það sé mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, að við erum á vestræna menningarsvæðinu. Ég tel, að við höfum byggt hér upp þjóðfélag, sem er mótað af hugsjónum vestrænnar menningar. Það þjóðfélag er ekki fullkomið, en það er í stöðugri framþróun, og af því að það er vestrænt þjóðfélag getur sú framþróun haldið áfram. Ég vil, að við njótum áfram þessarar aðstöðu og þeirra mannréttinda, sem eru virt á Íslandi. Eg tel, að því miður geti þróun mála orðið í aðra átt. Frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði er ekki örugglega tryggt um alla framtíð og jafnvel ekki næstu framtíð. Eitt hið nauðsynlegasta, sem þarf að gera til að varðveita frelsi landsins, er að sjá hér fyrir hervörnum. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt hið mikilvægasta, sem gerst hefur í íslenskum stjórnmálum eftir stofnun lýðveldisins, sé, að þjóðin hefur skilið þessa nauðsyn. Og að hún ákvað á sínum tíma að breyta um stefnu í utanríkismálum. Hún ákvað að hverfa frá hlutleysisstefnunni og taka upp varnarsamstarf við vestræn lýðræðisríki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það eru nú meira en 25 ár síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og næstum aldarfjórðungur síðan hingað kom bandarískt varnarlið á vegum bandalagsins. Ég vil ekki, að öryggi Íslands sé stefnt í hættu með því að láta varnarliðið fara, en brottför varnarliðsins tel ég, að myndi bæði beint veikja varnir landsins og einnig gera það óbeint með því að veikja varnarkeðju lýðræðisríkjanna við norðanvert Atlantshaf. Með tilliti til þessara skoðana minna og þeirrar þróunar mála, sem mér virtist vera í uppsiglingu í varnarmálum, þá tók ég þátt í því að undirbúa og framkvæma undirskriftasöfnunina, sem fór fram undir kjörorðinu „Varið land“. Ég átti þátt í því starfi frá upphafi til enda ásamt mörgum öðrum mönnum. Við urðum 14 talsins að lokum, sem að þessu stóðum. Í upphafi taldi ég, að þessi undirskriftasöfnun væri mjög erfið. Það hafði komið til tals að hafa ýmis konar hátt á til þess að láta opinberlega í ljós mótmæli við stefnuna í varnarmálunum, sem ríkisstjórnin virtist vera að framkvæma. Hugmyndin um það að fara í almenna undirskriftasöfnun þróaðist smám saman, og undirskriftasöfnunin hófst um miðjan janúar 1974. Vandamálin í þessu sambandi eru margs konar. Þau eru

bæði um það, hvernig megi framkvæma undirskriftasöfnunina til þess að ná árangri, það horfði ekki sérlega glæsilega um það atriði fyrirfram. Í fyrsta lagi var þetta á þeim tíma árs, þegar verst er að standa að framkvæmdum af þessu tagi, um hávetur. Í öðru lagi lagði hópurinn upp með litla reynslu af slíkum almennum undirskriftasöfnunum, engin tæki eða fé til þess að framkvæma hana og tími okkar, sem í hópnum voru, var ekki þannig, að við gætum helgað okkur þessu starfi óskiptir þann tíma, sem undirskriftasöfnunin stóð. Ég gerði mér sjálfur óljósar hugmyndir. Það kom fram síðar um það, hvað þyrfti til að svona undirskriftasöfnun hefði verulegan þunga. Ég hélt fyrirfram, að 5 þúsund undirskriftir myndu verða þung mótmæli. Eftir reynsluna af þessari undirskriftasöfnun skal ég segja, að ég tel, að það þurfi meira til, en það kom líka fram við þessa undirskriftasöfnun, að það voru þung mótmæli, sem hún sýndi við þessa stefnu. Ég tel raunar, að þessi undirskriftasöfnun hafi verið stórt atriði í því að breyta hinni opinberu stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum."

Í aðiljaskýrslu stefnda segir svo:

„Ég vil taka það skýrt fram í upphafi þessarar skýrslu, að tilgangur minn með þeim skrifum, sem hér hefur verið stefnt fyrir í þessu meiðyrðamáli, var æru stefnenda minna með öllu óviðkomandi, enda er mér enginn akkur í því að skerða virðingu þeirra í augum almennings hér á landi meira en ég tel að þeir hafi sjálfir gert, með frumkvæði sínu og hlutdeild í undirskriftasöfnun þeirri, sem kennd er við varið land. Það var einungis sá verknaður, sem í undirskriftasöfnuninni sjálfri var fólginn, sem varð mér réttmæt hvöt til að gagnrýna þá athöfn og þá fjórtán einstaklinga, sem að henni stóðu.

Þau þrjátíu ár, sem Ísland hefur talist sjálfstætt og fullvalda lýðveldi, hefur þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, sem greinir á um, hvernig sjálfstæði og öryggismálum ríkisins muni best borgið. Samningar þeir, sem íslenskar ríkisstjórnir gerðu á sínum tíma við Bandaríki Norður-Ameríku og Atlantshafsbandalagið, um dvöl bandarísks herliðs í landinu og aðild okkar að Norður-Atlantshafssamningnum, hafa staðfest það djúp sem skilur á milli fylkinganna tveggja í pólitísku tilliti. Oft hafa þung orð og ásakanir verið bornar fram á þessum tíma, þegar hitnaði í kolum, án þess að aðilar hafi kveinkað sér hvor undan höggum hins, vegna meiddrar æru. Ekki hefur því verið neitað fram til þessa, að um stórpólitísk deilumál sé að ræða, þótt

tilfinningahiti hafi oftlega borið málefnalegan rökstuðning ofurliði og merkingarþróttur margra mergjuðustu kryddorða tungunnar dvínað, vegna ósparlegrar notkunar. Varlegt er því að tala um ærumeiðandi móðganir eða aðdróttanir í jafn viðkvæmum pólitískum deilumálum, þegar deiluaðilar reyna hvor um sig að finna snöggan blett á andstæðingnum, til að veikja málstað hans með orðum. Þar er um líkan leik að ræða, þar sem hver reynir að bera af sér þau högg, sem að honum eru reidd og greiða ný á móti, eftir þeim föngum, sem hver og einn hefur, til að tefla fram sínum málstað á almennum vettvangi.

Í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974, en ég var ritstjóri þess og ábyrgðarmaður, birtist grein um undirskriftasöfnun *varins lands*, sem ég hafði sjálfur skrifað, þótt upphafsstafir mínir undir greininni féllu niður í prentun fyrir einhverja slysni. Það er einmitt fyrir ummæli í þeirri sömu grein, sem mér er nú stefnt í þessu máli. Áður höfðu fjórir háskólakennarar úr hópi stefnenda, þeir Jónatan Þórmundsson, Þorsteinn Sæmundsson, Þór Vilhjálmsson og Ragnar Ingimarsson, krafist þess í bréfi dags. 26. mars 1974, sem þeir sendu Háskólaráði, að ráðið veitti mér refsingu fyrir þessi sömu skrif, samkvæmt 24. gr. háskólalaga nr. 84/1970. Þeirri kröfu var hafnað á fundi Háskólaráðs 2. maí sama ár.

Ég gegndi starfi ritstjóra Stúdentablaðsins í rétt ár, frá því í lok mars 1973 til 1. apríl 1974, og komu út 13 tölublöð á þeim tíma, undir minni ritstjórn. Dvöl bandarísks herliðs í landinu og vera íslensku þjóðarinnar í NATO var oftar en ekki tekin fyrir í Stúdentablaðinu á þessu tímabili, enda stjórn Stúdentaráðs og sá meirihluti ráðsliða, sem hún hafði umboð sitt frá, í yfirlýstri andstöðu við hvorttveggja. Það var því hluti af starfi mínu við blaðið að fylgja eftir stefnu útgáfustjórnarinnar (stjórnar SHÍ) í þessum málum, það þurfti því engum að blöskra, þótt hart væri við brugðið í fyrsta tölublaði, sem út kom eftir að áðurnefnd undirskriftasöfnun fór af stað, og henni mótmælt af krafti í málgagni Stúdentaráðs.

Það stóð heldur ekki á því að stjórn Stúdentaráðs lýsti yfir stuðningi sínum við núverandi ritstjóra Stúdentablaðsins og mig sem fyrrverandi ritstjóra, í ályktun 27. júní 1974, þar sem hún fordæmir harðlega þær árásir sem stefnendur mínir eru taldir gera á frjálsa skoðanamyndun og tjáningarfrelsi í landinu, með höfðun fjölda meiðyrðamála á hendur þeim, sem staðið höfðu að blaðaskrifum um undirskriftasöfnunina og forvígismenn hennar.

Ég legg á það áherslu, að ég lít á öll skrif mín um undirskriftasöfnun „varins lands“, sem pólitísk skrif fyrst og fremst, sem ekki er eingöngu beint gegn forgöngumönnum hennar, heldur og gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna, tengd þeirri baráttu gegn henni, sem á sér stað á alþjóðlegum vettvangi og þeirri baráttu sem háð hefur verið gegn áróðursmönnum hennar hérlendis um 30 ára skeið. Ég tel það skyldu mína sem Íslendings að snúast öndverður gegn hverju því, sem leitt getur til ógnunar við fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, eða getur á einhvern hátt orðið til að villa mönnum sýn, gagnvart þeirri hættu sem smáþjóð á borð við okkur er búin af ásælni erlendra stórvelda.

Eina tryggingin fyrir því, að hægt verði að bægja frá þeirri ógn, sem lengi hefur vofað yfir íslensku þjóðinni, er að alþýðustéttir þessa lands öðlist skilning á því, hvað það raunverulega merkir að vera sjálfs sín ráðandi í eigin landi. Ég og margir fleiri munum halda áfram að berjast fyrir því, með þeim rétti sem íslensk lög og stjórnarskrá veita okkur, að fá að sjá þá hugsjón rætast.

Ég mun í engu hvika frá þeirri skoðun minni, að undirskriftasöfnunin „varið land“ hafi verið pólitískt tilræði, sem stefnt hafi verið gegn þeim markmiðum, sem ég hef lýst hér að framan. Gildir þar einu þótt forvígismenn undirskriftasöfnunarinnar vilji gera sér upp annan tilgang og háleitari, sem ekkert eigi skylt við pólitík.“

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður til umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru, og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að hon-

um er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg í alla staði. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingaratriði.

1. Umbjóðandi minn er stúdent við Háskóla Íslands og er þar forystumaður í félagslífi stúdenta. Í Háskóla Íslands hafa frá upphafi bæði stúdentar og kennarar látið þjóðfrelsismál almennt og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar mikið til sín taka og hafa þar yfirleitt verið í fararbroddi fyrir málstað Íslands. Í sjálfstæðisbaráttunni hinni nýju, þegar Bandaríkjamenn fóru fram á herstöðvar hér á landi til 99 ára, árið 1946, lét Háskólinn, stúdentar og kennarar, kröftuglega til sín heyra og áttu þau mótmæli sinn þátt í því að þeirri beiðni var hafnað. Í máli þessu verða lagðar fram ræður og greinar háskólakennara eins og Ólafs Lárussonar, Sigurbjörns Einarssonar, Guðmundar Thoroddsen, Einars Ólafs Sveinssonar o. fl., svo og yfirlýsingar forystumanna allra pólitísku stúdentafélaganna í Háskólanum. Þungamiðjan í afstöðu Háskólans er og hefur verið sú, eins og glöggt kemur fram í þessum gögnum, að krafa um erlenda hersetu í landinu er erlend ásælni, sem gjalda á varhug við og hafna. Þessu merki hafa háskólaborgarar haldið á lofti æ síðan. Strax í upphafi var varað við því, að af langvarandi erlendri hersetu í landinu myndi leiða aðra herleiðingu, herleiðingu hugarfarsins, og svo gæti farið, þegar stundir liðu fram, að einhver hluti þjóðarinnar sætti sig við ævarandi hersetu og tvíbýli við erlendan her í landi sínu. Þegar svo á þjóðhátíðarárinu 1974 rísa upp nokkrir menn, af því að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi um að láta herinn fara, sem ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um stuðning við áskorun til stjórnvalda um að láta herinn ekki fara, þá ofbauð stúdentum og fordæmdu þeir þetta athæfi vægðarlaust. Ummæli umbjóðanda míns, sem er einn af þeim fyrstu sem tóku sér penna í hönd vegna undirskriftasöfnunarinnar, eru því réttlætanleg.

2. Önnur réttlætingarástæða er eftirfarandi: Sakir aukinnar tækni, meðal annars í samgöngum og fjarskiptum hefur heimurinn minnkað mjög mikið frá því sem áður var, fólk og þjóðir færst nær hver annarri og heimsmynd manna gerbreyst. Þetta hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt fólks almennt, ekki síst

ungs fólks. Ungt fólk er samúðarfullt í eðli sínu og fyllist gjarna réttlátri reiði, ef og þegar lítilmagnanum er sýnt ofbeldi eða ef og þegar hinum saklausu og varnarlausu er sýnd grimmd. Það er ekki hvað síst afstöðu og baráttu ungs fólks í heiminum að þakka að slotað hefur a. m. k. í bili vitfirringslegum grimmdarhernaði gegn saklausu og varnarlausu fólki í Viet-Nam, sem almennt hefur verið fordæmdur. Að þeim hernaði stóð bandaríkjaher. Sami herinn og á Íslandi situr, her sem lýtur sömu herstjórn og sama forseta. Er nú nema von, að hinn ungi stúdent, umbjóðandi minn, grípi til stóryrða, þegar stefnendur þessa máls óska skriflega eftir því, að einmitt þessi her skuli hafa herbækistöðvar hér á landi?"

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin:

„*Um 1.*

Orðið, sem tilgreint er, telja stefnendur móðgandi og að í því felist aðdróttun um undirlægjuhátt stefnenda gagnvart erlendu ríki. Telja stefnendur, að refsa beri vegna þessarar ærumeiðingar samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 2.

Stefnendur telja þessi ummæli ærumeiðandi fyrir sig. Ummælin í fyrstu setningunni séu móðgandi svo og orðið bænarskjal, en niðurlag ummælanna feli í sér aðdróttun um, að tilgangurinn með umræddri undirskriftasöfnun sé í þágu Bandaríkjanna, sem er að sjálfsögðu alrangt og þveröfugt við yfirlýstan tilgang undirskriftanna. Telja stefnendur, að refsa beri stefnda fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Varðandi þessa ærumeiðingu vísast til þess, er greinir undir 1. hér að framan.

Um 4.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 5.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 6.

Stefnendur telja orðið „ófagnaðarlýðs" móðgandi og refsivert samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 7.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og að í þeim felist aðdróttun um, að hernám Íslands eða herseta í landinu sé þeim sérstakt keppikefli eða hugsjón, sem er að sjálfsögðu fjarstæða. Telja stefnendur ummæli þessi ærumeiðandi og refsiverð samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 8.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og að í þeim felist aðdróttun um annarlegan tilgang undirskriftasöfnunarinnar. Telja þeir ummæli þessi refsiverð samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 9.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og að einnig felist í þeim aðdróttun um, að annarlegir hagsmunir liggi til grundvallar forgöngu stefnenda um undirskriftasöfnunina. Er m. a. dylgjað um fjárhagsmuni þar að lútandi, er settir séu ofar hagsmunum Íslands. Aðdróttanir þessar eru gersamlega rakalausar, en mjög ófyrirleitnar. Telja stefnendur, að ummæli þessi í heild varði stefnda refsingu samkvæmt 234. og 236. gr., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940."

Af hálfu stefnenda er krafan um miskabætur rökstudd svo í greinargerð:

„Ærumeiðingar eru almennt fallnar til að valda þeim miska, er fyrir þeim verður. Þessi tjáningarháttur í rituðu máli er flestum hvimleiður. Í umræddu tilviki var veitzt að stefnendum með hrakyrðum og dylgjum vegna skoðana þeirra og reynt var á þann hátt að sverta þá í augum stúdenta Háskólans og gera forgöngu þeirra að könnun viðhorfa Íslendinga til varnarmála sem tortryggilegasta. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum með því að gera þeim tilfinnanlega refsingu, sem að skrifunum standa, en dæma þeim ríflegar bætur, sem ærumeiddir eru. Slík skrif er ekki hægt að telja annað en misnotkun á prentfrelsi og tilræði við andlegt frelsi. Það á fremur að hamla gegn slíku með virkum viðurlögum en skapa því skjól til að skáka í með of vægum viðbrögðum dómsvaldsins. Hér ber sérstaklega að hafa í huga,

að málgagn stúdenta við Háskóla Íslands var notað til ærumeiðandi skrifa um kennara við skólann. Verður að telja slíkar árásir á kennara skólans sérstaklega ótilhlýðilegar og vítaverðar."

Um einstök ummæli hefur stefndi þetta að segja í aðiljaskýrslu sinni:

„1. Eins og áður hefur komið fram í skýrslu minni, hef ég þá skoðun, að vera bandarísks herliðs hér á landi og þátttaka Íslendinga í hernaðarbandalaginu NATO, sé eingöngu í þágu bandarískrar heimsvaldastefnu og liður í viðleitni Bandaríkjanna til að vernda yfirráðahagsmuni sína í þeim heimshluta, sem við byggjum. Orðið „ameríkanasleikja" (notað í flt.) er því einkar vel til fundið hjá mér, sem samheiti á 14 forgöngumönnum „varins lands", því að í barnæsku lærðist mér, að það orð væri notað um þá, sem vildu bandaríska setuliðinu á Íslandi hið besta. Orðið er sannverðugt ádeiluheiti á stefnendum mínum og hinum tveim, sem sýnir sig best í því að þeir telja það móðgandi fyrir sig. Ádeilubroddurinn hefur því hitt í mark.

2. Þegar gerðir manna og athafnir stangast á við það, sem þeir þykjast meina, hættir venjulegu skynsömu fólki oft til að álíta að þeir hinir sömu séu fífl, eða að minnsta kosti að leika fífl. Stefnendur mínir segja undirskriftasöfnunina sprottna af umhyggju fyrir öryggishagsmunum Íslendinga og sjálfstæði þjóðarinnar. Texti undirskriftaskjals þeirra vl-manna tekur af öll tvímæli um vilja þeirra til að viðhalda bandarískri hersetu hér á landi og að undirskriftunum er beint gegn andstæðingum sömu hersetu. Þar er skorað á ríkisstjórnina og Alþingi að „ . . . leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins." Mín sannfæring er sú að tiltektir þeirra vl-manna hafi fremur verið bandarískum hagsmunum til stuðnings en þjóðlegum hagsmunum íslenskum. Vona ég því að bandaríska hirðin hafi haft nokkuð gaman af tiltækjum fífla sinna, en vísa því á bug að hnyttilega orðuð lýsing mín á atferli þeirra eigi nokkuð skylt við meiðyrði.

3. Hér vísast alfarið til þess sem áður segir um 1.

4. Ekki er mér kunnugt um neinn hinna 14 vl-manna hafi hlotið verulegan frama innan íslenskra stjórnmálaflokka. Þá fullyrðingu, að það sé vegna þess hvað þeir þykja leiðinlegir er aftur sjálfsagt að kanna með vitnaleiðslum. Sjálfur þarf ég ekki frekari vitnanna við eftir að hafa upplifað það skeið í íslensku þjóðlífi, að fjölda pólitískra andstæðinga þeirra sé stefnt fyrir rétt vegna meintra meiðyrða eða eftir að hafa lesið og heyrt rök-

stuðning sumra þessara manna fyrir því, hvers vegna þeir lögðu út á þá braut. Hér er um vangaveltur að ræða af minni hálfu, sem ég tel að eigi við sannleiksrök að styðjast.

5. Vonleysi þessara vesalings manna er fyrst og fremst í því fólgið, hvað sá málstaður sem þeir berjast fyrir er vonlaus eða þær framavonir, sem þeir binda við hann. Það sýndi sig líka í sambandi við þessa undirskriftasöfnun þeirra vl-manna, að málsmetandi menn innan íhaldssamra íslenskra stjórnmálaflokka vildu allir þvo hendur sínar af þessu tiltæki og beittu ekki flokkum sínum til að vinna málinu framgang, eins og þó hefði alveg eins getað gerst. Það var miklu fremur eins og fjórtánmenningarnir hefðu tekið að sér sjálfviljugir að vinna þetta „óþrifaverk". Ekki er mér kunnugt um að neinn þeirra hafi enn hlotið „verðskuldaða" umbun frá neinum þessara flokka fyrir hlutdeild sína að þessu „dáðverki". Nafngiftin eða sú líking sem hér um ræðir er því ekki meiðyrði, heldur grátlegur sannleikur þessum mönnum.

6. Orðið „ófagnaðarlýður" er einhver sú eðlilegasta og sannasta nafngift, sem sérhver pólitískur andstæðingur vl-manna kysi að velja þeim. Þótt ýmsum hafi þeir þótt boða fögnuð, gætu andstæðingar þeirra tæpast orðað þetta á vægari hátt en að gefa til kynna, að sér hefðu þeir boðað ófögnuð. Orðið telst því tæpast meiðandi.

7. Þar lá að. Ef vera þess bandaríska herliðs, sem nú er í landinu, væri vl-mönnum ekkert sérstakt keppikefli, til hvers væru þeir þá að safna undirskriftum? Hvað þýða orðin að „ . . . leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins"? Ef það er fjarstæða að ætla þeim þennan tilgang, eins og segir í stefnunni, þá er ég hvorki læs eða skrifandi. En texti undirskriftaskjalsins tekur af öll tvímæli um að þessi ákæruliður er með öllu rakalaus.

8. Hér kann það að vera að skáldlegt orðalag ummælanna hafi ruglað hina alvarlegu stefnendur mína eitthvað í ríminu. Ég er engan veginn með þeim að gera þeim upp annan tilgang en þann, sem skýrt kemur fram í því orðalagi undirskriftatextans, sem þeir áttu hlutdeild að. Vísa ég um það til sama rökstuðnings og fram kemur undir 7. Aðdróttunin er sönn og getur því ekki kallast refsiverð.

9. Það er eðlilegt að menn, og þó einkum pólitískir andstæðingar, velti því fyrir sér, hvort á bak við frumkvæði af því tagi sem undirskriftasöfnunin „varið land" er, eigi sér ekki einhverj-

ar jarðbundnari orsakir en hugsjónir einar, pólitískar eða ekki. Í ummælum þeim sem hér um getur, er ég að velta því fyrir mér, hvort svo geti ekki átt sér stað um ýmsa fjórtánmenninganna, og slæ fram getgátum í því sambandi. Það vill hinsvegar svo til, að mér er kunnugt um, að einstaklingar í þessum hópi hafa átt beinna fjárhagsmuna að gæta af veru bandríkjaherliðsins hér. Og eins er mér kunnugt um náms- eða rannsóknarstyrki, sem veittir eru úr sjóðum Atlantshafsbandalagsins, sem ýmsir íslenskir vísindamenn hafa hlotið og ef til vill einhverjir úr hópi hinna fjórtán vl-manna. Í ummælunum er þó ekki verið að fullyrða neitt, engir einstaklingar eru þar nafngreindir, en aðeins látið að því liggja, að veraldlegir hagsmunir geti haft áhrif á pólitíska afstöðu manna og athafnir. Bollaleggingar eins og þær, sem fram koma í ummælunum, tel ég fullkomlega eðlilegar, ef litið er á pólitíska hlið málsins, og tel ég mig ekki þurfa að þola refsingu fyrir, jafnvel þótt erfitt kunni að reynast að tengja saman, svo sannað sé, persónulega hagsmuni annars vegar og pólitískan tilgang hins vegar."

Í greinargerð lögmanns stefnda eru sýknukröfur rökstuddar frekar þannig:

„Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Ekki verður séð, að hópurinn hafi orðið fyrir nokkrum miska og útilokað er, að reikna út miskabótakröfu pro rata á 12 menn af 14 í hópnum, sbr. 46. gr. einkamálalaganna. Opinber ummæli eins aðilans úr hópnum, prófessors Jónatans Þórmundssonar, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu benda frekar til þess að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd". Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða, heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og tölvuafritun var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr. sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Um þann kröfulið stefnenda, að stefndi verði dæmdur til að sjá um að dómur í máli þessu, forsendur og dómsorð, verði birtur í fyrsta og öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, er það að segja, að með því að útgefanda þessa blaðs og/eða núverandi ritstjóra hefur ekki verið stefnt inn í mál þetta, ber að sýkna umbjóðanda minn af þessum kröfulið vegna aðildaskorts."

IV.

Álit dómsins.

Aðild.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í 1. tbl. 50. árgangs Stúdentablaðsins. Stefndi var á þeim tíma ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, og hefur hann viðurkennt að hafa skrifað greinina, sem hin umstefndu ummæli birtust í, hún liggur fyrir í málinu sem dskj. nr. 3. Stefndi ber því ábyrgð á umstefndum ummælum skv. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Stefnendur gengust fyrir og stjórnuðu framkvæmd undirskriftasöfnunar undir kjörorðinu „Varið land". Viðurkennt er af stefnda, að undirskriftasöfnun þessi hafi verið tilefni greinar þeirrar, sem hin umstefndu ummæli birtust í. Með hliðsjón af þessu verður að telja, að stefnendur eigi þegar af þessari ástæðu aðild að máli þessu.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn

mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsinga- og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949, og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun notandans á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu verður ekki horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að framan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Almenn undirskriftasöfnun, eins og stefnendur efndu til, í svo viðkvæmu deilumáli sem dvöl

bandaríska herliðsins hér á landi er, var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælanda ábyrgð.

Ummælin.

Eins og fram er komið, birtust hin umstefndu ummæli í grein í Stúdentablaðinu, 1. tbl., 50. árgangs. Fyrirsögn greinarinnar er „Ameríkanasleikjur komnar á stjá: Nú á að safna undirskriftum".

1. Þegar litið er til þess, sem rakið hefur verið í almennu athugasemdunum hér að framan, þá þykja ummæli þessi ekki verða látin varða við hegningarlög.

2. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

3. Sjá 1.

4. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

5. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

6. Þegar litið er til þess, sem að framan hefur verið rakið í almennu athugasemdunum, þá þykja ummæli þessi ekki verða látin varða við hegningarlög.

7. Stefndi hefur ekki réttlætt þessi ummæli, enda hefur ekkert komið fram undir rekstri málsins um afstöðu stefnenda til hernáms. Ummælin þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

8. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja

þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

9. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau í heild, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands“ og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir telja sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til að standa straum af kostnaði við birtingu forsendna og dómsorðs í málinu í opinberum blöðum samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og niðurlag dóms þessa í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Hæfilegt þykir, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 30.000 í málskostnað.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, sem birtust í Stúdentablaðinu, 1. tbl., 50. árgangs, og upp eru talin í stefnu undir liðum 2, 4, 5, 7, 8 og 9, skulu vera ómerk.

Stefnda, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa sé birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Stefndi, Rúnar Ármann Arthúrsson, skal greiða stefnend-

um, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. maí 1977.

Nr. 74/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Hauki Guðmundssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Kröfu um, að dómari víki sæti, synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur hinn 25. apríl 1977 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Keflavíkur, sem upp var kveðinn sama dag. Barst kæran Hæstarétti hinn 3. þ.m. Ríkissaksóknari hefur veitt leyfi til kærunnar, sbr. 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 75/1973. Krefst varnaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og tekin verði til greina sú krafa hans, að rannsóknardómarinn Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, víki sæti í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Kröfu sína um, að rannsóknardómarinn víki sæti, styður varnaraðili þeim rökum, að hann hafi verið sér óvinsamlegur og hlutdrægur í rannsókn annars opinbers máls, sem hann hefur með höndum. Hafi rannsóknardómarinn hinn 7. mars sl. sent fjölmiðlum fréttatilkynningu um rannsókn

þess máls, er verið hafi hlutdræg og til þess fallin að baka varnaraðilja álitshnekk.

Engin haldbær rök eru komin fram fyrir þeirri kröfu varnaraðilja, að horf rannsóknardómarans við honum sé þannig, að honum beri að víkja sæti í málinu. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 25. apríl 1977.

Þann 10. desember 1975 kærði Seðlabanki Íslands Hauk Guðmundsson rannsóknarlögreglumann, Kirkjuvegi 3, Njarðvík, fyrir tékkamisferli með útgáfu 6 tékka, samtals að fjárhæð 390.000 krónur, 21. október — 4. nóvember 1975. Kæran var fengin rannsóknarlögreglunni í Keflavík til meðferðar, og þann 29. mars 1976 voru teknar lögregluskýrslur af kærða og einu vitni.

Kærða var veitt lausn frá störfum um stundarsakir í desember sl. vegna gruns um aðild að meintri ólöglegri handtöku.

Með bréfi, dags. 6. janúar 1977, krafði bæjarfógetinn í Keflavík og Njarðvík kærða um kærugögnin, og þann 10. janúar afhenti kærði ljósrit af kærubréfinu ásamt lögregluskýrslum og ljósriti af tékkunum. Fram kemur í bréfi, sem fylgdi gögnunum, að kærði hafði sent frumrit kærunnar ásamt ljósriti af lögregluskýrslum og tékkum til greiðslubankans, Útvegsbanka Íslands í Keflavík.

Af öðrum gögnum kemur fram, að kærði hefur sent gögn þessi með bréfi, dags. 28. september 1976, og óskað eftir, að bankinn færi fram á, að málið yrði fellt niður. Af hálfu bankans er því haldið fram, að bréf þetta hafi borist bankanum 10. janúar sl.

Með úrskurði 25. janúar 1977 vék hinn reglulegi héraðsdómari, Jón Eysteinsson bæjarfógeti, sæti við rannsókn málsins.

Með umboðsskrá, útgefinni 3. febrúar 1977, var Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari skipaður til að fara með rannsókn vegna kærunnar svo og til að rannsaka önnur þau atriði, sem upp kynnu að koma við rannsókn vegna kærunnar.

Dómsrannsókn hófst hinn 23. mars sl.

Kærði kom fyrir dóminn 15. þ. m., krafðist þess, að dómarinn viki sæti, og lagði fram svohljóðandi yfirlýsingu:

„Það er sannfæring mín, að rannsóknardómarinn, Steingrímur Gautur Kristjánsson, sem farið hefur með rannsókn „handtökumálsins", þar sem undirritaður var yfirheyrður sem sakamaður, sé vanhæfur, hvað varðar að fara með rannsókn mála á hendur undirrituðum. Framangreint er m. a. rökstutt með framkomu rannsóknardómarans við upphaf handtökumálsins, þegar hann fullyrti, „að ekkert sé annað en að leggja spilin á borðið" fyrir undirritaðan. Í framhaldi af þessu nefndi hann nokkur atriði, sem fram höfðu þá komið við rannsókn málsins s. s. afnám fingrafara, áfengisflöskur, sem þá var talið, að horfið hefðu af lögreglustöðinni á Keflavíkurflugv. Framburð Sigurbjargar Gísladóttur, meðferð bjórkassa frá lögreglunni í Keflavík.

Þá er að nefna fréttatilkynningu rannsóknardómarans í fjölmiðlum, sem m. a. birtist í Mbl. 8. mars s.l. — Fullyrðingar rannsóknardómarans í fjölmiðlum um, að handtökumálinu yrði lokið fyrir tiltekin tímamörk og margt fleira frá vettvangi fjölmiðla, sem ekki verður rakið hér.

Það er krafa mín, að skipaður umboðsdómari í ávísanamáli mínu, Steingrímur Gautur Kristjánsson, víki án tafar sæti frá þeirri rannsókn."

Krafa kærða um, að dómarinn víki sæti, er efni þessa úrskurðar.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki verið tekin afstaða til kröfunnar.

Þann 6. desember 1976 gaf lögreglan sig á tal við Karl Guðmundsson, Þórufelli 14, Reykjavík, þar sem hann sat undir stýri bifreiðarinnar R 584 í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi. Við leit í bifreiðinni fundust tvær flöskur af Vodka og kassi af áfengu öli. Var Karl síðan fluttur til Keflavíkur og þaðan í fangageymslu á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var hafður í haldi í um sólarhring. Kærði stjórnaði handtökunni.

Fljótlega vöknuðu grunsemdir hjá yfirmönnum lögreglunnar um, að ekki væri allt með felldu varðandi handtökuna, og þann 9. desember sl. barst ríkissaksóknara bréf, þar sem þess var krafist af hálfu Karls Guðmundssonar, að rannsókn færi fram út af meintri ólöglegri handtöku á honum.

Með umboðsskrá 14. desember 1976 var Steingrímur Gautur Kristjánsson skipaður til að fara með rannsókn vegna handtökunnar. Rannsóknin hófst 15. desember sl.

Við rannsóknina komu fram gögn, sem gáfu til kynna, að áfenginu hefði verið komið fyrir í bifreiðinni án vitundar Karls og Guðbjarts heitins Pálssonar, umráðamanns bifreiðarinnar, sem með honum var, og að þeir hefðu verið blekktir til að aka inn í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar, til að þeir yrðu handteknir þar. Grunur beindist að kærða um, að hann hefði átt frumkvæði að því, að áfenginu væri komið fyrir í bílnum og að Guðbjartur heitinn væri fenginn til að koma í umdæmi Keflavíkurlögreglunnar. Ýmis gögn virtust gefa vísbendingu í þessa átt.

Þegar kærði kom fyrir dóminn 21. desember 1976, var hann áminntur um sannsögli og honum gerð grein fyrir réttarstöðu hans. Síðan var honum skýrt frá því, sem fram hafði komið gegn honum í gögnum málsins, og skorað á hann, ef hann vissi sig sekan, að „leggja spilin á borðið". Kærði lýsti þegar yfir sakleysi sínu. Við lok yfirheyrslunnar skoraði dómarinn á kærða, ef hann vissi sig saklausan, að færa fram gögn því til stuðnings og benda dóminum á rannsóknarefni, sem mundu leiða í ljós sakleysi hans.

Handtaka Karls Guðmundssonar vakti þegar mikla og almenna athygli, og var mikið ritað um hana og rannsókn handtökumálsins í blöð. Í því sambandi var leitað fast eftir upplýsingum við dómarann, og gaf dómarinn framan af greiðar upplýsingar um gang rannsóknarinnar almennt, en forðaðist, eftir því sem tök voru á, að skýra frá því, sem kom fram efnislega um rannsóknarefnið. Mikið af upplýsingum dómarans var rangfært og rangtúlkað í blöðum. M. a. var skýrt frá því, a. m. k. í einu dagblaði, að dómarinn hefði sagt, að rannsóknin beindist að því að sanna sekt kærða, þar sem hið rétta var, að dómarinn hafði sagt, að rannsóknin beindist einkum að því um þær mundir að sanna sekt eða sakleysi kærða. Kann að vera, að af þessum ástæðum eða öðrum líkum hafi kærði fengið þá hugmynd, að dómarinn væri hlutdrægur. Af þessum ástæðum tók dómarinn þann kost að hætta að veita dagblöðunum aðrar upplýsingar en þær, sem óhjákvæmilegt var að veita, en gaf jafnframt fyrirheit um að senda þeim fréttatilkynningu, þegar rannsóknin væri komin á það stig, að það teldist óhætt, þannig að komið væri til móts við réttmæta hagsmuni almennings af að fá að fylgjast með gangi dómsmála.

Mánudaginn 7. mars sl. sendi dómarinn síðan út fréttatilkynningu, sem birtist í nokkrum blöðum. Fréttatilkynning þessi er aðallega hlutlaus frásögn af framburði vitna og frásögn kærða

af atvikum svo og upplýsingar um afstöðu kærða til þeirra gagna, sem fram höfðu komið gegn honum. Jafnframt er leitast við að leiðrétta verstu missagnir dagblaðanna. Fréttatilkynning þessi var engan veginn tæmandi atvikalýsing, heldur frásögn af því markverðasta, og kann að vera, að kærði hafi þar saknað einhvers, sem hann telur sér til hagsbóta, en einnig er ýmsu sleppt, sem kann að vera honum í óhag. Á engan hátt er lagt mat á sönnunargildi rannsóknargagnanna.

Dómarinn hefur ekkert fullyrt um það, hvenær rannsókninni yrði lokið, aðeins svarað spurningum fréttamanna um líkur í því efni, en vera má, að þær upplýsingar hafi verið rangtúlkaðar í blöðum.

Krafa kærða virðist byggjast á þeirri skoðun, að dómarinn hafi sýnt með meðferð sinni á rannsókn vegna handtöku Karls Guðmundssonar, að hann geti ekki annast þessa rannsókn á óhlutdrægan hátt.

Eins og að framan er rakið, virðast ekki efni til að fallast á kröfu stefnda vegna þeirra atriða, sem hann tilgreinir í yfirlýsingu sinni, og ekki þykja heldur af öðrum ástæðum efni til, að dómarinn víki sæti, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74 frá 1974 um meðferð opinberra mála og 36. gr., einkum 7. tl., laga nr. 85 frá 1936 um meðferð einkamála í héraði.

Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Steingrímur Gautur Kristjánsson, dómari samkvæmt sérstakri umboðsskrá, víkur ekki sæti.

Miðvikudaginn 11. maí 1977.

Nr. 122/1974. **Þorsteinn Haraldsson**
(Brynjólfur Kjartansson hdl.)
gegn
Lárusi Ingimarssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Hamarsbúðinni h/f og
(Gunnar Sólnes hdl.)
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Ólason hrl.).

Flugeldar. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1974. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér óskipt 1.772.741 krónu með 7% ársvöxtum frá 19. febrúar 1966 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu óskipt eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi, sem hafði gjafsókn í héraði, fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 16. apríl 1975.

Stefndi Lárus Ingimarsson krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi Hamarsbúðin h/f krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröf-

ur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst aðallega sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi hans. Til vara krefst hann þess, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar, en málskostnaður látinn falla niður.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Kr. Guðmundar Guðmundssonar tryggingastærðfræðings um örorkutjón áfrýjanda, dags. 29. apríl 1977.

Það athugast, að af hálfu áfrýjanda er höfð uppi hærri fjárkrafa í Hæstarétti en gerð var í héraði, án þess að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem 45. gr. laga nr. 75/1973 setur fyrir því, að leyfð verði aukin kröfugerð í Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda hafa ekki komið fram í Hæstarétti nein gögn, sem hnekki því áliti Bergsveins Ólafssonar augnlæknis, að mjög ósennilegt sé, að áfrýjandi hafi hlotið meiðsl sín af völdum skotelds þess, sem í málinu greinir. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður, en allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 160.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Þorsteins Haraldssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, 160.000 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. mars 1974.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 15. þ. m., er höfðað af Þorsteini Haraldssyni, Álftamýri 6 hér í borg, gegn Lárusi Ingimarssyni framkvæmdastjóra, Vitastíg 8 hér í borg, með stefnu, birtri

12. febrúar 1970, gegn Hamarsbúðinni h/f hér í borg með stefnu, birtri 30. janúar 1970, og gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs með stefnu, birtri 17. febrúar 1970.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda kr. 1.724.482 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1964 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati réttarins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 5. janúar 1970, hefur stefnandi fengið gjafsókn í málinu.

Stefndi Lárus Ingimarsson gerir nú þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi Hamarsbúð h/f krefst sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Stefndi fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst einnig sýknu af kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Dómurinn hefur leitast við að sætta aðiljana, en þær tilraunir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að aðfaranótt 1. janúar 1964, en hann var þá 14 ára að aldri, hafi hann verið staddur að Holtsgötu 10 hér í borg ásamt piltunum Ólafi Valssyni, 12 ára, og Birni Valdimar Gunnarssyni, 14 ára, og skotið flugeldi á tröppum hússins. Flugeld þennan hafi Ólafur keypt í Hamarsbúð h/f við Tryggvagötu hér í borg fyrir áramótin, en Hamarsbúð h/f hafi keypt flugeldinn hjá Heildverslun Lárusar Ingimarssonar, en nefndur Lárus hafi flutt flugelda af þessari gerð til landsins frá Japan. Lárus hafi látið breyta flugeldunum hér á landi á þann veg, að í stað þess að eiga að standa á fjórum pappafótum á jörðu, er þeim væri skotið, hafi verið fest við þá plaströr, er ætlað var, að stæði ofan í flösku, er skotið væri. Þannig hafi flugeldur sá verið, er skotið var, er síðargreint slys skeði. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi fengið neista eða eitthvað annað úr flugeldinum í vinstra augað, þegar hann skaut flugeldinum, með þeim afleiðingum, að hann hafi orðið alblindur á auganu.

Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu skaðabóta úr hendi

stefndu vegna þess tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af slysi þessu.

Stefnandi skýrir svo frá, að fljótlega eftir slysið hafi málið komið til kasta rannsóknarlögreglunnar, sem m. a. hafi tekið skýrslur af piltunum Ólafi og Birni Valdimar. Þær skýrslur hafi glatast. Hafi lögmaður stefnanda með bréfi til rannsóknarlögreglunnar, dagsettu 6. febrúar 1967, óskað eftir frekari rannsókn í málinu. Hófst sú rannsókn hinn 28. febrúar 1967, með því að tekin var skýrsla af Ólafi Valssyni. Áður höfðu stefnandi og faðir hans, Haraldur Þorsteinsson, skráð niður skýrslur um atburð þennan, dómsskjöl nr. 5 og 6. Eru þær skýrslur báðar dagsettar 25. maí 1964.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu bréf frá stefnda Hamarsbúð h/f, dagsett 21. september 1964, og er það svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni hr. Haraldar Þorsteinssonar, Álftamýri 6, Reykjavík, vottast, að við fengum frá heildv. Lárusar Ingimarssonar, Vitastíg 8 A, Rvk., skv. nótu nr. 42 þ. 21/12 1963, 288 stk. „Orion"-flugelda, sem voru seldir í verzlun vorri um sl. áramót, og var okkur tjáð af ofannefndri heildverzlun, að flugeldar þessir væru með umbúnaði skv. fyrirmælum eftirlitsmanna lögreglunnar."

III.

Í skýrslu stefnanda, sem er dagsett 25. maí 1964, segir m. a.: „Hinn 31. desember sl. fór ég undirritaður í heimsókn til frændfólks míns að Holtsgötu 10, Reykjavík, milli kl. 8 og 9 um kvöldið. Dvaldi ég hjá fjölskyldu þessari um kvöldið og ætlaði að halda upp á áraskiftin hjá henni. Undir miðnætti fórum við Ólafur út á lóð hússins, Brekkustígs megin, með flugelda, sem við hugðumst senda á loft. Til okkar kom jafnaldri okkar og nágranni Ólafs, Björn Gunnarsson, Holtsgötu 13. Skutum við á loft tveimur stórum flugeldum og ætluðum þvínæst að skjóta á loft þeim þriðja, sem var af annarri gerð og minni. Tókst okkur ekki, sökum kuls, að tendra kveikinn þar, sem við vorum, og fluttum við okkur því í skjól uppi á tröppum hússins. Flugeldur sá, er hér um ræðir, var keyptur í Hamarsbúðinni í Tryggvagötu, og átti Ólafur hann. Af framleiðandans hálfu er ætlast til, að flugeldurinn standi á fjórum, þar til gerðum löppum úr pappa, en hafði verið breytt þannig, að við hann var fest rör af þeirri gerð, sem notuð eru til að sjúga drykk úr flösku. Var til þess ætlast, að rörið væri í flösku, er flugeldurinn væri tendraður, og gerði ég það. Í stað

þess að hefjast á loft, eins og við væntum, er við biðum, heyrði ég hvell og fann, að eitthvað fór í vinstra augað á mér. Fórum við þá strax inn og fékk ég kaldan bakstur við augað og við höfuðverk, sem ég fékk við sprenginguna. Lagðist ég fyrir til að jafna mig og lá fyrir í um það bil hálfa klukkustund. Fannst mér þá ég vera mun skárri og fór niður í kjallara til foreldra Vals, sem þar búa. Vildi ég ekki gera neitt úr þessu óhappi mínu við frændfólk mitt. Klukkan eitt á nýársnótt var mér svo ekið heim til mín á Miklubraut 56. Mamma og pabbi voru heima, er ég kom. Sagði ég þeim, hvað fyrir hefði komið, en taldi það lítilvægt. Háttaði ég síðan, en gat ekki sofnað og var nú orðinn illa haldinn af höfuðverk og vanlíðan. Bað ég mömmu um magnyltöflu og sofnaði skömmu eftir að ég hafði tekið inn töfluna. Svaf ég slitrótt og fremur óvært til morguns. Vanlíðan mín jókst eftir því, sem á daginn leið, og klukkan fjögur um daginn fór ég með föður mínum á slysavarðstofuna. Varðlæknir þar hafði strax samband við Bergsvein Ólafsson, augnlækni, sem lét okkur koma heim til sín og síðan á lækningastofu sína. Að rannsókn hans lokinni hlutaðist hann til, að ég fengi rúm í Landakotsspítala þá strax, og þangað var ég kominn klukkan hálfátta um kvöldið."

Hinn 6. maí 1967 gaf stefnandi skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Þar segir m. a. svo: „Það var nokkur stormgjóla úti, og við höfðum gert ítrekaðar tilraunir til að kveikja í rakettunni, án þess að það tækist. Þá fluttum við okkur í skjól upp á tröppurnar framan við húsið. Þar stungum við neðri enda rakettunnar niður í flöskustút og létum svo flöskuna standa á upphækkuðum steinpalli, fremst á tröppunum. Þar kveikti ég svo í rakettunni, en þeir Ólafur og Björn stóðu hjá mér, og þó heldur á bak við mig. Um leið og kviknaði í þræði rakettunnar, forðaði ég mér frá henni, en þó aðeins stuttan spöl, því það var ekki mikið pláss þarna á tröppunum. Nú þegar loks kviknaði í rakettunni, fór hún mjög fljótlega upp, en um leið varð einhvers konar sprenging í henni, og um leið fann ég, að eitthvað hrökk í augað á mér, vinstra augað, og fann ég fljótlega til allmikils sársauka í auganu."

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 23. júní 1971 skýrt svo frá, að hann hafi ekki haft með sér neina eldflaug að Holtsgötu 10 nefnt kvöld. Stefnandi kynnti sér eldflaugarnar, sem lagðar voru fram sem dómsskjöl nr. 30 og 31 í málinu. Kvað hann þessa flugelda vera af þeirri gerð, sem hann skaut í nefnt sinn. Á eldflaugum þessum eru varúðarreglur skráðar á ensku. Hann kveðst

hafa byrjað að læra ensku haustið 1963, en hann minnist þess ekki að hafa reynt að lesa áletrunina á eldflauginni. Hann telur, að hann hafi notað venjulegar eldspýtur við að kveikja á eldflauginni. Hann staðhæfir, að hann hafi verið búinn að losa sig við eldspýtuna, þegar hann fékk áverkann á augað, og telur hann útilokað, að áverkinn stafi frá eldspýtunni. Hann segir, að alltaf hafi slokknað á eldspýtunum, þegar þeir gerðu tilraun til að tendra flugeldinn niðri á lóðinni, en hann kveðst ekki geta sagt um, hvort kveikjuþráðurinn styttist við þessar tilraunir. Hann segir, að hetta hafi verið á eldflauginni og ekki hafi verið að sjá neina galla á eldflauginni. Þegar stefnandi hafði tendrað eldflaugina, kveðst hann hafa fært sig aftur á bak inn í hornið á stigapallinum, en snúið fram í áttina að eldflauginni. Hann kveðst áður hafa séð pilta í Gagnfræðaskóla Austurbæjar skjóta sams konar eldflaugum á loft. Virtist honum eldflaugarnar ekki fara mjög hátt á loft, en springa, þegar þær voru komnar á að giska 4—5 metra á loft upp. Hann segir, að stuttur tími hafi liðið, frá því að hann tendraði flugeldinn og þar til hann fann, að eitthvað skall á augað, en þá kveðst hann hafa verið kominn í hornið. Hann kveðst hafa getað gert sér grein fyrir, að eitthvað óvenjulegt var við hegðun eldflaugarinnar. Hann kveðst álíta, að eldflaugin hafi sprungið án þess að geta sagt um í hvaða hæð.

Haraldur Þorsteinsson, faðir stefnanda, hefur í skýrslu sinni frá 25. maí 1964 skýrt svo frá m. a.: „Er ég gerði mér ljóst, af frásögn læknisins, að hér var um alvarlegt slys að ræða, fór ég fram á lögreglurannsókn á slysinu. Þegar ég kom á skrifstofu sakadómara, var mér vísað til Tómasar Einarssonar, lögregluþjóns. Skýrði ég honum frá erindi mínu og málavöxtum. Bað hann mig að sjá um, að Ólafur Valsson, Holtsgötu 10, og Björn Gunnarsson, Holtsgötu 13, kæmu til skýrslugjafar, sem ég veit þeir gerðu. Sonur minn hefir ekki mætt til skýrslugjafar ennþá. Á nýársdag tók Ólafur Valsson flugeld þann, er slysinu olli, til varðveizlu og afhenti mér hann samdægurs eða daginn eftir. Hinn 6. janúar s.l. keypti ég í Hamarsbúðinni í Tryggvagötu flugeld af nákvæmlega sömu gerð, og eru umræddir flugeldar nú í fórum mínum. Ekki veit ég til þess, að lögreglan hafi tekið skýrslu af fleirum en þessum tveimur drengjum né heldur komið á slysstaðinn. Um breytingu þá á flugeldinum, er valdur var að slysinu og um getur í skýrslu sonar míns, vil ég taka þetta fram: Verzlunarstjórinn í Hamarsbúðinni, Ólafur Flygenring, hefir tjáð mér, að umrædd breyting á flugeldum af þessari gerð,

hafi verið framkvæmd að tilhlutan lögreglunnar í Reykjavík, að því, er hann bezt viti."

Haraldur Þorsteinsson hefur skýrt svo frá hér fyrir dómi hinn 23. júní 1971, að hann hafi keypt eldflaugarnar, sem lagðar voru fram, dómsskjal nr. 30, í Hamarsbúð rétt eftir slysið. Hafi þá aðeins þessar þrjár verið eftir og aðeins ein með hettu. Hann segir, að eldflaugin, sem merkt er sem dómsskjal nr. 31, sé sú sama, sem Ólafur Valsson afhenti.

Ólafur Valsson hefur í skýrslu sinni 28. febrúar 1967 til rannsóknarlögreglunnar skýrt svo frá m. a.: „Ég hafði keypt rakettu fyrir gamlárskvöld 1963 hjá Hamri h/f, Tryggvagötu. Raketta þessi var minnsta gerð af þeim rakettum, sem þá voru seldar, og kostaði að ég held kr. 15.00. Lýsing hennar er þannig, að rakettan sjálf var í plaströri gegnsæju og plaststykki með púðri á endanum. Heima hjá mér neðan við tröppurnar vorum við Þorsteinn Haraldsson og Björn Gunnarsson að reyna að kveikja í rakettunni, en það tókst ekki. Þetta var um kl. 23.00 umrætt gamlárskvöld. Við hættum þá við tilraunir okkar þar og bárum rakettuna upp á dyrapallinn fyrir framan útidyrnar. Þar settum við prik það, sem fest var við rakettuna, í flösku, og Þorsteinn bar eld að henni. Hann kveikti í rakettunni með venjulegum eldspýtum að ég held. Björn var fyrir aftan Þorstein og ég fyrir aftan Björn. Ég snéri mér undan, er Þorsteinn bar eldinn að rakettunni og Björn víst líka. Mér virtist rakettan fara upp eins og venjulega, og ekki varð ég var við sprengingu þá. Ég veit ekki, hve hátt rakettan fór, og má vera, að hún hafi sprungið, áður en hún kom hátt upp. Þorsteinn kvartaði strax um það, að hann hefði fengið eitthvað í auga, og fórum við þá inn. Var látinn bakstur við augað. Hann fór svo fljótlega heim til sín. Þorsteinn greip fyrir augað um leið og rakettan tendraðist og sagði „Ég hef fengið eitthvað í augað". Ég tók ekki eftir, að neitt sæi á auganu þarna á eftir, en athugaði það ekki sérstaklega. Ég veit ekki hvað kann að hafa lent í auga Þorsteins, en tel öruggt, að það hafi verið úr rakettunni."

Ólafur Valsson hefur hér fyrir dómi 3. september 1971 lýst ofangreinda skýrslu rétta. Hann kveðst hafa keypt þrjár eða fjórar eldflaugar af umræddri gerð í Hamarsbúð, en kveðst ekki muna, hvað varð um hinar tvær eða þrjár. Engar leiðbeiningar fylgdu eldflaugunum á íslensku. Hann hafði ekki lært ensku og reyndi ekki að lesa leiðbeiningarnar, sem skráðar voru á ensku. Hann sneri sér undan, þegar stefnandi skaut umræddri eldflaug.

og fylgdist því ekki glöggt með flugi hennar, en sýndist hún fara eðlilega upp.

Björn Valdimar Gunnarsson hefur í skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni hinn 1. mars 1967 m. a. skýrt svo frá: „Á gamlárskvöld 1963 var ég heima, en kom til kunningja míns Ólafs Valssonar, Holtsgötu 10, seint að kvöldi, eða nálægt kl. 23 um kvöldið. Þá var Þorsteinn Haraldsson staddur hjá Ólafi, og voru þeir báðir staddir utan húss og voru að reyna að kveikja á rakettu með eldspýtum. Ég tók ekki eftir útbúnaði rakettunnar. Okkur tókst ekki að kveikja á rakettunni neðan við tröppurnar, og fórum við því upp á dyrapallinn, en þar var fremur skjól. Ég hélt þar á flösku þeirri, sem rakettan stóð í og hélt henni frá mér með útréttum handlegg og snéri mér undan. Þorsteinn tók að sér að kveikja í rakettunni, en Ólafur var lengra frá og snéri sér undan. Þarna mun hafa kviknað strax í rakettunni, og fór hún upp úr flöskunni. Ég man ekki sérstaklega eftir neinni sprengingu, en fylgdi rakettunni ekki eftir með augunum og get því ekki sagt um ferð hennar. Ég man ekki, hvort Þorsteinn kvartaði strax um í auganu, þegar rakettan var tendruð, en við skutum ekki fleiri rakettum. Við fórum strax inn í húsið, og er inn kom, heyrði ég, að Þorsteinn kvartaði um sársauka í auga og talaði um, að hann sæi bara rautt."

Björn Valdimar hefur hér fyrir dómi hinn 3. september 1971 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann minnir, að hann hafi hallað flöskunni dálítið frá sér, en botn flöskunnar hafi numið við þak kæligeymslunnar. Hann kveðst hafa snúið andliti frá eldflauginni og að dyrunum til þess að verða ekki fyrir neistaflugi. Gerði hann þetta í varúðarskyni. Þetta var fyrsta eldflaugin, sem skotið var á loft, eftir að hann kom á staðinn. Hann segir, að stefnandi hafi verið nærri kæligeymslunni, þegar hann kveikti á kveikjuþræðinum, en telur, að vel geti verið, að stefnandi hafi fært sig inn í hornið, eftir að hann hafði kveikt í þræðinum. Hann kveðst ekki hafa kunnað ensku á þessum tíma og ekki lesið varúðarreglurnar, sem skráðar eru á eldflaugina. Hann kveðst ekki hafa séð eldflaugina, sem Ólafur fann daginn eftir.

Stefndi Lárus Ingimarsson hefur í skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 14. febrúar 1968 skýrt svo frá: „Fyrir áramótin 1963 flutti ég inn flugeldategund þá, sem hér eru sýnishorn af. Sá háttur var hafður á um þessa vöru svo sem ennþá er, að sýnishornum var komið til yfirlögregluþjóns, sem þá var Erlingur Pálsson, og gaf hann síðan leyfi sitt um söluna. Erlingur sam-

þykkti ekki sölu á flugeldum þeim, sem hér um ræðir, óbreyttum, og taldi hann nauðsyn á að breyta þeim þannig, að hægt væri að láta þá standa í flöskum. Ég sýndi honum þá flugeldana með álímdu plaströrinu, og samþykkti hann þá sölu á flugeldunum. Ég seldi síðan þetta „partí", en hef ekki flutt það inn síðan, þar eð ekki hefur borgað sig að flytja það inn með þeirri breytingu, sem gera varð. Ég lét setja plaströrin á sjálfur og á minn kostnað. Ég hef aldrei orðið var við neina kvörtun vegna flugelda þeirra. sem ég hef selt, aðra en þá, sem hér er á ferð."

Lárus Ingimarsson hefur hér fyrir dómi hinn 18. júní 1971 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Hann kveðst sjálfur hafa unnið að breytingunum á flugeldunum auk starfsfólks, sem hann réð til þess. Breytingarnar hafi verið í því fólgnar, að plaströr hafi verið lagt að belg flugeldsins og límbandi hafi síðan verið vafið utan yfir enda rörsins og yfir belginn. Aðrar breytingar hafi ekki verið gerðar. Hann minnir, að hann hafi fengið 10 flugelda lánaða úr tolli í upphafi. Með þá hafi hann farið til Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns, sem hafi skoðað flugeldana og jafnframt lýst því yfir, að flugeldurinn væri of valtur á pappafótunum, en ef hann límdi pappa eða plaströr á þá, þá mætti skjóta þeim úr gosflösku. Hann kveðst hafa breytt flugeldunum samkvæmt ábendingu yfirlögregluþjónsins, og að því loknu kveðst hann hafa farið með þá alla 10 aftur til yfirlögregluþjónsins. Daginn eftir kveðst hann hafa fengið leyfi yfirlögregluþjónsins til þess að selja flugeldana. Leyfið hafi að forminu til verið þannig afgreitt, að yfirlögregluþjónninn muni hafa áritað innflutningsskjöl, sem stefndi sýndi honum og áttu að fara til tollyfirvalda, með því að rita upphafsstafi sína á skjölin. Telur hann, að innflutningsskjöl þessi eigi að vera til í vörslum tollyfirvalda. Stefndi kveðst sjálfur ekki hafa prófað flugeldana, áður en hann setti þá á markað, enda kveðst hann hafa gengið út frá því, að lögreglan hefði prófað flugeldana með því að skjóta þeim á loft. Hann kveðst hafa gengið út frá því, að flugeldarnir hafi verið framleiddir á árinu 1963. Hann kveðst hvorki sjálfur hafa kynnt sér eðli og hættueiginleika flugelda eða hafa starfsmann með sérþekkingu á slíkum hlutum.

Bergsveinn Ólafsson augnlæknir hefur í vottorði, dagsettu 5. mars 1974, m. a. skýrt svo frá: „Perforations sárið á cornea og lesionin á ljósbrjótnum (lens) getur ekki orsakast af brennisteini frá eldspýtu eða flís úr henni. Miklu þyngri flís þarf til að fara gegn um cornea, og hlýtur hluti af rakettunni að valda svo stóru

sári á auganu. Brennisteinn eða partur af eldspýtu lendir iðulega upp í auga og veldur aðeins yfirborðsbruna á auganu, og hef ég margsinnis séð sár eftir slík óhöpp og aldrei alvarleg eftirköst eftir þau."

Hér fyrir dómi hinn 15. mars 1974 hefur augnlæknirinn gefið vitnaskýrslu, og var þá m. a. fært til bókar: „Það er álit vitnisins, að áverkinn hafi ekki komið af bruna, að minnsta kosti ekki fyrst og fremst. Telur vitnið víst, að hlutur, sem hefur farið þarna inn í, hafi gengið allt að centimetra inn í augað. Hvorki brunaleifar né leifar af þeim hlut, sem tjóninu olli, sáust í auganu. Vitnið kynnir sér nú hettu þá, sem fylgir eldflaugunum á dskj. nr. 30. Telur vitnið mjög ósennilegt, að slík hetta hefði getað valdið umræddu tjóni. Einnig telur vitnið mjög ósennilegt, að pappi úr eldflauginni á dskj. nr. 31 hafi getað valdið tjóninu. Vitnið telur, að það sé ákveðið álit þess, að sá hlutur, sem inn í augað fór, hafi farið út úr því aftur. Vitnið telur, að allmikinn kraft hafi þurft til þess að valda tjóninu. Vitnið segir, að því þyki ótrúlegt, að eldspýta, sem rekin er í auga, geti valdið slíku tjóni, og telur, að fyrr muni hún brotna, en stærri spýta mundi geta valdið þessu, ef hún kæmi af miklum krafti. Vitnið telur ólíklegt, að loftþrýstingur frá sprengingu hafi valdið tjóninu. Vitnið kveðst alltaf hafa haldið, að spýta eða fastur hlutur hefði farið í augað. Hefði glerflís farið í augað, þá hefði hún ekki sést á röntgenmynd, en ef glerflís hefði orðið eftir í auganu, mundi pilturinn hafa fengið bólguköst í augað síðar. Skýrsla stefnanda á dskj. nr. 5 og skýrsla stefnanda og vitnisins Ólafs Valssonar og Björns Gunnarssonar á dskj. nr. 3 voru lesnar upp í réttinum. Að gefnu þessu tilefni tekur vitnið fram, að það sé enn álit þess, að fastur hlutur hafi orsakað tjónið. Vitnið segir, að brunaleifar hefðu átt að sjást, ef brennandi efni hefði lent einhvers staðar utan við glæru augans. Ef um brunasár hefði verið að ræða, kveðst vitnið mundu hafa skráð um það athugasemd við skoðunina. Vitninu er sýnd rifin hetta á dskj. nr. 30. Telur vitnið mjög ósennilegt, að slík rifin hetta hafi valdið tjóninu, en kveðst ekki geta útilokað það."

Ólafur Haukur Flygenring hefur hér fyrir dómi hinn 15. mars 1974 skýrt svo frá, að hann hafi skráð áðurgreint vottorð frá Hamarsbúð h/f frá 21. september 1974 samkvæmt beiðni Haralds Þorsteinssonar, föður stefnanda. Kveðst hann hafa sagt við Harald, að sér fyndist ósennilegt, að drengur, búsettur að Álftamýri 8, hefði keypt slíka eldflaug í Hamarsbúð, og hafi þeirri

athugasemd ekki verið svarað. Kveður hann það fyrst í þessu réttarhaldi, sem hann heyri, að einhver annar hafi keypt flugeldinn en hinn slasaði. Hann segir, að Hamar h/f reki ekki neina verslun í Tryggvagötu. Hann minnist þess ekki, að hann hafi heyrt um önnur slys, sem talið hafi verið, að „Orion" eldflaugar hefðu valdið. Hann segir, að Hamarsbúð hafi fengið munnleg leyfi til flugeldasölu fram til ársins 1964, þegar tekið var að afhenda skrifleg leyfi.

IV.

Hinn 3. mars 1973 voru dómkvaddir þeir dr. Halldór Elíasson prófessor og Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur til að láta uppi álit í málinu. Skiluðu þeir álitsgerð, sem er dagsett 31. maí 1973. Þar segir m. a.: „Spurningalisti var lagður fyrir okkur að tilhlutan dómsins, og mun vikið að honum í lok matsgjörðar. Ennfremur fengum við í hendur leifar af eldflaug þeirri, sem talið er, að hafi valdið slysinu — hér eftir kölluð slysvaldur — og fjórar heilar eldflaugar af sömu tegund.

Rannsókn eldflauga. Í upphafi athugunar okkar þótti okkur nauðsynlegt að kanna innihald og gerð heillar eldflaugar og einnig að skera slysvaldinn eftir endilöngu til athugunar. Til þessa fengum við leyfi málsaðila. Fyrir og eftir uppskurð flauganna tókum við af þeim litmyndir í nokkrum stellingum og til samanburðar hvor við aðra. Eldflaug af þessari gerð samanstendur af eftirfarandi hlutum, sem alla má sjá á umræddum litmyndum:

1. Hylki úr pappa, 8 mm í þvermál og 42 mm á lengd með áföstum pappafótum að neðan. Ennfremur hefur papparör verið fest við hólkinn með venjulegu glæru límbandi (breyting á flugeldunum, sbr. málsskjöl).
2. Plasthettu (uppmjórri með smágati efst), sem smeygt er yfir hylkið að ofan.
3. Leirtappa, sem lokar hylkinu að neðan.
4. Kveikjuþræði, sem gengur í gegnum leirtappann.
5. Púðurhleðslu, sem komið er fyrir í hylkinu í tveim samlægum hlutum úr mismunandi púðurblöndum. Neðri hlutinn er svart púðurduft, og fyllir það um 80% hylkisins fyrir ofan tappann, en ofan á því er ljóst púðurduft í lagi, sem nær að efri enda hylkisins, en þeim enda er lokað með þunnu bréfi.

Við íkveikju í sýnishorni púðursins, sem tekið var úr heilu eldflauginni, kom í ljós, að svarta púðurduftið er venjuleg hæg-

brennandi púðurblanda, en ljósa púðurduftið er hraðbrennandi sprengipúður, sem gefur frá sér sterkt ljós. Greinilega er ætlazt til, að flaugin lyftist við bruna svarta púðursins, en spryngi síðan, þegar kveiknar í sprengipúðrinu, og er þá væntanlega gert ráð fyrir, að eldflaugin sé komin í sæmilega hæð.

Skottilraun. Til að fá frekari staðfestingu á eðli eldflauganna þótti okkur nauðsynlegt að skjóta tveim af þeim þrem eldflaugum, sem voru eftir heilar. Fengum við til þess leyfi lögmanna málsaðila og aðstöðu í stálsmiðjunni á Austurbakka við Brunnstíg, en þar er nægilega hátt til lofts. Til vitnis voru mættir við tilraunirnar lögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl., fyrir sig, og Gunnar Sólnes, hdl., Ólafur Stefánsson, hdl. f. h. ríkissjóðs og Sveinbjörn Jónsson, hrl.

Við tókum bréfrörið af fyrri eldflauginni og stilltum henni upp á fótum hennar, eins og framleiðendur gera ráð fyrir. Eftir íkveikju vannst nægur tími til að komast frá eldflauginni, sem síðan tókst eðlilega á loft og flaug fyrst nokkuð beint upp í um 5 metra hæð, en sveigði síðan til hliðar og komst mest í um 9 metra hæð og í um 12—15 metra lárétta fjarlægð. Þá sprakk flaugin með nokkuð háum hvelli og skæru ljósi. Í ljós kom, að plasthettan hafði rifnað að endilöngu, og efri helmingur hylkisins tætzt af og splundrazt (fannst ekki, en neðri helmingur er í svipuðu ásigkomulagi og slysvaldurinn og er varðveittur, ásamt rifinni plasthettu). Seinni eldflaugina létum við halda bréfrörinu og settum hana á flösku með bréfrörið ofan í. Eftir íkveikju virtist aðeins skemmri tími líða til flugtaks, en þó nægur til að komast frá flauginni í örugga fjarlægð. Flaugin fór nokkuð lóðrétt upp og sprakk í um 7 til 8 metra hæð. Hvellur varð mun daufari en í fyrra skiptið og ljós minna, eða dreifðara. Í ljós kom, að plasthettan var heil og hafði því einungis skotizt fram af hylkinu.

Ljóst er af ofansögðu, að eldflaugin flaug mun lengri vegalengd, a. m. k. 12 metrum lengra við fyrri tilraunina, áður en sprenging varð. Þetta getur þó ekki stafað af því, að bréfrörið var tekið af í fyrra skiptið, en ekki það seinna. Púðurhleðsla seinni flaugarinnar hefur brunnið mun hraðar en þeirrar fyrri og eldur fyrr komizt í sprengjupúðrið. Plasthettan getur hafa verið lausari á í seinna skiptið, enda hafði hún legið laus og við sett hana á eldflaugina, en fyrri eldflaugin hafði hettu fyrir.

Niðurstöður. Fyrst skal lýst því, sem á að gerast eftir íkveikju kveikjuþráðar eldflaugar í lóðréttri stöðu hennar. Eftir að kveiki-

þráður hefur brunnið í gegnum tappann, en við það myndast gat í gegnum tappann, þá kveiknar í svarta púðrinu og gas, sem myndast við brunann, þrýstist út um gatið á tappanum og tekur með sér eitthvað af óbrunnu og brennandi púðurdufti (töluverð sletta af óbrunnu púðri sat eftir á gólfi og flöskustút við tilraunir okkar. Samkvæmt Chemistry of Powder and Explosives, T. L. Davis Rh.D. 1956, verður við bruna á svörtu púðri aðeins 43% af þunga þess í formi gass, en 56% sem föst efni). Við þennan þrýsting lyftist eldflaugin og heldur áfram að lyftast, meðan púðrið brennur upp eftir hylkinu. Bruninn á að færast smám saman upp eftir hylkinu og ekki vera hraðari en það, að gasið nái að streyma út um hið litla op á afturenda flaugarinnar, þannig að ekki myndist nægjanlegur þrýstingur inni í hylkinu til að sprengja það. Þegar hins vegar bruninn nær sprengipúðrinu, sem er komið fyrir efst í hylkinu, þá eykst hraði brunans það mikið, að eldflaugin springur. Plasthettunni er ætlað að auka áhrif sprengingarinnar, sérstaklega hvað hvell varðar, en einnig að þjappa ljósmyndun á minna svæði. Eldflaugin á að fara nokkurn veginn beint upp í a. m. k. 5 metra hæð, en getur síðan sveigt til hliðar af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna breytinga á afstöðu þyngdarpunkts flaugarinnar vegna brunans.

Næst viljum við gera grein fyrir þeim frávikum, sem geta orðið frá áætlaðri hegðun, eða því sem getur gerzt. Meginhættan er fólgin í því, að sprenging verði fyrr en ætlazt er til, og er það einkum tvennt, sem getur stuðlað að því. Í fyrsta lagi getur gat það, sem myndast í tappanum við bruna kveikjuþráðarins, orðið eitthvað minna en til er ætlazt, þannig að hraði brunans verði of mikill, miðað við gasstreymið út um gatið, og eldflaugin sprungið. Í öðru lagi þornar púður við geymslu og dregst saman. Við það myndast holrúm í hylkinu, en það getur einnig gerzt við óvarlega meðhöndlun eldflaugar. Sérstaklega í þessu tilviki, þar sem hylkið er gert úr sveigjanlegum pappa, getur óvarleg handfjötlun orsakað myndun holrúms upp eftir hylkinu. Þetta getur hins vegar orsakað mun hraðari bruna púðursins, jafnvel að kveikni strax í púðri upp eftir öllu hylki og sprengipúðri þar með. Þá springur eldflaugin, áður en hún er komin verulega eða jafnvel nokkuð á loft.

Önnur hætta er fólgin í því, að eldflaugin sveigi of fljótt frá lóðréttri stefnu og beinist í lárétt flug í lítilli hæð. Þetta gerist þó ekki, ef flaugin er upphaflega í lóðréttri stöðu, frjáls til að lyfta sér og þyngdarpunktur hennar nálægt upphafi brunans

(við tappann inni í flauginni). Meginhlutverk stangar aftur úr eldflaug er að fá þyngdarpunkt hennar á réttan stað, auk þess sem nota má stöngina til að halda eldflauginni í lóðréttri stöðu. Papparör það, sem fest var við eldflaugarnar, mun ekki hafa breytt legu þyngdarpunktsins verulega, eða til hins verra. Hugsanlegt er, að papparörið geti beyglazt og veitt eitthvað viðnám við að fara upp úr flöskunni, en ekki er líklegt, að það hafi veruleg stefnubreytandi áhrif á flugið.

Sennilegasta orsök slyssins. Miðað við þá lýsingu dómsskjala, að þolandi slyssins hafi verið í um seilingarfjarlægð frá flugeldi eftir íkveikju, útliti slysavaldandi eldflaugarleifa og könnun okkar á þessari tegund eldflauga, þá þykir okkur sennilegast og raunar líklegt, að eldflaugin hafi sprungið, áður en hún komst lengra en um tvo metra. Sennilegustu orsök svo skjótrar sprengingar teljum við vera holrúmsmyndun inni í hylki eldflaugarinnar, svo sem áður er lýst. Mjög ósennilegt er, að púðurneistar, sem koma aftur úr opi eldflaugarinnar við eðlilegan bruna, hafi valdið slysinu. Áhrifa þeirra gætir einungis mjög stutta vegalengd, minna en 1 metra, og þeir beinast niður og endurkastast ekki af föstum flötum.

Svör við spurningum á málsskjali nr. 50 frá 1. 3. 1973:

1. Flugeldar, sérstaklega þeir með sprengihleðslu, eru hættuleg tæki í notkun, sé ekki gætt fyllstu varúðar og nægjanlegrar fjarlægðar við skot.
2. Litlir flugeldar eru venjulega í óvönduðum umbúðum og að öðru leyti óvönduð framleiðsla, og verður að telja meiri hættu á, að þeir spryngi heldur en stórir, vandaðir flugeldar. Lítinn, óvandaðan flugeld með sprengihleðslu verður að telja sérstaklega varhugaverðan, en slysvaldur var af þeirri gerð.
3. Slysvaldurinn hefur sennilega verið eins að allri gerð og þær flaugar sömu tegundar og við fengum undir hendur. Þó getur verið, að slysvaldurinn hafi orðið fyrir meira hnjaski, en það getur haft alvarlegar afleiðingar.
4. og 6. Sjá *Niðurstöður* matsgjörðar.
5. Eins og áður kemur fram, teljum við, að þyngdarpunktur flaugarinnar hafi ekki breytzt, svo um muni, við breytingu hennar. Því teljum við breytinguna ekki skipta neinu máli til eða frá, hvað snertir flugeiginleika flaugarinnar. Ljóst er, að flaugin er stöðugri, t. d. í vindi, með rörið í flösku í stað stöðupappafóta, en einnig má benda á, að svo veigalítið

bréfrör getur auðveldlega beyglazt. Í þessu sambandi viljum við samt leggja mesta áherzlu á það, að meðhöndlun flauganna í sambandi við breytinguna hefur alla vega ekki verið til bóta, og orkað getur tvímælis, að nægilegrar varúðar hafi verið gætt við meðhöndlun þá, sem af breytingunni leiddi.

7. Miðað við þessa tegund flugelda, teljum við, að standa beri að minnsta kosti í fimm metra fjarlægð frá flugeldi eftir íkveikju, ef gæta skal sjálfsagðrar varúðar. Ef gæta skal fyllsta öryggis, verður að taka tillit til hugsanlegrar sveigju flaugarinnar, og dugar þá ekki minna en 10 metra fjarlægð frá flauginni.

8. Tvímælalaust teljum við rétt að hafa varúðarreglur skráðar á flugelda, og helzt að örugg fjarlægð við skot sé tilgreind."

Matsmaðurinn Halldór Elíasson hefur hér fyrir dómi hinn 12. október 1973 skýrt svo frá, að ekki hafi verið notuð mælitæki við að mæla tíma og vegalengdir, þegar skottilraun fór fram. Matsmenn fengu upplýsingar um hæð bita í lofti skemmunnar og notuðu það til viðmiðunar um hæð flugsins, en láréttar fjarlægðir mældu þeir aðeins með því að stika þær. Töldu þeir enga ástæðu til að mæla með meiri nákvæmni, þar sem eðlilegt sé, að það skipti nokkrum metrum, hvað flaugin fer langt. Matsmaðurinn kveðst hafa kveikt í báðum eldflaugunum, og í hvort skiptið kveðst hann hafa fært sig frá eldflauginni að minnsta kosti 10 metra, en hinn matsmaðurinn stóð aftar og eitthvað til hliðar, en sjónarhornið frá báðum matsmönnum var mjög svipað. Matsmaðurinn gekk hratt frá eldflaugunum, staðnæmdist og þurfti að bíða andartak, áður en þær hófust á loft. Það er álit matsmannsins, að seinni eldflaugin hafi sprungið fyrr og því farið skemmri vegalengd. Matsmaðurinn upplýsir, að það, sem sagt er í matsgerðinni um hugsanlega myndun holrúms í hylki eldflaugar, eigi almennt við eldflaugar skv. heimildum, sem matsmenn hafa aflað sér. Matsmaðurinn er beðinn um rökstuðning fyrir því áliti matsmanna á bls. 5 í matsgerðinni, að eldflaugin hafi sprungið, áður en hún komst lengra en um tvo metra. Matsmaðurinn svarar: „Ég lít svo á, að ef eldflaugin hefði farið lengri vegalengd en nemur um fjórum metrum, þá sé mjög ósennilegt, að hún hefði valdið því slysi, sem varð." Matsmaðurinn upplýsir, að áætlanir um fjarlægð, sem neistar geti flogið frá umræddri eldflaug, bæði púðurneistar aftur úr opi eldflaugar og neistar frá sprengingu flaugarinnar, séu al-

mennar ályktanir matsmanna, en þó höfð viðmiðun við tilraunirnar, sem gerðar voru. Matsmaðurinn tekur fram, að þar sem talað er um einn metra, sé átt við púðurneista, sem koma aftur úr opi eldflaugarinnar, þegar hún lyftir sér. Matsmaðurinn segir, að brennandi púður eða aðrir brennandi hlutar eldflaugarinnar hafi líklega farið í auga drengsins.

Vitnið Þórarinn Símonarson flugeldaframleiðandi hefur að ósk aðilja komið fyrir dóminn og látið í ljós álit sitt. Vitnið telur ekki útilokað, að gallar hafi verið í umræddum flugeldi, hugsanlega frá upphafi, en einnig kunni flugeldurinn að hafa skemmst í meðhöndlun, eftir að framleiðandi afhenti hann. Vitnið kveðst ekki framleiða svona litlar eldflaugar og ekki hafa kynnst slíkum eldflaugum. Þær eldflaugar, sem vitnið framleiðir, eru stærri og pappahulstrið, sem er utan um púðrið, er mun sterkara en pappinn í þeirri eldflaug, sem málið fjallar um. Vitnið telur, að pappinn í þessari eldflaug, sem umlykur púðrið, sé svo veigalítill, að ekki þurfi mikið hnjask að koma til, svo að breyting verði á púðrinu. Púðrið sé steypt inn í hólkinn, og ef það mylst á einhvern hátt, þá geti það orsakað, að sprengingin verði öflugri og öðruvísi en til sé ætlast. Vitnið kveðst vita þess dæmi, að geymsla á flugeldum hafi haft þau áhrif, að púðrið hafi innþornað þannig, að eldflaugarnar sprungu strax. Taldi vitnið, að flugeldarnir hefðu verið geymdir í hita og eldurinn hafi komist í meira sprengiefni í einu við innþornunina en til var ætlast. Sé flugeldur geymdur í of rakri geymslu, verða áhrifin alveg öfug, þannig að þeir lyfta sér ekki frá jörðu.

V.

Kröfur sínar í málinu styður stefnandi þeim rökum, að hann telur fullsannað, að hann hafi hlotið örkuml sín frá flugeldi þeim, sem lagður hefur verið fram í málinu, en það sé sami flugeldurinn, sem Ólafur Valsson keypti í Hamarsbúð h/f. Flugeldurinn hafi verið gallaður og slysið verði beinlínis rakið til hinna leyndu galla flugeldsins. Gallarnir kunni að hafa verið upprunalegir, þ. e. að flugeldurinn hafi verið hættulegur frá upphafi. En fullvíst megi telja, að breytingin, sem heildsalinn, stefndi Lárus Ingimarsson, gerði á flugeldinum, hafi bæði beint og óbeint verið til þess fallin að gera flugeldinn hættulegan. Í stefnu er því haldið fram, að stefnandi hafi fengið neista í augað úr flugeldinum og að neisti þessi hafi komið í gegnum smágat, er var á plast-

rörinu. En við hinn munnlega málflutning var á því byggt, að flugeldur þessi hafi verið gerður úr svo ótraustu efni, að hið minnsta hnjask hafi getað fært púðrið í honum svo úr lagi, að sprengingin í flugeldinum hlaut að verða mun öflugri og með allt öðrum hætti en til var ætlast. Vegna hins veiklaða ástands flugeldsins hafi hann í eðli sínu verið óvenjulega hættulegur. Þessi hætta hafi þó verið sérlega dulin, vegna þess hve hann var lítill og næsta sakleysislegur í útliti. Alveg sérstök ástæða hafi því verið að skrásetja glöggar og rækilegar varúðarreglur á flugeldinn, til þess að hver sá, sem meðhöndlaði hann, gæti gert sér grein fyrir hættueiginleikum hans. Hinn japanski framleiðandi hafi að vísu haft nokkra tilburði í þessa átt með því að skrásetja nokkrar aðvaranir á ensku á pappafætur flugeldsins. Þær leiðbeiningar hafi þó tæpast verið nægjanlegar fyrir enskumælandi fólk, en alls kostar ófullnægjandi fyrir íslenskan markað, þar sem innflytjandinn hafi mátt gera sér grein fyrir því, að slík tæki sem flugeldar eru séu einkum notuð af unglingum, sem almennt hafi ekki vald á enskri tungu, og að slíkar aðvaranir á því máli gætu ekki komið að neinu viðhlítandi gagni. Stefndi Lárus Ingimarsson, sem flutti inn og breytti flugeldinum og sendi hann á markað hér á landi án þess að láta nauðsynlegar varúðarreglur fylgja með, beri því ótvírætt skaðabótaábyrgð á því tjóni, sem stefnandi varð fyrir. Lögreglan í Reykjavík hafi samþykkt breytinguna á flugeldinum og leyft sölu hans hér á landi. Verði ríkissjóður því einnig að bera ábyrgð á þeim mistökum starfsmanna sinna. Stefndi Hamarsbúð h/f hafi tekist á hendur að selja hinn gallaða flugeld. Verði þessi stefndi því einnig meðábyrgur fyrir öllu tjóni stefnanda. Beri því að dæma alla stefndu skaðabótaskylda vegna slyssins og dæma þá in solidum til að greiða hina umkröfðu fjárhæð.

Af hálfu stefnanda er öllum varnarástæðum stefndu mótmælt sem röngum og ósönnuðum. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi sé réttur aðili, sem eftir atvikum hafi haldið máli sínu rétt til laga, án þess að um tómlæti eða fyrningu sakar geti verið að ræða. Stefnandi hafi ekki átt neina sök á slysinu. Þá er kenningunni um samþykki áhættunnar mótmælt sem rangri og óviðkomandi máli þessu.

Páll Sigurðsson læknir hefur hinn 10. maí 1968 metið örorku stefnanda, og er varanleg örorka stefnanda metin 20%.

K. G. Guðmundsson hefur áætlað örorkutjón stefnanda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína nú þannig:

1. Örorkubætur . . . . . kr. 1.374.482
2. Bætur fyrir þjáningar, lýti og önnur óþægindi — 350.000

Kr. 1.724.482

VI.

Stefndi Lárus Ingimarsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að ekki sé upplýst og því ósannað, hvernig slysið varð. Félagar stefnanda kannist t. d. ekki við, að sprenging hafi orðið í flugeldinum. Piltunum þrem beri ekki saman, hvernig þeir stóðu að þessu og stefnanda beri heldur ekki saman við sjálfan sig. Vegna seinagangs af hálfu stefnanda að hefja rannsókn í málinu verði stefnandi að bera hallann af sönnunarskorti um einstök atvik. Félagarnir Ólafur og Björn haldi því t. d. fram, að eldflaugin hafi farið eðlilega upp. Það sé því algerlega óupplýst, hver sé orsökin til þess, að stefnandi missti sjón á auganu. Vel megi láta sér detta í hug, að neisti úr eldspýtu hafi flogið í auga stefnanda. Eitt sé víst, að breytingin á eldflauginni hafi ekki haft nein áhrif til eða frá um hættueiginleika eldflaugarinnar, og að minnsta kosti ekki til hins verra, og umræður lögmanns stefnanda um gat á plaströri séu á misskilningi byggðar. Fullyrðingu stefnanda um það, að breytingin hafi verið orsök að slysinu, er mótmælt sem rangri og ósannaðri, en breyting þessi hafi verið gerð samkvæmt beinum fyrirmælum lögreglunnar og hafi hlotið samþykki hennar. Þá mótmælir stefndi því, að hin umrædda eldflaug hafi verið haldin nokkrum galla yfirleitt eða skaðlegum eiginleikum, sem hafi gert það að verkum, að hún hafi hagað sér óeðlilega. Sala flugelda sé leyfð hér á landi og því í alla staði lögleg. Það geti alltaf orðið slys af slíkum flugeldum, enda hafi þau orðið, en þessi slys hafi alltaf orðið vegna handvammar þeirra, sem fóru með flugeldana hverju sinni. Allir viti, að flugeldar geti verið hættulegir. Með því að kaupa flugelda og skjóta þeim á loft taki menn á sig vísvitandi vissa áhættu, þ. e. samþykkja áhættuna, sem er samfara þessum leik að skjóta á loft flugeldum, sbr. kenninguna um „akcept af risikoen". Að því er varðar eigin sök stefnanda er á það bent, að félagar hans hafi snúið sér frá eldflauginni, þegar henni var skotið á loft, en stefnandi hafi snúið fram í áttina að eldflauginni. Mikill munur sé á því, hvernig stefnandi og félagar hans tveir höguðu sér, enda hafi farið sem fór. Stefnandi, sem var 14 ára, hafði áður séð þessum flugeldum skotið á loft og taldi þá springa í lítilli hæð. Þrátt

fyrir þetta og hvasst veður hafi stefnandi næstum klesst andlitinu upp að flugeldinum með opin augun. Á þessari háttsemi stefnanda geti enginn annar borið ábyrgð en hann sjálfur. Annað væri ósanngjarnt, ranglátt og óeðlilegt. Eigin sök stefnanda leiði því einnig til sýknu.

Þá heldur stefndi Lárus því fram, að stefnandi hafi sýnt slíkt tómlæti, að jafnvel þótt stefnandi kynni að hafa átt einhvern rétt, þá sé krafa hans fallin niður fyrir aðgerðarleysi. Slysið hafi orðið 1. janúar 1964, en stefnan í málinu hafi fyrst verið gefin út 20. janúar 1970. Rösk 6 ár hafi því verið liðin frá slysdegi. Stefnandi hafi enga afsökun fyrir þessum óvenjulega langa drætti.

Þá er sýknukrafan studd þeim rökum af hálfu stefnda Lárusar, að krafa stefnanda sé niður fallin fyrir fyrningu. Hér hafi verið um að ræða lausafjármuni. Stefnanda hafi verið í lófa lagið að kvarta út af flugeldinum, sbr. ákvæði lausafjárkaupalaganna nr. 39/1922. Slík kvörtun hafi engin borist til stefnda Lárusar innan árs, eins og kaupalögin geri ráð fyrir. Stefndi Lárus hafi fyrst fengið að vita um slysið 14. febrúar 1968. Með því að vanrækja að bera fram kvörtun við stefnda Lárus hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum gagnvart stefnda Lárusi, sbr. 54. gr. kaupalaganna. Ef ekki verði á þetta fallist, þá er á það bent, að krafan hafi fallið niður fyrir fyrningu samkvæmt 3. gr. laga nr. 14/1905, en þar sé tekið fram, að á fjórum árum fyrnist kröfur út af sölu eða afhendingu á vörum, en ákvæðið taki einnig til skaðabótakrafna í tengslum við vöruafhendinguna.

Að lokum hefur því verið hreyft af hálfu stefnda Lárusar, að ekkert samhengissamband hafi stofnast milli kaupanda flugeldsins og stefnda Lárusar og þaðan af síður milli stefnanda og stefnda Lárusar. Þannig komi til álita að sýkna vegna aðildarskorts.

Af hálfu stefnda Lárusar er varakrafa studd þeim rökum, að hvernig sem á málið sé litið, megi ljóst vera, að stefnandi hafi sýnt svo stórkostlegt gáleysi, að til sakarskiptingar eigi að koma, þar sem telja verði, að stefnandi eigi meginsök á, hversu illa tókst til. Þá er fjárhæð bótakröfunnar mótmælt sem of hárri og þá beri að lækka kröfurnar vegna eingreiðslu og skattfrelsis.

VII.

Stefndi Hamarsbúð h/f hefur tekið undir þær varnarástæður, sem stefndi Lárus hefur haft uppi í málinu, sbr. kaflann hér á undan. Er því haldið fram af hálfu stefnda Hamarsbúðarinnar

h/f, að ekki liggi ljóst fyrir, hvað olli slysinu, en helst mætti láta sér detta í hug, að neisti hafi kastast úr flugeldinum eða glóð af eldspýtu hafi spýst í auga stefnanda. Stefnandi hafi alls ekki sýnt þá aðgát, sem af honum mátti krefjast. Hann hafi verið 14 ára og því mátt gera sér grein fyrir þeirri hættu, sem almennt er samfara eldflaugum. Íslensk dómasöfn séu fátæk af slíkum tilvikum, sem hér um ræðir, en í Ugeskrift for Retsvesen 1952, bls. 600, sé rakinn dómur um hliðstætt tilvik, þar sem seljandi flugelds hafi verið sýknaður af skaðabótakröfu vegna skaða, sem flugeldur hafði valdið á auga 11 ára drengs. Í forsendum dómsins hafi ekki verið talið skipta máli, að brotið hafði verið ákvæði danskra laga um bann við sölu flugelda til barna undir 18 ára aldri. Er öllum kröfum stefnanda mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

VIII.

Stefndi ríkissjóður mótmælir þeirri fullyrðingu stefnanda og stefnda Lárusar Ingimarssonar, að lögreglan hafi lagt til, að umræddri gerð flugelda yrði breytt, sem ósannaðri svo og að lögreglan hafi leyft sölu á umræddri gerð flugelda eftir breytinguna. Þá sé ekki í ljós leitt, að umrædd gerð flugelda hafi orðið hættulegri við það, að henni var breytt. Því er einnig mótmælt, að ríkissjóður sé bótaskyldur vegna slyss þess, er stefnandi varð fyrir, jafnvel þótt svo ólíklega kynni að fara, að áðurnefnd fullyrðing teldist sönnuð í málinu. Af hálfu ríkissjóðs er að öðru leyti tekið undir þær varnarástæður, sem stefndi Lárus hefur haft uppi í málinu. Er á það lögð áhersla af hálfu stefnda ríkissjóðs, að ekki sé sannað, að slysið hafi orðið vegna galla af flugeldi af umræddri gerð, heldur hafi slysið stafað af óaðgætni stefnanda, þegar hann skaut flugeldinum á loft.

IX.

Flugeldar eru hættuleg leikföng, og verður að gæta fyllstu varúðar við meðferð þeirra.

Ekki er sannað, að flugeldurinn, sem matsmenn kalla „slysvald“, sé sá, sem piltarnir skutu af tröppunum. Þó svo væri, verður ekki séð á leifum hans, að hann hafi brunnið eða sprungið með óeðlilegum hætti.

Ekkert bendir til þess, að sú breyting, að plaströr var fest á flugeldinn, hafi út af fyrir sig gert hann hættulegri.

Félagar stefnanda þeir Ólafur Valsson og Björn Gunnarsson

urðu þess ekki varir, að sprenging yrði í flugeldinum í þann mund, sem honum var skotið á loft. Augnlæknirinn Bergsveinn Ólafsson hefur látið í ljósi það álit sitt, að sárið stafi frá hlut, sem hafi myndað 5 mm langt sár og gengið allt að centimetra inn í augað, og að sá hlutur, sem inn í augað fór, hafi farið út úr því aftur og enn fremur, að allmikinn kraft hafi þurft til að valda tjóninu og að áverkinn hafi ekki komið af bruna, að minnsta kosti ekki fyrst og fremst. Þegar þessar skýrslur eru virtar svo og málavextir að öðru leyti og hafðar í huga þær sönnunarreglur, sem hér eiga við, verður að líta svo á, að stefnandi hafi ekki fært fram nægar sannanir fyrir því, að umræddur Orion-flugeldur eða hluti úr honum hafi valdið sárinu á auganu. Jafnvel þótt talið yrði sannað, að flugeldur af Orion-gerð hafi valdið slysinu, er ekki unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt það hafi gerst. Margir möguleikar koma þá til greina, t. d. framleiðslugalli, galli vegna rangrar meðferðar seljanda, rangrar meðferðar kaupanda eða rangrar aðferðar við skot. Vegna hinnar miklu óvissu um þessi atriði yrði ekki hjá því komist, eins og atvikum er háttað, að láta stefnanda bera hallan af sönnunarskorti um þessi atriði. Leiðir þetta til þess að sýkna ber stefndu af kröfum stefnanda í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 206.987, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í málssóknarlaun.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum dr. Þorsteini Sæmundssyni stjörnufræðingi og Þorvaldi Búasyni eðlisfræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Lárus Ingimarsson, Hamarsbúð h/f og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Þorsteins Haraldssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 205.987, greiðist úr ríkissjóði, og þar af ber talsmanni stefnanda, Sveinbirni Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í málssóknarlaun.

Föstudaginn 13. maí 1977.

Nr. 144/1976. **Jónatan Þórmundsson**
Þorsteinn Sæmundsson
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Rúnari Ármanni Arthúrssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, hæstaréttarlögmennirnir Guðmundur Ingvi Sigurðsson og Jón Finnsson og borgarfógetarnir Unnsteinn Beck og Þorsteinn Thorarensen.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 9. júlí 1976. Dómkröfur þeirra eru þessar:

a. Sérkröfur.

1. Áfrýjandi Jónatan Þórmundsson krefst þess, að ummæli, sem getur í I, 3 og 4 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefnda gerð refsing fyrir þau.
2. Áfrýjandi Þorsteinn Sæmundsson krefst þess, að ummæli, sem greinir í I, 2 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefndi dæmdur í refsingu fyrir þau.
3. Áfrýjandi Þór Vilhjálmsson krefst þess, að ummæli, sem greind eru í I, 5 og 6 í héraðsstefnu, verði dæmd dauð og ómerk og stefndi látinn sæta refsingu fyrir þau.

b. Sameiginlegar kröfur.

1. Að önnur ummæli, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk.
2. Að stefndi verði dæmdur í refsingu fyrir ummælin.
3. Að hverjum áfrýjenda verði dæmdar úr hendi stefnda

50.000 krónur í miskabætur með 9% ársvöxtum frá 5. júní 1974 til greiðsludags.

4. Að áfrýjendum verði sameiginlega dæmdar 25.000 krónur úr hendi stefnda til að kosta birtingu forsendna og niðurstöður dóms í máli þessu í opinberum blöðum.
5. Að dómur í máli þessu verði birtur í heild í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.
6. Að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda.

Ummælin, sem málið er risið af, birtust í grein í Stúdentablaðinu, 1. tbl., sem kom út 25. janúar 1974, og í bréfi stefnda til rektors Háskóla Íslands, dagsettu 27. maí 1974, en bréf þetta var einnig birt í Stúdentablaðinu, 4. tbl., sem út kom 5. júní 1974. Greinin í blaðinu frá 25. janúar 1974 er óundirrituð, en stefndi, sem var á þessum tíma ritstjóri og ábyrgðarmaður blaðsins, kveðst hafa ritað greinina. Bréfið til háskólarektors ritaði stefndi, og var það birt óbreytt undir fullu nafni stefnda í Stúdentablaðinu. Stefndi ber samkvæmt þessu ábyrgð á ummælunum, sem stefnt er út af, sbr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Ummælin, sem rakin eru í héraðsdómi, verða nú tekin til álita, og eru þau auðkennd á sama hátt og gert er í dóminum.

I.1. Ummæli þessi eru undir fyrirsögn, og skoðuð í samhengi við greinina, sem á eftir fer, verður ekki annað talið en að þau eigi að veita fræðslu um það, að áfrýjendur séu meðal þeirra, er beittu sér fyrir undirskriftasöfnun Varins lands. Virt í þessu ljósi þykja ummælin ekki refsiverð né verða þau dæmd dauð og ómerk. Stefndi verður því sýknaður að þessu leyti.

I.2. Með ummælunum, sem greinir í þessum lið, hefur höfundur í huga afstöðu áfrýjanda Þorsteins Sæmundssonar til svokallaðs innritunargjaldamáls, sbr. 21. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sem var mikið ágreiningsmál inn-

an Háskólans. Samkvæmt gögnum málsins eiga ummæli þessi engan rétt á sér. Þykja þau meiðandi aðdróttun og varða við 235. gr. alm. hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um ómerking ummæla staðfestist.

I.3. Ummælin í þessum lið eru móðgandi fyrir áfrýjanda Jónatan Þórmundsson og varða stefnda refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga. Ómerkja ber ummælin samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

I.4. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ummælin í þessum lið.

I.5 og 6. Ummæli í þessum liðum þykja móðgandi fyrir áfrýjanda Þór Vilhjálmsson og varða stefnda refsingu skv. 234. gr. alm. hegningarlaga. Ómerkja ber ummælin skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Ummælin, sem tekin eru upp í héraðsstefnu með auðkenningunni II og III, eru samhljóða, svo sem áður greinir. Eru þau tekin saman til álita.

II.1. og III.1. Með þessum ummælum lætur stefndi í ljós álit sitt á því, hvað vakað hafi fyrir áfrýjendum með kæru sinni til háskólarektors, dagsettri 26. mars 1974, þar sem gerð var krafa um, að stefndi hlyti áminningu fyrir greinina, sem birtist í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Ekki verður talið, að ummæli þessi séu meiðandi fyrir æru áfrýjenda, hvorki í skilningi 234. gr. né 235. gr. alm. hegningarlaga, og því ekki efni til að taka refsikröfu né kröfu um ómerkingu ummæla til greina. Verður stefndi sýknaður að þessu leyti.

II.2. og III.2. Ummælin í þessum liðum, skoðuð í samhengi við annað efni greinarinnar, sem þau birtust í, verða ekki talin meiðandi fyrir æru áfrýjenda, þannig að stefndi hafi með þeim unnið sér til refsingar. Verður því stefndi sýknaður að þessu leyti. Ekki er heldur ástæða til að ómerkja ummælin.

II.3. og III.3. Ummælin í þessum liðum eru meiðandi fyrir áfrýjendur og varða stefnda refsingu samkvæmt 234. gr. alm. hegningarlaga. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummælanna.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 5. maí 1977, í mál-

inu nr. 143/1976: Bjarni Helgason o. fl. gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, en áfrýjendur þessa máls voru einnig meðal aðilja þess, var stefndi dæmdur í 25.000 kr. sekt vegna ummæla, sem birtust í sömu grein og hér um ræðir í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Áður er rakið, að áfrýjendur kærðu stefnda til háskólarektors fyrir ummælin, sem birtust í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974. Háskólaráð veitti stefnda átölur á fundi sínum 2. maí 1974. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, og samkvæmt 78. gr. alm. hegningarlaga kemur aðeins til álita að dæma stefnda hegningarauka, en þar eð refsing hans hefði ekki orðið þyngri en honum var mæld með dómi Hæstaréttar frá 5. maí sl., ef mál þessi hefðu verið rekin sem eitt mál, svo sem heimilt var, verður honum ekki gerð sérstök refsing í máli þessu.

Í fyrrnefndum dómi Hæstaréttar 5. maí sl. var stefndi dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda 15.000 kr. í miskabætur, eða samtals 180.000 kr. Þegar horft er til þessa og til hinna átöldu ummæla í þessu máli, eru ekki efni til að dæma áfrýjendum sérstakar miskabætur í máli þessu.

Samkvæmt 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga er rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. í kostnað við birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir skv. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 57/1956 rétt að ákveða, að forsendur og dómsorð dóms þessa skuli birt í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Við ákvörðun málskostnaðar þykir rétt að hafa hliðsjón af áðurgreindum dómi Hæstaréttar í málinu nr. 143/1976, en kostur var að sameina þessi tvö mál í eitt mál, enda stefndi sá sami í báðum, áfrýjendur þessa máls einnig meðal aðilja í hinu málinu og aðalkveikjan að báðum málunum var sama greinin í Stúdentablaðinu, sbr. 47. gr. og 70. gr. laga nr. 85/1936. Samkvæmt þessu og lyktum þessa máls að öðru leyti þykir rétt að dæma stefnda til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 75.000 krónur.

Dómsorð:

Ummæli, sem greinir í liðum I,2, 3, 5 og 6, II,3 og III,3 hér að framan, skulu ómerk.

Refsing stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, fellur niður.

Stefndi er sýkn af kröfu um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal forsendur og dómsorð dóms þessa í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 75.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. mars sl., hafa Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Reykjavík, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1974, gegn Rúnari Ármanni Arthúrssyni, Njálsgötu 108, vegna ummæla, sem birtust í: I. Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974. II. Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og III. bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs.

Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, þegar framangreint 1. tbl. þess kom út, en ummæli hans í 2. tbl. blaðsins eru í grein (bréfi), sem hann er nafngreindur höfundur að.

Ummæli þau, sem stefnendur telja ærumeiðandi fyrir sig og stefnt er út af, eru:

I. Stúdentablaðið, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974. Óundirrituð grein, sem hefst á öftustu bls. og heldur áfram á 4. bls. Greinin ber yfirskriftina: „Ameríkanasleikjur komnar á stjá".
   1. Undirfyrirsögnin: „Fjórir kennarar við Háskóla Íslands afhjúpa sig".
   2. „ . . . Þegar hann gekk hvað harðast fram í því með hjálp annarra íhaldsmanna að reyna að setja SHÍ á hausinn . . ."
   3. „ . . . afhjúpa sig sem mömmudreng íhaldsins . . ."
   4. „ . . . árásir hans á stúdenta í skrifum í Mogganum í haust . . ."
   5. „ . . . Framagosann . . ."
   6. „ . . . vonlaust brölt vildarsveina . . ."

II. Stúdentablaðið, 4. tbl., er út kom 5. júní 1974. Grein (bréf) á bls. 2, undirrituð af stefnda fullu nafni. Greinin ber fyrirsögnina: „Áminntur áminnir".
   1. „Krafa fjórmenninganna er að mínu áliti, fram komin af pólitískum ástæðum fyrst og fremst . . ."
   2. „Menn sem skipuleggja hreyfingu meðal landa sinna, um að óska eftir áframhaldandi hersetu erlends stórveldis á Íslandi, geta að mínu mati ekki kallað sig Íslendinga . . ."
   3. „ . . . Sá glæpur sem framinn er gagnvart íslensku þjóðinni, í nafni „varins lands", verður aldrei nægilega útmálaður í krafti orða: Orð, eins og þjóðníðingur eða landráðamaður falla dauð niður á pappírinn, hjá þeirri smán sem upphafsmenn slíkra aðgerða hafa gert sjálfstæðum vilja íslensku þjóðarinnar . . ."

III. Bréf stefnda til Háskólaráðs, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi ráðsins.
   Efni þessa bréfs er nákvæmlega samhljóða blaðagrein þeirri, er ræðir um undir II hér að framan, enda er greinin orðrétt birting bréfsins. Stefnendur vísa um ærumeiðingar í bréfinu til II hér að framan.

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

A. Sérkröfur einstakra stefnenda.

Jónatan Þórmundsson krefst þess, að ummæli þau, sem greind eru undir I,3 og 4 hér að framan, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og að stefnda

verði dæmd hæfileg refsing fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Þorsteinn Sæmundsson krefst þess, að ummælin, sem greind eru undir I,2 hér að framan, verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 og að stefnda verði dæmd hæfileg refsing fyrir þau samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Þór Vilhjálmsson krefst þess, að ummælin samkvæmt I,5 og 6 hér að framan verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 svo og að stefndi verði dæmdur til refsingar fyrir ummælin samkvæmt 234. gr., en til vara 235. gr. sömu laga.

B. Kröfur, sem stefnendur standa að saman:

að ummæli samkvæmt I,1 og öll ummæli undir II og III verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940,

að stefnda verði dæmd þyngsta refsing, sem á getur reynt, samkvæmt 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 fyrir ummæli þau, sem greind eru undir I,1 og öll ummælin samkvæmt II og III,

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnenda um sig miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Krafa hvers stefnanda nemur kr. 50.000 auk 9% ársvaxta frá 5. júní 1974 til greiðsludags,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000 í kostnað við birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í máli þessu í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940,

að stefndi verði dæmdur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að dómur í máli þessu verði í heild birtur í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins,

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað, er telst hæfilegur að mati dómara.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnenda og jafnframt krafist ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur hafa lýst málavöxtum svo:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND“. Áttu þar hlut að 14

menn, þ. e. allir stefnendur og auk þess lögmennirnir Hörður Einarsson og Óttar Yngvason. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, gefinn kostur á að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins".

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, og annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott".

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Undirskriftasöfnunin hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem þar áttu hlut að, var Stúdentablaðið. Í 1. tbl. blaðsins, er út kom 25. janúar 1974, birtist grein á öftustu blaðsíðu og framhald hennar á 4. bls. Yfirskrift þessarar greinar er: „Ameríkanasleikjur komnar á stjá", en aðalfyrirsögnin er svohljóðandi: „Nú á að safna undirskriftum". Í grein þessari er farið ýmsum ærumeiðandi ummælum um forgöngumenn „VARINS LANDS" sameiginlega. Einnig er veitzt sérstaklega að stefnendum í þessu máli. Höfðað verður sérstakt mál út af þeim ummælum, sem beinast að öllum forgöngumönnum „VARINS LANDS", en í þessu máli eru eingöngu tekin þau af ummælum greinarinnar, sem sérstaklega beinast að stefnendum.

Framangreind blaðagrein í 1. tbl. Stúdentablaðsins 1974 varð til þess, að stefnendur rituðu háskólaráði bréf og kröfðust þess, að stefndi sem ábyrgðarmaður blaðsins yrði áminntur. Hlaut stefndi slíka áminningu samkvæmt ályktun fundar háskólaráðs. Þá ritaði stefndi rektor Háskólans bréf, sem síðan var birt sem grein í 4. tbl. Stúdentablaðsins 1974, sbr. II. hér að framan. Þessi grein og bréfið, sbr. III. hér að framan eru samhljóða."

Af hálfu stefnda er málavaxtalýsingu stefnenda mótmælt sem rangri og ófullnægjandi. Forðast sé að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst svo: „Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið götuóeirðum og slagsmálum í Reykjavík á þessu tímabili, og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilumál þetta er þannig vaxið, að það

gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur o. fl. efndu til hinn 15. jan. 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta í stefnu svo sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu.

Að þessu leyti er málavaxtalýsingu stefnenda mjög áfátt.

Jafnframt vantar í málavaxtalýsingu stefnenda það, sem gerst hefur innan Háskólans í þessu máli.

Fjórir háskólakennarar stóðu að undirskriftasöfnun „Varins lands“. Það vakti strax harkaleg viðbrögð stúdenta og um það athæfi þeirra var birt grein í Stúdentablaðinu 25. jan. 1974. Háskólakennurunum þótti þessi grein harðorð og í tilefni af henni skrifuðu þeir Háskólaráði bréf dags. 26. marz 1974, sem ég legg fram í málinu, þar sem þess er krafist, að höfundur greinarinnar, ábyrgðarmaður blaðsins, umbjóðandi minn sæti áminningu samkvæmt 24. gr. háskólalaganna nr. 84/1970.

Háskólaráð tók kærubréf þetta fyrir 2. maí 1974 og urðu þar átök um málið. Þrjár tillögur komu fram, en að lokum var samþykkt tillaga frá háskólarektor. Ágrip af fundargerð Háskólaráðs eru lögð fram í málinu. Tillaga rektors var nokkurs konar málamiðlun, en samkvæmt henni voru stóryrðin í greininni átalin, en höfundur þeirra ekki beinlínis áminntur eða víttur.

Eftir niðurstöðu Háskólaráðs skrifaði umbjóðandi minn ráðinu bréf, sem og birtist í Stúdentablaðinu, en eftir það bar málið ekki fyrir Háskólaráð aftur, heldur efna háskólakennararnir til þessara málaferla. Áður hafði forystumönnum stúdenta annars vegar og prófessorunum Jónatani Þórmundssyni og Þorsteini Sæmundssyni hins vegar lent saman út af tekjum Stúdentaráðs og fór Jónatan þá í Morgunblaðið til að bera deiluna á torg“.

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra þeirra, sem andvígir eru dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

Jafnframt hafa málsaðiljar greint nokkuð frá deilum, sem verið hafa innan Háskólans í ýmsum málum, þ. á m. svokölluðu innritunargjaldamáli.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru á bæjarþingi Reykjavíkur í málinu nr. 1376/1974: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni o. fl.

Í aðiljaskýrslu í því máli hafði einn stefnenda, Þór Vilhjálmsson, þáverandi prófessor, m. a. þetta að segja:

„ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert, var birtur stjórnarsáttmáli, og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu". Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimsóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í ljós áhyggjur vegna þess, hvernig At-

lantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin árið 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur. Það er skoðun mín, að það sé mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, að við erum á vestræna menningarsvæðinu. Ég tel, að við höfum byggt hér upp þjóðfélag, sem er mótað af hugsjónum vestrænnar menningar. Það þjóðfélag er ekki fullkomið, en það er í stöðugri framþróun, og af því að það er vestrænt þjóðfélag, getur sú framþróun haldið áfram. Ég vil, að við njótum áfram þessarar aðstöðu og þeirra mannréttinda, sem eru virt á Íslandi. Ég tel, að því miður geti þróun mála orðið í aðra átt. Frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði er ekki örugglega tryggt um alla framtíð og jafnvel ekki næstu framtíð. Eitt hið nauðsynlegasta, sem þarf að gera til að varðveita frelsi landsins, er að sjá hér fyrir hervörnum. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt hið mikilvægasta, sem gerst hefur í íslenskum stjórnmálum eftir stofnun lýðveldisins, sé, að þjóðin hefur skilið þessa nauðsyn. Og að hún ákvað á sínum tíma að breyta um stefnu í utanríkismálum. Hún ákvað að hverfa frá hlutleysisstefnunni og taka upp varnarsamstarf við vestræn lýðræðisríki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það eru nú meira en 25 ár síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og næstum aldarfjórðungur síðan hingað kom bandarískt varnarlið á vegum bandalagsins. Ég vil ekki, að öryggi Íslands sé stefnt í hættu með því að láta varnarliðið fara, en brottför varnarliðsins tel ég, að

myndi bæði beint veikja varnir landsins og einnig gera það óbeint með því að veikja varnarkeðju lýðræðisríkjanna við norðanvert Atlantshaf. Með tilliti til þessara skoðana minna og þeirrar þróunar mála, sem mér virtist vera í uppsiglingu í varnarmálum þá tók ég þátt í því að undirbúa og framkvæma undirskriftasöfnunina, sem fór fram undir kjörorðinu „Varið land". Ég átti þátt í því starfi frá upphafi til enda ásamt mörgum öðrum mönnum. Við urðum 14 talsins að lokum, sem að þessu stóðum. Í upphafi taldi ég, að þessi undirskriftasöfnun væri mjög erfið. Það hafði komið til tals að hafa ýmis konar hátt á til þess að láta opinberlega í ljós mótmæli við stefnuna í varnarmálunum, sem ríkisstjórnin virtist vera að framkvæma. Hugmyndin um það að fara í almenna undirskriftasöfnun þróaðist smám saman og undirskriftasöfnunin hófst um miðjan janúar 1974. Vandamálin í þessu sambandi eru margs konar. Þau eru bæði um það, hvernig megi framkvæma undirskriftasöfnunina til þess að ná árangri, það horfði ekki sérlega glæsilega um það atriði fyrirfram. Í fyrsta lagi var þetta á þeim tíma árs, þegar verst er að standa að framkvæmdum af þessu tagi, um hávetur. Í öðru lagi lagði hópurinn upp með litla reynslu af slíkum almennum undirskriftasöfnunum, engin tæki eða fé til þess að framkvæma hana og tími okkar, sem í hópnum voru, var ekki þannig, að við gætum helgað okkur þessu starfi óskiptir þann tíma, sem undirskriftasöfnunin stóð. Ég gerði mér sjálfur óljósar hugmyndir. Það kom fram síðar um það, hvað þyrfti til að svona undirskriftasöfnun hefði verulegan þunga. Ég hélt fyrirfram, að 5 þúsund undirskriftir myndu verða þung mótmæli. Eftir reynsluna af þessari undirskriftasöfnun skal ég segja, að ég tel, að það þurfi meira til, en það kom líka fram við þessa undirskriftasöfnun, að það voru þung mótmæli, sem hún sýndi við þessa stefnu. Ég tel raunar, að þessi undirskriftasöfnun hafi verið stórt atriði í því að breyta hinni opinberu stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum."

Í framlagðri aðiljaskýrslu Þorsteins Sæmundssonar segir svo um sjóðamál Háskólans og innritunargjöld: „Ég átti sæti í Háskólaráði á árunum 1973 og 1974, þegar þessi mál voru þar til umræðu. Var ég þar fulltrúi Félags háskólakennara. Afstaða mín til lána úr prófgjaldasjóði til prófessora við Háskólann ætti að vera stúdentum vel kunn, þar sem ég mun hafa orðið fyrstur til að gera athugasemdir við skipulag þeirra mála, fyrst munnlega en síðan með bréfi og tillögum til rektors snemma í júnímánuði

1973. Jafnframt mun ég hafa orðið fyrstur til að benda þáverandi formanni Stúdentaráðs á málið. Hitt er rétt og skylt að taka fram, að skoðanir í Háskólaráði voru skiptar um þetta mál, og álít ég að aðfarir stúdenta hafi gert mun erfiðara að ná þar æskilegri lausn.

Um innritunargjaldamálið er það skemmst að segja, að fulltrúar stúdenta í Háskólaráði höfnuðu málamiðlunartillögu, sem ég lagði fram, og gerði ráð fyrir 76 prósent hækkun til Stúdentaráðs. Dró ég þá tillöguna til baka og lagði fram varatillögu, sem gerði ráð fyrir skipan svipaðri því sem tíðkast hafði fram til 1968, en þá voru framlög til Stúdentaráðs frjáls en ekki skylduð sem hluti af innritunargjöldum. Tillaga þessi var samþykkt í háskólaráði, en stúdentar undu ekki þeirri skipan heldur leituðu til ráðherra, sem varð við óskum þeirra. Til nánari skýringar legg ég hér með sem fylgiskjal greinargerð þá um skiptingu innritunargjalda sem fylgdi tillögu minni til Háskólaráðs".

Í áminnstri greinargerð, sem dagsett er 13. júní 1973, er m. a. svohljóðandi varatillaga:

„Önnur leið, sem fastlega kemur til greina, er að aðskilja gjald til stúdentaráðs frá innritunargjaldi. Þessi leið hefði þann kost í för með sér fyrir stúdentaráð, að það gæti hagað upphæð gjaldsins eftir eigin reglum, og breytingar þyrftu ekki að koma fyrir háskólaráð. Skrifstofa háskólans gæti veitt gjöldum móttöku um leið og innritunargjöldum og væri sennilega auðveldast að prenta tvær upphæðir á hverja kvittun, þannig að fljótlegt væri að merkja við, hvort greitt hefði verið innritunargjaldið eitt eða hvort tveggja, innritunargjald og gjald til stúdentaráðs. Greiðsla til stúdentaráðs mætti þá jafnframt vera skilyrði þess, að stúdent fengi afhent ársskírteini, sem veitir rétt til sérstakra viðskiptakjara, því að slík hlunnindi munu hafa fengist fyrir atbeina stúdentaráðs.

Ef þessi leið yrði valin, að aðskilja gjald til stúdentaráðs frá innritunargjaldi, ætti innritunargjaldið að lækka í 1900 kr. samkvæmt áðurnefndri tillögu, en skipting þess að vera óbreytt að öðru leyti. Sjálfsagt er að sýna skiptingu innritunargjalds á kvittunareyðublaði til upplýsingar fyrir stúdent".

Í greinargerð lögmanns stefnda segir svo: „Áður en ég tek til við að rökstyðja kröfugerð mína í máli þessu, verð ég að beina þeirri áskorun til stefnenda, sem allir eru kennarar við Háskóla Íslands, að þeir felli þessa málshöfðun niður. Þetta er í fyrsta skipti í sögu Háskólans, að Háskólakennarar taka sig til og stefna stúdent til tugthúsvistar og til að verða fyrir stórum fjárútlátum.

Þetta gera þeir í meiðyrðamáli vegna ummæla stúdentsins um athafnir þeirra utan Háskólans í mesta hitamáli á Íslandi í áratugi, eftir að þeir eru búnir að fá Háskólaráð til að átelja stóryrði stúdentsins. Eiga ekki samskipti stúdenta og kennara að vera með öðrum hætti? Ég er ekki með þessari áskorun að ætlast til þess að stefnendur afsali sér eða æru sinni nokkrum rétti gagnvart almennum dómstólum, heldur að skora á þá að gera skynsamlegan hlut, háskólaborgurum samboðinn.

Mun ég nú rökstyðja sýknukröfu mína:

A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til þess að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru, og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er heimilt og rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista þær á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg í alla staði. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingaratriði.

1. Umbjóðandi minn er stúdent við Háskóla Íslands og er þar forystumaður í félagslífi stúdenta. Í Háskóla Íslands hafa frá upphafi bæði stúdentar og kennarar látið þjóðfrelsismál almennt og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar mikið til sín taka og hafa þar yfirleitt verið í fararbroddi fyrir málstað Íslands. Í sjálfstæðisbaráttunni hinni nýju, þegar Bandaríkjamenn fóru fram á herstöðvar hér á landi til 99 ára, árið 1946, lét Háskólinn, stúdentar og kennarar, kröftuglega til sín heyra og áttu þau mótmæli sinn þátt í því að þeirri beiðni var hafnað. Í máli þessu verða lagðar fram ræður og greinar háskólakennara eins og Ólafs Lárussonar,

Sigurbjörns Einarssonar, Guðmundar Thoroddsen, Einars Ólafs Sveinssonar o. fl., svo og yfirlýsingar forystumanna allra pólitísku stúdentafélaganna í Háskólanum. Þungamiðjan í afstöðu Háskólans er og hefur verið sú, eins og glöggt kemur fram í þessum gögnum, að krafa um erlenda hersetu í landinu er erlend ásælni sem gjalda á varhug við og hafna. Þessu merki hafa háskólaborgarar haldið á lofti æ síðan. Strax í upphafi var varað við því, að af langvarandi erlendri hersetu í landinu myndi leiða aðra herleiðingu, herleiðingu hugarfarsins, og svo gæti farið, þegar stundir liðu fram, að einhver hluti þjóðarinnar sætti sig við ævarandi hersetu og tvíbýli við erlendan her í landi sínu. Þegar svo á þjóðhátíðarárinu 1974 rísa upp nokkrir menn, af því að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi um að láta herinn fara, sem ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um stuðning við áskorun til stjórnvalda um að láta herinn ekki fara, þá ofbauð stúdentum og fordæmdu þeir þetta athæfi vægðarlaust. Ummæli umbjóðanda míns, sem er einn af þeim fyrstu sem tóku sér penna í hönd vegna undirskriftasöfnunarinnar, eru því réttlætanleg.

2. Önnur réttlætingarástæða er eftirfarandi: Sakir aukinnar tækni meðal annars í samgöngum og fjarskiptum hefur heimurinn minnkað mjög mikið frá því sem áður var, fólk og þjóðir færast nær hver annarri og heimsmynd manna gerbreyst.. Þetta hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt fólks almennt, ekki síst ungs fólks. Ungt fólk er samúðarfullt í eðli sínu og fyllist gjarna réttlátri reiði, ef og þegar lítilmagnanum er sýnt ofbeldi, eða ef og þegar hinum saklausu og varnarlausu er sýnd grimmd. Það er ekki hvað síst afstöðu og baráttu ungs fólks í heiminum að þakka, að slotað hefur a. m. k. í bili vitfirringslegum grimmdarhernaði gegn saklausu og varnarlausu fólki í Víet-Nam, sem almennt hefur verið fordæmdur. Að þeim hernaði stóð Bandaríkjaher. Sami herinn og á Íslandi situr, her, sem lýtur sömu herstjórn og sama forseta. Er nú nema von, að hinn ungi stúdent, umbjóðandi minn grípi til stóryrða, þegar stefnendur þessa máls óska skriflega eftir því, að einmitt þessi her skuli hafa herbækistöðvar hér á landi?“

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnda segir svo: „ . . . . að tilgangur minn með þeim skrifum, sem mér hefur verið stefnt fyrir í þessu meiðyrðamáli, var æru stefnenda minna með öllu óviðkomandi, enda er mér enginn akkur í því að skerða virðingu þeirra í augum almennings hér á landi meira en ég tel að þeir hafi sjálfir gert, með frumkvæði sínu og hlutdeild í undirskrifta-

söfnun þeirri, sem kennd er við „varið land". Það var einungis sá verknaður sem í undirskriftasöfnuninni sjálfri var fólginn, sem varð mér réttmæt hvöt til að gagnrýna þá athöfn og þá fjórtán einstaklinga, sem að henni stóðu.

Þau þrjátíu ár sem Ísland hefur talist sjálfstætt og fullvalda lýðveldi hefur þjóðin verið klofin í tvær andstæðar fylkingar, sem greinir á um, hvernig sjálfstæði og öryggismálum ríkisins muni best borgið. Samningar þeir sem íslenskar ríkisstjórnir gerðu á sínum tíma við Bandaríki Norður-Ameríku og Atlantshafsbandalagið um dvöl bandarísks herliðs í landinu og aðild okkar að Norður-Atlantshafssamningnum hafa staðfest það djúp sem skilur milli fylkinganna tveggja í pólitísku tilliti. Oft hafa þung orð og ásakanir verið bornar fram á þessum tíma, þegar hitnaði í kolum, án þess að aðilar hafi kveinkað sér hvor undan höggum hins, vegna meiddrar æru. Ekki hefur því verið neitað fram til þessa, að um stórpólitískt deilumál sé að ræða, þótt tilfinningahiti hafi oftlega borið málefnalegan rökstuðning ofurliði og merkingarþróttur margra mergjuðustu kryddorða tungunnar dvínað, vegna ósparlegrar notkunar.

Varlegt er því að tala um ærumeiðandi móðganir eða aðdróttanir í jafn viðkvæmum pólitískum deilumálum, þegar deiluaðilar reyna hvor um sig að finna snöggan blett á andstæðingnum til að veikja málstað hans með orðum. Þar er um líkan leik að ræða, þar sem hver reynir að bera af sér þau högg sem að honum eru reidd og greiða ný á móti, eftir þeim föngum sem hver og einn hefur til að tefla fram málstað sínum á almennum vettvangi.

Í Stúdentablaðinu 25. janúar 1974, en ég var ritstjóri þess og ábyrgðarmaður, birtist grein um undirskriftasöfnun *varins lands*, sem ég hafði sjálfur skrifað, þótt upphafsstafir mínir undir greininni féllu niður í prentun fyrir einhverja slysni. Fjórir háskólakennarar, þeir sömu og eru stefnendur í þessu máli, sneru sér af þessu tilefni til Háskólaráðs með bréfi dagsettu 26. mars 1974, þar sem þeir gerðu þá kröfu, að mér yrði refsað með áminningu, samkvæmt 24. gr. háskólalaga nr. 84/1970. Háskólaráð synjaði þessari kröfu, en sendi engu að síður frá sér ályktun um þetta mál. Ég sá ástæðu til að svara með bréfi til Háskólaráðs þessari málsýfingu fjórmenninganna og þeirri meðferð sem málið fékk innan ráðsins. Háskólaráð afgreiddi ályktun sína á fundi 2. maí 1974, en ég sendi því aftur bréf mitt stuttu eftir að mér barst hún, en það var 27. maí. Afrit af bréfinu sendi ég um leið arftaka mínum í starfi ritstjóra Stúdentablaðsins, og birti hann það í blað-

inu þann 5. júní, þremur dögum eftir að það hafði verið kynnt háskólaráðsmönnum á fundi.

Ég gegndi starfi ritstjóra Stúdentablaðsins í rétt ár, frá því í lok mars 1973 til 1. apríl 1974, og komu út 13 tölublöð á þeim tíma undir ritstjórn minni. Dvöl bandarísks herliðs í landinu og vera íslensku þjóðarinnar í NATO var oftar en ekki tekin fyrir í Stúdentablaðinu á þessu tímabili, enda stjórn Stúdentaráðs og sá meirihluti ráðsliða, sem hún hafði umboð sitt frá, í yfirlýstri andstöðu við hvorttveggja. Það var því hluti af starfi mínu við blaðið að fylgja eftir stefnu útgáfustjórnarinnar (stjórnar SHÍ) í þessum málum. Það þurfti því engum að blöskra, þótt hart væri brugðið við í fyrsta tölublaði, sem út kom eftir að áðurnefnd undirskriftasöfnun fór af stað, og henni mótmælt af krafti í málgagni Stúdentaráðs. Það stóð heldur ekki á því að stjórn Stúdentaráðs tæki við sér og lýsti yfir stuðningi sínum við mig og núverandi ritstjóra Stúdentablaðsins, í ályktun 27. júní 1974, þar sem stefnendur okkar eru fordæmdir sérstaklega og þær árásir á tjáningarfrelsi og frjálsa skoðanamyndun í landinu, sem stjórnin telur tólf af forystumönnum undirskriftasöfnunarinnar beita, með höfðun fjölda meiðyrðamála, í tilefni blaðaskrifa um hana.

Ég legg á það áherslu, að ég lít á öll skrif mín um undirskriftasöfnun „varins lands" sem pólitísk skrif fyrst og fremst, sem ekki er eingöngu beint gegn forráðamönnum hennar, heldur og gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna, tengd þeirri baráttu gegn henni, sem á sér stað á alþjóðlegum vettvangi og þeirri baráttu sem háð hefur verið gegn áróðursmönnum hennar hérlendis, um 30 ára skeið. Ég tel það skyldu mína sem Íslendings að snúast öndverður gegn hverju því, sem leitt getur til ógnunar við fullveldi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, eða getur á einhvern hátt orðið til að villa mönnum sýn gagnvart þeirri hættu, sem smáþjóð á borð við okkur er búin af ásælni erlendra stórvelda.

Eina tryggingin fyrir því að hægt verði að bægja frá þeirri ógn, sem lengi hefur vofað yfir íslensku þjóðinni, er að alþýðustéttir þessa lands öðlist skilning á því, hvað það raunverulega merkir að vera sjálfs sín ráðandi í eigin landi. Ég og margir fleiri munum halda áfram að berjast fyrir því, með þeim rétti, sem íslensk lög og stjórnarskrá veita okkur, að fá að sjá þá hugsjón rætast.

Ég mun því í engu hvika frá þeirri skoðun minni, að undirskriftasöfnunin „varið land" hafi verið pólitískt tilræði, sem stefnt hafi verið gegn þeim markmiðum, sem ég hef lýst hér að framan. Gildir þar einu þótt forvígismenn undirskriftasöfnunar-

innar vilji gera sér upp annan tilgang og háleitari, sem ekkert eigi skylt við pólitík".

Ummælin.

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„I.

Um 1.

Það fer ekki milli mála, að hverjum þessi fyrirsögn beinist. Hún á við stefnendur alla. Stefnendur telja ummæli þessi ærumeiðandi sem móðgun samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940, svo og sem aðdróttun samkvæmt 235. gr. laganna.

Um 2.

Tekið er fram í textanum á undan ummælum þess, að hverjum þau beinast, þ. e. stefnandanum Þorsteini. Hann gerir því einn kröfur vegna þessara ummæla, sem hann telur ærumeiðandi fyrir sig. Með ummælunum er því dróttað að þessum stefnanda, að hann hafi eigi aðeins unnið gegn hagsmunum stúdentaráðs Háskóla Íslands heldur lagt sig fram um að knésetja það fjárhagslega. Telur stefnandinn Þorsteinn Sæmundsson að refsa beri stefnda fyrir þessi ummæli samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Þessi ummæli beinast að stefnandanum Jónatan. Hann gerir því einn kröfu vegna þessara ummæla, sem hann telur móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 4.

Sama er um aðild að kröfum vegna þessara ummæla og ummælanna undir 3. Telur stefnandinn Jónatan ummæli þessi móðgandi fyrir sig og ennfremur að í þeim felist aðdróttun um, að hann hafi með blaðaskrifum opinberlega veitzt að hagsmunum stúdenta. Krefst hann refsingar fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 5.

Ummæli þessi beinast að stefnandanum Þór. Telur hann ummælin móðgandi og krefst refsingar samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um 6.

Um aðild og rök vísast til 5. hér að framan. Til vara er krafist refsingar samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940.

II.

Um 1.

Hér er rætt um kröfu stefnenda til háskólaráðs um áminningu gagnvart stefnda. Sú krafa kom fram af þeirri ástæðu einni, að stefnendum blöskraði ritháttur stefnda í grein þeirri, er ræðir um undir I. hér að framan. Sú aðdróttun, sem felst í hér umræddum ummælum er því út í hött. Telja stefnendur, sem hér eiga allir hlut að, ummæli þessi varða við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 2.

Ummæli þessi beinast að stefnendum. Það er rangtúlkun, að tilgangur stefnenda og annarra, er stóðu að „Varið land" hafi verið að óska eftir áframhaldandi hersetu. Stefnendur telja niðurlagsorð hinna tilvitnuðu ummæla mjög ærumeiðandi fyrir sig. Er krafizt refsingar fyrir ummæli þessi samkvæmt 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um 3.

Hér er um mjög svæsin meiðyrði að ræða. Stefnendur eru vændir um svo stórkostlegar ávirðingar gagnvart þjóð sinni og landi, að verstu hrakyrði tungunnar eru ekki talin nothæf um framferði þeirra. Stefnendur telja þessar svívirðingar refsiverðar samkvæmt 234. og 236. gr. laga nr. 19/1940, en til vara 235. gr. sömu laga.

III.

Með vísun til þess, sem áður er fram komið um það, að ummælin samkvæmt II. og III. eru samhljóða, einungis um að ræða birtingu með mismunandi móti, þá vísast alfarið um ummælin skv. III. til þess, sem að framan greinir um ummælin samkvæmt II."

Af hálfu stefnenda eru kröfur rökstuddar svo í greinargerð:

„Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, er ummælin undir I. birtust í því. Greinin, sem ummælin birtust í, var óundirrituð. Stefndi ber því bóta- og refsiábyrgð á þeim ummælum skv. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Grein sú, sem ummælin undir II. birtust í, er nafngreind

stefnda. Hann ber því ábyrgð á þeim ummælum skv. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Einstakir þættir í kröfugerð stefnenda byggjast á ótvíræðum lagaheimildum. Þegar hafa verið færð ítarleg rök að refsiþætti kröfugerðarinnar. Þykir ekki ástæða til að víkja sérstaklega að öðrum þáttum í kröfugerð stefnenda, nema þeirri kröfu, er lýtur að miskabótum. Um hana skal farið nokkrum orðum.

Ærumeiðingar eru almennt fallnar til að valda þeim miska og andlegri raun, sem fyrir þeim verða. Skrif í blöðum, er fela í sér ærumeiðingar, eru ómenningarleg, mjög hvimleið og órækur vottur andlegrar lágkúru og skorts á umgengnismenningu, sem er ekki síztur þáttur andlegs þroska. Slík skrif vega að andlegu frelsi, sem er einn meginþáttur lýðræðis, því að tilefni þeirra eru iðulega andstæð viðhorf og öndverðar skoðanir þess, er ærumeiðir og hins, sem fyrir ærumeiðingunum verður. Ærumeiðingar losna úr læðingi við það eitt, að sá, sem ærumeiddur er, leyfir sér að hafa og kunngjöra skoðun á málefni, sem fer í bága við hugmyndir þess, er ærumeiðir.

Í umræddu tilviki var veitzt með hrakyrðum að stefnendum vegna skoðana þeirra og reynt var með ærumeiðandi ummælum að sverta þá og gera forgöngu þeirra að könnun á viðhorfi Íslendinga til varnarmála ríkisins sem tortryggilegasta. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum, sem hér eru til álita, með því að dæma þeim, sem ærumeiddir eru með skrifunum, ríflegar bætur. Hér er um að ræða misnotkun á prentfrelsi, sem níðist á andlegu frelsi, og það á fremur að hamla gegn slíku með virkum viðurlögum, en skapa því skjól til að skáka í með úreltum viðhorfum til mats bóta. Hér ber og sérstaklega að hafa það í huga, að málgagn stúdenta við Háskóla Íslands var hér notað til rógskrifa um kennara við þá virðulegu stofnun. Verður að telja slíkar árásir á kennara skólans sérstaklega ótilhlýðilegar og vítaverðar. Ber að hafa þetta atriði sérstaklega í huga, þegar metnar eru miskabætur til stefnenda".

Í aðiljaskýrslu stefnda segir svo um ummælin sjálf:

„I,1. Þessi ummæli voru viðhöfð um alla stefnendur og eru jafnsönn um hvern og einn þeirra. Vil ég í framhaldi af þessari fullyrðingu leyfa mér að vitna í bók Gunnars Benediktssonar, Saga þín er saga vor, útg. af Heimskringlu 1952, bls. 69, neðstu greinarskil: „En áróðursmenn Bandaríkjanna fóru ekki einir á stúfana um þessar mundir. Áskoranir um neitandi svar taka að berast frá félagasamtökum í landinu, og ber þar mest á samtök-

um verkamanna og stúdenta. Þegar rektor Háskólans, Ólafur Lárusson prófessor, afhenti stúdentum háskólaborgarabréfin 27. október (1945), flutti hann þeim ávarp, sem vakti mikla athygli. Þar sagði hann meðal annars: „Hún (þjóðin) mun trúa yður fyrir menningararfleifð sinni, hún mun fela yður á hönd líf sitt og frelsi, fela yður að varðveita það og verja gegn öllum hættum, sem að því kunna að steðja, ásælni og áleitni annarra, hvaðan sem sú áleitni kemur og í hvaða mynd sem hún birtist“.“

Tilefni þessara orða rektors Háskólans árið 1945 var ósk bandarískra yfirvalda um að fá að hafa herbækistöð á Íslandi. Síðan þau voru töluð hafa margir úr röðum stúdenta og kennara við Háskóla Íslands orðið til að taka virkan þátt í því andófi, sem háð hefur verið gegn bandarískri hersetu hér á landi.

Það ber því nýrra við, þegar stefnendur mínir *afhjúpuðu sig* sem áróðursmenn Bandaríkjanna á Íslandi og tóku að sér að safna undirskriftum til að sporna á móti því að hróflað væri við hagsmunum stórveldisins varðandi hersetu þess í landinu. Ummælin eru sönn og því ekki ærumeiðandi skv. þeim lagagreinum sem vísað er til.

I,2. Þessi ummæli eiga rót sína að rekja til þess, að átök urðu milli Stúdentaráðs og fulltrúa stúdenta í Háskólaráði annars vegar og meirihluta í Háskólaráði hins vegar, vorið 1973, út af skráningargjöldum sem gilda skyldu fyrir stúdenta það árið. Urðu um þetta nokkur blaðaskrif á sínum tíma. Stefnandinn, Þorsteinn Sæmundsson, lagðist þá gegn því að nokkur hluti þessa skatts sem lagður er á stúdenta við árlega skráningu, skyldi renna til Stúdentaráðs. Samþykkti meirihluti Háskólaráðs fyrir hans atbeina tillögu um skiptingu fjárins, þar sem hlutur Stúdentaráðs var að engu gerður. Hefði þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, ekki ógilt þessa ákvörðun Háskólaráðs, er víst um það að Stúdentaráð hefði orðið að leggja niður margþættaða þjónustustarfsemi, sem það rekur í þágu allra stúdenta, þ. á m. útgáfu Stúdentablaðsins.

Ég er reiðubúinn að færa sönnur á þessi ummæli mín með því að leiða fram vitni og leggja fram gögn til sönnunar, óski réttur-inn þess.

I,3. Satt er það, þessum ummælum er beint að stefnandanum Jónatan. En ekki fæ ég komið því heim og saman, hvernig jafn hugljúf og skáldleg líking getur móðgað æru hans svo mjög, að stefna þurfi út af. Ég neita því engan veginn að um kersknisorðalag er að ræða, þótt mér hefði aldrei dottið það í hug að orð eins

og mömmudrengur gæti verið ærumeiðandi, þegar ekki er einu sinni vikið að móður viðkomandi í skeytinu. Ekki getur það varðað við lög að skopast að mönnum á jafn meinlausan og góðlátlegan hátt, svo ákæran hlýtur að falla um sjálfa sig.

I,4. Í sambandi við þessi ummæli vil ég vísa til þeirra málsatvika, sem greint er frá í sambandi við skráningargjöld við Háskólann undir lið I,2 hér að framan. En að öðru leyti vildi ég mælast til þess að prófessor Jónatan Þórmundsson legði sjálfur fram fyrir dómi téða Morgunblaðsgrein frá 21.7. 1973, svo rétturinn geti skorið úr um, hvort skrif hans um skráningargjaldamálið voru árás á hagsmuni stúdenta eða hvort ég fer með fleipur eitt. Ég lýsi mig saklausan af því að hafa með ummælum þessum verið að drótta einhverju að Jónatan í ærumeiðandi tilgangi.

I,5. Satt er það, að orðið „framagosi" er ekki eitt af uppáhaldshrósyrðum mínum, en aldrei hefði mér samt dottið í hug annað en að í því fælist einhvers konar staðfesting á jarðneskri velgengni þess, sem nafngiftina hlýtur. En ef prófessor Þór Vilhjálmsson er reiðubúinn til að lýsa því yfir að hann búi ekki yfir heilbrigðum metnaði, eins og það heitir á góðri íslensku, þá mun ég sætta mig við það að ummælin verði ómerkt. Að öðrum kosti lýsi ég mig saklausan af hugsanlegri móðgun með notkun orðsins.

I,6. Þeim ummælum, sem hér er vitnað til, er ekki beint að prófessor Þór Vilhjálmssyni, heldur nokkrum lagastúdentum, sem höfðu á honum næga aðdáun, til að reka áróður fyrir honum sem hugsanlegu rektorsefni Háskóla Íslands, við prófkjör meðal stúdenta fyrir rektorskjör árið 1973. Ég fæ ekki betur séð, en þeir verði sjálfir að reka sín mál, telji þeir ástæðu til að efna til meiðyrðamáls út af þessum ummælum, sem að þeim er beint.

Um II er það að segja í heild, að þar er fjallað um birtingu Stúdentablaðsins á bréfi því, sem ég sendi Háskólaráði af gefnu tilefni 27. maí 1974, og er þess getið áður hér að framan. Birtingin átti sér stað í 4. tbl. Stúdentablaðsins, 5. júní 1974. Bréf þetta er það sama og liður III í stefnunni tekur til.

II,1. Ég hef áður í þessari skýrslu minni gert grein fyrir skoðun minni á pólitísku eðli undirskriftasöfnunarinnar og þeirra þjóðfélagslegu átaka, sem hún er þáttur í. Vil ég því vísa til þess, sem fullnægjandi sönnunar á sakleysi mínu af þessum ákærulið, og lýsi ég orðalag stefnenda hér hártogun staðreynda.

II,2. Texti undirskriftaskjalsins, sem stefnendur og tíu aðrir menn burðu öllum tvítugum Íslendingum að undirrita, tekur af

allan vafa um, að verið var að óska eftir áframhaldandi hersetu hér á landi. Þar er skorað á ríkisstjórnina og Alþingi að „ . . . leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og *brottvísun varnarliðsins.*“ (undirstrikun mín, RÁA). Hér er því ekki um rangtúlkun að ræða. Um niðurlagsorð hinna tilvitnuðu ummæla, sem stefnendur telja móðgandi fyrir sig, er það að segja, að þar er um að ræða óbeina tilvitnun í orð Fjölnismanna, er þeir settu sér lög fyrir félag sitt, Fjölni: „Allir viljum við Íslendingar vera . . . .“ o. s. frv. Telji stefnendur það ærumeiðandi fyrir sig að hafa óskað eftir áframhaldandi hersetu hér á landi, geta þeir átt þær sakir við sjálfa sig. Í mínum augum eru þeir fyrir vikið ekki sannir Íslendingar.

II,3. Í þeim ummælum, sem hér er vitnað til, ræði ég um þann glæp, sem framinn hafi verið gagnvart íslenskri þjóðarvitund í nafni „varins lands“. En „nota bene“: Bréf mitt til Háskólaráðs var ekki ákæruskjal sent jarðneskum dómstóli, sem fjalla skyldi um mál hinna brotlegu. Háskólaráð hafði áður, að kröfu stefnenda allra, tekið fyrir og rætt skrif mín í Stúdentablaðið 25. janúar 1974, með hliðsjón af þeirri skriflegu kröfu þeirra að ég yrði áminntur fyrir. Burtséð frá því, að Háskólaráð hafnaði kröfu þeirra, hafði mér verið misboðið með því að hún var fram komin inn á þann vettvang. Og ég átti því fullan rétt á því að þessi æðsta valdastofnun þess skóla, sem ég stunda nám við, fengi að heyra mín sjónarmið í sambandi við þetta mál.

Það er satt, að ég sakaði stefnendur mína og hlutdeildarmenn þeirra í undirskriftasöfnuninni um stórkostlegar ávirðingar gagnvart landi sínu og þjóð, en sá glæpur sem ég hef á þá borið er ekki lögbrot af því tagi sem dómstólar okkar fást við. Slík afbrot gerir hver og einn upp eftir þeirri réttlætistilfinningu, sem býr í brjósti hans sjálfs. Og margt skilur á milli, þegar um er að ræða þá tilfinningu og þann skilning, sem hver einstaklingur hefur í hjarta sínu, á lífi og örlögum þjóðar sinnar. Það er hins vegar eftirkomenda okkar að dæma, í ljósi sögunnar, hver það var, sem glæpinn drýgði, — og hvers eðlis sá glæpur var. Ég óttast ekki þann dóm.

Stefnendur mínir saka mig ennfremur um að halda því fram, að verstu hrakyrði tungunnar séu ekki nothæf um framferði þeirra og hlutdeildarmanna þeirra. Það er alveg rétt, svo langt sem það nær, því megininntak hinna tilvitnuðu ummæla minna hér er einmitt það, að orð dugi tæpast lengur, til að tefla fram mínum málstað gegn þeirra, — eða öfugt. Stór hluti þjóðarinnar

er að mínu viti ófær um að mynda sér hlutlæga skoðun á ástandinu í sjálfstæðismálum þjóðarinnar í dag, vegna þeirrar meðferðar, sem tungan sjálf hefur mátt þola, í átökum undanfarinna áratuga. Orð, sem áður voru merkingarbær og flestum auðskilin, hafa nú glatað merkingarþrótti sínum og ná ekki lengur eyrum alþýðu. Slík orð falla dauð niður á pappírinn, þegar síst skyldi.

Í þeim ummælum úr bréfi mínu til Háskólaráðs, sem stefnendur tilfæra, er verið að ræða um undirskriftasöfnunina og aðstandendur hennar í heild, en ekki stefnendur þessa máls eina, þannig að vafasamt verður að teljast, að þessi stefna teljist lagalega fullnægjandi, ef ástæða þykir til að koma yfir mig lögum út af nefndum ummælum.

Ég vísa auk heldur á bug ásökunum stefnenda um ærumeiðandi ummæli í bréfinu, þar sem ég var aðeins með því að leita mér þeirrar uppreisnar gagnvart Háskólaráði, sem réttmæta verður að telja, vegna þeirrar lítillækkunar, sem mér var sýnd á sama vettvangi, með kröfu stefnenda þessa máls um áminningu, vegna hegðunar sem ósamboðin væri háskólaborgara, mér til handa.

Bréfið var að mestu leyti heimspekilegur samanburður á huglægri afstöðu minni og pólitískra andstæðinga minna (vl–14), sem borinn var fram í réttlætingarskyni fyrir mig sjálfan, í þeirri von að skiljanlegt væri þeim sem læsu. Því hafði ég ekkert við það að athuga að bréfið kæmi fyrir augu lesenda Stúdentablaðsins.

III. Með vísun til þess, sem áður er komið fram hér að framan, að þau ummæli sem stefnt er út af skv. II & III eru samhljóða, þá vísast alfarið um rökstuðning minn og málsbætur skv. III, til þess sem fram kemur samkvæmt II."

Í greinargerð lögmanns stefnda segir svo: „Í þessari greinargerð mun ég ekki fara út í neinar útskýringar á hinum umstefndu ummælum, með því að umbjóðandi minn leggur fram aðilaskýrslu í málinu, þar sem hann sjálfur útskýrir þau, rökstyður og réttlætir.

Þó get ég ekki orða bundist yfir rökstuðningi stefnenda fyrir því að telja ummæli nr. 2: „Menn sem skipuleggja hreyfingu meðal landa sinna um að óska eftir áframhaldandi hersetu erlends stórveldis . . .", vera refsiverð sbr. 234. og 235. gr. almennra refsilaga, en rökstuðningurinn er sá, að *það sé rangtúlkun að tilgangur stefnenda og annarra sem stóðu að „Vörðu Landi" hafi verið að óska eftir áframhaldandi hersetu.*

Þessi rökstuðningur sýnir vel fáránleik þessara málaferla, en í honum örlar einnig fyrir glórulausu ofstæki.

Í undirskriftayfirlýsingu sinni segja stefnendur: „Við undirritaðir skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi íslensku þjóðarinnar með því að . . . . . leggja á hilluna ótímabær áform um . . . . . brottvísun varnarliðsins."

Hvernig er hægt að skilja þetta orðalag yfirlýsingarinnar öðru vísi en umbjóðandi minn gerði, þ. e. að undirskrifendur væru að óska eftir því að láta herinn vera áfram, en ekki fara?

Stefnukröfum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum ummælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Opinber ummæli eins stefnenda, Jónatans Þórmundssonar, prófessors, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gerð sennileg, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram: Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt, að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan, og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli, á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd". Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og tölvuafritun var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus.

Um þann kröfulið stefnenda, að stefndi verði dæmdur til að sjá um að dómur í máli þessu, forsendur og dómsorð, verði birtur í fyrsta og öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa, sbr. 22. gr. laga um prentrétt nr. 57/1956, er það að segja, að með því að útgefandi þessa blaðs og/eða nú-

verandi ritstjóra hefur ekki verið stefnt inn í mál þetta, ber að sýkna umbjóðanda minn af þessum kröfulið vegna aðildarskorts."

Álit dómsins.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða".

Í meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu lagt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsinga- og gagnrýnisskyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun notanda á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandarískra herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í þessu máli þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað

hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að framan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Almenn undirskriftasöfnun eins og stefnendur efndu til í svo viðkvæmu deilumáli sem dvöl bandarískra herliðsins hér á landi er, var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að.

Enn fremur þykir hér verða að líta til þess, að fram er komið, að innan Háskólans höfðu verið deilur um ýmis efni, þar á meðal á milli stúdenta og prófessora um skiptingu innritunargjalda og hver skyldi vera hlutur Stúdentaráðs í þeim gjöldum eða hvort framlög til Stúdentaráðs skyldu innheimt sérstaklega. Deilur þessar gengu það langt, að um þær var fjallað í dagblöðum. Meðal annars ritaði einn stefnenda tvær greinar um málefni Háskólans og stúdenta í Morgunblaðið sumarið 1973.

Hér þykir einnig verða að líta til tilefnis bréfs stefnda til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast, án þess að það verði látið varða ummælanda ábyrgð.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í I. Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974, II. Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og III. bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs. Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins, þegar framangreint 1. tölublað þess kom út, en ummæli hans í 2. tölublaði blaðsins eru í grein (bréfi), sem hann er nafngreindur höfundur að. Stefndi ber því ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Þegar greinar þær eru lesnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, þá kemur fram, að ummælunum er beint að stefnendum, a. m. k. virðist það ljóst varðandi ummælin, sem talin eru

undir lið I, 1–5 í stefnu og II, 1. Þau ummæli, sem talin eru undir II, 2 og 3, virðast beinast að forgöngumönnum „Varins lands" í heild, en þegar til þess er litið, að ummæli þessi eru í bréfi, sem stefndi ritaði rektor Háskólans, og þegar til tilefnis bréfsins er litið, þá þykja stefnendur geta tekið ummæli þessi til sín.

I.

1. Með vísan til röksemda þeirra, sem raktar eru í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ummæli þessi ekki verða færð undir ákvæði hegningarlaga.

2. Af greininni kemur fram, að hin umstefndu ummæli beinast að stefnandanum Þorsteini Sæmundssyni. Fram er komið, að innan Háskólans hafa verið skiptar skoðanir um skiptingu innritunargjalda og hver hlutur Stúdentaráðs skyldi vera. Enda þótt stefnda hafi ekki líkað tillögur Þorsteins Sæmundssonar í ágreiningsmáli þessu, þá réttlætir það ekki þessi ummæli, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

3. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Jónatan Þórmundssyni. Ummælin þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með vísan til þeirra röksemda, sem fram koma í almennum athugasemdum hér að framan, þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

4. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Jónatan Þórmundssyni. Fram er komið, að þarna mun átt við grein stefnandans Jónatans, sem birtist í Morgunblaðinu 21. júlí 1973, sú grein hefur verið lögð fram í málinu svo og grein eftir sama, sem birtist í Morgunblaðinu 4. ágúst 1973. Ummæli þessi þykja ekki verða færð undir ákvæði hegningarlaga.

5. Ummæli þessi beinast að stefnandanum Þór Vilhjálmssyni. Ummælin þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til þeirra röksemda, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

6. Ummæli þessi tekur stefnandinn Þór Vilhjálmsson til sín. Þegar málsgreinin, sem ummælin birtust í, er lesin, þá verður ekki séð, að stefnandinn Þór Vilhjálmsson eigi aðild vegna ummæla þessara, og verður því að sýkna stefnda að kröfum stefnenda vegna þessara ummæla.

II.

1. Ummæli þessi þykja ekki verða heimfærð undir ákvæði hegningarlaga.

2. Með vísan til þess, sem rakið er í almenna kaflanum hér að framan, þykja ummæli þessi ekki verða heimfærð undir ákvæði hegningarlaga, enda verður ávarp forgöngumanna „Varins lands" og texti undirskriftaskjalanna ekki öðru vísi skilinn en svo, að undirskrifendur óski eftir áframhaldandi dvöl bandarísks herliðs hér á landi.

3. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir með vísan til þeirra sjónarmiða, sem rakin eru í almennu athugasemdunum hér að framan, ekki eiga að refsa fyrir þau.

III. Ummæli þau, sem hér er stefnt út af, eru þau sömu og talin eru undir II, 1, 2 og 3. Niðurstaða dómsins að því er þessi ummæli varðar er sú sama og rakin er hér að framan undir lið II, 1, 2 og 3.

Bótakrafan.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem fjögurra af fjórtán forgöngumönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands" og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Tilefni bréfsins, sbr. liði II og III í stefnu, er það atferli stefnenda að kæra til Háskólaráðs skrif stefnda í 1. tbl. Stúdentablaðsins 1974. Óþægindi þau, sem þeir telja sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Krafa stefnenda um, að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að dómur í máli þessu verði í heild birtur í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins, verður ekki tekin til greina, en rétt þykir, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og dómsorð í máli þessu í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.
Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Rúnars Ármanns Arthúrssonar, sem birtust í Stúdentablaðinu, 1. tbl., er út kom 25. janúar 1974, Stúdentablaðinu, 4. tbl., er út kom 5. júní s. á., og bréfi til rektors Háskóla Íslands, dags. 27. maí 1974, sem lagt var fram á fundi Háskólaráðs, og talin eru í stefnu undir I 2, 3, 5, II 3 og sömu ummæli undir lið III og talin eru undir lið II 3, skulu ómerk.

Stefnda, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 45/1976. **Ásgeir Þorleifsson**
(Ólafur Þorgrímsson hrl.)
gegn
Landhelgisgæslu Íslands og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttargæslu
(Gunnar Möller hrl.).

Opinberir starfsmenn. Uppsögn. Kjarasamningar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjaði áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar

með stefnu 11. janúar 1974. Útivistardómur gekk í því máli 2. febrúar 1976. Samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 áfrýjaði áfrýjandi málinu að nýju með stefnu 26. febrúar 1976. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 4.289.680 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. nóvember 1967 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Á hendur réttargæslustefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eru engar kröfur gerðar, og af hans hálfu eru eigi hafðar uppi kröfur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Í máli þessu hefur fjármálaráðherra verið stefnt f. h. ríkissjóðs til réttargæslu. Rétt var að stefna fjármálaráðherra til fyrirsvars f. h. ríkissjóðs, sbr. 11. gr. laga nr. 38/1954. Eins og máli þessu er háttað, þykir þó ekki ástæða til að vísa málinu frá héraðsdómi af þessum sökum.

II.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæslu Íslands skulu „laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri á sjó eða í lofti, . . . vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæslunnar“. Með stoð í þessu ákvæði fór um laun og starfskjör áfrýjanda eftir samningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, þeim er greinir í héraðsdómi.

Stefndi sagði áfrýjanda upp starfi því, er hann gegndi í þágu hans, og lét hann af starfi samkvæmt því 1. október 1967. Áfrýjandi telur, að með uppsögn þessari hafi verið

brotinn á sér réttur og baki það stefnda bótaskyldu. Fyrir héraðsdómi var málssókn áfrýjanda gegn stefnda nánar á því reist, að svonefnd starfsaldursregla væri hluti af framangreindum kjarasamningi. Sé með henni svo fyrir mælt, að ef til uppsagnar komi, skuli starfsaldur starfsmanna ráða því, í hvaða röð þeim sé sagt upp. Hafi þessi regla ekki verið virt við uppsögn þá, er í málinu greinir.

Þessari málsástæðu í héraði tengist svo það, er hreyft var í greinargerð almennum orðum, að þar sem áfrýjandi hafði verið opinber starfsmaður, njóti hann „starfsverndar sem opinberir starfsmenn, þannig að uppsögn án saka sé ólögmæt".

Héraðsdómari byggir niðurstöður sínar á því, að um uppsögn áfrýjanda fari samkvæmt framangreindum kjarasamningi, sbr. 10. gr. laga nr. 25/1967. Hefur hann með því leyst úr því, hver réttarstaða áfrýjanda sé að þessu leyti. Eru ekki efni til að fallast á ómerkingarkröfu áfrýjanda.

III.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi kröfur sínar á því einu, að sér beri bætur vegna uppsagnarinnar samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 38/1954. Framangreindur kjarasamningur heimilar uppsögn með þriggja mánaða fyrirvara, svo sem gætt var við uppsögn þá, er í málinu greinir, en á því er eigi byggt fyrir Hæstarétti, að réttur hafi verið brotinn á áfrýjanda vegna hinnar svonefndu starfsaldursreglu, sem um er rætt í II að framan. Þegar þetta er virt, verður ekki fallist á, að áfrýjanda beri frekari fégreiðslur úr hendi stefnda en orðið er vegna greinds starfs og uppsagnar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda 100.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Þorleifsson, á að greiða stefnda,

Landhelgisgæslu Íslands, 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu krefur áfrýjandi um bætur vegna brottvikningar úr starfi. Hér fyrir dómi byggir hann kröfur sínar eingöngu á því, að hann hafi sem starfsmaður stefnda talist til lögreglumanna ríkisins samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1967 og 1. mgr. 5. gr. laga nr. 56/1963, nú 4. gr. laga nr. 56/1972. Um starfsréttindi hans og skyldur hafi því átt að fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/1954 og að því er brottvikningu varðaði hafi um hana gilt ákvæði III. kafla laganna. Brottvikningin hafi verið ólögmæt og eigi hann því rétt á bótum samkvæmt 11. gr. laganna.

Í héraði byggði áfrýjandi kröfur sínar að mestu leyti á kjarasamningum atvinnuflugmanna. Þó er að því vikið í greinargerð í héraði, að ef hann njóti ekki starfsverndar samkvæmt kjarasamningum þessum, þá eigi hann að minnsta kosti að njóta starfsverndar sem opinber starfsmaður, „þannig að uppsögn án saka sé ólögmæt". Þá mun þessari málsástæðu hafa verið hreyft við munnlegan málflutning. Í héraðsdómi er eigi sérstaklega að þessari málsástæðu vikið. Héraðsdómara bar að taka þessa málsástæðu til rökstuddrar úrlausnar samkvæmt 193. gr. laga nr. 85/1936. Þessa gætti héraðsdómari ekki. Verður því ekki hjá því komist, eins og máli þessu er háttað, að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Þar sem þessi úrlausn hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda, mun ég samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 greiða atkvæði um efni málsins. Með skírskotun til þess, sem segir í atkvæði meiri hluta dómenda, er ég samþykkur niðurstöðu þess.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. október 1973.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Einar Viðar hæstaréttarlögmaður, Reykjavík, f. h. Ásgeirs Þorleifssonar, Safamýri 34, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 14. mars 1969, gegn Landhelgisgæslunni, Reykjavík, og til réttargæslu ríkissjóði Íslands til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 3.000.000 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Með framhaldsstefnu, útgefinni 15. mars 1972, hefur stefnandi hækkað kröfu sína um kr. 1.850.000, þannig að heildarkrafan verður þá kr. 4.350.000, sem hann krefst 7% ársvaxta af frá 1. október 1967 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína í kr. 4.289.680, sem byggðist á nýjum tjónsreikningi, en gerði að öðru leyti hinar sömu kröfur um vexti og málskostnað sem í stefnu.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda, en stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati dómsins. Til vara gerði hann þær kröfur við munnlegan flutning málsins, að stefnukrafan yrði stórlega lækkuð og málskostnaður látinn niður falla. Af hálfu réttargæslustefnda eru engar sérstakar kröfur gerðar, enda engum kröfum að honum beint.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í ágústmánuði 1957 hafi hann hafið flugstörf hjá Landhelgisgæslu Íslands og unnið við þau störf þar til 1. október 1967, að hann hafi látið af störfum vegna uppsagnar á starfi, án þess að nokkrar sakir gegn honum væru tilgreindar. Í 10. gr. laga nr. 25 frá 1967 segi, að laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinni við störf í lofti, skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga eftir því sem við eigi eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar. Stéttarfélag atvinnuflugmanna hafi ekki gert neina sérsamninga við Landhelgisgæslu Íslands. Hins vegar hafi Landhelgisgæslan greitt flugmönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við kjarasamninga þá, sem FÍA hafi gert við Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Hafi sá háttur haldist um langt árabil og í kjarasamningi FÍA við flugfélögin frá 15. maí 1966 segi svo í 03–1 um starfsaldur: „Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem eru hluti af samningi þessum.“ Starfsaldursreglur FÍA hafi um árabil verið hluti af kjarasamningi FÍA við flugfélögin. Samkvæmt reglunum

sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista, þannig að yngsta manni að starfsaldri sé sagt fyrst upp o. s. frv. Reglur þessar séu sama eðlis og flugmenn hafi samið um víðast í hinum vestræna heimi til að vernda starfsréttindi sín. Við uppsögn stefnanda hafi ekki verið farið eftir starfsaldursreglum, því að yngri menn að starfsaldri vinni áfram hjá Landhelgisgæslunni í flugdeild. Líta verði svo á, að flugmenn Landhelgisgæslunnar eigi að njóta þeirrar verndar gegn óréttmætri uppsögn starfs, sem kjarasamningur atvinnuflugmanna veiti, jafnt og aðrir atvinnuflugmenn.

Vitnin Björn Guðmundsson, Sigurður Haukdal, Bragi Norðdal og Hilmar K. Sveinbjörnsson hafa komið fyrir dóm og staðfest vottorð sín, sem fram hafa verið lögð í málinu.

Vitnið Björn Guðmundsson flugstjóri kveðst telja, að undirbúningsþjálfun stefnanda hafi verið í lakara lagi, áður en hann tókst á hendur þjálfun á flugvél þá, sem í vottorði hans á dskj. nr. 10 greinir, þ. e. DC 4.

Stefnandi málsins, Ásgeir Jóhann Þorleifsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest aðiljaskýrslu sína og málavaxtalýsingu í stefnu og greinargerð og kveður þar vera rétt frá greint. Hann kveðst hafa leitað fyrir sér um starf sem flugmaður hjá Flugfélagi Íslands svo og Loftleiðum, eftir að honum hafði verið sagt upp starfi hjá Landhelgisgæslunni, að vísu aðeins munnlega, en það hafi ekki borið árangur. Kveður hann þó að sjálfsögðu hafa verið um ráðningar flugmanna að ræða hjá þessum flugfélögum á umræddum tíma. Hann kveðst ekki hafa leitað fyrir sér um flugmannsstarf hjá öðrum aðiljum heldur en að framan greinir og tekur fram, að aðrir möguleikar séu helst kennsluflug, sem hann kveðst ekki hafa áhuga á, bæði vegna lélegra tekna af því auk þess sem það sé mjög bindandi starf. Stefnandi kveðst að gefnu tilefni ekki hafa borið fram neinar óskir um að fá þjálfun á þyrlu, enda hafi það mál ekkert verið rætt við sig. Hann kveðst eigi heldur hafa sérstaklega látið í ljós ósk um að fyrra bragði, að hann fengi slíka þjálfun.

Forstjóri Landhelgisgæslunnar, Pétur Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest efni bréfs síns á dskj. nr. 20. Hann kveður það fyrst og fremst hafa verið vegna skipulagsbreytinga sem stefnanda hafi verið sagt upp störfum hjá Landhelgisgæslunni. Hann kveðst ekkert sérstakt hafa haft við stefnanda að athuga í starfi, enda kveður hann það ekki vera sitt að dæma um flughæfni hans. Forstjórinn kveðst ekki hafa boðið stefnanda að læra

þyrluflug, enda hafi hann ekki boðið neinum slíkt. Hins vegar kveðst hann hafa rætt það við Guðjón Jónsson flugstjóra, að það væri æskilegt, að hann lærði þyrluflug jafnframt, en hann hafi ekki haft neinn áhuga á því. Forstjórinn kveðst hafa orðið þess var í almennum umræðum um þyrlumálin, að stefnandi hefði ekki áhuga á þyrlum til almennra gæslustarfa.

Vitnið Björn Jónsson, flugmaður hjá Landhelgisgæslunni, hefur skýrt svo frá fyrir dómi að gefnu tilefni, að hann hafi próf frá farmannadeild Stýrimannaskóla Íslands og atvinnuflugmannspróf frá Bretlandi og þyrlupróf frá Bandaríkjunum. Áður en vitnið hóf störf hjá Landhelgisgæslunni, kveðst það hafa verið búið að sigla sem undir- og yfirmaður hjá H/f Eimskipafélagi Íslands, þar af um hálft ár sem yfirmaður. Vitnið kveðst hafa verið ráðið 11. apríl 1959 til Landhelgisgæslunnar, og kveðst vitnið þá hafa haft atvinnuflugmannsréttindi og um 200 flugtíma hjá þýsku flugfélagi. Vitnið kveðst hafa fengið þjálfun til þyrluflugs árið 1961. Vitnið segir, að þegar það hafi óskað eftir flugmannsstarfi hjá Landhelgisgæslunni, hafi það legið í loftinu, að þyrluflug yrði hafið innan Landhelgisgæslunnar, og þar sem staðið hafi til að ráða þyrluflugmann, kveðst vitnið hafa óskað eftir því að læra þyrluflug, og einnig kveðst vitnið hafa boðið fram um leið, að það vildi taka að sér stýrimannsstarf á skipum Landhelgisgæslunnar svo og flugvél, þegar þess þyrfti með. Vitnið skýrir svo frá, að um borð í flugvél Landhelgisgæslunnar þurfi ávallt að vera skipstjóri og stýrimaður, auk flugáhafnar, til þess að inna af hendi hin sérstæðu störf Landhelgisgæslunnar, svo sem staðarákvarðanir innan íslensku landhelginnar og skýrslugjöf fyrir dómi þar að lútandi og mörg önnur atriði, sem að sjómennsku lúta. Vitnið tekur fram, að þar sem þyrla Landhelgisgæslunnar sé mikið notuð í vinnu til og frá varðskipunum, þá hafi þekking þess á skipum og skipsvinnu komið í góðar þarfir. Vitnið kveðst aðallega vera ráðið sem flugmaður hjá Landhelgisgæslunni, en einnig inna af hendi stýrimannsstörf í ígripum, bæði í flugvél Landhelgisgæslunnar og á skipum hennar. Í eitt eða tvö skipti kveðst vitnið hafa gegnt bæði flugmanns og stýrimannsstarfi í sömu ferðinni. Vitnið kveðst hafa fengið flugstjóraréttindi á DC 4 í þágu Landhelgisgæslunnar árið 1970. Vitnið kveður flugtíma landhelgisgæsluflugmanna hafa verið í lágmarki miðað við farþegaflugmenn. Vitnið kveðst hafa sótt bókleg námskeið hjá Flugfélagi Íslands fyrir milligöngu Landhelgisgæslunnar. Enn fremur kveðst vitnið hafa tekið þátt í námskeiði eða

námskeiðum í „emergency“ hjá Flugfélagi Íslands. Vitnið tekur fram, að framangreind námskeið, sem það tók þátt í, hafi ekki verið haldin eins reglulega og fyrir flugmenn hjá Flugfélagi Íslands. Vitnið segir, að vegna sérstöðu flugmanna Landhelgisgæslunnar í flugi hafi þeir mjög lítið flogið eftir radíóleiðsögutækjum. Telur vitnið þetta stafa af því, að flugvélar Landhelgisgæslunnar fljúgi í allt annari hæð en farþegaflugvélar. Vitnið segir, að sér vitanlega hafi slík kennsla Flugfélags Íslands alltaf staðið flugmönnum Landhelgisgæslunnar til boða.

Komið hefur fyrir dóm í máli þessu Páll Halldórsson, flugmaður hjá Landhelgisgæslunni. Hann kveðst fyrst hafa verið ráðinn til Landgræðslunnar sem flugmaður á áburðarflugvél hennar á árinu 1962. Kveðst hann fyrst í stað aðeins hafa starfað yfir sumartímann hjá Landgræðslunni, en hafa verið fastráðinn allt árið 1965, að hann heldur, en kveðst þó ekki hafa flogið nema á sumrin, eftir að hann var fastráðinn hjá Landgræðslunni. Hann segir, að þegar hann byrjaði flugmannsstörf hjá Landgræðslunni, hafi ekki verið krafist sérþjálfunar til þess starfs, og hann kvaðst ekki vita um, hvort þess sé raunar enn krafist hér á landi, en víðast hvar annars staðar, þar sem slíkt flug sé stundað, sé krafist sérþjálfunar til þess, enda séu reknir skólar í því skyni.

Guðjón Benedikt Jónsson, flugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, hefur komið fyrir dóm og staðfest yfirlýsingu sína á dskj. nr. 25. Vitnið kveður yfirlýsinguna vera efnislega rétta, hins vegar kveðst hann telja sig flugstjóra hjá Landhelgisgæslunni, en ekki yfirflugmann. Tekur vitnið fram, að flugdeildinni sé stjórnað af einum af skipherrum Landhelgisgæslunnar. Vitnið kveður sér hafa verið boðið af forstjóra Landhelgisgæslunnar að læra á þyrlu.

Endanlegar kröfur stefnanda í máli þessu sundurliðar hann sem hér segir:

Beint fjártjón vegna uppsagnar á starfi	kr.	3.789.680
Vegna röskunar á stöðu og högum	—	500.000
Samtals	kr.	4.289.680

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að í 10. gr. laga nr. 25 frá 1967 segi, að laun og kjör starfsmanna Landhelgisgæslunnar, sem vinni við störf í lofti, skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við eigi, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélags við stjórn Landhelgisgæslunnar. Stéttarfélag atvinnuflugmanna hafi ekki gert

neina sérsamninga við Landhelgisgæslu Íslands. Hins vegar hafi Landhelgisgæslan greitt flugmönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við kjarasamninga þá, sem FÍA hafi gert við Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Hafi sá háttur haldist um langt árabil. Í kjarasamningi FÍA við flugfélögin frá 15. maí 1966 segi svo í 03-1 um starfsaldur: „Sjá meðfylgjandi reglur um starfsaldur, sem eru hluti af samningi þessum". Starfsaldursreglur FÍA hafi um langt árabil verið hluti af kjarasamningi FÍA við flugfélögin. Samkvæmt reglunum sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista þannig, að yngsta manni að starfsaldri sé sagt fyrst upp o. s. frv. Reglur þessar séu sama eðlis og flugmenn hafi samið um víðast hvar í hinum vestræna heimi til að vernda starfsréttindi sín. Við uppsögn stefnanda hafi ekki verið farið eftir starfsaldursreglum, því að yngri menn að starfsaldri vinni áfram hjá Landhelgisgæslunni í flugdeild. Þess vegna verði að telja uppsögn stefnanda án saka og án þess að farið sé eftir starfsaldursröð skaðabótaskylda.

Stefndi styður sýknukröfu sína m. a. þeim rökum, að uppsögn stefnanda hafi verið liður í víðtækri endurskipulagningu á starfsemi Landhelgisgæslunnar, sem hafi í för með sér uppsögn um það bil 30 starfsmanna, sumra með áratuga starfsaldur, bæði á sjó og í landi og — að því er stefnanda snerti — í lofti. Stefnandi haldi því ekki fram, að stefnda hafi verið óheimilt að segja upp flugmanni, né heldur að uppsögn hans hafi verið gerð með ófullnægjandi fyrirvara, heldur að stefnda hefði aðeins verið rétt að segja upp yngsta flugmanninum, Birni Jónssyni. Þessu kveðst stefndi mótmæla af eftirgreindum ástæðum:

a. Samkvæmt 10. gr. laga nr. 25 22. apr. 1967 skuli laun og kjör flugmanna stefnda vera í samræmi við kjarasamninga atvinnuflugmanna eftir því sem við eigi.

Hliðstætt ákvæði hafi ekki áður verið í lögum um flugmenn stefnda, en sé í samræmi við það, sem jafnan hafi gilt um sjómennina. Sérstakur ráðningarsamningur hafi ekki verið gerður við flugmenn stefnda, en þeim tjáð, að um kjör þeirra yrði höfð hliðsjón af kjörum flugmanna hjá flugfélögunum. Starfsaldursreglurnar, sbr. dskj. nr. 5, geti með engu móti átt við fluglið stefnda, eins og glöggt blasi við í þessu máli. Reglurnar séu samdar og settar til að gilda um störf við stór flugfélög, þar sem fjöldi manns vinni samkynja störf, svo að einn geti komið í annars stað. Þessu sé alls ekki til að dreifa um fluglið stefnda. Þar hafi aðeins verið um þrjá menn að ræða, sem unnið hafi hver sitt

sérhæfða starf, og enginn hafi getað komið í annars stað með þeirri undantekningu einni, að Björn Jónsson hafi getað komið í stað stefnanda.

Aðeins Guðjón Sigurðsson hafi getað verið flugstjóri á TF SIF.

Aðeins Björn Jónsson hafi getað flogið þyrlunni.

Aðeins stefnanda hafi skort kunnáttu og rétt til að gegna störfum beggja starfsbræðra sinna.

Þess sé svo getandi til viðbótar, að auk flugmannskunnáttu Björns Jónssonar hafi hann einnig próf frá Stýrimannaskólanum og hafði gegnt stýrimannsstörfum hjá stefnda, áður en hann gerðist flugmaður.

Starfsaldurslisti skuli samkv. 13. gr. (dskj. 5) gerður af „starfsráði". Samkv. 12. gr. skuli flugmenn hjá „félagi" skipa tvö sæti í ráðinu og tvö til vara. Svo margir hafi ekki flugmenn stefnda verið og sýni það með öðru, að starfsaldursreglurnar eigi ekki við um hann. Hafi og enginn starfsaldurslisti verið gerður og því ekki tekið gildi. Ef starfsaldursreglurnar giltu hér, virðist að vísa ætti máli þessu frá, þar sem starfsráð eigi endanlegan úrskurð um allan ágreining út af þeim reglum.

b. Enda þótt talið væri, að starfsaldursreglurnar væru bindandi fyrir stefnda, svo langt sem þær ná, mundi bera að sama brunni. Í greinargerð stefnanda sé frá því skýrt, að í sambandi við ágreining um uppsögn flugmanna án saka hafi fyrir nokkrum árum verið samið um að láta niðurstöðu gerðardóms gilda sem samning um skilning á starfsaldursreglunum, þar sem þær sjálfar skeri ekki berum orðum úr því, hvort slík uppsögn sé heimil. Leggi hann fram dskj. 6 sem útdrátt úr forsendum þess gerðardóms. Ekki kveðst stefndi vita, hvort rétt sé, að einnig gerðardómur þessi sé orðinn „hluti af samningi þessum", en stefnandi haldi því fram. En í gerðardómnum sé greinilega ráðagerð um það, að rekstrarlegir hagsmunir vinnuveitanda geti réttlætt uppsögn flugmanns gagnstætt starfsaldursreglunum. Virðist það og eðlileg skýring að gefa þessum reglum ekki víðtækara gildi en nauðsynlegt sé til að varna handahófskenndum uppsögnum.

„Rekstrarlegir hagsmunir" stefnda liggi í augum uppi. Hefði hann látið Guðjón Sigurðsson fara, hefði ekki verið hægt að fljúga TF SIF. Hefði Birni Jónssyni verið sagt upp, hefði ekki verið hægt að fljúga þyrlunni. Stefnandi hafi verið sá eini, sem hægt hafi verið að missa. Auk þess sé flugtími þyrlunnar ekki meiri en svo, að starf Björns Jónssonar nýtist illa, nema hann flygi mikið einnig á TF SIF. Það horfi og mjög til hagkvæmni,

að Björn geti jöfnum höndum starfað sem flugmaður og siglingafræðingur í gæsluferðum TF SIF auk þess að vinna í ígripum stýrimannsstörf á varðskipunum.

c. Hæfni stefnanda sem flugmanns séu þröng takmörk sett. Beri dómsskjal nr. 10 þetta með sér. Meðal ýmissa neikvæðra umsagna þjálfarans sé sérstaklega bent á lokaályktun hans: „Ásgeir á í töluverðum erfiðleikum með „coordination", en hefur þó lagast nokkuð. Vafasamt tel ég, að hann geti náð flugstjóra „standard" nema með mjög mikilli viðbótar þjálfun."

Við þetta bætist, að enskukunnátta stefnanda sé svo léleg, að til vandræða hafi horft. Sé það sérstaklega bagalegt, þar sem nærri megi segja, að flug fari fram á ensku. Leiði af því, að stefnandi hafi tæpast getað notað nauðsynlegar handbækur eins og „Operations Manual".

Þá kveður stefndi skylt að geta þess, að haustið 1966 hafi honum verið falið að geyma í flugskýli sínu flugvél, sem rekin hafi verið á vegum landbúnaðarráðuneytisins og Landgræðslunnar til áburðardreifingar úr lofti. Síðar hafi samist svo um, að stefndi tæki að sér viðhald og loks umsjón með rekstri vélarinnar. Flugmaður vélarinnar, Páll Halldórsson að nafni, sé ársmaður hjá Landgræðslunni, en áburðarflugið sé að sjálfsögðu aðeins stundað hluta úr árinu. Hafi því verið ákveðið að nýta starf hans í þágu stefnda að nokkru. Hann hafi aldrei flogið TF SIF, en fljúgi nú þyrlunni á móti Birni Jónssyni og verði jafnframt aðstoðarflugmaður á Albatross flugbátunum, sem teknir hafa verið í notkun nú nýlega, þann tíma, sem hann starfi ekki að áburðardreifingu. Sé hér um augljósa hagræðingu í rekstri að ræða og geti þetta engu breytt um réttarstöðu stefnanda.

Ex tuto kveðst stefndi mótmæla fjárhæð bótakröfu stefnanda sem hreinni fjarstæðu. Sé krafan við það miðuð, að stefnandi geti aldrei aftur fengið flugmannsstöðu, úr því að hann hafi misst starfið hjá stefnda. Nái slíkt ekki neinni átt, nema um leið sé viðurkennd slík vanhæfni til starfa, að hún ein réttlæti uppsögn hans. Stefndi kveðst að öðru leyti vísa til þeirra atriða, sem tryggingafræðingurinn sjálfur bendi á í dskj. nr. 3, að dragi úr gildi áætlunar hans. Loks kveðst stefndi vísa til dómvenja um ákvörðun eingreiðslu til bóta vegna minnkaðs aflahæfis og mótmæla sérstaklega kröfum um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón.

Eins og fram hefur komið, reisir stefnandi bótarétt sinn í máli þessu á kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við

Flugfélag Íslands h/f og Loftleiðir h/f, enda hafi Landhelgisgæslan greitt flugmönnum sínum kaup og veitt önnur kjör í samræmi við framangreindan kjarasamning og hafi sá háttur haldist um langt árabil. Hluti af kjarasamningi þessum sé starfsaldursreglur, en samkvæmt þeim sé uppsögn án saka óréttmæt, nema farið sé eftir röð á starfsaldurslista, þannig að yngsta manni að starfsaldri sé sagt upp fyrst o. s. frv.

Í lögum um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25 frá 22. apríl 1967 segir svo í 10. gr.: „Laun og kjör þeirra starfsmanna, sem vinna að staðaldri við störf á sjó eða í lofti, skulu vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæslunnar."

Stefnandi kveður stéttarfélag atvinnuflugmanna ekki hafa gert neina sérsamninga við Landhelgisgæslu Íslands og reisir því rétt sinn í máli þessu eingöngu á áðurgreindum kjarasamningi FÍA. Velta því úrslit málsins á því, hvort starfsaldursreglur marnefnds kjarasamnings eigi við það tilvik, sem hér um ræðir.

Þegar meta skal, hvort starfsaldursreglur kjarasamnings FÍA eigi við það tilvik, sem hér liggur fyrir til úrlausnar, ber m. a. að hafa í huga, að starfsgrundvöllur stefnda er með nokkuð öðrum hætti en samningsaðilja FÍA, auk þess sem stefndi, Landhelgisgæslan, er ekki aðili að kjarasamningi þeim, sem stefnandi reisir rétt sinn á, og verður því ekki litið svo á, að hún sé bundin af einstökum ákvæðum þess samnings umfram það, sem segir í áður tilvitnaðri 10. gr. laga nr. 25/1967.

Stefndi kveður uppsögn stefnanda hafa verið lið í víðtækri endurskipulagningu á starfsemi sinni, sem hafi haft í för með sér uppsögn um það bil 30 starfsmanna, sumra með áratuga starfsaldur, bæði á sjó og í landi, og að því er stefnanda snertir í lofti. Þá er og þess að gæta, að stefnandi hafði ekki eins fjölþætta starfsmenntun og sá, sem yngri var að starfsaldri í flugþjónustu stefnda, og gat því ekki komið í hans stað. Að þessu öllu athuguðu, þykir ekki verða litið svo á, að starfsaldursreglur FÍA eigi hér við, þar sem slíkt hefði strítt gegn rekstrarhagsmunum stefnda, eins og á stóð, og ber því að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu.

Eins og málinu er háttað, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landhelgisgæslan, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ásgeirs Þorleifssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 84/1975. **Sólveig Baldvinsdóttir**
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Friðjóni Guðlaugssyni
Þorbirni Eyjólfssyni
Jóni Sveinssyni
Magnúsi Guðjónssyni
Sigríði Þorsteinsdóttur
Helga Jónssyni
Óskari Steindórssyni
Hirti Ásgeiri Ingólfssyni
Önnu Jakobsdóttur og
Einari Kristjánssyni,
eigendum Arnarhrauns 4—6
í Hafnarfirði,
(Sveinn Snorrason hrl.)
og
Verktækni h/f
(Árni Grétar Finnsson).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júní 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. maí s. á., og krafist þess, að stefndu verði dæmd til að greiða sér óskipt 34.866 krónur með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allir hinir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögn héraðsdóms. Vitni hafa komið fyrir dóm, og lögð hafa verið fram vottorð, sem ætlað er að leiða í ljós, að spjöll á bifreið áfrýjanda hafi hlotist af bárujárnsplötum, sem fuku af þaki hússins Arnarhrauns 4—6. Lagður hefur verið fyrir Hæstarétt íslenskur staðall um vindálag, gefinn út af Iðnþróunarstofnun Íslands 1. maí 1973, svo og niðurstöður mælinga Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um naglhald þaksaums frá árinu 1974. Einnig hefur verið lagður fram í Hæstarétti útreikningur Ögmundar Jónssonar verkfræðings á því, hvert hafi verið líklegt vindálag á þak hússins Arnarhrauns 4—6 aðfaranótt hins 24. september 1973 miðað við tiltekinn vindhraða, svo og álit hans á því, hvert vindálag þakjárn á húsinu hefði átt að þola, ef gengið sé út frá vissum nánar tilgreindum forsendum varðandi neglingu járnsins.

Af hálfu stefnda Verktækni h/f var því lýst yfir fyrir Hæstarétti, að fallið væri frá þeirri málsvörn, að skaðabótakrafa áfrýjanda væri fyrnd.

Samkvæmt gögnum máls eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, að tjón á bifreið áfrýjanda hafi hlotist af þakplötum, er fuku af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun nóttina milli 23. og 24. september 1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að ósannað sé, að tjón það, sem er undirrót máls þessa, verði rakið til vansmíði á þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun eða til ónógs viðhalds þess.

Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f og samtals 50.000 krónur til annarra stefndu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sólveig Baldvinsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur samtals til stefndu Friðjóns Guðlaugssonar, Þorbjörns Eyjólfssonar, Jóns Sveinssonar, Magnúsar Guðjónssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur, Helga Jónssonar, Óskars Steindórssonar, Hjartar Ásgeirs Ingólfssonar, Önnu Jakobsdóttur og Einars Kristjánssonar og 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., hefur Sólveig Baldvinsdóttir, Arnarhrauni 2, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum á hendur eigendum húseignarinnar nr. 4—6 við Arnarhraun, Hafnarfirði, þeim Friðjóni Guðlaugssyni, Arnarhrauni 4, Þorbirni Eyjólfssyni, Arnarhrauni 4, Jóni Sveinssyni, Norðurvangi 11, Magnúsi Guðjónssyni, Arnarhrauni 4, Sigríði Þorsteinsdóttur, Arnarhrauni 4, Helga Jónssyni, Arnarhrauni 6, Óskari Steindórssyni, Arnarhrauni 4, Hirti Ásgeiri Ingólfssyni, Arnarhrauni 4, og Önnu Jakobsdóttur, Norðurbraut 25, öllum í Hafnarfirði, og Einari Kristjánssyni, Hverfisgötu 91, Reykjavík, svo og byggjanda umræddrar húseignar, Hjörleifi Jónssyni, Erluhrauni 11, Hafnarfirði, stjórnarformanni Verktækni h/f, Hafnarfirði, f. h. félagsins til greiðslu in solidum á kr. 34.866 með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefna á hendur Einari Kristjánssyni var birt hinn 2. apríl 1974, en stefnur á hendur öðrum stefndu voru birtar hinn 6. apríl 1974.

Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins úr þeirra hendi.

Til vara krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnukrafan er bótakrafa vegna tjóns, er varð á bifreið stefnanda nóttina milli 23. og 24. september 1973, er aftakaveður gekk yfir Suðvesturland. Telur stefnandi, að járnplötur, er fokið hafi

af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hafi valdið tjóninu. Stefnufjárhæðin er byggð á matsgerð húsasmíðameistaranna Ámunda Eyjólfssonar, Hamarsbraut 12, og Sigurbjarts Vilhjálmssonar, Skúlaskeiði 10, en þeir voru dómkvaddir að beiðni bæjarstjórans í Hafnarfirði til þess að meta til peningaverðs tjón, er urðu í Hafnarfirði af völdum áðurnefnds óveðurs.

Stefnendur telja, að það, að járnið rauf (sic) af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hljóti að hafa stafað af ófullnægjandi frágangi þaksins í upphafi og ónógu eftirliti með því síðan, en á þeim atriðum hljóti húsbyggjandi, stefndi Verktækni h/f, og húseigendur, aðrir stefndu, að bera solidariska ábyrgð.

Sýknukrafa stefnda Verktækni h/f er studd eftirtöldum rökum:

Í fyrsta lagi sé krafan fyrnd, en samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Hafnarfirði hafi húsið verið skráð fokhelt þann 31. ágúst 1964.

Í öðru lagi hafi enginn galli eða vanræksla komið fram, sem leiði til ábyrgðar af hálfu stefnda Verktækni h/f. Gengið hafi verið frá þakinu í samræmi við ströngustu kröfur og það staðfest af byggingarfulltrúa.

Í þriðja lagi hafi verið um ofsaveður að ræða, þar sem forsvaranlegur frágangur hafi ekki staðist í sumum tilvikum.

Í fjórða lagi kunni að vera, að viðhald hússins hafi ekki verið sem skyldi, og á því beri stefndi Verktækni h/f ekki ábyrgð.

Í fimmta lagi liggi ekki fyrir sannanir um það, hvaðan járnið kom, sem skaðanum olli.

Þá mótmælir stefndi Verktækni h/f sérstaklega mati því, er stefnukrafan er reist á, þar sem stefndu hafi ekki verið gefinn kostur á að mæta, þegar það mat fór fram, og gæta réttar síns.

Stefndu eigendur Arnarhrauns 4—6 rökstyðja sýknukröfu sína svo í greinargerð:

„Óveðursdóttina milli 23. og 24. september losnuðu þakplötur af ýmsum húsum, er standa austan við húseignina nr. 4—6 við Arnarhraun, og fuku þær ásamt ýmsu öðru lauslegu vestur Arnarhraunið. Þeir, sem áttu bifreiðar sínar óvarðar fyrir foki þessu, komu þeim yfirleitt í skjól, er þeir sáu að hverju stefndi. Stefnandi sá ekki ástæðu til þess að færa sína bifreið í skjól, en lét hana standa óvarða utan við bílgeymslu sína. Verður hún sjálf að bera skaðann af því að hafa ekki fært bílinn í bílgeymslu sína, er hún sá að hverju stefndi.

Ómótmælt er, að þakplötur hafi fokið af húsinu nr. 4—6 við

Arnarhraun, en ósannað er, að þakplötur af því húsi hafi einar valdið tjóni á bifreið stefnanda.

Fok þakplatnanna var vegna veðurhamfara og verður ekki rakið til ófullkomins frágangs við byggingu hússins né eftirlitsleysis húseigenda. Hugleiðingum í stefnu og greinargerð um hið gagnstæða er mótmælt.

Fræðimenn munu almennt á einu máli um, að tjón, sem verður fyrir „vis major", valdi ekki bótaskyldu, jafnvel þar sem um objektiva bótaábyrgð annars kann að vera að ræða. Sannað er, að stefnandi gerði engan reka að því að láta færa bifreið sína í skjól fyrir óveðrinu eða í bílgeymslu sína, þótt hún sæi eða mætti sjá fyrir, að bifreiðinni gæti verið hætta búin, þar sem hún stóð óvarin utan við bílgeymsluna. Verður hún því sjálf að bera tjón sitt, sem beinlínis má rekja til fyrirhyggju- og aðgerðarleysis hennar."

Við aðiljayfirheyrslu lýsti stefnandi, Sólveig Baldvinsdóttir, málavöxtum svo, að hún og maður hennar, Kristinn Hákonarson, hafi vaknað við mikinn hávaða. Þegar þau fóru að athuga, hvað um væri að vera, hafi þau séð, að þakplötur tættust af húsinu nr. 4—6 og fuku á þeirra hús, þ. e. Arnarhraun 2. Hún kvað plöturnar hafa ýmist komið á þak hússins eða gaflinn. Þetta hafi gengið frekar fljótt yfir. Plöturnar hafi brotið rúður í einum glugga og einnig rispað rúður, sem ekki brotnuðu, rekið göt á þak hússins og valdið miklum skemmdum á því og enn fremur á bílskúrsþakinu. Hún kvað menn frá hjálparsveit skáta hafa komið um nóttina, tínt saman plötur, sem voru á lóð hússins nr. 2, og bunkað járnið undir svölum hússins að Arnarhrauni 2 og enn fremur í sundi milli hússins Arnarhrauns 2 og bílskúrs, sem stendur þar á lóðinni við þann gafl hússins, sem veit að Arnarhrauni 4—6. Sundið hafi verið fullt af járni um morguninn. Hún kvað eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun hafa sótt járnið og hirt það að undanteknum þremur járnplötum, sem enn eru í vörslu stefnanda. Hún kvaðst ávallt láta bifreið sína standa þarna á bifreiðastæðinu framan við bílskúrinn, telja hana þar vel varða fyrir umferð og annarri hættu.

Kristinn Hákonarson lýsti málsatvikum á sömu leið og kona hans, en tók þó fram, að hann hefði séð 7 plötur á lofti í einu. Hann kvaðst vera viss um, að járnið hafi komið af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun. Hann kvaðst að vísu ekki hafa séð ofan á þak hússins, en hins vegar séð, hvernig plöturnar fuku frá þaki hússins. Hann taldi eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun

hafa selt járnplötur þær, er þeir sóttu á lóð hússins nr. 2, vestur á land.

Vitnið Hildigunnur Sigvaldadóttir, sem býr á miðhæð hússins nr. 2 við Arnarhraun, kvað járn hafa dunið á austurhlið hússins nr. 2. Hún kvaðst hafa séð hálflausar plötur lafa út af þakbrún hússins nr. 4—6 og berjast þar. Hún kvaðst ekki hafa séð plötur taka sig upp af þaki hússins nr. 4—6 og lenda á húsinu nr. 2, hins vegar kvaðst hún hafa séð plötur á lofti, bæði út um glugga á suðurhlið og einnig út um glugga á norðurhliðinni, þ. e. plötur, sem fuku eftir götunni eða veltust eftir götunni. Hún kvað mikið járn hafa verið bunkað við húsið um morguninn, það hafi verið grámálað. Hún minntist þess ekki, að fleiri litir hefðu verið á járninu. Hún kvaðst hafa séð mikið af nöglum úr járninu, sumir hafi verið alveg beinir. Naglarnir hafi verið með grámálaðan haus.

Upplýst er, að þak hússins nr. 4—6 var málað gráum lit.

Með vottorði Veðurstofunnar er upplýst, að í Reykjavík var vindátt og veðurhæð kl. 2400 hinn 23. september suð-suðaustan 10 vindstig og kl. 0300 aðfaranótt hins 24. september suðaustan 11 vindstig og kl. 0600 sömu nótt suð-suðvestan 10 vindstig. Mest veðurhæð milli athugana var 12 vindstig. 108 hnúta vindhraði mældist í Reykjavík í vindhviðu fyrir miðnætti. Það er enn fremur upplýst, að í þessu óveðri varð tjón á um 40 stöðum í Hafnarfirði og nágrenni, víðast skemmdir af völdum foks á þakplötum, þar á meðal fuku þakplötur af húsunum Arnarhrauni 21 (Stebbabúð), Smyrlahrauni 48 og húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun, en auk húss stefndu eru framantalin hús í austsuðaustlæga stefnu frá húsi stefnanda, þ. e. áveðurs við það fyrri hluta óveðursnæturinnar.

Gegnt húsi stefnanda er húsið nr. 3 við Arnarhraun. Á efri hæð þess húss býr Sigurður Gunnarsson sjómaður, sem kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu. Hann vaknaði, að hann minnti, um kl. 0130 eða kl. 0200 óveðursnóttina. Hann kvað þá plötur hafa verið byrjaðar að fjúka af Arnarhrauni 4—6. Hann kvaðst hafa séð plötur fjúka upp frá húsinu Arnarhrauni 4—6 á húsið nr. 2. Ítarlega aðspurður kvaðst hann hafa séð plötur fjúka upp frá þaki hússins nr. 4—6 og skella á gafli hússins nr. 2, ýmist flatar eða á endann, falla síðan niður og fjúka meðfram horninu Arnarhraunsmegin og út á Reykjavíkurveginn. Hann kvaðst hafa séð járn fjúka í kringum bifreið stefnanda, en minntist þess ekki að hafa séð plötur lenda sérstaklega á bifreiðinni. Hann taldi

plötufok frá Arnarhrauni 4—6 hafa staðið yfir í 2 til 3 tíma, eða fram undir kl. 0430. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur koma fjúkandi eftir Arnarhrauninu. Hann kvað engar skemmdir hafa orðið á sínu húsi, hins vegar kvað hann bíl leigjanda á neðri hæð hússins, sem stóð við garðshliðið beint fyrir framan hús hans, hafa orðið fyrir skemmdum af völdum foks. Lokið að aftan muni hafa dældast. Hann tók fram, að hann hefði sett bifreið sína inn í bílskúr hjá sér í því skyni, að leigjandinn gæti komið sinni bifreið fyrir í hléi við húsgaflinn.

Vitnið Svavar Geirsson, meðlimur í hjálparsveit skáta, kvaðst hafa farið samkvæmt beiðni að Arnarhrauni 2, að hann minnti skömmu eftir miðnætti, til þess að byrgja brotinn glugga. Hann kvaðst ekki þora að ábyrgjast, hvort hann varð var við neitt járnplötufok við húsið Arnarhraun 2 í þetta skipti. Seinna um nóttina kvaðst hann hafa ekið um Reykjavíkurveginn og þá hafi verið þarna mikið um fok af járnplötum, mest á horninu við Arnarhraun 2. Þeir hafi farið í að tína járnið saman, bunkað það m. a. við húsin Arnarhraun 2 og við gaflinn á blokkinni Arnarhrauni 4. Hann taldi, að 10 til 15 plötur hefðu verið á lóðum umræddra húsa. Hann taldi sig hafa séð a. m. k. eina plötu fjúka á húsið nr. 2. Hann kvaðst fyrst hafa veitt plötunni eftirtekt, þegar hún skall ofan til í gafl hússins og féll niður á jörð. Hann kvaðst hafa séð hálflausar plötur hanga á kantneglingu á þakbrún hússins nr. 4—6, gaflmegin. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt plötufok frá öðrum húsum við Arnarhraunið eða götur, sem stóðu áveðurs við Arnarhraun 2 þann tíma, sem hann var þar í þetta sinn.

Vitnin Grímur Oddmundsson og Guðmundur Ólafsson hafa borið um mikið plötufok út úr Arnarhrauninu yfir Reykjavíkurveginn, en ekki hafa þessi vitni getað staðhæft, hvaðan járnið kom.

Bjarni Guðmundsson, einn hinna stefndu, kvaðst telja útilokað, að plötur af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun hafi fokið á hús nr. 2. Hann kannaðist þó við, að plötur af húsinu nr. 4—6 hafi verið í sundinu við hús nr. 2, en þar hafi verið plötur af fleiri húsum, bæði grænmáluðar og ómáluðar og auk þess grámáluðar með svipuðum lit og á Arnarhrauni 4—6, en þynnri. Bjarni kvað plötur, sem komu að austan, hafa skemmt tvo bíla, sem stóðu á bílastæði austan við húsið nr. 4—6, þ. e. áveðurs við það.

Annar hinna stefndu, Magnús Guðjónsson, kvaðst hafa vaknað umrædda nótt og hafa séð mikið af plötum fjúka vestur Arnar-

hraun, bæði af húsinu nr. 4—6, Stebbabúð, og fleiri húsum. Um morguninn kvað hann þakplötur af húsinu nr. 4—6 hafa verið inni á lóð hússins nr. 2, en þar hafi líka verið plötur af fleiri húsum. Ekki kvaðst hann hafa séð járn af húsinu nr. 4—6 fjúka á húsið nr. 2. Hann kvað aðrar plötur með sama lit, en þynnri, hafa verið innan um járnið á húsinu nr. 4—6. Magnús kvaðst aðallega hafa horft út um glugga, sem sneri að götunni, meðan fokið stóð. Hann kvaðst hafa séð plöturnar koma alls staðar að eins og spil úr stokki. Magnús kvaðst ekki hafa heyrt eða séð, að neitt væri að þakinu að Arnarhrauni 4—6. Hann kvaðst aldrei hafa komið upp á þakið eða skoðað það sérstaklega. Hann kvað eitthvað af járninu af húsinu 4—6 hafa verið selt bónda vestur á landi, húsvörðurinn hafi séð um það. Hann kvað íbúa Arnarhrauns 4—6 hafa fært bíla sína af stæði við götuna og inn á stæði sunnan megin við húsið, þ. e. fjær götunni.

Stefndi Jón Þórir Sveinsson kvaðst hafa komið heim til sín að Arnarhrauni 4—6 um tvöleytið um nóttina. Eftir að hann hafði þvegið sér og fengið sér kaffisopa, kvaðst hann hafa verið að hugsa um að færa bíl sinn af stæðinu austan við húsið. Þá hafi hann heyrt mikla skruðninga og séð plötur koma fjúkandi austan götuna. Þær muni hugsanlega hafa verið af húsinu, þar sem Stebbabúð var, og húsinu nr. 24 við Arnarhraun. Það hafi ekki verið fyrr en alllöngu síðar sem þak hússins nr. 4—6 fór að fjúka. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur fjúka á húsið nr. 2. Hann sagði, að um morguninn hafi verið töluvert af bunkuðu járni inni á lóð hússins nr. 2. Það hafi verið bunkað þar um nóttina. Járnið hafi verið af ýmsum gerðum og litum. Hann kvað líka hafa verið bunkað mikið af járni inni á lóð hússins nr. 4—6 og einnig á lóð hússins nr. 3. Hann kvað eitthvað af járninu hafa verið flokkað, einkum það sem heillegast var, eitthvað af því hafi verið selt. Starfsmenn bæjarins hafi líka hreinsað til og fjarlægt járn. Hann sagði, að þeir hefðu verið kallaðir að Tunguvegi 2 til að ná í járn, sem talið hafi verið af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Það hafi verið með allt öðrum gráum lit. Hann kvað járnið af Arnarhrauni 4—6 hafi fokið út á götuna. Plöturnar hafi yfirleitt skollið niður í miðja götuna. Hann kvaðst telja, að klukkan hafi verið langt gengin í þrjú eða um þrjú, þegar járnið af Arnarhrauni 4—6 fór að fjúka. Hann kvað meginfokstefnu platnanna, er hann sá fyrst, hafa verið eftir miðri götunni, en þó hafi þær fokið nokkuð til beggja hliða. Fokhæð platnanna hafi verið fyrir ofan glugga á íbúð sinni á 1. hæð. Hann kvað eina af plötunum, sem komu

austan að, hafa lent á bíl við húsið nr. 3. Hann kvað birtuskilyrði ekki hafa verið góð, það hafi verið dimmt yfir. Hann hélt jafnvel, að slokknað hefði á götuljósum. Hann kvaðst ekki vita til, að þakinu á Arnarhrauni 4—6 hafi verið neitt ábótavant. Hann kvað þakið hafa verið málað árið 1970 eða 1971 og þá muni hafa verið litið eftir neglingu um leið. Hann kvaðst þó ekki hafa unnið við það verk sjálfur.

Í málflutningi hefur verið lögð á það áhersla af hálfu stefnanda, að þótt vera kunni, að járnplötur af þaki húsanna Stebbabúðar, Smyrlahrauns 48 og ef til vill einnig af húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun hafi fokið út á Arnarhraun, þá sé býsna ólíklegt, að þær hefðu valdið skemmdum á bifreið, sem stóð inni á plani við húsið Arnarhraun 2. Á hinn bóginn sé upplýst, að mikið magn af járni af húsinu nr. 4—6 hafi verið í sundi við bílskúrinn og allt í kringum bifreiðina. Stefnandi telur því þann möguleika, að plötur af fyrstgreindum húsum hafi valdið tjóninu, svo fjarlægan, að ekki þurfi að gera ráð fyrir honum.

Í matsgerð þeirri, sem áður er að vikið, er skemmdum á bifreið stefnanda, sem var Vauxhall Victor árgerð 1965, lýst svo: Vinstra afturbretti dældað og lakkrispað, vinstri framhurð dældud og rispuð, toppur milli afturrúðu og afturhurðar vinstra megin dældaður og lakkrispaður, skekkja í hurðum. Bætur, þ. e. réttingu, sprautun og frágang eftir réttingu, mátu hinir dómkvöddu matsmenn á kr. 29.800 fyrir utan söluskatt.

Fram hefur verið lagt í málinu vottorð Veðurstofunnar um veðurspá, er lesin var í útvarp hinn 23. september. Spáin, sem lesin var kl. 1655 og 1855 var svohljóðandi:

„Gert er ráð fyrir roki eða ofsaveðri sunnan lands og vestan, frá Suð-austurmiðum til Vestfjarðamiða. Um 700 km. S af Reykjanesi er 975 mb. lægð, upprunalega fellibylurinn Ellen, á mikilli ferð N.

Veðurhorfur næsta sólarhring, Suðvesturland til Vestfjarða, Suðvesturmið til Vestfjarðamiða.

Vaxandi SA-átt, með rigningu, víða rok eða ofsaveður á miðunum í kvöld og nótt. Gengur í SV-storm með skúrum undir morguninn. Lygnandi síðdegis."

Og spáin kl. 2215 hljóðaði svo:

„Búist er við SA stormi eða roki á SV-miðum til Breiðafjarðarmiða í nótt, en S eða SV stormi á SV-miðum til N-miða í fyrramálið.

Um 970 mb. stormsveipur 300 km. SV af Reykjanesi hreyfist

N og verður út af Vestfjörðum síðdegis. Veður er hlýnandi í nótt, en kólnar síðdegis.

Veðurhorfur næsta sólarhring, Suðvesturland til Breiðafjarðar og Suðvesturmið til Breiðafjarðarmiða.

SA stormur, en rok á miðum og rigning í nótt. S eða SV stormur og skúrir á morgun."

Telja stefndu, eins og áður er að vikið, að slíkar veðurspár hefðu átt að veita stefnanda sérstakt tilefni til þess að setja bifreið sína í hús, en láta hana ekki standa fyrir framan bílskúrsdyrnar í veðrasömu sundi milli húsa, þar sem jafnan sé hætta af foki á öskutunnum og öðru lauslegu, þegar hvassviðri er, jafnvel þótt veðrahamurinn sé ekki slíkur, að þök taki af húsum.

Stefnandi bendir á hinn bóginn á, að meiri hluti allra bifreiða landsmanna verði að standa úti allan ársins hring, einfaldlega vegna þess, að minni hluti bifreiðaeigenda eigi eða hafi aðgang að bifreiðageymslum, og telur fráleitt, að þeir, sem bifreiðageymslur eiga, verði að gjalda þess í bótaréttarlegu tilliti, þegar tjón verður á bifreiðum þeirra vegna hirðuleysis og óvarkárni annarra.

Svo sem áður er rakið, þá telja stefndu, að veðurhamurinn aðfaranótt hins 23. september 1973 hafi verið slíkur, að dæmalaust sé, og verði að telja hann til ófyrirsjáanlegra og einstæðra náttúruhamfara.

Stefnandi hefur eindregið mótmælt því og talið, að slíkra veðra sé jafnan von hérlendis, reynslan sýni, að þau geti komið með stuttu millibili, þótt stundum líði lengra á milli.

Af þessu tilefni hefur stefnandi lagt fram vottorð Veðurstofu Íslands, þar sem segir m. a.: „Veðurhæð er talin 12 vindstig, þegar meðalvindhraði í 10 mín. nær 64 hnútum. Lengra nær vindhraðakvarðinn ekki. Á vindmæli í Reykjavík mældist mest 108 hnútar í vindhviðu fyrir miðnætti þann 23. Mesti vindhraði í 10 mín. mældist 72 hnútar á tímabilinu frá miðnætti til kl. 03.00 þann 24."

Einnig hefur stefnandi lagt fram í málinu greinargerð veðurfræðinganna Öddu Báru Sigfúsdóttur og Flosa Hrafns Sigurðssonar um mesta vindhraða, sem vænta má á Íslandi, sem m. a. birtist í tímaritinu Veðrinu. Þar segir, að hæstu gildi, sem skráð hafa verið á vindhraða í snöggum vindhviðum, séu þessi:

109 hnútar í janúar í Reykjavík 1942
107 hnútar á Stórhöfða í desember 1970
107 hnútar á Hjarðarnesi í október 1969

106 hnútar á Hjarðarnesi í febrúar 1970
105 hnútar á Hjarðarnesi í janúar 1970
104 hnútar á Hjarðarnesi í maí 1970
104 hnútar á Stórhöfða í nóvember 1970
107 hnútar á Stórhöfða í desember 1972.

Í lok greinarinnar eru dregnar saman svohljóðandi niðurstöður: „Miðað við þær mælingar, sem tiltækar eru og í aðalatriðum hefur verið greint frá hér að framan, er hugsanlegt að setja fram þá ágizkun, að mesti vindhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, sé um 100 hnútar í 10 m hæð yfir jörðu víðast hvar við strendur landsins og á hálendinu, en þar sem staðhættir eru sérstaklega til þess fallnir að magna vind, eigi að miða við 110 hnúta eða meiri vindhraða. Á skjólsælum stöðum má hins vegar sennilega færa markið niður í um 90 hnúta. Þar sem áætlun þessi er byggð á mjög strjálum mælingum, getur verið mikill stuðningur af samanburði við erlendar niðurstöður frá löndum, þar sem ætla má, að aðstæður séu að ýmsu leyti svipaðar. Slíkan samanburð er að finna á korti, sem fylgir greininni „The Assessment of Wind Loads" í „Building Research Station Digest", júlí 1970. Þar kemur fram, að í Skotlandi er vindhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, áætlaður milli 46 m/s og 56 m/s, lægstur syðst, en hækkandi til norðurs og vesturs. Samsvarar hærri talan einmitt um 109 hnútum, en sú lægri 89 hnútum. Er því ekki ástæða til að ætla, að um of háa áætlun sé að ræða fyrir Ísland."

Í greinargerð stefnanda segir m. a.: „Sólveig Baldvinsdóttir hefur skýrt mér svo frá, að hún hafi undanfarin ár veitt því athygli, þegar hvassviðri hafa verið, að erfitt var að sofa í íbúð hennar að Arnarhrauni 2 vegna hávaða utan frá. Hún kvaðst hafa talið, að hávaði þessi stafaði frá loftrásum undir þaki Arnarhrauns 2, en eftir að gert var við þak Arnarhrauns 4—6 eftir fokið á s.l. hausti, kveður hún hafa brugðið svo við, að umræddur hávaði hætti að heyrast. Hávaða þessum lýsir Sólveig svo, að það hafi verið eins og járn snerti járn og jafnframt hafi heyrzt blísturshljóð eða hvinur. Við athugun á þaksaum, sem barst með járninu frá Arnarhrauni 4—6, kveður hún hafa komið í ljós, að þaksaumurinn hafi ekki verið hnykktur, og a. m. k. sumir naglarnir báru með sér, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárninu, þ. e. að þeir hefðu verið orðnir lausir í þakklæðningunni. Þessi atriði telur Sólveig sýna, að frágangur þaksins hafi í upphafi verið ótryggur og mikið hafi skort á, að húseigendur fylgdust nægilega með þakinu."

Við málflutning sýndi lögmaður stefnenda í dóminum allmarga þaksaumsnagla, sem hann kvað umbjóðendur sína hafa tekið til handargagns á lóð sinni eftir atburð þann, sem mál þetta snýst um. Um var að ræða venjulegan 2½ tommu þaksaum, kóníska, og virtust naglarnir bera það með sér, að þeir hefðu ekki verið hnykktir. Hausar naglanna voru yfirleitt grámálaðir. Hinir sérfróðu meðdómsmenn töldu engin ótvíræð merki á nöglunum um það, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárni, eða að þeir hefðu verið lausir í þakklæðningunni.

Álit réttarins.

Því hefur ekki verið haldið fram, að ákvæði byggingarsamþykktar hafi verið brotin við gerð og frágang þaksins á húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Eigi hefur verið sýnt fram á, að neins konar vansmíði hafi verið á þakinu eða frágangur þess óhæfilegur, miðað við þær kröfur, sem gerðar eru til bygginga hérlendis. Það er einnig með öllu ósannað, að viðhaldi þaksins hafi á neinn hátt verið áfátt. Af þessum ástæðum og með því að engin þau önnur atvik eru í ljós leidd, er valdi því, að stefndu verði taldir eiga sök á tjóni stefnanda, verður að hrinda stefnukröfum í máli þessu.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 20.000 til stefnda Verktækni h/f og kr. 20.000 til annarra stefndu samanlagt.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Júlíusi Sólnes prófessor og Sigurði Oddssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Friðjón Guðlaugsson, Þorbjörn Eyjólfsson, Jón Sveinsson, Magnús Guðjónsson, Sigríður Þorsteinsdóttir, Helgi Jónsson, Óskar Steindórsson, Hjörtur Ásgeir Ingólfsson, Anna Jakobsdóttir, Einar Kristjánsson og Verktækni h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Sólveigar Baldvinsdóttur.

Stefnanda ber að greiða kr. 20.000 í málskostnað til stefnda Verktækni h/f og kr. 20.000 til annarra stefndu samanlagt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. maí 1977.

Nr. 159/1975. **Sólveig Baldvinsdóttir**
Magnús Skarphéðinsson og
Erna S. Kristinsdóttir
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
gegn
Friðjóni Guðlaugssyni
Þorbirni Eyjólfssyni
Jóni Sveinssyni
Magnúsi Guðjónssyni
Sigríði Þorsteinsdóttur
Helga Jónssyni
Óskari Steindórssyni
Hirti Ásgeiri Ingólfssyni
Önnu Jakobsdóttur og
Einari Kristjánssyni,
eigendum Arnarhrauns 4—6
í Hafnarfirði,
(Sveinn Snorrason hrl.)
og
Verktækni h/f
(Árni Grétar Finnsson).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. nóvember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. október s. á., og krafist þess, að stefndu verði dæmd til að greiða þeim óskipt 51.900 krónur með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Allir hinir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Nýrra gagna hefur verið aflað eftir uppsögu héraðsdóms. Vitni hafa komið fyrir dóm, og lögð hafa verið fram vottorð, sem ætlað er að leiða í ljós, að spjöll á húsi áfrýjenda hafi hlotist af bárujárnsplötum, sem fuku af þaki hússins Arnarhrauns 4—6. Lagður hefur verið fyrir Hæstarétt íslenskur staðall um vindálag, gefinn út af Iðnþróunarstofnun Íslands 1. maí 1973, svo og niðurstöður mælinga Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins um naglhald þaksaums frá árinu 1974. Einnig hefur verið lagður fram í Hæstarétti útreikningur Ögmundar Jónssonar verkfræðings á því, hvert hafi verið líklegt vindálag á þak hússins Arnarhrauns 4—6 aðfaranótt hins 24. september 1973 miðað við tiltekinn vindhraða, svo og álit hans á því, hvert vindálag þakjárn á húsinu hefði átt að þola, ef gengið sé út frá vissum nánar tilgreindum forsendum varðandi neglingu járnsins.

Af hálfu stefnda Verktækni h/f var því lýst yfir fyrir Hæstarétti, að fallið væri frá þeirri málsvörn, að skaðabótakrafa áfrýjenda væri fyrnd.

Samkvæmt gögnum máls eru yfirgnæfandi líkur fyrir því, að tjón á húsi áfrýjenda hafi hlotist af þakplötum, er fuku af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun nóttina milli 23. og 24. september 1973.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, að ósannað sé, að tjón það, sem er undirrót máls þessa, verði rakið til vansmíði á þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun eða til ónógs viðhalds þess.

Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f, og samtals 50.000 krónur til annarra stefndu.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Sólveig Baldvinsdóttir, Magnús Skarphéðinsson og Erna S. Kristinsdóttir, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur samtals til stefndu Frið-

jóns Guðlaugssonar, Þorbjörns Eyjólfssonar, Jóns Sveinssonar, Magnúsar Guðjónssonar, Sigríðar Þorsteinsdóttur, Helga Jónssonar, Óskars Steindórssonar, Hjartar Ásgeirs Ingólfssonar, Önnu Jakobsdóttur og Einars Kristjánssonar og 50.000 krónur til stefnda Verktækni h/f að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 12. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 3. þ. m., hafa eigendur húseignarinnar Arnarhrauns 2, Hafnarfirði, þau Sólveig Baldvinsdóttir, Erna S. Kristinsdóttir og Magnús Skarphéðinsson, öll til heimilis að Arnarhrauni 2, höfðað fyrir dóminum á hendur eigendum húseignarinnar nr. 4—6 við Arnarhraun, Hafnarfirði, þeim Friðjóni Guðlaugssyni, Arnarhrauni 4, Þorbirni Eyjólfssyni, Arnarhrauni 4, Jóni Sveinssyni, Norðurvangi 11, Magnúsi Guðjónssyni, Arnarhrauni 4, Sigríði Þorsteinsdóttur, Arnarhrauni 4, Helga Jónssyni, Arnarhrauni 6, Óskari Steindórssyni, Arnarhrauni 4, Hirti Ásgeiri Ingólfssyni, Arnarhrauni 4, og Önnu Jakobsdóttur, Norðurbraut 25, öllum í Hafnarfirði, og Einari Kristjánssyni, Hverfisgötu 91, Reykjavík, svo og byggjanda umræddrar húseignar, Hjörleifi Jónssyni, Erluhrauni 11, Hafnarfirði, stjórnarformanni Verktækni h/f, Hafnarfirði, f. h. félagsins til greiðslu in solidum á kr. 51.900 með 9% ársvöxtum frá 24. september 1973 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefna á hendur Einari Kristjánssyni var birt hinn 2. apríl 1974, en stefnur á hendur öðrum stefndu voru birtar hinn 6. apríl 1974. Dómkröfur allra stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnenda og þeim tildæmdur málskostnaður að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins úr þeirra hendi.

Til vara krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefnukrafan er bótakrafa vegna tjóns, er varð á húsi stefnenda nóttina milli 23. og 24. september 1973, er aftakaveður gekk yfir Suðvesturland. Telja stefnendur, að járnplötur, er fokið hafi af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hafi valdið tjóninu. Stefnufjárhæðin er byggð á matsgerð húsasmíðameistaranna Ámunda Eyjólfssonar, Hamarsbraut 12, og Sigurbjarts Vilhjálmssonar, Skúlaskeiði 10, en þeir voru dómkvaddir að beiðni bæjar-

stjórans í Hafnarfirði til þess að meta til peningaverðs skemmdir, er urðu á mannvirkjum í Hafnarfirði af völdum áðurnefnds óveðurs.

Stefnendur telja, að það, að járnið rauf (sic) af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun, hljóti að hafa stafað af ófullnægjandi frágangi þaksins í upphafi og ónógu eftirliti með því síðan, en á þeim atriðum hljóti húsbyggjandi, stefndi Verktækni h/f, og húseigendur, aðrir stefndu, að bera solidariska ábyrgð.

Sýknukrafa stefnda Verktækni h/f er studd eftirtöldum rökum:

Í fyrsta lagi sé krafan fyrnd, en samkvæmt vottorði byggingarfulltrúans í Hafnarfirði hafi húsið verið skráð fokhelt þann 31. ágúst 1964.

Í öðru lagi hafi enginn galli eða vanræksla komið fram, sem leiði til ábyrgðar af hálfu stefnda Verktækni h/f. Gengið hafi verið frá þakinu í samræmi við ströngustu kröfur og það staðfest af byggingarfulltrúa.

Í þriðja lagi hafi verið um ofsaveður að ræða, þar sem forsvaranlegur frágangur hafi ekki staðist í sumum tilvikum.

Í fjórða lagi kunni að vera, að viðhald hússins hafi ekki verið sem skyldi, og á því beri stefndi Verktækni h/f ekki ábyrgð.

Í fimmta lagi liggi ekki fyrir sannanir um það, hvaðan járnið kom, sem skaðanum olli.

Þá mótmælir stefndi Verktækni h/f sérstaklega mati því, er stefnukrafan er reist á, þar sem stefndu hafi ekki verið gefinn kostur á að mæta, þegar það mat fór fram, og gæta réttar síns.

Af hálfu stefndu, eigenda húseignarinnar nr. 4—6 við Arnarhraun, er sýknukrafan studd þeim rökum, að ósannað sé, að tjón það, sem varð á húseigninni nr. 2 við Arnarhraun, hafi eingöngu stafað af plötum, er fuku af húseigninni nr. 4—6 við sömu götu.

Þá sé ósannað, að frágangi þaks hússins nr. 4—6 við Arnarhraun hafi verið ábótavant við bygginguna og sé eigendum hússins ókunnugt um annað en byggingin hafi verið framkvæmd undir eftirliti byggingaryfirvalda og í samræmi við byggingarsamþykkt og þannig tekin út sem forsvaranleg í alla staði. Þá er því enn fremur alfarið mótmælt, að fok platna af þakinu verði rakið til eftirlitsleysis með þakinu, eftir að eigendur tóku húsið til afnota. Þannig sé ósannað, að um nokkra sök af hendi eigenda hússins Arnarhrauns 4—6 sé að ræða. Loks halda stefndu, eigendur Arnarhrauns 4—6 því fram, að vis major hafi valdið þessu tjóni.

Jafnvel þar sem hlutlæg bótaábyrgð sé lögð á húseigendur vegna tjóns á grannhúsi, sé vis major þó undantekning þar frá.

Við aðiljayfirheyrslu lýsti einn stefnenda, Sólveig Baldvinsdóttir, málavöxtum svo, að hún og maður hennar, Kristinn Hákonarson, hafi vaknað við mikinn hávaða. Þegar þau fóru að athuga, hvað um væri að vera, hafi þau séð, að þakplötur tættust af húsinu nr. 4—6 og fuku á þeirra hús, þ. e. Arnarhraun 2. Hún kvað plöturnar hafa ýmist komið á þak hússins eða gaflinn. Þetta hafi gengið frekar fljótt yfir. Plöturnar hafi brotið rúður í einum glugga og einnig rispað rúður, sem ekki brotnuðu, rekið göt á þak hússins og valdið miklum skemmdum á því og enn fremur á bílskúrsþakinu. Hún kvað menn frá hjálparsveit skáta hafa komið um nóttina, tínt saman plötur, sem voru á lóð hússins nr. 2, og bunkað járnið undir svölum hússins að Arnarhrauni 2 og enn fremur í sundi milli hússins Arnarhrauns 2 og bílskúrs, sem stendur þar á lóðinni við þann gafl hússins, sem veit að Arnarhrauni 4—6. Hún kvað eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun hafa sótt járnið og hirt það að undanteknum þremur járnplötum, sem enn eru í vörslu stefnenda.

Kristinn Hákonarson lýsti málsatvikum á sömu leið og kona hans, en tók þó fram, að hann hefði séð 7 plötur á lofti í einu. Hann kvaðst vera viss um, að járnið hafi komið af þaki hússins nr. 4—6 við Arnarhraun. Hann kvaðst að vísu ekki hafa séð ofan á þak hússins, en hins vegar séð, hvernig plöturnar fuku frá þaki hússins. Hann taldi eigendur hússins nr. 4—6 við Arnarhraun hafa selt járnplötur þær, er þeir sóttu á lóð hússins nr. 2, vestur á land.

Vitnið Hildigunnur Sigvaldadóttir, sem býr á miðhæð hússins nr. 2 við Arnarhraun, kvað járn hafa dunið á austurhlið hússins nr. 2. Hún kvaðst hafa séð hálflausar plötur lafa út af þakbrún hússins nr. 4—6 og berjast þar. Hún kvaðst ekki hafa séð plötur taka sig upp af þaki hússins nr. 4—6 og lenda á húsinu nr. 2, hins vegar kvaðst hún hafa séð plötur á lofti, bæði út um glugga á suðurhlið og einnig út um glugga á norðurhliðinni, þ. e. plötur, sem fuku eftir götunni eða veltust eftir götunni. Hún kvað mikið járn hafa verið bunkað við húsin um morguninn, það hafi verið grámálað. Hún minntist þess ekki, að fleiri litir hefðu verið á járninu. Hún kvaðst hafa séð mikið af nöglum úr járninu, sumir hafi verið alveg beinir. Naglarnir hafi verið með grámáluðan haus.

Upplýst er, að þak hússins nr. 4—6 var málað gráum lit. Með

vottorði Veðurstofunnar er upplýst, að í Reykjavík var vindátt og veðurhæð kl. 2400 hinn 23. september suð-suðaustan 10 vindstig og kl. 0300 aðfaranótt hins 24. september suðaustan 11 vindstig og kl. 0600 sömu nótt suð-suðvestan 10 vindstig. Milli framangreindra mælinga var vindhraðinn 12 vindstig, og í vottorðinu kemur fram, að í vindhviðu fyrir miðnætti mældist vindhraðinn 108 hnútar. Það er enn fremur upplýst, að í þessu óveðri varð tjón á um 40 stöðum í Hafnarfirði og nágrenni, víðast skemmdir af völdum foks á þakplötum, þar á meðal fuku þakplötur af húsunum Arnarhrauni 21 (Stebbabúð), Smyrlahrauni 48 og húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun, en auk húss stefndu eru framantalin hús í aust-suðaustlæga stefnu frá húsi stefnenda, þ. e. áveðurs við það fyrri hluta óveðursnæturinnar.

Gegnt húsi stefnenda er húsið nr. 3 við Arnarhraun. Á efri hæð þess húss býr Sigurður Gunnarsson sjómaður, sem kom fyrir dóminn sem vitni í máli þessu. Hann vaknaði, að hann minnti um kl. 0130 eða kl. 0200 óveðursnóttina. Hann kvað þakplötur hafa verið byrjaðar að fjúka af Arnarhrauni 4—6. Hann kveðst hafa séð plötur fjúka upp frá húsinu Arnarhrauni 4—6 á húsið nr. 2. Ítarlega aðspurður kvaðst hann hafa séð plötur fjúka upp frá þaki hússins nr. 4—6 og skella á gafli hússins nr. 2, ýmist flatar eða á endann, falla síðan niður og fjúka meðfram horninu Arnarhraunsmegin og út á Reykjavíkurveginn. Hann taldi plötufok frá Arnarhrauni 4—6 hafa staðið yfir í 2 til 3 tíma, eða fram undir kl. 0430. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur koma fjúkandi eftir Arnarhrauninu. Hann kvað engar skemmdir hafa orðið á sínu húsi, hins vegar kvað hann bíl, sem stóð við garðshliðið beint fyrir framan hún hans, hafa orðið fyrir skemmdum af völdum foks. Lokið að aftan muni hafa dældast.

Vitnið Svavar Geirsson, meðlimur í hjálparsveit skáta, kvaðst hafa farið samkvæmt beiðni að Arnarhrauni 2, að hann minnti skömmu eftir miðnætti, til þess að byrgja brotinn glugga. Hann kvaðst ekki þora að ábyrgjast, hvort hann varð var við neitt járnplötufok við húsið Arnarhraun 2 í þetta skipti. Seinna um nóttina kvaðst hann hafa ekið um Reykjavíkurveginn og þá hafi verið þarna mikið um fok af járnplötum, mest á horninu við Arnarhraun 2. Þeir hafi farið í að tína járnið saman, bunkað það, m. a. við húsin Arnarhraun 2 og við gaflinn á blokkinni Arnarhrauni 4. Hann taldi, að 10 til 15 plötur hefðu verið á lóðum umræddra húsa. Hann taldi sig hafa séð a. m. k. eina plötu fjúka á húsið nr. 2. Hann kvaðst fyrst hafa veitt plötunni eftirtekt, þeg-

ar hún skall ofan til í gafl hússins og féll niður á jörð. Hann kvaðst hafa séð hálflausar plötur hanga á kantneglingu á þakbrún hússins nr. 4—6, gaflmegin. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við neitt plötufok frá öðrum húsum við Arnarhraunið eða götur, sem stóðu áveðurs við Arnarhraun 2, þann tíma, sem hann var þar í þetta sinn.

Vitnin Grímur Oddmundsson og Guðmundur Ólafsson hafa borið um mikið plötufok út úr Arnarhrauninu yfir Reykjavíkurveginn, en ekki hafa þessi vitni getað staðhæft, hvaðan járnið kom.

Einn hinna stefndu, Bjarni Guðmundsson, kvaðst telja útilokað, að plötur af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun hafi fokið á hús nr. 2. Kannaðist þó við, að plötur af húsinu nr. 4—6 hafi verið í sundinu við hús nr. 2, en þar hafi verið plötur af fleiri húsum, bæði grænmálaðar og ómálaðar og auk þess grámálaðar með svipuðum lit og á Arnarhrauni 4—6, en þynnri. Bjarni kvað plötur, sem komu að austan, hafa skemmt tvo bíla, sem stóðu á bílastæði við húsið nr. 4—6. Ekki kvaðst Bjarni hafa séð neinar plötur fjúka á húsið nr. 2.

Annar hinna stefndu, Magnús Guðjónsson, kvaðst hafa vaknað umrædda nótt og hafa séð mikið af plötum fjúka vestur Arnarhraun, bæði af húsinu nr. 4—6, Stebbabúð, og fleiri húsum. Um morguninn kvað hann þakplötur af húsinu nr. 4—6 hafa verið inni á lóð hússins nr. 2, en þar hafi líka verið plötur af fleiri húsum. Ekki kvaðst hann hafa séð járn af húsinu nr. 4—6 fjúka á húsið nr. 2. Hann kvað aðrar plötur með sama lit, en þynnri, hafa verið innan um járnið af húsinu nr. 4—6. Magnús kvaðst aðallega hafa horft út um glugga, sem sneri að götunni, meðan fokið stóð. Hann kvaðst hafa séð plöturnar koma alls staðar að eins og spil úr stokki. Magnús kvaðst ekki hafa heyrt eða séð, að neitt væri að þakinu að Arnarhrauni 4—6. Hann kvaðst aldrei hafa komið upp á þakið eða skoðað það sérstaklega. Hann kvað eitthvað af járninu af húsinu 4—6 hafa verið selt bónda vestur á landi, húsvörðurinn hafi séð um það.

Stefndi Jón Þórir Sveinsson kvaðst hafa komið heim til sín að Arnarhrauni 4—6 um tvöleytið um nóttina. Eftir að hann hafði þvegið sér og fengið sér kaffisopa, kvaðst hann hafa verið að hugsa um að færa bíl sinn af stæðinu austan við húsið. Þá hafi hann heyrt mikla skruðninga og séð plötur koma fjúkandi austan götuna. Þær muni hugsanlega hafa verið af húsinu, þar sem Stebbabúð var, og húsinu nr. 24 við Arnarhraun. Það hafi

ekki verið fyrr en alllöngu síðar sem þak hússins nr. 4—6 fór að fjúka. Hann kvaðst ekki hafa séð plötur fjúka á húsið nr. 2. Hann sagði, að um morguninn hafi verið töluvert af bunkuðu járni inni á lóð hússins nr. 2. Það hafi verið bunkað þar um nóttina. Járnið hafi verið af ýmsum gerðum og litum. Hann kvað líka hafa verið bunkað mikið af járni inni á lóð hússins nr. 4—6 og einnig á lóð hússins nr. 3. Hann kvað eitthvað af járninu hafa verið flokkað, einkum það sem heillegast var, eitthvað af því hafi verið selt. Starfsmenn bæjarins hafi líka hreinsað til og fjarlægt járn. Hann sagði, að þeir hefðu verið kallaðir að Tunguvegi 2 til að ná í járn, sem talið hafi verið af húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Það hafi verið með allt öðrum gráum lit. Hann kvað járnið af Arnarhrauni 4—6 hafa fokið út á götuna. Plöturnar hafi yfirleitt skollið niður í miðja götuna. Hann kvaðst telja, að klukkan hafi verið langt gengin í þrjú eða um þrjú, þegar járnið af Arnarhrauni 4—6 fór að fjúka. Hann kvað meginfokstefnu platnanna, er hann sá fyrst, hafa verið eftir miðri götunni, en þó hafi þær fokið nokkuð til beggja hliða. Fokhæð platnanna hafi verið fyrir ofan glugga á íbúð sinni á 1. hæð. Hann kvað eina af plötunum, sem komu austan að, hafa lent á bíl við húsið nr. 3. Hann kvað birtuskilyrði ekki hafa verið góð, það hafi verið dimmt yfir. Hann hélt jafnvel, að slokknað hefði á götuljósum. Hann kvaðst ekki vita til, að þakinu á Arnarhrauni 4—6 hafi verið neitt ábótavant. Hann kvað þakið hafa verið málað árið 1970 eða 1971 og þá muni hafa verið litið eftir neglingu um leið. Hann kvaðst þó ekki hafa unnið við það verk sjálfur.

Í málflutningi hefur verið lögð á það áhersla af hálfu stefnenda, að þótt vera kunni, að járnplötur af þaki húsanna Stebbabúðar, Smyrlahrauns 48 og ef til vill einnig af húsi Magnúsar Más Lárussonar við Erluhraun hafi fokið út á Arnarhraun, þá sé býsna ólíklegt, að þær hefðu verið í þeirri hæð við húsið Arnarhraun 2, að þær yllu skemmdum á efri hæðum hússins og þaki þess, og undarleg tilviljun megi það kallast, að þær hefðu valdið þar tjóni, en ekki á öðrum húsum allt austur að Arnarhrauni 20, er þær hefðu þó fokið fram hjá. Stefnendur telja því þann möguleika, að plötur af framangreindum húsum hafi valdið tjóninu svo fjarlægan, að ekki þurfi að gera ráð fyrir honum.

Í framlögðu vottorði Veðurstofu Íslands segir m. a. svo:

„Veðurhæð er talin 12 vindstig, þegar meðalvindhraði í 10 mín. nær 64 hnútum. Lengra nær vindstigakvarðinn ekki. Á vindmæli í Reykjavík mældist mest 108 hnútar í vindhviðu fyrir miðnætti

þann 23. Mesti meðal vindhraði í 10 mín. mældist 72 hnútar á tímabilinu frá miðnætti til kl. 0300 þann 24."

Fram hefur verið lögð í málinu greinargerð veðurfræðinganna Öddu Báru Sigfúsdóttur og Flosa Hrafns Sigurðssonar um mesta vindhraða, sem vænta má á Íslandi, sem m. a. birtist í tímaritinu Veðrið, 2. hefti 1972. Þar segir, að hæstu gildi, sem skráð hafa verið á vindhraða í snöggum vindhviðum, séu þessi:

109 hnútar í janúar í Reykjavík 1942
107 hnútar á Stórhöfða í desember 1970
107 hnútar á Hjarðarnesi í október 1969
106 hnútar á Hjarðarnesi í febrúar 1970
105 hnútar á Hjarðarnesi í janúar 1970
104 hnútar á Hjarðarnesi í maí 1970
104 hnútar á Stórhöfða í nóvember 1970
107 hnútar á Stórhöfða í desember 1972.

Í lok greinarinnar eru dregnar saman svohljóðandi niðurstöður: „Miðað við þær mælingar, sem tiltækar eru og í aðalatriðum hefur verið greint frá hér að framan, er hugsanlegt að setja fram þá ágizkun, að mesti vidnhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, sé um 100 hnútar í 10 m hæð yfir jörðu víðast hvar við strendur landsins og á hálendinu, en þar sem staðhættir eru sérstaklega til þess fallnir að magna vind, eigi að miða við 110 hnúta eða meiri vindhraða. Á skjólsælum stöðum má hins vegar sennilega færa markið niður í um 90 hnúta. Þar sem áætlun þessi er byggð á mjög strjálum mælingum, getur verið mikill stuðningur að samanburði við erlendar niðurstöður frá löndum, þar sem ætla má, að aðstæður séu að ýmsu leyti svipaðar. Slíkan samanburð er að finna á korti, sem fylgir greininni „The Assessment of Wind Loads" í „Building Research Station Digest", júlí 1970. Þar kemur fram, að í Skotlandi er vindhraði, sem vænta má einu sinni á 50 árum, áætlaður milli 46 m/s og 56 m/s, lægstur syðst, en hækkandi til norðurs og vesturs. Samsvarar hærri talan einmitt um 109 hnútum, en sú lægri 89 hnútum. Er því ekki ástæða til að ætla, að um of háa áætlun sé að ræða fyrir Ísland."

Í greinargerð stefnenda segir m. a.: „Einn stefnenda, Sólveig Baldvinsdóttir, hefur skýrt mér svo frá, að hún hafi undanfarin ár veitt því athygli, þegar hvassviðri hafa verið, að erfitt var að sofa í íbúð hennar að Arnarhrauni 2 vegna hávaða utan frá. Hún kvaðst hafa talið, að hávaði þessi stafaði frá loftrásum undir þaki Arnarhrauns 2, en eftir að gert var við þak Arnarhrauns 4—6 eftir fokið á sl. hausti, kveður hún hafa brugðið svo við, að

umræddur hávaði hætti að heyrast. Hávaða þessum lýsir Sólveig svo, að það hafi verið eins og járn snerti járn og jafnframt hafi heyrzt blísturshljóð eða hvinur. Við athugun á þaksaum, sem barst með járninu frá Arnarhrauni 4—6, kveður hún hafa komið í ljós, að þaksaumurinn hafi ekki verið hnykktur, og a. m. k. sumir naglarnir báru með sér, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárninu, þ. e. að þeir hefðu verið orðnir lausir í þakklæðningunni. Þessi atriði telur Sólveig sýna, að frágangur þaksins hafi í upphafi verið ótryggur og mikið hafi skort á, að húseigendur fylgdust nægilega með þakinu."

Við málflutning sýndi lögmaður stefnenda dóminum allmarga þaksaumsnagla, sem hann kvað umbjóðendur sína hafa tekið til handargagns á lóð sinni eftir atburð þann, sem mál þetta snýst um. Um var að ræða venjulegan 2½ tommu þaksaum, kóníska, og virtust naglarnir bera það með sér, að þeir hefðu ekki verið hnykktir. Hausar naglanna voru yfirleitt grámálaðir. Hinir sérfróðu meðdómsmenn töldu engin ótvíræð merki á nöglunum um það, að hluti þeirra hefði staðið upp úr þakjárni, eða að þeir hefðu verið lausir í þakklæðningunni.

Álit réttarins.

Því hefur ekki verið haldið fram, að ákvæði byggingarsamþykktar hafi verið brotin við gerð og frágang þaksins á húsinu nr. 4—6 við Arnarhraun. Eigi hefur verið sýnt fram á, að neins konar vansmíði hafi verið á þakinu eða frágangur þess óhæfilegur miðað við þær kröfur, sem gerðar eru til bygginga hérlendis. Það er einnig með öllu ósannað, að viðhaldi þaksins hafi á neinn hátt verið áfátt. Af þessum ástæðum og með því að engin þau önnur atvik eru í ljós leidd, er valdi því, að stefndu verði taldir eiga sök á tjóni stefnenda, verður að hrinda stefnukröfum í máli þessu.

Samkvæmt framangreindum úrslitum ber stefnendum að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000 til stefnda Verktækni h/f og kr. 25.000 til annarra stefndu samanlagt.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Júlíusi Sólnes prófessor og Sigurði Oddssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefndu, Friðjón Guðlaugsson, Þorbjörn Eyjólfsson, Jón Sveinsson, Magnús Guðjónsson, Sigríður Þorsteinsdóttir,

Helgi Jónsson, Óskar Steindórsson, Hjörtur Ásgeir Ingólfsson, Anna Jakobsdóttir, Einar Kristjánsson og Verktækni h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnenda, Sólveigar Baldvinsdóttur, Ernu S. Kristinsdóttur og Magnúsar Skarphéðinssonar.

Stefnendum ber að greiða in solidum kr. 25.000 í málskostnað til stefnda Verktækni h/f og kr. 25.000 til annarra stefndu samanlagt, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 17. maí 1977.

Nr. 47/1976. **Þórdís T. Guðmundsdóttir og Erlingur Þorsteinsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Herði Frímannssyni og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Sameign. Fjölbýlishús. Byggingarmálefni. Lögbannsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 1. mars 1976. Krefjast þeir þess aðallega, að lögbann fógetaréttar Reykjavíkur 28. ágúst 1975 verði fellt úr gildi og að þau verði sýknuð af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þau, að hinum áfrýjaða dómi „verði breytt á þá lund, að viðurkennd verði heimild aðaláfrýjenda til að byggja suðurkvistinn, sem byggingarnefnd Reykjavíkur leyfði“, og að

málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. mars 1976. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf byggingarnefndar Reykjavíkur 17. febrúar 1976 til áfrýjandans Erlings Þorsteinssonar og útreikningur Gunngeirs Péturssonar skrifstofustjóra í maí 1976 um eignarhlutföll í húsinu Skaftahlíð 13. Í bréfi byggingarnefndar segir svo:

„Í fundargerð byggingarnefndar Reykjavíkur 10. júlí 1975 er svofelld ályktun í 21. lið:

„Skaftahlíð 13.

Erlingur Þorsteinsson, Skaftahlíð 13, sækir um leyfi til að setja tvo kvisti á þak hússins nr. 13 við Skaftahlíð . . . Samþykkt".

Á teikningu, sem fylgdi umsókn, voru sýnd skilrúm í risi hússins, og er þar ritað „herbergi". Á teikningu kemur ekki fram, að hér sé um að ræða íbúðarherbergi, enda ekkert um það að finna í sjálfri umsókninni. Var því ekki um að ræða leyfi til slíks.

Þegar leyfið var veitt, var því ekki um annað fjallað en þá útlitsbreytingu, sem fólst í þessum tveim kvistum. Lofthæð er ekki nægileg til að þar fengist samþykkt íbúðarhúsnæði, og fleira kemur til. Á teikningu af öðrum hæðum hússins kemur greinilega fram, til hverra sérnota hvert einstakt herbergi skuli ætlað. En hið afmarkaða rými í risi er auðkennt með orðunum „herbergi" og „snyrting".

Umrætt ris verður ekki nýtt af öðrum en umsækjanda, og er hér um að ræða ákaflega litlar útlitsbreytingar, sem samræmast útliti nálægrar byggðar. Virðast þær að auki ekki á neinn hátt skerða hagsmuni sameigenda hússins. Nefndin taldi því á fundi sínum 10. júlí, að sjálfsagt væri að leyfa umrædda breytingu, enda ekki um að ræða ofanábyggingu að hennar mati".

Útreikningur Gunngeirs Péturssonar er á þessa leið:

„Ég undirritaður hefi samkvæmt beiðni reiknað út skiptingu milli eignarhluta í húseigninni nr. 13 við Skaftahlíð.

Útreikningurinn er gerður í samræmi við ný samþ. lög um fjölbýlishús, en þar sem reglur um útreikninginn, samanber 8. gr., hafa ekki verið settar, er í því efni farið eftir íslenskum staðli nr. 50.

Útreikningur A er gerður miðað við húsið eins og það er í dag, en útreikningur B er miðaður við, að tveir kvistir, er samþ. voru í byggingarnefnd 10. júlí 1975, væru komnir á þakið.

A) 2. hæð reiknast vera 41,5%
1. hæð reiknast vera 39,5%
kjallaraíbúð reiknast vera 19,0%.

B) 2. hæð reiknast vera 41,6%
1. hæð reiknast vera 39,4%
kjallaraíbúð reiknast vera 19,0%."

Eins og segir í héraðsdómi og fram kemur í bréfi byggingarnefndar Reykjavíkur hér að framan, sótti aðaláfrýjandi Erlingur Þorsteinsson ekki um leyfi til annarra breytinga á húsinu en að setja tvo smákvisti á þakið í stað þakglugga. Byggingarnefnd samþykkti breytingu þessa, en hún fjallaði ekki um gerð íbúðarhnúsnæðis í risinu. Lögbann gagnáfrýjanda 28. ágúst 1975 og kröfur hans í máli þessu beinast eingöngu að því að koma í veg fyrir fyrirhugaða breytingu aðaláfrýjenda á þakgluggum.

Eigi verður talið, að framangreind breyting sé bygging ofan á húsið samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 19/1959, sbr. nú lög nr. 59/1976. Meiri hluti húseigenda samþykkti breytingu þessa, sem aðaláfrýjendur hafa lýst sig reiðubúna til að kosta að öllu leyti og byggingarnefnd hefur leyft. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjendur af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og fella úr gildi lögbann það, er lagt var 28. ágúst 1975 „við byggingu kvists og breytingu á þaki" hússins nr. 13 við Skaftahlíð.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjendur, Þórdís T. Guðmundsdóttir og Erlingur Þorsteinsson, eiga að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Harðar Frímannssonar, í máli þessu.

Framangreind lögbannsgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. janúar 1976.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. f. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. september 1975, og var málið þingfest 11. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Hörður Frímannsson verkfræðingur, Skaftahlíð 13, Reykjavík.

Stefndu eru Erlingur Þorsteinsson læknir, Skaftahlíð 13, Reykjavík, og kona hans Þórdís T. Guðmundsdóttir, til heimilis að sama stað.

Stefnandi hefur jafnframt stefnt borgarstjóranum í Reykjavík f. h. byggingarnefndar Reykjavíkur til þess að gæta réttar síns í málinu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, „að stefndu Erlingi Þorsteinssyni og Þórdísi T. Guðmundsdóttur verði dæmt óheimilt að breyta þaki hússins nr. 13 við Skaftahlíð og reisa þar kvisti eins og þau ráðgera í umsókn til byggingarnefndar og samþykkt var á fundi nefndarinnar hinn 10. júlí s.l.“ Þá krefst stefnandi staðfestingar á lögbanni því, sem lagt var við ofangreindri framkvæmd í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. ágúst 1975. Að lokum krefst stefnandi þess, að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir fógetarétti og bæjarþingi Reykjavíkur að skaðlausu samkvæmt mati dómsins. Jafnframt hafa stefndu áskilið sér rétt til skaðabóta gegn stefnanda vegna alls þess tjóns, sem þau hafa beðið og kunna að verða fyrir vegna þessa máls.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og réttargæslustefndi hefur heldur engar kröfur gert í málinu.

Sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi 1. hæðar (neðri hæðar) ásamt herbergi m. m. í kjallara fjölbýlishússins Skaftahlíðar 13 í Reykjavík. Kjallaraíbúð í ofangreindu húsi er í eigu hjónanna Ágústs Loftssonar og Ingibjargar Ólafsdóttur. Samkvæmt afsali, dags. 7. apríl 1972, er stefnda Þórdís T. Guðmundsdóttir skráður eigandi að efri hæð og risi hússins, en stefndi Erlingur Þorsteinsson er eiginmaður Þórdísar.

Hinn 7. júlí 1975 ritaði Ragnar Emilsson f. h. stefnda Erlings umsókn til byggingarnefndar Reykjavíkur, þar sem hann „sækir um leyfi til að byggja tvo kvisti á þak úr timbri á lóðinni nr. 13 við Skaftahlíð samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum." Umsóknin er skráð á þar til prentað eyðublað, og er umsóknin sögð „í fullu umboði lóðarhafa (eiganda)". Stefnandi kveðst hins vegar aldrei hafa samþykkt þessar breytingar á húsinu.

Á fundi byggingarnefndar Reykjavíkur hinn 10. júlí 1975 var framangreind umsókn samþykkt. Uppdrættir Ragnars Emilssonar eru dagsettir í júlí 1975 og áritaðir um samþykki af Hafliða Jóhannssyni, sem teiknaði húsið.

Þegar stefnandi frétti um fyrirhugaðar breytingar, kveðst hann hafa mótmælt því við stefndu, að þau hefðu leyfi sitt til þess að byggja ofan á húsið. Einnig kveðst hann hafa komið mótmælum sínum að við byggingarnefnd og byggingarfulltrúa. Varð það til þess, að stefndi Erlingur ritaði byggingarnefnd Reykjavíkur bréf hinn 15. ágúst 1975, þar sem hann tekur fram, að stefnandi hafi algerlega snúist gegn því, að nokkur kvistur yrði settur á þakið. Í bréfinu segir auk þess: „Ég leyfi mér því að spyrja háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, hvort mér sé ekki leyfilegt að framkvæma verkið, þar eð meirihluti eigenda er því samþykkur samanber hjálagt vottorð."

Vottorð það, sem stefndi Erlingur vitnaði í, er svohljóðandi:

„Það vottast hér með, að eigendur kjallaraíbúðarinnar í húsinu Skaftahlíð 13, Reykjavík, hafa í okkar viðurvist lýst því yfir, að þau hafi ekkert á móti því, að tveir kvistir verði settir á rishæð hússins í stað þakglugga, sem þar eru og mikið lekur með.

Eigendur kjallaraíbúðarinnar eru þau hjónin Ágúst Loftsson og Ingibjörg Ólafsdóttir. — Reykjavík 15. ágúst 1975.

Ragnar Emilsson Guðm. Ásgeirsson."

Hinn 19. ágúst 1975 ritaði Páll Líndal borgarlögmaður, sem jafnframt er formaður byggingarnefndar Reykjavíkur, í umboði borgarstjóra svohljóðandi bréf til stefnda Erlings:

„Í tilefni af bréfi yðar til byggingarnefndar, dags. 15. ágúst s.l., um leyfi til að setja tvo kvisti á rishæð Skaftahlíðar 13, er veitt var í byggingarnefnd 10. júlí s.l. og staðfest í borgarstjórn 17. júlí s.l., skal eftirfarandi tekið fram: Ég tel ekki, að byggingarnefnd geti afturkallað umrætt leyfi, þótt vilji væri fyrir hendi, þar sem umrætt leyfi virðist á engan hátt brjóta í bág við byggingarsamþykkt, og ekki annað komið fram en meirihluti eigenda sé samþykkur málinu. — Fæ ég því ekki séð annað en heimilt sé að ráðast nú þegar í framkvæmdir svo sem byggingarleyfi hljóðar um. — Þetta er og samróma álit þeirra byggingarnefndarmanna, sem til náðist í gær."

Því er ómótmælt haldið fram af stefnanda, að stefndu hafi því næst hafist handa um breytingar á risinu hinn 21. ágúst 1975.

Hinn 22. ágúst 1975 ritaði lögmaður stefnanda borgarfógetanum í Reykjavík bréf og krafðist lögbanns við margnefndum framkvæmdum, þar sem hann taldi breytinguna á þakinu óheimila nema með samþykki stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 19/1959. Sama dag var málið tekið fyrir í fógetarétti.

Hinn 27. ágúst 1975 kvað Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti upp úrskurð, þar sem m. a. segir svo: „Það er ekki útilokað, að framkvæmdir þær, er gerðarþoli hefur hafið á þaki hússins, kunni að brjóta í bág við rétt gerðarbeiðanda. Þykir því ekki verða hjá því komist að láta umbeðið lögbann ná framgangi á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn því, að hann setji 500.000 kr. lögbannstryggingu." Lögbann var því næst hinn 28. ágúst 1975 lagt „við framkvæmdum þeim, byggingu kvists og breytingu á þaki, er gerðarþoli Erlingur Þorsteinsson hefur hafið á þaki Skaftahlíðar 13."

Stefnandi höfðaði því næst mál þetta til staðfestingar á lögbanninu.

Hörður Bjarnason, húsameistari ríkisins, hefur í yfirlýsingu, dagsettri 23. ágúst 1975, tekið fram:

„Hr. yfirlæknir Erlingur Þorsteinsson hefur óskað umsagnar minnar um það, hvort skilja beri breytingu þá á þakgluggum, sem eru í þaki hússins að Skaftahlíð 13, er samþykkt hefur verið af byggingarnefnd, þannig, að um ofanábyggingu sé að ræða eða

útlitsbreytingu. Að mínu mati er þetta útlitsbreyting, en ekki ofanábygging, því ofanábygging felur í sér víðtækari breytingar, til dæmis hækkun útveggja að einhverju leyti eða „mansard". Umrædd breyting á tveim þakgluggum í tvo mjög litla kvisti getur ekki talist annað en lítilvægileg útlitsbreyting, og mun það einnig vera skoðun byggingaryfirvalda borgarinnar."

Í málinu liggur fyrir eftirgreind yfirlýsing frá félagsmálaráðuneytinu, dagsett 26. ágúst 1975:

„Með bréfi, dags. 25. þ. m., hafið þér, herra yfirlæknir, óskað álits ráðuneytisins á því, hvort tilteknar breytingar, sem þér hyggist gera á þakhæð íbúðar yðar að Skaftahlíð 13 hér í borg, geti talist bygging ofan á húsið og falli undir 9. grein laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa. — Samkvæmt bréfi yðar og teikningum, er því fylgdu, er umrædd breyting í því fólgin, að í stað þakglugga á tveim svefnherbergjum yrðu settir kvistgluggar 130x170 sm að stærð. — Í 1. mgr. 9. greinar laga nr. 19/1959 segir, að rétt til að byggja ofan á eða við fjölbýlishús eigi íbúðareigendur allir eftir eignarhlutföllum, en slíkar framkvæmdir séu háðar samþykki allra eigenda hússins. — Ráðuneytið lítur svo á, að með þessum umræddu breytingum sé ekki verið að „byggja ofan á" húsið Skaftahlíð 13 í merkingu 9. gr. laga nr. 19/1959 og falli þær því ekki undir ákvæði þeirrar greinar.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson."

III.

Stefnandi heldur því fram, að fyrirhuguð bygging kvista á húsið sé óheimil nema með hans samþykki, sbr. 9. gr. laga nr. 19/1959 um sameign fjölbýlishúsa, því hér sé tvímælalaust verið að byggja ofan á húsið, en rétt til þess eigi allir eigendur hússins í sameiningu og útgáfa leyfis byggingarnefndar fyrir þessu sé því markleysa, þar sem eigi hafi legið fyrir samþykki allra sameigenda. Leyfi byggingarnefndar Reykjavíkur sé veitt á röngum forsendum, þar sem stefnandi kveðst aldrei hafa samþykkt fyrirhugaðar breytingar. Þá heldur stefnandi því fram, að með hinum fyrirhuguðu breytingum, ef fram næðu að ganga, yrði raskað sambýlisháttum í húsinu. Hinar samþykktu breytingar feli það í sér, að opið geymslurými, sem verið hafi í risinu samkvæmt áður samþykktum teikningum, sé nú breytt í íbúðarhúsnæði. Samkvæmt eldri teikningu hafi aðeins verið um að ræða mannop með dráttarstiga til uppgöngu í risið. Hin samþykkta breyting

geri ráð fyrir venjulegum stiga upp í risið og tveimur afmörkuðum íbúðarherbergjum þar ásamt geymslu, sem vel megi nota til að innrétta eldhús. Í raun sé því með ofangreindri breytingu verið að skapa nýjan íverustað, sem hljóti þá að teljast ofanábygging í skilningi 9. gr. laga nr. 19/1959. Þá er því haldið fram, að hinar samþykktu breytingar brjóti í bága við byggingarsamþykkt Reykjavíkur, m. a. 79. gr. byggingarsamþykktarinnar. Stefnandi heldur því fram, að áðurgreind 9. gr. laga nr. 19/1959 eigi einmitt að vernda einstaka sameigendur gegn því, að aðrir sameigendur í fjölbýlishúsum geti stórlega raskað sambýlisháttum í slíkum byggingum. Stefnandi bendir á í því sambandi, að ef fyrirhuguð breyting næði fram að ganga, mundi stærð eignarhluta stefndu í húsinu aukast að rúmmáli. Stefnandi mótmælir vottorðum Harðar Bjarnasonar, húsameistara ríkisins, og Jóns S. Ólafssonar skrifstofustjóra sem röngum og óviðeigandi í máli þessu. Heldur stefnandi því fram, að hvorugur þessara aðilja hafi úrskurðarvald í þessu efni og heldur ekki byggingarnefnd Reykjavíkur. Hér sé um að ræða skýringu á lögum um sameign fjölbýlishúsa og það sé dómstólanna að skera úr þessum ágreiningi, en áðurgreindir þrír aðiljar hafi þar ekki úrskurðarrétt. Stefnandi mótmælir því, að 11. gr. laga nr. 19/1959 eigi við í þessu tilviki.

IV.

Af hálfu stefndu er því mótmælt sem fjarstæðu, að hin fyrirhugaða breyting á þakinu sé ofanábygging á húsið Skaftahlíð 13 og að því þurfi samþykki allra eigenda hússins samkvæmt 9. gr. laga nr. 19/1959. Hér sé aðeins um að ræða tvo smákvisti í stað þakglugga, sem þarna hafi verið og mikið leki með. Því sé hér um smáútlitsbreytingu að ræða, sem háð sé samþykki byggingarnefndar Reykjavíkur og meiri hluta eigenda hússins, sbr. 11. gr. laga nr. 19/1959. Samþykki byggingarnefndar og meiri hluta eigenda liggi fyrir, þar sem stefnda Þórdís sé eigandi að 42.85% og eigendur kjallarans séu eigendur að 14.3% hússins. Þar sem öll hús þarna í kring séu með svipuðum kvistum, hafi stefndu fundist það mjög eðlilegt, þar sem lítill kostnaðarmunur hafi verið á að setja þarna slíka þakkvisti. Byggingarnefnd Reykjavíkur, sem hafi samkvæmt byggingarsamþykkt æðsta úrskurðarvald um slíka hluti, hafi samþykkt breytinguna. Í bréfi borgarlögmanns komi fram, að umrætt leyfi byggingarnefndarinnar brjóti á engan hátt í bág við byggingarsamþykkt. Ljóst sé, að

borgarlögmaður og byggingarnefnd telji atriði þetta heyra undir 11. gr. laga nr. 19/1959 og að meiri hluta samþykki sé því nægilegt. Húsameistari ríkisins sé á sama máli. Þá hafi félagsmálaráðuneytið í bréfi sínu staðfest það eða veitt úrskurð um það, að útlitsbreyting sú, sem um ræðir í þessu máli, falli ekki undir 9. gr. laga nr. 19/1959, „en það ráðuneyti hefir samkv. 20. gr. laganna úrskurðarvald um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum."

Af hálfu stefndu er auk þess bent á eftirtalin atriði til stuðnings sýknukröfunni: 1) Ekkert nýtt húsnæði eigi að taka í notkun, þar sem húsnæðið í risinu eigi að vera áfram eins og það er nú. 2) Aðeins standi til að setja upp lóðrétta glugga í stað hinna skáhöllu glugga, sem nú eru. 3) Hæðarpunktur hússins breytist ekki. 4) Ofanábygging þýði breytingu á hæðarpunkti og ofanábygging sé nýr íverustaður.

V.

Húsið Skaftahlíð nr. 13 er steinsteypt íbúðarhús með timburþaki á steyptri plötu.

Samkvæmt aðalteikningum Hafliða Jóhannssonar, gerðum í júní 1946 og samþykktum í byggingarnefnd 13. júní s. á., og endurnýjun á leyfi fyrir bílskúr, sem samþykkt var í byggingarnefnd 9. nóvember 1967, er húsið alls 148.7 m^2 að flatarmáli, kjallari, tvær íbúðarhæðir og geymsluris auk tviskipts bílskúrs, sem talinn er 45.5 m^2. Í kjallara hússins eru geymslur, þvottahús og hitaklefi auk sjálfstæðrar íbúðar, sem í veðbókarvottorði er talin vera 14.3% af fasteigninni. Steyptar útitröppur eru á húsinu upp á 1. hæð, en af palli þeirra er gengið inn í anddyri íbúðar á 1. hæð og inn í stigahús íbúðar á 2. hæð. Sameiginlegur stigi niður í geymsluhluta kjallarans er fyrir íbúa 1. og 2. hæðar undir stiganum upp á 2. hæð. Í steyptri loftplötu yfir 2. hæð er samkvæmt ofangreindum aðalteikningum um það bil 0.6 m^2 lúguop fyrir lausan stiga. Op þetta er í svefnherbergisgangi framan við baðherbergi, og er uppgönguleið í óinnréttað gluggalaust og útloftað geymslurými.

Samkvæmt veðbókarvottorði eru eignarhlutar 1. og 2. hæðar taldir jafn stórir, eða 42.85% fasteignarinnar, en alls er fasteignin fyrir utan bílskúr 1200 m^3 samkvæmt útreikningi byggingarfulltrúa.

Í veðbókarvottorði eru alls tilgreindir 7 aðiljar, sem hafa verið þinglýstir eigendur 2. hæðar hússins á undan stefndu Þórdísi. Ekki verður glöggt séð af málsskjölum, hvað hver einstakur eig-

andi hefur gert til breytingar á samþykktu geymslurými í risi, en samkvæmt dómsskjali nr. 4 má þó sjá, að einn eigandinn, Hermann Á. Hermannsson, hefur „innréttað vinnuherbergi undir risi hússins", einangrað loftplötuna yfir 2. hæð með tréspónum og síðar innréttað tvö svefnherbergi og tvær geymslur í risinu og sett á þakið þrjá þakglugga. Eigandinn Tómas Á. Tómasson virðist samkvæmt sama dómsskjali hafa látið endurnýja þakglugga og setja í þá tvöfalt gler og endurbæta innréttinguna undir risinu, um leið og framkvæmd var viðgerð á þakinu fyrir reikning fasteignareigenda.

Dómendur fóru á vettvang og skoðuðu aðstæður hinn 5. desember 1975. Kom þá í ljós, að stigi hefur verið gerður upp í risið, þó ekki á þeim stað, sem aðalteikningar sýna lúguop, heldur þar sem fatahengi í skála er sýnt. Hann fullnægir ekki ákvæðum byggingarsamþykktar Reykjavíkur, hvorki um breidd (er um 60 cm), handriðshæð né ganghæð, þegar kemur upp í efstu tröppu og pall, sbr. 68. gr. og 71. gr. byggingarsamþykktar. Hvergi í risinu næst lágmarkshæð byggingarsamþykktar varðandi íbúðarrými í risi, sbr. 79. gr. samþykktarinnar. Viðgerð á sperrutám var vel sýnileg, og hafa spænir verið fjarlægðir, a. m. k. á þeim hlutum loftsins, sem nú eru nýttir fyrir geymslu. Glerullarmottur hafa verið lagðar á plötuna út við þakfótinn. Plasteinangrun hefur verið sett á milli sperra yfir íveruherbergjum, en rakavarnarlag er ekki sýnilegt. Í gangi meðfram stiga og í suðurherbergi er súðin múrhúðuð svo og veggir. Austurherbergi er klætt trépanil, veggir og súð, en í föndurkompu, sem jafnframt er gegnumgangsrými inn undir suðursúðina, er súðin ekki klædd innan við plasteinangrunina. Snyrtiklefi undir norðursúðinni er klæddur plötum, og er hann gegnumgangsrými að geymslu undir norðursúðinni, sem er eins og suðursúðin hvorki einangruð né klædd innan á sperrur. Raka var ekki að merkja í þeim hlutum þakhæðar, sem skoðaðir voru. Sýnilegt var þó, að lekið hefur með þakgluggum, og er sennilegt, að það sé þéttingarraki að mestu.

Breytingar þær á aðaluppdráttum, sem samþykktar voru af byggingarnefnd Reykjavíkur 10. júlí 1975 og síðar voru staðfestar í borgarstjórn, fela í sér samþykki alls þess, sem á hinum nýju uppdráttum er sýnt. Samkvæmt hinum nýju uppdráttum heimilar byggingarnefnd stiga af 2. hæð upp í risið og í risinu tvö íbúðarherbergi, snyrtiherbergi, geymslu og gang svo og gerð tveggja kvista, annars á suðurhlið, en hins á austurhlið þaksins.

Samkvæmt áðurgreindri teikningu virðast báðir kvistirnir vera samtals um 3.5 m^3.

Svo sem nú hefur verið lýst, felst í samþykkt hinna nýju uppdrátta ekki aðeins heimild fyrir tveim nýjum kvistum, heldur og heimild til að breyta geymslurisi í íbúðarhúsnæði. Í ljósi framanskráðs verður að líta svo á, að hin fyrirhugaða breyting þaksins verði ekki framkvæmd gegn mótmælum stefnanda, sbr. 9. gr. laga nr. 19/1959, en eins og á stendur, á 11. gr. laganna ekki hér við. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina, enda þykir áðurgreint bréf félagsmálaráðuneytisins eigi standa því í vegi, að hinir almennu dómstólar skeri úr ágreiningi aðiljanna eins og hann hefur verið lagður fyrir.

Þá ber og að staðfesta lögbann það, sem stefnandi lét leggja á hinn 28. ágúst 1975.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu in solidum að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 30.000.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Guðmundi Kr. Kristinssyni arkitekt og Skúla H. Norðdahl arkitekt.

Dómsorð:

Framangreint lögbann er staðfest.

Stefndu, Erlingi Þorsteinssyni og Þórdísi T. Guðmundsdóttur, er óheimilt að breyta þaki hússins nr. 13 við Skaftahlíð og reisa þar kvisti eins og þau hafa ráðgert.

Stefndu greiði in solidum stefnanda, Herði Frímannssyni, kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Lögbannsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 27. ágúst 1975.

Gerðarbeiðandi, Hörður Frímannsson, Skaftahlíð 13, hefur krafist þess, að lagt verði lögbann við framkvæmdum, þ. e. byggingu kvists og breytingum á þaki, er gerðarþoli, Erlingur Þorsteinsson, hefur hafið á húsinu nr. 13 við Skaftahlíð.

Gerðarþoli, Erlingur Þorsteinsson, Skaftahlíð 13, hefur aðallega krafist þess, að synjað verði um hina umbeðnu lögbannsgerð, en til vara, að lögbann verði aðeins leyft gegn 500 þúsund króna tryggingu af hálfu gerðarbeiðanda. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Lögbannsbeiðni er dagsett 22. þessa mánaðar og var samdæg-

urs tekin fyrir í fógetaréttinum. Er gerðarþoli hafði lagt fram greinargerð þann 26. þessa mánaðar og nokkur önnur skjöl, var málið tekið til úrskurðar.

Í lögbannsbeiðni segir gerðarbeiðandi, Hörður Frímannsson, að gerðarþoli muni hafa fengið leyfi byggingarnefndar til þess að byggja kvist á húsið, en hann kveðst ekki fyrir sitt leyti hafa veitt samþykki sitt til þess og vera því mótfallinn. Sé þessi athöfn gerðarþola honum óheimil, sbr. t. d. 9. gr. laga 19/1959.

Gerðarbeiðandi tekur fram, að ekki liggi fyrir leyfi til að hafa íbúðarhúsnæði í risi hússins.

Málsútlistun gerðarþola í greinargerð er á þessa leið: „Lögmaður gerðarbeiðanda byggir kröfu sína um lögbann á því, að hér sé um ofanábyggingu á húsið Skaftahlíð 13 að ræða, og því þurfi samþykki allra eigenda hússins samkv. 9. gr. laga nr. 19/1959.

Þessari staðhæfingu er algerlega mótmælt sem fjarstæðu. Hér er aðeins um tvo smákvisti að ræða í stað þakglugga, sem þarna voru fyrir og mikið lak með. Hér er því aðeins um smáútlitsbreytingu að ræða, sem háð er samþykki byggingarnefndar Reykjavíkur og meirihluta eigenda hússins, sbr. 11. gr. laga nr. 19/1959. — Samþykki byggingarnefndar og meirihluta eigenda liggur fyrir, þar sem gerðarþoli er eigandi að 42.85% og eigendur kjallarans, Ágúst Loftsson og Ingibjörg Ólafsdóttir, að 14.3% hlutum hússins.

Gerðarþola var brýn nauðsyn að laga þakglugga þá, sem fyrir voru, þar sem mikið lak með þeim. — Þar sem öll hús þarna í kring eru með svona kvistum, fannst gerðarþola mjög eðlilegt, þar sem lítill kostnaðarmunur var á, að setja þarna slíka þakkvisti eins og eru þarna á öllum nálægum húsum, og var þetta strax samþykkt af byggingarnefnd Reykjavíkur, sem hefur æðsta úrskurðarvald um slíka hluti samkv. byggingarsamþykkt Reykjavíkur.

Í lögunum nr. 19/1959 kemur skýrt fram, að með orðunum að byggja ofaná eða við fjölbýlishús er átt við heila hæð ofan á hús, en ekki breytingu á gluggum eða útliti hússins, sem er sett sérstaklega undir 11. grein laganna. Sjá hér til hliðsjónar vottorð húsameistara ríkisins, sem er sömu skoðunar. Hér er því alls ekki um það að ræða að raska með ólögmætum hætti rétti gerðarbeiðanda, eins og 20. gr. lögbannslaga notar sem auðkenni á athöfninni.

Ég vil til varúðar taka fram, að gerðarþoli mun einn kosta verk það, sem hér er um að ræða.

Í bréfi borgarlögmanns kemur fram, að umrætt leyfi byggingarnefndar brjóti á engan hátt í bág við byggingarsamþykkt, enda ekki annað komið fram, en meirihluti eigenda sé samþykkur málinu.

Er ljóst af þessu, að borgarlögmaður og byggingarnefnd telur atriði þetta heyra undir 11. gr. laga 19/1959 og að meirihlutasamþykki sé því nægilegt, og bendir húsameistari ríkisins einnig á þetta atriði. Og félagsmálaráðuneytið hefur í bréfi sínu staðfest það eða veitt úrskurð um það, að útlitsbreyting sú, sem um ræðir í þessu máli, falli ekki undir 9. grein laga nr. 19/1959, en það ráðuneyti hefir samkv. 20. grein laganna úrskurðarvald um sambýlisháttu fólks í fjölbýlishúsum.

Eins og fram kemur í bréfi umbj. m., hafði gerðarbeiðandi lýst því yfir, að hann myndi ekki hindra umbj. m. í þeirri aðgerð að breyta þakgluggunum í smákvisti, enda talaði umbj. m. um þetta við hann, áður en hann hófst handa um undirbúning að þessari framkvæmd. Einnig talaði umbj. m. við eigendur kjallaraíbúðarinnar, sem ekki kváðust hafa neitt að athuga við þessa framkvæmd. Umbj. m. var því algerlega í góðri trú, að ekki kæmi til neinna mótaðgerða í þessu máli og að allir hefðu samþykkt verkið. Í trausti þess hefur hann keypt allt efni til verksins og ráðið iðnaðarmenn til vinnunnar. Af þeim sökum verður umbj. m. fyrir miklum kostnaði og tjóni vegna þeirrar lögbannsbeiðni, sem hér er fyrir, og áskilur sér fullan skaðabótarétt gegn gerðarbeiðanda af þessu efni, og er því gerð krafa um háa lögbannstryggingu, ef til lögbanns kynni að koma mót von minni.

Leyfi byggingaryfirvalda og félagsmálaráðuneytisins virðist vera nægilegt, til þess að lögbannsbeiðni þessari verði synjað."

Skjöl þau, er gerðarþoli vitnar til í greinargerð, hafa komið fram í máli þessu. Það kemur fram í bréfi borgarlögmanns, að leyfi til þessarar breytingar liggur fyrir, og hefur komið fram í málinu staðfestur uppdráttur að húsinu með breytingunum. Bréf húsameistara ríkisins hefur verið lagt fram sem rskj. nr. 6 og bréf félagsmálaráðuneytisins sem rskj. 9. Loks liggur fyrir ljósrit úr veðmálaskrá, rskj. 10, og koma eignarhlutföll að húsinu Skaftahlíð 13 þar fram.

Það er ekki útilokað, að framkvæmdir þær, er gerðarþoli hefur hafið á þaki hússins, kunni að brjóta í bág við rétt gerðarbeiðanda. Þykir því ekki verða hjá því komist að láta umbeðið lög-

bann ná framgangi á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn því, að hann setji 500.000 kr. lögbannstryggingu.

Málskostnaðarkrafa gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögbann fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 500.000 kr. tryggingu af hans hálfu.

Málskostnaðarkröfu gerðarþola er hafnað.

Miðvikudaginn 18. maí 1977.

Nr. 4/1976. **Byggingasamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Þráni Sveinssyni
(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Byggingarsamvinnufélög. Úrsögn. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. janúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 31. desember 1975. Krefst hann sýknu að svo stöddu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að

greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Byggingasamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, greiði stefnda, Þráni Sveinssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. júlí 1975.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. júní, hefur Þráinn Sveinsson, Bólstaðarhlíð 58, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Óskari Jónssyni framkvæmdastjóra f. h. Byggingasamvinnufélags atvinnubifreiðastjóra, Síðumúla 34, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 75.000 með 9% ársvöxtum frá 1. júlí 1973 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, en þó eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði að svo stöddu sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Stefna í málinu er birt 8. júní 1974, og málið er þingfest 11. júní s. á. Þá fékk stefndi frest til skila á greinargerð, er lögð var fram á hinu reglulega bæjarþingi 10. september 1974. Undirritaður dómari fékk mál þetta til meðferðar 18. október 1974. Hann leitaði fyrst sátta í málinu í þinghaldi 24. janúar 1975, en sættir tókust ekki. Yfirheyrslur fóru fram 24. febrúar 1975, 5. maí s. á. og 11. júní s. á. Munnlegur málflutningur fór fram 26. júní sl., og var málið þá dómtekið.

II.

Málavöxtum er þannig lýst í stefnu málsins, að í maí 1973 hafi stefnandi gengið í hið stefnda félag í því skyni að fá hús í Mosfellssveit, sem félagið ætlaði að byggja. Hús þetta hafi verið númer 15 við Miðholt samkvæmt skipulagsuppdrætti og hafi átt að hefja framkvæmdir í apríl til maí 1973. Stefnandi hafi greitt

þann 3. apríl, 4. maí og 6. júní 1973 kr. 25.000 í hvert skipti, eða samtals kr. 75.000. Þegar engar framkvæmdir hafi hafist í ágúst 1973, hafi stefnandi byrjað tilraunir til þess að fá fé sitt endurgreitt og jafnframt sagt sig úr félaginu. Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur, m. a. kröfubréf lögmanns stefnanda, dags. 27. nóv. 1973, en því hafi verið svarað með bréfi stefnda, dags. 3. desember 1973, þar sem tilkynnt sé, að stefnandi fái ekki endurgreitt, fyrr en búið sé að ráðstafa „byggingarrétti" hans. Það hafi ekki ennþá gerst, enda engar byggingaframkvæmdir hafnar, þótt liðið sé meira en ár síðan framkvæmdir skyldu hefjast.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þann veg, að á árinu 1973 hafi stefnandi greitt sem „festifé" í lóð undir íbúðarhús, sem hann hafi hugsað sér að láta stefnda reisa fyrir sig að Markholti í Mosfellssveit. Sérstakur byggingarsamningur hafi ekki verið gerður, en húsið skyldi reisa fyrir kostnaðarverð í samræmi við lög um byggingarsamvinnufélög svo og samþykktir og reglur stefnda. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um, að ekki hafi verið hægt að hefjast handa strax, þar sem þá hafi staðið yfir skipulagning á byggingarsvæðinu. Þegar því væri lokið, gæti stefndi hafist handa um framkvæmdir.

Hér fyrir dómi hefur stefnandi staðfest framangreinda málavaxtalýsingu. Hann sagðist einungis hafa talað við Þorvald Jóhannesson hjá stefnda. Hann sagðist ekkert hafa fengið í hendurnar annað en kvittanir fyrir innborgunum sínum. Þorvaldur hafi sagt honum, að innborganir hans ættu að ganga til þess að teikna húsin og til gatnagerðargjalda. Hvorki fyrr né síðar hafi verið rætt um gerð byggingarsamnings og yfirleitt hafi hið stefnda félag ekki haft neitt samband við hann. Ekki hafi verið rætt um nein greiðslukjör, en hins vegar hafi legið frammi á skrifstofunni hjá hinu stefnda félagi upplýsingar um, hvernig innborganir skyldu fara fram. Eiginkona stefnanda, Björg Kolka Haraldsdóttir, hefur komið fyrir dóm. Hún sagðist hafa komið til Þorvalds Jóhannessonar vegna auglýsingar um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir til þess að afla upplýsinga um kostnað og fleira. Þorvaldur hafi þá sagt henni, að þau hjón þyrftu að borga 75.000 til 100.000 til þess að festa sér hús, en síðar yrði þeim gerð nánari grein fyrir því, hvernig þau ættu að borga. Hún hafi spurt Þorvald, hvort þau fengju áðurnefndar fjárhæðir endurgreiddar, ef þeim til dæmis sýndist, að húsið reyndist þeim of dýrt og þau hættu við byggingu þess, og hafi hann svarað því játandi. Björg sagði, að næst hefði hún talað við Þorvald, þegar

hún hafi komið til að borga fyrstu 25 þúsund krónurnar samkvæmt samkomulagi við hann um að greiða 25 þúsund krónur mánaðarlega. Þá hafi hann sagt henni, að þau þyrftu að ganga í félagið og hafi hún innritað eiginmann sinn og greitt félagsgjaldið. Í þetta sinn hafi hún einnig fengið teikningar af húsinu og Þorvaldur eftir hennar tilvísun merkt inn á kort, hvaða hús hún veldi sér, en það hafi verið Miðholt 15. Í þriðja sinn hafi þau hjónin farið saman og borgað Þorvaldi næstu 25 þúsund krónurnar og síðan hafi hún komið í fjórða sinn og borgað lokagreiðsluna. Björg sagðist fyrst hafa komið til Þorvalds í febrúarmánuði 1973 og hafi Þorvaldur þá sagt henni, að framkvæmdir ættu að hefjast strax í næsta mánuði, „gróft reiknað" ætti húsið síðan að vera fokhelt í júní og tilbúið til afhendingar í janúar/febrúar árið 1974. Björg sagðist hafa spurt Þorvald, vegna þess að hún hefði ekki skrifað undir neitt, hvort ekki ætti að gera neinn samning, og hafi hann þá sagt henni, að hann yrði gerður þegar 400 þúsundir væru greiddar, en þær ættu að greiðast, þegar grunnur eða plata væri tilbúin. Þá sagði Björg, að í júníbyrjun, þegar þau hjónin hafi séð, að framkvæmdir voru ekki hafnar, en verð hússins hækkað frá upphaflega uppgefnu verði, kr. 2.8 milljónir í kr. 5.5 milljónir, hafi hún hringt í Þorvald og sagt honum, að þau vildu hætta við og fá peningana til baka. Hann hafi sagt, að nú væri að koma sumarfrí og lítil hreyfing á hlutunum, og þá hafi Þorvaldur í fyrsta sinn nefnt, að þau gætu ekki fengið peningana, nema annar tæki lóðina í þeirra stað. Þorvaldur hefði síðan sagt, að þau skyldu koma strax í ágúst. Það hafi þau gert, en skemmst sé af því að segja, að þótt hún hafi haft samband við Þorvald að meðaltali einu sinni til tvisvar í mánuði allt fram að áramótum, hafi peningarnir ekki fengist.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf Sigurðar Flosasonar, formanns Byggingasamvinnufélags atvinnubifreiðastjóra, dags. 8. júlí 1974, til lögmanns hins stefnda félags: „Samkvæmt beiðni yðar vil ég hér með gefa skýringu á staðfestingargjöldum hjá B.S.A.B., sem þeir félagar greiða, sem festa sér íbúð eða hús á vegum félagsins. Þegar félagið fær úthlutað lóðum undir hús hjá Reykjavíkurborg, þarf það að greiða hluta gatnagerðargjalda til borgarinnar innan þriggja vikna, ella fellur umrædd lóðaúthlutun sjálfkrafa úr gildi. Þar sem byggingarsamvinnufélög hafa ekki mátt eiga neitt fjármagn sjálf skv. lögum, hefur það verið aðferð B.S.A.B. að auglýsa eftir umsóknum um viðkomandi íbúðir frá félagsmönnum, enda þótt þá væri hvorki búið að teikna íbúðirnar

né ákvarða stærð þeirra, og láta umsækjendur greiða inn á væntanlega íbúð nægilega háa fjárhæð, til þess að unnt sé að greiða umrædd gjöld af viðkomandi lóð til borgarinnar. Að öðrum kosti yrði ekki um lóðaúthlutun að ræða til B.S.A.B. eða annarra félaga af sömu gerð, þar sem öðruvísi er ekki unnt að brúa þetta bil, þar til íbúðir hafa verið teiknaðar og hægt er að gera byggingarsamning.

Sama aðferð hefur verið notuð í Mosfellssveit og af sömu ástæðum. Auk þess hefur B.S.A.B. látið skipuleggja byggingarsvæðið og teikna húsin, og þess vegna eru þessi staðfestingargjöld orðin fjárfesting fyrir viðkomandi aðila, sem greitt hafa inn á vissar lóðir.

Ekki er unnt að losa þetta fé með öðru móti en að nýr aðili taki við lóðinni og greiði umrædd gjöld.

Ég vona, að þessar upplýsingar nægi, en vanti einhver atriði, mun verða bætt úr því, þegar það kemur í ljós."

Bréf þetta hefur Sigurður Flosason staðfest hér fyrir dómi svo og málavaxtalýsingu stefnda í greinargerð. Sigurður sagði, að umræddar kr. 75.000 hafi gengið til gatnagerðargjalds til Mosfellshrepps að hluta, til að teikna húsið og til að skipuleggja byggingarsvæðið. Einnig megi segja, að fjárhæðin gangi að einhverjum hluta til greiðslu á undirbúningskostnaði skrifstofu stefnda vegna væntanlegra byggingarframkvæmda. Sagði Sigurður, að hver viðskiptamaður, þar á meðal stefnandi, hafi í bókhaldinu sinn viðskiptareikning og þar sjáist, hve mikið fé hann hafi greitt inn. Stefnandi hafi fengið úthlutað tilteknu húsi og af því sé búið að greiða hluta af gatnagerðargjaldi, um 14%. Sigurður sagði, að framkvæmdir hefjist ekki fyrr en byggingarsamningur sé gerður. Í þessu tilfelli sé ekki búið að gera byggingarsamning. Tímamörk hafi ekki verið sett á framkvæmdir. Búið væri að gera 5 byggingarsamninga í umræddu hverfi, Markholtshverfi, og að framkvæmdum félagsins við fjögur hús sé langt komið.

Í málinu hefur verið lagt fram félagsrit hins stefnda félags, fyrsta tölublað annars árgangs, apríl 1973. Í ritinu segir frá því, að hinu stefnda félagi hafi á liðnu sumri verið úthlutað óskipulögðu svæði í vestra Markholtshverfi í Mosfellssveit. Síðan hafi verið unnið að skipulagi svæðisins og hönnun mannvirkja þar. Í framhaldi af því segir orðrétt á bls. 14 og 15 í ritinu: „Áætlanagerð um framkvæmdir og byggingarkostnað er ekki að fullu lokið, en frumathugun bendir til, að kostnaðarverð hvers húss muni

verða mjög nálægt 4 milljónum króna. Er þá reiknað með húsinu fullgerðu að öllu leyti, nema dúk eða teppi á gólf vantar. Ennfremur er innifalið í því verði fullfrágengin lóð og bílskúr. Gert er ráð fyrir, að byggingartími hvers húss muni verða um það bil eitt ár, en þó munu fjármögnunarmöguleikar geta ráðið þar nokkru. Ekki er þó mögulegt, að nærliggjandi hús geti haft mjög mismunandi byggingartíma af þeim orsökum. Fyrirhugað er, að framkvæmdir hefjist í næsta mánuði."

Sigurður Flosason lýsti því yfir fyrir dómi, að hann hefði ritað þetta og þarna sé um fyrirhuguð atriði að ræða, sem ekki hafi staðist, og þess vegna stangist þetta ekki á við annað, sem hann hafi áður sagt og staðfest í réttinum.

Áður hafði stefnandi málsins lýst því yfir í réttinum, að ummæli áðurnefnds Þorvalds Jóhannessonar varðandi framkvæmdir hafi verið efnislega nákvæmlega samhljóða því, sem fram komi í hinni orðréttu tilvitnun.

Þorvaldur Jóhannesson, fyrrverandi skrifstofumaður hjá stefnda, hefur komið fyrir dóm. Hann sagðist hafa útskýrt málin fyrir eiginkonu stefnanda á þann hátt, sem stefnandi hefði borið fyrir dómi. Hins vegar sagðist hann ekki minnast þess, að stefnandi hafi sjálfur komið nema einu sinni og þá til að greiða kr. 25.000. Hann sagðist ekki minnast þess að hafa rætt sérstaklega við stefnanda, þar sem hann hafi skýrt þetta allt út fyrir eiginkonu hans. Hann sagði, að enginn byggingarsamningur hefði verið gerður, en þeim hjónum eins og öðrum hefði verið skýrt frá því, að hann yrði gerður, áður en framkvæmdir hæfust. Í apríl og maímánuði 1973 hefði verið mikil ásókn í umræddar lóðir, en í lok júní og í byrjun júlí hafi komið afturkippur og menn viljað hætta við. Þorvaldur sagði, að innborgað fé hafi gengið til greiðslu ýmissa gjalda, og bar honum þar saman við framburð Sigurðar Flosasonar fyrir dómi. Af félagsins hálfu hafi verið litið svo á, að ekki væri unnt að endurgreiða innborganirnar til þeirra, sem hefðu innt þær af hendi, en síðan hætt við, fyrr en búið væri að útvega aðra aðilja í staðinn. Það hafi félagið reynt, m. a. með auglýsingu í dagblöðunum. Þessi háttur hefði verið hafður á alla tíð, enda væri hér um byggingarsamvinnufélag að ræða, sem ekki mætti eignast neitt og ætti ekki neitt, og þess vegna yrði að hafa þennan hátt á. Þorvaldur sagði, að hús það, sem stefnandi hefði átt að fá, hefði verið Bergholt 15, en áður hefði það heitið Miðholt. Þorvaldur sagði, að hið stefnda félag hafi ekki tekið nein föst lán önnur en húsnæðismálastjórnarlán, sem fyrst hafi geng-

ið til félagsins í umboði byggjenda, og svo yfirdráttarheimildir í viðskiptabanka. Félaginu hafi verið synjað um svonefnt framkvæmdalán vegna þessa svæðis og það hafi heldur ekki fengið fyrirfram nein lán úr sjóðum húsnæðismálastjórnarinnar. Hins vegar hafi eigendur sjálfir fengið húsnæðismálastjórnarlán. Vitnið sagði, að heildarsamningur hefði verið gerður við Mosfellshrepp varðandi allt svæðið um greiðslu gatnagerðargjalda, er hefðu numið um 1.5 milljón krónum. Umræddar innborganir lóðarhafa hefðu meðal annars átt að ganga til greiðslu þess gjalds. Þorvaldur kom fyrir dóm 5. maí 1975 og sagðist þá hafa hætt störfum hjá stefnda fyrir um tveimur mánuðum. Þá hafi ekki verið búið að gera lóðarsamning vegna Bergholts 15 og engar framkvæmdir hafnar við bygginguna. Að lokum sagði Þorvaldur, að hann hafi séð um að auglýsa byggingarrétt margra aðilja, þar á meðal stefnanda, í dagblöðum á árinu 1974 og hefði auglýsingin birst með nokkurra daga millibili. Engin bindandi tilboð hefðu borist.

Guðmundur Óskar Jónsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur komið fyrir dóm. Undir hann var borið svofellt skjal, sem lagt hefur verið fram í málinu:

„YFIRLIT

um greiddan og samningsbundinn kostnað v/Bergholts 15.

Gatnag.gjöld 1.500.000.-: 56	=	26.786.-
Teiknikostn. arkitekta		69.500.-
Teiknikostn. verkfr.		75.900.-
Skipul.kostn. B.S.A.B.		15.877.-
Undirb.framkv. (athafnasv.)		10.871.-
Mót á A-B hús ca. 3,4 millj.: 30	=	113.333.-
Vinnuskúr 114.000.-: 56	=	2.036.-
	Kr.	314.303.-

R.v.k. 18.3. '75
Óskar Jónsson"

Guðmundur Óskar sagði, að skjal þetta ætti við hús það, sem stefnanda hefði verið lofað, en hann muni víst einnig hafa verið skráður á Bergholti 13, en það skipti ekki máli, þar sem húsin væru jafnstór. Hann sagði, að allt, sem þarna kæmi fram, hefði verið innt af hendi af hálfu félagsins. Það gerðist þannig, að félagið greiddi þessi gjöld fyrir allt svæðið og þegar kostnaðinum sé skipt niður, sé það, sem fram komi á þessu skjali,

hlutdeild þar nefnds húss í kostnaðinum. Hann tók þó fram, að teiknikostnaður væri ekki að fullu greiddur, þar sem svo væri um samið, að hann þyrfti ekki endanlega að inna af hendi, fyrr en byggingarleyfi væru gefin út. Guðmundur Óskar, sem kom fyrir dóminn 11. júní sl., sagði, að byggingarleyfi væri ekki fengið fyrir Bergholti 15, en hann hefði nú sótt um byggingarleyfi fyrir Bergholti 13 og ef það fengist, mundi hann endurgreiða stefnanda. Hann sagði, að á umræddu svæði væru 56 hús, greitt hefði verið inn á 30 hús og því væri 26 óráðstafað. Hann sagði, að byggingarrétti stefnanda hefði ekki sérstaklega verið komið á framfæri, heldur svæðið auglýst almennt í dagblöðum. Staðreyndin væri sú, að aðeins fjögur hús væru byggð. Hann sagði, að frá því í júní 1973 hefði í tveim tilfellum orðið sú breyting, að nýir aðiljar hefðu tekið við lóðarréttindum, en þar væri um að ræða hliðstæð réttindi og stefnandi í þessu máli hefði. Að lokum sagði Guðmundur Óskar, að engar framkvæmdir hefðu byrjað við húsið Bergholt 15, enda hefjist ekki framkvæmdir, fyrr en byggingarsamningur sé gerður.

Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit viðskiptareiknings stefnanda hjá stefnda, þar sem hinar þrjár innborganir hans eru færðar í credit-dálk, 3. apríl kr. 25.000, 4. maí kr. 25.000 og 6. júní kr. 25.000. Segir í texta, að þetta séu greiðslur inn á byggingarreikning stefnanda.

Í málinu hefur verið lagt fram ljósrit rekstrar- og efnahagsreiknings stefnda pr. 31. desember 1973. Þar er meðal annars liðurinn eigið fé svo og liðurinn stofnsjóður félagsmanna, sem er talinn nema kr. 28.725.

Í málinu hefur verið lögð fram samþykkt fyrir Byggingasamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra í Reykjavík og nágrenni, staðfest af félagsmálaráðuneytinu 2. apríl 1971. Í fjórðu grein samþykktarinnar segir meðal annars, að félaginu skuli aflað fjár með inngöngueyri í félagið, sem sé kr. 500 og renni í varasjóð félagsins, og með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð. Síðan segir orðrétt í fjórðu grein: „Stofnsjóðseign hvers félagsmanns gangi upp í byggingarkostnað húss þess eða íbúðar, sem félagið ákveður að reisa fyrir hann. Félagið getur þá fyrst afhent félagsmanni íbúð hans, er stofnsjóðseign nemur þeirri upphæð, sem byggingarkostnaðurinn er hærri en lán þau, sem félagið fær til byggingarinnar með ríkisábyrgð.“ Þá segir orðrétt í sömu grein: „Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanna, við gjaldþrot, við brottflutning af fé-

lagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.“ Í 24. grein sömu samþykktar segir orðrétt: „Stofnsjóð félagsins skal ávaxta í banka, sem hefur ríkisábyrgð fyrir innstæðufé. Stofnféð verður jafnan að vera óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína hvenær sem er.“

III.

Af hálfu stefnanda er þess fyrst getið, að hann hafi sagt sig úr hinu stefnda félagi með símskeyti 7. nóvember 1973. Ennþá hafi ekki verið hafist handa um byggingu húss hans og hafi greiðsluáskoranir verið árangurslausar. Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að engin heimild sé í landslögum eða sérstökum lögum og samþykktum hins stefnda félags til þess að halda þannig fé fyrir stefnanda og fyrir löngu séu brostnar forsendur fyrir því, að hið stefnda félag byggi umrætt hús fyrir stefnanda. Hafi hann því orðið að höfða mál þetta til þess að fá fé sitt endurgreitt.

Af hálfu stefnda er þeirri staðhæfingu stefnanda mótmælt, að samið hafi verið um ákveðinn afhendingartíma eða verð. Byggingarframlög eins og þessi væru endurgreidd, þegar nýr aðili hefði tekið við umræddri lóð. Nýr aðili hafi ekki fengist, en stefnanda verði að sjálfsögðu endurgreitt framlag hans, um leið og nýr aðili hafi tekið við lóðinni. Ákvörðun stefnanda að ganga úr hinu stefnda félagi og hætta við lóðina hafi verið gerð einhliða og verði hann því að sætta sig við að fá endurgreitt framlag sitt eins og venja hafi verið hjá stefnda í tilfellum sem þessum. Stefndi sé ekki félag, sem byggi í ágóðaskyni, heldur fyrir kostnaðarverð samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög. Það séu félagsmennirnir sjálfir, sem fjármagni byggingarnar, þar sem stefnda sé ekki heimilt samkvæmt lögum um byggingarsamvinnufélög að eiga sjálfur fjármagn. Af þessum sökum geti stefndi ekki endurgreitt, fyrr en annar aðili hafi tekið við réttindum og skyldum þess aðilja, sem gangi úr skaftinu. Á þessum atriðum sé krafa stefnda um sýknu að svo stöddu byggð. Af hálfu stefnda er kröfu stefnanda um vexti frá 1. júlí 1973 sérstaklega mótmælt.

IV.

Mál þetta er réttilega höfðað hér fyrir dómi. Í málinu er ekki um það deilt, að stefnandi hafi sagt sig úr hinu stefnda félagi

7. nóvember 1973. Í 15. gr. áðurnefndra samþykkta stefnda segir, að úrsagnir úr félaginu skuli vera skriflegar og sendar félagsstjórn. Stefnandi sagði sig úr félaginu með skeyti, sem síðar var staðfest með bréfi lögmanns hans. Samkvæmt nefndu ákvæði samþykktar stefnda var úrsögn stefnanda úr félaginu því lögmæt.

Eftir gögnum málsins verður að líta á umræddar greiðslur stefnanda til stefnda sem stofnfjárframlag samkvæmt 4. gr., sbr. 24. gr. nefndrar samþykktar félagsins, sbr. og 15. gr. laga nr. 36/1952 um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, sbr. nú lög númer 59/1973 um breytingu á lögum nr. 30/1970 um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt nefndri 4. gr. samþykktar stefnda falla stofnfjárinnstæður m. a. til útborgunar við úrsögn úr félaginu, enda hafi félagsmaður fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið. Ekki er fram komið í málinu, að stefndi hafi lagt á herðar stefnanda aðrar skuldbindingar en að greiða umrætt fé. Stefndi heldur því fram, að umrætt fé hafi gengið upp í kostnað af byggingu íbúðar á vegum stefnda til handa stefnanda, en hefur ekki upplýst, hvenær fénu var ráðstafað og til hvaða framkvæmda það hafi nákvæmlega gengið. Að svo vöxnu máli og þar sem stefnda er samkvæmt 24. gr. samþykkta sinna skylt að hafa stofnfé „óbundið þannig, að unnt sé að greiða félagsmönnum fjáreign sína hvenær sem er," þykir stefnandi eiga rétt á endurgreiðslu stofnfjárframlags síns.

Svo sem áður getur, sagði stefnandi sig úr hinu stefnda félagi 7. nóvember 1973 og krafðist um leið endurgreiðslu fjárframlags síns. Að svo vöxnu og með vísan til áðurnefndrar 4. gr. samþykktar félagsins verður vaxtakrafa stefnanda tekin til greina miðað við þann tíma.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 75.000 með 9% ársvöxtum frá 7. nóvember 1973 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi einnig dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Byggingasamvinnufélag atvinnubifreiðastjóra,

greiði stefnanda, Þráni Sveinssyni, kr. 75.000 með 9% ársvöxtum frá 7. nóvember 1973 til greiðsludags og kr. 30.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1977.

Nr. 160/1975. **Bílaleigan Bliki h/f**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Rafmagnsveitum ríkisins
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. nóvember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 16. október 1975. Dómkröfur hans eru þessar:

Aðalkrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 255.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 14. september 1973 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra lægri fjárhæð ásamt vöxtum og málskostnaði, eins og greinir í aðalkröfu.

2. varakrafa: Að héraðsdómurinn verði staðfestur og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi andmælir ekki, að málssókn þessari sé réttilega

beint að sér, enda hafi Hallgrímur Jónasson, er í eigin nafni undirritaði leigusamning um bifreiðina G 6615 við áfrýjanda, verið starfsmaður stefnda og tekið bifreiðina á leigu vegna starfs síns.

Í 5. gr. hins skriflega leigusamnings um bifreiðina segir svo: „Bifreiðin er húftryggð (kasko) að frádregnum fyrstu kr. 10.000.00, sem leigutaki greiðir einnig.“ Enn fremur segir svo í 9. gr. samningsins: „Leigutaki ber ábyrgð á tjóni á bifreiðinni og/eða farþegum af völdum áreksturs eða óhappatilviljana, sem ekki fæst bætt af vátryggingarfélagi bifreiðarinnar.“

Í raun réttri var bifreið áfrýjanda alls ekki húftryggð. Aðiljar eru hins vegar sammála um, að lögskiptum þeirra beri að ljúka eins og í gildi hefði verið vátryggingarsamningur um húftryggingu bifreiðarinnar með þeim vátryggingarskilmálum, sem lagðir hafa verið fram í málinu sem sýnishorn. Þess er þó að geta, að ekki hefur komið fram, svo ótvírætt sé, að þeir skilmálar séu almennt og afbrigðalaust notaðir við húftryggingu bifreiða, sem leigðar eru til mannflutninga án ökumanns.

Áfrýjandi kveður kröfur sínar í málinu reistar á þeim grundvelli, að stefndi sé ábyrgur gagnvart sér fyrir öllu því tjóni, sem varð á bifreiðinni G 6615, en þó ekki í ríkari mæli en næmi ábyrgð vátryggingarfélags, sem húftryggt hefði bifreiðina.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að atvik að ökuóhappi því, sem í málinu greinir, hafi verið slík, að vátryggingarfélag, sem kynni að hafa húftryggt bifreið hans, hefði mátt synja honum um greiðslu vátryggingarbóta á grundvelli ákvæða þeirra, sem greinir í e lið og o lið 9. gr. hins framlagða sýnishorns af vátryggingarskilmálum, eða af öðrum ástæðum. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, sem ekki hefur verið gagnáfrýjað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að héraðsdómara hefur láðst að taka í dómsorð hins áfrýjaða dóms ákvæði um málskostnað.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður í héraði fellur niður, en áfrýjandi, Bílaleigan Bliki h/f, greiði stefnda, Rafmagnsveitum ríkisins, 65.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 4. mars 1975.

Mál þetta, sem var dómtekið 21. mars 1975, hefur Bílaleigan Bliki h/f, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 15. janúar 1974, á hendur Rafmagnsveitum ríkisins.

1.0.

Upphaflega var þess krafist af hálfu stefnanda, að stefnda yrði gert að greiða kr. 285.961 auk vaxta og kostnaðar.

Endanlegar kröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 255.000 með 10% ársvöxtum frá 14. september 1973 til greiðsludags.

1. varakrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðra lægri fjárhæð en í aðalkröfu greinir að mati dómsins auk vaxta eins og í aðalkröfu.

2. varakrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 10.000 auk vaxta eins og í aðalkröfu.

3. varakrafa, að stefndi verði dæmdur til að greiða 10% ársvexti af kr. 30.961 frá 14. september 1973 til 11. mars 1974.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar til handa stefnanda úr hendi stefnda.

Af stefnda hálfu er aðallega krafist sýknu, en til vara, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

2.0.

Málavextir.

2.1.

Þann 26. ágúst 1973 tók starfsmaður stefnda, Hallgrímur Jónasson, Þrastarhrauni 1, Hafnarfirði, á leigu fólksbifreið af gerðinni Volkswagen 1300, árgerð 1972, hjá stefnanda.

Bifreiðin var ekki húftryggð, en samkomulag var um, að um lögskipti aðiljanna skyldi fara svo sem svo hefði verið, þannig að ef tjón yrði, bæri leigutaka að greiða allt að kr. 10.000 af tjónsfjárhæðinni.

Hallgrímur greiddi stefnanda kr. 5.000 sem fyrirframgreiðslu upp í leigugjaldið.

Lagt hefur verið fram í málinu sýnishorn af tryggingarskilmálum í kaskótryggingu hjá Almennum Tryggingum h/f.

Í 8. gr. skilmálanna segir, að félagið bæti skemmdir á ökutækinu sjálfu, meðal annars af veltu.

Í 9. gr. segir, að undanskyldar ábyrgð séu meðal annars: e) Skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni ökumanns og eða vátryggingartaka . . . . . o) Skemmdir á ökutækinu, er stafa af snöggri beitingu hemlanna, af akstri á ósléttri akbraut, hér með talin bilun á ásum, fjöðrum, gírkassa, drifi, rafgeymi og öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess, að hreyfillinn bráðnar saman, svo og aðrar skemmdir, sem hljótast af því, að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu og lausu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir, einnig skemmdir, er verða, þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

Aðiljar eru sammála um, að skilmálarnir séu að þessu leyti hluti af samningi þeirra.

2.2.

Þann 14. september 1973 var Hallgrímur á leið í bílnum frá Borgarnesi til Reykjavíkur. Með honum í bílnum voru 2 starfsmenn stefnda. Bíllinn var að sögn Hallgríms nokkuð hlaðinn, meðal annars voru á þaki bílsins þrífótur til mælinga, nokkuð þungur, mælingastangir og stikur. Á þessum tíma var verið að hefla þjóðveginn, og var hryggur eftir hefilinn á veginum nálægt miðju.

Hallgrímur kveðst hafa ekið meðfram hryggnum nokkurn spöl, en þegar hann kom að beygju sunnan við Eskiholt í Borgarhreppi, hugðist hann aka að nokkru leyti yfir hrygginn, þannig að hann væri á milli hjólanna í beygjunni, en hryggurinn tók upp undir botn bifreiðarinnar, þannig að bifreiðin snerist og lenti þvert á hryggnum. Rann hún nokkurn spöl til hliðar á hjólunum og ýttist þá upp bingur við hægri hlið bifreiðarinnar og myndaði fyrirstöðu, sem leiddi til þess, að bíllinn valt á hægri hlið og fór síðan á hvolf og rann þannig útaf veginum.

Hallgrímur og félagar hans mældu hrygginn á slysstaðnum, og reyndist hann 20 til 25 cm á hæð.

Hallgrímur segir, að þeir hafi gengið dálítinn spöl til baka og athugað hrygginn. Þar kveður hann hrygginn hafa verið mun lægri, þannig að bíllinn hefði átt að fljóta vel yfir hann.

Í skýrslu, sem Hallgrímur gaf fyrir lögreglunni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, segir, að hann hafi ekið á 70 km hraða á leið til Reykjavíkur.

Í skriflegri skýrslu Hallgríms, sem lögð hefur verið fram í málinu, segir, að hann hafi ekið á um 70 km hraða til jafnaðar, en slegið af hraðanum, er hann hugðist beygja yfir hrygginn.

Hann kveðst ekki vita, á hvaða hraða hann var, þegar hann fór yfir hrygginn. Hann kveður lögregluskýrsluna rétta svo langt sem hún nær, en ófullnægjandi.

Í skýrslu Hallgríms fyrir dóminum segir, að hann hafi ekið á um 70 km meðalhraða, en slegið af án þess að hemla, þegar hann nálgaðist beygjuna.

Önnur vitni hafa ekki komið fyrir dóminn, en skýrslur vitnanna Hallgríms Ingólfssonar og Einars Sigurðssonar, sem voru með Hallgrími Jónassyni í bílnum, hafa verið lagðar fram, og eru þær í samræmi við skýrslu hans.

2.3.

Stefnandi kveður hafa orðið mjög miklar skemmdir á bifreiðinni, þannig hafi hún dældast mjög mikið á hægri hlið og þaki og rúður brotnað. Enn fremur er því haldið fram, að áklæði hafi skemmst vegna sýrubruna.

Stefnukrafan er sundurliðuð þannig í stefnu:

1.	Eftirstöðvar af leiguupphæð	kr. 30.961
2.	Andvirði toppgrindar	— 3.500
3.	Útlagður kostnaður vegna flutnings	— 1.500
4.	Kostnaður við að sækja bifreiðina í Borgarnes (bíll og 2 menn)	— 5.000
5.	Tjón samkvæmt matsgerð	— 210.000
6.	Áklæði í bifreiðinni vegna geymissýrubruna	— 35.000
		Alls kr. 285.961

Stefndi greiddi stefnanda leigugjaldið, kr. 30.961, þann 11. mars 1974, og hafa stefnukröfur verið lækkaðar til samræmis við það.

Stefnandi fékk mann, að nafni Hafsteinn Sölvason, til að meta tjónið.

Í álitsgerð hans, dagsettri 2. október 1973, er verðgildi bifreiðarinnar fyrir tjónið metið við staðgreiðslu kr. 300.000, en verðgildi hennar eftir tjónið kr. 90.000.

Hafsteinn þessi hefur ekki komið fyrir dóminn. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ekki sé tekið tillit til skemmda á áklæði bifreiðarinnar í álitsgerðinni.

Til sönnunar á tjóni stefnanda hafa verið lagðar fram 6 ljósmyndir og reikningur að fjárhæð kr. 1.500 til stuðnings 3. lið í kröfugerð stefnanda.

Enn fremur hafa verið lagðir fram af hálfu stefnanda allmargir reikningar fyrir viðgerð, efni og vinnu, samtals kr. 249.849.

3.0.

Málsástæður.

Meginástæða stefnanda er sú, að Hallgrímur Jónasson hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi, þannig að tjónið hefði ekki fengist bætt, ef bifreiðin hefði verið kaskótryggð. Bæri þá stefnda samkvæmt samningi aðiljanna að bæta tjónið að fullu.

Enn fremur er því haldið fram, að tjónið hefði orðið undanskilið ábyrgð í kaskótryggingu, þar sem skemmdir hefðu ekki verið bættar, er hlytust af því, að ökutækið tæki niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að tjónið hafi numið hærri fjárhæð en krafist er.

Af stefnda hálfu er því haldið fram, að tjónið hafi hlotist af minni háttar gáleysi ökumanns. Til að unnt sé að tala um stórkostlegt gáleysi, telur ökumaður stefnda, að aksturinn verði að vera mjög gapalegur, þannig að teflt sé vísvitandi á tæpasta vað.

Lögmaður stefnda telur, að o liður vátryggingarskilmálanna eigi ekki við í þessu máli, þar sem ekkert sé komið fram um, að skemmdir hafi orðið á undirvagni vegna þess, að bíllinn tók niðri á hryggnum. Hann kveður fyrst og fremst vera átt við það, til dæmis, ef hljóðdunkur fer undan, gat kemur á pönnu eða bensíndunk vegna þess, að bíllinn tekur niðri.

Bent er á, að í áttundu grein skilmálanna sé einmitt tekið fram, að skemmdir af völdum veltu séu bættar. Varðandi tjónið er því haldið fram af hálfu stefnda, að kröfur stefnanda séu mjög vanreifaðar og studdar ófullnægjandi gögnum.

4.0.

Álit dómsins.

Ljóst er, að bíllinn hefur verið nokkuð mikið hlaðinn og á allmikilli ferð, þegar Hallgrímur Jónasson ók yfir hrygginn á veginum. Eigi að síður verður ekki fullyrt, að honum hafi verið ljóst, að atferli hans gæti leitt til þess, að bíllinn ylti.

Hann þykir því ekki hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 18. gr. laga 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Þegar ákvæði vátryggingarskilmálanna, sem aðiljar telja hluta af samningi sínum, um skemmdir, sem hljótast af því, að ökutæki tekur niðri á hryggjum eftir veghefla, er virt í samræmi við önnur ákvæði o liðar 9. gr. og 1. mgr. 8. gr., verður að fallast á það með stefnda, að undanþága taki ekki til tjóns af því, er bifreið veltur vegna þess, að hún tekur þannig niðri.

Af þessum sökum verður ekki fallist á þá kröfu stefnanda, að stefndi greiði bætur fyrir tjónið nema þær kr. 10.000, sem samsvara sjálfsábyrgð samkvæmt samningi aðiljanna, en auk þess ber að fallast á kröfu stefnanda um greiðslu vaxta af leigufjárhæðinni.

Það athugast, að fullnægjandi gögn skortir um tjón stefnanda, en vegna framangreindrar niðurstöðu þykir ekki ástæða til endurupptöku eða frávísunar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Rafmagnsveitur ríkisins, greiði stefnanda, Bílaleigunni Blika h/f, kr. 10.000 auk 10% ársvaxta af kr. 40.961 frá 14. september 1973 til 11. mars 1974, en af kr. 10.000 frá þeim degi til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. maí 1977.

Nr. 181/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hjalta Haraldssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Fjárdráttur. Opinberir starfsmenn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa verið háð framhaldspróf í máli þessu, en ríkissaksóknari og verjandi hafa eigi talið þörf frekari rannsóknar. Nokkur ný gögn hafa og verið lögð fyrir Hæstarétt.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar getur, hefur ákærði staðið skil á fé því, er hann hafði dregið sér. Í því sambandi er upplýst í framhaldsrannsókn málsins, að hinn 16. október 1974 greiddi hann í peningum 770.000 krónur inn á reikning Svarfaðardalshrepps hjá útibúi Kaupfélags Eyfirðinga á Dalvík. Var því ekki um millifærslu að ræða á fjárhæð þessari, svo sem að er vikið í héraðsdómi. Samkvæmt framburði Kristjáns Ólafssonar, útibússtjóra greinds kaupfélags, fékk ákærði í október 1974 að láni „út á afurðir" 770.000 krónur, en tíðkast hafði að veita bændum afurðalán. Ákærði kveðst ekki sérstaklega minnast þessarar lántöku, en segir vel geta verið, að hann hafi fengið slíkt lán. Ekki kveðst hann geta svarað því, hvort hann hafi greitt fé þetta inn á reikning hreppsins hjá nefndu kaupfélagsútibúi.

Brot ákærða varðar við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga, enda bar ákærða að halda peningum hreppsins aðgreindum frá eigin fé.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi.

Skaðabóta hefur ekki verið krafist.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, 75.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hjalti Haraldsson, sæti 6 mánaða fangelsi. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Eyjafjarðarsýslu 30. janúar 1976.

Ár 1976, föstudaginn 30. janúar, var í sakadómi Eyjafjarðarsýslu, sem háður var í dómsal bæjarfógetaembættisins í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, af Sigurði Halli Stefánssyni setudómara, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 1405/1975: Ákæruvaldið gegn Hjalta Haraldssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 9. janúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. október 1975, á hendur Hjalta Haraldssyni bónda, Ytra-Garðshorni í Svarfaðardalshreppi, „fyrir að hafa á tíu ára tímabili fram til miðs árs 1974 í starfi oddvita Svarfaðardalshrepps — einkum á síðari hluta þess tímabils — dregið sér af fé hreppsins samtals kr. 1.354.127.39, en fjárdrætti sínum, eins og hann var um hver áramót á framangreindu tímabili, leyndi ákærði í ársreikningum hreppsins með því að telja ýmsar greiðslur, er greiddar voru eftir áramót, greiddar fyrir áramót og jafnframt á síðari hluta tímabilsins að telja fé, sem innborgað var eftir áramót, s. s. greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, er bárust um miðjan janúar ár hvert, innkomið og í sjóði um áramót. Af framangreindri fjárhæð endurgreiddi ákærði hinn 16. október 1974, degi áður en hann skilaði af sér reiknings- og bókhaldsgögnum hreppsins, með eigin fé og lántökum kr. 770.000.00 í reikning hreppsins hjá KEA, Dalvík, kr. 275.000.00

á hlaupareikning hreppsins nr. 113 í Sparisjóði Svarfdæla og kr. 251.877.09 sem sjóðsinnstæðu.

Atferli ákærða þykir varða við 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð að ósk saksóknara varðandi heimfærslu til lagaákvæða í ákæru, að atferli ákærða þyki varða við 247. gr. (ótiltekið), sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. desember 1917 að Þórleifsstöðum, Svarfaðardalshreppi, og hefur hvorki sætt refsingu né öðrum viðurlögum, svo kunnugt sé.

Málavextir.

Ákærði var kjörinn varamaður í hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps í sveitarstjórnarkosningum 1962. Á fundi hreppsnefndar 17. september 1964 var hann kjörinn oddviti og gegndi síðan því starfi það sem eftir var kjörtímabils og síðan næstu kjörtímabil (1966—1970 og 1970—1974). Hafði hann á hendi öll venjuleg störf oddvita þessi ár, m. a. reikningshald fyrir sveitarfélagið og innheimtu opinberra gjald. Við kosningarnar 1974 komu fram tveir listar. Af öðrum listanum náðu þrír kjöri sem aðalmenn í hreppsnefnd, en tveir af hinum, og var ákærði annar þeirra. Eftir þessar kosningar var Halldór Jónsson kjörinn oddviti hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps.

Í ágúst 1974 leitaði nefndur Halldór Jónsson til oddvita sýslunefndar, sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, vegna þess að ákærði hefði eigi staðið skil á skjölum, munum og sjóðum hreppsins. Um miðjan október s. á. eftir ítrekaðar kröfur oddvita sýslunefndar afhenti ákærði skápa og kassa með bókhaldsgögnum svo og sjóði. Halldór Jónsson kom fáum dögum síðar á fund oddvita sýslunefndar og taldi slíka óreiðu á bókhaldi hreppsins, að lítið yrði á því byggt, og mundi hann t. d. ekki geta staðið að innheimtu hreppsgjalda með eðlilegum hætti, þannig að sveitarfélagið biði tjón af.

Með úrskurði, uppkveðnum 14. apríl 1975, vék hinn reglulegi dómari, Ófeigur Eiríksson, sæti í máli þessu. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 14. maí 1975, var Sigurður Hallur Stefánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, en nú héraðsdómari í Keflavík, skipaður til þess „sem setudómari í Eyja-

fjarðarsýslu að fara með rannsókn á fjárreiðum Svarfaðardalshrepps".

Í greindum úrskurði Ófeigs Eiríkssonar, sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, segir svo: „Undanfarið hafa verið miklar deilur meðal íbúa Svarfaðardalshrepps út af bókhaldi sveitarsjóðsins. Leitaði oddviti hreppsins til dómarans, sem jafnframt er oddviti sýslunefndar, sem er eftirlitsaðili með fjárreiðum hreppa í sýslunni, sbr. 92. gr. laga nr. 58, 1961, og tjáði honum, að slík óreiða væri á bókhaldi hreppsins af hálfu fyrrverandi oddvita, að hann gæti ekki staðið að innheimtu hreppsgjalda með eðlilegum hætti, og biði sveitarfélagið fjárhagslegt tjón af.

Oddviti sýslunefndar tók bókhaldsgögn hreppsins fyrir árin 1973 og 1974 í sína vörslu, og við frumathugun á því varð augljóst, að það yrði að færast að nýju. Var Ólafur Nílsson, löggiltur endurskoðandi, fenginn til að vinna það verk með aðstoð tveggja starfsmanna bæjarfógetaembættisins á Akureyri. Gerð var könnun á fjárhagsstöðu hreppsins pr. 31. des. 1973 og gerður reikningsjöfnuður pr. 30. júní 1974, er fyrrverandi oddviti lét af störfum. Könnun þessi leiddi í ljós mikla óreiðu í bókhaldinu, verulegar sjóðsskekkjur komu í ljós, auk þess sem nokkuð vantaði í sjóðinn, eða kr. 74.250.30, en byggt var á því, að sjóður hafi verið réttur í ársbyrjun 1973, en eins og áður segir náði könnunin aðeins til tímabilsins 1/1 1973 — 30/6 1974.

Könnun þessi var send hreppsnefndinni svo og fyrrverandi oddvita, en úttektin hefur ekki gegnt því hlutverki, sem henni var ætlað, þ. e. að vera óumdeildur grundvöllur að bókhaldi hreppsins og setja niður deilur milli manna í sveitarfélaginu, enda hefur nú, 8. þ. m., almennur hreppsfundur í Svarfaðardalshreppi gert ályktun, þar sem reikningar hreppsins fyrir árið 1974 eru taldir byggðir á „röngum forsendum", en reikningarnir voru gerðir á grundvelli ofangreindrar könnunar skv. ábendingu oddvita sýslunefndar til oddvita hreppsins.

Vegna þessarar afstöðu hreppsfundar og í tilefni af niðurstöðu úttektar á fjárhagsstöðu hreppsins, þar sem m. a. kemur fram, að ljóst sé að um sjóðsskekkjur sé að ræða fyrir 1. janúar 1973, og með vísun til annars þess, er að framan er rakið, hefur oddviti sýslunefndar óskað opinberrar rannsóknar á máli þessu. . . . . "

Rannsókn málsins hófst hinn 26. maí 1975 með því, að tekin var skýrsla af vitninu Boga Nílssyni, aðalfulltrúa bæjarfógetans á Akureyri, nú sýslumanni Suður-Múlasýslu. Skýrði hann frá at-

hugun eða endurskoðun á bókhaldi Svarfaðardalshrepps, sem hann og Kristján Valdimarsson, aðalbókari við sama embætti, framkvæmdu að beiðni sýslumanns, framkominni í október 1974. Ætlunin hafi verið að koma bókhaldi hreppsins í það horf, að viðtakandi oddviti gæti byggt á því áframhaldandi færslur. Þetta hafi hins vegar reynst erfiðleikum bundið vegna rangfærslna og hafi þeir ekki treyst sér að gera viðhlítandi reikningsjöfnuð pr. 30. júní 1974. Hann kvað þá Kristján síðar hafa unnið nokkuð að athugun bókhaldsins sem aðstoðarmenn Ólafs Nílssonar.

Ákærði viðurkenndi þegar við upphaf yfirheyrslu fyrir dómi, að hann hefði á undanförnum árum, þ. e. einkum á seinni hluta starfstíma síns sem oddviti Svarfaðardalshrepps, tekið til eigin þarfa umfram laun sín af fé hreppsins. Hafi ætlun hans verið sú, að féð yrði endurgreitt, en af því hafi ekki orðið fyrr en hann var nauðbeygður til, þ. e. á síðustu dögum áður en bókhaldinu var skilað til núverandi oddvita. Hann kvað ekkert fé hafa verið til í sjóði hreppsins, er hann lét af störfum um mánaðamótin júní—júlí 1974. Hann kvað tvær ástæður hafa legið til þess dráttar, sem varð á því, að hann skilaði af sér bókhaldinu. Annars vegar það, að hann hafi haft lítinn tíma til að ganga frá reikningsuppgjöri, og hins vegar það, að hann hafi gert sér grein fyrir því, að hann yrði að standa skil á því fé, sem hann hafði ranglega tekið frá hreppnum. Síðasta eða einhvern síðustu daga áður en bókhaldinu var skilað til Halldórs Jónssonar oddvita kvaðst hann hafa endurgreitt hreppnum kr. 1.296.877.09, þ. e. kr. 770.000.00, sem millifærðar voru af viðskiptareikningi hans hjá KEA á Dalvík og inn á viðskiptareikning hreppsins, kr. 275.000.00, sem hann greiddi inn á hlaupareikning hreppsins í Sparisjóði Svarfdæla, og kr. 251.877.09, sem hann skilaði í peningum. Hann kvaðst aðeins hafa fært eina bókhaldsbók, þ. e. dagbók. Hann kvaðst einn og aðstoðarlaust hafa haft með höndum allt það, er viðkom fjárreiðum hreppsins, að undanskildu því, er varðar byggingu Húsabakkaskóla. Dómarinn bar undir ákærða lið fyrir lið leiðréttingar og millifærslur 1973 og 1974, sbr. ársreikning fyrir árið 1973 og reikningsjöfnuð pr. 30. júní 1974, sem Ólafur Nílsson færði fyrir sveitarsjóð Svarfaðardalshrepps. Hefur ákærði ekki gert um þau atriði neinar athugasemdir, sem máli skipta eða breyta efnislegri niðurstöðu.

Ekki síst vegna afdráttarlausrar játningar ákærða hefur niðurstaða endurskoðunar Ólafs Nílssonar grundvallarþýðingu í máli

þessu. Þykir því rétt, að fram komi hér orðrétt skýrsla hans, dagsett 15. nóvember 1974, um könnun á fjárhagsstöðu sveitarsjóðs Svarfaðardalshrepps í árslok 1973 og 30. júní 1974:

„*1. Aðdragandi.*

Að beiðni yðar, hr. sýslumaður, hef ég gert könnun á fjárhagsstöðu Sveitarsjóðs Svarfaðardalshrepps miðað við árslok 1973 og mitt ár 1974 í tilefni af oddvitaskiptum í hreppnum. Í því sambandi hef ég samið nýjan ársreikning fyrir árið 1973 og reikningsjöfnuð hinn 30. júní 1974. Verkið var að nokkru unnið á Akureyri 7.—11. nóvember s.l., og tóku tveir starfsmenn yðar þátt í því, eða þeir Bogi Nílsson og Kristján Valdimarsson, en þeir höfðu gert athugun á ýmsum þáttum og safnað gögnum, þegar ég hóf könnunina.

2. Bókhald og ársreikningar.

Fyrrverandi oddviti hefur fært bókhald sveitarsjóðs fyrir þann tíma, sem könnun þessi náði til, eða fyrir árið 1973 og fyrri helming yfirstandandi árs.

Færð hefur verið sjóðdagbók fyrir sveitarsjóð á árunum 1973 og 1974, dagbók fyrir rekstur skóla á árinu 1973, gjaldendabók á árinu 1973 og bók um útlán vegna Bjargráðasjóðslána. Sjóðdagbókin hefur verið aðal bókhaldsgagnið.

Ljóst er af bókhaldinu, að sjóðdagbókin hefur ekki verið færð jafnóðum og viðskiptin hafa farið fram, heldur eftir á. Þannig hefur engin regluleg skráning farið fram á sjóðshreyfingum sveitarsjóðs eða öðrum fjármagnshreyfingum, svo séð verði, en af því hefur leitt mikið óöryggi í meðferð fjármuna, og er erfitt að rekja einstök viðskipti sveitarsjóðs með vissu.

Einstakar hreyfingar á bankareikningum eru ekki færðar í bókhaldinu, heldur eru þær færðar um sjóð, en sú færsluaðferð er almennt talin ófullnægjandi, enda er hún ótrygg.

Ársreikningur sveitarsjóðs fyrir árið 1973 lá fyrir, og hefur hann verið undirritaður af fjórum hreppsnefndarmönnum og þremur endurskoðendum. Ársreikningar fyrri ára lágu einnig fyrir.

Ársreikningurinn 1973 er ekki byggður á þeim grundvallarreglum, sem um reikningsskil gilda, og hann er ekki að öllu leyti í samræmi við það bókhald, sem hann ætti að hafa verið saminn eftir. Þannig er staðan við peningastofnanir í ársreikningnum ekki byggð á bókhaldinu, og eðlileg tenging eða afstemm-

ing rekstrarreiknings, eignabreytingarreiknings og efnahagsreikninga í byrjun og lok árs er ekki sýnd. Vegna þessa eru skekkjur í ársreikningnum, sem að nokkru hefðu komið fram, ef ársreikningurinn hefði alfarið verið saminn eftir og stemmdur af við bókhaldið. Á það t. d. við um skekkju milli sjóðs og hlaupareiknings.

3. Efni könnunar.

Eftir yfirlitskönnun málsins og eftir viðræður við yður, hr. sýslumaður, þótti sýnt, að mikilvægast væri að kanna síðasta efnahagsreikning, sem lá fyrir, eða efnahagsreikning í ársreikningi 1973. Með því fengist raunhæfur grundvöllur til að byggja á bókhald og uppgjör síðari tíma, en um leið myndu þær skekkjur, sem kynnu að vera í efnahagsreikningi 1973 og jafnvel eldri ára, leiðréttast við afstemmingar á einstökum eigna- og skuldaliðum aftur í tímann. Ennfremur var ákveðið, að gerður yrði reikningsjöfnuður um stöðu einstakra reikninga á miðju ári 1974, sem viðtakandi oddviti gæti síðan byggt á framhald þess árs. Að þessu beindist könnunin öðru fremur, en efnislega endurskoðun fylgiskjala eða einstakra gjaldaliða sveitarsjóðs fyrir árið 1973 og fyrri hluta ársins 1974 hef ég ekki framkvæmt, enda höfðu endurskoðendur hreppsins gert slíka athugun. Af þessum ástæðum kemur ekki til mats á réttmæti einstakra reikninga af minni hálfu.

Við könnunina hefur verið leitað eftir viðskiptayfirlitum og upplýsingum frá peningastofnunum, lánveitendum og öðrum viðskiptamönnum.

4. Nýr ársreikningur 1973.

Þar sem veigamiklar skekkjur komu fram við könnun á fyrirliggjandi ársreikningi sveitarsjóðs fyrir árið 1973, þótti nauðsynlegt að semja nýjan ársreikning fyrir það ár, og fylgir hann hér með skýrslu þessari. Honum fylgja skýringar á ýmsum liðum reikningsins.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi sveitarsjóðs og þeirri könnun, sem gerð hefur verið á stöðu sveitarsjóðs. Leiðréttingar á skekkjum og ýmsar millifærslur, sem orðið hefur að gera, hafa ekki verið færðar í dagbók sveitarsjóðs, en á fskj. 3 með ársreikningnum fylgir skrá og greinargerð um þessar færslur, og kemur þar fram, hvernig þær hafa verið færðar í reikningum.

Eins og áður segir, var leitað eftir upplýsingum og yfirlitum frá ýmsum viðskiptaaðilum sveitarsjóðs og eigna- og skuldaliðir

kannaðir með hliðsjón af þeim. Kom m. a. í ljós, að Bjargráðasjóðslán og endurlán þeirra höfðu ekki verið færð í ársreikning að fullu og lán hjá Byggðasjóði og endurlán þess var ófært, og vísast í því sambandi til 4. og 15. skýringar með ársreikningi.

Verulegar sjóðsskekkjur komu fram við könnunina, og vísast til 6. kafla hér á eftir varðandi þær.

Að öðru leyti vísast til þeirra skýringa og athugasemda, sem fylgja ársreikningnum.

5. *Reikningsjöfnuður 30. júní 1974.*

Eins og áður segir, var saminn reikningsjöfnuður miðað við 30. júní 1974, og fylgir hann hér með skýrslu þessari, en með honum fylgja skýringar og sundurliðanir á ýmsum liðum hans. Reikningsjöfnuðurinn er byggður á hinum nýja ársreikningi, sem rætt er um hér að framan, og því bókhaldi, sem fyrrverandi oddviti hefur fært fyrir fyrri hluta þessa árs. Við athugun á því komu fram nokkrar skekkjur, og er tekið tillit til þeirra við gerð jafnaðarins. Leiðréttingar hafa ekki verið færðar í bækur sveitarsjóðs, en með reikningsjöfnuðinum fylgir skrá um leiðréttingar og millifærslur á árinu 1974. Reikningsjöfnuðurinn er miðaður við 30. júní, eins og áður segir, en í honum koma fram ýmsar hreyfingar eftir þann tíma, sem varða störf fyrrverandi hreppsnefndar og skil fyrrverandi oddvita.

Varðandi sjóðsskekkjur, sem fram koma á árinu 1974, vísast til næsta kafla hér á eftir, en að öðru leyti vísast til skýringa með reikningsjöfnuðinum og hinum nýja ársreikningi fyrir árið 1973.

6. *Sjóðmismunur.*

Verulegar skekkjur komu fram á sjóðshreyfingum á þeim tíma, sem könnunin náði til, eða á árinu 1973 og fyrri helmingi yfirstandandi árs, og verður hér gerð nánari grein fyrir þeim. Leiðréttingarnar hafa verið færðar í sérstakan reikning í ársreikningi „Biðreikning vegna sjóðs", en staða hans 31. desember 1973 er kr. 251.251.40 samkvæmt efnahagsreikningi, en kr. 74.250.30 í reikningsjöfnuði 30. júní 1974, og fer sundurliðun hans hér á eftir, en við hverja fjárhæð er vísað til númers færslu á fskj. 3 með ársreikningi og reikningsjöfnuði:

1. Innborgun til KEA, Dalvík, 7/6 1973, tvífærð (4) 105.000.00
2. Innborgun til KEA, Dalvík, 11/7 1973, tvífærð (5) 500.000.00

3. Skuld á hlr. 113 í ársbyrjun 1973, kr. 448.245.60 er rangfærð inn í sjóð í lok ársins með ávísunum útgefnum á hlaupareikninginn (7)		448.245.60
4. Innborgun Halldórs Jónssonar í hlr. 113 í desember 1973, en ófærð 1973, en hún er færð í sjóð 1974. Halldór er talinn hafa skuldað útsvar o. fl. í árslok 1973 að fjárhæð kr. 135.960, sem fært er sem greitt á árinu 1974. Þessa fjárhæð hafði Halldór greitt 1973 með reikningi fyrir dýralækningar 1973 kr. 120.953 og eftirstöðvarnar kr. 15.007.00 hafði hann lagt í hlr. sveitarsj. í desember 1973 (7)		15.007.00
5. Reikningur Hjalta Haraldssonar v/ skólabyggingar afhentur Hirti Þórarinssyni, en vanfærður í dagbók (32.138 ÷22.238), sbr. fskj. 372 1973 (12) ..		9.900.00
6. Viðskipti við héraðssamlag skv. færslum 365 og 366, 1973, færð í sjóðreikning, en eiga að viðskiptafærast (182.499÷179.788) (17)	2.721.00	
7. Vanfærðir vextir af víxli, sbr. fskj. 69, 1973 (18)		200.00
8. Leiðrétting skv. fskj. 372, 1973 hafði áður verið leiðrétt (20)	60.00	
9. Útteknir peningar Hallgríms Hreinssonar hjá KEA á árinu 1972 eru hér bakfærðir, en þá hefur oddviti fært á byggingarkostnað skóla. Eftir því sem næst verður komist, er hér um að ræða greiðslur til Hallgríms á Byggðasjóðsláni, en andvirði þess kr. 297.840 var lagt í hlr. 113, 29. 12. 1973, án þess að það hafi verið fært sem skuld í árslok 1972 eða ársbyrjun 1973. Lánið virðist greitt Hallgrími þannig: Úttekt hjá KEA 20/1 '73, fskj. 200 ..... 100.000 Úttekt hjá KEA 12/4 '73, fskj.		

221	80.000		
Úttekt hjá KEA 22/4 '73, fskj.			
226	58.950		
Úttekt hjá KEA 4/5 '73, fskj.			
228	10.000		
Greiðslur samt.	248.950		
Útsvar Jón Hreinss. '72	37.670		
Útsvar Hallgr. Hreinss. '72 ..	1.220		
Upp í útsvar	10.000		
	297.840		
Lánið var kr. 300.000, lántökukostnaður kr. 2.160 og útborgun kr. 297.840. Þar sem lánið hafði ekki verið fært, þegar það var tekið, eru greiðslurnar til Hallgríms bakfærðar (21)		248.950.00	
10. Mismunur á lánum hjá Bjargráðasjóði og útlánum þeirra offærðar áður (77.740÷70.740) (22)			7.000.00
11. Afborganir af lánum Bjargráðasjóðs til 31. 12. '72, vanfærðar (23)			81.000.00
12. Afborganir af útlánum v/Bjargráðasjóðs til 31. 12. '72, vanfærðar (24) ..		54.000.00	
13. Laun Halldórs Jónss. vegna dýralækninga 1972, ófærð. Útsvörin, sem greidd voru með launum, eru færð í sjóð, sbr. fskj. 179, 1972 (36)			98.127.00
31. 12. 1973, mismunur			251.251.40
		910.731.00	910.731.00
01. 01. 1974. Biðreikn. v/sjóðs		251.251.40	
14. Reikningur frá I. Pálmasyni h.f. skv. fskj. 169, 1974, ókvittaður, enda greiddur af formanni byggingarnefndar skóla og er því bakfærður hér (1)		19.784.00	
15. Greiðsla til sýslumanns vegna sýslusamlags 13.0574 ófærð í dagbók (4) ..			280.216.20

16.	Afborganir af útlánum v/Bjargráðasjóðs 1/1—30/6 1974 vanfærðar (5) ..	3.200.00	
17.	Fylgiskjal 174, 1974 v/Bjargr.sjóðs bakfært (6)	16.400.00	
18.	Tvífærður reikningur Ingva Baldvins v/kennslu, sbr. fskj. 66 og 132, 1974 (10)	46.830.00	
19.	Ógreitt orlof Önnu Báru Hjaltadóttur 1974, en fært úr sjóði (11)	6.206.00	
20.	Offærður reikningur Trausta Þorsteinss., sbr. fskj. 54, 1974. (18.798÷14.226) (12)	4.572.00	
21.	Offærður reikningur Heimis Kristinssonar, sbr. fskj. 75, 1974. (24.895÷18.672) (13)	6.223.00	
22.	Innstæða á ávísanareikn. 2083 í Landsbanka, vanfærð í sjóð. (15)	0.10	
	30. 06. 1974, mismunur		74.250.30
		354.466.50	354.466.50
	01. 07. 1974, biðreikn. v/sjóðs	74.250.30	

Í framangreindu yfirliti kemur fram, að sjóðsskekkjur eru bæði til hækkunar og lækkunar, en niðurstaða er sú, að sjóður eigi að vera 74.250.30 hærri en bókhaldið sýndi, þegar fyrrverandi oddviti skilaði sjóði af sér. Samkvæmt reikningsjöfnuði er sjóðsstaðan kr. 251.877.09, og hefur fyrrverandi oddviti afhent þá fjárhæð.

Eins og bókhaldi sveitarsjóðs og gerð ársreikninga hefur verið háttað og áður er lýst, hefur ríkt nokkur óvissa um stöðu sjóðs á hverjum tíma. Við gerð hins nýja ársreiknings og reikningsjafnaðar hefur verið gengið út frá og byggt á sjóðsstöðunni eins og hún er í fyrirliggjandi efnahagsreikningi sveitarsjóðs 31. desember 1972 eða í ársbyrjun 1973 og snerta framangreindar sjóðsskekkjur fyrst og fremst árið 1973 og 1974.

Skömmu áður en fyrrverandi oddviti skilaði af sér sjóði og bókhaldi sveitarsjóðs, eða 16. október sl., hefur hann greitt inn í reikning sveitarsjóðs hjá KEA, Dalvík kr. 770.000 og í hlr. 113 hjá Sparisjóði Svarfdæla kr. 275.000, eða samtals kr. 1.045.000, og eru þessar fjárhæðir færðar úr sjóði. Áður en þessar fjárhæðir

voru færðar, hefur sjóðsstaðan samkvæmt bókhaldinu verið kr. 1.296.877.09. Nefndar innborganir að fjárhæð kr. 1.045.000 eru frá fyrrverandi oddvita sjálfum, og virðist hann því hafa verið kominn í skuld við sveitarsjóð. Ekki er mögulegt að ákvarða það, hvenær til skuldarinnar hefur verið stofnað, vegna þess að tímasetningar á sjóðshreyfingum í bókhaldi eru ekki öruggar, og bókhaldið er að öðru leyti óreglulega fært. Í viðtölum mínum og starfsmanna yðar við fyrrverandi oddvita hefur hann ekki getað upplýst, hvenær umrædd skuld hans myndaðist við sveitarsjóð, en telur líklegt, að það hafi orðið á löngum tíma eða jafnvel árum.

7. Lokaorð.

Meðan á könnun okkar stóð, kom fyrrverandi oddviti, Hjalti Haraldsson, tvisvar til viðræðna við mig og starfsmenn yðar, og var leitað skýringa hjá honum á ýmsum atriðum varðandi reikninga sveitarsjóðs. Voru honum jafnframt kynntar framangreindar niðurstöður, einkum varðandi sjóðsskekkjur, og meðferð þeirra í uppgjörum mínum. Gaf hann upplýsingar um ýmis atriði, en nokkuð erfitt var að rekja ýmsa þætti vegna ófullnægjandi bókhalds, sem frekar verður talið til ónógrar aðgæslu eða óreiðu af hálfu fyrrverandi oddvita en að vísvitandi hafi verið rangt með farið.

Núverandi oddviti, Halldór Jónsson, og Þórarinn Jónsson, hreppsnefndarfulltrúi, komu einnig til viðtals við okkur, og var þeim kynnt efni þessarar könnunar í aðalatriðum og niðurstöður hennar.

Eins og fjallað hefur verið um hér að framan, eru niðurstöður þessarar könnunar m. a. þær, að enn vanti kr. 74.250.30 á, að sjóði hafi verið skilað. Ég legg hins vegar áherslu á það, að sú niðurstaða byggist m. a. á þeirri forsendu, að sjóður hafi verið kr. 115.598.94 í byrjun árs 1973 eða eins og hann er í efnahagsreikningi 31. 12. 1972. Athugun á sjóðsfærslum á árinu 1972 og á árunum þar á undan hef ég ekki gert, og verður öryggi greindrar niðurstöðu að skoðast í því ljósi. Ennfremur kunna enn að koma fram sjóðsskekkjur frá árinu 1973 og 1974, sem legið geta t. d. í því, að útistandandi skuldir sveitarsjóðs vegna opinberra gjalda og útlána séu ekki rétt tilgreindar í reikningsjöfnuði, en það kemur ekki í ljós, fyrr en reyna fer á innheimtu þeirra.

Það virðist hins vegar ljóst, að skekkjur eru í sjóðsfærslum fyrir hér umræddan könnunartíma, m. a. í árslok 1972. Þær

skekkjur virka bæði til hækkunar og lækkunar á sjóðsstöðunni á þeim tíma, og var ekki grundvöllur til að taka tillit til þeirra hér án frekari athugunar á fleiri atriðum aftur í tímann. Þegar tekin verður afstaða til þess, hvort frekari rannsókn verði gerð á fjárreiðum sveitarsjóðs aftur í tímann, einkum sjóðshreyfingum, verður að taka mið af þeim möguleikum, sem eru til slíkrar rannsóknar. Í því sambandi yrði að kanna, hvort bókhald fyrri ára veiti möguleika til rannsóknar af þessu tagi og hvort önnur þau gögn, sem rannsóknin yrði að byggjast á, séu fyrir hendi, svo komist verði að öruggri niðurstöðu".

Ákærði skýrði svo frá, að hann hefði hagrætt ársreikningum þannig, að hann hefði talið fé, sem í raun hafi verið greitt hreppnum eftir áramót, sem innkomið og sem sjóð um áramótin svo og að greiðslur, sem í raun hafi verið inntar af hendi eftir áramót, hafi verið greiddar fyrir áramótin. Vísaði hann í þessu efni til greiðslna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem ávallt hafi verið færðar á þennan hátt, þ. e. sem fé í sjóði um næstu áramót áður en greiðslurnar komu, sbr. þær kr. 448.245.60, er greinir í kafla 6, lið 3, í framangreindri skýrslu Ólafs Nílssonar. Varðandi hið síðarnefnda benti hann á sem dæmi greiðslu til sýslumanns kr. 280.216.20, sbr. 15. liður í 6. kafla greindrar skýrslu. Kvaðst hann hafa þar af ásettu ráði fært greiðslu reiknings, sem í raun fór fram 13. maí 1974 sem útgjöld á árinu 1973.

Ákærði kvað viðsjár og flokkadrætti hafa aukist mjög með mönnum í Svarfaðardalshreppi á undanförnum árum, þannig að til vandræða horfði með hreppsmálefni. Hélt hann fram þeirri skoðun sinni, að deilur þær, sem orðið hefðu út af fjárreiðum hreppsins, væru hlekkur í keðju í þeim skilningi, að þar hefði meiri rósemi verið viðhöfð, ef ekki hefði annað komið til. Nefndi hann þar til greinir, sem orðið hefðu með þeim Halldóri Jónssyni, núverandi oddvita.

Vitnið Halldór Jónsson bóndi, Jarðbrú í Svarfaðardal, sem kjörinn var oddviti Svarfaðardalshrepps eftir kosningarnar 30. júní 1974, greindi frá ítrekuðum tilraunum sínum og sýslumanns til að fá bókhaldsgögn hreppsins frá ákærða, en þær hafi ekki borið árangur fyrr en 17. október 1974, er hann að tilvísun ákærða sótti þau á bókhaldsskrifstofu Hilmars Daníelssonar á Dalvík. Við athugun kvaðst hann fljótlega hafa séð þá hluti, sem dugðu til þess að ákveða að taka ekki við bókhaldinu í því formi, sem það var í. Nefndi hann til ýmis atriði, sem lágu til þessarar ákvörðunar, en einkum það, að daginn áður en bókhaldið var af-

hent hefðu kr. 770.000.00 verið lagðar inn á viðskiptareikning hreppsins í KEA, kr. 275.000.00 inn á hlaupareikning í Sparisjóði Svarfdæla og kr. 251.877.00 skilað í sjóð. Hann kvaðst þegar er hann tók við starfi oddvita, hafa kynnt sér stöðu hreppsins í áðurnefndum reikningum og skuld í þeim þá numið um kr. 2.4 milljónum. Hann kvað ákærða um það leyti hafa veitt sér þær upplýsingar, að í sjóði hreppsins væru um kr. 40.000.00, og aðspurður um stöðu hlaupareiknings nr. 113 í Sparisjóði Svarfdæla hefði hann svarað því til „að þar væri víst ekkert eftir". Þá skýrði hann svo frá, að miðað við sjóðsstöðuna 1. janúar 1974 og þær tekjur og þau gjöld, sem til höfðu fallið á tímabilinu til 30. júní, hefði honum sýnst útilokað, að þessi sjóðsstaða fengi staðist í lok tímabilsins. Hann skýrði frá því, að biðreikningur vegna sjóðs, sem var kr. 74.250.30 samkvæmt reikningsjöfnuði 30. júní 1974, hefði lækkað um kr. 17.000.00, sem hefði atvikast þannig, að bryti Húsabakkaskóla hefði komið til hans í september 1974 með reikning á hendur hreppnum vegna skólakostnaðar, að fjárhæð kr. 25.000.00, og þá komið í ljós, að ákærði hefði greitt kr. 17.000.00 af reikningsfjárhæðinni í desember 1973. Hann kvað bókhald hreppsins hafa að aflokinni rannsókn Ólafs Nílssonar komið í fjórum kössum frá sýslumannsembættinu og hefði ekki verið hreyft við innihaldi þeirra. Hann kvaðst hafa leitað í kössum þessum að fylgiskjölum ársins 1972, en ekki fundið að undanskildum skjölum varðandi Húsabakkaskóla. Hann kvað ákærða ekki hafa haldið neina höfuðbók, heldur ritað ársreikningana svo og skrá yfir skuldir gjaldenda inn í fundargerðarbók hreppsins. Hann greindi frá því, að hreppsnefndin hefði verið nær óstarfhæf frá miðju ári 1974.

Vitnið Sigurður Ólafsson, Syðra-Holti, Svarfaðardal, varaoddviti Svarfaðardalshrepps, kvaðst hafa gegnt oddvitastörfum um nokkurt skeið í forföllum Halldórs Jónssonar, sem hafi veikst að kvöldi hins 8. apríl 1975, er almennur sveitarstjórnarfundur var haldinn í Svarfaðardalshreppi, sem fyrr greinir. Kvaðst hann lítt kunnur fjárreiðum hreppsins. Hann skýrði frá því, að hreppsnefndin hefði ákveðið að byggja ársreikning 1974 á reikningsjöfnuði Ólafs Nílssonar pr. 30. júní 1974. Hann kvað endurskoðanda hreppsreikninga í mörg ár hafa verið roskinn mann, Gest Vilhjálmsson, Bakkagerði, Svarfaðardalshreppi, en auk þess hefðu reikningarnir að sjálfsögðu sætt endurskoðun sýslunefndar.

Vitnið Ingimar Brynjólfsson, bóndi og oddviti Arnarneshrepps, til heimilis Áslaksstöðum, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu

kvaðst hafa verið sýsluendurskoðandi í Eyjafjarðarsýslu í u. þ. b. þrjú ár og sem slíkur ásamt Daníel Pálmasyni, Núpufelli, framkvæmt endurskoðun fyrir sýslunefnd á bókhaldi hreppanna og að því er bókhald Svarfaðardalshrepps áhrærir á sama hátt og annarra hreppa. Hann greindi frá því, að er endurskoðun fór fram á ársreikningum Svarfaðardalshrepps fyrir árið 1973 hafi ekki legið fyrir nein dagbók, en svo hafi hins vegar verið næstu ár á undan. Þau gögn, sem borist hefðu frá oddvitanum, hafi verið fylgiskjöl, uppstokkuð í umslögum eða möppum, og á hverju búnti strimill með samlagningu og samlagningartalan verið í samræmi við hinar einstöku heildartölur í ársreikningunum. Endurskoðendurnir hafi síðan borið fjárhæðir fylgiskjala saman við samlagningartölurnar á strimlinum og hafi þar allt komið heim og saman. Hann kvað þá endurskoðendurna hafa gert nokkrar athugasemdir varðandi færslur á eignabreytingareikningnum, en þær athugasemdir muni hafa verið munnlegar.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum í máli þessu er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um atferli það, er greinir í ákæruskjali. Hefur hann með því orðið brotlegur við 247. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hinn 14. nóvember 1975 greiddi ákærði sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps, þ. e. inn á hlaupareikning nr. 349 við Sparisjóð Svarfdæla, kr. 57.250.30 og hafði þar með að fullu endurgreitt þær kr. 1.354.127.39, sem hann hafði dregið sér af fé hreppsins samkvæmt þeim gögnum, sem lögð eru til grundvallar í máli þessu. Ekki hefur verið krafist frekari bóta.

Við ákvörðun refsingar þykir bera að hafa sérstakt mið af greiðri og hreinskilnislegri játningu ákærða svo og því, að hann hefur að fullu greitt bætur vegna brotsins, en þær voru að mestu greiddar, áður en rannsókn máls þessa hófst.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000.

Dómsorð:

Ákærði, Hjalti Haraldsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin

málsvarnarlaun Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. maí 1977.

Nr. 88/1975. **Hagi h/f**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Ívari Herbertssyni og gagnsök
(Gunnar Sólnes hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. maí 1976. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 1.171.347 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 10. maí 1977.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Starfsmönnum aðaláfrýjanda, sem unnu að lagningu þakpappans, bar að gæta sérstakrar varúðar, er þeir lögðu pappann að nokkru yfir gluggaopið. Telja verður, að það hefðu

verið tryggilegri vinnubrögð að skera jafnóðum úr þakpappanum þann hluta hans, sem lagður var yfir enda glugga-opsins, heldur en fresta því, uns lokið væri lagningu við-komandi pappalengju. Er ekkert fram komið um, að þessu hafi ekki mátt koma við vandkvæðalaust. Þar sem starfs-menn aðaláfrýjanda gættu þessa ekki, þykir verða að leggja ábyrgð á slysi þessu að nokkru á aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi virðist hafa hagað sér ógætilega í umrætt sinn, en hann var kunnugur vinnubrögðum þarna.

Þegar þetta er virt, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarskiptingu.

Kröfur sínar hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Tjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku samkvæmt reikningi Þóris Bergssonar frá 11. febrúar 1975	kr. 1.184.524	
÷ verðmæti dagpeninga og örorkubóta frá Trygginga-stofnun ríkisins	— 279.267	
÷ greiðsla frá vinnuveitanda	— 33.910	kr. 871.347
2. Bætur fyrir þjáningar og miska		— 300.000
		Alls kr. 1.171.347

Um 1. Hæfilegt þykir að meta tjón gagnáfrýjanda, sem hér kemur til álita, 600.000 krónur.

Um 2. Hæfilegt þykir að taka þennan lið til greina með 120.000 krónum.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda alls 720.000 krónur, og ber aðaláfrýjanda að bæta helming þess, eða 360.000 krónur ásamt vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, sem ákveðst 100.000 krónur. Þá greiði aðaláfrýjandi og málskostnað fyr-ir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæsta-

rétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 80.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hagi h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ívari Herbertssyni, 360.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði, 100.000 krónur. Þá greiði aðaláfrýjandi málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi, Ívar Herbertsson, vann við að leggja pappa á þak verksmiðjuhússins, þar sem hann slasaðist, og hafði verið við það verk um nokkurn tíma. Samverkamenn hans höfðu hagað verki sínu með venjulegum og viðunandi hætti, þegar slysið varð. Verkstjóri aðaláfrýjanda hafði áður vakið athygli starfsmanna á hættum við starfið, og mátti öllum, sem þarna unnu, vera ljóst, að sýna þurfti aðgæslu. Engin bilun varð á tækjum, sem notuð voru, eða á þakinu sjálfu. Vegna þessa tel ég ekkert fram komið, sem fellt geti bótaábyrgð á aðaláfrýjanda. Tel ég, að sýkna beri félagið, en láta málskostnað falla niður. Ég er sammála meiri hluta dómara um gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. febrúar 1976.

Mál þetta, er dómtekið var 2. febrúar sl., hefur Ívar Herbertsson, Oddagötu 3, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar

með stefnu, þingfestri 12. júní 1975, á hendur Hauki Árnasyni, Espilundi 8, Akureyri, vegna Haga h/f, Akureyri, og Erlendi Einarssyni forstjóra, Selvogsgrunni 27, Reykjavík, vegna Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar, Akureyri, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 1.235.302 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og gerir hann engar kröfur í máli þessu.

Stefndu, Hagi h/f og Samband íslenskra samvinnufélaga vegna Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar, hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins eru málsatvik þau, að mánudaginn 1. september 1969 voru allmargir menn að vinna á þaki nýbyggingar Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar á Gleráreyrum við lagningu þakpappa. Meðal þeirra var stefnandi, Ívar Herbertsson, Snæbjörn Snæland Guðbjartsson og Jón Þengilsson, og unnu þeir saman að verkinu. Vinnutilhögun var þannig, að Snæbjörn og Jón lögðu pappann á þakið, sem hafði verið asfaltborið, en stefnandi bar til þeirra efni, svo sem papparúllur og asfalt. Á þakinu voru mörg göt fyrir loftglugga, og voru þau 1 metri á breidd og 2.25 metrar á lengd. Yfir gluggaopin voru lagðir tréflekar, sem voru fjarlægðir, meðan unnið var að pappalagningu í kringum og yfir opin, en síðan settir yfir aftur. Starfsmennirnir höguðu verkinu þannig, að þeir lögðu út heila papparúllu í einu, þegar kostur var. Þegar komið var að gluggaopunum, var sá háttur hafður á, að þegar pappalengja var lögð yfir enda þeirra, þannig að aðeins lítill hluti af breidd lengjunnar lenti út fyrir brún gluggaopsins, var öll rúllan lögð út í einu og síðan skorið úr fyrir gluggaopinu á eftir. Þegar hins vegar öll pappabreiddin fór yfir gluggaop, var skorið strax úr gatinu við gluggabrún og síðan lagt áfram frá hinni brún gluggaopsins.

Um kl. 1630 umræddan dag stóð svo á, að verið var að leggja þakpappa yfir eitt gluggaopið. Þeir Snæbjörn Snæland Guðbjartsson og Jón Þengilsson höfðu nýlokið við að leggja pappa yfir endann á gluggaopinu og voru að búa sig undir að skera pappann úr gatinu. Þakpappinn náði 37 cm frá gluggabrún inn yfir opið. Þá gerðist það, að stefnandi, sem kom þarna að með efni, er nota

átti við vinnuna, lagði það frá sér 3—4 metra frá gluggaopinu, gekk síðan áfram, steig á þakpappann, er lá yfir gluggaopið, og féll niður. Var fallið um 8.30 metrar, og kom stefnandi niður á sandgólf inni í húsinu. Var þegar kallað á sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda á sjúkrahús.

Í skýrslu Gísla Ólafssonar, yfirlögreglumanns á Akureyri, dagsettri 1. september 1969, segir, að um kl. 1700 þann dag hafi hringt á lögreglustöðina Sigurður Hannesson byggingameistari, Austurbyggð 12, Akureyri, og óskað rannsóknar vegna vinnuslyss, er orðið hefði þá skömmu áður í nýbyggingu Iðunnar á Gleráreyrum. Yfirlögreglumaður fór þegar á staðinn og hitti Sigurð þar. Sagði hann, að einn af mönnum þeim, er unnu við að leggja pappa á þak byggingarinnar, Ívar Herbertsson, Kringlumýri 33, hefði fallið niður um eitt gluggaopið á þakinu og komið niður á malar- og sandgólf fyrir neðan. Hann hefði verið meðvitundarlaus, þegar að var komið, en ekki með sýnilega áverka og verið þegar fluttur á sjúkrahús.

Yfirlögreglumaður segir í skýrslu sinni, að á byggingunni séu allmargir þakgluggar og tréflekar, er hafi verið lagðir yfir opin og þeir aðeins fjarlægðir, um leið og unnið var að pappalagningu í kringum þau. Op það, er Ívar hafi fallið niður um, hafi verið á stærð 1×2.25 metrar, en fallið þaðan og niður á gólfið 8.30 metrar. Tveir menn, er unnu að pappalagningu við nefnt gluggaop, þeir Snæbjörn Guðbjartsson og Jón Þengilsson, sögðu, að Ívar hefði verið að bera til þeirra efni og hefði hann allt í einu stigið á þakpappann, þar sem hann lá um 37 cm inn yfir opið, sem þeir ætluðu að fara að skera úr, og fallið niður. Þeir hafi tekið fram, að Ívar hafi verið búinn að leggja frá sér efnið, þegar hann gekk að gluggaopinu. Tréflekar þeir, er lágu yfir gluggaopinu, hafi verið sterkir og nægjanlega þungir til að renna ekki til, þótt eitthvað væri komið við þá.

Stefnandi og vitni komu hér fyrir dóm 2. desember sl. og gáfu skýrslur vegna þessa atviks.

Stefnandi skýrði svo frá við lögregluannsókn, að er umrætt slys varð á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar mánudaginn 1. september 1969, hafi hann unnið við að bera efni, þakpappa og tjöru, til þeirra Snæbjarnar Snælands Guðbjartssonar og Jóns Marteins Þengilssonar, er voru að leggja pappa í kringum gluggaop. Sagðist hann hafa verið búinn að leggja frá sér byrði sína nokkuð frá opinu og síðan gengið að því. Hann kveðst ekki muna greinilega eftir því, þegar hann féll, og ekki muna neitt eftir

það, þar til næsta fimmtudag, og þá á sjúkrahúsi. Honum voru sýndar myndir, sem merktar eru dskj. nr. 27—31 í máli þessu, og kvaðst hann munu hafa stigið á pappann, eins og þar sést, við enda gluggaopsins, og fallið í gegn. Sagði stefnandi, að sér hefði verið vel kunnugt um, hvernig pappinn var lagður við gluggaopsendana, þ. e. að pappinn hafi verið lagður yfir opin og síðan skorið úr á eftir. Þá sagði stefnandi, að Sigurður Hannesson byggingameistari hefði áminnt þá, er þarna unnu, um að fara varlega við vinnu sína á þakinu.

Þennan framburð sinn staðfesti stefnandi fyrir dómi. Þá upplýsti hann, að hann áliti, að er slysið varð, hefði hann verið búinn að vinna hálfan mánuð til þrjár vikur við umrætt verk. Stefnandi sagði, að þegar slysið varð, hefði hann verið starfsmaður Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar og þegið kaup frá því fyrirtæki, en hefði unnið undir stjórn Sigurðar Hannessonar byggingameistara, er var starfsmaður Haga h/f, sem var byggingaverktaki hússins. Þá sagði stefnandi, að hann minntist þess ekki, að Sigurður Hannesson hefði varað þá, sem þarna unnu, við neinni sérstakri hættu við vinnu á þaki byggingarinnar né heldur hvort hann varaði þá sérstaklega við, er pappinn væri lagður yfir gluggaop.

Stefnandi lýsti vinnutilhögun við lagningu þakpappans á sama hátt og rakið hefur verið hér að framan.

Vitnið Snæbjörn Snæland Guðbjartsson skýrði svo frá við lögreglurannsókn, að hann hefði, daginn sem slysið varð, unnið að pappalagningu á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar ásamt mörgum öðrum, þar á meðal stefnanda. Sagði vitnið, að það hefði verið að leggja þakpappa við enda eins gluggaopsins og með því hefði unnið Jón Þengilsson. Stefnandi hefði haft það verk með höndum að bera efni til þeirra, er lögðu pappann. Þegar slysið varð, hafi staðið svo á, að vitnið og nefndur Jón hefðu verið nýbúnir að leggja þakpappa yfir eitt gluggaopið og átt eftir að skera úr fyrir því, en pappinn hafi náð ca 37 cm inn yfir það. Stefnandi hafi þá komið til þeirra, lagt frá sér tjörukönnu 3—4 metra frá opinu, gengið áfram, stigið á pappann yfir gluggaopinu og fallið niður. Um leið og hann féll, hefði hann gripið í þakbrúnina, en misst strax af henni. Sagði vitnið, að stefnandi hefði verið búinn að vinna þarna í lengri tíma og oft unnið með því við að leggja pappa á þakið við gluggaopin og að skera úr pappanum við gluggaopsendana. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um, hvernig verkið var unnið. Vitnið sagði, að enginn tími hefði verið

til að aðvara stefnanda, enda hefði því ekki dottið í hug, að hann stigi út á pappann, sem yfir opið lá. Sagði vitnið, að tréflekar hefðu verið yfir öllum gluggaopunum, þar til farið var að leggja þakpappann við þau, en þá hefðu flekarnir verið fjarlægðir af einu opi í senn eftir því sem verkinu miðaði. Byggingameistarinn, Sigurður Hannesson, hefði varað þá við að fara tæpt á brúnir og yfirleitt að gæta fyllstu varúðar við vinnuna. Sjálft sagðist vitnið oftar en einu sinni hafa áminnt stefnanda, er því fannst hann fara ógætilega við vinnu á þakinu.

Fyrir dómi staðfesti vitnið framburð sinn fyrir lögreglu, sem rakinn hefur verið hér að framan. Þá sagðist vitnið álíta, að er slysið varð, hafi þeir verið búnir að leggja eina umferð af þakpappa á allt þakið og eitthvað byrjaðir á annarri umferð. Vitnið tók fram vegna þeirra orða sinna í lögregluskýrslu, að það hefði áminnt stefnanda um að fara varlega, að sér hefði virst, að hann fyndi ekki til lofthræðslu og ef til vill fundist hann fara glannalega þess vegna.

Framburður vitnisins Jóns Marteins Þengilssonar hjá lögreglu vegna þessa atviks er mjög í samræmi við það, sem rakið hefur verið hér á undan, bæði í frásögn stefnanda sjálfs svo og vitnisins Snæbjarnar Snælands Guðbjartssonar.

Fyrir dómi staðfesti vitnið skýrslu sína, er það gaf við lögregluranns6kn. Það staðfesti einnig, að Sigurður Hannesson byggingameistari hefði oft verið búinn að vara þá við að fara ógætilega við vinnu á þaki hússins. Þá sagði vitnið, að er slysið varð, hefðu þeir vinnufélagarnir verið búnir að leggja þakpappa yfir mörg gluggaop og alltaf notað sömu aðferðina, þegar þannig stóð á eins og í því tilfelli, sem hér er fjallað um, þ. e. að leggja pappann yfir enda opsins og skera síðan úr á eftir.

Sigurður Hannesson byggingameistari skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið verkstjóri við nýbyggingu verksmiðjuhúss Iðunnar og að stefnandi hefði unnið undir sinni stjórn. Sagði vitnið, að það hefði brýnt fyrir starfsmönnum, er voru við vinnu á þaki byggingarinnar, að fara varlega og sérstaklega varað þá við þakbrúnum og gluggaopum. Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um, hvernig starfsmennirnir unnu að lagningu þakpappans, þ. e. að ef hluti pappalengjunnar fór yfir enda gluggaops, var haldið áfram að leggja og lengjan kláruð og skorið úr fyrir gluggaopinu á eftir. Þá kvaðst vitnið minnast þess, að sér hefði virst stefnandi fara ógætilega við vinnu sína á þakinu og að það hefði sérstaklega áminnt hann um að fara varlega.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, dagsettri 17. mars 1970, segir svo í umsögn eftirlitsmanns:

„Gluggaopið, sem slasaði féll niður um, var að stærð 1×2,25 metrar og hæð frá gólfi 8,30 metrar. Jaðar pappa, sem yfir enda opsins lá og slasaði sté á, mun hafa verið tæpir 40 cm.

Tréflekar voru lagðir yfir öll op á þakinu, sem ekki var unnið við hverju sinni.

Tæpast verður það talið óeðlilegt, þótt þeir, sem lögðu pappann, tækju flekann ofan af öllu opinu, á meðan þeir gengu frá festingu pappans, enda telur slasaði sig eiga megin sök á slysinu. Þess má geta, að ég var fjarverandi, þegar slys þetta skeði, og vissi ekkert um það fyrr en nokkru síðar, því læt ég hér með fylgja með afrit af rannsóknarskýrslu lögreglunnar.

Akureyri, 17/3 1970.

Vilhjálmur Jónsson".

Öryggiseftirlitsmaður hefur ekki komið fyrir dóm vegna þessa atviks, þar sem hann var látinn, er mál þetta var höfðað.

Þessari frásögn öryggiseftirlitsmanns hefur stefnandi mótmælt sérstaklega með lögregluskýrslu, dagsettri 19. mars 1971. Þar segist hann vilja mótmæla því, að hann, þ. e. stefnandi, telji sig eiga meginsök á slysinu. Segist stefnandi ekki muna eftir því, að neitt slíkt hafi borið á góma í viðtali við öryggiseftirlitsmann um slysið. Þessi mótmæli sín hefur stefnandi staðfest fyrir dómi.

Í vottorði Guðmundar Karls Péturssonar, yfirlæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, dagsettu 27. október 1969, segir:

„Þann 1. sept. 1969 var komið með á slysastofu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri Ívar Herbertsson, fæddan 4.2. '50, Kringlumýri 33, Akureyri. Var hann sagður hafa fallið gegnum þak á húsi, sem verið var að byggja og hann vann við. Var talið, að fallið hafi verið um 8 metrar og að hann hefði komið niður á samanþjappaðan sandbing. Ekki var vitað, hvort hann hefði misst meðvitund við fallið, en þegar á spítalann kom, var hann sljór og mókandi, en umlaði þó í honum, þegar á hann var ákveðið yrt. Hann var ekki í losti, púls var 80/mín., blóðþrýstingur 120/80. Hann kvartaði um eymsli og verk í baki og kveinkaði sér mikið við allar hreyfingar.

Smávegis skurfa var vinstra megin á höfði, og dreyrði lítillega úr. Þá var og nokkurt mar á hálsi. Aðrir áverkar sáust ekki. Slasaði hreyfði alla útlimi, að vísu ekki mikið, enda mjög sljór, eins og áður getur, en sársaukalaust og eðlilega að því er virtist. Ekki voru einkenni um alvarleg meiðsl á líffærum kviðarhols.

Þar sem allt benti til, að aðal meiðslanna væri að leita í bakinu, voru röntgenmyndir fyrst teknar af þeim líkamshluta, og sýndu þær, að 12. brjósthryggjarliður hafði klesst saman að framan og orðið við það fleygmyndaður á hliðarmynd að sjá. Þá var einnig 3. mjóhryggjarliður brotinn, allur lítið eitt lækkaður á hliðarmyndinni, en ekki fleyglaga. Brotlína virtist ganga þvert yfir liðbolinn, sprungið úr honum að framan. Á fram- og afturmynd sást, að 3. mjóhryggjarliður var töluvert lægri hægra megin og hægri hliðarflötur hans dálítið óreglulegur og eins og glufa inn í liðbolinn frá hægri. Á yfirlitsmynd af brjóstholi af slasaða liggjandi sást illa afmörkuð þétting neðantil í vinstra lunga út frá hjartaröndinni.

Slasaði var illa haldinn fyrst eftir slysið vegna sársauka og verkja í baki, hálsi og höfði, dálítið sljór, en þó með sæmilegri meðvitund strax næsta dag, en mundi þó ekki eftir því, hvernig slysið hafði orðið. Mundi fyrst eftir sér, þegar hann var kominn inn á sjúkrastofuna.

Þegar mesti sársaukinn fór að fara úr bakinu, fór slasaði að kvarta um sársauka og verki í vinstri mjöðm og lærhnútu. Þegar þetta var myndað, sást, að os pubil-klyftarbeinið var brotið vinstra megin, og lá brotlína á ská yfir ramus ossis pubis um tvær fingurbreiddir frá symphysis — klyftartengslunum — eða klofliðnum. Engin tilfærsla var á brotinu, aðeins sprunga í beinið. Önnur brot sáust ekki á mjaðmarbeinum.

Slasaða hefur farið jafnt og stöðugt batnandi. Hefur nú farið niður á gólf og gengið nokkuð um síðustu daga. Er þó stirðlegur í göngulagi og lítið eitt haltur."

Í vottorði Jónasar Oddssonar læknis, dagsettu 24. maí 1970, segir m. a.:

„Hann var mikið til einkennalaus við útskrift af Sjúkrahúsinu. Við skoðun 4. 12. 1969 er hann stirður í baki, verkjalaus. Finnur enn til höfuðverkjar, aðallega v. megin í höfði, og versnar, ef hann beygir sig. Fætur farnir að styrkjast. Annað ekki athugunarvert. Við skoðun 8. 1. 1970 er ekkert athugavert að finna. Má fara að vinna til reynslu. Við skoðun 9. 3. 1970 finnst honum hann vera búinn að ná sér. Er þá með local eymsli yfir 12. brjósthryggjarlið.

17. 5. 1970 kemur hann til mín. Þá hafði hann síðastliðinn hálfan mánuð verið slæmur af verkjum ofantil í mjóbaki, radierandi fram í kviðarhol. Hafði þá um tíma unnið við að slípa veggi og reynt all verulega á bakið. Verstur á morgnana og átt erfitt með

að komast fram úr rúminu. Mikil eymsli eru yfir neðstu brjósthryggjarliðum og efstu mjóbaksliðum. Mjóbaksvöðvar mjög aumir. Hreyfingar stirðar og sárar. Settur á lyfjameðferð nú til að byrja með."

Í vottorði Eiríks Sveinssonar, læknis á handlæknisdeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, dagsettu 13. janúar 1972, segir, eftir að sjúkdómssaga stefnanda hefur verið rakin:

„Samkv. viðtali við sjúkl. þann 13/1 '72 hefur hann verið allgóður til heilsunnar síðan slysið varð og hann fór að vinna. Hefur í dag engar kvartanir frá kerfum líkamans, sérstaklega enga verki í hrygg eða höfði og engir sýnilegir ytri áverkar eða missmíði, sem gætu verið afleiðing af slysinu. Skoðun leiðir í ljós, að hryggur er vel hreyfanlegur í öllum plönum, laseque er neg. á báðum fótum, það er eðlil. Ekki kemur því neitt fram við þessa skoðun í dag, sem mætti túlka sem afleiðingu af fyrrgreindu slysi, og virðist sjúkl. hafa náð sér algerlega."

Í vottorði Ólafs Halldórssonar læknis, dagsettu 10. febrúar 1973, segir svo um starfsgetu stefnanda:

„. . . Starfsgeta er skert á þann hátt, að vissar hreyfingar valda verkjum (t. d. er hann teygir sig, við múrverk o. fl.) og eftir fullan vinnudag í slíkri vinnu er hann ekki betri að morgni, er hann vaknar. Enga vinnu hefur hann getað stundað til lengdar og hefur síðan hann slasaðist orðið að skipta um vinnu eftir mislangan tíma. Vann t. d. við að pressa gærur, en gafst upp á því eftir ár.

Er skárri fyrst eftir að hann skiptir um vinnu.

Eftir hvíld réðst hann til Norðurverks, vegna þess að vinna þar var ekki eins einhliða.

Í nógu fjölbreyttri vinnu er hann góður í byrjun, en versnar strax og erfiðari kaflar koma.

Hæpið er, að hægt sé að fá starfa, sem hann gæti unnið við til langframa. Hann kvartar t. d. um verk við lengri bílaakstur eða lengri setu, nema hann sé vel hvíldur fyrir. Sjá þar um vottorð J. O. 24/5 '70."

Í vottorði Braga Guðmundssonar læknis, sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, dagsettu 2. desember 1973, segir svo eftir stuttan inngang:

„. . . Sj. féll niður um þakglugga hinn 1/9 1969. Fallið um 8 metrar, og kom hann niður í þjappaðan sand. Var fluttur að því er talið er í semikomatös ástandi á FSA, þar sem greind var smávægileg skurfa á v. parietal svæði og mar á hálsi. Aðrir ytri áverkar ekki sjáanlegir. Röntgenrannsókn sýndi kompressions-

frakturur á Th XII og L III ásamt skábroti á ramus sup. ossis pubis vinstra megin í góðum situs. Sj. útskrifaðist 9/11 '69 frá FSA.

Subjectivar kvartanir sjúklings eru meira eða minna stöðugir lumbagoverkir, staðsettir í neðri hluta brjósthryggs og nokkuð niður í lumbalhrygg. Aldrei útleiðsla í ganglimi, og sj. hefur aldrei fundið fyrir, að verkir þessir hafi aukist við hósta eða hnerra. Verkirnir í baki koma, að sögn sjúklings, án sýnilegs tilefnis og eru ekki ákveðið bundnir áreynslu. Segir ástand sitt að þessu leyti hafa farið batnandi síðustu mánuði og segist nú þola beygju og lyftingar við vinnu sína. Kvartar helst um stirðleika í mjóbaki á morgnana og sé bestur í baki við hreyfingu. Neitar, að hann þurfi verkjalyf vegna bakverkja nú orðið.

Kvartar um, að hann fái iðulega höfuðverk, ekki intensivan, lýsir honum sem seiðing vinstra megin í höfði, engin ógleði fylgir höfuðverk þessum, en sj. getur þá ekki lesið og er illa við mikla birtu meðan á þessu stendur.

Gerð var röntgenrannsókn á Columna thoracalis et lumbalis 27/11 '73. Sýnir hún, að um er að ræða lumbalization á S-I. Um 3 mm fleygmyndun á Th IX (áður talinn Th XII) auk þess væg compression á L II (áður talinn L III). Góður beinbjálkastruktur í báðum corpusum.

Objectiv skoðun: Sj. gengur óhaltur án stuðnings. Hryggur er beinn, engin palpationseymsli á hrygg. Flexio óhindruð, fingurgómar nema í gólf með beinum hnjám. Hliðarbeygjur eðlilegar, en létt minnkuð extensio. Allar hreyfingar sársaukalausar. Engin palpeymsli á ramus ossis pubis og hreyfingar í mjaðmarliðum óhindraðar og sársaukalausar. Báðir ganglimir jafn langir, kraftur jafn og vöðvatrofiur mælast ekki. Laségue neg. báðum megin. Patellar reflexar daufir, en jafnir, líflegir Achillesreflexar og jafnir, engin dorsalextensions paresa, Babinski neg. Sensibilitetstruflanir finnast ekki á neðri extemitetum.

Niðurstaða: Um er að ræða grónar kompressionsfrakturur á Th IX og L II, engin gibbusmyndun. Subjectivar kvartanir sj. í nokkru ósamræmi við objectiv atriði í skoðun. Sjúklingur getur þess þó við töku anamnesis, að líðan sín hafi farið mjög batnandi síðustu mánuði og hafi hann getað unnið hjá Sápuverksm. Sjöfn án teljandi óþæginda frá baki. Höfuðverkur líkist mest höfuðverk Migraine typu og hæpið að mínu áliti að telja hann seq. umrædds slyss. Álit mitt er, að sj. hafi nú nær fyllilega náð sér eftir umrætt slys 1/9 '69.

Gert eftir bestu vitund 2/12 1973 samkvæmt skoðun 27/11 1973."

Stefán Guðnason tryggingayfirlæknir mat örorku stefnanda 17. desember 1973.

Í niðurlagi örorkumatsins segir, eftir að sjúkrasaga stefnanda og afleiðingar slyssins hafa verið raktar:

„. . . Það er um að ræða 23 ára gamlan verkamann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir fjórum árum. Hann hlaut við það hryggbrot, mjaðmagrindarbrot og heilahristing. Af þessum sökum dvaldi hann á sjúkrahúsi á þriðja mánuð.

Slasaði er talinn hafa verið óvinnufær af þessum sökum í fjóra mánuði frá slysdegi talið, og eftir það telst starfsgeta hans verulega skert í um tvo mánuði og loks varanlega dálítið skert.

Varanlegar afleiðingar þessa slyss eru gróin brot á tveimur hryggjarliðum, þrálátir verkir í baki og stirðleiki í mjóbaki á morgnana.

Tæpast er að vænta frekari bata á afleiðingum þessa slyss en þegar er fenginn, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	15%"

Þórir Bergsson, cand. act., hefur þrisvar sinnum reiknað út örorkutjón stefnanda. Fyrsti útreikningur er dagsettur 14. janúar 1974. 21. maí 1974 reiknar hann síðan vinnutekjutap stefnanda út að nýju vegna kjarasamninga, sem þá voru gerðir 26. febrúar 1974, en þá hækkuðu allir kauptaxtar. Þann 11. febrúar 1975 er svo enn gerður nýr útreikningur á vinnutekjutapi stefnanda. Í þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem lagður er til grundvallar í máli þessu, segir svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað út örorkutjón Ívars. Síðasti útreikningur er dagsettur 21. maí 1974. Frá þeim tíma hafa kauptaxtar verkamanna hækkað samkv. lögum um launajöfnunarbætur, komnar eru nýjar úrtakstölur yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna frá Þjóðhagsstofnun, vextir af almennum sparilánum hækkuðu 15. júlí 1974 úr 9% í 13%, og komnar eru nýjar eftirlifendatöflur fyrir íslenzku þjóðina, þar sem reynsla áranna 1966—1970 er lögð til grundvallar. Þannig eru flestar forsendur fyrri útreikninga minna brostnar, og verð ég að reikna þetta tjón alveg að nýju.

Slysið og afleiðingar þess.

Þann 1. sept. 1969 var Ívar að störfum uppi á þaki byggingar Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar á Akureyri, er hann féll í gegnum gluggaop um 8 m fall ofan á sandbing.

Hann brotnaði á hrygg og mjaðmagrind auk þess sem hann fékk heilahristing.

Í örorkumati, dagsettu 17. desember 1973, segir Stefán Guðnason, læknir, varanlegar afleiðingar slyssins vera „ . . . gróin brot á tveimur hryggjarliðum, þrálátir verkir í baki og stirðleiki í mjóbaki á morgnana."

Örorkumat.

Læknirinn metur orkumissi Ívars vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysdegi í 4 mánuði 100%
Eftir það í 2 mánuði 50%
Eftir það varanlega 15%"

Aldur.

Ívar er sagður fæddur 4. febrúar 1950 og hefur því verið 19½ árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframlögum Ívars árin 1968—1970 hafa vinnutekjur hans tvö heilu almanaksárin fyrir slysið og slysárið verið:

Árið 1967 kr. 70.505
— 1968 — 129.154
— 1969 — 151.707 (til 8. sept.)

Tekna þessara aflaði Ívar sem iðnverkamaður á aldrinum 17—19 ára. Þau eru allmiklu hærri en venja er að áætla vinnutekjur unglinga, ef engin skattframtöl eru til að leggja til grundvallar. Ég mun nota umreiknaðar skattframtalstekjur ársins 1969 til þess að áætla vinnutekjur fyrir Ívar fyrsta árið eftir slysið. Frá 25 ára aldri, sem er meðalaldur ísl. brúðguma, sem kvænast í fyrsta sinn, mun ég nota vinnutekjur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar, tekjur áranna 1971 til 1973 umreiknaðar til kauplags nú. Hækkuninni frá fyrsta ári eftir slysið til 25 ára aldurs skipti ég jafnt á árin þar á milli, þó þannig, að tillit er tekið til vaxtabreytinga á því tímabili.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar er gert ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 230.137	kr. 78.634	kr. 34.521
2. — — —	— 297.169		— 44.575
3. — — —	— 364.201		— 54.630
4. — — —	— 475.521		— 71.328
5. — — —	— 658.320		— 98.748
6. — — —	— 889.279		— 133.390
Síðan árlega	— 1.086.660		— 162.999

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikninginn nota ég tvær mismunandi forsendur um vexti:

Aðferð I:

Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II:

Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan 9% til 15. júlí 1974 og að lokum 13% vextir p. a. til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema:

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 77.179	kr. 77.179
Vegna varanlegrar örorku	— 1.440.508	— 1.107.345
Samtals	kr. 1.517.687	kr. 1.184.524

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Ívar hefur fengið greitt samningsbundið sem laun fyrst eftir slysið frá atvinnurekanda.
2. Ívar fékk greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 9.-9. 1969 til 7.-1. 1970 kr. 20.691. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 20.351. Einnig fékk hann örorkulífeyri í formi eingreiðslu þann 21.-12. 1973 kr. 294.938. Verðmæti nemur á slysdegi kr. 214.337.

3. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Áður hefur verið rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur ísl. karla samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á því, að allur aðbúnaður á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar hafi verið óforsvaranlegur, er slysið varð. Þakpappi hafi verið lagður yfir gluggaop þannig, að það sást ekki, og hann þess vegna ekki getað varast það. Enn fremur hafi skort á leiðbeiningar af hálfu stefndu vegna þess hættuástands, sem skapaðist við þessar aðstæður, og því fremur þegar litið væri til hins unga aldurs stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins var það ítrekað af hálfu stefnanda, að mikið hefði skort á, að nægileg aðgæsla væri höfð við lagningu pappans yfir gluggaopin. Ekkert hefði gefið til kynna, að þakpappinn í umræddu tilfelli næði 37 cm inn yfir gluggaopið og það hafi verið óforsvaranlegt af hálfu stefndu, ekki síst þegar litið væri til þess, að þarna var unnið í 8.30 metra hæð. Hér sé því alfarið um að kenna handvömm við stjórn verksins og beri stefndu á því alla ábyrgð.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að atvik að umræddu slysi séu ekki á neinn hátt þannig vaxin, að þau geti varðað þá fébótaábyrgð að lögum. Vinnuskilyrði hafi verið góð á þakinu, þar sem flötur þess var mjög stór og hallaði lítið. Göt þau, sem voru á þakinu vegna væntanlegra glugga, hafi verið byrgð með tréflekum til að fyrirbyggja slysahættu. Óhjákvæmilegt hafi verið, að eitt gat væri opið í senn, meðan pappi var lagður yfir það. Allir, sem á þakinu unnu, hafi verið vanir þessu verki og svo hafi einnig verið um stefnanda. Hann hafi unnið á þakinu frá því að verkið hófst, gjörþekkt allar aðstæður og vitað, hvað þurfti að varast. Brýnt hafi verið sérstaklega fyrir honum að fara varlega við gluggaopin og það ekki einvörðungu af verkstjóranum hans, heldur og af samverkamönnum. Hér hafi ekki verið um að ræða, að komið yrði við sérstökum öryggisútbúnaði. Jafnvel þó slíks hefði verið kostur, hefði þess ekki verið þörf. Það hefði verið varkárni úr hófi, sem auk þess hefði torveldað eðlilegan framgang auðvelds verks. Hér sé því hvorki við forráðamenn stefndu

að sakast né aðra starfsmenn þeirra. Slysið verði alfarið rakið til gáleysis stefnanda sjálfs.

Stefnandi hefur krafist bóta in solidum úr höndum Haga h/f og Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar. Þessari kröfu hefur verið mótmælt af hálfu Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar og á það bent, að ef svo færi, að stefndu yrðu dæmdir bótaskyldir vegna slyssins, hlyti sá dómur að einskorðast við Haga h/f. Ekki hafi verið um slíkt réttarsamband að ræða milli stefnanda og Iðunnar, að varðað gæti bótaskyldu. Stefnandi hafi að vísu þegið laun hjá því fyrirtæki og verið þar á launaskrá, en hann hafi alfarið unnið undir stjórn Sigurðar Hannessonar, byggingameistara hjá Haga h/f. Enginn starfsmanna Iðunnar hafi nokkra umsjón haft með verkinu og beri því að sýkna hana af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Á það verður fallist með stefnda Skinnaverksmiðjunni Iðunni, að ekki hafi verið um slíkt réttarsamband að ræða milli þess fyrirtækis og stefnanda, eins og rakið hefur verið hér að framan, að fébótaábyrgð geti varðað, og skal stefndi Skinnaverksmiðjan Iðunn verða sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og atvikum var háttað og lýst hefur verið hér að framan, er það álit dómsins, að óhjákvæmilega hafi skapast af því slysahætta að láta þakpappa liggja yfir óvarið gluggaop, sem var 1 metri á breidd, 2.25 metrar á lengd, í 8.30 metra hæð frá gólfi. Ekkert gaf til kynna, að pappinn næði inn yfir gluggaopið og holrúm væri undir. Engir þeirra, sem á þakinu unnu, gættu gluggaopsins, og engar ráðstafanir voru gerðar til þess að vara menn við hættunni, sem þarna leyndist. Var þetta þeim mun ógætilegra, þegar litið er til þess, að unnið var í svo mikilli hæð. Átti öllum, og þá ekki síst þeim, er stjórnuðu verkinu, að vera ljós sú hætta, sem við það skapaðist. Þó stefnandi hafi verið kunnugur þeim vinnubrögðum, sem þarna tíðkuðust, og hann sjálfur staðið að verki á sama hátt, leysir það stefnda Haga h/f ekki undan þeirri sök að hafa vanrækt að gera nægjanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið, að stefnandi sjálfur eigi einnig sök á því, hvernig fór. Hann var búinn að vinna á margnefndu þaki í a. m. k. þrjár vikur, þegar slysið varð, og var því vel kunnugur öllum aðstæðum. Þá hefur stefnandi viðurkennt fyrir dómi, og er það stutt framburði vitna, að byggingameistari hússins hafi margoft varað hann við og áminnt hann um að fara varlega við vinnu á þakinu.

Á það verður fallist með stefnda, að ætíð fylgi byggingarvinnu nokkur áhætta og sjaldan eða aldrei sé svo hægt um að búa, að ekki verði nokkur slysahætta við slíka vinnu.

Að öllum atvikum virtum, sem rakin hafa verið hér að framan, er það niðurstaða dómsins, að bæði stefnandi og stefndi eigi sök á því, hvernig fór, og ber því að skipta sök í málinu. Þykir hvor aðili um sig eiga að bera helming sakar. Ber samkvæmt því að dæma stefnda Haga h/f til að greiða stefnanda helming þess tjóns, er hann varð fyrir af umræddu slysi.

Stefnandi sundurliðar bótakröfur sínar þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.184.524		
÷ dagpeningar og örorkulífeyrir ..	— 279.267	kr.	905.257
2. Miskabætur		—	300.000
3. Örorkumatsútreikningur		—	4.000
4. Örorkutjónsútreikningur		—	22.000
5. Læknisvottorð		—	2.500
6. Ljósrit		—	345
7. Ljósmyndir		—	1.200
		Samtals	kr. 1.235.302

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um lið 1.

Krafa samkvæmt þessum lið er reist á útreikningi Þóris Bergssonar, cand. act., dagsettum 11. febrúar 1975 og áður hefur verið rakinn, að frádregnum greiðslum dagpeninga og örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, miðað við verðmæti þeirra á slysdegi.

Stefndu hafa gert þá kröfu, að mati varanlegrar örorku verði hafnað sem algerlega óraunhæfu. Er því haldið fram af þeirra hálfu, að stefnandi hafi lítt eða ekki orðið fyrir tekjumissi vegna slyssins. Sumpart hafi hann fengið greidd laun, meðan hann var frá vinnu, en sumpart fengið greiddar bætur úr Samvinnutryggingu. Einungis síðastgreidda féð sé dregið frá í kröfugerð. Stefnandi hafi fengið greidd laun að fjárhæð kr. 33.909.50 frá atvinnurekanda, sem ekki séu dregnar frá í örorkuútreikningi. Þá halda stefndu því fram, að ef á geti reynt um örorkubætur, beri að lækka þær verulega vegna skattfríðinda og hagræðis af eingreiðslu.

Á dómsskjali nr. 33 sést, að stefnandi hefur fengið greitt í laun frá Skinnaverksmiðjunni Iðunni kr. 33.909.50 eftir slysið, og er

sú tala ekki dregin frá í kröfugerð hans. Verður krafa stefndu að þessu leyti tekin til greina.

Að öllu framansögðu virtu þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 700.000.

Um lið 2.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkrasaga hans verið rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Fyrir dómi 2. desember sl. sagði stefnandi, að undanfarið hefði hann öðru hverju verið frá vinnu vegna þrauta í baki, jafnvel þótt hann ynni létta vinnu. Kvaðst hann oft vera með þrautir, mismunandi miklar. Stundum séu verkirnir sárir, en hverfi á milli. Þá sagði stefnandi, að sér hefði fundist heilsufari sínu hafa hrakað undanfarið. Áður fyrr hefði hann fengið einstaka „kast" í bakið, en nú megi heita, að hann hafi haft stöðuga verki.

Þessari kröfu stefnanda hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem óraunhæfri og alltof hárri. Vitna þeir í því sambandi í áverkavottorð og læknisvottorð og þá sérstaklega læknisvottorð Braga Guðmundssonar læknis, sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, dagsettu 2. desember 1973. Í niðurlagi þess vottorðs segir:

„ . . . Álit mitt er, að sj. hafi nær fyllilega náð sér eftir umrætt slys 1. 9. 1969."

Krafa stefnanda um bætur samkvæmt þessum lið þykja hæfilega metnar kr. 200.000.

Um liði 3—7.

Þessum kröfuliðum hefur ekki verið mótmælt tölulega af hálfu stefndu og eru í samræmi við gögn málsins og verða teknir til greina að fullu og koma til álita við ákvörðun málskostnaðar.

Úrslit málsins verða þau, að stefndi Hagi h/f verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 350.000 + 100.000, eða samtals kr. 450.000 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar, er telst hæfilega ákveðinn kr. 115.000.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, ásamt meðdómsmönnum Pétri Pálmasyni verkfræðingi og Jóhanni Karli Sigurðssyni byggingameistara kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Skinnaverksmiðjan Iðunn, skal vera sýkn í máli þessu.

Stefndi Hagi h/f greiði stefnanda, Ívari Herbertssyni, kr. 450.000 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 55/1975. **Haraldur Jónsson og**
Jón Hafdal Jónsson
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
Sigurði Sigurjónssyni
(Árni Gunnlaugsson hrl.).

Skiprúmssamningur. Uppsögn. Skipstjóri. Kröfu um viðurkenningu á sjóveðrétti synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 30. apríl 1975. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir til að greiða stefnda 12.454 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1969 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa um viðurkenningu sjóveðréttar kemur eigi til álita fyrir Hæstarétti, svo sem áfrýjun er háttað. Ekki eru fram

komin viðhlítandi gögn fyrir því, hvort verkfall það, sem í málinu greinir, hafi tekið til starfs stefnda.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 40.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Haraldur Jónsson og Jón Hafdal Jónsson, greiði stefnda, Sigurði Sigurjónssyni, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 10. febrúar 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Sigurður Sigurjónsson, Naustakoti, Vatnsleysustrandarhreppi, höfðað fyrir dóminum með stefnum, birtum 31. mars 1969, á hendur Haraldi Jónssyni, Vesturgötu 16, Hafnarfirði, og Jóni Hafdal Jónssyni, Bröttukinn 25, Hafnarfirði, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 90.292.54 auk 8% ársvaxta frá 1. febrúar 1969 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti „í skipi því, er stefnandi var ráðinn skipstjóri á og stefndu áttu í byggingu hjá skipasmíðastöðinni Dröfn h.f., til tryggingar tildæmdum kröfum í málinu."

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati réttarins. Til vara krefjast stefndu þess, að krafa stefnanda verði stórlega lækkuð og málskostnaður felldur niður.

Stefnukrafan er á því byggð, að stefnandi hafi ráðist til stefndu hinn 26. nóvember 1968 sem skipstjóri á skip, er stefndu höfðu í smíðum hjá skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, Hafnarfirði. Frá ráðningardegi hafi hann fylgst með smíði skipsins, en það hafi átt að vera tilbúið til þess að fara á vetrarvertíð veturinn 1969. Hinn

20. janúar 1969 hafi stefndu tjáð stefnanda, að þeir væru hættir við útgerð skipsins og væru búnir að selja það.

Stefnandi krefst starfslauna fyrir það tímabil, sem hann telur sig hafa haft eftirlit með smíði skipsins, þ. e. frá 26. nóvember 1968 til 20. janúar 1969, og auk þess launa á þriggja mánaða uppsagnarfersti frá 20. janúar að telja og sundurliðar kröfur sínar þannig:

„Kauptrygging kr. 16.835 á mánuði.
Fastakaup -- 624 - —

1.	Kauptr. frá 26/11 '68 — 20/1 '69 kr. 561.17 á dag í 55 d. Fastakaup kr. 20.80 á dag	kr. 32.008.57
2.	3ja mán. kaup vegna uppsagnarfrests sami kauptaxti samt. kr. 17.459.- á mán.	— 52.377.00
3.	7% orlof af kr. 84.385.57	— 5.906.95
		Kr. 90.292.54“

Stefndu halda því fram, að enginn ráðningarsamningur hafi stofnast með aðiljum málsins, og enn fremur að stefnandi hafi aldrei unnið við eftirlitsstörf í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f vegna smíði umrædds skips.

Við aðiljayfirheyrslu var bókað eftir stefnanda: „Mætti skýrir svo frá, að hinn 20. nóv. 1968 hafi verið hringt heim til sín, en mætti var þá úti á sjó, en þegar hann hafi komið heim, hafi legið fyrir sér boð að hringja í Harald Jónsson. Mætti segist hafa gert það og hafi þá komið í ljós, að erindi Haraldar hafi verið að bjóða honum skipstjórnarstarf á komandi vetrarvertíð á skipi sem stefndu áttu í smíðum í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f.

Mætti kveðst hafa hitt stefnda Harald til frekari samninga þ. 26. nóv. 1968. Segir mætti, að niðurstaðan af því samtali hafi orðið sú, að hann hafi verið ráðinn skipstjóri hjá stefndu frá þeim degi að telja og hafi kjörin átt að vera samkv. stéttarfélagssamningum.

Mætti segir, að daginn eftir að hann réð sig hjá stefndu hafi verið hringt í hann frá Sjöstjörnunni, Keflavík, og hann spurður, hvort hann væri laus. Mætti kveðst hafa sagt, að svo væri ekki, og varð samtalið þá eigi lengra. Mætti segir, að hann hafi verið beðinn um það af hálfu stefndu að fylgjast með smíði bátsins. Hafi hann komið í skipasmíðastöðina í því skyni nær daglega fram í miðjan janúar, en þá hafi hann frétt, að stefndu væru að selja bátinn. Mætti segist hafa átt tal við stefnda Harald um 20.

janúar og kveðst hafa spurt um það, hvort verið væri að selja bátinn. Segir mætti að stefndi Haraldur hafi sagt sér, að þeir væru búnir að selja bátinn, en þeir myndu greiða kaup, er næmi uppsagnarfresti frá þeim degi.

Mætti óskar að taka fram, að þá er hann réð sig hjá stefndu, hafi hann verið búinn að vera stýrimaður á m/b Ágústi Guðmundssyni, GK 95, í um það bil ár, og telur hann það hafa verið gott skiprúm. Mætti segir, að sér hafi skilist, að stefndi Haraldur væri framkvæmdastjóri og hafi hann oft átt skipti við hann, en stefndi Jón Hafdal hafi þó stundum verið viðstaddur. Mætti segist aldrei hafa fengið greidd nein laun fyrir þessa vinnu sína og kveðst ekki hafa verið neitt í þágu annarra á þessum tíma.

Aðspurður af lögmanni stefndu um það, hvenær stefnandi hafi hafið störf á vetrarvertíð, segir mætti, að hann hafi ráðið sig sem skipstjóra á m/b Skálaberg, sem gert var út frá Keflavík, og hafi hann hafið störf 11. mars, en hins vegar hafi ráðningin átt sér stað síðustu daga febrúar.

Mætti segir, að vinna sín við að fylgjast með smíði bátsins hafi verið í því fólgin að fylgjast með, hvernig verkið gengi og jafnframt gera tillögur um breytingar, ef honum þætti þeirra þurfa með. Hins vegar hafi smíðinni ekki verið það langt komið, að til þess kæmi, að gera þyrfti breytingar. Mætti segir, að þegar hann hafi komið í skipasmíðastöðina, hafi hann nokkrum sinnum hitt á Harald þar, en oft hitt á Sigurjón Einarsson, skipasmið, og einnig yfirsmiðinn við verkið, sem mætti man ekki, hvað heitir."

Eftir stefnda Jóni Hafdal var bókað við aðiljayfirheyrslu:

„Aðspurður segist stefndi muna eftir því, að þeir bræður hafi hitt stefnanda Sigurð á götu hér í Hafnarfirði, þeir hafi tekið tal saman og minnst á það við Sigurð, hvort hann vildi ekki koma til þeirra sem skipstjóri á bát, sem þeir áttu í byggingu í Dröfn. Sigurður hafi haft áhuga. Mætta minnir, að þetta hafi verið fyrir jól, eða a. m. k. þó nokkuð löngu áður en báturinn átti að vera tilbúinn, en það hafi staðið til, að hann yrði tilbúinn á netavertíð í mars-apríl.

Stefndi segir, að það hafi komið fram í þessu samtali, að stefnandi væri laus. Hann segir, að þeir hafi aldrei beðið stefnanda að líta eftir smíði skipsins. Það hafi stefndu sjálfir gert og enn fremur hafi Ágúst Sigurðsson verið tæknilegur ráðunautur. Stefndi segist ekki hafa orðið var við, að stefnandi fylgdist neitt með byggingu bátsins. Stefndi segist aðeins muna eftir því að

hafa talað svisvar við stefnanda um þetta efni. Fyrra samtalið sé greint hér að framan, en í síðara skiptið segist stefndi hafa hitt stefnanda fyrir framan Bæjarbíó og sagt honum, að þeir væru að selja. Mætti telur, að stefnandi hafi ekkert sagt við því, a. m. k. segist hann ekki minnast þess, að þeim hafi orðið neitt sundurorða. Stefnanda hafi ekki virst koma þetta neitt á óvart, hann muni hafa verið búinn að frétta af því, að þeir væru að selja."

Við aðiljayfirheyrslu kannaðist stefndi Haraldur Hafsteinn Jónsson ekki við að hafa hringt í stefnanda í nóvembermánuði 1968. Hann kvaðst hins vegar hafa átt tal við stefnanda í janúarmánuði 1969 og kvað hann þá hafa komið til tals, að stefnandi yrði hugsanlega skipstjóri á skipi, er stefndu áttu í smíðum í skipasmíðastöðinni Dröfn h/f. Hann minntist þess ekki, að stefnandi hefði komið heim til sín fyrir áramótin, en kvað hann hins vegar hafa komið heim til sín til viðræðna um þessi mál í janúar. Niðurstaðan af því samtali hafi orðið sú, „að stefnandi fengi skipstjórn á skipinu, þegar það yrði tilbúið og hafi þá verið reiknað með, að það yrði um miðjan marsmánuð."

Stefndi Haraldur kvað það aldrei hafa komið til tals að biðja stefnanda að fylgjast með smíði bátsins. Hann tók fram, að stefndu hafi haft eftirlitsmann á fullum launum til að fylgjast með smíðinni og hafi þeim þótt nóg að hafa einn mann á fullum launum við það starf.

Lagður hefur verið fram í málinu kaupsamningur um umrætt skip, dagsettur 2. janúar 1969, þar sem stefndu selja 5 einstaklingum í Stykkishólmi umræddan bát.

Niðurlag aðiljaskýrslu stefnda Haralds Jónssonar er svohljóðandi: „Stefndi Haraldur segir, að samkomulagið við stefnanda, að hann tæki við skipstjórn, er báturinn yrði tilbúinn, hafi verið gert áður en nokkuð kom til orða að selja bátinn. Stefndi Haraldur segir, að ekki hafi verið langur tími liðinn frá því samkomulagið var gert og þar til bátssalan kom til álita. Stefndi Haraldur segist hafa hitt stefnanda skömmu síðar og kveðst þá hafa sagt honum frá bátssölunni."

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Kristjáns Einarssonar, skipstjóra á Ágústi Guðmundssyni, GK 95, svohljóðandi:

„Ég undirritaður skipstjóri á m/b Ágúst Guðmundssyni GK-95 frá Vogum votta það hér með, að Sigurður Sigurjónsson, er var stýrimaður hjá mér árið 1968, sagði upp starfi sínu þann 23. nóvember 1968, vegna þess að hann réðst sem skipstjóri á bát

þann, er var verið að ganga frá smíði á í skipasmíðastöðinni Dröfn í Hafnarfirði, er þeir áttu Haraldur Jónsson og Jón H. Jónsson frá Hafnarfirði."

Lagt hefur verið fram í málinu vottorð Ágústs G. Sigurðssonar skipatæknifræðings, þar sem hann lýsir því yfir, að hann hafi haft eftirlit með smíði umrædds báts fyrir stefndu og ekki orðið var við annan eftirlitsmann fyrir hönd eigenda.

Sigurjón Einarsson skipasmiður var yfirsmiður og verkstjóri við smíði umrædds skips. Hann kvað það hafa verið altalað í skipasmíðastöðinni, að stefnandi Sigurður yrði skipstjóri á skipinu, er það hæfi veiðar. Hann minntist þess ekki að hafa talað um það við stefndu, hvort stefnandi yrði skipstjóri á skipinu. Hann kvaðst muna eftir því að hafa spurt stefnanda, hvort hann yrði skipstjóri á skipinu, og hafi hann játað því. Hann kvað stefnanda ekki hafa unnið við smíðina. Spurður um, hvort stefnandi hafi komið oft, svaraði verkstjórinn: „Ég man sérstaklega eftir honum tvisvar sinnum, það getur vel verið, að hann hafi komið oftar."

Jón Pálmason, skrifstofustjóri hjá Dröfn h/f, kvað Sigurð hafa komið oft í skipasmíðastöðina og þá oft inn á skrifstofu sína og það hafi komið fram hjá honum, að hann yrði skipstjóri á skipinu: „Hann tilkynnti mér ekki, að hann væri til eftirlits, en mér þótti eðlileg vera hans þarna sem verðandi skipstjóra."

Skrifstofustjórinn minntist þess ekki, að það hefði komið fram hjá stefndu, að stefnandi væri ráðinn skipstjóri, „enda hafi þeir lítið samband haft við sig."

Stefnandi bar við aðiljayfirheyrslu, að hann hafi farið að krefja um kaup í janúarmánuði 1969 og kvaðst hafa krafið stefnda Harald um kaupið. Hann kvaðst hafa um mánaðamótin janúarfebrúar snúið sér til lögmanns stefndu og beðið hann að hlutast til um, að þeir greiddu sér laun. Lögmaðurinn hafi sagst mundu athuga málið.

Lögmaðurinn, Árni Grétar Finnsson hæstaréttarlögmaður, kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvað stefnanda hafa komið á skrifstofu sína oftar en einu sinni og óskað eftir því að fá peninga, þ. e. beðið sig að hafa milligöngu sem lögfræðing stefndu um að fá þá til að greiða sér. Lögmanninn minnti, að það hafi verið eftir áramótin 1968—1969 sem stefnandi kom fyrst. Lögmaðurinn kvaðst hafa snúið sér til stefndu, en þeir hafi ekki viljað greiða stefnanda. Í síðara skiptið, sem stefnandi kom, þá hafi hann spurt, hvort hann gæti ekki fengið eitthvað upp í þetta,

t. d. 1.000 kr. Lögmaðurinn kvaðst ekki geta fullyrt, hvort þetta var áður en stefndu seldu skipið eða eftir þann tíma, hann minnti þó frekar, að stefnandi hafi komið fyrst til sín, eftir að skipið var selt.

Upplýst er í málinu, að verkfall var hjá yfirmönnum á bátaflotanum frá 10. janúar til 18. febrúar 1969.

Álit réttarins.

Það er viðurkennt af stefnda Haraldi, „að samkomulagið við stefnanda, að hann tæki við skipstjórn, er báturinn yrði tilbúinn, hafi verið gert áður en nokkuð kom til orða að selja bátinn."

Samkvæmt gögnum, er stefndu hafa lagt fram, var kaupsamningur um bátinn gerður 2. janúar 1969.

Stefndi Jón Hafdal hefur viðurkennt, að „fyrir jól eða a. m. k. þó nokkuð löngu áður en báturinn átti að vera tilbúinn" hafi stefndu rætt það við stefnanda, „hvort hann vildi ekki koma til þeirra sem skipstjóri á bát, sem þeir áttu í byggingu í Dröfn."

Með vísan til þessara yfirlýsinga stefndu fyrir dómi verður að telja sannað, að ráðningarsamningur um skipstjórn stefnanda á umræddum bát hafi komist á á árinu 1968.

Stefndi Haraldur kvað við aðiljayfirheyrslu hafa verið reiknað með því, að báturinn yrði tilbúinn um miðjan marsmánuð, en stefndi Jón Hafdal kvað hafa staðið til, að hann yrði tilbúinn á netavertíð í mars-apríl.

Fullyrðingu stefnanda og vottorði skipstjóra þess, er stefnandi var stýrimaður hjá, um, að stefnandi hafi sagt upp fyrri stýrimannsstöðu sinni hinn 23. nóvember 1968, hefur ekki verið hnekkt.

Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja það venjulegt, að skipstjóri sé ráðinn á bát áður en smíði lýkur, m. a. til þess að gera tillögur um breytingar, fylgjast með frágangi, sjá um að útvega mannskap, veiðarfæri o. s. frv.

Með tilliti til alls þessa verður að byggja á þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann hafi ráðist til stefndu frá og með 26. nóvember 1968 til þess að hafa eftirlit með smíði og frágangi skipsins og undirbúa úthald þess.

Það breytir ekki þessari niðurstöðu, þótt skipatæknifræðingur hefði einnig eftirlit með smíðinni, eftirlitsstörf hans eru annars eðlis en væntanlegs skipstjóra.

Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir

tímabilið frá 26. nóvember til þess dags, er honum var sagt upp, og verður við það að miða, að uppsögnin hafi farið fram hinn 20. janúar 1969, eins og stefnandi heldur fram. Enn fremur þykir stefnandi eiga rétt til launa á 3ja mánaða uppsagnarfresti, þó að frádregnum launum fyrir tímabilið frá 11. mars til 20. apríl, en þann 11. mars tók stefnandi upp störf sem stýrimaður á m/b Skálabergi, og ósannað er, að stefnandi hafi misst nokkurs af tekjum frá þeim degi vegna slita á ráðningarsamningnum.

Það athugast, að ekki þykir ástæða til að láta stefnanda sæta frádrætti á launum fyrir verkfallstímabilið frá 10. janúar til 18. febrúar. Við það var miðað, að þá stæði smíði bátsins enn yfir, og stefnanda var hvorki heimilt né skylt að fella niður eftirlits- og undirbúningsstörf sín vegna verkfallsins.

Samkvæmt þessu ber að taka fyrsta liðinn í sundurliðun kröfugerðar stefnanda til greina að fullu, þ. e. með kr. 32.008.57, annan liðinn með kr. 34.918.00 og þriðja liðinn með kr. 4.684.86, og nemur höfuðstóll dómskuldar samkvæmt því kr. 71.611.43.

Stefndu hafa mótmælt sjóveðréttarkröfu stefnanda. Hann hafi ekki stefnt eigendum skipsins til þess að þola sjóveðréttinn. Sjóveðréttur geti ekki stofnast í skipi í smíðum.

Stefnandi heldur því fram, að stefndu hafi verið eigendur að skipinu fram til 13. febrúar 1970, en skipið þá fyrst verið skráð á nafn nýrra eigenda og stefndu hafi fram til þess tíma komið fram sem eigendur þess, m. a. í viðskiptum við Fiskveiðasjóð. Stefndu hafi því verið eigendur skipsins á þeim tíma, sem mál þetta var höfðað. Ekkert sé því heldur til fyrirstöðu, að sjóveðréttur stofnist í skipi í smíðum, enda fari um réttindi yfir skipum eftir reglum um fasteignir eftir því sem við verður komið, sbr. 2. kafla siglingalaganna, og alkunna, að hvers konar veðréttindi geti stofnast, t. d. í húsum í byggingu.

Það er óumdeilt, að skip það, sem stefndu áttu í smíðum, var eigi skráð eða skráningarskylt og eigi sjósett eða tekið til notkunar á því tímabili, sem kröfur stefnanda taka til. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið, að skilyrði til stofnunar sjóveðs hafi verið fyrir hendi fyrir tildæmdum kröfum í máli þessu. Ber því að synja um viðurkenningu á sjóveðrétti fyrir tildæmdum fjárhæðum í máli þessu.

Málskostnaður ákveðst kr. 32.000 sic.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnunum Þorsteini Einarssyni og Guðmundi Guðmundssyni, fyrrum skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndu, Haraldur Jónsson og Jón Hafdal Jónsson, greiði in solidum stefnanda, Sigurði Sigurjónssyni, kr. 71.611.43 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1969 til greiðsludags og kr. 30.000 (sic) í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Synjað er um viðurkenningu á sjóveðrétti fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 145/1976. **Jónatan Þórmundsson**
Þorsteinn Sæmundsson
Þór Vilhjálmsson og
Ragnar Ingimarsson
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Gesti Guðmundssyni
(Ingi R. Helgason hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af kröfu um miskabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 9. júlí 1976, og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt var út af, verði dæmd dauð og ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur til refsingar,
3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða hverjum

áfrýjanda 50.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 5. júní 1974 til greiðsludags,

4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til þess að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að stefndi verði dæmdur til að sjá um, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms verði birt í fyrsta eða öðru tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi er tilgreindur sem ábyrgðarmaður að þeim tölublöðum Stúdentablaðsins, sem geyma hin átöldu ummæli, og greinin í síðara tölublaðinu er auk þess undirrituð: Ritstjóri. Ber stefndi þannig refsi- og fébótaábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga 57/1956.

Svo sem greint er í liðum A. 1. og 2. og B. 1. og 2. í héraðsstefnu, er orðið „landvættir“ notað um áfrýjendur, og sama orð er einnig meðal ummæla þeirra, sem talin eru í stefnulið B. 3. Af því sambandi, sem orðið stendur í, er ljóst, að það er notað í niðrandi merkingu, og ber því að ómerkja ummælin sem óviðurkvæmileg skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga, en ekki þykja ummælin eiga að varða refsingu.

Með ummælunum í stefnulið A. 3. er því dróttað að áfrýjendum, að þeir hafi gert síendurteknar tilraunir til þess að beita stúdenta „fasískri“ skoðanakúgun, og því varpað fram, hvort tími sé ekki kominn til þess, að stúdentar krefjist af þeim sökum brottvikningar þeirra úr Háskólanum. Af hálfu stefnda hefur aðdróttun þessi ekki verið réttlætt á neinn hátt, og ber að refsa stefnda fyrir hana skv. 235. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja ummælin skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Í setningum þeim, sem tilgreindar eru í stefnu undir lið B. 3., eru auk orðsins „landvættir“ margs konar svigurmæli, sem beint er að áfrýjendum, svo sem „akademiskur rembing-

ur", „undirlægjuhátt", „tekið að sér hlutverk rakkans gagnvart ofbeldinu", „stjörnuglópurinn". Eru ummæli skv. þessum stefnulið í heild mjög móðgandi, og ber að refsa stefnda fyrir þau skv. 234. gr. alm. hegningarlaga og ómerkja þau skv. 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Refsing stefnda verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga ákveðin 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga fyrir sektina, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Enda þótt refsa beri fyrir ummæli samkvæmt stefnuliðum A. 3. og B. 3., þykja þau eigi eftir atvikum fallin til þess að valda áfrýjendum miska, sem bótaskyldur sé samkvæmt 1. málsgrein 264. greinar almennra hegningarlaga.

Dæma ber stefnda skv. 2. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga til þess að greiða áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Þá þykir rétt að ákveða skv. 22. gr. laga 57/1956, að dómur þessi, forsendur og dómsorð, skuli birtur í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, er út kemur eftir að dómur þessi hefur verið birtur að lögum.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Þykir sá málskostnaður hæfilega ákveðinn 80.000 krónur.

Dómsorð:

Hin átöldu ummæli skulu ómerk.

Stefndi, Gestur Guðmundsson, greiði 10.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Stefndi skal vera sýkn af kröfu áfrýjenda um miskabætur.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 25.000 krónur til þess að kosta birtingu forsendna og dómsorðs dóms þessa í opinberum blöðum.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Stefndi greiði áfrýjendum sameiginlega 80.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómara og Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns.

Við erum sammála úrlausn meiri hluta dómenda nema um bótakröfuna, sbr. 3. lið kröfugerðar áfrýjenda.

Stefndi er sekur fundinn um refsiverða meingerð gegn áfrýjendum. Ummælin í A. 3. og B. 3. eru allharkaleg og því mjög meiðandi fyrir æru áfrýjenda. Af þessum sökum þykja áfrýjendur eiga rétt á fégjaldi úr hendi stefnda samkvæmt heimildinni í 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þar eð meiri hluti dómenda hefur ekki fallist á bótakröfuna, verður fjárhæð bóta eigi ákveðin.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1976.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. mars sl., hafa Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Reykjavík, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Reykjavík, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. júní 1974, gegn Gesti Guðmundssyni, stud. sociol., Reynimel 46, Reykjavík, vegna ummæla, er birtust í Stúdentablaðinu, fréttablöðungi svonefndum, er út kom ótölusett 8. apríl 1974, og 4. tölublaði, er út kom 5. júní 1974. Stefndi var ritstjóri og ábyrgðarmaður Stúdentablaðsins á þessum tíma. Fyrri greinin var ómerkt, en undirskrift hinnar seinni var „Ritstjóri".

Í stefnu eru rakin ummæli þau, sem stefnt er út af. Ummælin eru þessi:

Í fjölritaðri útgáfu blaðsins, ótölusettri, sem nefnd er fréttablöðungur og út kom 8. apríl 1974, eru eftirtalin ummæli undir yfirskriftinni: „Rekum alla, alla."

A.

1. „. . . landvættirnir . . ."
2. „. . . landvætti . . ."
3. „. . . Er ekki kominn tími til að stúdentar krefjist þess að ofangreindum mönnum verði vikið frá Háskólanum vegna síendurtekinna tilrauna þeirra til að beita stúdenta fasískri (sic) skoðanakúgun?"

Í 4. tbl. Stúdentablaðsins 1974, er út kom 5. júní 1974, er grein á bls. 2, sem ber yfirskriftina: „Háskólaráð átelur Stúdentablaðið" og með smærra letri: „að kröfu landvættanna". Ummæli í grein þessari beinast að stefnendum. Þeir telja eftirtalin ummæli í greininni ærumeiðandi fyrir sig:

B.

1. Úr yfirskrift greinarinnar: „ . . . landvættanna".
2. „. . . landvættirnir . . ."
3. „Engan þarf að undra þótt menn á borð við þá landvætti geri slíka kröfu, né heldur að þeir vísi til þeirra (sic) lagagreinar sem kveður á um „hegðun sem ósamboðin er virðingu háskólaborgara". Akademískur rembingur, sem telur háskólaborgara æðri venjulegu fólki, er nefnilega í fullu samræmi við undirlægjuhátt gagnvart herstyrk og fjármunum bandarískra heimsvaldasinna. Þeir menn sem hafa tekið sér hlutverk rakkans gagnvart ofbeldinu hafa peninga, völd og menntun að æðstu gildum, og sú menntun felst aðallega í ytri siðfágun. Eða skyldu stjörnuglópurinn og félagar hans telja þá hegðun ósamboðna háskólaborgara sem hinir menntuðu ráðamenn Bandaríkjanna hafa orðið uppvísir að í Vietnam og Votergeit?"

Dómkröfur stefnenda eru þessar:

„*að* framangreind ummæli verði samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940 dæmd dauð og ómerk.

að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem á getur reynt samkvæmt 234. gr., 235. gr. og 236. gr. laga nr. 19/1940.

að stefndi verði samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 dæmdur til að greiða hverjum stefnenda um sig miskabætur að fjárhæð kr. 50.000.00 með 9% ársvöxtum frá 5. júní 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega

samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 kr. 25.000.00 í kostnað við að birta væntanlegan dóm í heild í opinberum blöðum.

að stefndi verði dæmdur til að sjá um samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956, að forsendur og dómsorð væntanlegs dóms í máli þessu verði birt í 1. eða 3. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara."

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að stefndi verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu. Jafnframt krefst stefndi ríflegs málskostnaðar úr hendi stefnenda.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar 1974 efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu *„Varið land"*. Áttu þar hlut að máli allir stefnendur, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz."

Helstu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki síst Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan Atlantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott."

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð mjög mikill, því að alls rituðu 55.532 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis, eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Undirskriftasöfnunin hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaða skrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem þar áttu hlut að, var Stúdentablaðið."

Stefndi hefur mótmælt þessari málavaxtalýsingu sem rangri og ófullnægjandi. Hann segir í greinargerð sinni:

„Forðast er að gera nokkra grein fyrir þeim aðstæðum, sem liggja að baki pólitískri framtakssemi stefnenda og kalla fram þau viðbrögð og ummæli, sem stefnt er út af.

Erlend herseta á Íslandi er ekkert smámál. Hin óhugnanlega staðreynd er sú, að þjóðin er klofin í tvær mjög andstæðar fylkingar í afstöðu sinni til hersetunnar. Ekkert umræðuefni á Íslandi hefur orðið eins mikið hitamál síðustu þrjá áratugina en tvíbýli þjóðarinnar við erlendan her í landinu, og ekki er útlit fyrir, að hinar hatrömmu deilur hjaðni á næstunni. Ekkert mál annað hefur valdið slagsmálum og götuóeirðum í Reykjavík á þessu tímabili og allir stjórnmálaforingjar og flestir forystumenn þjóðarinnar á öðrum sviðum hafa tjáð sig um málið opinberlega og það all harkalega oft á tíðum. Ljóst er, að deilu-

mál þetta er þannig vaxið, að það gengur mönnum inn að hjarta, og hjá mörgum bera tilfinningarnar rökin ofurliði.

Á blaðamannafundi, sem stefnendur efndu til hinn 15. janúar 1974, tilgreindu þeir ástæðuna fyrir undirskriftasöfnuninni með þessum orðum: „Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því að varnarliðið fari úr landi . . .“ Með þessum yfirlýsingum taka stefnendur sér stöðu í fremstu víglínu í viðkvæmasta og hatrammasta deilumáli meðal Íslendinga, en láta í stefnu, svo sem þeim komi það á óvart, að þeir hljóta þar fyrir ámæli og lenda í hvirfilvindi pólitískrar orðasennu.

Að þessu leyti er málavaxtarlýsingu stefnenda mjög áfátt.

Jafnframt vantar í málavaxtalýsingu stefnenda það, sem gerst hefur innan Háskólans í þessu máli.

Fjórir háskólakennarar stóðu að undirskriftasöfnun „Varins lands“. Það vakti strax harkaleg viðbrögð stúdenta og um það athæfi þeirra var birt grein í Stúdentablaðinu 25. jan. 1974. Háskólakennurunum þótti þessi grein harðorð og í tilefni af henni skrifuðu þeir Háskólaráði bréf, dags. 26. marz 1974, sem ég legg fram í málinu, þar sem þess er krafist, að höfundur greinarinnar, ábyrgðarmaður blaðsins sæti áminningu samkvæmt 24. gr. háskólalaganna nr. 84/1970.

Háskólaráð tók kærubréf þetta fyrir 2. maí 1974 og urðu þar átök um málið. Þrjár tillögur komu fram, en að lokum var samþykkt tillaga frá háskólarektor. Ágrip af fundargerð Háskólaráðs er lögð fram í málinu. Tillaga rektors var nokkurs konar málamiðlun, en samkvæmt henni voru stóryrðin í greininni átalin, en höfundur þeirra ekki beinlínis áminntur eða víttur.

Eftir niðurstöðu Háskólaráðs skrifaði greinarhöfundur, Rúnar Ármann Arthúrsson ráðinu bréf, sem og birtist í Stúdentablaðinu, en eftir það bar málið ekki fyrir Háskólaráð aftur, heldur efna háskólakennarar til þessara málaferla.

Áður hafði forystumönnum stúdenta annars vegar og prófessorunum Jónatani Þórmundssyni og Þorsteini Sæmundssyni hins vegar lent saman út af tekjum Stúdentaráðs, og fór Jónatan þá í Morgunblaðið til að bera deiluna á torg.“

III.

Röksemdir málsaðilja.

Af hálfu málsaðilja hefur verið leitast við að sýna fram á þær þjóðfélagslegu aðstæður, sem annars vegar leiddu til undirskriftasöfnunar stefnenda, en hins vegar andsvör stefnda og annarra

þeirra, sem andvígir eru dvöl bandaríska herliðsins hér á landi. Jafnframt hafa málsaðiljar greint nokkuð frá deilum, sem verið hafa innan Háskólans í ýmsum málum, þ. á m. svokölluðu innritunargjaldamáli.

Í málinu hefur verið lagt fram endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru á bæjarþinginu í málinu nr. 1376/1974: Bjarni Helgason o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni o. fl.

Í aðiljaskýrslu í því máli hafði einn stefnenda, Þór Vilhjálmsson, þáverandi prófessor, m. a. þetta að segja:

„ . . . Í fyrsta lagi vil ég minna á það, að sumarið 1971 var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þegar það var gert var birtur stjórnarsáttmáli og í honum sagði m. a., að það væri ágreiningur milli stjórnarflokkanna um afstöðuna til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu. En að óbreyttum aðstæðum skyldi þó núgildandi skipan haldast, en ríkisstjórnin myndi kappkosta að fylgjast sem best með þróun þeirra mála og endurmeta jafnan stöðu Íslands í samræmi við breyttar aðstæður. Litlu seinna segir í þessum sama stjórnarsáttmála: „Varnarsamningur við Bandaríkin skal tekinn til endurskoðunar eða uppsagnar í því skyni, að varnarliðið hverfi frá Íslandi í áföngum. Skal að því stefnt, að brottför liðsins eigi sér stað á kjörtímabilinu". Á fyrstu starfsmánuðum þessarar ríkisstjórnar gerðist fremur lítið í varnarmálunum. Það var fyrst, að ég hygg, veturinn 1972—1973 sem óbreyttum borgurum mátti bjóða í grun, að eitthvað myndi verða farið að gera til að framkvæma þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Það gerðist ýmislegt þann vetur. Það kom upp, að það var nokkur stigsmunur á því, hvernig stjórnarflokkarnir vildu skilja varnarsamninginn. Það kom upp, að það var ágreiningur innan Framsóknarflokksins um rétta stefnu í þessu máli. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna kom hingað þennan vetur, og það var frá því skýrt opinberlega, að við hann hefði verið rætt um þessi mál. Síðan gerist það vorið 1973, að í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins koma fram tilmæli um endurskoðun varnarsamningsins. En það var heimilt, þegar 6 mánaða endurskoðunartímabili væri lokið, að segja samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara. Þetta gat þess vegna verið fyrsta skrefið í þá átt að segja varnarsamningnum upp. Tilkynning um þetta efni var m. a., að ég hygg, send Atlantshafsbandalaginu, og haustið 1973 kom framkvæmdastjóri þess, Luns, til Íslands til að ræða þessi mál. Eftir að hann var farinn eða í lok heimssóknar hans, var gefin út fréttatilkynning, þar sem skýrt var frá því, að íslenska ríkisstjórnin hefði látið í

ljós áhyggjur vegna þess, hvernig Atlantshafsbandalagið hefði tekið á endurskoðunaróskum íslensku ríkisstjórnarinnar og jafnframt tekið fram, að framkvæmdastjóranum hefði verið gert ljóst, — þetta er endursögn mín á fréttatilkynningunni, sem ég hef ekki fyrir framan mig, — að þessi viðbrögð gætu leitt til breyttra viðhorfa Íslendinga gagnvart bandalaginu sjálfu. Og síðar þetta sama haust 1973 fóru fram viðræður við fulltrúa Bandaríkjastjórnar. Í þeim tók sjálfur utanríkisráðherra Íslands þátt að minnsta kosti oft, bæði vestan hafs og hér í Reykjavík. Það mátti þess vegna ætla, að það væri stefnt að uppsögn varnarsamningsins, slitum á samstarfi okkar við vestrænar þjóðir og brottför varnarliðsins. Það var skoðun mín, að til svo stórra aðgerða hefði ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar ekkert umboð frá þjóðinni. Sú skoðun byggðist á því, að í kosningunum 1971 hefði kjósendum ekki verið gerð grein fyrir því, að þessa stefnuskráratriðis mætti vænta, það var með öðrum orðum ekki að mínu áliti kosið um varnarmálin 1971. Það var því hvoru tveggja, að ég var efnislega andvígur því, sem virtist stefnt út í, og einnig hitt, að ég taldi, að sú framkvæmd, sem íslensk stjórnvöld stóðu að, væri einnig að nokkru leyti í andstöðu við réttar lýðræðisreglur. Það er skoðun mín, að það sé mikil gæfa fyrir íslensku þjóðina, að við erum á vestræna menningarsvæðinu. Ég tel, að við höfum byggt hér upp þjóðfélag, sem er mótað af hugsjónum vestrænnar menningar. Það þjóðfélag er ekki fullkomið, en það er í stöðugri framþróun, og af því að það er vestrænt þjóðfélag, getur sú framþróun haldið áfram. Ég vil, að við njótum áfram þessarar aðstöðu og þeirra mannréttinda, sem eru virt á Íslandi. Ég tel, að því miður geti þróun mála orðið í aðra átt. Frelsi þjóðarinnar og sjálfstæði er ekki örugglega tryggt um alla framtíð og jafnvel ekki næstu framtíð. Eitt hið nauðsynlegasta, sem þarf að gera til að varðveita frelsi landsins, er að sjá hér fyrir hervörnum. Ég er þeirrar skoðunar, að eitt hið mikilvægasta, sem gerst hefur í íslenskum stjórnmálum eftir stofnun lýðveldisins, sé, að þjóðin hefur skilið þessa nauðsyn. Og að hún ákvað á sínum tíma að breyta um stefnu í utanríkismálum. Hún ákvað að hverfa frá hlutleysisstefnunni og taka upp varnarsamstarf við vestræn lýðræðisríki á vegum Atlantshafsbandalagsins. Það eru nú meira en 25 ár síðan Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu og næstum aldarfjórðungur síðan hingað kom bandarískt varnarlið á vegum bandalagsins (sic). Ég vil ekki, að öryggi Íslands sé stefnt í hættu með því að láta varnarliðið fara, en brottför varnar-

liðsins tel ég, að myndi bæði beint veikja varnir landsins og einnig gera það óbeint með því að veikja varnarkeðju lýðræðisríkjanna við norðanvert Atlantshaf. Með tilliti til þessara skoðana minna og þeirrar þróunar mála, sem mér virtist vera í uppsiglingu í varnarmálum, þá tók ég þátt í því að undirbúa og framkvæma undirskriftasöfnunina, sem fram fór undir kjörorðinu „Varið land". Ég átti þátt í því starfi frá upphafi til enda ásamt mörgum öðrum mönnum. Við urðum 14 talsins að lokum, sem að þessu stóðum. Í upphafi taldi ég, að þessi undirskriftasöfnun væri mjög erfið. Það hafði komið til tals að hafa ýmis konar hátt á til þess að láta opinberlega í ljós mótmæli við stefnuna í varnarmálunum, sem ríkisstjórnin virtist vera að framkvæma. Hugmyndin um það að fara í almenna undirskriftasöfnun þróaðist smám saman, og undirskriftasöfnunin hófst um miðjan janúar 1974. Vandamálin í þessu sambandi eru margs konar. Þau eru bæði um það, hvernig megi framkvæma undirskriftasöfnunina til þess að ná árangri, það horfði ekki sérlega glæsilega um það atriði fyrirfram. Í fyrsta lagi var þetta á þeim tíma árs, þegar verst er að standa að framkvæmdum af þessu tagi, um hávetur. Í öðru lagi lagði hópurinn upp með litla reynslu af slíkum almennum undirskriftasöfnunum, engin tæki eða fé til þess að framkvæma hana og tími okkar, sem í hópnum voru, var ekki þannig, að við gætum helgað okkur þessu starfi óskiptir þann tíma, sem undirskriftasöfnunin stóð. Ég gerði mér sjálfur óljósar hugmyndir, það kom fram síðar um það, hvað þyrfti til að svona undirskriftasöfnun hefði verulegan þunga. Ég hélt fyrirfram, að 5 þúsund undirskriftir myndu verða þung mótmæli. Eftir reynsluna af þessari undirskriftasöfnun skal ég segja, að ég tel, að það þurfi meira til, en það kom líka fram við þessa undirskriftasöfnun, að það voru þung mótmæli, sem hún sýndi við þessa stefnu. Ég tel raunar, að þessi undirskriftasöfnun hafi verið stórt atriði í því að breyta hinni opinberu stefnu íslenskra stjórnvalda í varnarmálum."

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir svo um aðdraganda máls þessa:

„ . . . Eftir skrif Stúdentablaðsins í janúar 1974 urðu nokkrar umræður milli mín og prófessoranna Jónatans Þórmundssonar, Ragnars Ingimarssonar og Þórs Vilhjálmssonar um hugsanlegar aðgerðir vegna þessara skrifa. Að okkar mati var um þrjár leiðir að velja: (1) að krefjast þess að Háskólaráð veitti ábyrgðarmanni Stúdentablaðsins áminningu samkvæmt háskólalögum, (2) að

stefna viðkomandi til ábyrgðar samkvæmt landslögum, eða (3) gera hvort tveggja. Í viðræðum þessum greindi ég frá því, hvað ég teldi líklegast um viðbrögð Háskólaráðs, en á þeim tíma átti ég sæti í ráðinu sem fulltrúi Félags háskólakennara. Skoðun mín var sú, að meirihluti Háskólaráðs myndi vilja forðast að gera nokkuð það sem styggt gæti stúdenta, jafnvel þótt þeir teldust hafa farið út fyrir ramma háskólalaga og almenns velsæmis. Í umræðum um eldri mál í Háskólaráði hefðu fulltrúar stúdenta í ráðinu fylgt þeirri stefnu, að Háskólaráð ætti ekki að skipta sér af málum stúdenta, sem sakaðir væru um að hafa framið refsiverðan verknað, heldur ættu dómstólar að fjalla um þau mál með sama hætti og mál annarra borgara. Taldi ég að þessi skoðun ætti umtalsvert fylgi innan Háskólaráðs enda þótt hún stangaðist á við háskólalög.

Í þessu sambandi benti ég einnig á, að ég myndi víkja sæti þegar málaleitan okkar yrði tekin fyrir í Háskólaráði, en varamaður minn, Þorsteinn Vilhjálmsson myndi líklegur til að vilja halda hlífisskildi yfir stúdentum. Staðfesting á því fékkst síðar. Í viðtali sem ég átti við Þorstein eftir að Háskólaráð hafði fjallað um málið, lýsti hann þeirri skoðun sinni, að slíkt mál ætti ekki erindi til Háskólaráðs, heldur ættum við að stefna viðkomandi fyrir dóm ef við álitum að um meiðyrði væri að ræða. Ég tel ástæðu til að geta þessa hér, þar eð Þorsteinn Vilhjálmsson var einn hinna 152 manna sem síðar rituðu undir yfirlýsingu sem stefndi, Rúnar Ármann Arthúrsson, hefur lagt fram sem réttarskjal. Í þeirri yfirlýsingu erum við stefnendur fordæmdir fyrir að leita réttar okkar fyrir löglegum dómstólum þessa lands.

Þótt þannig væri óvíst fyrirfram um úrslit mála í Háskólaráði varð það niðurstaða okkar fjögurra starfsmanna Háskólans að fara þá leið sem háskólalög heimiluðu og krefjast þess að Háskólaráð veitti ritstjóra og ábyrgðarmanni Stúdentablaðsins, Rúnari Ármanni Arthúrssyni, áminningu. Jafnframt tókum við þá ákvörðun, að ef Háskólaráð yrði við kröfu okkar, myndum við láta þar við sitja og ekki stefna málinu til dómstóla.

Bréf okkar til Háskólaráðs var dagsett 26. mars 1974. Bréfið var tekið fyrir í Háskólaráði 2. maí, og vék ég þá sæti fyrir varamanni mínum, Þorsteini Vilhjálmssyni. Fundargerð Háskólaráðs sýnir, að eftir allmiklar umræður um málið var samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Háskólaráð ályktar að vísa til stjórnar Stúdentablaðsins, ritstjóra og ábyrgðarmanns þeim ummælum, sem höfð eru um nokkra starfsmenn Háskóla Íslands í umgetinni grein í Stúdentablaðinu

og væntir þess, að framvegis sneiði stúdentar hjá slíkum stóryrðum í gagnrýni, sem þeir beina að einstökum þegnum skólans."

Eins og sjá má, er hér farið svo varlega í sakirnar, að ekki einu sinni er nafngreindur sá aðili sem áminna skyldi, hvað þá að hann væri kallaður fyrir og áminntur persónulega. Frá sjónarmiði okkar fjögurra stefnenda gat þetta ekki talist viðunandi málsmeðferð og ekki unnt að halda því fram, að kröfu okkar um áminningu hefði í raun verið sinnt. Sömu skoðunar er stefndi, því að hann segir í aðilaskýrslu:

„Fjórir háskólakennarar, þeir sömu og eru stefnendur í þessu máli, sneru sér af þessu tilefni til Háskólaráðs með bréfi dagsettu 26. mars 1974, þar sem þeir gerðu þá kröfu að mér yrði refsað með áminningu, samkvæmt 24. gr. háskólalaga nr. 84/1970. Háskólaráð synjaði þessari kröfu, en sendi engu að síður frá sér ályktun um þetta mál."

Hafi Háskólaráð vonast til, að hin vægilega og almennt orðaða ályktun sem það gerði, hefði einhver áhrif á ritstjóra Stúdentablaðsins, varð sú von ekki langlíf. Rúnar Ármann Arthúrsson svaraði með bréfi til Háskólaráðs, sem jafnframt var birt í Stúdentablaðinu hinn 5. júní 1974, svo sem tilgreint er í stefnu. Bréf þetta var enn svæsnara en hin fyrri skrif og bar engin merki þess að ritstjórinn hefði séð sig um hönd. Þegar þannig var málum komið var ljóst, að ekki væri um annað að ræða en að leita til dómstóla. Var ákvörðun um það tekin á fundi okkar fjögurra stefnenda.

Þegar eftir birtingu stefnu urðum við stefnendur fyrir hatrömmum árásum, þar sem meðal annars var reynt að slá á þá strengi, að þarna væru prófessorar að ofsækja nemendur við Háskólann. Þessari frásagnartækni hefur verið beitt aftur og aftur, allt fram á þennan dag. Um þetta hef ég það að segja í fyrsta lagi, að mér þykir staðreyndum heldur betur snúið við, ef það á að heita ofsókn að leita verndar dómstólanna. Í öðru lagi eru nemendur við Háskólann síður en svo í aðstöðu hins undirokaða gagnvart kennurum skólans. Stúdentar eru fullorðið fólk, fólk sem hefur réttindi engu síður en skyldur, fólk sem tekur þegar verulegan þátt í stjórn skólans og vill fá þar aukna hlutdeild og bera meiri ábyrgð, fólk sem að eigin mati og annarra er ábyrgt gjörða sinna.

Í þriðja lagi tel ég rétt að upplýsa, að ég er ekki prófessor né heldur háskólakennari í réttri merkingu þess orðs, þótt ýmsir virðist sjá sér hag í að halda því fram. Sem sérfræðingur við eina

af stofnunum Háskólans er ég í Félagi háskólakennara og hef verið fulltrúi félagsins í Háskólaráði í eitt kjörtímabil, en kennslu hef ég ekki stundað til þessa. Stafar það meðal annars af því, að sérgrein mín hefur ekki verið meðal námsgreina við skólann hingað til. Á þessu er nú að verða nokkur breyting, en hvort það leiðir til þess að ég taki að mér kennslu er enn óráðið. Persónulega myndi mér lítið um það gefið að hefja kennslu í því andrúmslofti tortryggni og óvildar sem ég tel að óhjákvæmilega hljóti að fylgja skrifum á borð við þau sem Rúnar Ármann Arthúrsson hefur látið frá sér fara sem einn af forvígismönnum stúdenta."

Í þessari sömu skýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir m. a. svo um innritunargjaldamálið svokallaða:

„ . . . Ég átti sæti í Háskólaráði vorið 1973 þegar Stúdentaráð bar fram kröfu um hækkun og breytta skiptingu innritunargjalda, sem fól í sér að gjöldin í heild skyldu hækka um 47 prósent, en hlutur Stúdentaráðs skyldi hækka um 350-380 prósent. Krafan var rökstudd með því að Stúdentaráð væri að gjaldþroti komið sakir aukinna umsvifa. Með tilliti til verðlagsþróunar var heildarhækkunin (47 prósent) ekkert ágreiningsatriði í Háskólaráði. En hin mikla hækkun á hlut Stúdentaráðs hlaut að leiða til þess að hlutur annarra aðila af innritunargjöldum yrði skertur, ekki síst hlutur Félagsstofnunar stúdenta, sem fengið hafði 60 prósent af gjöldunum. Um þetta mál urðu talsverðar umræður og deilur í Háskólaráði. Ég beitti mér þá fyrir málamiðlunartillögu, sem ég lagði nokkra vinnu í, og hefði leitt til 76 prósent hækkunar Stúdentaráðs. Þeirri tillögu var hafnað af fulltrúum stúdenta í ráðinu með gagntillögu. Að endingu samþykkti meirihluti Háskólaráðs varatillögu mína, sem gerði ráð fyrir að gjöld til Stúdentaráðs yrðu skilin frá innritunargjöldum. Gæti Stúdentaráð þá sjálft ráðið sínu gjaldi, sem skrifstofa Háskólans gæti veitt móttöku, en það yrði ekki gert að skilyrði fyrir innritun í Háskólann.

Sú fullyrðing, að þetta fyrirkomulag hefði lamað starfsemi Stúdentaráðs, er vægast sagt furðuleg. Nægir þar að vitna til fyrri reynslu, því að allt fram til 1968 starfaði Stúdentaráð einmitt með þessum hætti, sem frjáls samtök stúdenta. Á þeim tíma tókst Stúdentaráði til dæmis að fá framgengt helsta hagsmunamáli sínu til þessa dags, Félagsstofnun stúdenta, sem sér um rekstur allra stofnana stúdenta (félagsheimilis, bóksölu, stúdentagarða). Samþykkt Háskólaráðs (eftir varatillögu minni) fól

í sér, að innritunargjöldin hefðu eftir sem áður verið notuð í þágu stúdenta sjálfra, þar af 68 prósent til Félagsstofnunar. Er ég enn þeirrar skoðunar, að þetta hefði verið betra fyrirkomulag en það sem Stúdentaráð þvingaði fram með tilstyrk ráðherra. Læt ég svo útrætt um þetta mál."

Lögmaður stefnda hefur m. a. þetta að segja um almennar ástæður umstefndra ummæla:

„A. Samkvæmt stjórnarskrá og grundvallarreglum íslenskra laga hefur hver maður leyfi til að hafa skoðanir á pólitískum hugðarefnum og athöfnum annarra manna og láta þær í ljós opinberlega. Aldrei má með lögum eða dómsúrskurði skerða þetta skoðanafrelsi. Ekki er leyfilegt að teygja klær meiðyrðalöggjafarinnar svo langt, að refsa manni fyrir að láta í ljós skoðanir sínar eða mat sitt á pólitískum aðgerðum annarra manna.

Undirskriftasöfnun stefnenda undir beiðni til stjórnvalda um að láta nú ekki erlenda herinn fara, er pólitískt athæfi, sem særir helgustu þjóðernistilfinningar mikils hluta þjóðarinnar og brýtur í bága við grundvallarskoðun hans um þjóðfrelsi. Þessar aðgerðir kalla á pólitísk viðbrögð og andsvör, jafnvel hjá fólki, sem er afskiptalítið um stjórnmál almennt. Stefnendur gátu ekki búist við öðru, og máttu ekki gera ráð fyrir öðru.

Sýkna ber því umbjóðanda minn á þeim grundvelli, að honum er rétt að berjast gegn áformum og aðgerðum hersetumanna, vara við þeim og útlista á allan hátt. Á bak við þetta pólitíska frelsi eru svo ríkir almenningshagsmunir, að smásmuguleg vernd ærunnar verður að víkja.

B. Sýknukrafa mín byggist einnig á því, að ummæli umbjóðanda míns eru viðhöfð í hita pólitískrar baráttu og eru réttlætanleg í alla staði. Mun ég nú tína til nokkur réttlætingaratriði.

1. Umbjóðandi minn er stúdent við Háskóla Íslands og er þar forystumaður í félagslífi stúdenta. Í Háskóla Íslands hafa frá upphafi bæði stúdentar og kennarar látið þjóðfrelsismál almennt og sjálfstæðismál íslensku þjóðarinnar mikið til sín taka, og hafa þar yfirleitt verið í fararbroddi fyrir málsstað Íslands. Í sjálfstæðisbaráttunni hinni nýju, þegar Bandaríkjamenn fóru fram á herstöðvar hér á landi til 99 ára, árið 1946, lét Háskólinn, stúdentar og kennarar kröftuglega til sín heyra og áttu þau mótmæli sinn þátt í því, að þeirri beiðni var hafnað. Í máli þessu verða lagðar fram ræður og greinar háskólakennara eins og Ólafs Lárussonar, Sigurbjörns Einarssonar, Guðmundar Thoroddsen, Ein-

ars Ólafs Sveinssonar o. fl., svo og yfirlýsingar forystumanna allra pólitísku stúdentafélaganna í Háskólanum. Þungamiðjan í afstöðu Háskólans er og hefur verið sú, eins og glöggt kemur fram í þessum gögnum, að krafa um erlenda hersetu í landinu er erlend ásælni, sem gjalda á varhug við og hafna. Þessu merki hafa háskólaborgarar haldið á lofti æ síðan. Strax í upphafi var varað við því, að af langvarandi erlendri hersetu í landinu myndi leiða aðra herleiðingu, herleiðingu hugarfarsins, og svo gæti farið, þegar stundir liðu fram, að einhver hluti þjóðarinnar sætti sig við ævarandi hersetu og tvíbýli við erlendan her í landi sínu. Þegar svo á þjóðhátíðarárinu 1974 rísa upp nokkrir menn, af því að pólitískur meirihluti hafði myndast á Alþingi um að láta herinn fara, sem ganga fyrir hvers manns dyr og biðja um stuðning við áskorun til stjórnvalda um að láta herinn ekki fara, þá ofbauð stúdentum og fordæmdu þeir þetta athæfi vægðarlaust.

Ummæli umbjóðanda míns, sem er einn þeirra, sem tóku sér penna í hönd vegna undirskriftasöfnunarinnar, eru því réttlætanleg.

2. Önnur réttlætingarástæða er eftirfarandi:

Sakir aukinnar tækni, meðal annars í samgöngum og fjarskiptum hefur heimurinn minnkað mjög mikið frá því sem áður var. fólk og þjóðir færst nær hver annarri og heimsmynd manna gerbreyst. Þetta hefur haft mikil áhrif á hugsunarhátt fólks almennt, ekki síst ungs fólks. Ungt fólk er samúðarfullt í eðli sínu, og fyllist gjarna réttlátri reiði, ef og þegar hinum saklausu og varnarlausu er sýnd grimmd. Það er ekki síst að þakka afstöðu og baráttu ungs fólks í heiminum, að slotað hefur a. m. k. í bili, vitfirringslegum grimmdarhernaði gegn saklausu og varnarlausu fólki í Viet-Nam, sem almennt hefur verið fordæmdur. Að þeim hernaði stóð Bandaríkjaher. Sami herinn og á Íslandi situr, her, sem lýtur sömu herstjórn og sama forseta. Er nú nema von, að hinn ungi stúdent, umbjóðandi minn, grípi til stóryrða, þegar stefnendur þessa máls óska skriflega eftir því að einmitt þessi her skuli hafa herbækistöðvar hér á landi?“

Ummælin:

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin sjálf:

„*Um A. 1. og 2.*

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um A. 3.

Stefnendur telja ummæli þessi í heild ærumeiðandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. og 236. gr., en til vara 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um B. 1. og 2.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi fyrir sig og refsiverð samkvæmt 234. gr. laga nr. 19/1940.

Um B. 3.

Stefnendur telja þessi ummæli í heild móðgandi fyrir sig, svo og felist í þeim aðdróttun. Telja stefnendur ummælin refsiverð samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Stefndi ber alla ábyrgð að lögum á framangreindum ummælum samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956."

Bótakröfu sína rökstyðja stefnendur með vísan til 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940. Jafnframt segir svo í greinargerð:

„Í umræddu tilviki var veitzt með hrakyrðum að stefnendum af tilefnislausu. Þetta var gert í málgagni stúdenta við Háskóla Íslands og beindist að stefnendum sem kennurum við þá stofnun. Telja stefnendur slíka framkomu gagnvart kennurum mjög ótilhlýðilega og vítaverða."

Í framlagðri aðiljaskýrslu stefnandans Þorsteins Sæmundssonar segir m. a. svo:

„Að lokum vil ég leggja áherslu á þá staðreynd, að skrif Stúdentablaðsins um undirskriftasöfnun Varins lands og forvígismanna hennar hljóta að teljast alvarlegri fyrir þá sök, að þau voru liður í ófrægingarherferð, sem enn stendur yfir, og beinist gegn mér og öðrum stefnendum. Sem ábyrgðarmaður, ritstjóri og greinarhöfundur Stúdentablaðsins hefur stefndi tekið virkan þátt í þessari herferð sem hefur verið svo langvinn og mögnuð að einsdæmi mun vera, a. m. k. hérlendis. Með ósönnum áburði, aðdróttunum, háðsyrðum og svívirðingum hefur markvisst verið unnið að því að sverta mig og aðra stefnendur í augum almennings og raska þannig stöðu okkar meðal samborgaranna. Um árangurinn þarf ekki að efast, og leyfi ég mér í því sambandi að vísa til greinargerðar minnar í öðru máli í sama flokki fyrir þessum dómi, þ. e. máli Bjarna Helgasonar o. fl. gegn Úlfari Þormóðssyni. Hvað snertir mig og aðra stefnendur í þessu máli hafa skrif Stúdentablaðsins þó sérstöðu, því að þeim er sérstaklega dreift innan Háskólans, sem er starfsvettvangur okkar. Hafa þau

því meiri áhrif til að spilla áliti okkar meðal þeirra manna, sem við þurfum stöðugt að eiga skipti við í störfum okkar.

Ég vil geta þess, að með tímanum hefur mér orðið æ ljósara, hve víðtæk og varanleg áhrif þessi óhróðursskrif hafa haft. Áhrifamáttur þeirra er meiri en ætla mætti fyrir þá sök, að margir hlýða nær gagnrýnislaust á hvers kyns staðhæfingar ef þær eiga hljómgrunn í þeirra eigin stjórnmálaskoðunum.

Einn úr hópi stefnenda komst svo að orði við mig á dögunum, að ófrægingarherferðin hefði gengið svo nærri sér og fjölskyldu að hann hygðist hætta allri þátttöku í félagsstörfum og myndi hugsa sig um tvisvar áður en hann hefði aftur afskipti af málum, sem teljast gætu stjórnmálalegs eðlis. Ég verð að játa, að viðhorf mitt þessa stundina er ekki ósvipað viðhorfi þessa félaga míns, hvað sem síðar kann að verða. Um viðbrögð annarra stefnenda að þessu leyti skal ég ekki fullyrða. En enginn skyldi efast um, að skefjalausar ærumeiðingar geti breytt lífsviðhorfi þess, sem fyrir þeim verður, og orðið honum varanlegur fjötur um fót."

Stefndi hefur gert svofelldar athugasemdir við hin umstefndu ummæli í greinargerð sinni:

„*Um A* er það að athuga, að sá fjórblöðungur, sem ummælin birtust í, er fjölritað dreifiblað meðal stúdenta einna, og er því í býsna lokuðum hring. Hins vegar er *B* venjuleg prentuð útgáfa Stúdentablaðsins, sem stúdentar fá allir, en fer auk þess víðar.

Um A. 1. og 2. og B. 1. og 2.:

Þarna stingur eitt einasta orð stefnendur. Þeir eru kallaðir landvættir. Þeir telja þetta vera móðgun, en í stefnu og greinargerð skortir allan rökstuðning fyrir þeirri fullyrðingu. Fullyrðingin sýnir hins vegar að stefnendur skortir húmor. Auðvitað er nafngift þessi gefin í spaugi. Stúdentinn sér stefnendur fyrir sér í brjóstfylkingu þeirra, sem vilja vernda líf, limi, hamingju, sóma o. fl. Íslendinga, en það var hlutverk landvættanna áður fyrri. Af því kemur nafngiftin. Eðlileg hugrenningatengsl. Leiðinlegt að stefnendur skilja ekki spaugið. Því er alfarið mótmælt, að þessi ummæli séu móðgandi og refsiverð.

Um A. 3.:

Spurning sá, sem hér er stefnt út af, byggist á þeirri skoðun umbjóðanda míns, að það atferli stefnenda að kæra Rúnar Ármann Arthúrsson, ritstjóra Stúdentablaðsins, til Háskólaráðs og

krefjast þess, að hann sæti áminningu þess fyrir pólitískar skoðanir sínar á prenti, sé tilraun til skoðanakúgunar af hálfu stefnenda og þess vegna eru ummælin réttlætanleg og refsilaus.

Orðið „síendurtekinna" vísar til fyrri tilrauna stefnenda til skoðanakúgunar innan Háskólans og er þá átt við tillögu þeirra á vettvangi Háskólaráðs um að enginn hluti innritunargjalda renni til starfsemi Stúdentaráðs (og þar með Stúdentablaðsins), eins og áður gerði. Þeim tókst með herkjum að fá þessa tillögu samþykkta í Háskólaráði. Til allrar hamingju tók þáverandi menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, í taumana, ógilti ályktun Háskólaráðs og hindraði það tilræði stefnenda að koma í veg fyrir útgáfu Stúdentablaðsins.

Um orðið „fasískri" skal það sagt, að inntak þess hugtaks verður skýrt við munnlegan flutning málsins.

Um B. 3.:

Því er mótmælt, að ummæli þessi séu móðgandi og refsiverð. Um orðið „landvætti" vísast til þess sem áður var sagt. Í þessari klausu er umbjóðandi minn að bollaleggja um það, sem telja má „ósamboðið virðingu háskólaborgara". Um það eru að vísu skiptar skoðanir, en umbjóðandi minn er fordómalaus með öllu. Hann telur að ytri siðfágun ein dugi ekki og fordæmir akademiskan rembing. Hann fordæmir þá, sem hafa völd og peninga að æðstu gildum og þá, sem lúta ofbeldinu. Þessar bollaleggingar og skoðanir geta stefnendur ekki tekið til sín, til þess eru þær of alhæfðar og beinast ekki til þeirra.

Að vísu er samviskuspurningunni í lok klausunnar beint til stefnenda, — ekki að ástæðulausu, — en á mjög hógværan og refsilausan hátt. Stefnendur vilja ólmir leyfa tilteknum herforingjum að hafa her sinn staðsettan á Íslandi. Stefnendur vilja hafa samvinnu um hernað við þessa sömu herforingja og pólitíska ráðamenn þeirra. Nú hafa þessir aðilar hins vegar orðið uppvísir að glæpum í Viet-Nam og Watergate, og spurt er: Telja stefnendur þá hegðan þeirra vera „ósamboðna virðingu háskólaborgara" eða ekki? Ástæðan fyrir þessari spurningu er auðvitað sú, að umbjóðandi minn telur það ósamboðið virðingu íslensks háskólaborgara að binda trúss sitt við þessi öfl. Hann má spyrja þessarar spurningar, hún er ekki ávirk, heldur hlutlæg og refsilaus með öllu. Gaman væri að fá svar við henni, en hætt er við að það dragist á langinn.

Stefnukröfunum í máli þessu er mótmælt í heild. Þótt sum um-

mælanna yrðu dæmd dauð og ómerk, er fráleitt að dæma refsingu eða miskabætur.

Sérstaklega er mótmælt kröfunum um miskabætur, sem eru órökstuddar með öllu. Opinber ummæli eins stefnenda, prófessors Jónatans Þórmundssonar, um að hann muni gefa tildæmdar miskabætur til góðgerðarstarfsemi í landinu, benda frekar til þess, að stefnendur séu að safna fé til að létta á samvisku sinni, en að þeir hafi orðið fyrir miska, sem þeir þurfi að fá uppbættan með peningagreiðslum frá umbjóðanda mínum. Alls ekki er sannað eða gert sennilegt, að hin átöldu ummæli hafi bakað stefnendum tjón.

Varðandi refsikröfuna vil ég að lokum taka þetta fram:

Vegna almenningshagsmuna er óhjákvæmilegt að umræður um opinber málefni njóti nokkurs frjálsræðis. Hef ég rökstutt það hér að framan, og leyfi mér til áréttingar að vitna í 10. kafla doktorsritgerðar dr. Gunnars Thoroddsens, prófessors, Fjölmæli á bls. 232—249.

Við þessi rök er rétt að bæta, að hér kemur til álita hin gamla og góða regla Grágásar um „orðhefnd". Þessa retorsio reglu er nú að finna í 239. gr. almennra refsilaga og nær hún ekki aðeins til orða, heldur einnig til athafna. Undirskriftasöfnun stefnenda og kæran til Háskólaráðs var pólitísk athöfn, sem hlaut að vekja andsvar. Umbjóðandi minn er einn þeirra, sem ekki gátu orða bundist. Atferli stefnenda vakti honum bæði viðbjóð og reiði, og ber því með stoð í 239. gr., sbr. 74. gr. almennra refsilaga að telja ummælin refsilaus."

IV.

Álit dómsins.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfa skorður, upplýsinga- og gagnrýnisskyldu fjölmiðla sé ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður

að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun notanda á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipan sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kosningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli sem dvöl bandaríska herliðsins hér á landi var sem slík fallin til að valda ófriði.

Hér ber að líta til þess, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að.

Enn fremur þykir hér verða að líta til þess, að fram er komið, að innan Háskólans höfðu verið deilur um ýmis efni, þar á meðal

á milli stúdenta og prófessora um skiptingu innritunargjalda og hver skyldi vera hlutur Stúdentaráðs í þeim gjöldum eða hvort framlög til Stúdentaráðs skyldu innheimt sérstaklega. Deilur þessar gengu það langt, að um þær var fjallað í dagblöðum. Einn stefnenda ritaði tvær greinar um málefni Háskólans og stúdenta í Morgunblaðið sumarið 1973.

Enn fremur þykir verða að líta til þess, að þegar blöð þau, sem hin umstefndu ummæli birtust í, komu út, höfðu stefnendur þessa máls kært fyrrverandi ritstjóra Stúdentablaðsins fyrir Háskólaráði og krafist þess, að hann sætti áminningu skv. 24. gr. laga nr. 83/1970.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í Stúdentablaðinu, fréttablöðungi svonefndum, er út kom ótölusett 8. apríl 1974 og 4. tölublaði, er út kom 5. júní 1974. Blöð þessi hafa verið lögð fram. Stefndi er tilgreindur ábyrgðarmaður að fréttablöðungnum og ritstjóri og ábyrgðarmaður að Stúdentablaðinu. Greinin með hinum umstefndu ummælum í 4. tölublaði Stúdentablaðsins er merkt ritstjóra, en greinin í fréttablöðungnum er ómerkt. Stefndi ber því ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga nr. 57/1956.

Þegar greinar þær eru lesnar, sem hin umstefndu ummæli birtust í, þá kemur fram, að ummælunum er beint að stefnendum.

Rétt þykir að fjalla um hver af umstefndum ummælum sérstaklega: A. 1. og 2. Hin umstefndu ummæli birtust í grein, sem ber yfirskriftina „Rekum alla, alla". Í grein þessari er sagt frá því, að stefnendur hafi skrifað Háskólaráði bréf og farið fram á, að Rúnari Á. Arthúrssyni yrði veitt áminning eða hann víttur vegna skrifa um stefnendur. Í málsgrein þessari kallar stefndi stefnendur „landvætti". Þegar litið er til framtaks stefnenda og annarra forgöngumanna undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands" svo og ástæðna þeirra, sem þeir hafa tilgreint fyrir framtakssemi sinni, þá þykir með hliðsjón af þeim röksemdum, sem getið er í almennum athugasemdum hér að framan, að ummæli þessi verði ekki heimfærð undir ákvæði hegningarlaga.

A. 3. Fyrri hluti málsgreinar þessarar er spurning. Stefndi þykir ekki hafa réttlætt ummæli sín um síendurteknar tilraunir

stefnenda til að beita stúdenta fasískri skoðanakúgun. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem getið er í almennu athugasemdunum hér að framan, þykir ekki ástæða til að refsa fyrir þessi ummæli.

B. 1. og 2. Ummæli þessi birtust í grein á bls. 2 í 4. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kom 5. júní 1974. Greinin ber yfirskriftina „Háskólaráð átelur Stúdentablaðið að kröfu landvættanna". Að því er varðar ummæli undir þessum lið, þá er niðurstaða dómsins sú sama og að framan hefur verið rakin varðandi A. 1. og 2.

B. 3. Hér er um að ræða hluta af greininni, sem fjallað er um undir B. 1. og 2., en þessi hluti greinarinnar ber kaflafyrirsögnina „Virðing háskólaborgara". Ummæli þessi eru óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja þau í heild, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940, en með vísan til röksemda þeirra, sem fram koma í almennu athugasemdunum hér að framan, þykir ekki eiga að refsa fyrir ummælin.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem fjögurra af fjórtán forgöngumönnum undirskriftasöfnunarinnar „Varins lands" og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Einnig beinast ummælin að því atferli stefnenda að kæra til Háskólaráðs skrif Rúnars Ármanns Arthúrssonar, þáverandi ritstjóra Stúdentablaðsins. Óþægindi þau, sem stefnendur telja sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með vísan til þeirra röksemda, sem greinir í almennu athugasemdunum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt að taka þá kröfu þeirra til greina, að stefndi sjái um, að birtar verði forsendur og dómsorð í máli þessu í 1. eða 2. tbl. Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli stefnda, Gests Guðmundssonar, sem birtust í fréttablöðungi Stúdentablaðsins, sem út kom ótölusett 8. apríl 1974, og talin eru í stefnu undir A. 3., og ummæli í 4. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kom 5. júní 1974, og talin eru í stefnu undir B. 3., skulu ómerk.

Stefnda, Gesti Guðmundssyni, skal skylt að sjá um, að forsendur og dómsorð dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tölublaði Stúdentablaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 31. maí 1977.

Nr. 190/1976. **Bílaleigan Miðborg h/f**
(Bjarni Bjarnason hdl.)
gegn
Guðmundi Jónassyni
og gagnsök
(Benedikt Sveinsson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Fjárnámsgerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá verði fellt úr gildi fjárnám það, sem framkvæmt var 9. september 1976, til tryggingar dómi þessum. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. október 1976. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og aðaláfrýjanda dæmt að greiða málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Veðbréf það, sem aðaláfrýjandi gaf út 2. janúar 1976, átti að veðtryggja víxla, sem hann samþykkti vegna kaupa á bifreiðinni R 45112, og er víxlunum nánar lýst í veðbréfinu. Þar sem ekki verður litið á umrætt veðbréf sem skuldabréf og mál þetta verður því ekki talið höfðað til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi, verður heimild til að fara með málið samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936 ekki reist á 3. tl. 207. gr. þeirra laga ásamt því ákvæði veðbréfsins, að mál út af skuldinni eða veðsetningunni megi reka samkvæmt nefndum XVII. kafla laganna.

Héraðsdómsstefna er óskilrík um það, hvort gagnáfrýjandi sæki aðaláfrýjanda til greiðslu hinna samþykktu víxla í víxilmáli eða hvort málið sé höfðað á öðrum grundvelli. Ekki veitir greinargerð gagnáfrýjanda heldur leiðsögn um þetta. Aðeins þrír hinna samþykktu víxla voru komnir í gjalddaga, eftir því sem hann var greindur á víxlunum sjálfur, þegar málið var höfðað. Aðaláfrýjandi hafði uppi í greinargerð sinni, er lögð var fram á dómþingi 6. apríl 1976, varnir, sem ekki fá komist að í víxilmáli án samþykkis sækjanda. Ekki andmælti gagnáfrýjandi, að varnir þessar fengju að komast að í málinu fyrr en á dómþingi 31. maí 1976. Þegar alls þessa er gætt, sem nú var rakið, þykir málatilbúnaður og málsreifun gagnáfrýjanda hafa verið með þeim hætti, að aðaláfrýjandi megi hafa uppi í málinu þær varnir, sem hann bar fram í greinargerð sinni fyrir héraðsdómi. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 30. júní 1976 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Samkvæmt þessum málalokum ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Rétt er, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með þinghaldi 30. júní 1976 eiga að vera ómerk, og er málinu

vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Gagnáfrýjandi, Guðmundur Jónasson, greiði aðaláfrýjanda, Bílaleigunni Miðborg h/f, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júlí 1976.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 30. júní sl., hefur Guðmundur Jónasson, Kóngsbakka 16, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, þingfestri 16. mars 1976, gegn Bílaleigunni Miðborg h/f, Bókhlöðustíg 6 A, Reykjavík. Varnaraðili lét mæta óstefndur og samþykkti þingfestingu málsins. Málið er höfðað til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 475.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir mánuð eða brot úr mánuði frá 7. janúar til greiðsludags, bankakostnaðar, kr. 540, og málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Krafist er og staðfestingar á veðrétti í bifreiðinni R 45412.

Greinargerð af hálfu varnaraðilja var lögð fram í málinu 6. apríl 1976. Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum sóknaraðilja og krefst greiðslu málskostnaðar úr hendi hans. Jafnframt áskilur hann sér rétt til þess að höfða gagnsök í máli þessu eða til heimtu bóta úr hendi sóknaraðilja með sérstakri málssókn.

Sættir hafa verið reyndar, en án árangurs.

II.

Málavöxtum er lýst þannig í stefnu, að 2. janúar sl. hafi sóknaraðili selt varnaraðilja, Bílaleigunni Miðborg h/f, bifreiðina R 45412, Datsun 100A, árgerð 1975, á kr. 900.000. Varnaraðili hafi greitt kr. 325.000 við undirritun samnings, en eftirstöðvarnar, kr. 575.000, hafi átt að greiðast með sjö víxlum á eftirfarandi hátt:

1) kr. 225.000 þann 7. janúar 1976.
2) kr. 100.000 þann 1. febrúar 1976.
3) kr. 50.000 þann 1. mars 1976.
4) kr. 50.000 þann 1. apríl 1976.

5) kr. 50.000 þann 1. maí 1976.
6) kr. 50.000 þann 1. júní 1976.
7) kr. 50.000 þann 1. júlí 1976.

Víxlar þessir séu útgefnir 2. janúar af sóknaraðilja, en samþykktir til greiðslu í Iðnaðarbanka Íslands h/f af varnaraðilja.

Varnaraðili hafi greitt á gjalddaga kr. 100.000 inn á fyrsta víxilinn og séu eftirstöðvarnar því kr. 475.000. Tryggingarbréf með veði í R 45412 hafi verið gefið út til tryggingar fyrrnefndum víxlum. Samkvæmt ákvæði í tryggingarbréfinu sé öll skuldin fallin í gjalddaga, ef ekki sé staðið í skilum um greiðslu afborgana á réttum gjalddögum. Varnaraðili hafi ekki staðið í skilum um greiðslu afborgana og því sé mál þetta höfðað. Innheimtutilraunir hafi engan árangur borið.

III.

Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 15. maí 1976. Í þinghaldi 30. júní 1976 krafðist lögmaður varnaraðilja úrskurðar um það, að varnir hans fengju komist að í máli þessu. Lögmaður sóknaraðilja kvaðst reka málið sem víxilmál og krafðist þess, að málið yrði dómtekið. Fór þá fram munnlegur málflutningur um þetta ágreiningsefni og jafnframt um efnishlið málsins.

Sóknaraðili byggir málatilbúnað sinn á því, að mál þetta sé höfðað og rekið sem víxilmál, sbr. 207. og 208. gr. einkamálalaga, og styðst þar við ákvæði í framlögðu tryggingarbréfi. Mótmælir hann því, að varnir varnaraðilja, sem fram koma í greinargerð, fái komist að, þar sem þær séu ekki víxilvarnir.

Varnaraðili krefst þess, að varnir sínar fái komist að í máli þessu, og mótmælir því, að 17. kafli einkamálalaga eigi við, þar sem málið hafi verið höfðað m. a. vegna víxla, sem ekki væru gjaldfallnir, og yrði málið því ekki rekið sem víxilmál.

IV.

Í málinu hafa verið lagðir fram sjö víxlar, sem allir eru í samræmi við málavaxtalýsingu sóknaraðilja, og hefur hann til þeirra lögformlega heimild, sbr. I. kafla laga nr. 93/1933.

Jafnframt hefur verið lagt fram tryggingarbréf, sem ætlað er að tryggja skilvísa greiðslu umræddra víxla.

Af málatilbúnaði sóknaraðilja verður ráðið, að hann byggir málssókn sína fyrst og fremst á tryggingarbréfinu sem slíku með stoð í víxlunum.

Í tryggingarbréfinu eru svofelld ákvæði: „Ef ég stend ekki í

skilum um greiðslu afborgana skuldar þessarar á réttum gjalddögum, telst hún öll í gjalddaga fallin", og „Mál út af skuld þessari eða veðsetningu má reka fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt fyrirmælum 17. kafla laga nr. 85/1936.".

Þrátt fyrir mótmæli varnaraðilja verður að líta svo á, að mál þetta eigi undir 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. ofangreint ákvæði, og verður ekki gegn andmælum varnaraðilja komið að öðrum vörnum en þeim, sem eiga þar undir.

Varnaraðili hefur ekki komið fram með neinar þær varnir, sem heimilt er að koma að í málum, sem rekin eru skv. 17. kafla einkamálalaga, og ber því að taka kröfur sóknaraðilja til greina að öllu leyti, enda eru þær í samræmi við framlögð skjöl og skilríki.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 101.000.

Kristjana Jónsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindur veðréttur fyrir dómkröfunum í bifreiðinni R 45412 er staðfestur. Varnaraðili, Bílaleigan Miðborg h/f, greiði sóknaraðilja, Guðmundi Jónassyni, kr. 475.000 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 7. janúar 1976 til greiðsludags, kr. 540 í bankakostnað og kr. 101.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 9. september 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 9. september, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Bókhlöðustíg 6 A og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A 1857/1976: Guðmundur Jónasson gegn Bílaleigunni Miðborg h/f.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 5461/1976. Nr. 1 fylgir með í eftirriti. Nr. 2 fylgir með í frumriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Skarphéðinn Þórisson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 475.000 með 2% mánaðarvöxtum frá 7. janúar 1976 til greiðsludags, kr. 540 í bankakostnað, kr. 101.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 3.000

fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér, og fyrir hann mætir að tilhlutan fógeta Guðbrandur Benediktsson, hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni R 45412, sem er Datsun 100A 1975. Staðfestur veðréttur er í umræddri bifreið. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað.

Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 1. júní 1977.

Nr. 15/1977. **Kristján Guðmundsson**
gegn
Stykkishólmshreppi
Skipasmíðastöðinni Skipavík h/f og
Samgönguráðherra f. h.
Samgönguráðuneytisins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Guðmundsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1977.

Nr. 37/1977. **Ámundi Ámundason**
gegn
Poul Vernon.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ámundi Ámundason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 1. júní 1977.

Nr. 63/1977. **Snorri Hjaltason**
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs í Kópavogi.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Snorri Hjaltason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 2. júní 1977.

Nr. 78/1977. **Halldór Vilhjálmsson**
gegn
Hreppsnefnd Fellahrepps
f. h. hreppsins og
Félagsmálaráðherra og
Fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.
Varnarþing. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr., 1. mgr., 1. tl. b, laga nr. 73/1975 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. maí 1976, sem Hæstarétti barst 13. s. m. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 27. apríl 1977, verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Hann krefst ekki kærumálskostnaðar.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Fallast má á það með héraðsdómara, að varnarþingsregla 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936 eigi við um sakarefni það, sem dæma skal um í máli þessu. Samkvæmt nefndu ákvæði ber sækjanda að höfða mál í þinghá, þar sem fasteign liggur, ef dómkröfur hans eru þess efnis, sem í ákvæðinu segir. Má hann því ekki kjósa, hvort hann sækir málið á því varnarþingi eða á heimilisvarnarþingi verjanda. Í 1. mgr. 81. gr. framangreindra laga er aðiljum einkamáls hins vegar veitt heimild til að semja um meðferð máls fyrir dómi í hvaða lögsagnarumdæmi og í hvaða þinghá sem er. Verður að skýra ákvæði þetta svo, að það taki einnig til mála þeirra, sem 1. mgr. 78. gr. fjallar um. Aðiljar hafa gagngert samið um, að

mál þeirra skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Með vísun til þessa ber að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar og dómsálagningar að nýju.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Með skírskotun til forsendna hins kærða frávísunardóms tel ég, að staðfesta beri hann.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 22. apríl sl., hefur Halldór Vilhjálmsson menntaskólakennari, Lagarfelli, Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. nóvember og 25. nóvember 1975, á hendur hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, Norður-Múlasýslu, og félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Af hálfu stefndu er sótt þing, og við þingfestingu var lögð fram yfirlýsing allra aðilja málsins þess efnis, að þeir væru sammála um að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu og að málið skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

„1) Viðurkennt verði með dómi, að ógild sé heimild félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps til þess að taka eignarnámi landareign stefnanda að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, ásamt tilheyrandi vatnsréttindum.

2) Ómerk verði dæmd meðferð matsmálsins: Fellahreppur, Norður-Múlasýslu, gegn Halldóri Vilhjálmssyni, fyrir matsnefnd eignarnámsbóta.

3) Allir stefndu, hreppsnefnd Fellahrepps f. h. Fellahrepps, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar til stefnanda í máli þessu."

Dómkröfunni samkvæmt 1) er beint að félagsmálaráðherra og Fellahreppi sameiginlega, en dómkröfunni undir 2) er beint að Fellahreppi einum.

Dómkröfur stefnda Fellahrepps eru þær, að hreppurinn verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Af hálfu stefndu félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru þær dómkröfur gerðar, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að verði litið svo á, að ákvörðun félagsmálaráðuneytisins um að samþykkja eignarnám Fellahrepps á landi stefnanda þyki of víðtæk að einhverju leyti, þá verði hún ekki dæmd ógild, nema að því er nákvæmlega þar tiltekin atriði varðar. Jafnframt er þá sú krafa gerð, að málskostnaður verði í þessu tilviki niður felldur.

Sáttaumleitanir hafa farið fram, en án árangurs.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, Halldór Vilhjálmsson, er eigandi landareignarinnar Lagarfells, Fellahreppi í Norður-Múlasýslu. Landareign þessi er u. þ. b. 22 hektarar að stærð og liggur miðsvæðis á Fljótsdalshéraði, nánar tiltekið á bökkum Lagarfljóts að norðanverðu, þar sem Lagarfljótsbrúin tengir saman Norður- og Suður-Múlasýslur. Vatnsréttindi í Lagarfljóti og Leginum fylgja landinu. Stefnandi á þarna sjálfur hús og hefur helgað sér nokkra lóð við það, auk þess telur hann sig hafa hug á að nota hluta landsins undir atvinnurekstur. Þá hefur hann selt og leigt nokkrar lóðir undir íbúðarhús og önnur mannvirki.

Í landareign stefnanda eru krossgötur. Þar mætast Austurlandsvegur og sýsluvegurinn austur Fellahrepp og upp í Fljótsdal. Aðalflugvöllur Austurlands, Egilsstaðaflugvöllur, er í nokkur hundruð metra fjarlægð, og Egilsstaðakauptún er í u. þ. b. tveggja km fjarlægð.

Land þetta tilheyrir Fellahreppi, en Fellahreppur hefur verið lýstur skipulagsskylt svæði, sbr. auglýsingu nr. 77 18. apríl 1963.

Með bréfi til félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. apríl 1972, fór hreppsnefnd Fellahrepps þess á leit við ráðuneytið, að það heimilaði hreppsnefndinni að taka landareign stefnanda eignarnámi skv. heimild í 27. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Með bréfi, dags. 13. febrúar 1973, samþykkti ráðuneytið, að hreppsnefnd Fellahrepps tæki fyrrgreinda landspildu eignarnámi.

Stefnandi heldur því fram, að hvorki hreppsnefnd Fellahrepps,

skipulagsstjórn né félagsmálaráðuneytið hafi leitað álits stefnanda á máli þessu, áður en eignarnám var heimilað. Hann hafi enga vitneskju fengið um eignarnámsheimildina fyrr en heilu ári eftir að hún var veitt, eða í febrúarmánuði 1974. Þá hafi formaður matsnefndar eignarnámsbóta tilkynnt honum um framkomna eignarnámsmatsbeiðni. Mál þetta var tekið fyrir í matsnefnd eignarnámsbóta 10. júlí 1974. Stefnandi lagði þá fram greinargerð, þar sem framgangi matsins var mótmælt og þess krafist, að málinu yrði vísað frá matsnefndinni. Við fyrirtekt málsins 26. maí 1975 hafnaði matsnefndin frávísunarkröfu stefnanda með bókun. Jafnframt samþykkti matsnefndin, að hreppsnefnd Fellahrepps fengi þá þegar umráð nokkurra lóða úr landi stefnanda, sbr. 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Hefur hreppsnefnd Fellahrepps sett bankaábyrgð að upphæð kr. 1.500.000 sem tryggingu fyrir væntanlegum bótum fyrir þessar lóðir.

Þá heldur stefnandi því fram, að við fyrirtekt málsins 26. maí 1975 hafi matsefnið allt í einu verið fært þannig til bókar, að það sé að halda áfram eignarnámsmati á landi Halldórs Vilhjálmssonar, Hlöðum við Lagarfljótsbrú, *ásamt tilheyrandi vatnsréttindum*. Segir hann, að skrifleg beiðni í þessa átt hafi ekki legið fyrir fyrr í málinu og orðun eignarnámsheimildar gefi ekki tilefni til slíkrar útvíkkunar matsefnisins. Með bréfi, dags. 7. júlí 1975, beindi matsnefnd eignarnámsbóta þeirri fyrirspurn til félagsmálaráðuneytisins, hvort skilja ætti eignarnámsheimild ráðuneytisins til Fellahrepps frá 13. febrúar 1973 þannig, að vatnsréttindi væru innifalin í samþykki ráðuneytisins. Í svarbréfi félagsmálaráðuneytisins, dags. 9. júlí 1975, sagði, að eignarnámsheimildin tæki til allra eignarréttinda á landspildu stefnanda, þar með talin vatnsréttindi. Stefnandi telur, að framangreind eignarnámsheimild, svo sem hún kemur fram í bréfi félagsmálaráðuneytisins til Fellahrepps, dags. 13. febrúar 1973, og skýrð í bréfi sama ráðuneytis til matsnefndar eignarnámsbóta, dags. 9. júlí 1975, sé andstæð lögum og því ógild. Enn fremur telur stefnandi, að meðferð eignarnámsmatsmálsins fyrir matsnefnd eignarnámsbóta á grundvelli framangreindra eignarnámsheimildar sé andstæð lögum og beri því að ómerkja meðferð málsins. Stefnandi byggir dómkröfur sínar aðallega á því, að það sé almenn regla íslensks réttar, að gefa beri væntanlegum eignarnámsþola kost á að gæta réttar síns, áður en ákvörðun um eignarnám er tekin eða heimild til eignarnáms veitt. Stefnanda hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig

um beiðni hreppsnefndar Fellahrepps, áður en leyfið var veitt. Þá telur hann fyrirliggjandi eignarnámsheimild of víðtæka, þar sem henni virðist ætlað að taka til vatnsréttinda, einkalóðar stefnanda og annarra lóða, sem búið sé að byggja á, seldra og leigðra, og lóða, sem stefnandi hafi sérstaklega óskað að halda eftir fyrir sjálfan sig.

Um dómkröfu 2) segir stefnandi, að af hálfu eignarnema hafi ekki verið gerð sú grein fyrir matsbeiðninni sem fyrir sé mælt í 4. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms. Fleiri atriði telur hann upp, sem hann telur eiga að valda því, að kröfu hans skv. þessum lið eigi að taka til greina.

Stefndu hafa andmælt þessum skoðunum stefnanda.

Yfirborgardómari úthlutaði málinu til dómara þess, er nú fer með það, þann 29. október sl. Málinu hefur síðan verið frestað til gagnaöflunar nokkrum sinnum að ósk aðilja málsins.

Þann 22. apríl sl. er bókað í þingbók, að með hliðsjón af 1. mgr. 108 gr. laga nr. 85/1936 gefi dómarinn aðiljum kost á að tjá sig um, hvort vísa eigi málinu frá dómi ex officio. Dómarinn benti í þessu sambandi aðiljum á ákvæði 1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936, sbr. dóm frá árinu 1970, bls. 297 í dómasafni Hæstaréttar.

Lögmaður stefnanda tók þá til máls og krafðist þess, að málinu yrði ekki vísað frá. Hélt hann því fram, að 1. mgr. 78. gr. laga 85/1936 ætti ekki við, þar sem hér væri ekki deilt um réttindi yfir fasteign. Sakarefnið félli ekki undir skilgreiningu greinarinnar. Hann lagði málið síðan í úrskurð eða dóm. Lögmenn stefndu lýstu því yfir, að þeir tækju undir sjónarmið stefnanda varðandi þennan þátt málsins og legðu málið í dóm eða úrskurð. Aðiljar kröfðust ekki málskostnaðar vegna þessa álitaefnis.

Álit dómsins.

1. mgr. 78. gr. laga nr. 85/1936 hljóðar svo: „Nú skal kröfur gera um dóm um réttindi yfir fasteign, innihald eða slit slíkra réttinda, eða um hluti skeytta við fasteign eða í, og skal það mál sækja í þinghá, þar sem fasteign liggur. Sameina má slíku máli kröfur, er af réttindum þessum eru risnar, enda þótt þær yrðu ekki einar sér sóttar á því varnarþingi."

Málsefni það, sem hér er til umfjöllunar, varðar sjálfan eignarréttinn yfir landareign stefnanda að Lagarfelli í Fellahreppi, Norður-Múlasýslu, sem best sést á því, að verði kröfur stefnanda ekki teknar til greina, er eignarráðum hans á þessu landi lokið. Kröfur stefndu eru á því byggðar, að eignarnám Fellahrepps á landinu sé viðurkennt. Af þessu leiðir, að ekki verður á annað

fallist en 1. mgr. 78. gr. eigi við um málsefnið. Eftir orðalagi ákvæðisins er það óundanþægt, og samkvæmt skýringum Hæstaréttar í dómi í XLI. bindi, bls. 297, á 81. gr. laga 85/1936 hér ekki við. Skiptir því ekki máli yfirlýsing aðilja um, að þeir séu því sammála, að málið skuli rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Það verður því niðurstaða máls þessa, að vísa eigi því frá dómi ex officio. Hver aðilja skal bera sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 2. júní 1977.

Nr. 61/1977. **Iðnvélar h/f**
gegn
Stálvirkjanum h/f.

Kærumál. Lausnargerð úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 12. apríl 1977, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 18/1949.

Hinn 2. nóvember 1976 var tekin fyrir í fógetarétti Reykjavíkur beiðni sóknaraðilja um kyrrsetningu á eignum varnaraðilja til tryggingar skuld varnaraðilja við hann. Í þingbók er skráð: „Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og

ábendingu mætts lýsti fógeti yfir löghaldi í eign gerðarþola: Torrent rennibekk, í gömlum rennibekk, vélsög, Taunus bifreið, árgerð 1970, R 38610 og sumarbústað í Vaðneslandi í Grímsnesi, sem er eign gerðarþola. Gerðinni verður haldið áfram og lokið á þeirri eign. . . . Gerðinni frestað."

Í greinargerð sóknaraðilja segir, að þess hafi verið óskað, að sýslumaðurinn í Árnessýslu héldi áfram kyrrsetningargerðinni, en af því hefur enn eigi orðið. Þá segir þar, að staðfestingarmál vegna kyrrsetningarinnar hafi verið þingfest 26. nóvember 1976, en því máli sé enn eigi lokið.

Hinn 24. mars 1977 fór varnaraðili þess á leit, að kyrrsetningin á sumarbústaðnum yrði felld niður, enda setti hann hæfilega tryggingu í hennar stað. Með hinum kærða úrskurði leysir fógeti kyrrsetningu af fyrrgreindum sumarbústað gegn sjálfsvörsluveði í nánar tilgreindu lausafé varnaraðilja.

Samkvæmt því, sem skráð var í fógetabók 2. nóvember 1976, verður ekki talið, að framangreindur sumarbústaður varnaraðilja hafi verið kyrrsettur í því þinghaldi. Af gögnum máls verður ekki ráðið, að gerðin hafi síðar verið til lykta leidd. Þar sem nefndur sumarbústaður hefur samkvæmt þessu ekki verið kyrrsettur, gat eigi komið til lausnargerðar að því er hann varðar. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að eigi verður séð, að lausafé það, sem varnaraðili bauð fram til tryggingar, hafi verið metið til fjár af Öryggiseftirliti ríkisins, svo sem í hinum kærða úrskurði segir.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 1. apríl 1977.

Þann 2. nóvember sl. var gert löghald m. a. í sumarbústað Stálvirkjans h/f, Skeifunni 5, Reykjavík, til tryggingar greiðslu

meintrar skuldar þess fyrirtækis við Iðnvélar h/f, Hafnarfirði, að upphæð ca kr. 4 milljónir auk vaxta og kostnaðar.

Með beiðni, er lögð var fram í fógetarétti Reykjavíkur þann 28. mars sl. fór gerðarþoli fram á niðurfellingu umræddrar kyrrsetningar gegn því að setja nægilega tryggingu skv. heimild í 13. gr. laga nr. 18/1949.

Trygging sú, er gerðarþoli býður fram, er I. veðréttur í vélum gerðarþola, sem geymdar eru í Borgarnesi, en þær eru Wilhelm Breitenboch önglavél, Junker hersluofn, Junker gasofn, Junker afglóðunarofn, tvær Kompschulte rafhúðunarvélar með spenni og 5 kerum, hreinsitromla og pökkunarvél.

Lögð hefur verið fram í réttinum matsgerð Öryggiseftirlits ríkisins frá 16. febrúar sl. Þar eru umræddar vélar metnar á kr. 17.170.000 á söluverði.

Gerðarþoli telur veð þetta ekki lakari tryggingu fyrir löghaldskröfunum en greindur sumarbústaður og bendir auk þess á, að hann sé reistur á landi, sem gerðarþoli hafi ekki umráð yfir, hvorki eignarrétt né leigurétt.

Gerðarbeiðandi hefur skilað greinargerð í málinu, þar sem hann hefur gert þær réttarkröfur, að synjað verði um umbeðna lausnargerð og sér verði dæmdur málskostnaður að mati fógeta.

Gerðarbeiðandi mótmælir því algerlega, að vélar þessar séu nokkurs virði, og heldur því fram, að þær séu 15—20 ára gamlar, úreltar og ónýtar og geti ekki selst fyrir nokkurt verð á uppboði.

Hann kveðst hafa talið sig hafa einnig löghaldsrétt í lóðarréttindum umrædds sumarbústaðar. Ef svo sé ekki, telur hann augljóst, að löghaldskrafa sín sé ekki nægilega tryggð, og gerir þær kröfur, að löghaldsgerðinni frá 2. nóvember verði nú haldið áfram í öðrum eignum gerðarþola, til að kröfur sínar séu að fullu tryggðar.

Í 13. gr. laga nr. 18/1949 eru ákvæði um, að trygging af hálfu gerðarþola afstýri löghaldi og jafnskjótt sem nægileg trygging sé fram boðin, skuli fella niður þegar gert löghald. Reiðufé, veð eða ábyrgð eru meðal þess, sem metið er gild trygging, ef verðgildið er nægilegt. Í 12. gr. sömu laga, 2. mgr., segir, að fógeti meti eða láti meta tryggingu, ef með þurfi.

Af greinum þessum þykir mega ályktа, að ákvæði 4. gr. sömu laga um virðingar votta og virðingarmanna gildi ekki um mat á tryggingu af hálfu gerðarþola.

Hefur fógeti því frjálsar hendur um, hvernig hann hagar mati þessu.

Nú liggur frammi í réttinum matsgerð á vélum í eigu gerðarþola frá Öryggiseftirliti ríkisins, dagsett 16. febrúar 1977, en hún er gerð fyrir Iðnlánasjóð í Reykjavík. 1. veðréttur véla þessara er boðinn fram af hálfu gerðarþola sem trygging, en vélarnar allar eru metnar á kr. 17.170.000. Löghaldskröfurnar eru ca 5 milljónir, en auk umrædds sumarbústaðar er löghald í tveimur rennibekkjum, vélsög og bifreið fyrir sömu kröfum, þannig að ásamt löghaldi í þessum hlutum verður að telja 1. veðrétt í þessum vélum nægilega tryggingu.

Krafa gerðarbeiðanda um málskostnað er ekki tekin til greina.

Ólafur Sigurgeirsson, fulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lausnargerð skal ná fram að ganga gegn 1. veðréttartryggingu í Wilhelm Breitenboch önglavél, Junker hersluofni, Junker gasofni, Junker afglóðunarofni, tveimur Kompschulte rafhúðunarvélum með spenni og 5 kerjum, hreinsitromlu og pökkunarvél, sem allar eru í Borgarnesi í eigu gerðarþola, allt á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 3. júní 1977.

Nr. 202/1976. **Ármannsfell h/f**
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík.

Synjað um frest. Mál fellt niður.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Er mál þetta kom fyrir dóm hinn 1. þ. m., óskaði áfrýjandi eftir fresti í málinu til októbermánaðar næstkomandi til að ljúka gerð ágrips og ganga frá greinargerð. Til vara krefst

hann þess, að veittur verði annar skemmri frestur í þessu skyni.

Stefndi synjar um frekari frest í málinu og krefst þess, að málið verði fellt niður og áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti í desembermánuði 1976, og var því þá frestað til marsmánaðar 1977. Síðan hefur áfrýjandi þrisvar fengið málinu frestað. Fram er komið, að áfrýjandi pantaði dómsgerðir hinn 25. apríl 1977, og voru þær tilbúnar til afgreiðslu hinn 29. s. m.

Telja verður, að áfrýjandi hafi þegar haft nægilegan frest til að ljúka gerð ágrips. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að fella málið niður að kröfu hans og dæma áfrýjanda til að greiða honum 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Alyktarorð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, Ármannsfell h/f, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. júní 1977.

Nr. 94/1976. **Guðjón Styrkársson**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Auðuni Benediktssyni
(Haukur Jónsson hrl.).

Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Guðmundur Jónsson borgardómari.

Sigurður Briem Jónsson, fulltrúi sýslumanns í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. maí 1976. Krefst hann þess, að hin umbeðna innsetningargerð nái fram að ganga og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, fór stefndi 10. mars 1976 til Raufarhafnar, þar sem vélbáturinn Jóhanna Kristín, ÞH 51, lá við bryggju. Tók hann bátinn og lét draga hann til Kópaskers. Meðal gagna máls er bréf frá Stefáni Tryggvasyni, lögregluvarðstjóra á Raufarhöfn, til lögmanns stefnda í héraði, dags. 29. mars 1976, og segir þar m. a.:

„Miðvikudaginn 10/3 1976 kom hér á Raufarhöfn Auðunn Benediktsson, Kópaskeri, og kvaðst ætla að taka bát sinn, Jóhönnu Kristínu, ÞH 51, er lægi hér við bryggju, bað hann mig að votta, hvað hann tæki með bátnum, og fylgir listi yfir það hér með.

Auðunn kvaðst vera skráður eigandi að bátnum, sem ég sannreyndi á skrifstofu sýslumanns á Húsavík . . . . .

Báturinn er búinn að vera í hirðuleysi hér í vetur, og hefur enginn sinnt um hann, nema að ég veit, að hann hefur verið ausinn, til þess að hann héldist á floti. Er við komum

að honum, var sjór upp á miðja vél, stýrishús og lúgar var læst, en allt í frekar miklu reiðileysi þar, snjór var nokkuð mikill í bátnum."

Af hálfu stefnda er fullyrt, að báturinn og ýmis tæki hans hafi legið undir skemmdum og verið umhirðulaus. Hafi því verið full nauðsyn fyrir hann að taka bátinn í sínar vörslur til að forða honum frá eyðileggingu.

Í máli þessu heldur stefndi því fram, að kaupsamningur sá, er aðiljar gerðu 2. maí 1975 um vélbátinn Jóhönnu Kristínu, ÞH 51, sé úr gildi fallinn vegna vanefnda áfrýjanda. Hefur hann og tilkynnt áfrýjanda, að samningnum sé rift. Ekki hefur verið skorið úr ágreiningi þessum, en úrlausn hans ber eigi undir fógeta. Eins og hér stendur á, þykir réttur áfrýjanda til að fá nefndan vélbát afhentan eigi svo ótvíræður, að skilyrði séu til að afhenda honum bátinn með innsetningargerð. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Þingeyjarsýslu 14. apríl 1976.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Guðjóns Styrkárssonar, Snekkjuvogi 15, Reykjavík, er þess krafist, að honum verði með innsetningargerð fengin umráð vélbátsins Jóhönnu Kristínar, ÞH 51, Kópaskeri. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli, Auðunn Benediktsson, Kópaskeri, hefur mótmælt því, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga. Hann hefur krafist málskostnaðar sér til handa.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 9. apríl 1976.

Í máli þessu liggur fyrir sem dómsskjal nr. 2 kaupsamningur aðilja máls þessa, dags. 2. maí 1975 á þessa leið:

„Við undirritaðir, Auðunn Benediktsson, Kópaskeri, N-Þing., — hér nefndur seljandi, — og Guðjón Styrkársson, Snekkjuvogi

15, Reykjavík, — hér nefndur kaupandi, — gerum hér með svofelldan

kaupsamning:

1. gr.

Seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa vélbátinn Jóhönnu Kristínu, ÞH-51, í því ástandi sem báturinn er nú í og kaupandi hefur kynnt sér og sættir sig við að öllu leyti.

Nafn bátsins og skráningarnúmer fylgir ekki í sölunni.

2. gr.

Innifalið í kaupum þessum, samkvæmt 1. gr., eru föst tæki og nokkur veiðarfæri bátsins og þar af nánar tiltekið milli 80 og 90 grásleppunet. Að því leyti og öðru er fylgifé bátsins samkvæmt venju, og hefur kaupandi kynnt sér það og sættir sig við það að öllu leyti, — allt í því ástandi sem það er nú í eftir notkun seljanda. En net hreinsuð.

Ef talstöð er í bátnum, fylgir hún honum, en er undanskilin í þessum kaupum að svo miklu leyti sem hún kann að vera eign Landssíma Íslands.

3. gr.

Umsamið kaupverð er kr. 6.500.000.00, — sex milljón og fimmhundruð þúsund krónur 00/100, — sem greiðist þannig:

a) Kaupandi samþykkir víxil með gjalddaga 1. júní 1975 .... kr. 1.000.000.00
Inní víxil þennan skulu innreikn. víxilvextir (16%) frá 1. maí '75 til gjalddaga .... — 13.333.33
Víxillinn verður þannig samt. ..... — 1.013.333.00

Kaupandi greiðir við undirskrift þessa samnings fastan kostnað vegna endursölu víxilsins, þannig:

Stimplun (0.4%)	kr. 2.430.00
Umsjón	— 4.052.00
	Kr. 6.482.00

b) Kaupandi samþykkir víxil með gjalddaga 1. október 1975 .... kr. 1.000.000.00
Inní þennan víxil skulu innreiknaðir víxilvextir (16%) frá 1. maí '75 til gjalddaga .. — 66.666.65
Víxillinn verður þannig samtals ..... — 1.066.666.00

Kaupandi greiðir við undirskrift þessa samnings fastan kostnað vegna endursölu víxilsins, þannig:

Stimplun	kr. 2.550.00
(0.4%)	
Umsjón	— 4.264.00
	Kr. 6.814.00

Framangreindir víxlar skulu afhentir seljanda við undirskrift þessa samnings sem Útborgun kr. 2.000.000.00 með áðurgreindum vöxtum vegna gjalddaga 1.6. og 1.10. '75 viðbættum greiddum kostnaði.

c) Kaupandi tekur við frá og með 2. maí 1975 áhvílandi lánum, veðskuldum, sem hvíla á hinum selda báti og þar með töldum vanskilum þeirra lána, — allt samkvæmt nánari útreikningi við útgáfu afsals. Yfirtaka þessi er áætluð þannig: Á 1. veðr. kr. 805.000.00 við Fiskv.sj. Vanskil ca. 230.000.00. Á 2. veðr. kr. 650.000.00 við handh.

(S.fj.) Vanskil ..	ca. kr. 130.000.00	
Á 3. veðr.	— 380.000.00	við Byggðasjóð
	kr. 1.835.000.00	
ca. + ...	— 360.000.00	vanskil

Beðið er framlagningar veðbókarvottorðs og staðfestingar lánardrottna á eftirstöðvum og vanskilum yfirtekinna skulda.

Yfirteknar skuldir samtals ca. kr. 2.200.000.00.

d) Eftirstöðvar kaupverðsins ca. kr. 2.300.000.00 greiðir kaupandi gegn afsali með útgáfu 6 eða fleiri veðskuldabréfa, sem endurgreiðast á næstu 8 árum með eftiráteknum 12% ársvöxtum. Þessir vextir breytist hlutfallslega til samræmis við hugsanlegar vaxtabreytingar (Seðlabankans) á lánstímanum. Vextir reiknast frá 1. maí 1975. Bréfin skulu tryggð með veði í hinum selda báti næst á eftir framantöldum áhvílandi skuldum og jafnframt með sjálfskuldarábyrgð kaupanda Guðjóns Styrkárssonar. Heildarkaupverð samtals kr. 6.500.000.00.

e) Sú upphæð, sem kaupandi kann að greiða vegna vanskila áhvílandi lána, sbr. 3. gr. c), lækkar upphæð útgefinna veðskuldabréfa hans skv. 3. gr. d) um það, sem nemur því, sem kaupandi borgar með peningum til uppgjörs á þessum vanskilum. Samkomulag er um, að samningsaðilar reyni að ná samningum við Fiskveiðasjóð um breytingu á vanskilum við hann í áframhaldandi lán án borgunar (framlengingu afb. + vaxta). Hið sama verði reynt við 2. veðr.hafa.

4. gr.

Afhendingardagur alls hins selda er 2. maí 1975 og afhendingarstaðurinn Kópasker í N-Þingeyjarsýslu. Þá og þar er kaupanda eða umboðsmanni hans ætlað að veita hinu keypta viðtöku, en verði dráttur á því, skal seljandi annast vörzlu þess, þar til kaupandi getur sótt það. Dragist afhending umfram nefndan afhendingardag, er hið selda alfarið á ábyrgð kaupanda og það þrátt fyrir vörzlur seljanda, sem þó skal gæta þess eins og eigin eignar.

Frá 2. maí 1975 telst hið selda afhent kaupanda samkvæmt framanskráðu, enda tekur hann frá og með þeim degi að greiða af því alla skatta og skyldur, þ. m. t. áhvílandi tryggingaiðgjöld, — og hirðir arð þess frá sama tíma.

5. gr.

Jafnhliða afhendingu/viðtöku hins selda/keypta skal kaupandi eða umb.m. hans leggja fram skilríki til staðfestingar því, að kaupandi hafi sérstaklega tryggt hið keypta fyrir öllu tjóni í næstu 3 mánuði.

Bótaupphæð samkvæmt síðastnefndu verði miðuð við kr. 6.500.000.00 hámarksbætur.

6. gr.

Þegar kaupandi og seljandi hafa uppfyllt skilmála 1. gr. til og með 5. gr. þessa samnings að öllu leyti, þá skal seljandi gefa út afsal fyrir hinu selda til kaupanda jafnhliða því, að kaupandi gefur út skuldabréf skv. 3. gr. d) til seljanda. Útgáfa afsals og veðskuldabréfa skal fara fram samkvæmt hérgreindu eigi síðar en 15. júní 1975. Jafnframt skal kaupandi þá leggja fram umskráningu bátsins, sem verður tilgreind í afsalinu.

Kaupandi greiðir þinglýsingu, stimplun og allan annan kostnað við víxla, skuldabréf eða önnur verðbréf og afsal vegna þessara kaupa. Til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð í votta viðurvist.

Reykjavík 2. 5. 1975
Guðjón Styrkársson
Stefán Valgeirsson
skv. umboði,
f. h. seljanda.

Vottar:
Þorvaldur Einarsson
Fjóla Magnúsdóttir"

Gerðarbeiðandi skýrði svo frá, að hann hefði tekið við umráðum bátsins strax við undirskrift kaupsamningsins. Hinn 10. mars sl. hafi gerðarþoli, Auðunn Benediktsson, farið til Raufarhafnar, þar sem vélbáturinn Jóhann Kristín lá við bryggju, en þar á staðnum rekur gerðarbeiðandi matsölu- og gistihús. Hafi gerðarþoli fengið lykil að bátnum afhentan hjá starfsmanni gerðarbeiðanda og tekið bátinn í sínar vörslur án vitundar og samþykkis gerðarbeiðanda og farið með hann til Kópaskers.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa greitt kr. 1.000.000 í peningum samkv. ákvæðum kaupsamningsins og afhent víxla að fjárhæð kr. 1.000.000, sem gerðarþoli hafi höfðað mál til innheimtu.

Hinn 31. mars hafi svo gerðarþoli tilkynnt gerðarbeiðanda, að hann teldi kaupsamninginn frá 2. maí 1975 fallinn úr gildi og hann hygðist stefna gerðarbeiðanda til riftunar samningsins og til greiðslu vanefnda- og skaðabóta. Þessu hafi gerðarbeiðandi mótmælt með símskeyti 1. apríl sl. Gerðarbeiðandi bendir á, að samkvæmt 3. gr., e lið, kaupsamningsins sé samkomulag með aðiljum að reyna að ná samningum við Fiskveiðasjóð Íslands um breytingu á vanskilum við hann í áframhaldandi lán án borgunar og sama hafi gilt um 2. veðréttar lánið á bátnum, en þessi vanskil hafi verið áætluð kr. 360.000. Í kaupsamningnum sé svofellt ákvæði ritað á spássíu: „Beðið er framlagningar veðbókarvottorðs og staðfestingu lánardrottna á eftirstöðvum og vanskilum yfirtekinna skulda."

Þessara upplýsinga hafi gerðarþoli ekki aflað og ekki heldur staðið við ákvæði 3. gr., e liðar, samningsins og þess vegna hafi gerðarbeiðandi ekki getað gefið út skuldabréf að fjárhæð ca kr. 2.300.000 samkvæmt 3. gr., d lið, samningsins. Kveðst gerðarbeiðandi reiðubúinn til að inna af hendi allar greiðslur samkvæmt kaupsamningnum, þegar gerðarþoli hafi efnt sínar samningsskyldur.

Gerðarbeiðandi kveðst hafa verið löglegur vörslumaður bátsins samkvæmt kaupsamningnum frá 2. maí 1975 og það athæfi gerðarþola að taka bátinn sé gertæki, er varði við 260. gr. almennra hegningarlaga.

Skilyrði riftunar kaupsamningsins sé ekki fyrir hendi. Hugsanlegar vanefnir af sinni hálfu skipti ekki máli, enda verði dómstólar að fjalla um það, hvort riftun kaupsamningsins hafi verið heimil í væntanlegu riftunarmáli.

Gerðarþoli byggir mótmæli sín gegn innsetningargerðinni á eftirgreindum meginatriðum:

a) Kaupsamningurinn frá 2. maí 1975, sem gerðarbeiðandi hyggist byggja innsetningu sína á, hafi verið verulega vanefndur af honum og hafi nú verið rift.

b) Báturinn o. fl. honum fylgjandi hafi verið umhirðulaust og undir skemmdum, þar sem gerðarbeiðandi hafi skilið við hann, og hafi gerðarþoli þegar orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni og óþægindum af völdum gerðarbeiðanda.

c) Gerðarþoli hafi tekið bátinn sem löglega og þinglýsta eign sína og haldi þeirri eign enn sem slíkur, en væntanlegt dómsmál muni skera endanlega úr ágreiningsefnum þessara aðilja.

Gerðarþoli skýrir svo frá, að gerðarbeiðandi hafi greitt fyrri helming útborgunar samkvæmt kaupsamningum, treglega, en síðari hluta hennar hafi hann alls ekki borgað. Gerðarbeiðandi hafi aldrei lagt fram skilríki fyrir tryggingu á hinu keypta og aldrei uppfyllt það skilyrði kaupsamningsins, en slík trygging hafi verið veruleg forsenda fyrir afhendingu og vörsluskiptum á bátnum og fylgifé hans.

Gerðarbeiðandi hafi aldrei gert reka að samningum eða uppborgun á vanskilaskuldum hinna yfirteknu lána, er á bátnum hvíldu, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli umboðsmanns gerðarþola. Sé nú svo komið, að nauðungaruppboð á bátnum hafi verið auglýst vegna þessara vanskila.

Útgáfa veðskuldabréfa sér til handa fyrir eftirstöðvum kaupverðsins, sem skyldi fara fram jafnhliða afsali eigi síðar en 15. júní 1975, hafi verið vanefnd. Bendir gerðarþoli enn fremur á, að gerðarbeiðandi hefði átt að eiga frumkvæði sem kaupandi að reyna að ná samkomulagi við Fiskveiðasjóð og 2. veðréttarhafa skv. 3. gr., e lið, samningsins, en umboðsmaður sinn átti að vera til aðstoðar, ef þurfa þætti, enda hafi veðbókarvottorð fyrir bátinn legið fyrir 1—2 dögum eftir að kaupsamningurinn var undirritaður.

Kveðst gerðarþoli hafa sýnt óvenjulega biðlund gagnvart gerðarbeiðanda, en þegar fullreynt hafi verið, að gerðarbeiðandi mundi ekki bæta úr vanefndum sínum á kaupsamningnum, og fyrir hafi legið, að báturinn hafi legið undir skemmdum á Raufarhöfn, þá hafi hann verið knúinn til tafarlausra aðgerða til að gæta lögmætra hagsmuna sinna.

Kveðst hann því hafa farið gagngert til Raufarhafnar til að staðreyna umhirðu og ástand bátsins. Báturinn hafi reynst vera umhirðulaus, vélvana og ýmis tæki hans skemmd eða ónýt. Kveðst gerðarþoli hafa fengið lykla að stýrishúsi bátsins afhenta

hjá manni þar á staðnum, starfsmanni gerðarbeiðanda, og tjáð honum, að hann væri kominn til að taka eignir sínar þar á staðnum vegna vanefnda gerðarbeiðanda á kaupsamningnum. Voru honum afhentir lyklarnir athugasemda- og mótmælalaust. Var báturinn síðan dreginn til Kópaskers, þar sem hann var ógangfær. Kveðst gerðarþoli telja, að vegna verulegra vanefnda gerðarbeiðanda væri kaupsamningurinn frá 2. maí 1975 niður fallinn, og hafi gerðarbeiðanda verið tilkynnt það og riftun áréttuð með símskeyti til gerðarbeiðanda 31. mars 1976.

Niðurstaða.

Það verður ekki fallist á það, að það út af fyrir sig sé innsetningarástæða, þótt gerðarþoli hafi tekið sér þann rétt, sem hann þóttist eiga, er hann tók bátinn í sínar vörslur hinn 10. mars sl. Það verður að athuga, hver staða gerðarþola var gagnvart gerðarbeiðanda, er hann tók bátinn upp á sitt eindæmi, og enn fremur hver afstaða hans var, er mál þetta er tekið til úrskurðar.

Gerðarþoli seldi gerðarbeiðanda vélbátinn Jóhönnu Kristínu, ÞH 51, með kaupsamningi 2. maí 1975 fyrir kr. 6.500.000, og fékk gerðarbeiðandi bátinn afhentan sama dag eða nokkrum dögum seinna. Kaupsamningnum var ekki þinglýst. En samkvæmt honum átti gerðarbeiðandi að fá afsal fyrir bátnum eigi síðar en 15. júní 1975 að fullnægðum skilmálum þeim, sem í kaupsamningnum greinir.

Gerðarbeiðandi greiddi fyrri afborgunina, víxil, með gjalddaga 1. júní 1975, að fjárhæð kr. 1.000.000, ásamt vöxtum og kostnaði, en hefur vanefnt aðrar greinar kaupsamningsins, svo sem hér greinir:

1. Hann hefur eigi greitt víxil þann, er féll í gjalddaga 1. október 1975, að fjárhæð kr. 1.000.000, skv. b lið 3. gr. kaupsamningsins.

2. Hann hefur eigi efnt samningsskyldu sína um að standa skil á láni hjá Fiskveiðasjóði Íslands, tryggðu með 1. veðrétti í bátnum, með þeim afleiðingum, að búið er að auglýsa bátinn til sölu á nauðungaruppboði.

3. Hann hefur ekki greitt tryggingariðgjöld af bátnum eða lagt fram skilríki þau fyrir tryggingu, er um getur í 5. gr. kaupsamningsins.

4. Vanskil gerðarbeiðanda hafa haft það í för með sér, að hann hefur eigi gefið út samkvæmt 3. gr., d lið, kaupsamningsins

skuldabréf til gerðarþola að fjárhæð ca kr. 2.300.000 tryggð með veði í bátnum.

Fógeti lítur svo á, að vanefndir gerðarbeiðanda á kaupsamningnum, er hér hafa verið raktar, séu það miklar, að hann eigi ekki rétt á að fá bátinn afhentan með innsetningargerð, enda þótt eftir sé að ljúka skiptum aðilja vegna riftunar á kaupunum að öðru leyti, enda verða deilur aðilja um reiknings- og skuldaskil eigi bornar undir fógetarétt.

Þegar á allt þetta er litið, þykir ekki rétt að telja, að grundvöllur sé fyrir innsetningu með beinni fógetagerð.

Málskostnaður fellur niður.

Því úrskurðast:

Umbeðin innsetningargerð skal ekki fara fram.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1977.

Nr. 30/1976. **Andvari h/f**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni
f. h. Ernst J. Rüdig GmbH
(Jón Sigurðsson hrl.).

Lausafjárkaup. Afturköllun pöntunar. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. febrúar 1976. Eru kröfur hans þessar: „. . . að málinu sé vísað frá héraðsdómi . . . Þá er krafist sýknu . . . Í báðum tilvikum er krafizt málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti . . .“

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eigi eru efni til að sinna kröfu áfrýjanda um vísun málsins frá héraðsdómi.

Aðiljar eru sammála um, að íslenskum lögum verði beitt um lögskipti þeirra, sem um ræðir í málinu.

Samkvæmt gögnum máls er sannað, að framkvæmdastjóri áfrýjanda pantaði vörur þær, sem málssóknin lýtur að, hjá stefnda hinn 16. október 1972. Áfrýjandi staðhæfir, að framkvæmdastjóri hans hafi síðar sama dag afpantað vörurnar og hafi verið á það fallist af hálfu stefnda. Þessu andmælir stefndi gagngert, en hann viðurkennir, að framkvæmdastjórinn hafi rætt við sig að nýju þennan dag um aðra þætti málsins. Staðhæfing áfrýjanda um afturköllun pöntunarinnar er eigi studd haldbærum gögnum, og telst hún ósönnuð. Stefnufjárhæð er í samræmi við afhendingu vara samkvæmt ofangreindum samningi, og er fjárhæðinni eigi andmælt tölulega. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því undanteknu, að ársvextir af fjárhæðinni reiknast 9% frá 23. október 1972 til 16. maí 1972, en upphafstímamarki vaxta er eigi andmælt.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 50.000 krónur.

Það athugast, að formaður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur háði einn nokkrum sinnum dómþing í máli þessu án þess að kveðja til dómsetu með sér sjó- og verslunardómsmenn, þ. á m. dómþing 23. apríl 1974, er dómsskýrsla var tekin af framkvæmdastjóra áfrýjanda.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir reiknast 9% frá 23. október 1972 til 16. maí 1973.

Áfrýjandi, Andvari h/f, greiði stefnda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ernst J. Rüdig GmbH, 50.000 króna málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 9. desember 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. þ. m., er höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. nóvember 1973.

Stefnandi málsins er Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður f. h. Ernst J. Rüdig GmbH í borginni Willich í Vestur-Þýskalandi.

Stefndi er Andvari h/f, Reykjavík.

Stefnandi gerir nú þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum DM 1.347.50 með 10% ársvöxtum frá 23. okt. 1972 til 16. maí 1973, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Ítrekaðar sáttaumleitanir af hálfu dómsins hafa ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. október 1972 var framkvæmdastjóri stefnda, Ragnar Gunnarsson, staddur á svokallaðri Spogavörusýningu í Köln í Vestur-Þýskalandi. Fyrirtækið Ernst J. Rüdig GmbH hafði sýningarbás á vörusýningu þessari, og þangað fór Ragnar og undirritaði f. h. stefnda vörupöntun. Því er haldið fram af stefnanda, að vörur þessar hafi síðan verið afgreiddar til alþjóðlegs flutningafyrirtækis í Köln hinn 18. október 1972, en varan hafi síðan verið flutt með m/s Dettifossi til Reykjavíkur samkvæmt farmskírteini, sem útgefið var í Hamborg 8. des. 1972.

Stefndi hefur neitað að taka við vörunum. Hefur Ragnar Gunnarsson haldið því fram, að hann hafi afturkallað pöntunina munnlega innan klukkustundar frá því að hann undirritaði hana. Við það hefur stefnandi ekki viljað kannast. Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

Þegar Ragnar Gunnarsson kom heim til Íslands, ritaði hann f. h. stefnda bréf til stefnanda, dagsett 19. október 1972. Þar segir svo í íslenskri þýðingu:

„Vér vísum til samræðna vorra hinn 16. þ. m. á kaupstefnunni

í Spoga, en árangur þeirra var sem hér segir: Vér munum fá frá yður fullkominn verðlista yfir framleiðslu yðar ásamt með vöruskrá. Pöntun 8676 á sýnum sendið þér ekki af stað fyrr en vér sendum yður skriflega staðfestingu. Vér væntum þess að fá verðlista yðar og vöruskrá sem fyrst og munum skrifa yður á eftir varðandi sýni og/eða pöntun af birgðum."

Stefnandi ritaði stefnda bréf, sem dagsett er 27. okt. 1972. Þar segir m. a. í íslenskri þýðingu:

„Fyrst vildum vér þakka yður kærlega fyrir bréf yðar frá 19. 10. 1972, þó að það stangist algerlega á við pöntun yðar, sem þér gerðuð á SPOGA 1972. Fyrst er að nefna þá staðreynd, að þér undirrituðuð hjá okkur pöntun á sýnishornasendingu, og frá henni viljum við undir engum kringumstæðum víkja. Hvort þessi fyrsta pöntun getur leitt til varanlegrar samvinnu okkar, mun koma í ljós, þegar þér látið okkur vita, hvort þér hafið hug á að taka að yður einkaumboð á Íslandi fyrir framleiðsluvörur okkar.

P.S. Eins og um var rætt, hafa sýnishornin verið send yður, og við biðjum yður mjög að taka við þessari sýnishornasendingu og að borga hana."

Ofangreindu bréfi stefnanda svaraði Ragnar Gunnarsson f. h. stefnda með bréfi, dagsettu 6. nóvember 1972, en í því segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„Að því er varðar pöntunina, sem gerð var á Spoga vörusýningunni, vildum við minna yður á, að sama daginn og pöntunin var gerð kom bréfritari aftur í bás yðar og beiddist þess, að sýnishornapöntunin yrði ekki send fyrr en eftir að þér hefðuð fengið skrifleg fyrirmæli um það. Samþykkti fulltrúi yðar það. Hugmyndin varðandi þetta er, að ekki er nauðsynlegt að senda sýnishornapöntun þessa á sýnishornaverði, ef við mundum láta undirbúa pöntun á meira magni. Þess vegna biðjum við yður að senda sýnishornin ekki, en að senda okkur útflutningsverðskrá, þannig að við getum ákveðið um pöntun, og endurtökum við, að þetta er nákvæmlega í samræmi við umræðurnar, sem fram fóru milli bréfritara og fulltrúa yðar á Spoga vörusýningunni."

Allumfangsmikil bréfaskipti urðu síðan milli aðilja málsins, þar sem hvor um sig hélt fast við fyrri staðhæfingar. Ekki er ástæða til að rekja efni þeirra bréfa.

Ragnar Gunnarsson hefur hér fyrir dómi hinn 23. apríl skýrt svo frá, að hann sé eigandi að meiri hluta hlutabréfa í Andvara h/f og formaður stjórnar og framkvæmdastjóri félagsins. Hann kveðst hafa lokið Samvinnuskólaprófi og lært þar þýsku. Hann

hefur stórsöluleyfi. Hann kveðst hafa undirritað áðurgreinda pöntun á vörusýningunni og fékk afrit af pöntuninni. Hann kveðst hafa rætt þar við starfsmann stefnanda. Hafi þeir rætt saman á ensku. „Áður en klukkutími var liðinn frá ofangreindu samtali, kom ég aftur í sýningarbás stefnanda. Hafði ég þá hugleitt málið og komist að þeirri niðurstöðu, að þar sem ég væri búinn að sjá umræddar vörur með eigin augum og skoða þær í básnum, væri ónauðsynlegt eða ástæðulaust fyrir mig að láta senda sýnishorn af þessum vörum, vegna þess að þær yrðu með því móti dýrari í innkaupi og dýrari í flutningi. Kom ég þá að máli við sama mann og ég talaði við áður, og fór samtalið enn fram á ensku. Skýrði ég honum frá niðurstöðunni og óskaði eftir því, að pöntunin yrði ekki send, en yrði væntanlega hluti af pöntun, sem yrði síðar gerð bréflega, ef okkur semdist um verð. Þetta var ekki langt samtal, en viðmælandi minn samþykkti þessi tilmæli mín eftir að hafa látið í ljós þá skoðun sína, að þetta væri ekki rétt ráðið hjá mér. Ég er þess fullviss, að enginn misskilningur var okkar á milli um það, að í þessu síðara samtali afturkallaði ég pöntunina. Ég fór ekki fram á það að fá afhent til baka hina skriflegu pöntun, sem ég hafði áður undirritað, en ég tók hina munnlegu yfirlýsingu hans um það, að hann samþykkti afturköllunina, gilda, enda reiknaði ég þá með, að um viðskipti yrði að ræða á milli stefnanda og stefnda í framtíðinni."

Í þinghaldi 19. júní 1974 kvað dómurinn upp úrskurð þess efnis, að aðiljum væri gefinn kostur á öflun frekari gagna, m. a. um það, hvenær stefnandi afhenti vörurnar til flutningsmanns. Þá var fyrirsvarsmanni stefnanda, Ernst J. Rüdig, gefinn kostur á að gefa skýrslu fyrir dómi um málsatvik. Varð það til þess, að Ernst J. Rüdig undirritaði hinn 28. maí 1975 skýrslu fyrir skjalaritara í Viersen (Notar in Viersen), en í skýrslunni segir m. a. svo í íslenskri þýðingu:

„1) Afturkallaði hr. Gunnarsson pöntun sína á Spogakaupstefnunni 1972 samkvæmt umboði h/f Andvara?

Um þetta fullyrði ég, að eftir að hr. Gunnarsson hafði gert pöntun sína á Spoga þann 16. 10. 1972, sem hann hafði samið um við mig persónulega, kom hann einungis aftur til að skýra frá því, að hann myndi athuga, hvaða verð yrði um að ræða á Íslandi. Hann spurði jafnframt, hvort unnt yrði að leiðrétta verðið (eða: hagræða verðinu — þýð). Um verð átti ekki að ræða fyrr en vörusýnishorn hefðu verið send og markaðurinn kannaður á Íslandi. Þá könnun átti hr. Gunnarsson eða h.f. Andvari að

annast, eftir að vörusýnishornin hefðu borizt. Um afturköllun pöntunarinnar var ekki rætt á kaupstefnunni sjálfri.

2) Hvenær var varan afgreidd og send af Fa. Ernst J. Rüdig GmbH?

Um þetta atriði lýsi ég því yfir, að Fa. Rüdig afhenti vöruna flutningamiðli þann 18. 10. 1972. Það var ekki fyrr en eftir að Fa. Rüdig hafði afgreitt og sent vöruna, að h.f. Andvari afturkallaði pöntunina með bréfi frá 19. 10. 1972, sem barst okkur þann 24. 10. 1972. Þessu mótmæltum við með bréfi frá 27. 10. 1972, en þá var varan ekki lengur undir okkar þaki. Mér er ókunnugt um ástæðurnar fyrir því, að farmbréf og hleðsluskýrteini voru ekki gefin út fyrr en 8. 12. 1972. Það er auk þess innan ábyrgðarsviðs flutningamiðils og utan ábyrgðarsviðs Fa. Ernst J. Rüdig GmbH.

3) Að lokum lýsi ég því eindregið yfir, að ég er því samþykkur, að málið verði útkljáð af dómstóli þeim í Reykjavík, sem aðsetursstaður stefnda heyrir undir."

III.

Kröfu sína í málinu styður stefnandi þeim rökum, að Ragnar Gunnarsson hafi undirritað hina margnefndu pöntun. Vörur samkvæmt pöntuninni hafi verið sendar stefnda, en afturköllun stefnda á pöntuninni hafi ekki komið fyrr en stefnandi hafði afgreitt vörurnar frá sér. Stefnandi hafi jafnan mótmælt því að samþykkja afturköllun stefnda. Með því að samningur hafi verið kominn á um sölu á hinum pöntuðu vörum, beri að dæma stefnda til að greiða stefnanda andvirði varanna. Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að vörurnar lægju í vörugeymslu hjá Eimskipafélagi Íslands og mundi stefnandi afhenda stefnda farmskírteini fyrir vörunum, þegar stefndi greiddi andvirði varanna ásamt tolli, sem stefnandi hafi orðið að greiða, til þess að vörurnar yrðu ekki seldar á nauðungaruppboði fyrir aðflutningsgjöldum.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu þeim rökum í fyrsta lagi, að Ragnar Gunnarsson hafi afturkallað pöntunina innan klukkustundar, eftir að hann undirritaði hana. Þá afturköllun hafi hann því næst staðfest strax með bréfinu frá 19. október 1972. Í öðru lagi er því haldið fram af stefnda, að pöntunin hafi aldrei verið staðfest af stefnanda sjálfum, þar sem enginn hafi undirritað staðfestingu pöntunarinnar með áritun í þar til gerða eyðu á pöntunarseðlinum, en í prentuðum skilmálum, sem skráðir séu á bakhlið

pöntunarinnar, sé tekið fram, að allar yfirlýsingar þurfi að vera undirritaðar af fyrirtækinu til þess að vera gildar. Þá bendir stefndi á, að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi ekki gefið skýrslu fyrir dómi samkvæmt úrskurði dómsins. Ætti því þegar af þeim ástæðum að taka sýknukröfu stefnda til greina og einnig kæmi til greina, að dómurinn vísaði málinu frá dómi ex officio.

IV.

Stefndi hefur ekki sett fram beina kröfu um frávísun málsins, og eigi þykja nægar ástæður vera fyrir hendi til að vísa málinu frá dómi ex officio.

Framkvæmdastjóri stefnda hefur viðurkennt að hafa undirritað margnefnda pöntun á vörum þeim, sem málið snýst um. Stefndi hefur hins vegar ekki sannað nægjanlega, að framkvæmdastjórinn hafi afturkallað pöntunina strax innan klukkustundar frá því að hann undirritaði hana og að fyrirsvarsmaður stefnanda hafi samþykkt þá afturköllun. Stefnandi sendi hinar pöntuðu vörur, og þykir því eigi máli skipta, þó að pöntunin hafi ekki verið árituð sérstaklega um samþykki af stefnanda hálfu. Að svo vöxnu máli og þrátt fyrir það, að fyrirsvarsmaður stefnanda hefur ekki gefið skýrslu hér fyrir dómi, þykir verða að dæma stefnda til að greiða stefnanda hina umstefndu fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafist er.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kveður upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni Gunnari Ólafssyni, fyrrverandi sýslumanni, og Hilmari Fenger forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Andvari h/f, greiði stefnanda, Jóni N. Sigurðssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Ernst J. Rüdig GmbH, DM 1.347.50 með 10% ársvöxtum frá 23. október 1972 til 16. maí 1973 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 8. júní 1977.

Nr. 81/1977. **Ólafur Pálsson og**
Jóhann Guðmundsson
gegn
Almennum Tryggingum h/f.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðiljar hafa samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 24. maí 1977, sem Hæstarétti barst 27. s. m. Krefjast þeir þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar af nýju. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Í máli þessu krefja sóknaraðiljar um vátryggingarfé vegna flugvélarinnar TF-JOI, sem fórst 2. júní 1974, en þeir höfðu keypt vátryggingu vegna flugvélarinnar hjá varnaraðilja. Samkvæmt gögnum máls undirrituðu sóknaraðiljar 26. mars 1974 samning um, að þeir seldu fjórum nafngreindum mönnum 4/6 hluta flugvélarinnar, en þeir sjálfir skyldu eiga 2/6 hluta.

Sóknaraðiljar eiga rétt á að fá efnisdóm um kröfur sínar, enda þótt aðrir aðiljar að fyrrgreindum samningi taki ekki þátt í málssókn þessari, og standa ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 því ekki í vegi.

Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum málalokum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum kærumálskostnað, sem ákveðst 10.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og

er málinu vísað heim í hérað til efnismeðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðili, Almennar Tryggingar h/f, greiði sóknaraðiljum, Ólafi Pálssyni og Jóhanni Guðmundssyni, kærumálskostnað, 10.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 19. apríl 1977, hafa Ólafur Pálsson flugvélstjóri, Brekkugerði 6, Reykjavík, og Jóhann Guðmundsson flugvirki, Álfaskeiði 87, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 10. maí 1975, gegn Almennum Tryggingum h/f, Pósthússtræti 9, Reykjavík, til greiðslu vátryggingarfjár flugvélarinnar TF-JOI, US $ 8.000.00 eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum á greiðsludegi, auk 16% ársvaxta frá 1. september 1974 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða eftir mati dómsins. Við munnlegan flutning málsins var og sú varakrafa gerð, að stefndi yrði dæmdur til greiðslu 5/6 hluta stefnufjárhæðarinnar ásamt vöxtum, eins og að framan greinir, auk málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómsins.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins. Til vara gerir stefndi þær dómkröfur, að stefnukröfurnar verði færðar niður til verulegra muna og málskostnaður verði látinn niður falla.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hinn 2. júní 1974 hafi flugvélin TF-JOI farist í Svínadal í Dalasýslu og með henni flugmaðurinn og 3 farþegar. Flugvélin hafi gerónýst og sé hér verið að krefja um tryggingarfé hennar eingöngu, en ekki annað tjón, og sé viðkomandi aðiljum geymdur allur réttur til þess síðar, ef til komi. Flugmaður vélarinnar í umrætt sinn hafi verið Pétur Sigvaldason og hafi hann haft full réttindi til þess að stjórna flugvélinni. Flugvélin hafi lagt af stað frá Reykjavík daginn fyrir slysið og flogið til Akureyrar. Síðari hluta dags daginn eftir hafi þessi flugvél lagt af stað ásamt öðrum flugvélum til Stykkishólms og haft þar um tveggja stunda viðdvöl. Síðan hafi verið flogið af stað til Reykjavíkur í samfloti við tvær aðrar flugvélar. Ein flugvélin hafi farið alla leið til Reykjavíkur, önnur

snúið við til Stykkishólms, en þessi hafi farist, eins og áður greini.

Stefnendur hafa báðir komið fyrir dóm í máli þessu. Ólafur Hersir Pálsson hefur m. a. skýrt svo frá, að það hafi staðið til, að Pétur Sigvaldason yrði meðeigandi í umræddri flugvél, en það hafi ekki verið komið í kring, þegar hún fórst. Aðeins hafi verið búið að gera drög að samningi um eignaraðild hans að vélinni, þegar hún fórst, en ekki hafi verið búið að undirrita kaupsamning þar að lútandi. Hann segir, að þeir stefnendur hafi báðir rætt við Almennar Tryggingar h/f um, að það stæði til, að Pétur Sigvaldason og fleiri yrðu meðeigendur að flugvélinni, og hafi þeir rætt þetta við Gísla Lárusson, starfsmann tryggingana, og hafi hann ekkert haft við það að athuga, en þar sem eftir hafi verið aðeins einn mánuður af tryggingartímabilinu, hafi Gísli óskað eftir því, að tryggingin væri á nöfnum stefnenda út þann tíma, en síðan yrði formlega gengið frá kaupunum og tryggingin þá færð á nöfn allra sameigendanna. Er Ólafur kom fyrir dóm síðar í máli þessu, var honum sýndur kaupsamningur, sem þá hafði verið lagður fram, þar sem fram kemur, að stefnendur höfðu hinn 26. mars 1974 selt fjórum mönnum til viðbótar eignarhluta í umræddri flugvél, þar á meðal Pétri Rögnvaldssyni (sic), en samkvæmt samningnum verða þá eigendur að flugvélinni sex með jafnan eignarhluta hver. Er kaupsamningur þessi undirritaður af öllum sex eigendunum. Ólafur kvaðst eigi að síður líta svo á, að hér væri aðeins um drög að samningi að ræða, en ætlunin hefði verið að ganga til fullnustu frá samningnum, þegar búið væri að ræða við tryggingarfélagið og flugmálastjórnina. Ólafur kvað þá stefnendur hafa veitt viðtöku þeim kr. 400.000 í peningum, sem um getur í framangreindum samningi, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræði. Ólafi var einnig kynnt bréf þeirra stefnenda til Jóhannesar Snorrasonar yfirflugstjóra, sem frammi liggur í málinu (dómsskj. nr. 14), og gerði hann engar athugasemdir við það, en segir tilefni bréfsins hafa verið það, að rannsóknarnefnd flugslysa hefði spurst fyrir um það, hvort flugvélinni hefði verið stolið.

Jóhann Guðmundsson hefur skýrt svo frá, að Pétur Sigvaldason hafi ekki verið orðinn meðeigandi í flugvélinni, þegar hún fórst, en það hafi verið í bígerð, að hann yrði það ásamt þremur öðrum mönnum. Kveður hann þetta allt hafa verið á umræðustigi, en ekki búið að undirrita neina samninga um það. Hann segir, að þeir stefnendur hafi báðir og samtímis rætt við Gísla,

starfsmann Almennra Trygginga h/f, um, að það stæði til, að fleiri yrðu eigendur að flugvélinni, en þá hafi verið eftir um einn mánuður af tryggingarárinu. Hafi Gísli ekkert haft við það að athuga, en talið rétt, að tryggingarsamningurinn væri áfram á nöfnum stefnenda þennan mánuð, en síðan yrði gengið formlega frá eignaraðildinni og nýr vátryggingarsamningur gerður. Jóhann kveður Gísla hins vegar hafa samþykkt, að hinir væntanlegu meðeigendur mættu fljúga vélinni þann mánuð, sem eftir var af tryggingartímabilinu, enda hafi Gísla verið kunnugt um, að þeir hefðu allir réttindi til að fljúga slíkri vél.

Við síðari yfirheyrslu í málinu var Jóhanni sýndur hinn undirritaði kaupsamningur, sem áður getur, og kvaðst hann þá eigi að síður líta svo á, að aðeins væri um að ræða uppkast að samningi, sem eftir hafi verið að hreinrita og ganga endanlega frá. Hann segir, að þeir stefnendur hafi tekið við þeim peningum, kr. 200.000 hvor, sem um ræði í samningnum, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræði, enda hafi þeir aldrei fengið þá greidda. Jóhanni var og sýnt bréf þeirra stefnenda til Jóhannesar Snorrasonar flugstjóra, og kannaðist hann við undirskrift sína á því og að þar væri rétt frá skýrt. Kvað hann tilefni bréfsins hafa verið það, að rannsóknarnefnd flugslysa hafi viljað fá vitneskju um það, hvort Pétur Sigvaldason hefði haft leyfi til að fljúga vélinni í umrætt sinn eða hvort vélin hefði verið tekin í leyfisleysi.

Gísli Örn Lárusson, deildarstjóri hjá Almennum Tryggingum h/f, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og kannast við, að þeir Ólafur H. Pálsson og Jóhann Guðmundsson hafi komið til sín og skýrt sér frá því, að bæst hefðu við eigendur að flugvélinni, og hafi þeir tilgreint þá með nöfnum og spurt, hvort ekki væri í lagi, að nýju eigendurnir flygju einnig vélinni. Kveðst hann hafa sagt það vera, þó með þeim fyrirvara, að iðgjaldið mundi hækka vegna aukinnar áhættu, sem fylgdi því, að fleiri menn flygju vélinni, og mundi iðgjaldið endurskoðað eftir einn mánuð, þegar þágildandi tryggingartímabili lyki. Gísli segir, að þegar stefnendur hafi komið til sín samkvæmt framansögðu, hafi þeir skýrt sér frá, að hinir nýju eigendur uppfylltu öll þau skilyrði, sem krafist væri í tryggingarskírteininu. Segir hann og, að einn þessara nýju eigenda, sem nefndir hafi verið við sig, Jón E. B. Guðmundsson, hafi nokkru eftir slysið komið til sín og gert fyrirspurn um tjónbætur.

Stefnendur reisa kröfur sínar á I. kafla vátryggingarskírteinis-

ins, sem frammi liggur í málinu sem dómsskj. nr. 3. Þeir séu aðiljar að vátryggingarsamningi þeim, sem skírteini þetta hafi að geyma, og engar undantekningar eða fyrirvarar í skírteini þessu undanþiggi stefnda ábyrgð á tapi flugvélarinnar. Flugmaðurinn, Pétur Sigvaldason, hafi haft réttindi til þess að fljúga þessari tegund flugvélar og hafi hann haft heildarflugtíma 310 klst. og 10 mín., en áskilnaður í tryggingarskírteininu sé 100 klst. flugreynsla. Stefnendur hafi ekki getað haft minnstu áhrif eða afskipti af flugi flugvélarinnar, er hún hafi farið frá Stykkishólmi í umrætt sinn. Flugvélin hafi verið undir stjórn flugmanns, sem haft hafi til þess tilskilin réttindi og uppfyllt öll skilyrði tryggingarskilmálanna milli stefnenda og stefnda.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á því meðal annars, að flugmaðurinn, Pétur Sigvaldason, hafi verið orðinn meðeigandi í flugvélinni, þegar slysið átti sér stað. Enginn vafi sé á því, að flugmaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umræddri flugferð, svo sem fram komi í skýrslu rannsóknarnefndarinnar, sem frammi liggi í málinu. Megi í því tilefni benda á 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1954 til rökstuðnings kröfum stefnda. Ljóst sé, að flugmaðurinn hafi af vangá sinni valdið því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, og að sú vangá hafi verið stórkostleg, sbr. síðastnefnda lagagrein. Sérstaklega skuli á það bent, að samkvæmt skýrslum rannsóknarnefndarinnar hafi engin flugáætlun verið gerð fyrir brottför frá Stykkishólmi né heldur sé vitað til, að flugmaðurinn hafi kannað veðurútlit á leiðinni, sbr. gr. 1.1. í rannsókninni. Jafnframt komi fram á sama stað, að veður hafi verið mjög lélegt í Stykkishólmi, um tveggja km skyggni og skýjahæð um 300 fet. Jón Guðbjörnsson, starfsmaður Vængja h/f, sem hlustað hafi á samtal flugmannanna, hafi heyrt skv. fyrrgreindri skýrslu, að flugvélarnar tvær hafi flogið í um 300 feta hæð inn Hvammsfjörð. Benedikt Gíslason, bóndi í Miðgarði í Hvammssveit, hafi séð flugvélina fljúga yfir túnið í Miðgarði og hafi hún þá flogið mjög lágt, í um 10—15 metra hæð. Séu þessar skýrslur bornar saman við sjónflugsreglurnar, sem frammi liggi í málinu, sé auðsætt, að flugmaðurinn hafi brotið allar sjónflugsreglur. Í grein 1.5. í rannsókninni komi það fram, að flugmaðurinn hafi svo til enga reynslu haft í blindflugi, hann hafi aðeins flogið í eina klst. og tíu mínútur blindflug. Nú komi það ekki fram í málinu, hvort flugvélin hafi haft nokkur tæki til blindflugs, en jafnvel þó að svo hafði verið, telji sérfróðir menn einsætt, að flugmaðurinn hefði enga möguleika haft til að bjarga

sér á leiðarenda með blindflugi, bæði sökum reynsluleysis auk þess sem slíkar flugvélar hafi mjög léleg tæki til blindflugs. Það liggi einnig fyrir, að flugmaðurinn hafi enga tilraun gert til blindflugs, sbr. orð rannsóknarnefndarinnar í niðurstöðum hennar, 2.2. b.

Eins og þegar er fram komið, liggur frammi í málinu kaupsamningur, þar sem stefnendur selja þeim Pétri Rögnvaldssyni (sic), Erlingi Þ. Ólafssyni, Jóni E. B. Guðmundssyni og Sævari Þór Finnbogasyni hluta í flugvélinni TF-JOI þannig, að eignaraðild seljenda og kaupenda hvers um sig verður jöfn. Er kaupsamningur þessi dagsettur 26. mars 1974. Þá hafa stefnendur upplýst, að greiddar hafi verið af kaupendum þær kr. 400.000 í peningum, sem greinir í samningnum, en ekki hafi verið búið að ganga frá víxlum þeim, sem þar um ræðir, enda hafi þeir aldrei fengið þá greidda. Og í bréfi stefnenda til Jóhannesar Snorrasonar á dómsskj. nr. 14 segir m. a. svo: „Samkvæmt meðfylgjandi kaupsamningi, sem dagsettur er 26. mars 1974, urðu eigendurnir sex, þ. e. a. s.: Jóhann Guðmundsson, Álfaskeiði 87, Hafnarfirði, Ólafur H. Pálsson, Tómasarhaga 13, Reykjavík, Erlingur Þ. Ólafsson, Pétur Sigvaldason, Jón E. Guðmundsson, Sævar Þ. Finnbogason".

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir í ljós leitt, að eigendur flugvélarinnar TF-JOI voru sex, þegar hún fórst hinn 2. júní 1974. Og með því að aðeins tveir þeirra tóku þátt í höfðun máls þessa til heimtu allrar tryggingarfjárhæðarinnar, ber samkvæmt 46. gr. laga nr. 85/1936 að vísa því frá dómi ex officio.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnendur til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Elíeser Jónssyni flugmanni og Þorgeiri Pálssyni flugverkfræðingi.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Stefnendur, Ólafur H. Pálsson og Jóhann Guðmundsson, greiði stefnda, Almennum Tryggingum h/f, kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. júní 1977.

Nr. 89/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóhanni Arnljóti Víglundssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 7. júní 1977, sem barst Hæstarétti ásamt gögnum máls 10. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar í því skyni, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Ríkissaksóknari og skipaður verjandi varnaraðilja, Örn Clausen hæstaréttarlögmaður, hafa báðir lýst því yfir, að þeir muni ekki leggja fram greinargerðir í máli þessu.

Varnaraðili neitar sakargiftum.

Með hliðsjón af brotaferli varnaraðilja, sem sætt hefur 12 refsidómum síðan 1957 fyrir ýmis brot á hegningarlögum, og framburði félaga hans, Valtýs Ómars Guðjónssonar, ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik eru þau, að rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hefur borist kæra varðandi falsaða tékka á hlaupareikning nr. 313 á Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis. Rannsóknarlögreglunni hafa þegar borist ljósrit af 6 fölsuðum tékkum að upphæð samtals rúmlega 100 þúsund krónur. Grunur leikur á, að kærði hafi verið

hér að verki ásamt Valtý Ómari Guðjónssyni, en sá síðarnefndi hefur þegar játað að hafa falsað nokkrar ávísanir á ofangreint ávísanahefti og hafi kærða verið fullkunnugt um það, enda hafi hann notið ávinnings af andvirði tékkanna. Enn fremur heldur Valtýr Ómar því fram, að kærði hafi tekið tékkheftið, þegar nokkur blöð voru eftir í því, og þar sem hann (Valtýr Ómar) hafi ekki falsað alla þá tékka, sem þegar eru fram komnir, hljóti kærði, Jóhann Víglundsson, að hafa gert það.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu, þar sem brot þau, er kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 15 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Jóhann A. Víglundsson, sæti gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1977.

Nr. 152/1975. **G. Þorsteinsson & Johnson h/f**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Álafossi h/f
(Hákon Árnason hrl.).

Umsýsluviðskipti. Lausafjárkaup. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Dómkröfur hans eru þær, að stefndi, Álafoss h/f, verði dæmdur til

greiðslu 71.571 krónu með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt. Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, byggðu báðir aðiljar á því í héraði, að stefndi hefði greitt flutnings- og vátryggingargjöld. Aðiljar eru nú sammála um, að áfrýjandi hafi greitt þessi gjöld auk reiknings hins erlenda seljanda og aðflutningsgjalda. Þá er nú fram komið, að til áfrýjanda barst sundurliðaður vörureikningur hins erlenda seljanda, áður en fyrrgreind gjöld voru greidd.

Eins og greinir í héraðsdómi, fól stefndi áfrýjanda í júní 1970 að kaupa fyrir sig ýmsa varahluti í vefstól, sem áfrýjandi hafði áður selt fyrirtækinu. Hafði áfrýjandi fyrr veitt því sams konar þjónustu. Áfrýjandi pantaði vörurnar í eigin nafni. Ágreiningslaust er, að áfrýjandi átti að fá þóknun, 10%, af fé því, sem hann lagði út vegna kaupanna, og að Álafoss h/f átti að endurgreiða það fé, sem áfrýjandi lagði út, auk þóknunar og söluskatts. Þjónusta sú, sem aðiljar sömdu um og lýst hefur verið, var innkaupaumsýsla.

Ekki er fram komið, hvort eða hvenær stefndi fékk afrit eða ljósrit reiknings hins erlenda seljanda. Byggja verður á því, að stefndi hafi fengið reikning áfrýjanda um leið og afhending til stefnda fór fram. Þegar varahlutirnir voru komnir til stefnda, komust starfsmenn hans að því, hvernig afgreitt hafði verið. Afhenti stefndi áfrýjanda þá þær vörur, sem voru umfram pöntun, og áfrýjandi endursendi hinum erlenda seljanda vörur þessar. Eru þær taldar hafa glatast í vörugeymslu erlendis. Eftir að stefndi afhenti áfrýjanda framangreindar vörur, sendi áfrýjandi nýjan reikning til stefnda fyrir þær vörur, sem stefndi hafði veitt viðtöku, og er ágreiningslaust, að stefndi hefur að fullu greitt þann reikning.

Tilraunir, sem áfrýjandi hefur gert til að fá endurgreiðslu

að hluta frá hinum erlenda seljanda, hafa ekki borið árangur. Í málinu er um það deilt, hvort áfrýjandi eða stefndi skuli greiða andvirði þeirra varahluta, sem hingað voru sendir umfram pöntun og áfrýjandi greiddi hinum erlenda seljanda.

Starfsmönnum áfrýjanda mátti vera ljóst, áður en þeir greiddu varahlutina og veittu þeim viðtöku, að meira magn hafði verið sent en pantað hafði verið. Ekki gaf áfrýjandi stefnda þó strax kost á að taka afstöðu til þess, hvort stefndi vildi taka við öllu því, sem sent hafði verið, og greiða reikning hins erlenda seljanda. Áfrýjandi féllst og á að taka við þeim varahlutum, sem voru umfram pöntun, og sendi án fyrirvara nýjan reikning til stefnda. Af þessum sökum verður ekki talið, að áfrýjandi geti krafið stefnda um greiðslu fjárhæðar þeirrar, er hann sækir í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, greiði stefnda, Álafossi h/f, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 8. júlí 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 30. júní sl., hefur G. Þorsteinsson & Johnson h/f, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 5. nóv. 1974, gegn Álafossi h/f, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 71.571.00 með 7% ársvöxtum frá 1. jan. 1971 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 15. júlí 1974, en 14% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ, aukatekjulögum og reikningum um útlagðan kostnað.

Stefndi hefur krafist sýknu af kröfum stefnanda og að stefn-

andi verði dæmdur til að greiða stefnda hæfilegan málskostnað að mati dómsins.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að hinn 11. júní 1970 hafi stefndi skrifað stefnanda bréf og sent um leið pöntun nr. 698 á varahlutum frá Crompton & Knowles Corp. Með bréfi, dags. 15. júní 1970, sendi stefnandi fyrirtækinu Crompton & Knowles International pöntun fyrir stefnda. Varan mun hafa verið afhent stefnda 15. apríl 1971, en þá miklum mun meira magn en stefndi hafði pantað. Stefnandi gerði stefnda reikning, dags. 15. apríl 1971, yfir vöru þessa, og nam reikningsfjárhæðin kr. 94.516.80, þar af umboðslaun 10% og söluskattur 11%. Með bréfi, dags. 4. maí 1971, tilkynnti stefnandi Crompton & Knowles International um kvörtun stefnda vegna þess, að meira hafði verið sent en stefndi hafði pantað og svo það, að stefnandi ætlaði að endursenda Crompton & Knowles umframmagnið. Með bréfi, dags. 19. maí 1971, endursendi stefndi stefnanda reikninga vegna pöntunar þessarar, og kemur fram í bréfinu, að vörurnar voru endursendar stefnanda daginn áður. Í bréfi þessu óskaði stefndi eftir því, að stefnandi útbyggi nýja reikninga og sendi vörur samkvæmt pöntun þeirra. Stefnandi virðist hafa endursent vörurnar til hins bandaríska fyrirtækis hinn 26. maí 1971. Stefnandi gerði stefnda nýjan reikning 7. júní 1971. Fjárhæð þess reiknings er kr. 22.946.20 að meðtöldum umboðslaunum og söluskatti. Fjárhæð þessa mun stefndi hafa greitt. Hinn 8. júní 1971 tilkynnti stefnandi hinu bandaríska fyrirtæki um endursendingu vörunnar og sendi farmbréf yfir vöruna. Með bréfi, dags. 11. júní 1971, svaraði Crompton & Knowles International bréfi stefnanda frá 4. maí 1971, og neitar því, að vörurnar verði endursendar. Í bréfi þessu er gefin sú skýring á magni því, sem afgreitt var, að vörur þær, sem pantaðar hafi verið, hafi ekki verið á lager og á slíkum vörum sé lágmarkssala fyrir $ 15.00. Með bréfi, dags. 20. sept. 1971, neitaði Crompton & Knowles International enn að taka við hinum endursendu vörum. Stefnandi skrifaði enn bréf til Crompton & Knowles 12. nóv. 1971 og 25. jan. 1972 vegna þessarar vörusendingar. Í bréfinu frá 12. nóv. 1971 kemur fram, að stefnda hafi ekki verið tilkynnt um lágmarksafgreiðslu, áður en pöntun hans var afgreidd.

Fyrir dómi bar Guðmundur Árnason, framkvæmdastjóri stefnanda, að Crompton & Knowles International hafi afgreitt pöntunina á dskj. nr. 4 án þess að tilkynna stefnanda, að þeir hygðust

senda meira magn en pantað hafði verið og hefðu þeir afgreitt pöntunina án nokkurrar skýringar og umframmagnið ekki komið í ljós, fyrr en eftir að varan var komin í hendur stefnda og stefndi kvartaði yfir því, að of mikið hefði verið afgreitt. Þá er stefndi hafi gert pöntunina, hafi hvorki stefnandi né stefndi vitað um verð á því, sem pantað var.

Hið erlenda fyrirtæki muni hafa sent allt það magn, sem fæst út á lágmarksverð hverrar einstakrar vörutegundar. Ekki hafi komið fram, að umframmagn vörusendingarinnar væri vegna ákveðins lágmarksverðs, fyrr en eftir að varan var endursend 26. maí 1971.

Venja hafi verið í viðskiptum málsaðilja, að stefnandi greiddi erlendum aðiljum og svo hafi stefndi greitt stefnanda og venjulega gert það með víxlum.

Fyrir dómi bar Páll Helgason, framleiðslustjóri og fyrrverandi innkaupastjóri hjá stefnda, að hann hafi gert pöntun þá, sem málið er af risið. Varan hafi ekki komið í hendur hans, heldur hafi hún verið send til verksmiðjunnar. Reikningurinn hafi komið til hans ásamt afriti með vöru til verksmiðjunnar. Við móttöku reikningsins hafi honum orðið ljóst, að miklu meira magn hafði verið afgreitt en pantað var. Innkaupastjórinn fyrrverandi kvaðst hafa endursent vörurnar, reikninginn og víxil, sem sendur hafi verið og stefndi átti að samþykkja, og kvaðst hafa óskað, eins og í bréfinu á dskj. nr. 9 greinir, afgreiðslu vöru í samræmi við pöntun og nýjan reikning.

Innkaupastjórinn fyrrverandi kvað það rétt, sem fram kom hjá framkvæmdastjóra stefnanda, að stefnandi hafi tekið að sér að panta fyrir stefnda og annast milligöngu um vörukaup til stefnda frá Crompton & Knowles gegn 10% þóknun eða álagningu og hafi stefnandi venjulega greitt erlendum aðiljum og stefndi svo greitt stefnanda og venjulega greitt með víxlum.

Starfsmenn stefnda hafi gert starfsmönnum stefnanda ljóst, að stefndi mundi ekki taka við og borga umframmagnið, enda mundi stefndi aldrei nota þetta umframmagn. Verksmiðjustjóri stefnda og innkaupastjórinn hafi tekið ákvörðun um að veita umframmagninu ekki móttöku.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnandi hafi um langan tíma veitt stefnda þá þjónustu að panta vörur sérstaklega tilgreindar frá sérstökum seljendum skv. ákvörðun stefnda og þannig annast afgreiðslu á slíkum innflutningi. Stefnandi hafi ekki verið umboðsmaður seljanda við slík viðskipti og ekki feng-

ið umboðslaun frá seljanda né hafi stefnandi selt stefnda slíkar pantanir, þ. e. með álagningu eins og tíðkast, heldur fengið 10% af kaupverði og kostnaði í þóknun eða umboðslaun frá kaupanda, þ. e. stefnda. Um þessi viðskipti hafi stofnast venja í skiptum málsaðilja.

Í því tilviki, sem hér greini, þá hafi stefndi óskað eftir pöntun á tilgreindum varahlutum í vélar sínar, sbr. dskj. 3 og 4, og sé þar tilgreint magn einstakra hluta svo og hinn erlendi seljandi. Stefnandi hafi afgreitt pöntun þessa strax, eins og um var beðið. Þegar vörusendingin kom til landsins þá hafi sendingin verið leyst út og tollafgreidd og síðan afhent stefnda og honum svo sendur reikningurinn á dskj. nr. 6 að fjárhæð kr. 94.516.80, en af þeirri fjárhæð sé kr. 77.409.30 andvirði vörunnar, kr. 7.741.00 sé 10% umboðslaun og kr. 9.366.50 11% söluskattur. Stefndi hafi sjálfur greitt farmgjald og vátryggingu, en stefnandi hafi lagt út fyrir andvirði vörunnar og sé tollur reiknaður inn í verðið á dskj. nr. 6.

Nú hafi stefndi kvartað yfir því, að meira magn væri af ýmsum hlutum en pantað hefði verið. Hafi stefndi tekið úr sendingunni það, sem hann taldi þurfa og pantað hefði verið, en endursendi umframmagn til stefnanda til endursendingar til hins erlenda seljanda. Stefnandi hafi komið kvörtun stefnda á framfæri og gerður hafi verið nýr reikningur til bráðabirgða, á meðan mál þetta væri í meðferð, sbr. dskj. nr. 7, en það sé andvirði þeirra hluta úr sendingunni, sem stefndi hafði tileinkað sér. Reikningur þessi, kr. 22.946.20, hafi síðan verið greiddur á fullnægjandi hátt. Stefnandi hafi strax ritað kvörtun og að ósk og kröfu stefnda hafi hið meinta umframmagn verið endursent.

Hinn erlendi seljandi hafi neitað að móttaka endursendinguna og krafið um fulla greiðslu, sem stefnandi hafi orðið að greiða. Hin endursenda vara muni vera í vörugeymslu í Norfolk, en óvíst sé um afdrif endursendingarinnar. Stefndi hafi allan þennan tíma neitað að taka við þeirri sendingu.

Stefnandi rökstyður kröfur sínar aðallega með því, að stefndi sé hinn raunverulegi kaupandi í þessu efni, en stefnandi aðeins umboðsmaður hans, sem þó sé ábyrgur gagnvart hinu erlenda firma, að stefndi beri allan halla af hinu senda magni og endursendingu.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi sé ekki á nokkurn hátt umboðsmaður Crompton & Knowles og hafi engin viðskipti átt við það fyrir-

tæki, nema að panta þaðan vörur fyrir stefnda. Á dskj. nr. 5 sé pöntun stefnanda, handskrifuðu tölurnar muni stafa frá stefnda og vera það magn, sem afgreitt var, vélrituðu tölurnar séu það magn, sem pantað var.

Stefnandi hafi greitt vörurnar í banka og í tolli samkvæmt samningi aðilja. Venja í viðskiptum aðilja hafi verið, að stefndi greiddi með víxli og greiddi 10% þóknun til stefnanda af fobberði og tolli. Stefnandi hafi aldrei fengið umboðslaun frá hinum erlenda seljanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi hafi strax kvartað við stefnanda munnlega og síðan bréflega yfir því, að afgreitt hafi verið miklu meira magn en pantað var, og neitað að taka við öðru en hann hafði pantað. Stefnandi hafi endursent umframmagnið, en stefndi hafi greitt þá vöru, sem hann hafi tekið við.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefndi skuldi stefnanda nokkuð vegna þessara viðskipta. Stefndi hafi kvartað strax við stefnanda út af rangri afhendingu og vörurnar hafi verið endursendar strax og mögulegt var.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda, að handskrifuðu tölurnar á dskj. nr. 5 séu ekki vefengdar.

Stefnandi mun ekki hafa verið umboðsmaður fyrir Crompton & Knowles International, en pantað fyrir stefnda vörur frá þessu fyrirtæki. Milli málsaðilja var viðskiptum þessum þannig háttað, að stefnandi greiddi hinu erlenda fyrirtæki og innleysti vörurnar, en stefndi greiddi stefnanda með víxli og greiddi til stefnanda i þóknun 10% af fob verði vörunnar og tolli.

Fyrirtækið Crompton & Knowles International virðist ekki hafa tilkynnt málsaðiljum, að fyrirtækið hygðist senda mun meira magn en pantað hafði verið. Stefnda varð ekki ljóst umframmagnið, fyrr en hann hafði veitt vörunum móttöku, og skýringar frá erlenda fyrirtækinu á því, hvers vegna afgreitt var meira magn en pantað hafði verið, bárust ekki fyrr en með bréfi, dags. 11. júní 1971, en umframmagnið hafði verið endursent 26. maí 1971. Stefnandi hafði þó áður en varan var endursend, tilkynnt hinu erlenda fyrirtæki um væntanlega endursendingu vörunnar með bréfi 4. maí 1971.

Þrátt fyrir lága álagningu stefnanda og enda þótt hann hafi verið umboðsmaður stefnda, en ekki hins erlenda fyrirtækis, þá þykir stefnandi með því að taka við endursendingu frá stefnda, afgreiða að nýju til stefnda það, sem stefndi hafði pantað, og út-

búa nýjan reikning hafa farið yfir í stöðu seljanda í viðskiptum málsaðilja. Stefndi greiddi hinn nýja reikning frá stefnanda og hafði með því greitt þær vörur, sem hann hafði móttekið, í samræmi við útreikninga stefnanda. Við þessari greiðslu tók stefnandi án fyrirvara og þykir með því hafa gert upp við stefnda vegna pöntunar þeirrar, sem málið er af risið.

Með vísan til framanritaðs þykir bera að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og Pétur Sigurðsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, Álafoss h/f, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

Jóhanns J. Ólafssonar kaupmanns.

Ég er sammála málavaxtalýsingu eins og hún kemur fram í dómi meiri hluta, en rökstuðningur minn og niðurstaða er svohljóðandi:

Telja verður upplýst í máli þessu, að stefnandi, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, komi fram fyrir hönd stefnda, Álafoss h/f, gegn Crompton & Knowles International í hinum umdeildu viðskiptum, enda á stefndi að borga stefnanda þóknun fyrir störf hans. Ekki verður séð, að umframmagn það, sem um er deilt, sé vegna mistaka, er stefnandi ber ábyrgð á.

Ekki er ljóst, að stefndi hafi getað fengið þá varahluti, er hann þarfnaðist, nema að taka allt það magn, sem var sent, og stefndi hefur ekki sýnt fram á, að hann hefði verið reiðubúinn að rifta viðskiptunum í heild, ef hann hefði vitað um magnskilyrðið, áður en varan var send af stað.

Stefndi hefur því ekki orðið fyrir neinu tjóni, er óeðlilegri framkomu stefnanda er um að kenna. Krafa stefnanda er að mestu endurkrafa um útlagt fé, og ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Stefndi greiði stefnanda í málskostnað kr. 29.000.

Dómsorð
mitt verður því:

Stefndi, Álafoss h/f, greiði stefnanda, G. Þorsteinsson & Johnson h/f, kr. 71.571 með 7% ársvöxtum frá 1. jan. 1971 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim tíma til 15. júlí 1974, en 14% ársvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, og kr. 29.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. júní 1977.

Nr. 100/1975. **Nóatún s/f**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
og gagnsök
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Lögtak. Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson og Einar Ingimundarson bæjarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. ágúst 1975. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og einungis leyft lögtak til tryggingar 156.585 krónum ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 15. janúar 1974 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. ágúst 1975. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að öðru en málskostnað varðar. Til vara krefst hann þess, að heimilað verði lögtak í eignum

aðaláfrýjanda til tryggingar 156.585 krónum ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. janúar 1974 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal skýrsla endurskoðunarskrifstofu N. Mancher & Co frá 28. janúar 1976. Í skýrslu þessari eru sundurliðuð vörukaup aðaláfrýjanda árið 1969 og meðalálagning reiknuð. Vörukaup aðaláfrýjanda árið 1968 eru síðan reiknuð í hlutfalli við vörukaup hans 1969 og meðalálagning reiknuð samkvæmt því. Þá hefur verið lögð fram skýrsla rannsóknadeildar ríkisskattstjóra um samanburð og athugun á framangreindri skýrslu N. Mancher & Co og skýrslu rannsóknadeildarinnar frá 14. febrúar 1973.

Krafa aðaláfrýjanda hér fyrir dómi og varakrafa gagnáfrýjanda eru á því byggðar, að með tekjum aðaláfrýjanda árið 1969 beri að telja söluhagnað af hluta fasteignarinnar nr. 4 A við Hátún, 446.779 krónur. Eru aðiljar sammála um, að af þessum sökum beri að hækka opinber gjöld aðaláfrýjanda árið 1970 um 156.585 krónur.

Í málinu er fram komið, að rannsóknadeild ríkisskattstjóra hefur ekki kannað bókhald aðaláfrýjanda vegna verslunarreksturs hans árið 1968 og eigi óskað eftir því til skoðunar. Áætlanir ríkisskattstjóra um hækkun tekna aðaláfrýjanda af verslunarrekstri það ár eru byggðar á bókhaldi aðaláfrýjanda vegna ársins 1970, sem skattayfirvöld hafa ekki gert athugasemdir við. Áætlanir þær, sem endurskoðunarskrifstofa N. Mancher & Co gerði vegna ársins 1968, eru hins vegar byggðar á bókhaldi aðaláfrýjanda fyrir árið 1969.

Rannsóknadeild ríkisskattstjóra fékk til athugunar bókhald aðaláfrýjanda vegna verslunarreksturs hans árið 1969, en engin könnun fór þó fram á því. Áætlanir sínar um of lága verslunarálagningu aðaláfrýjanda á árinu 1969 miðaði rannsóknadeildin eingöngu við rekstur hans árið 1970. Hækkun ríkisskattstjóra á gjöldum aðaláfrýjanda 1970 er á þessu byggð. Endurskoðunarskrifstofa N. Mancher & Co

kannaði bókhald aðaláfrýjanda vegna verslunarreksturs hans árið 1969, og eru niðurstöður þeirrar rannsóknar aðrar en áætlanir rannsóknadeildar ríkisskattstjóra. Í bréfi rannsóknadeildarinnar frá 31. janúar 1977 segir, að mismunur megi rekja til þess, „að sala vara í lægri álagningarflokkum virðist meiri en útreikningar rannsóknadeildar gera ráð fyrir".

Þegar þetta er virt, verður að telja úrskurði ríkisskattstjóra, sem upp eru kveðnir samkvæmt heimild í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 68/1971, sbr. nú 4. mgr. 16. gr. laga nr. 7/1972, eigi byggða á svo traustum grundvelli, að því er varðar verslunarrekstur aðaláfrýjanda 1968 og 1969, að viðhlítandi sé. Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, hirti aðaláfrýjandi eigi um að gera athugasemdir við skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, þótt honum væri gefinn kostur á því. Þá kærði hann ekki úrskurð ríkisskattstjóra til ríkisskattanefndar. Þrátt fyrir þetta þykir ekki fært að leggja til grundvallar áætlanir ríkisskattstjóra um hækkun tekna aðaláfrýjanda af verslunarrekstri árin 1968 og 1969. Verður því að synja um framkvæmd lögtaks vegna gjaldahækkana, sem byggðar eru á þessum atriðum.

Aðiljar eru sammála um, að hækka beri gjöld aðaláfrýjanda 1970 vegna söluhagnaðar fasteignar um 156.585 krónur. Verður því heimilað lögtak í eignum aðaláfrýjanda til tryggingar þeirri fjárhæð ásamt vöxtum svo sem krafist er.

Þegar virt eru atvik máls þessa, þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 90.000 krónur.

Dómsorð:

Lögtak skal fram fara hjá aðaláfrýjanda, Nóatúni s/f, til tryggingar 156.585 krónum ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 15. janúar 1974 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda, Gjaldheimtunni

í Reykjavík, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 19. júní 1975.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, er þess aðallega krafist, að fram fari lögtak í eignum gerðarþola, Nóatúns s/f hér í borg, til tryggingar opinberum gjöldum að fjárhæð kr. 658.620 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 15. janúar 1974 til greiðsludags, en til vara er þess krafist, að lögtak verði gert til tryggingar kr. 156.585 ásamt dráttarvöxtum, svo sem að framan greinir. Í báðum tilfellum er krafist lögtaks til tryggingar kostnaði við sjálft lögtakið og eftirfarandi uppboð. Málskostnaðar er krafist úr hendi gerðarþola.

Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um lögtakið, og jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi gerðarbeiðanda.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 3. þessa mán.

Í máli þessu liggja fyrir sem rskj. 16 og 17 framtöl gerðarþola árin 1969 og 1970 ásamt efnahags- og rekstrarreikningum, svo og fylgja framtölunum skýrslur um byggingarkostnað húseignarinnar Hátúns 4.

Það er komið fram, að þann 29. desember 1969 seldi gerðarþoli Mjólkursamsölunni í Reykjavík hluta af fasteigninni Hátúni 4 A, þ. e. mjólkurbúð í tengihúsi. Í afsali er sagt, að um sé að ræða 3% allrar húseignarinnar, og söluverð tilgreint kr. 572.500.

Að undangenginni rannsókn skattrannsóknadeildar ríkisskattstjóra á bókhaldi gerðarþola, sem fram fór á fyrsta hluta ársins 1973 og beindist að verslunarálagningu gjaldáranna 1969, 1970 og 1971, kvað ríkisskattstjóri upp úrskurði þann 12. desember 1973, þar sem opinber gjöld gerðarþola gjaldárin 1969 og 1970 voru hækkuð.

Úrskurður varðandi hækkun á tekjuskatti gerðarþola gjaldárin 1969 og 1970 liggur fyrir í máli þessu sem rskj. 10. Er þar vísað til skýrslu rannsóknadeildar og meðferðar svo og til þess, að gerðarþola hafi á lögmætan hátt verið gefinn kostur á að tala máli sínu. Þykir óhjákvæmilegt að tilfæra orðrétt forsendur úrskurðarins, svo sem hér á eftir fer:

„Í skýrslu rannsóknadeildarinnar kemur fram, að meðal álagning í matvöruverslun gjaldandans hefur verið sem hér segir:

Á árinu 1968 18%
Á árinu 1969 18.6%
Á árinu 1970 20.7%.

Sé miðað við tilkynningar verðlagsstjóra um leyfilega álagningu á þeim vöruflokkum, sem gjaldandinn verslar með, og aðrar upplýsingar, sem vísað er til í skýrslunni, og ekki tekið tillit til rýrnunar, ætti meðalálagning hins vegar að vera þessi:

Á árinu 1968 23.9%
Á árinu 1969 23.6%
Á árinu 1970 23%.

Með hliðsjón af eðlilegri rýrnun verður að telja, að álagning gjaldandans á árinu 1970 gefi ekki tilefni til athugasemda af hálfu skattyfirvalda. Hins vegar verður að telja, sbr. það, sem að framan greinir, að lág álagning á árunum 1968 og 1969, sem gjaldandinn hefur ekki gefið skýringu á þrátt fyrir ábendingu þar um, gefi tilefni til véfengingar af hálfu skattyfirvalda og þar með til endurákvörðunar tekna. Við þá endurákvörðun þykir mega hafa hliðsjón af rýrnun hjá gjaldanda á árinu 1970.

Við ákvörðun tekna á árinu 1969 ber einnig að hafa hliðsjón af kafla VI í skýrslu rannsóknadeildar um söluhagnað á árinu 1969, sem telja verður skattskyldan, þar eð hin selda eign hafði ekki verið í eigu gjaldanda í full fimm ár. Söluverð hinnar seldu eignar er kr. 572.500.00. Kostnaðarverð hennar, þegar ekki er tekið tillit til fyrninga, telst vera 3% af kr. 4.696.784.00 eða kr. 140.903.00. Fengnar fyrningar af hinum selda hluta eru 3% af kr. 506.061.60 eða kr. 15.182.00. Söluhagnaður telst því vera kr. 446.779.00.

Hreinar tekjur gjaldárið 1969 þykja hæfilega ákveðnar kr. 950.000.00, en voru áður kr. 365.562.00. Varasjóðstillag verður kr. 91.390.00, en var áður kr. 76.104.00. Skattgjaldstekjur verða kr. 858.600.00, og tekjuskatturinn reiknast skv. því.

Hreinar tekjur gjaldárið 1970 þykja hæfilega ákveðnar kr. 1.390.000.00, en voru áður 492.347.00. Varasjóðstillag reiknast af hækkun tekna vegna söluhagnaðar og verður kr. 250.781.00, en var áður kr. 137.982.00. Skattgjaldstekjur verða kr. 1.139.200.00, og tekjuskatturinn reiknast skv. því.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1969 hækkar um kr. 114.979.00 eða úr kr. 58.458.00 í kr. 173.437.00.

Tekjuskattur gjaldárið 1970 hækkar um kr. 158.550.00 eða úr kr. 71.568.00 í kr. 230.118.00.

Kærufrestur til ríkisskattstjóra vegna breytingaratriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Þá liggur fyrir sem rskj. 11 úrskurður um hækkun útsvars gerðarþola. Hann er grundvallaður á sömu rökum og greinir í úrskurði um tekjuskatt gerðarþola og er að öðru leyti á þessa leið:

„*Gjaldár 1969.*

Hreinar tekjur til útsvars eru	kr. 950.000.00
Hálft varasjóðstillag til frádráttar er	— 45.695.00
Frádráttarbært tekjuútsvar fyrra árs er	— 13.800.00
Útsvarsskyldar tekjur verða	kr. 890.500.00

Eignarútsvar er kr. 6.540.00. Tekjuútsvarið verður kr. 244.060.00, en var áður kr. 79.660.00.

Gjaldár 1970.

Hreinar tekjur til útsvars eru	kr. 1.390.000.00
Varasjóðstillag er	— 250.781.00
Tekjuútsvar fyrra árs til frádráttar er	— 62.360.00
Útsvarsskyldar tekjur verða	kr. 1.076.800.00

Eignarútsvar er kr. 12.778.00. Tekjuútsvarið verður kr. 296.622.00, en var áður kr. 81.622.00.

Úrskurðarorð:

Útsvar gjaldárið 1969 hækkar um kr. 164.400.00 eða úr kr. 86.200.00 í kr. 250.600.00.

Útsvar gjaldárið 1970 hækkar um kr. 215.000.00 eða úr kr. 94.400.00 í kr. 309.400.00.

Kærufrestur til ríkisskattstjóra vegna breytingaatriða er 21 dagur frá dagsetningu þessa úrskurðar."

Því er ómótmælt í málinu, að úrskurðir þessir voru sendir gerðarþola í ábyrgðarpósti, en ábyrgðarbréfsins var ekki vitjað, og málskot skv. skattalögum hefur ekki farið fram.

Málflutningur gerðarbeiðanda er á þessa leið:

Í ársbyrjun 1973 gerði rannsóknadeild ríkisskattstjóra athugun á framtölum gerðarþola fyrir gjaldárin 1969, 1970 og 1971. Þessi rannsókn beindist að því að finna hlutdeild hvers vöruflokks í heildarprósentu álagningar á seldar vörur í verslun gerðarþola, og var því nauðsyn á að fá bókhald gerðarþola til athugunar, sem og náði fram að ganga. Einkum voru athugaðir ársreikningar, er fylgdu framtölum þessara ára, varðandi vörukaup og vörusölu, og reiknaði deildin út útsöluverð eftir þeim hámarksálagningarreglum, sem giltu á þessum tíma og viðgengust í sambærilegum verslunum. Þótti ekki ástæða til að ætla annað en að gerðarþoli hefði neytt heimilda til hámarksálagningar. Um þessa rannsókn, sem var mjög ítarleg, var gerð skýrsla, og niðurstaða varð sú, að bráttóhagnaður skv. ársreikningum telst mun lægri en útreikningar deildarinnar skv. þessu sýndu, en svipaði til þess, sem athugun hjá sambærilegum verslunum hafði leitt í ljós. Vegna þessa þóttu framtöl gerðarþola tortryggileg, sbr. 37. gr. laga 68/1971. Þá var tekið til athugunar hugsanlegur söluhagnaður, sem væri skattskyldur vegna sölu til Mjólkursamsölunnar sem að framan greinir.

Niðurstaða rannsóknar þessarar varð sú, að framtöl gerðarþola þóttu tortryggileg. Var skýrsla um rannsóknina send gerðarþola í ábyrgðarpósti ásamt bréfi, sem dagsett er þann 16. febrúar 1973. Þess var getið í bréfinu, að gerðarþoli mætti búast við því að svo komnu máli, að opinber gjöld yrðu hækkuð, en um leið tekið fram, að þess væri óskað, að skýrslan yrði athuguð gaumgæfilega, og athugasemdir, ef gerðar yrðu, skyldu koma fram fyrir 8. mars s. á. Gerðarþoli brá á það ráð, að sækja ekki ábyrgðarsendingu þessa þrátt fyrir ítrekun, og var honum boðsend hún, sbr. áritun framkvæmdastjóra félagsins, sem gerð var þann 6. apríl 1973. Um leið var honum settur mánaðarfrestur til viðbótar til þess að koma að athugasemdum og skýringum. Sama dag var framtalsnefnd skýrt frá þessum aðgerðum svo sem tíðkast, og í bréfi 23. sama mánaðar lýsti nefndin sig samþykka fyrirhugaðri breytingu á útsvari gerðarþola.

Þannig neyttu skattayfirvöld þeirrar heimildar og gættu þeirr-

ar skyldu, sem 37. gr. laga 68/1971 mælir fyrir um, þ. á m. um tilkynningar til gerðarþola. Rannsóknadeildin taldi sig hafa fundið veilu á framtölum gerðarþola með rannsókn þessari á þann hátt, að álagning taldist óeðlilega lág, og lægri en gerðist og gekk, og tók óeðlilegum breytingum milli ára, en hins vegar engin ástæða til að ætla, að vörusamsetning hafi breyst frá ári til árs. Gerðarþoli átti allan kost á að skýra þetta allt saman, og raunar skyldur til þess sem skattþegn skv. 37. gr. laga 68/1971, en hann hafi fyrst farið að reyna að skýra málið af sinni hálfu, er ríkisskattstjóri hafði fyrir mörgum mánuðum lokið sínum störfum með úrskurðum sínum, sem upp voru kveðnir 12. desember 1973. Er sjónarmiðum þeim, sem fram koma í hér að lútandi bréfi umboðsmanns gerðarþola, sem dagsett er þann 20. júní 1974, mótmælt í hverri grein sem röngum og staðlausum.

Varakrafa gerðarbeiðanda er byggð á því, að ef ekki þyki fært að leggja álagningaratriðið til grundvallar gjaldahækkun, þá sé ljóst, að söluhagnaður grundvalli slíka hækkun, og vísast þar til útlistunar ríkisskattstjóra á rskj. 15 svo og útreiknings á rskj. 10, sem er úrskurður um hækkun tekjuskatts.

Það er staðhæft af gerðarþola hálfu, að álagning sú, sem um er deilt í máli þessu, sé ógild og byggð á röngum forsendum. Minnt er á, að rannsóknadeildin hafi kallað eftir bókhaldi gerðarþola og fengið það, en þegar til kom engar athugasemdir gerð við færslur eða einstaka liði, enda sé bókhald þetta mjög vandlega fært, miklu betur en gengur og gerist, og ársreikningar í fullu samræmi við það. Síður en svo hafi nákvæm bókhaldsrannsókn farið fram, heldur hafi útreikningar rannsóknadeildar á álagningu vegna áranna 1968 og 1969 verið byggðir á sundurliðun vörukaupa ársins 1970. Nú sé á það að líta, að það hljóti að vera óhjákvæmileg regla, að gegn óaðfinnanlegu bókhaldi og framtali, sem á því byggist, hafi skattayfirvöld sönnunarbyrði fyrir ætluðum misfellum, m. ö. o. ákveðnir gallar verði að hafa sannanlega fram komið á tilteknum liðum framtals, svo víkja megi því til hliðar. Hér hafi skattayfirvöld farið þá skemmstu leið að áætla álagningu eingöngu með hliðsjón af leyfðri hámarksálagningu, en það liggi í augum uppi, að slík áætlun sé í sjálfu sér óréttmæt og standist ekki efnislega, þar eð engin skylda sé til, að kaupmaður neyti ýtrustu hámarksálagningar. Nú hafi einmitt staðið svo á, að á þessum árum hafi verið mikið iðkað að gefa kaupendum ýmiss konar afslætti af vörum og hafi forráðamenn gerðarþola verið hvatamenn að slíku fyrirkomulagi. Þannig hafi

rannsóknadeildin að þessu leyti gengið út frá röngum forsendum, en hafi svo verið, að framtöl hafi verið tortryggileg að áliti deildarinnar, þá sé a. m. k. ekki rökstudd niðurstaða hennar í þá átt. Þá megi nefna, að skora hefði átt á gerðarþola að bæta úr því, sem mætti telja óglöggt eða tortryggilegt. Eigi þetta svo og öll aðferð skattayfirvaldanna að valda ógildingu álagningar að þessu leyti.

Þá er því mótmælt, að álagning, byggð á söluhagnaði, eigi sér lagalega stoð. Því er haldið fram, að reikningslegur grundvöllur álagningar sé rangur. Minnt er á það, að byggingin Hátún 4 A hafi verið reist í 3 áföngum og húspláss það, er Mjólkursamsalan keypti, sé í 1. og 2. áfanga, sem alls séu 3.286 m^3. Nú nemi nefndur hluti Mjólkursamsölunnar 246 m^3, eða 7.5% af 1. og 2. áfanga, en þegar afsalið á rskj. 20 nefni 3% eignarhluta, þá sé þar átt við alla 3 áfanga og bílskúr, samtals 7.600 m^3. Sé það ósannlegt að miða kostnaðarverð þessa hluta eignarinnar við hlutfall hans í heildarrúmmetrafjölda byggingaráfanganna, er á það sé litið, að 2. áfangi sé mun vandaðri bygging en sá 1., og að öðru leyti miklu dýrari, m. a. vegna þess að hann sé aðeins ein hæð, en 1. áfangi 2 hæðir. Og raunar vafasamt að áætla gerðarþola nokkurn söluhagnað yfirleitt, eins og viðskiptum þessum sé varið.

Í þessu máli er ekki um það deilt, hvort gjaldahækkun sú, er gerðarþoli varð fyrir, komi heim við skatta- og útsvarsstiga, heldur það, hvort skattayfirvöld hafi farið að lögum við að áætla gerðarþola verslunarálagningu umfram það, sem framtöl og ársreikningar tiltaka, og við að ákveða hagnað af fasteignasölu.

Úrslit þeirrar athugunar, sem ríkisskattstjóri lét fara fram og að framan er lýst, urðu þau, að framtöl gerðarþola þóttu tortryggileg varðandi verslunarálagningu. Það liggur í hlutarins eðli, að skattayfirvöld eiga óbundið mat á því, hvenær framtal telst tortryggilegt í skilningi 37. gr. laga nr. 68/1971, og í þessu tilfelli var álit ríkisskattstjóra verulega rökstutt í skýrslu rannsóknadeildar. Fór ríkisskattstjóri að lögum, er hann sendi gerðarþola skýrslu þessa og skoraði á hann að kynna sér hana rækilega og setti frest til þeirra hluta. Var gerðarþola þá og skylt að gefa þær skýringar, sem í valdi hans stóðu. Í 37. gr. segir, að telji skattayfirvald fengnar skýringar framteljanda ófullnægjandi, skuli það áætla tekjur og eign eftir bestu vitund og ákveða skatta í samræmi við þá áætlun. Verður að telja, að hér sé um að ræða embættisskyldu, sem skattayfirvald skal gegna, enda sé niðurstaða af áætlun þessari ekki óverjandi eftir atvikum að því er

upphæðir varðar. Í þessu tilviki hagar svo til, að ríkisskattstjóri fékk alls engar skýringar af hendi gerðarþola. Var honum því rétt og skylt að fara þá leið, sem hér liggur fyrir í úrskurðum þeim, sem kveðnir voru upp þann 12. desember 1973, og verður ekki annað séð en gætt hafi verið þeirra reglna um tilkynningar, sem lög áskilja. Að því er fjárhæðir varðar er gjaldahækkun rökstudd með tilvísun til skýrslu rannsóknadeildarinnar að þessu leyti, og þykir ríkisskattstjóri naumast hafa getað lagt annað til grundvallar, enda engar skýringar að fá hjá gerðarþola. Sérstaklega að því er varðar ákvörðun söluhagnaðar hefur ríkisskattstjóri lagt til grundvallar frásögn afsals til Mjólkursamsölunnar um hundraðstölu og söluverð svo og bókfært verð eignarinnar og fyrningar, er fengnar voru. Verður ekki talið, að sýnt hafi verið fram á það með ljósum rökum, að sú aðferð hafi verið órétt-mæt, þegar þess er gætt, að gerðarþoli gaf engar skýringar hér að lútandi.

Þegar á framanritað er litið og að auki, og ekki hvað síst, að gerðarþoli hefur látið ónotaðan kærufrest, sem var 21 dagur frá dagsetningu úrskurða ríkisskattstjóra, þá þykir ekki ástæða til að vísa aðalkröfu gerðarbeiðanda í máli þessu á bug. Fer lögtak því fram til tryggingar opinberum gjöldum gerðarþola, svo sem þar er krafist. En málskostnaður vegna lögtaksmáls þessa á að falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal ná fram að ganga til tryggingar opinberum gjöldum gerðarþola, kr. 658.620 ásamt 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot af mánuði frá 15. janúar 1974 til greiðsludags, svo og til tryggingar kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 23. júní 1977.

Nr. 69/1976. **Þórunn G. Simonsen**
(Kristinn Sigurjónsson hrl.)
gegn
Jónasi P. Aðalsteinssyni
og gagnsök
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Hjón. Búskipti við skilnað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. mars 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hún þess aðallega, að eignum þeirra gagnáfrýjanda í hjúskap þeirra, er til var stofnað 26. desember 1974, verði skipt helmingaskiptum. Til vara krefst hún þess, að sér verði dæmdur verulegur hluti af búinu að mati dómsins. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál fyrir Hæstarétti, en aðaláfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 10. mars 1976.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. mars 1976 samkvæmt heimild í 3. málsgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Krefst hann þess aðallega, að búi þeirra aðaláfrýjanda verði skipt samkvæmt ákvæðum 57. gr. laga nr. 60/1972, sbr. 27. gr., „þannig að“ aðiljar „haldi hvort um sig þeim eignum, sem þau færðu til búsins við giftingu hinn 26. desember 1974“, og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða úrskurði, gengu málsaðiljar í hjúskap á árinu 1964. Lauk þeim hjúskap með lögskilnaði 24. september 1971, en samvistaslit urðu í júní 1970, að því er talið er. Voru hjónin þá búsett í Colorado í Bandaríkjunum. Fjárskiptum út af þeim hjúskap var til lykta ráðið með skiptasamningi þeirra 24. nóvember 1972. Leitt er í ljós, að aðaláfrýjandi flutti með sér í þennan hjúskap tiltekna fasteign í Reykjavík, er hún hafði erft að hluta til. Sú fasteign var seld, og var keypt m. a. fyrir andvirði hennar önnur fasteign, sem gagnáfrýjandi fékk í sinn hlut við framangreind fjárskipti, en samkvæmt þeim skyldi hann greiða aðaláfrýjanda samtals 1.075.000 krónur. Þar af voru 600.000 krónur staðgreiddar.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er lýst aðdraganda að því, að málsaðiljar gengu að nýju í hjúskap hinn 26. desember 1974. Fluttist aðaláfrýjandi með börn þeirra þrjú til Íslands. Mun gagnáfrýjandi hafa staðið straum af ferðakostnaði þeirra hingað til lands. Seldi aðaláfrýjandi fasteign, er hún átti í Colorado, og er gerð grein fyrir því í hinum áfrýjaða úrskurði. Sambúð þeirra hér á landi stóð til maímánaðar 1975. Skilnaðarmál þeirra var tekið fyrir hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík 23. júní s. á. Uppskrift var gerð á búinu í skiptarétti Reykjavíkur 25. júní, 2. júlí og 14. júlí s. á. Aðiljar máls fengu leyfi dómsmálaráðuneytisins til skilnaðar að borði og sæng hinn 21. júlí 1976. Fékk aðaláfrýjandi forræði barna þeirra þriggja, fæddra 1965, 1966 og 1969, en gagnáfrýjandi skyldi njóta nánar tiltekins umgengnisréttar við börnin. Gagnáfrýjanda bar að greiða aðaláfrýjanda meðalmeðlag með börnunum til fullnaðs 17 ára aldurs. Þá skyldi hann greiða aðaláfrýjanda 20.000 króna mánaðarlegan lífeyri frá 21. júlí 1976 til jafnlengdar 1977.

Aðaláfrýjandi fluttist til Bandaríkjanna ásamt börnum þeirra hjóna síðari hluta árs 1975.

II.

Í hinum áfrýjaða úrskurði er gerð grein fyrir eignum búsins. Verður að skilja málflutning málsaðilja svo, að þeir séu

sammála um, að sú fjáreign, sem greind er í úrskurði skiptaráðanda, verði lögð til grundvallar fjárskiptum þeirra vegna skilnaðar. Það athugast, að eignir þær, sem aðaláfrýjandi kom með hingað til lands, flutti hún aftur með sér vestur. og eru þær eigi taldar á framangreindri eignaskrá, nema bifreið hennar. Samkvæmt eignaskrá verður að ætla, að eignir málsaðilja séu auðskiptanlegar. Hjónin gerðu eigi kaupmála, og er því eigi haldið fram, að um neins konar séreignir sé að ræða.

Hjúskapur málsaðilja var að vísu skammvinnur, og þau virðast hafa búið í íbúð hjá móður gagnáfrýjanda. Börn þeirra þrjú dvöldust með þeim, og eðli máls samkvæmt hlýtur að hafa skapast fjárhagsleg samstaða milli málsaðiljanna, meðan slíkt heimilishald stóð. Hér er um mjög sérstætt tilvik að ræða, bæði vegna þess að þetta er í annað skipti, sem málsaðiljar ganga í hjúskap saman, og eins vegna þess, að þau áttu þrjú börn saman, er til síðara hjúskaparins stofnaðist milli þeirra, og aðaláfrýjandi kom gagngert frá fjarlægu landi ásamt börnum sínum hingað til lands vegna hjúskapar þess, sem mál þetta er af sprottið.

Ákvæði 57. gr., sbr. 27. gr., laga nr. 60/1972 felur í sér frávik frá þeirri almennu reglu 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, að skipta eigi skírum hjúskapareignum hjóna til helminga við fjárskipti vegna skilnaðar. Verður eigi talið, að undantekningarreglu þessari verði beitt, svo sem hér hagar til, enda eigi sýnt fram á, að bersýnilega ósanngjarnt sé að beita hinni almennu helmingaskiptareglu, síst þegar höfð er í huga hin mikla röskun á högum aðaláfrýjanda og barna hennar, er varð við flutning þeirra landa á milli vegna hjúskaparins. Þess er og að gæta, að börn þeirra dveljast hjá aðaláfrýjanda erlendis, en gagnáfrýjanda hefur aðeins verið gert að greiða meðalmeðlag með börnunum samkvæmt íslenskum reglum.

Samkvæmt þessu ber að leggja fyrir skiptaráðanda að framkvæma skipti vegna skilnaðar málsaðilja í samræmi við ákvæði 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 og án tillits til sérreglu 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður. Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hennar, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Skipti á búi aðaláfrýjanda, Þórunnar G. Simonsen, og gagnáfrýjanda, Jónasar P. Aðalsteinssonar, skulu fara fram samkvæmt ákvæði 2. málsgr. 18. gr. laga nr. 20/1923.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns aðaláfrýjanda, Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. des. 1975.

Mál þetta, sem var að loknum munnlegum flutningi tekið til úrskurðar 4. þ. m., er risið af búskiptum málsaðilja vegna hjónaskilnaðar. Gerir sækjandi, Jónas Aðalsteinsson, Kleppsvegi 132 hér í borg, þær kröfur, að skipti fari samkvæmt ákvæðum 57. gr., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972 um stofnun og slit hjúskapar og hvorum málsaðilja verði dæmdar einungis þær eignir úr búinu, sem hann hefur til þess lagt. Við munnlegan flutning málsins bætti sækjandi við þeirri varakröfu, að ef ekki þætti unnt að taka aðalkröfu hans til greina að fullu, þá verði verjanda einungis úrskurðaðir 5.000 bandaríkjadalir af þeim eignum, sem hann hefur lagt í búið, auk þess sem hún hefur lagt því til. Sækjandi krefst málskostnaðar úr hendi verjanda.

Verjandi, Þórunn Simonsen, nú búsett í Bandaríkjunum, áður að Kleppsvegi 132 hér í borg, mótmælir kröfum sækjanda og krefst þess, að skipti fari fram samkvæmt III. og VII. kafla laga nr. 20 frá 1923 og skiptalögum nr. 3 frá 1878. Einnig krefst hún málskostnaðar úr hendi sækjanda.

Við munnlegan flutning málsins gerði verjandi þá varakröfu,

að henni yrði mæltur verulegur hluti af eignum félagsbúsins, ef svo færi, að krafa sækjanda um skipti samkvæmt 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972 yrði tekin til greina.

Málsaðiljar gengu í hjúskap á árinu 1964. Í upphafi þess hjónabands virðist aðaleign þeirra hafa verið húseignin nr. 25 við Lokastíg, sem verjandi hafði að nokkru að erfðum, en að hluta keypt, meðan þau sækjandi voru heitbundin. Eitthvað mun sækjandi hafa lagt til þeirra kaupa. Húseign þessi var síðar seld, en byggt húsið nr. 19 við Hraunbæ.

Ár 1969 fluttust hjónin búferlum ásamt tveim börnum sínum til Colorado Springs í Bandaríkjunum. Þriðja barnið fæddist þeim skömmu eftir komuna vestur. Bráðlega festu þau kaup á húsi í hinum nýju heimkynnum, að mestu leyti gegn mánaðarlegum afborgunum. Skömmu eftir að þau fluttu í húsið, eða í júní 1970, fór sækjandi til Íslands, og var þá lokið sambúð hjónanna að því sinni. Virðast þá hafa verið litlar eignir í búinu nema fasteignirnar Hraunbær 19 og húsið í Colorado Springs, enda hafði dvölin vestra orðið kostnaðarsöm, m. a. vegna sjúkleika yngsta barnsins. Verjandi bjó áfram í Bandaríkjunum ásamt börnunum eftir brottför sækjanda. Hinn 24. september 1971 fékk hún viðurkenndan lögskilnað fyrir þarlendum dómstóli, sem ákvað henni forræði barnanna og eignarrétt að húseigninni í Colorado Springs. Skilnaðarúrskurðurinn kvað ekki á um skipti eigna hér á landi, en með samkomulagi, dagsettu 24. nóvember 1972, var þeim eignum skipt á þá lund, að sækjandi hlaut húseignina nr. 19 við Hraunbæ, en greiddi verjanda samtals kr. 1.075.000 með 600 þúsund kr. staðgreiddum og 475 þúsund kr. í skuldabréfi. Af því bréfi eru enn ógreiddar kr. 316.667, sem sækjandi viðurkennir að skulda verjanda.

Eftir skilnað hjónanna fór sækjandi nokkrar ferðir til Ameríku til fundar við fjölskylduna. Í ágúst 1974 samdist svo um, að hann fengi að taka son þeirra með sér til Íslands til ársdvalar, og síðar á sama ári var svo ákveðið, að þau stofnuðu til hjúskapar að nýju. Fór þá sækjandi utan og sótti fjölskylduna. Mun hann hafa kostað heimför þeirra. Málsaðiljar gengu svo í hjúskap að nýju 26. desember 1974.

Húseign verjanda í Colorado Springs var nú seld, og fékk hún 1.283.75 Bandaríkjadali út úr sölunni umfram áhvílandi skuldir. Mun það fé hafa verið ógreitt, þegar málsaðiljar gengu í hjónaband síðara skiptið. Af því hefur verjandi fengið til ráðstöfunar 660.04 dali, sem mun að mestu hafa gengið til greiðslu á skuldum

hennar vestan hafs, en sækjandi veitti viðtöku 623.71 dal, og er það fé eða jafnvirði þess í hans vörslum.

Á sl. vori, að líkindum í maí, slitnaði sambúð málsaðilja að nýju, og 23. júní var skilnaðarmál þeirra að borði og sæng tekið fyrir hjá borgardómaraembættinu í Reykjavík. Samkomulag náðist ekki um skilnaðarskilmála, og var málinu vísað til aðgerða dómsmálaráðuneytisins og skiptaréttar að því er búskiptin varðar.

Uppskrift á eignum búsins var gerð í skiptarétti 25. júní og 2. júlí þ. á.

Ýmsar breytingar urðu á eignum búsins, meðan hjúskapurinn stóð, sökum þess að fasteignir voru seldar, en ekki kemur fram, að búinu hafi bæst verðmæti á þessu tímabili.

Við uppskriftargerðina var greint á milli þeirra eigna og skulda, sem frá hvoru hjónanna um sig stöfuðu við upphaf hjúskaparins.

Samkvæmt uppskriftargerðinni átti sækjandi þá húseignina nr. 19 við Hraunbæ auk einhverra lausafjármuna, en skuldir hans virðast þá hafa numið kr. 1.448.800. Með kaupsamningi, dags. 8. febrúar 1975, seldi sækjandi húseignina nr. 19 við Hraunbæ fyrir kr. 8.300.000, en hefur aftur á móti gert kaupsamning um 2 herbergja íbúð að Skaftahlíð 2 fyrir kr. 3.300.000. Hluti af útborguninni fyrir húsið í Hraunbæ hefur gengið til þessara kaupa. Virðist því hreint verðmæti þeirra eigna, sem sækjandi lagði í búið, nú vera kr. 8.300.000 að frádregnum skuldum, kr. 1.444.800, eða kr. 6.855.200. Af því verða kr. 3.046.867 í skuldabréfi, þegar lokið er að ganga frá sölu á Hraunbæ 19. Meðtalið í þessum eignum er jafnvirði 5.000 bandaríkjadala, sem sækjandi yfirfærði á sínum tíma til Bandaríkjanna og standa þar á nafni verjanda.

Eignir verjanda við upphaf hjúskaparins voru hins vegar, eftir því sem næst verður komist, þessar:

Skuld sækjandi vegna fyrri skipta kr. 316.667, bifreið af gerðinni Ford Galaxi, árgerð 1970, talin að kaupverði í Bandaríkjunum í árslok 1972 $ 2.595.00 og jafnvirði 623 bandaríkjadala af söluverði húss í Bandaríkjunum, sem eru í vörslu sækjanda. Að vísu virðist meira hafa staðið eftir af andvirði hússins en þessari fjárhæð nemur, en ómótmælt er, að það fé hafi gengið til greiðslu á ýmsum lausaskuldum verjanda þar vestra.

Nokkra lausafjármuni áttu málsaðiljar fyrir hjúskap sinn, og eitthvað mun þeim hafa bæst síðar, en ekki er um verulega fjár-

muni að tefla og skipta hér heldur ekki máli, með því að málsaðiljar hafa orðið ásátt um skiptingu þeirra.

Sækjandi rökstyður kröfur sínar með því, að hann hafi lagt til félagsbús málsaðilja yfirgnæfandi meiri hluta af eignum þess, auk þess sem hann hafi lagt í verulegan kostnað við flutning fjölskyldunnar og eigna hennar frá Ameríku. Hjúskapur málsaðilja hafi orðið skammvinnur, aðeins um hálft ár, án þess að honum verði um það kennt, og á þessum skamma tíma hafi eðlilega ekki myndast fjárhagsleg samstæða, sem máli skipti, með málsaðiljum, því sé augljós réttur hans til að krefjast þess, að búinu verði skipt samkvæmt ákvæðum 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972.

Röksemdir varnaraðilja eru þær, að hjúskapur málsaðilja hafi, þótt stuttur væri, haft veruleg áhrif á fjárhagsafkomu hennar. Hún hafi látið tilleiðast að flytjast hingað til lands með ærnum kostnaði til að giftast sækjanda að nýju og við þessa ráðabreytni hafi eyðst þau efni, sem hún hafi með aðstoð foreldra sinna verið búin að draga saman í Bandaríkjunum. Nú verði hún að byrja þar búskap að nýju og sjá börnum þeirra sækjanda farborða af engum efnum. Þá hefur verjandi bent á, að efni sækjanda sé í upphafi að rekja til húseignarinnar, sem hún lagði í búið í fyrra hjónabandi þeirra. Loks hefur verjandi borið sig upp undan fjárskiptum við sækjanda milli hjúskapa þeirra, t. d. erfiðleikum við innheimtu meðlaga.

Búskiptum málsaðilja frá fyrri hjúskap þeirra lauk að fullu með skiptasamningnum frá 24. nóvember 1972. Fjárskipti þeirra frá því hjónabandi koma því ekki til álita hér, enda er ekki sýnt fram á, að annað en að full skil hafi verið gerð á þeim að undanteknum eftirstöðvum skuldabréfs, sem sækjandi viðurkennir að skulda verjanda.

Eins og að framan greinir, stóð hjúskapur málsaðilja að þessu sinni mjög stutt, aðeins nokkra mánuði, og á þeim tíma virðast ekki hafa orðið verulegar breytingar á verðmæti eigna þeirra né skulda. Samruni á þeim fjármunum, sem hvort þeirra um sig lagði í búið, virðist heldur ekki hafa orðið með þeim hætti, að það skipti máli um rekstur eða afkomu búsins. Verður því að fallast á, að skilyrði séu til þess samkvæmt 57. gr. laga nr. 60 frá 1972 að taka til greina kröfu sækjanda um, að búskipti fari fram samkvæmt meginreglum 27. gr. sömu laga, enda er ljóst, að hann hefur fært til búsins meginhlutann af eignum þess. Á það ber þó að líta, að hjúskapurinn leiddi til verulegrar röskunar

á högum verjanda, þar sem hún fluttist úr fjarlægu landi til þess að stofna hér til hjúskapar og heimilis. Er eðlilegt með hliðsjón af 57. gr. laga nr. 60 frá 1972 að taka þessar aðstæður til greina, og þykir því rétt, að verjandi haldi þeim 5.000 bandaríkjadölum, sem sækjandi hefur yfirfært á hennar nafn, umfram þær eignir, sem hún færði til búsins.

Málskostnaður fellur niður.

Unnsteinn Beck borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Uppsaga hans hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Úrskurðarorð:

Skipti á búi þessu fari eftir reglum 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60 frá 1972, þannig að hvor málsaðilja heldur því, sem hann hefur fært til búsins, þó svo, að umfram þetta á verjandi tilkall til 5.000 bandaríkjadala, sem sækjandi hefur lagt á hennar reikning í Bandaríkjunum.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 24. júní 1977.

Nr. 91/1977. **Guðni Þórðarson**
gegn
Staðli h/f.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. maí 1977, sem Hæstarétti barst 15. júní s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 22. apríl 1977, verði úr gildi felldur og lagt fyrir

héraðsdómara að kveða upp efnisdóm um þann þátt málsins, sem frávísað var. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða dóms og að kærumálskostnaður verði látinn falla niður.

Er mál þetta var dómtekið að kröfu sóknaraðilja hinn 3. mars sl., hafði hann ekki gert næga grein fyrir kröfum sínum samkvæmt þeim kröfulið, er héraðsdómari vísaði frá dómi, og ekki hafði hann krafið varnaraðilja um reikningsgerð vegna greiðslna frá viðskiptamönnum fyrir þau verkefni, sem hann leysti af hendi. Sóknaraðili hefur að vísu látið fylgja greinargerð sinni til Hæstaréttar yfirlit yfir störf sín hjá varnaraðilja til skýringar framangreindum kröfulið. Það yfirlit var honum í lófa lagið að leggja fram í héraðsdómi. Samkvæmt þessu þykir rétt að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. apríl 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 4. f. m., hefur Guðni Þórðarson, Efstalandi 18 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni af yfirborgardómaranum í Reykjavík 9. maí 1973, á hendur Staðli h/f, Skólavörðustíg 46 hér í borg, til greiðslu á kr. 517.515 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar, þar með talinn löghaldskostnaður að skaðlausu að mati dómsins. Þá krefst stefnandi staðfestingar á löghaldi, sem hann hinn 2. maí 1973 lét leggja á eftirtaldar eignir stefnanda: 1. sparisjóðsbók nr. 19486 við Landsbanka Íslands, að fjárhæð kr. 265.850, 2. skuldabréf, útgefið af Jóhönnu Gunnarsdóttur, að eftirstöðvum kr. 50.264.15, 3. þrjú skuldabréf, útgefin af Valberg Lárussyni, að eftirstöðvum kr. 99.000, og 4. dómkröfu í bæjarþingsmálinu nr. 48/1971 á hendur Katli Axelssyni, að fjárhæð kr. 297.900.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu eða að mati dómarans. Þá er þess

krafist, að synjað verði um staðfestingu á löghaldi því, sem hinn 2. maí 1973 var gert að tilhlutan stefnanda í eignum stefnda.

Undir rekstri málsins féll þingsókn niður af hálfu stefnda, og er málið því skriflega flutt skv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936.

Málsatvik kveður stefnandi vera þau, að hann hafi verið ráðinn framkvæmdastjóri stefnda í ársbyrjun 1968. Hann hafi annast stjórn á daglegum rekstri fyrirtækisins allt til 16. september 1972, en þá hafi honum verið sagt ólöglega upp framkvæmdastjórastarfinu án fyrirvara. Hafi hann ekki fengið uppgjör á inneign sinni hjá fyrirtækinu, en hún sé sundurliðuð þannig:

1.	Vangreidd laun 1972	kr. 99.109
2.	Vangreidd laun fyrir framkvæmdastjórastörf tímabilið 1. janúar 1969 — 15. september 1972	— 229.665
3.	Vangreitt orlof 1969—1972	— 188.741
		Kr. 517.515

Fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að laun starfsmanna hafi verið ákveðin þannig, að 80% af greiðslum fyrir verk, sem fyrirtækið tók að sér, hafi verið greidd í laun, en þeirri fjárhæð hafi síðan verið skipt á starfsmenn í hlutfalli við þann vinnutíma, sem hver og einn hafði lagt til verksins. Starfsmenn hafi sjálfir talið vinnutíma sína við hvert verk og viti hann ekki til, að nokkurn tíma hafi risið ágreiningur út af því. Yfirleitt hafi ekki verið greitt fyrir verk, fyrr en þeim var lokið, en á meðan hafi starfsmönnum verið greidd laun eftir hendinni. Þegar svo lokagreiðsla fór fram fyrir verk, hafi uppgjör við starfsmenn farið fram á umræddum grundvelli. Stefnandi kveðst hafa verið búinn að fá greidd laun, samtals kr. 815.325, er hann hafi farið í frí án launa 15. september 1972. Eftir það hafi hann unnið hjá stefnda í 588.5 stundir samkvæmt tímaskrá, sem hann hafi skilað, og eigi hann að fá greitt kr. 340 fyrir klst. samkvæmt uppgjörsreglum og samkomulagi við stefnda. Nemi sú krafa því kr. 200.090, en hinn 2. janúar 1973 hafi stefndi greitt upp í kröfuna kr. 100.981 og standi því eftir kr. 99.109. Þrátt fyrir kröfugerð þessa hafi ekki verið gert upp fyrir mörg verk, sem hann hafi unnið við og honum beri því hlutdeild í. Hafi ekki fengist nægar upplýsingar frá stefnda um þær fjárhæðir. Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins, en í stofnsamningi félagsins sé gert ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra. Ráðningin hafi farið

fram á félagsfundi, en ekki hafi verið rætt um, hvernig launagreiðslum skyldi háttað. Starf sitt sem framkvæmdastjóra kveður stefnandi fyrst og fremst hafa falist í daglegum rekstri fyrirtækisins. Hann hafi einn haft prókúru fyrir fyrirtækið. Hann hafi séð um að færa alla tíma starfsmannanna eftir hvern mánuð og síðan að greiða þeim laun eftir þeim tímafjölda og uppgjöri. Hann hafi séð um eða haft hönd í bagga með að skrifa reikninga. Þá hafi hann unnið með bókhaldara fyrirtækisins að bókhaldsfærslum og að skýra fyrir honum reikninga og einnig hafi hann unnið með honum við ársuppgjör. Þá kveðst stefnandi hafa haft undir höndum tékkhefti, bankabækur, skuldabréf og víxla og séð um að selja víxla. Þá hafi hann greitt reikninga og annast innkaup. Einnig hafi hann komið fram af hálfu fyrirtækisins, ef ágreiningur reis við viðskiptavini. Þá hafi hann að nokkru leyti séð um að afla fyrirtækinu viðskiptavina svo sem aðrir starfsmenn fyrirtækisins. Ef gerðir hafi verið skriflegir samningar við viðskiptavini, kveðst stefnandi hafa skrifað undir þá, oft ásamt einum stjórnarmanni. Kveðst stefnandi hafa ætlast til, að laun fyrir framkvæmdastjórastarfið yrðu greidd af rekstrarafgangi fyrirtækisins, þegar búið væri að reka það í tvö til þrjú ár. Hann hafi sleppt að innheimta framkvæmdastjóralaun fyrstu árin, á meðan hagur fyrirtækisins hafi ekki verið sérlega góður, en ætlunin hafi verið, að þetta yrði greitt, þegar hagurinn batnaði. Stefnandi kveður orlof ekki hafa verið greitt fyrir vinnu við fyrirtækið. Hann hafi talið sig eiga rétt á orlofsgreiðslum samkvæmt lögum, en ekki innheimt þær af sömu ástæðum og hann innheimti ekki laun fyrir framkvæmdastjórastarfið. Menn hafi ekki fengið greidd laun þann tíma, sem þeir fóru í orlof. Eina sumarleyfið, sem hann hafi tekið, hafi verið hálfur mánuður, eftir að honum var sagt upp framkvæmdastjórastarfinu.

Jón Róbert Karlsson, sem var í stjórn stefnda frá upphafi og síðast framkvæmdastjóri félagsins, hefur skýrt svo frá, að félagið hafi stofnað fimm menn, hafi einn þeirra, stefnandi, starfað hjá félaginu í upphafi, en hinir hafi verið í vinnu annars staðar. Hafi stefnandi verið kosinn formaður og einnig hafi hann haft prókúru fyrir félagið. Hinir félagarnir hafi unnið hjá stefnda á kvöldin og um helgar og síðar hafi þrír þeirra farið að vinna hjá stefnda allan daginn, en einn hafi aðeins unnið hjá stefnda sem lausamaður. Störfum hafi verið þannig hagað, að þrír þeirra félaganna hafi verið lærðir arkitektar og hafi verkefnin fyrst gengið til þeirra, því fyrst hafi þurft að gera skissur og finna út,

hvernig leysa átti verkefnin. Þegar búið hafi verið að leysa þennan þátt verkefnanna og fá þau samþykkt af byggingarnefnd, hafi verkefnin gengið til hinna tveggja félaganna, sem hafi verið tæknifræðingar. Megi því segja, að þeir arkitektarnir hafi komið meira fram fyrir hönd félagsins og einnig hafi þeir unnið meira af vafasamari vinnu, en tæknifræðingarnir, þar með stefnandi, hafi getað gengið beint að sínu verki. Jón kveður samræmingu starfa hafa verið í höndum félaganna allra. Ef þurft hafi að reikna verðtilboð, hafi það skipst nokkuð jafnt á menn. Einnig hafi þeir unnið við að skrifa reikninga og innheimta fyrir unnin verk, en peningarnir hafi svo gengið til stefnanda. Jón kveður laun hafa verið greidd eftir svokölluðu bónuskerfi, þ. e. 80% af greiðslum fyrir verk hafi gengið til þeirra, sem við það unnu, en 20% hafi gengið til félagsins og til greiðslu rekstrarkostnaðar. Laun manna, sem við verk unnu, hafi svo verið reiknuð í hlutfalli við vinnustundafjölda, sem hver maður vann við verkið. Þá hafi sérstakur bókhaldari séð um bókhald, en stefnandi muni hafa fært honum gögnin. Jón kveður aldrei hafa verið rætt um það, að stefnandi fengi sérstök laun fyrir sérstök störf í þágu félagsins, svo sem að vera prókúruhafi, öðru vísi en að þau væru innifalin í þeirri skiptingu greiðslna fyrir verk, sem hann hefur lýst. Hafi stefnandi aldrei vakið máls á því, að hann ætti rétt á sérstökum greiðslum fyrir þau störf, og krafa um framkvæmdastjóralaun hafi fyrst komið fram, eftir að hann hafi verið hættur störfum hjá stefnda. Varðandi kröfu stefnanda um eftirstöðvar launa fyrir árið 1972 kveður Jón það hafa komið í ljós, að stefnandi hafi fengið ofgreitt fyrir verk, sem hann vann að á því ári, en einnig hafi þarna verið um að ræða verk, sem ekki hafi verið búið að innheimta greiðslur fyrir. Hafi verið talsverður munur á því, sem stefnandi hafi verið búinn að fá ofgreitt miðað við það, sem hann átti eftir að fá greitt. Varðandi verk, sem stefnandi hafi verið búinn að fá ofgreitt fyrir, kveður Jón eitt tilvik hafa verið þess eðlis, að búið hafi verið að semja um ákveðið verð fyrir það og hafi stefndi orðið að standa við það, en sú greiðsla hafi ekki borið þau laun, sem stefnandi hafði reiknað sér. Þá hafi ekki tekist að fá endanlegt uppgjör á einu verki sökum leiðinda, sem höfðu skapast við það. Þá séu eftirstöðvar greiðslna fyrir tvö verk smáfjárhæðir, kr. 200 og kr. 1.000, sem ekki hafi þótt ástæða til að innheimta. Jón kveður engan félaganna hafa fengið sérstakar orlofsgreiðslur og hafi alltaf verið litið svo á, að orlofsgreiðslur og annað, þar með talin laun framkvæmda-

stjóra, væru innifaldar í þeim 80% af greiðslum fyrir verk, sem skipt var milli starfsmanna, enda sé vandséð, hvernig félagið hafi átt að geta greitt orlof af þeim 20%, sem þá voru eftir.

Krafa stefnanda samkvæmt 1. kröfulið er byggð á því, að er hann hafi farið í frí 15. september 1972, hafi hann verið búinn að fá greidd laun, samtals kr. 815.325 það ár. Eftir það hafi hann unnið hjá stefnda í 588.5 stundir og beri honum kr. 340 fyrir hverja stund samkvæmt uppgjörsreglum og samkomulagi við stefnda. Krafa stefnanda af þessum sökum hafi því numið kr. 200.090, en hinn 2. janúar 1973 hafi stefndi greitt upp í kröfuna kr. 100.981 og nemi eftirstöðvarnar því kr. 99.109. Er stefnanda einnig áskilinn réttur til að hækka kröfuna samkvæmt þessum lið, er nægilegar upplýsingar liggi fyrir um frekari greiðslur til stefnda fyrir verk, sem stefnandi eigi hlutdeild í.

Krafa stefnanda samkvæmt 2. kröfulið er byggð á því, að stefnandi hafi daglega orðið að vinna við framkvæmdastjórastarfið í þágu stefnda og hafi hann ekki fengið greitt fyrir þessa vinnu. Hafi vinna þessi verið þess eðlis, að samkvæmt almennum reglum eða samningum við einstaka viðskiptamenn hafi ekki verið unnt að færa hana á kostnað við unnin verk og hafi það ekki verið gert. Kröfugerðin er byggð á því, að stefnandi hafi eytt í framkvæmdastjórastarfið 1/2 klst. á vinnudag árið 1969, 1 klst. á vinnudag árið 1970 og 1½ klst. á vinnudag árin 1971 og 1972. Laun fyrir vinnustund séu byggð á launum tæknifræðinga á þessum tíma og séu þau jafngildi launa deildarverkfræðinga hjá Reykjavíkurborg á þessum tíma, enda sé ekki unnt að finna annan sanngjarnari mælikvarða.

Krafa stefnanda samkvæmt 3. kröfulið er byggð á því, að samkvæmt lögum eigi stefnandi rétt á, að orlof sé reiknað á öll laun hans. Í samræmi við það sé gerð krafa um orlof á greidd laun á árunum 1969—1972 og á ógreiddar eftirstöðvar launa svo og framkvæmdastjóralaun.

Krafa stefnda um sýknu af fyrsta kröfulið kröfugerðar stefnanda er byggð á því, að stefnandi eigi ekki teljandi ógreidd laun hjá fyrirtækinu fyrir vinnu þá, sem þar er krafist greiðslu fyrir. Er því haldið fram, að þótt viðskiptamenn hafi greitt fyrir verk, sem stefnandi vann við, eftir að hann hætti störfum hjá stefnda, þá hafi stefnandi áður verið búinn að fá greitt upp í vinnu við verk, sem ekki hafi fengist greidd af viðskiptavinum.

Krafa stefnda um sýknu af öðrum kröfulið kröfugerðar stefnanda er byggð á því, að aldrei hafi verið ætlast til þess, að stefn-

andi fengi greidd sérstök laun fyrir að gegna starfi framkvæmdastjóra hjá félaginu, heldur hafi vinna hans við þetta starf verið færð á verk þau, sem unnið var að hjá félaginu hverju sinni, eftir því sem við átti. Sé á það að líta í því sambandi, að krafa stefnanda um þessi laun hafi ekki komið fram fyrr en eftir að hann var hættur að starfa hjá stefnda. Einnig sé á það að líta, að aðrir starfsmenn hafi átt ótaldar vinnustundir við undirbúning verka, sem ekkert varð úr og ekkert fékkst greitt fyrir.

Krafa stefnda um sýknu af þriðja kröfulið kröfugerðar stefnanda er byggð á því, að orlof hafi verið innifalið í greiðslum þeim, sem stefnandi hafi fengið fyrir vinnu sína. Hafi stefndi ekki greitt neinum starfsmanna orlof á annan hátt. Þessi krafa, ef rétt væri, ætti að sjást í bókhaldi frá stjórnartíma stefnanda sem skuld stefnda við hann, en svo sé ekki.

Af hálfu stefnanda hefur ekki komið fram, á hvaða verk þær 588.5 vinnustundir féllu, sem krafist er greiðslu fyrir samkvæmt 1. kröfulið. Af hálfu stefnda kemur fram, að þótt stefnandi kunni að eiga ógreidd laun fyrir eitthvað af þessari vinnu, þá hafi hann áður fengið greiðslur fyrir verk, sem ekki voru svo greidd af viðskiptavinum. Þegar litið er til þess, hvernig launagreiðslum var háttað hjá stefnda, svo þess, sem fram hefur komið hjá stefnanda og Jóni Róbert Karlssyni, þá þykir hvorugur aðilja hafa gert nægilega glögga grein fyrir því, hvernig atriðum þeim er háttað, sem ættu að ráða því, hvort stefnandi á frekari ógreidd laun hjá stefnda eða ekki. Þykir því verða að vísa kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið sjálfkrafa frá dómi.

Málskostnaður í þessum þætti verður ekki dæmdur.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, Guðna Þórðarsonar, samkvæmt 1. kröfulið í kröfugerð hans er sjálfkrafa vísað frá dómi. Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Mánudaginn 27. júní 1977.

Nr. 149/1976. **Helgi Pétursson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Sigurði Jónssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Kaupsamningur. Fasteign. Riftunarkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. júlí 1976. Krefst hann þess, að rift verði með dómi kaupsamningi málsaðilja hinn 18. mars 1975 varðandi fasteignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík, „allt gegn endurgreiðslu móttekins fjár með 18% ársvöxtum frá greiðsludögum stefnda til greiðsludags eða afhendingar og afsals nú þegar til stefnda á eignarhluta Guðrúnar Snæbjörnsdóttur í Freyjugötu 39 Reykjavík". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt gögnum, sem fram hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, fengu áfrýjandi, Helgi Pétursson, og eiginkona hans, Guðrún Snæbjörnsdóttir, leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 23. janúar 1975. Samkvæmt fjárskiptasamningi þeirra hjóna 9. september 1976 á fasteignin Tómasarhagi 15, eða andvirði hennar, að falla í hlut Guðrúnar. Eigi er fram komið, að þau hjón hafi hlotið leyfi til lögskilnaðar. Lögmaður áfrýjanda hefur lýst yfir því hér fyrir dómi, að umbjóðandi hans fari eftir sem áður með málssókn þessa, og er þeirri málsaðild eigi andmælt af hálfu stefnda.

Greiðsla sú, er stefndi skyldi inna af hendi samkvæmt kaupsamningi 18. mars 1975 hinn 1. júní s. á., var lögð inn á sparisjóðsbók á nafni áfrýjanda hinn 3. júní s. á., er eiginkona hans neitaði að veita henni viðtöku. Fé þetta var tekið

út úr sparisjóðsbókinni og sett í geymslu í Landsbanka Íslands á nafn áfrýjanda hinn 25. júní s. á. Þessi háttur um greiðslu þykir eigi vera þess eðlis, að riftun varði. Eigi er hald í öðrum riftunar- eða ógildingarástæðum áfrýjanda. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en um málskostnað.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru en um málskostnað.

Áfrýjandi, Helgi Pétursson, greiði stefnda, Sigurði Jónssyni, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.200.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. maí 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 12. þ. m., hefur Helgi Pétursson skipstjóri, Tómasarhaga 15, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 1. ágúst 1975, á hendur Sigurði Jónssyni lækni, Byggðarenda 19, Reykjavík, til riftunar kaupsamningi, dags. hinn 18. mars 1975, þar sem stefnandi selur stefnda fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ og reikningum vegna nauðsynlegs kostnaðar.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá. LMFÍ.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Helgi Pétursson, stefnandi máls þessa, átti fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík. Í greinargerð stefnanda er því haldið fram, að upp úr áramótunum 1974/1975 hafi stefnandi og maki hans, frú Guðrún Snæbjörnsdóttir, haft uppi ráðagerðir um það að selja nefnda fasteign, ef gott tilboð fengist. Stefnandi og eigin-

kona hans höfðu á þessum tíma slitið samvistum, og bjó eiginkonan að Tómasarhaga 15, en stefnandi, sem er skipstjóri á m/s Dettifossi, bjó annars staðar.

Stefnandi hafði nú samband við Einar nokkurn Jósepsson kaupmann, sem áður hafði selt fasteign fyrir stefnanda, og bað hann að skoða eignina Tómasarhaga 15 og verðleggja. Gerði Einar þetta og taldi, að fá mætti 13 til 15 milljónir króna fyrir eignina. Einar Jósepsson fól síðan fasteignasölunni „Eignamarkaðinum" húsið til sölu. Mun það sennilega hafa gerst í febrúarmánuði 1975, því að hinn 20. febrúar auglýsti fasteignasalan húsið til sölu í Morgunblaðinu. Ýmsir menn sýndu auglýsingu þessari áhuga og fengu að skoða húsið fyrir milligöngu Eignamarkaðarins. Meðal þessara manna var Sigurður Jónsson, stefndi í máli þessu. Enginn gerði þó kauptilboð í fasteignina nema stefndi. Gerði hann fyrst munnlegt kauptilboð á 13½ milljón krónur. Því var hafnað. Hinn 14. mars 1975 gerði stefndi stefnanda skriflegt kauptilboð í fasteignina upp á kr. 15 milljónir. Stefnandi og eiginkona hans samþykktu þetta kauptilboð samdægurs. Eftir þetta mun stefnandi hafa farið með skip sitt „á ströndina" til lestunar. Þá komu vomur á eiginkonu stefnanda varðandi það að undirrita kaupsamning um eignina, og um tíma neitar hún að gera það og fer þess á leit við stefnda, að hann heimili, að kaupin gangi til baka. Stefndi gat ekki fallist á það og sendir henni skeyti, þar sem það m. a. kemur fram, að henni gefist kostur á að undirrita kaupsamning um húseignina kl. 1130 árdegis þann 20. mars 1975 í skrifstofu Eignamarkaðarins, Austurstræti 6. Að öðrum kosti muni stefndi depónera umsaminni greiðslu í Landsbankanum, þar eð um bindandi kaupsamning sé að ræða, sbr. hið staðfesta kauptilboð. Eiginkona stefnanda féll síðan frá þessum mótmælum sínum, og hinn 18. mars 1975 undirrita málsaðiljar og kona stefnanda kaupsamning um eignina. Í kaupsamningi þessum segir m. a. svo: „Seljandi skuldbindur sig til þess að selja og kaupandi til þess að kaupa neðanskráða eign seljanda: Nánar tiltekið er hin selda eign einbýlishús við Tómasarhaga 15, í Reykjavík, með tilheyrandi leigulóð og öllu, sem fylgir og fylgja ber.

Eignin er háð ákvæðum laga um byggingarsamvinnufélög.

Kvöð er um opið bílastæði.

Eignin er seld í því ástandi sem hún nú er í og sem kaupandi hefur kynnt sér við skoðun og sætt sig við að öllu leyti.

Kaupverðið er umsamið kr. 15.000.000.00 — fimmtán milljónir 00/100 — og greiðist það svo sem hér segir:

1. Við undirritun kaupsamnings	kr.	2.000.000.00
2. Hinn 1. júní 1975 með peningum	—	1.000.000.00
3. Hinn 1. ágúst 1975 með peningum	—	1.000.000.00
með víxlum dagsettum 1. ágúst 1975 með eftirfarandi gjalddögum: pr. 1. okt. 1975 og tryggingarbréfi	—	500.000.00
pr. 1. des. 1975 og tryggingarbréfi	—	500.000.00
pr. 1. febr. 1976 og tryggingarbréfi	—	1.000.000.00
pr. 1. apríl 1976 og tryggingarbréfi	—	500.000.00
pr. 1. júní 1976 og tryggingarbréfi	—	500.000.00
pr. 1. ágúst 1976 og tryggingarbréfi	—	500.000.00
Kaupandi tekur að sér að greiða eftirstöðvar skuldar við handhafa, upphaflega kr. 980.000.00, nú að eftirstöðvum	—	490.000.00
Kaupandi gefur út 4 skuldabréf til 10 ára, sem greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum með 12% vöxtum frá afh.degi með gjalddaga 1/3 og 1/9 ár hvert, í fyrsta sinn 1/3 og 1/9 1977. Skuldabréfin séu tryggð með 3. veðr. í hinni seldu eign	—	7.010.000.00
Vextir reiknast af skuldabréfum frá 1/8 1975. Gefið verði út afsal þann 1/8 1975, og þá verða gefnir út víxlar með tryggingarbréfum fyrir eftirstöðvum útborgana. Seljandi veitir veðheimild fyrir allt að kr. 2.000.000.00.		
	Alls kr.	15.000.000.00

Vextir af greiðslum skv. lið 1—3 skulu reiknast ekki % miðað við afhendingardag og skulu gerast upp

Hin selda eign skal vera laus til afnota hinn 1. ágúst 1975. Tekur kaupandi við eigninni þann dag og hirðir frá þeim tíma arð hennar og greiðir af henni skatta og skyldur svo og vexti af áhvílandi lánum, en seljandi til sama tíma.

Vexti af áhvílandi lánum skal seljandi gera upp við afsal.

Afsal skal gefið út 1. ágúst 1975, er kaupandi hefur fullnægt skuldbindingum sínum skv. framanskráðu."

Við undirritun kaupsamnings greiddi stefndi stefnanda kr. 2.000.000, svo sem kaupsamningur mælti fyrir um. Veitti stefnandi greiðslu þessari viðtöku.

Hinn 24. mars 1975 greiddi stefnandi fasteignasölunni, Eignamarkaðinum, kr. 300.000 í sölulaun.

Stefndi hefur borið, að það hafi verið að ósk þeirra hjónanna, að annað hvort þeirra mætti sækja greiðslur til Eignamarkaðarins á gjalddögum skv. kaupsamningnum. Þessi framburður stefnda er studdur vætti Kristjáns Knútssonar, sölumanns hjá fasteignasölunni Eignamarkaðinum. Þessu er mótmælt af hálfu stefnanda.

Þegar önnur greiðsla samkvæmt kaupsamningnum féll í gjalddaga, hinn 1. júní 1975, er eiginkona stefnanda látin vita um það, að fé þetta sé til reiðu á fasteignasölunni, Eignamarkaðinum. Eiginkona stefnanda neitar þá að veita peningagreiðslu þessari viðtöku. Hinn 3. júní 1975 er greiðsla þessi lögð inn á sparisjóðsbók nr. 6482 við Múlaútibú Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Það næsta, sem gerist í málinu, er, að hinn 25. júní 1975 sendir Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður stefnda skeyti svohljóðandi:

„Kaupsamningi yðar um Tómasarhaga 15, dags. 18. mars 1975, er hér með rift af hálfu Helga Péturssonar vegna forsendubrests, blekkinga, vanefnda o. fl. Endurgreiðsla greidds fjár er yður til reiðu. Áskilinn er réttur til skaðabóta."

Hinn 26. júní 1975 er greiðslu þeirri, sem inna átti af hendi samkvæmt kaupsamningnum hinn 1. júní 1975 og greitt var inn á sparisjóðsbók nr. 6482 við Múlaútibú Landsbanka Íslands hinn 3. s. m., depónerað við sama banka á nafn stefnanda.

Eftir þetta hefur stefndi depónerað greiðslum samkvæmt kaupsamningnum per 1. ágúst, 1. október og 1. desember 1975 og per 1. febrúar og 1. apríl 1976 í Landsbanka Íslands á nafn stefnanda, samtals að fjárhæð kr. 3½ milljón.

Hinn 27. júní 1975 eru lagðar 2 milljón krónur inn á bók nr. 75770 á nafn Sigurðar Jónssonar. Af því tilefni ritar Þorvaldur Einarsson f. h. lögfræðideildar Búnaðarbanka Íslands hinn 27. júní 1975 lögmanni stefnanda, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, svohljóðandi bréf, er stefnda var sent afrit af:

„GEYMSLUGREIÐSLA:

Að beiðni Helga Péturssonar og Guðrúnar Snæbjarnardóttur, Tómasarhaga 15, Reykjavík, — og í samráði við yður, — hafa kr. 2.000.000.00 — TVÆR MILLJÓN KRÓNUR, — verið lagðar í dag inná bók nr. 75770 á nafni SIGURÐAR JÓNSSONAR, Byggðarenda 19, Reykjavík. Innborgun þessi er gerð sem geymslu-

greiðsla (depositum) til hans vegna endurgreiðslu á útborgun og til riftunar á kaupsamningi dags. 18. marz 1975 milli þessara aðila um fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík.

Geymslugreiðsla (sparisjóðsbók) þessi er í vörzlu lögfræðideildar bankans, Hafnarstræti 6, IV. hæð, Reykjavík, — og verður hún afhent Sigurði Jónssyni ef/þegar hann óskar og gegn framvísun fullnægjandi heimilda og samkvæmt þeim skilmálum sem þér setjið, — allt framangreint án ábyrgðar fyrir Búnaðarbankann."

Með bréfi, dags. 27. júní 1975, til lögmanns stefnanda frá lögmanni stefnda er riftuninni á kaupsamningnum frá 18. mars 1975 mótmælt og því lýst yfir, að stefndi sé staðráðinn í því að halda fast á rétti sínum til fasteignarinnar samkvæmt kaupsamningnum. Jafnframt er áskilinn allur réttur til skaðabóta vegna boðaðra brigða seljanda á kaupsamningnum svo og áskilinn allur réttur vegna aðdróttana og meiðandi ummæla í fyrrgreindu riftunarskeyti, þar sem stefnda sé brigðslað um vanefndir og blekkingar.

Síðan áttu sér stað nokkur bréfaskipti milli lögmanna málsaðilja, og með bréfi frá lögmanni stefnanda til lögmanns stefnda, dags. 7. ágúst 1975, er stefnda boðin einnrar milljón króna greiðsla í peningum innan mánaðar, ef hann samþykki riftun eða niðurfellingu kaupsamningsins, enda lýsi báðir aðiljar því yfir, að þeir eigi hvorugur kröfu á hinn af þessu tilefni. Með bréfi, dags. 15. ágúst 1975, frá lögmanni stefnda til lögmanns stefnanda er tilboði þessu hafnað.

Hinn 25. júlí 1975 gaf yfirborgardómarinn í Reykjavík út réttarstefnu í máli þessu, er birt var, svo sem getið er í upphafi dómsins. Sama dag voru á bæjarþingi Reykjavíkur að beiðni lögmanns stefnanda dómkvaddir sem hæfir menn og óvilhallir þeir Þorsteinn Ólafsson viðskiptafræðingur og Indriði Níelsson húsasmíðameistari, báðir hér í borg, til þess að meta til peningaverðs fasteignina Tómasarhaga 15 í Reykjavík, þ. e. að segja til um hæfilegt söluverð og skilmála um fasteign þessa miðað við kaup og kjör slíkrar fasteignar í mars 1975, svo sem nánar greindi í matsbeiðni.

Matsgerð hinna dómkvöddu manna er dagsett 6. mars 1976. Matsgerð þessi hljóðar svo að loknum inngangsorðum:

„Fasteignin Tómasarhagi 15 er steinsteypt íbúðarhús, 2 hæðir, kjallari og lágt ris, hraunað að utan, einangrað með korki að innan og múrhúðað, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á

neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, vatnssalerni með handlaug, skáli og anddyri með fataskápum. Á efri hæð eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi með kerlaug, vatnssalerni og handlaug, stigahús, gangur og 2 veggsvalir. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, lítið eldhús, baðherbergi með kerlaug, vatnssalerni og handlaug, ytri og innri gangur, þvottahús og geymslur. Ris er óinnréttað. Þá fylgir eigninni bílskúr og frágengin afgirt og ræktuð leigulóð, 719 m^2. Sjálf húseignin telst 815 m^3, en bílskúr 94.5 m^3. Stærð eignarinnar er því 909.5 m^3.

Upplýsingasöfnun vegna mats af þessu tagi hefur reynst ýmsum erfiðleikum bundin, og má m. a. nefna, að mjög takmarkaðar upplýsingar hefur verið að fá frá fasteignasölum í Reykjavík. Eftir margar athuganir á því, hvernig nálgast ætti umbeðið mat á fasteigninni Tómasarhaga 15 samkvæmt matsbeiðni, varð úr, að matsmenn snéru sér til Fasteignamats ríkisins og fengu þar afhent sem trúnaðarmál allar upplýsingar byggðar á kaupsamningum um fasteignasölur í Reykjavík á tilteknu tímabili. Á grundvelli þessara upplýsinga unnu matsmenn úrtak, sem saman stendur af sölum 28 fasteigna í Reykjavík, sem fram fóru á tímabilinu 13. ágúst 1974 til 14. nóvember 1975. Af þessum 28 sölum fóru 15 sölur fram á tímabilinu frá 13. ágúst 1974 til 18. mars 1975, þegar kaupsamningur um fasteignina Tómasarhaga 15 var gerður, en 13 sölur á tímabilinu frá 18. mars 1975 til 14. nóvember s. á. Úrtakið var þannig valið, að eingöngu voru tekin steinhús, sem byggð höfðu verið á tímabilinu frá 1940 til 1969, þ. e. byggð allt að 15 árum fyrir og eftir byggingartíma Tómasarhaga 15, en smíði þess lauk um áramótin 1954/1955.

Á grundvelli úrtaksins var reiknað meðalsöluverð á hvern m^3 í fyrrgreindum eignum á nefndu tímabili og meðalgreiðslukjör við sölu á sömu eignum. Niðurstöðutölur úrtaksins voru þær, að meðalsöluverð á hvern m^3 reyndist vera kr. 20.282. Hlutfall útborgunar af heildarverði reyndist að meðaltali vera nákvæmlega 66.7% eða 2/3 hlutar. Að meðaltali dreifðust útborganir á 9 mánuði, þar af ca. 2/3 útborgunar á fyrstu 6 mánuðina frá undirritun kaupsamnings, en 1/3 hluti á næstu 3 mánuði. Hvað snertir tímadreifingu útborgunar er rétt að geta þess, að upplýsingar úrtaksins þar að lútandi voru nær eingöngu frá sölum, sem fram fóru á tímabilinu 13. ágúst til 18. mars. Enga vísbendingu hafa matsmenn fengið um, að á sölumarkaði fasteigna hafi átt sér stað breytingar hvað þetta snertir. Almennt mun þeirri reglu fylgt í fasteignaviðskiptum, að vextir eru greiddir

af útistandandi útborgunum, enda þótt frávik frá þeirri reglu sé að finna.

Þar sem niðurstaða úrtaksins um meðalsöluverð á hvern m^3 byggir á úrtaki um sölur fasteigna víðs vegar um borgina, telja matsmenn eðlilegt, að hún sé leiðrétt með tilliti til legu þeirrar eignar, sem meta skal. Það er almennt álit fasteignasala, og styðja eigin athuganir matsmanna það álit, að eignir í vesturhluta borgarinnar á því svæði, sem hér um ræðir, þ. e. svokölluðu Hagahverfi, séu hlutfallslega verðmætari en almennt gerist annars staðar í borginni miðað við meðaltal. Það er álit matsmanna, að eðlilegt sé að meta þann þátt, þ. e. legu eignarinnar að Tómasarhaga 15, jafngildi 1000 kr. á hvern m^3.

Við skoðun eignarinnar komu engin þau atriði fram, hvorki gallar eða kostir sem matsmönnum þótti sérstaklega ástæða til að taka tillit til til lækkunar eða hækkunar í mati þessu.

Matsniðurstaða

Það er álit matsmanna, að sú aðferð, sem fyrr hefur verið lýst og miðar að því að finna eðlilegt söluverð og skilmála um sölu ákveðinnar fasteignar í nánar tiltekinni fortíð, við örar breytingar á verðlagi fasteigna, á grundvelli tölfræðilegs úrtaks um verð á hvern m^3, sé raunhæf og eðlileg.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða matsmanna um hæfilegt söluverð og skilmála um fasteignina Tómasarhaga 15 R.vík, miðað við kaup og kjör slíkrar fasteignar í marsmánuði 1975, eftirfarandi:

Verð pr. m^3 hússins:	20.282 + 1000	=	21.282 kr.
Heildarverð:	909.5 m^3 á 21.282 kr.	=	19.356.000 kr.
Greiðslukjör:	Útborgun 2/3 hlutar	=	12.910.000 kr.
	Eftirst. 1/3 hluti	=	6.446.000 kr.

Til greiðslu fyrstu 6 mánuði frá undirritun kaupsamnings komi 8.607.000 kr., sem skiptist þannig:

Við undirskrift 18/3 1975	2.870.000 kr.
Hinn 18. júní s. á.	2.870.000 kr.
Hinn 18. sept. s. á.	2.867.000 kr.

Til greiðslu næstu 3 mánuði kr. 4.303.000, sem skiptist þannig:

Hinn 18. okt. 1975	1.435.000 kr.
Hinn 18. nóv. 1975	1.435.000 kr.
Hinn 18. des. 1975	1.433.000 kr.
Samtals útborgun	12.910.000 kr.

Af eftirstöðvum útborgunar eins og þær eru á hverjum tíma skulu greiddir 12% vextir p. a. frá undirritun kaupsamnings.

Eftirstöðvar kr. 6.446.000 skulu greiðast með því, að kaupandi gefur út skuldabréf fyrir nefndri fjárhæð, sem greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 8 árum með 12% vöxtum p. a. frá afhendingardegi að telja. Skal skuldabréfið tryggt með veði í hinni seldu eign. Afsal skal út gefið fyrir hinni seldu eign, þegar síðasta greiðsla útborgunar fer fram."

Matsmenn hafa báðir komið fyrir dóminn, staðfest matsgerð sína og svarað spurningum í sambandi við matsverðið.

Hinn 8. ágúst 1975 var stefnanda sent símskeyti frá fasteignasölunni Eignamarkaðinum, sem undirritað er af Lúðvík Halldórssyni. Í þessu skeyti er stefnandi minntur á það, að hinn 1. ágúst 1975 hafi honum borið að gefa út afsal fyrir fasteigninni Tómasarhaga 15, Reykjavík, og honum tilkynnt, að afsal ásamt tryggingarbréfi með víxlum svo og skuldabréf liggi tilbúin til undirritunar hjá Eignamarkaðinum. Jafnframt segir í skeytinu, að þess sé vænst, að stefnandi undirriti skjölin nú þegar til efnda á ofangreindum kaupsamningi og stefnandi enn fremur minntur á að efna loforð sitt um aflýsingu lána af eigninni, sbr. niðurlag kaupsamnings.

Stefnandi rökstyður riftunarkröfur sínar með því, að kaupsamningurinn frá 18. mars sé ógildur eða ógildanlegur vegna ákvæða 29., 30. og 32. gr. laga nr. 7/1936 um samninga umboð og ógilda löggerninga. Auk þess séu riftunarástæður fyrir hendi vegna vanefnda stefnda á efni samningsins um lögmæta og gallalausa greiðslu hinn 1. júní 1975 á 1 millj. krónum, sem ekki hafi verið boðin fram með löglegum hætti fyrr en með geymslugreiðslu hinn 26. júní 1975. Þá sé samningurinn riftanlegur vegna viljaskorts, m. a. vegna ákvæða samningsins um vaxtagreiðslur og greiðslutíma veðskuldabréfa að fjárhæð kr. 7.010.000. Ákvæði samningsins séu að minnsta kosti mjög óljós og auk þess líklega ekki í samræmi við tilboð og það, sem frekar hafi verið talað um, þ. e. að vexti skyldi samkvæmt venju greiða af útborgunarfjár-

hæðum frá afhendingardegi eignarinnar og að veðskuldabréfin skyldu greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 10 árum. Hins vegar hafi ekki átt að byrja að greiða af bréfunum fyrr en 1. mars 1977, þannig að þau yrðu ekki greidd á næstu 10 árum, heldur 11 árum. Þessi kjör séu langt fyrir neðan sannvirði í mörgum greinum.

Bæði fasteignasalinn og stefndi hafi beitt stefnanda miklum þrýstingi til þess að fá tilboðið frá 14. mars 1975 samþykkt og hafi því m. a. verið lýst af þeirra hálfu, að hér væri um alveg einstaklega hagstætt tilboð til seljanda, er ekki mætti láta fram hjá sér fara. Kaupverðið og aðrir skilmálar væru í hagstæðasta lagi fyrir seljanda. Stefnandi hafi treyst fasteignasalanum sem sérfræðingi á þessu sviði og hlutlausum milligöngumanni. Hér hafi þannig verið beitt svikum og misneytingu, en auk þess sé forsendubrestur fyrir hendi. Vitnar stefnandi þessu til áréttingar til matsgerðar hinna dómkvöddu manna, sem metið hafi eignina á kr. 19.356.000 með útborgun að fjárhæð kr. 12.910.000, en eftirstöðvarnar, kr. 6.446.000, hafi átt að greiða með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 8 árum með 12% ársvöxtum frá afhendingardegi. Þetta séu mun betri kjör en stefndi hafi fengið eignina á. Stefnandi hafi síðan verið fjarverandi vegna atvinnu sinnar, en bæði hann og maki hans hafi orðið hugsi vegna tilboðsins, sem hafi verið undirritað við framangreindar aðstæður og á téðum forsendum. En þrýstingnum hafi verið haldið áfram, einkum gagnvart maka stefnanda, þar sem hann hafi þá verið á sjó. Stefnandi hafi með erfiðleikum getað fengið 1—2 klst. hinn 18. mars 1975 til þess að koma á skrifstofu fasteignasölunnar, þar sem honum hafi verið sagt, að hann yrði að skrifa undir og hafi hann gert það ásamt maka sínum í þeirri trú, að hann ætti ekki annarra kosta völ. Stefnandi hafi þar tekið við 2 milljón krónum samkvæmt samningnum. Þegar komið hafi að greiðslu hinn 1. júní 1975, hafi starfsmaður fasteignasölunnar hringt skömmu eftir þann dag í maka stefnanda og tjáð henni, að hún gæti sótt greiðslu til sín, en hún þá svarað því til, að hvorki ætti hún né mundi sækja neina greiðslu neitt. Síðar í júní hafi stefnandi og maki hans fyrst leitað lögmannsaðstoðar og ákveðið að rifta kaupsamningnum. Það hafi verið gert með símskeyti 25. júní 1975. Daginn eftir hafi svo verið depónerað greiðslunni per 1. júní 1975. Stefnandi eða maki hans hafi hins vegar enga vitneskju fengið um sparisjóðsbók nr. 6482 eða depóneringu þessa fyrr en með bréfi lögmanns stefnda, dags. 1. ágúst

1975. Hér sé því um vanefndir að ræða, þar sem rétt greiðsla og gallalaus hafi ekki verið afhent réttum aðilja í tæka tíð.

Að endingu veifaði lögmaður stefnanda því við munnlegan flutning málsins sem málsástæðum, að stefndi hefði hvorki greitt fasteignagjöld fyrir eignina árið 1975 né 1976. Þá hefði hann heldur ekki greitt afborgun af húsinu skv. veðskuldabréfi við dómsmálaráðuneytið, að fjárhæð kr. 125.440, er stefnda hafi borið að greiða skv. kaupsamningi. Að lokum hélt lögmaður stefnanda því fram, að stefndi hafi heldur ekki greitt uppgjör vaxta og kostnaðar vegna sölunnar að Tómasarhaga 15, Reykjavík, er honum hafi borið, samtals að upphæð kr. 117.530, skv. uppgjöri frá Eignamarkaðinum.

Stefndi styður sýknukröfur sínar þeim rökum, að það hafi verið í febrúarmánuði 1975 sem hann hafi séð auglýsingu frá Eignamarkaðinum í Morgunblaðinu um það, að fasteignin Tómasarhagi 15 væri til sölu. Samkvæmt upplýsingum frá fasteignasölunni hafi margt fólk spurst fyrir um eignina, en mönnum fundist verðið, sem eigendur hafi viljað fá fyrir hana, kr. 15.000.000, of hátt og horfið frá. Eigendur hafi einungis fengið tilboð í eignina frá stefnda. Hann hafi fyrst boðið kr. 13½ milljón í eignina, en því tilboði hafi verið hafnað. Hafi hann þá verið búinn að skoða íbúðina tvívegis. Síðan hafi verið haldinn fundur með aðiljum málsins og á þeim fundi hafi náðst samkomulag um verðið, kr. 15.000.000. Kauptilboðið hafi verið dagsett 14. mars 1975, en kaupsamningurinn 18. mars 1975. Frá því að stefndi þannig fékk fyrst að vita um eignina og þar til gengið var frá kaupsamningi liði um einn mánuður. Það sé því ekki nein fljótaskrift á hlutunum í sambandi við þessa sölu, sem í alla staði hafi verið eðlileg.

Það hafi því komið stefnda mjög á óvart, er upp hafi komið sú staða, að eiginkona stefnanda hafi viljað láta kaupin ganga til baka, en það hafi stefndi ekki getað fallist á, vegna þess að hann hafi þá verið búinn að gera ýmsar ráðstafanir í trausti þess, að staðið yrði við kaupsamninginn, m. a. selt húseign við Túngötu 43, sem hann hafi átt og verið hafi forsenda fyrir kaupum þessum.

Stefndi hafi staðið við allar sínar skuldbindingar skv. kaupsamningnum og hafi greitt allar afborganir, svo sem kaupsamningurinn geri ráð fyrir, en hann hafi orðið að „depónera" öllum greiðslum nema þeirri fyrstu. Þá var því haldið fram við munnlegan flutning af hálfu lögmanns stefnda, að það væri fráleitt,

að stefndi ætti að greiða fasteignagjöld af eigninni, meðan hann hefði ekki afnot hennar, ekki bæri honum heldur skylda til þess að greiða skv. uppgjöri Eignamarkaðarins vexti og kostnað vegna Tómasarhaga 15, að fjárhæð kr. 117.530, fyrr en við útgáfu afsals að eigninni, svo sem venja sé til. Varðandi afborgun af áhvílandi láni til dómsmálaráðuneytisins þá benti lögmaður stefnda á það, að stefndi hefði ekki haft ráðrúm til þess að greiða þessa afborgun, þar sem stefnandi hafi sjálfur verið búinn að rjúka til og greiða afborgunina á undan stefnda. Stefnda hafi ekki verið nein þökk í þessum óbeðna erindisrekstri stefnanda, en stefnandi hafi þó þarna nokkra skuldajafnaðarkröfu á móti skaðabótakröfu stefnda, og sé það vel.

Stefndi staðhæfir, að í máli þessu hafi verið rótað upp alls kyns tilbúnum málsástæðum til þess að réttlæta riftunina, sbr. það sem fram komi í greinargerð lögmanns stefnanda. Samkvæmt því eigi kaupsamningurinn að vera „ógildur eða ógildanlegur" vegna ýmissa ákvæða í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þar sé vitnað til 29. gr. laganna, þ. e. minni háttar nauðung, en engin tilraun gerð til að skýra þetta. Þá sé vitnað til 30. gr. laganna, það eru svik, en ekki skýrt í hverju svikin hafi verið fólgin og engin tilraun gerð til þess að skýra þau. Enn fremur sé vitnað til 32. gr. samningalaganna, en engin skýring gefin á því, í hverju óheiðarleiki stefnda eigi að vera fólginn.

Þá geri stefnandi tilraun til að rökstyðja vanefnd, en farist það óhönduglega, því að stefndi hafi goldið greiðsluna, sem hann átti að inna af hendi hinn 1. júní 1975, 3. júní 1975. Að beiðni eiginkonu stefnanda hafi peningarnir verið greiddir til umboðsmanns stefnanda við söluna, Eignamarkaðarins. Þar hafi peningarnir verið stefnanda til reiðu allan tímann, enda verið lagðir inn á bankabók. Stefnda hafi því aldrei vantað vilja né getu til þess að greiða í samræmi við samninginn, en hins vegar hafi verið um viðtökudrátt af hendi stefnanda að ræða.

Þá heldur stefndi því fram, að ákvæðin í kaupsamningi um vaxtagreiðslur og greiðslutíma veðskuldabréfa vegna eftirstöðva kaupverðs að fjárhæð kr. 7.500.000 séu ljós, svo sem hver og einn geti sannfærst um með að lesa ákvæðin í kaupsamningnum þar um. Þá kvaðst stefndi skilja greinargerð stefnanda um misneytingu á þann veg, að fasteignasalinn hafi misnotað aðstöðu sína með einhverju móti, þannig að það ætti að varða við 253. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. og 7. gr. laga nr.

58/1960 um bann við okri, dráttarvexti og fleira. Minnir stefndi á í þessu sambandi, að hafi gerningur komist á við þessar aðstæður, sé hann ekki ógildanlegur gagnvart þriðja manni í góðri trú eins og stefnda. Þá sé ekki gerð nein grein fyrir því, í hverju meint svik fasteignasalans séu fólgin.

Varðandi meintan viljaskort eða forsendubrest kveðst stefndi skilja það þannig, að verðið hafi verið of lágt. Mótmælir stefndi þeirri málsástæðu sem fjarstæðu og gagnrýndi, að fasteignasali skyldi ekki hafa verið dómkvaddur til þess að meta eignina í stað viðskiptafræðings og húsasmíðameistara. Því sé matsgerð þessi mjög veikt sönnunargagn. Það megi aðeins minna á, að skv. upplýsingum hjá fasteignasölunni hafi stefnandi verið með ákveðnar verðhugmyndir, kr. 15.000.000. Margir hafi komið, en fundist verðhugmynd stefnanda of há og eftir að húsið hafi verið í sölu um einn mánuð, hefðu tekist samningar um kr. 15.000.000, sem sýni, að húsið var ekki seljanlegt fyrir hærra verð. Það sé fjarri því, að rifist hafi verið um húsið, en markaðsverð hljóti ávallt að ráðast öðrum þræði af eftirspurninni. Að lokum mótmælir stefndi öllum málsástæðum stefnanda sem algerlega röngum í alla staði, tilhæfulausum og gersamlega órökstuddum. Gerir stefndi kröfu til þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða ríflegan málskostnað, sbr. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, fyrir tilefnislausar málsýfingar.

Niðurstaða dómsins.

Þegar stefnandi og maki hans samþykktu kauptilboð stefnda í fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík, hinn 14. mars 1975, komst á bindandi samningur milli málsaðilja um eignina. Sá samningur var staðfestur með kaupsamningnum frá 18. sama mánaðar, sem er í samræmi við hið samþykkta kauptilboð og skiljanlegur hverjum greindum manni og góðum, sem nennir að lesa. Hverjum þeim manni, sem kaupir og selur fasteign, ber skylda til þess að lesa vandlega yfir öll skjöl varðandi söluna. Sá, sem það ekki gerir, verður sjálfur að bera hallann af þeirri vanrækslu.

Dómurinn telur, að stefndi hafi gert góð kaup, einkum að því er varðar útborgunarskilmála á eigninni. Hins vegar nægir það eitt út af fyrir sig alls ekki til riftunar á bindandi kaupsamningi, enda eru allar aðrar riftunarástæður stefnanda gersamlega órökstuddar, og þar sem stefndi sýndi hvorki vilja- né getuleysi til að greiða í samræmi við kaupsamning aðiljanna, heldur var um

viðtökudrátt á greiðslum af hálfu stefnanda að ræða, er riftunarkröfu stefnanda í máli þessu hrundið.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnanda til að gjalda stefnda málskostnað. Stefndi lagði fram málskostnaðarreikning við munnlegan flutning málsins að fjárhæð kr. 1.032.575. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir við málflutninginn, að hann vefengdi ekki reikning þennan tölulega, og þar sem hann er í samræmi við gjaldskrá LMFÍ, verður hann tekinn til greina óbreyttur.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Árna Stefánssyni og Einari Sigurðssyni, hæstaréttarlögmönnum og fasteignasölum.

Dómsorð:

Riftunarkröfu stefnandans, Helga Péturssonar, á kaupsamningi, dags. 18. mars 1975, um fasteignina Tómasarhaga 15, Reykjavík, er hrundið.

Stefnandi, Helgi Pétursson, greiði stefnda, Sigurði Jónssyni, kr. 1.032.575 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. júní 1977.

Nr. 154/1975. **Páll Eiríksson**
(Logi Guðbrandsson hrl.)
gegn
Landsvirkjun
Jóni N. Vilhjálmssyni og
Almennum Tryggingum h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Lögveðréttur í bifreið.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 22. október 1975. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér 7.665.480 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 432.428 krónum. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu. Loks krefst hann viðurkenningar á lögveðsrétti í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna.

I.

Að morgni 11. desember 1969, um kl. 0900, varð árekstur á Vesturlandsvegi við mót Bæjarháls milli bifreiðar áfrýjanda og bifreiðar, sem stefndi Jón N. Vilhjálmsson ók. Er þetta rakið í hinum áfrýjaða dómi. Var þá enn myrkt af nóttu og snjókoma. Gögn máls benda til, að hálka hafi verið á veginum. Við þessar aðstæður bar báðum ökumönnum að gæta sérstakrar varúðar. Þykir hvorugur þeirra hafa gert það sem skyldi. Höfuðsök á árekstrinum hvílir á áfrýjanda, sem ók inn á Vesturlandsveg, þar sem biðskylda er, án þess að hyggja nægilega að ökutækjum, er komu eftir þeim vegi. Samkvæmt skýrslum aðilja hefur áfrýjandi verið kominn að minnsta kosti 15 metra frá gatnamótunum, þegar stefndi Jón ók aftan á bifreið hans, og styður það þá niðurstöðu, að stefndi Jón hafi ekki sýnt þá varúð, sem honum bar, og ekið hraðar en aðstæður leyfðu. Að þessu aðgættu þykir rétt að skipta sök svo, að áfrýjandi fái bætt tjón sitt, er hann sækir í þessu máli, að einum þriðja hluta.

II.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, fór áfrýjandi á skurðlækningadeild Borgarspítalans eftir slysið. Meðal gagna máls er áverkavottorð Frosta Sigurjónssonar, dr. med., dag-

sett 14. janúar 1970. Í vottorðinu er meiðslum áfrýjanda lýst svo:

„Röntgenmyndir af hálsliðum, teknar strax, sýndu greinilega brot á efri frambrún á v. hálslið, ennfremur greinileg merki um slitbrot frá liðfletinum á C:IV báðum megin. Rannsókn taugasérfræðings (Gunnars Guðmundssonar) leiddi í ljós greinileg taugarótareinkenni, svarandi til áhrifasvæðis III. og IV. hálstaugar á báðum handleggjum og herðum.

Páll var meðhöndlaður hér frá 12.12—23.12 á handlækningadeild Borgarspítalans. Hann kvartaði stöðugt um mikla verki í hálsi. Verkir þessir leiddu upp í höfuð að aftan og út í handleggi. Við útskrift hinn 23.12 hafði hann enn verki í hálsi. Hann var sendur heim með hálskraga".

Hálskraga þennan hafði áfrýjandi um það bil þrjá mánuði.

Í umsögn Gunnars Guðmundssonar yfirlæknis, dags. 18. ágúst 1972, segir, að hann hafi framkvæmt taugaskoðun á áfrýjanda þrívegis, síðast 25. maí 1972. Í áliti yfirlæknisins greinir, að áfrýjandi hafi „fengið skemmd á taugarætur (plexus) C2-Th2, með tímabundnum lömunum vinstra megin (C5-C7)". Hafi hann misst meðvitund smástund, „sem bendir til heilahristings (commotio cerebri), en gæti einnig bent til truflana frá efsta hluta mænu". Einnig sáust röntgenbreytingar á hálsliðum. Yfirlæknirinn telur, að kvartanir þær og einkenni, sem fram hafi komið hjá áfrýjanda, verði að teljast afleiðing áverkans. Síðan segir: „Vafalaust er einnig um að ræða nokkra post traumatíska neurosu". Ástand áfrýjanda telur yfirlæknirinn hafa verið óbreytt frá því í september 1970, og telur hann „sennilegt, að hér sé um varanlegt ástand að ræða . . .".

Páll Sigurðsson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, mat örorku áfrýjanda, og er mat hans dagsett 2. september 1972. Í niðurstöðu þess segir svo:

„Ályktun: Hér er um að ræða 31 árs gamlan mann, sem slasaðist í bifreiðarslysi fyrir tæplega 3 árum. Við slysið hlaut hann áverka á hálsliði og mun hafa misst meðvitund stutta stund við slysið. Hann fékk tímabundna lömun á

vinstri handlim og mun hafa fengið skemmd á taugarætur við slysið.

Einkenni mannsins og óþægindi nú eru vafalaust afleiðingar slyssins, og verður því að telja, að hann hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 1 mánuð 100% örorka
í 6 mánuði 50% örorka
í 6 mánuði 35% örorka
og síðan varanleg örorka 20%."

Bjarni Þórðarson tryggingastærðfræðingur áætlaði tjón áfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku 26. október 1972 á grundvelli framangreinds örorkumats. Segir svo í áætlun hans:

„Páll er sagður fæddur 18. ágúst 1944 og hefur samkvæmt því verið 28 ára að aldri, er hann slasaðist. Hann lauk kandidatsprófi í læknisfræði í júnímánuði 1969 og starfaði sem læknakandidat á Kleppsspítalanum, er hann slasaðist. Hann mun nú stunda framhaldsnám erlendis.

Þar sem Páll var við nám árin fyrir slysið, er ekki unnt að leggja þau til grundvallar áætlun um framtíðarvinnutekjur. Mér er ekki kunnugt um upplýsingar um meðaltekjur lækna almennt, en hins vegar liggja fyrir nokkrar upplýsingar um launakjör sjúkrahúslækna.

Ég hefi því valið þann kost að áætla Páli framtíðarvinnutekjur á grundvelli launakjara sjúkrahúslækna. Tek ég þá ekki tillit til náms hans erlendis nú, en miða eingöngu við kjör hér heima.

Ég geri ráð fyrir, að Páll hafi tekið laun sem aðstoðarlæknir frá 1. júlí 1970. Miða ég við 1. launastig í hálft ár og síðan hækkandi um eitt launastig á ári, þannig að miðað er við laun samkvæmt 5. launastigi frá 1. jan. 1975. Frá 1. jan. 1977 geri ég ráð fyrir, að Páll taki laun sem sérfræðingur eftir 6 ára starf. Auk fastra launa geri ég ráð fyrir launum fyrir 46½ stund á mánuði vegna yfirvinnu og 41 stund vegna gæzluvakta, meðan Páll er kandidat og aðstoðarlæknir, og 37 stunda á mánuði vegna yfirvinnu og 95 stunda vegna

gæzluvakta eftir að hann er orðinn sérfræðingur. Við þessa áætlun er stuðst við upplýsingar frá framkvæmdastjóra Læknafélags Reykjavíkur um meðalfjölda yfirvinnu- og gæzluvaktastunda sjúkrahúslækna. . . .

Verðmæti vinnutekjutaps, sem gert er ráð fyrir, að sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin, reiknast mér nema á slysdegi:

	Vegna fastra l.	Vegna yfirv.	Vegna gæzluvakta	Samtals
V. tímab. örorku	214.271.00	54.973.00	9.989.00	279.233.00
V. varanl. örorku	2.225.595.00	592.438.00	242.817.00	3.060.850.00
Samtals kr.	2.439.866.00	647.411.00	252.806.00	3.340.083.00

Verðmæti tekjutaps vegna tímabundinnar örorku skiptist þannig, að kr. 122.756.00 eru vegna 20% örorku, en kr. 156.477.00 vegna örorku umfram 20%.

Sé gert ráð fyrir sama tapi á hluta sjúkrahúsanna í framlagi til lífeyrissjóðs, reiknast mér verðmæti tapsins hækka um kr. 124.173.00.

Ef annar yfirvinnu- og gæzlustundafjöldi er lagður til grundvallar, má auðveldlega finna verðmæti tapsins hlutfallslega, svo fremi sama hlutfallsbreyting er á stundafjöldanum miðað við bæði aðstoðarlækni og sérfræðing.

Hér hefur ekki verið gerð áætlun um tekjur vegna eigin „praksis", en algengt mun vera, að sjúkrahúslæknar stundi sjúklinga utan sjúkrahúsanna.

Við útreikningana hefur ekki verið tekið tillit til launagreiðslna þann tíma, sem Páll var frá vinnu vegna slyssins. Ekki hefur heldur verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu."

Tryggingastærðfræðingurinn áætlaði tjón áfrýjanda að

nýju 27. ágúst 1972 og enn 25. júní 1975. Í þeirri áætlun segir svo:

„Sömu forsendur eru notaðar við áætlun framtíðarvinnutekna, en bent skal á, að kaup fyrir yfirvinnu og gæzluvaktir hefur hækkað til muna meir en föst laun, en ég hef ekki getað aflað nýrra upplýsinga um meðalfjölda yfirvinnustunda og gæzluvaktastunda. Gert er ráð fyrir, að sjúkrahússlæknar fái launajöfnunarbætur, kr. 13.700.00 á mán. á laun frá 1. júlí n. k.

Áætlaðar vinnutekjur verða þá sem hér segir:

	Föst laun	Laun fyrir yfirvinnu	Laun fyrir gæzlu-vaktir	Laun samtals
1. árið eftir slysið	446.311	114.502	20.762	581.575
2. — — —	578.522	133.306	23.818	735.846
3. — — —	717.044	247.825	48.801	1.013.670
4. — — —	892.112	304.904	57.033	1.254.049
5. — — —	1.297.059	574.481	102.364	1.973.904
6. — — —	1.542.865	688.889	127.023	2.358.777
7. — — —	1.637.100	761.252	134.781	2.533.133
8. — — —	2.012.029	753.091	373.959	3.139.079
9.—16. — — —	2.034.084	752.611	388.028	3.174.723
17. — — —	2.169.914	802.868	413.939	3.386.721
Síðan árlega	2.177.904	805.824	415.464	3.399.192

Verðmæti vinnutekjutaps, áætlað á sama hátt og í fyrri útreikningum, reiknast mér nema á slysdegi miðað við 7% vexti p. a.:

	Vegna fastra launa	Vegna yfirvinnu	Vegna gæzlu-vakta	Samtals
Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	4.316.217	1.547.615	668.576	6.532.408
Samtals kr.	4.530.488	1.602.588	678.565	6.811.641

Sé gert ráð fyrir sama tapi á hluta sjúkrahúss í iðgjaldi til lífeyrissjóðs, reiknast mér verðmæti tapsins hækka um **kr. 249.611.00.**

Ef miðað er við 7% vexti p. a. til 15. maí 1973 og 9% síðan, reiknast mér verðmæti tapsins nema á slysdegi:

	Vegna fastra launa	Vegna yfirvinnu	Vegna gæzluvakta	Samtals
Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	3.387.407	1.281.270	534.887	5.203.564
Samtals kr.	3.601.678	1.336.243	544.876	5.482.797

Ef miðað er við 7% vexti p. a. til 15. maí 1973, 9% frá 16. maí til 15. júlí 1974 og 13% vexti p. a. síðan, reiknast mér verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps nema:

Vegna tímab. örorku	214.271	54.973	9.989	279.233
Vegna varanl. örorku	2.558.769	972.488	379.531	3.910.688
Samtals kr.	2.773.040	1.027.461	389.520	4.189.921

Reiknigrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningum að öðru leyti en því, að hér eru notaðar þrjár mismunandi vaxtaforsendur, en almennir innlánsvextir hækkuðu í 9% 16. maí 1972 og í 13% p. a. 16. júlí 1974."

Hinn 6. maí 1977 áætlaði tryggingastærðfræðingurinn enn örorkutjón áfrýjanda að því er varðar tap fastra launa. Reiknaðist honum þá verðmæti þess vinnutekjutaps miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1972 og 9% ársvexti eftir það 4.675.247 krónur, en 3.361.219 krónur miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1972, 9% ársvexti frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvexti eftir það. Í áætlun þessari segir, að gera megi ráð fyrir, að hlutfallsleg hækkun verðmætis tekjutaps vegna yfirvinnu og gæsluvakta sé mjög svipuð og á verðmæti

tekjutaps vegna fastra launa. Reiknigrundvöllur var hinn sami og í fyrri útreikningum.

Að beiðni lögmanns stefndu voru þeir Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Jón Erlingur Þorláksson tryggingastærðfræðingur og Sverrir Bergmann taugalæknir dómkvaddir til „að segja álit sitt á tekjuöflunarmöguleikum“ áfrýjanda eftir slysið. Matsgerð þeirra er dagsett 26. apríl 1975. Segir þar m. a. svo:

„Matsmaðurinn Sverrir Bergmann ræddi við matsþola og gerði á honum neurologiska skoðun í lok september 1974, og kom þá meðal annars eftirfarandi í ljós:

Matsþoli hlaut þá læknismeðferð eftir slysið, sem helst er hægt að bjóða uppá. Hann hefur og með íþróttaiðkunum reynt að halda sér í góðu líkamlegu ástandi. Í viðtölum við Pál kom fram, að hann telur úthald sitt til líkamlegrar og andlegrar vinnu mikið minnkað frá því, sem var fyrir slysið, og kennir þar um óeðlilegri þreytu, er sækir í herðar og hálsliði, og þá leiðir til höfuðverkjar og óstöðugleika, og fer þá á eftir, að einbeiting og minni verður verra. Jafnframt sé ljóst, að þessi einkenni hafa lítið breytt sér um langt skeið og að áliti matsþola hafi þá ekkert breytzt, hvorki til hins betra né hins verra frá því snemma árs 1972. Hafi því engin breyting orðið á úthaldi hans og vinnugetu frá því sem þá var. Neurologisk skoðun matsmannsins sýndi enn merki um hyperæstesiu frá C II-Th II, en annars er neurologiska skoðunin innan eðlilegra marka. Lamanir hafa því horfið, en merki séu ennþá um tognanir á taugaplexusum beggja vegna. Staðsetning í taugaplexusum sé líklegri heldur en í rótunum sjálfum bilateralt, en skipti ekki höfuðmáli. Niðurstöður matsmannsins voru þær, að um mikinn Whiblash-áverka hafi verið að ræða og einnig sé ljóst, að upp sé komið hjá matsþola varanlegt ástand, sem hafi áhrif á úthald hans og þar með vinnugetu“.

Í niðurlagi matsgerðarinnar segir:

„Niðurstaða matsmanna er því sú, að líklegt sé, að slys það, er matsþoli varð fyrir hinn 11. desember 1969, muni ekki skerða hæfni matsþola til að afla sér tekna af dag-

vinnu, þ. e. með vinnu í 40 st. á viku. Matsmenn telja á hinn bóginn, að hæfni matsþola til að afla sér hámarkstekna sem læknir með sérfræðimenntun muni skerðast, en sú skerðing verði lítil fyrstu árin, en hún muni aukast eftir því sem matsþoli eldist, og þá bæði fyrr og meir en ef matsþoli hefði ekki orðið fyrir slysinu. Matsmenn ítreka þann fyrirvara, að þeir taka ekki afstöðu til þess, hvort þær aðstæður til öflunar hámarkstekna, sem nú ríkja í þessu þjóðfélagi, muni haldast óbreyttar í framtíðinni. Með hliðsjón af óvissuþáttum þeim, sem fram hafa verið dregnir í matsgerð þessari, telja matsmenn sér ekki fært að segja til um í hundraðshlutum, hver verði þróun skerðingar á tekjuöflunarhæfni matsþola, né heldur hversu mikil skerðingin verði, þegar hún er minnst og þegar hún er mest á starfssviði matsþola."

Meðal gagna máls er einnig umsögn Þóris Bergssonar tryggingastærðfræðings, en þar segir, að hann hafi að beiðni lögmanns stefndu „athugað útreiknaðar niðurstöður á verðmæti varanlegrar örorku þeirrar, er Páli Eirikssyni lækni var metin vegna afleiðinga slyss, er hann varð fyrir 11. des. 1969. Í ljósi matsgerðar þeirrar, er gerð var vegna skaðabótamáls hans". Í niðurlagi álitsgerðar þessarar segir svo:

„Ef gera á tilraun til að fá niðurstöðu um eðlilegt vinnutekjutap, sem byggist **á skertri tekjuöflunarhæfni,** en ekki er bundin **hreinu læknisfræðilegu mati,** má styðjast mikið við matsgjörðina, þótt hin mjög svo skiljanlegu lokaorð hennar geri erfitt viðureignar.

Eftirfarandi ályktanir tel ég, að draga megi af matsgjörðinni:

1. Engin skerðing þarf að verða á hæfni tjónþola til að afla sér fullra dagvinnutekna sem sérfræðingur í geðsjúkdómum vegna afleiðinga slyssins.
2. Sama virðist mega segja um venjulegar gæzluvaktir, þó e. t. v. sé á veikari rökum reist.
3. Ljóst tel ég, að vinna umfram þetta er vart hugsanleg nema að einhverju leyti fyrstu árin. Ef til þess kæmi, að tjónþoli legði svo hart að sér, yki það að líkum þjáningar og óþægindi. Matsmenn virðast gera ráð fyrir, að nokkra

yfirvinnu geti tjónþoli stundað að einhverju leyti fyrstu árin.

Samkvæmt þessu yrði ekki um neitt varanlegt vinnutekjutap að ræða vegna fastra launa, en verðmæti þess liðar nemur á slysdegi **kr. 2.558.769.00** í síðasta útreikningi Bjarna (þ. e. Bjarna Þórðarsonar tryggingarstærðfræðings).

Mjög takmarkað tjón yrði vegna gæzluvakta, en slysdagsverðmæti þess nemur **kr. 379.531.00.**

Megin tjónið er því fólgið í tekjutapi vegna yfirvinnu, sem reiknast nema á slysdegi **kr. 972.488.00.**

Allar þessar tölur eru eðlilega miðaðar við, að varanlega tapið sé 20%. Matsmenn kváðust ekki treysta sér til að meta hundraðshluta og þá því síður ég."

Áfrýjandi starfar nú á sjúkrahúsi í Osló við geðlækningar, en hefur ekki hlotið viðurkenningu sem sérfræðingur á því sviði.

Fjárkröfur áfrýjanda fyrir Hæstarétti eru hærri en hafðar voru uppi í héraði. Ekki eru efni til að leyfa hækkun þessa samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi sundurliðaði kröfur sínar þannig í héraði:

1. Örorkubætur.		
a. Vegna tímabundinnar örorku	279.233	krónur
b. Vegna varanlegrar örorku	6.532.408	—
c. Vegna taps á hluta sjúkrahúss í iðgjaldi til lífeyrissjóðs	249.611	—
2. Bætur fyrir þjáningar og óþægindi ..	300.000	—
Samtals	7.361.252	krónur.

Frá fjárhæð þessari telur áfrýjandi, að draga beri 377.428 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, og 55.000 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá stefnda Almennum Tryggingum h/f.

Örorkubótakrafan var byggð á áætlun Bjarna Þórðarsonar tryggingastærðfræðings 25. júní 1975, sem rakin er hér að framan, og verðmæti vinnutekjutaps vegna varanlegrar örorku reiknað miðað við 7% ársvexti. Eins og í áætl-

uninni greinir, er verðmæti vinnutekjutapsins vegna varanlegrar örorku mun lægra, ef miðað er við hærri vexti eftir 16. maí 1973.

Áfrýjandi var starfandi læknir á Kleppsspítala, þegar hann varð fyrir slysinu. Hann hóf störf að nýju í ársbyrjun 1970, og verður við það að miða, að hann hafi engin laun haft þann tíma, er hann var frá vinnu. Tjón hans vegna örorku þykir hæfilega metið 2.700.000 krónur, þegar frá hafa verið dregnar þær 377.428 krónur, sem hann hefur fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins. Tjón áfrýjanda vegna þjáninga og óþæginda þykir hæfilega metið 150.000 krónur. Samkvæmt því nemur heildartjón hans 2.850.000 krónum, og ber stefndu að greiða honum óskipt einn þriðja hluta þeirrar fjárhæðar, að frádregnum þeim 55.000 krónum, sem stefndi Almennar Tryggingar h/f hafa þegar greitt honum, eða 895.000 krónur ásamt vöxtum eins og krafist er.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 400.000 krónur.

Samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 ber að viðurkenna lögveðrétt í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Stefndu, Jón N. Vilhjálmsson, Landsvirkjun og Almennar Tryggingar h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Páli Eiríkssyni, 895.000 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Viðurkenndur er lögveðréttur í bifreiðinni R 21591 til tryggingar dæmdum fjárhæðum úr hendi stefndu.

Dóminum ber að fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. júlí sl., hefur Páll Eiríksson læknir, til heimilis að Aratúni 17, Garðahreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 6. september 1973, á hendur Jóni N. Vilhjálmssyni, Lækjartúni 1, Lágafelli, Mosfellssveit, Landsvirkjun, Suðurlandsbraut 14, Reykjavík, og Almennum tryggingum h/f, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða honum kr. 7.361.252 með 7% ársvöxtum frá 11. desember 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 432.428. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að mati dómsins.

Enn fremur krefst stefnandi lögveðs í bifreiðinni R 21591 fyrir dæmdum bótafjárhæðum samkvæmt 4. mgr. 69. gr. umferðarlaga.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati réttarins. Til vara gera stefndu þær dómkröfur, að fjárkröfur stefnanda verði lækkaðar með dómi réttarins og málskostnaður í því tilfelli felldur niður.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hinn 11. desember 1969, kl. u. þ. b. níu fyrir hádegi, varð árekstur á Vesturlandsvegi milli Land Rover bifreiðarinnar R 21591, eign Landsvirkjunar, ökumaður hennar var stefndi Jón Vilhjálmsson, og Saab bifreiðarinnar, G 3697, sem stefnandi átti og ók í umrætt sinn.

Nánari atvik að slysinu voru þau, að stefnandi hugðist aka af Bæjarhálsi inn á Vesturlandsveg og eftir þeim vegi til vesturs. Er hann kom að Vesturlandsvegi, kveðst hann hafa séð til ferða bifreiðarinnar R 21591, um 200 metra austan gatnamótanna, og taldi hann þá bifreið það fjarri, að hann truflaði ekki akstur hennar, þótt hann héldi áfram inn á Vesturlandsveg. Ók stefnandi því án þess að stansa inn á Vesturlandsveg og kveðst hafa farið rakleitt á hægri akrein vegarins og verið kominn á 50 km hraða, þegar bifreiðinni R 21591 hafi verið ekið harkalega aftan á bifreið hans.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson, ökumaður bifreiðarinnar R 21591,

hefur borið, að hann hafi í umrætt sinn ekið vestur Vesturlandsveg á um það bil 60 km hraða. Nokkru áður en hann hafi komið að Bæjarhálsi, kveðst hann hafa séð bifreið stefnanda, sem ekið hafi verið norður Bæjarháls. Hann kveðst hafa hægt á ferðinni nokkru áður en hann nálgaðist gatnamótin, en þá kvaðst Jón hafa verið búinn að sjá, að bifreið stefnanda hafi dregið úr ferðinni, þannig að hann taldi þá bifreið mundu nema staðar. Kvaðst Jón því hafa gefið upp hemlana og haldið áfram, en rétt áður en hann hafi komið að gatnamótum, hafi bifreið stefnanda verið ekið inn á Vesturlandsveginn og árekstur þá verið óumflýjanlegur.

Tveir lögreglumenn komu á vettvang eftir slysið og tóku skýrslu af ökumönnum bifreiðanna og gerðu uppdrátt af vettvangi. Samkvæmt þeirri skýrslu er skemmdum á bifreiðinni R 21591 lýst þannig: „Framhöggvari dældaður". Skemmdum á bifreiðinni G 3697 er lýst þannig: „Vinstra afturbretti dældað, afturhöggvari, farangursgeymslulok, svunta." Báðar bifreiðarnar voru á negldum snjóhjólbörðum. Þegar áreksturinn varð, var myrkur, snjókoma, og í lögregluskýrslunni segir, að hálka hafi verið. Yfirborð vegarins þarna var malbikað.

Á uppdrætti, sem annar lögreglumaðurinn gerði af vettvangi, segir, að 60 m séu að Bæjarhálsi. Í yfirheyrslu hér fyrir réttinum útskýrði hann þessa fjarlægð þannig, að hún væri frá afturenda bifreiðarinnar R 21591 að veglínu Bæjarháls, þeirri sem nær er bílunum.

Stefnandi hefur borið, að hann álíti, að lengra hafi verið að gatnamótunum frá slysstað en 60 metrar. Kveðst hann hafa stikað út hemlaför bifreiðarinnar R 21591 frá gatnamótum Bæjarháls og það hafi verið greinileg 40 metra för í átt að slysstaðnum, en það hafi verið þó nokkur spölur í bifreiðina, örugglega meira en 20 metrar.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur borið, að hann geri ráð fyrir því að hafa átt eftir 10—15 metra að gatnamótum Bæjarháls, þegar stefnandi hafi ekið inn á gatnamótin. Hann kveðst þá hafa hemlað strax, en bíllinn hafi runnið áfram hjá sér eins og sleði, þar sem glerhálka hafi verið. Jón kvaðst hafa reynt að aka fram hjá bifreið stefnanda, en það hafi verið ómögulegt að komast fram hjá henni, þar sem hún hafi verið þarna á miðjum veginum. Jón kvað snjómuggu hafa verið, þegar hann hafi lagt af stað heiman að frá sér frá Lækjartúni, og þaðan að gatnamótunum hafi verið um það bil 15 mínútna akstur. Hann kvaðst hafa

haldið jöfnum hraða og ekið á 60 km hraða, enda hafi hann ekki þorað að fara hraðar vegna hinnar miklu hálku. Hann kveðst hafa verið búinn að hægja mikið á sér, þegar hann kom að gatnamótunum og telur sig hafa verið á um það bil 50 km hraða í mesta lagi.

Jón N. Vilhjálmsson taldi, að áreksturinn hafi orðið um það bil 15 metra frá gatnamótunum. Við áreksturinn hafi bifreið stefnanda skutlast áfram og út á hægri kantinn og farið stjórnlaust í um það bil 40—50 m að áliti Jóns. Jón kveðst hafa fært bifreið sína lengra frá gatnamótunum eftir áreksturinn og út á hægri kantinn, þar eð hann hafi talið hættu stafa af bifreiðinni, þar sem hún stóð eftir áreksturinn, enda hafi verið slæmt skyggni í umrætt sinn og snjómugga.

Engir sjónarvottar munu hafa verið að árekstri þessum.

Við áreksturinn hlaut stefnandi mikinn slink á hálsinn og kenndi strax verkja og stirðleika í hálsliðum, en hlaut ekki önnur meiðsl. Fór hann á slysadeild Borgarspítalans samdægurs til skoðunar, og voru þá teknar röntgenmyndir af hálsliðum, er sýndu, „að efri framkanturinn á 5. hálsliðbolnum hafði þrýstst ofurlítið niður, og ennfremur sást, að slitnað hafði upp úr liðtindunum á 4. hálslið báðum megin."

Páll Sigurðsson læknir mat örorku stefnanda, og var niðurstaða hans sú, að stefnandi hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku vegna slyssins, sem læknirinn taldi hæfilega metna þannig: Í einn mánuð 100% örorka, í sex mánuði 50% örorka, í sex mánuði 35% örorka og síðan varanleg örorka 20%.

Bjarni Þórðarson, cand. act., hefur reiknað út örorkutjón stefnanda af völdum slyssins. Í útreikningi, dagsettum 25. júní 1975, telst honum tímabundið og varanlegt örorkutjón stefnanda miðað við 7% vexti per anno nema kr. 6.811.641, og miðar stefnandi kröfugerð sína við þá fjárhæð. Við þá upphæð bætir stefnandi tapi á hluta sjúkrahúss í iðgjaldi til lífeyrissjóðs, sem tryggingafræðingnum reiknast að verðmæti kr. 249.611. Enn gerir stefnandi kröfu til 300.000 króna bóta vegna óþæginda og þjáninga af völdum meiðslanna. Samtals nema þessar tölur kr. 7.361.252. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 432.428, sem eru greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins að fjárhæð kr. 377.428 og kr. 55.000 frá Almennum tryggingum h/f, en hjá því félagi var bifreiðin R 21591 tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu.

Við munnlegan flutning málsins skýrði lögmaður stefndu svo frá, að hann hefði upplýsingar um það frá Veðurstofu Íslands, að

við veturathugun á athugunarsvæði í Reykjavík kl. 0845 daginn, sem slysið varð, hafi verið 5.9 gráðu frost, snjór yfir öllu og úrkoma í grennd.

Af hálfu lögmanns stefnanda var þessari yfirlýsingu umboðsmanns stefndu ekki mótmælt sem efnislega rangri, en á það bent af hans hálfu, að veðurathugunarstöðin sé ekki á því svæði, sem áreksturinn varð.

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að stefndi Jón N. Vilhjálmsson hafi átt alla sök á árekstrinum. Eins og árekstrinum sé lýst í gögnum, þá hafi hér ekki verið um að ræða gatnamótaárekstur í venjulegum skilningi, heldur aftanáakstur eða árekstur við framúrakstur. Lýsingum ökumanna beri ekki saman. Það, sem gefi sérstakt tilefni til að vefengja framburð stefnda Jóns, sé misræmið milli framburðar hans og uppdráttar lögreglu. Samkvæmt framburði hans hafi hann ekið á um það bil 60 km hraða, síðan dregið úr ferð og rétt áður en hann hafi komið að gatnamótunum, hafi bifreið stefnanda verið ekið inn á Vesturlandsveginn og hafi áreksturinn þá verið óumflýjanlegur. Eftir þessari lýsingu hefði áreksturinn átt að verða þá þegar við gatnamótin. Staðreyndin sé hins vegar sú, að áreksturinn hafi ekki orðið, fyrr en að minnsta kosti 60 m vestan við gatnamótin.

Stefnandi telji aftur á móti, að bifreiðarnar hafi verið meira en 60 m vestan við gatnamótin eftir áreksturinn, en að öðru leyti fari framburður hans ekki í bága við uppdrátt lögreglunnar. Samkvæmt þessu sé ljóst, að stefndi Jón hafi ekið allt of hratt og gáleysislega miðað við aðstæður í myrkri, snjókomu og hálku og hafi ekki haft nægilega stjórn á bifreiðinni.

Vesturlandsvegur sé 12 m breiður á þessum stað og nægilega breiður fyrir fjórar akreinar. Á uppdrættinum sjáist, að stefndi Jón hefði hæglega getað ekið fram úr stefnanda ná nokkurrar hættu og án þess að fara yfir á vinstri vegarhelming. Það hafi jafnvel aðeins munað nokkrum centimetrum, að það tækist. Það bendi meðal annars til þess, að stefndi Jón hafi verið að reyna að aka fram úr, og stefnandi héldi fram, að stefndi Jón hafi blikkað ljósum bifreiðarinnar, en slíkt sé algengt merki um framúrakstur, sbr. 4. mgr. 47. gr. umferðarlaga.

Þegar gögn málsins séu þannig skoðuð, verði ekki séð að áliti stefnanda, að slysið sé „adæquat" afleiðing þess, að stefnandi ók bifreið sinni inn á Vesturlandsveg 60 m austar. Verði slysið því engan veginn rakið til brots hans á 48. gr. umferðarlaga, og er því með öllu mótmælt, að hann hafi brotið það ákvæði. Stefndi

Jón hafi hins vegar brotið ákvæði 49. gr. umferðarlaga, 1. og 2. mgr. og b og i liði 3. mgr., með því að aka allt of hratt miðað við þær aðstæður, sem voru, sbr. einnig 5. mgr. 45. gr. umferðarlaga.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því fyrst og fremst, að stefnandi eigi einn óskipta sök á ökuóhappi þessu með því að sinna ekki biðskyldunni, þegar hann ók af Bæjarhálsi inn á Vesturlandsveg. Í 3. mgr. 48. gr. umferðarlaganna nr. 40/1968 segi, að þar sem sett hafi verið biðskyldumerki, skuli sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut sé að ræða eða ekki. Það skuli í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt sé að nema staðar, þegar ekki sé fullkomin útsýn yfir veginn.

Þessa skyldu hafi stefnandi brotið, er hann ók í veg fyrir bifreiðina R 21591. Í skýrslu sinni til rannsóknarlögreglunnar upplýsi stefnandi, að það hafi verið bæði myrkur og snjókoma, þegar atburðurinn skeði, og hafi honum því borið að sýna alveg sérstaka varúð, áður en hann ók inn á aðalbrautina, sbr. niðurlag 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga, sem rakið er hér á undan. Stefnandi viðurkenni einnig, að hann hafi ekki stöðvað við fyrrnefnd gatnamót, heldur ekið hiklaust inn á götuna, en vitað sé, að mjög sé erfitt að meta fjarlægðir við þau skilyrði, sem áður var lýst. Þegar óhappið varð, hafði bæði verið snjór og hálka skv. því, sem upplýst sé í lögregluskýrslu. Augljóst sé, að sjálfur áreksturinn hafi átt sér stað alveg við gatnamótin, því að í snjó og hálku verði bifreiðarnar ekki stöðvaðar á minna en 50—60 metrum, en ökumaður bifreiðarinnar R 21591 segi einmitt í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi fært bifreið sína þangað, sem hún sé sýnd á uppdrættinum, eftir óhappið, þar sem hann taldi mikla slysahættu stafa af bifreiðinni þar, sem hún stöðvaðist eftir áreksturinn, vegna hálkunnar og skyggnisins. Samkvæmt mælingum lögreglunnar hafi reynst 60 metrar að Bæjarhálsi, en ljóst sé, að bifreiðarnar fari langan veg eftir áreksturinn, þar til þær stöðvist.

Niðurstaða dómsins.

Af gögnum málsins telst sannað, að snjór og hálka hafi verið á veginum, þar sem áreksturinn varð. Stefnandi hafði biðskyldu gagnvart umferð um Vesturlandsveg. Þá skyldu virti hann eigi, heldur ók inn á Vesturlandsveg í veg fyrir bifreiðina R 21591. Með því braut hann gegn ákvæði 48. gr., 3. mgr., umferðarlaga

nr. 40/1968 og varð þar með frumvaldur að árekstri þeim, sem á eftir fylgdi.

Engir sjónarvottar voru að árekstrinum, og ekki er sannað fullri sönnun, hversu langt vestan gatnamótanna áreksturinn varð. Stefnandi kveður hann hafa orðið um 40 metra vestan þeirra, en stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur talið fjarlægðina vera í mesta lagi 15 metra frá gatnamótum. Eins og sönnunaraðstöðu er háttað, ber að túlka þennan vafa stefnanda í óhag, þar sem hann virti ekki biðskyldu. Verður því dómur í máli þessu á því reistur, að áreksturinn hafi orðið í mesta lagi 15 metrum vestan gatnamótanna. Breytir það ekki þessu, þótt bifreiðin R 21591 hafi staðið 60 metrum vestan Bæjarháls, þegar lögreglumenn komu á vettvang, þar sem hvort tveggja kemur til, að bifreiðin hlýtur að hafa runnið alllangan veg á hálkunni, og enn fremur færði ökumaður hana til — af öryggisástæðum — eftir að hún stöðvaðist. Staða bifreiðanna eftir árekstrinn sannar því ekki, hvar sjálfur áreksturinn varð.

Stefndi Jón N. Vilhjálmsson hefur borið, að hann hafi ekið á um það bil 60 km meðalhraða að heiman, en dregið úr ferð, er hann nálgaðist gatnamótin. Þegar þetta er haft í huga, verður ekki talið sannað, að hann hafi ekið gáleysislega miðað við aðstæður í umrætt sinn, og vegsummerki benda heldur ekki til þess. Hann er þarna á aðalbraut, hann hemlar strax og stefnandi ekur í veg fyrir hann, og hann kveðst síðan hafa reynt að fara fram hjá bifreið stefnanda, en eigi tekist það, þar sem hún hafi verið „alveg á miðjum vegi". Styðja ákomustaðir bifreiðanna þennan framburð stefnda Jóns N. Vilhjálmssonar.

Þegar virt er það, sem nú hefur verið rakið, telst stefnandi hafa átt alla sök á árekstrinum, og verður hann því að bera tjón sitt einn.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dóms þessa. Stafar hann af sumarleyfum.

Dómsorð:

Stefndu, Landsvirkjun, Jón N. Vilhjálmsson og Almennar tryggingar h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Páls Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 100/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Karli Sævari Baldvinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Viðar Á. Ólsen, fulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Með kæru 25. f. m. hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Í sakadómi Keflavíkur hinn sama dag var Pétur Gautur Kristjánsson héraðsdómslögmaður skipaður verjandi varnaraðilja, meðan hann sætir gæsluvarðhaldi.

Gögn máls bárust Hæstarétti 27. f. m., en greinargerðir frá ríkissaksóknara og verjanda varnaraðilja 30. s. m. Krefst ríkissaksóknari þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Verjandi krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og að kærumálskostnaður verði dæmdur úr ríkissjóði.

Meðal gagna máls eru tvær ákærur, dags. 26. október og 10. nóvember 1976, á hendur varnaraðilja. Er málum vegna þeirra ólokið. Í fyrra tilvikinu er varnaraðilja gefið að sök að hafa hinn 31. maí 1975 slegið lögreglumann með þeim afleiðingum, að nefbein, hægra kjálkabein svo og neðsti hluti sperrileggs hans brotnaði. Er brot talið varða við 218. gr. alm. hegningarlaga. Í síðara tilvikinu er varnaraðili ákærður fyrir að hafa hinn 31. janúar 1976 ráðist á stúlku, snúið upp á handleggi hennar, barið hana í andlitið og slegið hana niður. Er brot þetta talið varða við 217. gr. alm. hegningarlaga. Þá er honum gefið að sök að hafa þrívegis í maí og júní 1976 ekið bíl undir áhrifum áfengis.

Þá er til athugunar hjá ríkissaksóknara rannsókn út af ætlaðri líkamsárás varnaraðilja, og við sakadóm Keflavíkur

eru tvö slík mál til rannsóknar, eins og í hinum kærða úrskurði getur.

Í hinum kærða úrskurði eru greindar sakargiftir á hendur varnaraðilja. Þegar þær eru virtar og gögn máls, þykir ekki sýnt fram á, að rannsóknarnauðsynjar bjóði, að varnaraðili sé hnepptur í gæsluvarðhald, sbr. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974. Gögn máls benda að vísu til, að varnaraðili sé árásargjarn, þegar hann er með víni, en eigi þykir þó alveg næg ástæða til að beita hann gæsluvarðhaldi samkvæmt 5. eða 6. tölulið 67. gr. laga nr. 74/1974. Ber samkvæmt þessu að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 24. júní 1977.

Í dag hafa farið fram í sakadómi yfirheyrslur yfir Karli Sævari Baldvinssyni, Hringbraut 59, Keflavík, vegna afskipta, sem lögreglumenn í Keflavík urðu að hafa af honum hinn 26. og 27. maí sl. Í skýrslum lögreglunnar er hann sagður hafa ausið ýmsum svívirðingum yfir lögreglumennina, sem höfðu af honum afskipti vegna kvartana nágranna Karls Sævars og eins vegna óska Hafrúnar Albertsdóttur. Er Karl Sævar og sagður hafa ógnað lögreglumanni í orðum. Hefur Karl Sævar borið fyrir sig, að hann minnist lítt slíkra orðaskipta.

Þá hefur hann og verið yfirheyrður vegna kæru um, að hann hafi í gærkvöldi ógnað unglingnum Michael Woods með hnífi fyrir utan húsið að Hringbraut 59, Keflavík. Í vitnaskýrslum hjá lögreglu er Karl Sævar sagður hafa otað hnífnum að hálsi Michael Woods. Við yfirheyrslu í sakadómi hefur Karl Sævar hins vegar borið, að hann hafi einungis verið að sýna nefndum Michael hnífinn. Þá segir og í skýrslu um atburðinn, að Karl Sævar hafi viðhaft óviðurkvæmilegt orðbragð við lögreglumennina og um fulltrúa bæjarfógeta. Ekki kvaðst Karl Sævar minnast orða sinna.

Í sakadómi Keflavíkur eru nú til meðferðar tvö mál á hendur nefndum Karli Sævari fyrir ætlaðar líkamsárásir. Hjá embætti ríkissaksóknara er til fyrirsagnar mál vegna ætlaðrar líkams-

árásar Karls Sævars, þar sem hann er sagður hafa rist fyrir á enni manns með hnífi. Auk þess hefur lögregla alloft þurft að hafa afskipti af Karli Sævari vegna ölvunar hans og óspekta.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og gögnum þeim, sem lögð hafa verið fram í sakadómi í dag, má ætla, að Karl Sævar hafi gerst sekur um refsiverða hegðun. Verður og að ætla, að hann geti verið hættulegur umhverfi sínu, en mál hans þarfnast mun frekari rannsóknar.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1., 5. og 6. töluliðs 67. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsyn til bera að úrskurða Karl Sævar Baldvinsson í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar eru úrskurði þessum eigi til fyrirstöðu.

Því úrskurðast:

Karl Sævar Baldvinsson sæti gæsluvarðhaldi í allt að 30 dögum.

Föstudaginn 1. júlí 1977.

Nr. 18/1976. **Sjóli h/f**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Söllu Sigmarsdóttur persónulega og f. h. ófjárráða dætra hennar, Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson, Sævari Þór Carlsson og Lilju Jakobsdóttur f. h. ófjárráða dóttur hennar, Drífu Leonsdóttur, og gagnsök
(Haukur Jónsson hrl.).

Skaðabótamál. Dánarbætur. Sjóveðréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 26. janúar 1976. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda en til vara lækkunar á kröfum þeirra. Þá krefst hann þess, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 23. febrúar 1976. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim þessar fjárhæðir:

Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 8.278.093 krónur, vegna Grétu Carlsson 1.175.956 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 1.393.366 krónur.

Sævari Þór Carlsson 1.000.000 krónur.

Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 1.393.366 krónur.

Þá krefjast gagnáfrýjendur 7% ársvaxta af fjárhæðum þessum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvaxta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Enn krefjast gagnáfrýjendur málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Loks krefjast gagnáfrýjendur, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/s Gísla Árna, RE 375, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega fallast á, að aðaláfrýjandi beri ábyrgð á tjóni gagnáfrýjenda.

Eins og rakið er í héraðsdómi, færðu skipstjórnarmenn skipið til við bryggjuna í samráði við Leon heitinn. Til þess að framkvæma flutninginn var skrúfa skipsins tengd, og hlaut Leon að vera það ljóst sem lærðum og vönum skipstjórnarmanni. Við það verður að miða, að hann hafi stokkið í sjóinn til köfunar, áður en skrúfunni var skipt frá og hún stöðvuð. Eins og atvikum var háttað, bar honum sem þaulvönum manni að ganga úr skugga um, að skrúfan hefði

verið stöðvuð, áður en köfun hófst. Þar sem hann gætti þessa ekki, verður að telja hann sjálfan eiga nokkra sök á slysinu.

Þegar framanritað er virt, þykir hæfilegt að leggja 3/4 hluta fébótaábyrgðar vegna slyss þessa á aðaláfrýjanda, og ber honum að bæta tjón gagnáfrýjenda að þeim hluta.

II.

Fyrir Hæstarétti hafa gagnáfrýjendur sundurliðað kröfur sínar á sama hátt og í héraði, og eru þær studdar sömu gögnum.

1. Kröfur Sölla Sigmarsdóttur:
   Rétt þykir að láta sitja við mat héraðsdóms á tjóni þessa gagnáfrýjanda.
2. Kröfur Söllu Sigmarsdóttur vegna Grétu Carlsson:
   Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir tjón hennar hæfilega metið í héraðsdómi 250.000 krónur.
3. Kröfur Söllu Sigmarsdóttur vegna Jóhönnu Carlsson:
   Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir tjón hennar hæfilega metið í héraðsdómi 300.000 krónur.
4. Kröfur Sævars Þórs Carlsson:
   Samkvæmt því, sem fram er komið í málflutningi fyrir Hæstarétti, þykir mega ætla, að Sævar Þór, sem stundað hefur iðnnám, hefði notið nokkurs stuðnings frá föður sínum, ef hans hefði notið við. Þykir mega láta sitja við úrlausn héraðsdóms um rétt hans til bóta og um fjárhæð þeirra.
5. Kröfur Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur:
   Fyrir Hæstarétti er ekki vefengt, að Drífa Leonsdóttir eigi rétt til nokkurra bóta vegna fráfalls föður síns, verði fébótaskylda mæld á hendur aðaláfrýjanda. Tjón hennar verður metið 200.000 krónur.

Með vísan til þess, sem að framan hefur verið rakið, ber að dæma aðaláfrýjanda, sem hefur lýst því yfir hér fyrir dómi, að hann beri ekki fyrir sig ákvæði 206. gr. laga nr. 66/1963, sbr. 4. gr. laga nr. 14/1968, til að greiða gagnáfrýjendum 3/4 hluta tjóns þeirra vegna slyssins. Verður honum

því dæmt að greiða Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 2.325.000 krónur, vegna Grétu Carlsson 187.500 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 225.000 krónur. Þá ber aðaláfrýjanda að greiða Sævari Þór Carlsson 93.750 krónur og Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 150.000 krónur.

Fjárhæðir þessar ber aðaláfrýjanda að greiða ásamt 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 775.000 krónur til Söllu Sigmarsdóttur sjálfrar og vegna Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson, 30.000 krónur til Sævars Þórs Carlsson og 45.000 krónur til Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur.

Framangreint slys varð, er verið var að færa m/s Gísla Árna, svo sem áður er greint. Samkvæmt 4. tl. 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga gagnáfrýjendur sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjóli h/f, greiði gagnáfrýjanda Söllu Sigmarsdóttur sjálfri 2.325.000 krónur, vegna Grétu Carlsson 187.500 krónur og vegna Jóhönnu Carlsson 225.000 krónur, allt með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo samtals 775.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Sævari Þór Carlsson 93.750 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo 30.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur 150.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 45.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur eiga sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Ármanns Snævarrs hæstaréttardómara.

I.

Ég tel með skírskotun til forsendna héraðsdóms, að leggja beri óskipta fébótaábyrgð vegna tjóns þess, sem um er fjallað í málinu, á aðaláfrýjanda.

II.

Ég er sammála dómi meiri hluta dómara um ákvörðun á tjóni gagnáfrýjenda, sem aðaláfrýjanda ber að bæta þeim að fullu samkvæmt framansögðu.

Ég er enn fremur sammála dómi meiri hluta dómara um ákvörðun vaxta og um sjóveðrétt.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti svo sem hér segir:

1. Söllu Sigmarsdóttur sjálfri og vegna Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson 850.000 krónur.
2. Sævari Carlsson 40.000 krónur.
3. Lilju Jakobsdóttur vegna Drífu Leonsdóttur 60.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 11. desember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. þ. m., höfðuðu Salla Sigmarsdóttir, Faxatúni 9, Garðahreppi, fyrir sig og fyrir hönd ófjár-

ráða barna sinna, Sævars Þórs Carlsson, Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson, einnig til heimilis að Faxatúni 9, Garðahreppi, og Lilju Jakobsdóttir, Sundstræti 23, Ísafirði, fyrir hönd ófjárráða dóttur, Drífu Leonsdóttur, s. st., gegn Sjóla h/f hér í borg til greiðslu skaðabóta að fjárhæð samtals kr. 10.184.174 auk 9% ársvaxta frá 24. febrúar 1973 til greiðsludags svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Einnig er krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Gísla Árna, RE 375, eign Sjóla h/f, til tryggingar öllum dæmdum fjárhæðum í málinu.

Með stefnu, útgefinni 17. september 1975, höfðuðu stefnendur framhaldssök. Sævar Þór Carlsson var þá orðinn fjárráða, og hefur hann því tekið við forræði málsins fyrir sig.

Eru dómkröfur stefnenda í framhaldssök þær, að Sjóli h/f verði dæmdur til að greiða stefnendum kr. 3.095.609 auk 7% ársvaxta frá 24. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, með 13% ársvöxtum af kr. 13.279.783 frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar í framhaldssök að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. — Þá er og krafist staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Gísla Árna, RE 375, eign Sjóla h/f, til tryggingar öllum dæmdum kröfum í framhaldssök.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar í aðalsök og framhaldssök, aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda, en til vara, að dómkröfur stefnenda verði stórlega lækkaðar og aðeins teknar til greina að hluta. Þá er þess krafist, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Tryggingu h/f hefur verið stefnt til réttargæslu í málinu, en ekki eru gerðar kröfur á hendur félaginu. Af þess hálfu eru ekki gerðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 0600 laugardaginn 24. febrúar 1973 kom m/s Gísli Árni til hafnar í Reykjavík. Töldu skipstjórnarmenn, að skipið hefði orðið fyrir hnjaski neðansjávar, sem valdið hefði skemmdum, er leiddu til þess, að nótin vildi festast, en skipið stundaði veiðar á loðnu. Var Leon Carlsson fenginn til að kafa við skipið og skoða botn þess. Mun Leon hafa komið að skipinu um kl. 0830—0900 um morguninn, en þá lá skipið við enda Grandabryggju. Kafaði Leon þarna við skipið, en mun ekki hafa fundið neinar skemmdir í skipinu neðansjávar við þá athugun. Var síðan ákveðið að færa skipið suður fyrir bryggjuhornið til að fá betri birtu. Er

skipið hafði verið fært suður fyrir hornið, kafaði Leon á ný. Er það dróst, að Leon kæmi upp á yfirborðið á ný, var lögreglan kvödd á vettvang og froskmenn fengnir til aðstoðar. Kl. 1125 voru rannsóknarlögreglumenn til kvaddir, en er þeir komu á vettvang stuttu síðar, hafði lík Leons fundist. M/s Gísli Árni er eign Sjóla h/f. Hafa eftirlifandi eiginkona Leons heitins, Salla Sigmarsdóttir, fyrir sig og ófjárráða dætur þeirra, Grétu og Jóhönnu, sonur þeirra Sævar Þór og Lilja Jakobsdóttir f. h. ófjárráða dóttur sinnar og Leons, Drífu, höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna andláts Leons. Eru kröfur aðiljanna sundurliðaðar í gögnum málsins, og verður síðar gerð nánari grein fyrir þeim.

Rannsóknarlögreglan tók skýrslur af vitnum. Einnig fór fram sjópróf út af atburðinum. Þá hafa vitni komið fyrir dóm í málinu.

Verða nú framburðir þessir raktir.

Eggert Gíslason, skipstjóri á m/s Gísla Árna, hefur skýrt svo frá, að er skipið hafi verið á leið frá Grindavík 22. febrúar, hafi komið mikið högg á stjórnborðssíðu þess, að því er virtist. Er nótin hafi verið dregin inn við veiðar daginn eftir, hafi hún fest nokkrum sinnum undir bátnum stjórnborðsmegin undir nótakassa og rifnað dálítið. Kveðst Eggert síðan hafa haft samband við Júlíus Ingibergsson, útgerðarstjóra skipsins, og beðið hann að útvega aðstöðu fyrir skipið í slipp. Er það hafi ekki fengist, hafi þeim komið saman um, að Júlíus útvegaði kafara til að athuga skipið. Eggert kveður skipið hafa komið til Reykjavíkur kl. 0600 umræddan dag og kveðst þá strax hafa farið frá borði. Því hafi hann ekki verið nærstaddur, er atburður sá varð, sem fjallað er um í málinu. Kveðst Eggert hafa tekið það sérstaklega fram við 2. stýrimann, Stefán Árna Sigurðsson, áður en hann, þ. e. Eggert, yfirgaf skipið um morguninn, að fylgjast vel með kafaranum. Ekki kveðst Eggert muna, hvort hann hafi rætt köfunina sérstaklega við Árna 1. stýrimann. Kveðst hann ekki muna eftir að hafa gefið fyrirmæli um að stöðva vélina, á meðan kafað væri, en sjálfur kveðst hann mundu hafa stöðvað vél skipsins, á meðan kafað var, ef hann hefði verið um borð. Eggert kveður stjórntæki fyrir vél og skrúfu skipsins á stjórnpalli vera þannig, að á litlum kassa stjórnborðsmegin við miðju séu þrjú handföng. Handfang til að kúpla að og frá fyrir miðju, vinstra megin við það handfang fyrir olíugjöf, en hægra megin handfang fyrir skrúfuskiptingu. Eggert kveður það svo hafa verið milli kl. 1030 og 1100 sem tveir menn hafi sótt sig heim. Er hann kom um borð, kveðst hann hafa séð, að kúplingsstöngin var frá-

kúpluð og bundin í þeirri stöðu með nælonþræði. Hann kveður slíkan nælonþráð ekki vera á stönginni, þegar hún sé notuð. Ekki kveðst hann muna, hvort aðalvél skipsins var í gangi. Kveður hann nauðsynlegt að líta á mæla til að sjá, hvort aðalvél sé í gangi ásamt ljósavél eða til að sjá, hvor vélin sé í gangi. Eggert kveður sér hafa verið sagt, er hann kom um borð, að kafarinn hefði beðið um, að kúplingsstöngin yrði bundin föst, á meðan hann kafaði, en kveðst ekki muna, hver hafi sagt sér það. Kveðst hann telja ólíklegt, að það hafi verið 1. stýrimaður, því að hann hafi verið miður sín. Eggert kveðst aldrei hafa orðið var við, að kúplingin virkaði ekki. Hann kveðst aldrei hafa séð það í vélarrúmi skipsins, hversu langur tími líður frá því að kúplað er frá og þar til skrúfan stöðvast, en hann kveður það reynslu sína, að kúplingin svari mjög fljótt, svo til samstundis. Kveðst hann aldrei hafa fengið nótina í skrúfuna vegna þess, að ekki hafi kúplast nógu fljótt frá. Eggert kveður nokkrum sinnum hafa verið kafað við skip sitt í sinni skipstjóratíð og kveðst ekki vita til þess nema í eitt skipti annað, að vél hafi ekki verið stöðvuð. Hann kveður ekki nauðsynlegt að hafa aðalvél skipsins í gangi, á meðan landað er, því spildæla sé við ljósavél.

Árni Guðmundsson, sem verið hefur 1. stýrimaður á m/s Gísla Árna frá því í marsmánuði 1966, hefur skýrt svo frá, að skipið hafi komið með fullfermi af loðnu til Reykjavíkur um kl. 0600 umræddan dag. Búið hafi verið að biðja um froskmann til að skoða skipið neðansjávar, því að nótin hafi rifnað tvisvar, er hún var tekin inn með kraftblökkinni, sem er stjórnborðsmegin. Skipið hafi rekist á eitthvað, þegar farið var úr Grindavíkurhöfn nokkrum dögum áður, og hafi verið talið, að veltikjölur skipsins hefði skemmst og valdið tjóninu á nótinni. Kveðst Árni telja, að Júlíus Ingibergsson útgerðarstjóri hafi verið beðinn að útvega kafara til að framkvæma skoðunina. Hann kveður skipstjórann, Eggert Gíslason, hafa verið farinn frá borði, en flestir aðrir af áhöfn skipsins muni hafa verið um borð. Ekki kveðst Árni hafa vitað, hvenær kafarinn mundi koma, og ekki kveðst hann hafa fengið sérstök fyrirmæli í sambandi við köfunina. Árni kveður skipið hafa lagst að Norðurgarðinum fyrst um morguninn og hafi þar verið landað á nokkra bíla, en síðan hafi skipið verið flutt að enda Grandabryggju og hafi það legið þar, er Leon Carlsson kom að því kl. 0830—0900. Hann kveður Leon hafa komið í bifreið og verið í froskmannsbúningi. Árni kveður Júlíus Ingibergsson einnig hafa verið þarna. Hann kveður Leon hafa

spurt, hvort hann, þ. e. Árni, ætti að taka við skilaboðum um það, hvað athugun hans leiddi í ljós. Kveðst Árni hafa sagst geta það. Árni kveður skipið hafa legið með stjórnborðssíðu að bryggju og bundið að framan, svo að það gæti ekki sigið að, en það hafi verið frá bryggju að aftan. Hafi landfestar verið leystar að aftan, til að afturendinn væri lengra frá bryggjunni og Leon hefði meira svigrúm. Árni kveðst muna það greinilega, að hann hafi spurt Leon að því, er hann kom að skipinu um morguninn, hvort hann vildi láta drepa á vél skipsins, en hann hafi svarað, að það væri alveg óþarfi eða eitthvað með þeim orðum. Um leið kveðst Árni hafa bent Leon á, hvaða svæði á síðu skipsins þyrfti að athuga, en Árni kveðst hafa haft það alveg í huganum, hvar festan á síðunni væri. Kveðst hann hafa bent á svæði undir blökkinni og hafi svæðið ekki verið stærra en það, að það hafi ekki getað skakkað nema 1—1.5 m. Ekki kveður Árni Leon hafa óskað eftir því, að lína væri fest í hann, og hafi hann því verið alveg laus, er hann kafaði þarna. Ekki kveðst Árni muna, hvort Leon hafi spurt sig að því, áður en hann hóf köfunina, hvort skrúfa skipsins væri frátengd, en hann kveðst telja, að hann hafi gefið honum merki um, að óhætt væri að kafa með því að tala til hans, en Leon hafi þá staðið á bryggjukantinum. Árni kveður Leon ekki hafa komið um borð í skipið, áður en hann hóf köfunina, heldur stokkið beint í sjóinn. Árni kveður Júlíus Ingibergsson hafa hlýtt á samtal sitt og Leons. Árni kveður Júlíus hafa komið með þá hugmynd að binda kúplingsstöngina fasta, á meðan kafað var þarna fyrst. Hafi annar hvor þeirra bundið stöngina eða þeir hafi hjálpast að við það. Hafi verið bundið utan um stöngina sjálfa og síðan hafi verið bundið fast við takka, sem er á kassanum með stjórntækjunum. Ekki kveðst Árni muna til þess, að þeir Leon hafi rætt um, að er hann kafaði í upphafi, hvort binda ætti kúplingsstöngina fasta. Ekki kveðst Árni minnast, að aðrir væru þarna í brúnni en hann og Júlíus, en Júlíus hafi ekki verið við skipið allan tímann, sem köfun stóð, því að hann hafi brugðið sér frá. Kveðst Árni ekki geta tímasett það nánar. Árni kveður Leon nú hafa kafað þarna tvisvar stjórnborðsmegin við skipið og hafi hann verið í froskmannsbúningi með súrefnistæki, einn kút. Kveðst Árni hafa staðið á brúarvængnum og horft á Leon og séð loftbólur koma upp. Hann kveður Leon hafa verið stutt niðri í hvort skipti og hafi hann sagt, að ekki væri nægjanlegt skyggni. Þeim hafi komið saman um að færa skipið fyrir hornið á bryggjunni, svo að sólskinið gæti

lýst upp stjórnborðssíðu skipsins. Árni kveður skipið búið skiptiskrúfu, sem knýi skipið áfram og aftur á bak, en einnig geti hún snúist átakalaust. Hann kveður lágmarkssnúningshraða vélarinnar vera um 200 snúninga á mínútu. Hann kveður vél skipsins hafa verið í gangi og kveðst hafa tengt skrúfuna við vélina til að færa skipið fram og fyrir bryggjuhornið. Kveður hann snúningshraðann hafa getað farið í 230 snúninga á mínútu, á meðan skipið var fært. Árni kveður Leon hafa farið niður í matsal skipsins, á meðan skipið var fært, en hann hafi þurft að koma upp í brúna til að komast niður í matsalinn og einnig hafi hann þurft að fara sömu leið til baka, því að aðrir gangvegir hafi verið lokaðir. Ekki kveðst Árni hafa rætt við vélstjórann um sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að skrúfa skipsins yrði tengd við vélina í vélarrúmi þess. Hann kveður dálítið illa hafa gengið að binda skipið, er það hafði verið fært. Það hafi verið bundið að aftan á móts við brúna, en klaki hafi verið á skipspollanum og hafi tekið óeðlilega langan tíma að brjóta hann af, svo hægt væri að binda skipið. Árni kveður það svo hafa verið um það bil sem lokið var við að binda skipið að aftan, að Leon hafi komið úr matsalnum og upp í brú og beðið sig að bretta vettlinginn á annarri hendinni yfir ermina. Kveðst Árni hafa gert það, en ekki hafi þeir talast annað við. Árni kveðst telja, að einhverjir aðrir hafi verið þarna í brúnni, m. a. hafi Óskar vélstjóri verið að tala við Leon almennt um köfun, en svo hafi hann spurt Leon, hvort ekki væri rétt að líta á skrúfu skipsins í leiðinni. Kveðst Árni þá hafa sagt, að það þyrfti alls ekki að gera. Árni kveður ekki hafa verið búið að kúpla frá, en ekki kveðst hann hafa sagt Leon frá því. Hafi hann talið, að Leon hefði séð það, því að þeir hafi staðið við stjórntækin fyrir skrúfuna. Ekki kveðst Árni muna, hvernig búnaður Leons var þarna að öðru leyti en því, að hann hafi verið í kafarabúningi. Ekki kveðst Árni hafa veitt því athygli, hvar Leon fór út úr brúnni. Telur Árni, að það hafi verið mjög stuttu eftir þetta sem hann hafi kúplað skrúfunni frá vélinni, en það hafi hann gert, þegar hann hafi séð, að hásetarnir voru búnir að binda skipið að aftan. Kveðst Árni hafa staðið nálægt kassanum með stjórntækjunum, á meðan hann beið eftir því, að lokið væri við að binda skipið. Hafi hann séð úr gluggunum til mannanna, sem voru að binda skipið að framan, og út um dyrnar til mannanna, sem voru að binda skipið að aftan. Árni kveðst hafa vitað, að Leon væri að búa sig undir að kafa að nýju, er hann lagaði vettlinginn á hendi hans, en að öðru

leyti kveðst hann ekki geta sagt um, hvað hann hafi talið Leon ætla að fara að gera. Á meðan skipið var fært fyrir bryggjuhornið, kveður Árni áframskurð hafa verið á skrúfunni, en mismunandi mikinn, en þegar búið hafi verið að færa skipið, hafi skrúfan verið á minnsta framdrifi til að halda skipinu að bryggju, á meðan það var bundið. Árni kveðst sjálfur hafa kúplað frá, eftir að búið var að binda skipið, en ekki kveðst hann þá hafa bundið kúplingsstöngina fasta. Kveðst hann alltaf beita þeim handbrögðum, þegar hann kúplar frá, að stilla skrúfuskiptinguna á „0" og síðan kúpla frá. Kveðst hann telja, að skrúfan hafi stöðvast hér um bil strax eða mjög fljótlega eftir að kúplað hafi verið frá. Ekki hefur Árni treyst sér til að segja til um það, hversu langur tími leið, frá því hann lagaði vettlinginn á hendi Leons og þar til farið var að athuga ástand hans í sjónum. Árni kveðst ekki hafa orðið var við, að Leon væri rétt handlugt um borð í skipið. Árni kveður venjulega landað með aðalvél í gangi, þótt hægt sé að landa með spildælu frá ljósavél. Ekki hefur Árni treyst sér til að segja til um það, hvenær hann hafi síðast sofið, áður en komið var til Reykjavíkur.

Júlíus Ingibergsson, útgerðarstjóri stefnda, kveðst að beiðni skipstjóra skipsins hafa útvegað froskmann til að athuga, hvort skemmdir hefðu orðið á skipinu, er það fékk á sig högg við siglingu úr Grindavíkurhöfn nokkru áður. Kveður hann skipstjórann hafa beðið sig um þetta, er skipið var á leið til hafnar. Kveður hann ekkert annað hafa farið þeim í milli um köfunina. Júlíus kveðst einu sinni áður hafa útvegað kafara til að kafa við skipið og hafi hann þá einnig fengið Leon til þess verks. Júlíus kveður Leon hafa komið á eftir sér niður á bryggju þennan morgun. Skipið muni þá hafa legið við Norðurgarðinn, en ekki hafi verið kafað þar. Skipið hafi síðan verið fært að austurkanti Grandabryggju. Júlíus kveður Árna 1. stýrimann hafa skýrt Leon frá því, að eitthvað hefði komið við síðu skipsins. Mundi eitthvað hafa aflagast á síðunni við það, því nótin hefði rifnað. Hafi Árni beðið Leon að athuga það. Júlíus kveður þá Leon, Árna og Stefán 2. stýrimann hafa rætt um að setja niður stiga og belgi við síðu skipsins og hafi Stefán gert það. Að því loknu hafi Leon sagt það ágætt. Júlíus kveðst hafa verið í brúnni, þegar Leon kafaði fyrst. Hann kveður Árna 1. stýrimann áður hafa spurt Leon að því, hvort stöðva þyrfti vélina, á meðan hann kafaði, og hafi Leon svarað því neitandi. Kveðst Júlíus þá hafa bundið kúplingsstöngina fasta í frákúplaðri stöðu og staðið við

stöngina þannig til öryggis. Kveðst hann hafa bundið um hnúðinn á stönginni með heftingargarni og síðan bundið stöngina fasta við endastoppstaut á olíugjöfinni, þannig að stöngin hreyfðist ekki. Kveðst Júlíus hafa staðið við stöngina, á meðan kafað var þarna. Júlíus kveður Leon svo hafa talið, að betra væri að færa skipið, svo að skugga bæri ekki á, og hafi skipið síðan verið fært. Júlíus kveðst nú hafa þurft að fara frá til að sinna ýmsum erindum fyrir útgerðina og hafi hann verið nokkuð lengi í burtu. Hann kveður búið hafa verið að færa skipið, þegar hann kom aftur, og eftir því sem hann hafi best getað séð, hafi skipverjar verið að ganga frá að binda skipið. Kveður hann Árna 1. stýrimann hafa komið á móti sér og sagt, að eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir, því hann sæi ekki kafarann. Um hálf klukkustund væri liðin frá því vart hefði orðið við kafarann og því þyrfti að gera eitthvað. Kveðst Júlíus strax hafa farið í síma í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands, sem þarna sé á bryggjunni, hringt í lögregluna og beðið um aðstoð kafara strax. Kveðst Júlíus hafa séð, er hann kom upp í brú eftir þetta, að kúplingsstöngin hafi verið í frákúplaðri stöðu. Hann hafi hins vegar ekki veitt því athygli, hvort hún var bundin, þar sem hann hafi haft í mörgu að snúast og stansað stutt í brúnni.

Stefán Árni Sigurðsson, 2. stýrimaður á m/s Gísla Árna, kveður skipstjórann hafa sagt sér, að kafa ætti við skipið, er það kæmi til hafnar umræddan morgun, og hafi hann beðið sig að setja niður stiga við stjórnborðssíðu skipsins og setja belgi við síðu skipsins, svo að það héldist frá bryggju. Hann kveðst svo hafa sett niður stiga við stjórnborðssíðuna og belgi, en skipið hafi legið við enda Grandabryggju með stjórnborðssíðu að bryggju. Stefán kveður það fyrsta, sem hann muni eftir Leon þarna, vera það, að hann hafi aðstoðað hann við að fara niður stigann. Stefán kveðst hafa verið við, á meðan Leon kafaði þarna, en er hann kom upp, hafi hann sagt, að hann fyndi ekkert athugavert við síðu skipsins. Stefán kveður Leon hafa sagst fara upp í brú til að hlýja sér, en ekki kveður hann Leon hafa rætt við sig um skilyrði til köfunar eða að hann mundi kafa aftur. Stefán kveður Leon nú hafa farið upp í brú og hafi það verið það síðasta, sem hann hafi séð til Leons. Stefán kveðst nú hafa farið við annan mann upp í skemmu við hliðina á húsi Slysavarnafélags Íslands til að sækja timbur, sem nota hafi átt til viðgerðar á háfgrind á þilfari. Er hann kom niður á bryggju aftur, kveður hann búið hafa verið að færa skipið fyrir hornið á bryggjunni

og hafi menn verið frammi á hvalbak að binda. Ekki kveðst Stefán hafa tekið eftir mönnum aftur á skipinu við að binda það, en hann hafi séð margt fólk standa á horninu á bryggjunni. Kveðst hann síðan hafa farið beint um borð í skipið með efnið, en síðan hafi hann heyrt, að eitthvað hefði komið fyrir í sambandi við köfunina. Stefán kveður sér ekki hafa verið kunnugt um það, áður en hann fór að sækja efnið, að færa ætti skipið.

Óskar Árnason, vélstjóri á m/s Gísla Árna, kveður högg hafa komið á skipið, er það var á leið úr Grindavíkurhöfn tveimur dögum áður. Þegar skipverjar hafi svo orðið varir við, að nótin festist á síðu skipsins, er það var komið á miðin, hafi verið talið, að veltikjölur skipsins kynni að hafa laskast. Því hafi verið ákveðið að fá froskmann til að athuga botn skipsins. Óskar kveður skipið hafa legið við endann á Grandabryggju með stjórnborðssíðu að. Kveðst hann hafa vitað, að kafarinn var kominn, og í því að hann hafi komið upp í brú úr vélarrúmi skipsins, hafi hann séð kafarann kasta sér í sjóinn af bryggjunni. Hann kveður kafarann hafa verið stutt í kafi og hafi hann ekki fundið neinar skemmdir, enda hafi hann sagt birtu í sjónum slæma. Óskar kveður skipið hafa verið frá að aftan, á meðan kafað var þarna, og vél skipsins í gangi, en skrúfan hafi verið frátengd. Óskar kveður skipið nú hafa verið fært fyrir bryggjuhornið og kveðst að mestu hafa verið niðri í vélarrúmi, á meðan það var gert. Er búið var að færa skipið, kveðst Óskar hafa komið upp í brú og hafi þá Júlíus Ingibergsson eða einhver annar spurt kafarann, hvort honum væri ekki kalt. Kveðst Óskar þá hafa boðist til að fara niður í eldhús og hita kaffi. Hafi kafarinn drukkið hjá sér kaffi í eldhúsinu og hafi þeir verið lengi þarna. Kveður hann kafarann hafa sagt sér, að hann væri búinn að kafa, en hann hefði ekki fundið neinar skemmdir á skipinu. Óskar kveðst nú hafa sinnt ýmsum störfum í vélarrúmi, en síðan farið upp í brú. Kveður hann Árna 1. stýrimann hafa staðið við glugga á brúarhorninu stjórnborðsmegin, en hásetarnir hafi verið að ljúka við að binda skipið að framan og aftan. Kveðst hann hafa séð, að kúplað var að, en stuttu seinna hafi Árni kúplað frá, þegar hásetarnir voru að ljúka við að binda skipið eða voru búnir að því. Kafarann kveðst hann ekki hafa séð. Ekki kveðst Óskar minnast þess, að aðrir væru þarna í brúnni, þegar hann kom upp. Allan þennan tíma kveður Óskar vél skipsins hafa verið í gangi, því unnið hafi verið að löndun og vélar skipsins notaðar við hana. Eftir nokkra stund kveður Óskar hafa verið farið að huga að kafaranum og

hafi síðan verið kallað í lögregluna. Óskar kveður lausagang vélarinnar vera um 200 snúninga á mínútu og hafi lítið verið bætt við til að færa skipið. Hann kveður hægt að tengja skrúfuna niðri í vélarrúmi, þegar frátengt sé í brúnni, en enginn annar en hann sjálfur hafi verið niðri í vélarrúmi á þeim tíma, sem leið frá því kafarinn muni hafa varpað sér í sjóinn og þar til farið var að óttast um hann. Óskar kveður olíukúplingu vera á vélinni og stöðvist skrúfan sem næst, um leið og kúplað sé frá. Óskar kveður kafarann ekki hafa óskað eftir því við sig, að vél skipsins væri stöðvuð, á meðan hann kafaði.

Júlíus Rafn Júlíusson, háseti á m/s Gísla Árna, kveður skipið fyrst hafa lagst að Norðurgarði umræddan morgun, en síðan hafi það verið fært að endanum á Grandabryggju og hafi kafarinn kafað fyrst þar. Búið hafi verið að setja stiga niður með skipinu og tvo belgi til að halda því frá bryggju. Eftir þetta kveðst Júlíus hafa rætt við kafarann í brúnni og hafi þarna verið fleiri, sem rætt hafi saman. Hann kveður skipið svo hafa verið fært fyrir bryggjuhornið. Júlíus kveðst hafa verið við hringjastatífið á bátapalli og verið að berja klaka, til að hægt væri að ganga tryggilega frá afturenda skipsins. Hann kveður kaðal hafa legið úr skut, en af því að skipið hafi staðið það mikið aftur af bryggjunni, hafi þeir ætlað að færa kaðalinn framar. Júlíus kveðst hafa tekið við handlugt frá manni á bryggjunni og rétt kafaranum inn í brúna, þar sem hann hafi verið ásamt Árna 1. stýrimanni og fleiri mönnum. Júlíus kveður ekki hafa verið búið að binda skipið, hann hafi verið með kaðalinn í höndunum, þegar hann hafi heyrt skvamp. Kveðst hann þá hafa gert sér grein fyrir því, að kafarinn hefði stokkið fyrir borð. Ekki kveðst hann hafa gert sér grein fyrir því, hvort skrúfa skipsins hafi verið stöðvuð. Kveðst Júlíus síðan hafa lokið við að binda skipið og farið svo niður á þilfar.

Gísli Árni Eggertsson, háseti á m/s Gísla Árna, kveður skipið fyrst hafa lagst að Norðurgarðinum, en síðan hafi það verið fært að endanum á Grandabryggju. Kveðst hann hafa fært stiga að skipshliðinni, en belgir hafi verið milli skips og bryggju. Gísli kveður skipið síðan hafa verið fært fyrir bryggjuhornið að ósk kafarans. Er skipið hafði verið fært, kveðst Gísli hafa verið á brúarvængnum við að binda skipið og hafi verið bundið utan um blakkarstoðina. Á meðan á þessu stóð, kveðst Gísli hafa orðið var við, að kafarinn kom út á brúarvænginn og kallaði til manns, sem stóð á bryggjunni, að sækja handljós í

bifreið hans, þ. e. kafarans, og hafi maðurinn gert það. Gísli kveðst svo hafa heyrt, að kafarinn lenti í sjónum, en hann kveðst hafa bograð við vinnu sína og því hafi hann ekki séð, hvaðan kafarinn stökk. Ekki kveðst Gísli hafa gert sér grein fyrir því, hvort skrúfa skipsins var tengd eða ekki, enda sé erfitt að gera það, þegar skipið sé fullhlaðið eins og þarna var og lítill skurður á skrúfunni. Gísli kveðst hafa litið út fyrir borðstokkinn, áður en hann lauk við að binda skipið, og hafi hann þá séð á loftbólum, sem komu upp fast við skipshliðina, hvernig kafarinn færði sig aftur með skipinu. Gísli kveðst ekki hafa tekið eftir neinu skrúfufari, þegar hann leit aftur með skipinu.

Árni Sæmundsson, háseti á m/s Gísla Árna, kveðst hafa verið frammi á skipinu við að binda það, er það hafði verið fært fyrir bryggjuhornið. Kveðst hann hafa snúið sér að brúnni, rétt er hann hafði lokið við að binda, og hafi hann þá séð kafarann í loftinu, en hann hafi ekki séð, hvaðan hann stökk. Árni kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort búið var að binda skipið að aftan. Kveðst Árni síðan hafa snúið sér að öðrum verkefnum. Kveðst hann ekki hafa getað fundið, hvort skrúfa skipsins var tengd, á meðan hann var að binda skipið.

Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson, yfirverkstjóri hjá Slippfélaginu í Reykjavík, kveðst hafa verið á Grandabryggjunni þennan morgun. Hugmyndin hafi verið að taka m/s Gísla Árna í slipp, ef einhverjar skemmdir fyndust, sem Leon gæti ekki lagfært. Kveðst Guðmundur hafa komið niður að skipinu um kl. 0915—0930, rétt áður en skipið var fært fyrir bryggjuhornið. Kveðst Guðmundur aðeins hafa talað við Leon, þar sem hann var staddur í brúnni. Kveður hann Leon hafa kallað til sín úr brúarglugganum næst stjórnborðshliðinni, að hann væri búinn að athuga fremri hluta veltikjalarins og ekki fundið neitt athugavert, en hann ætlaði að athuga aftari hlutann, þegar búið væri að færa skipið. Þegar búið var að færa skipið, kveður Guðmundur Leon hafa komið út úr brúnni, tilbúinn til köfunar að öllu leyti, í froskmannsbúningi, með hettu, köfunargler og súrefnistæki. Hafi Leon farið rakleiðis ofan af bátadekki niður á stjórnborðslunningu á neðra þilfari. Þar kveður Guðmundur Leon hafa staðið og kallað til sín og beðið sig að fara í bifreið hans og sækja handlugt. Kveðst Guðmundur hafa gert það, hlaupið við fót og hafi það varla tekið meira en mínútu. Kveðst hann hafa rétt lugtina til skipverja, sem stóð á neðra þilfari, en sjálfur kveðst Guðmundur ekki hafa náð til Leons. Í framhaldi af þessu

kveður Guðmundur Leon hafa stokkið í sjóinn, en sjálfur hafi hann snúið frá skipinu. Kveðst Guðmundur vera þess fullviss, að búið hafi verið að binda skipið, þegar hann færði Leon ljósið, en hann kveðst ekki hafa veitt því athygli, hvort skrúfa skipsins var í sambandi. Hafi annar maðurinn, sem var að binda skipið að aftan, staðið, þar sem skipið var bundið, en hinn hafi verið á bátapallinum eða nótapallinum. Þegar farið var að athuga, hvort loftbólur sæust, hafi þessir menn gengið aftur með og aftur fyrir og síðan fram með bakborðsmegin. Guðmundur kveðst ekki hafa orðið var við, að Leon og stýrimaðurinn ræddust við, áður en Leon fór úr brúnni. Hann kveðst ekki hafa séð stýrimanninn, þegar Leon stökk fyrir borð síðast, en stýrimaðurinn hafi verið í ysta glugganum framan á brúnni stjórnborðsmegin, á meðan skipið var fært. Guðmundur kveðst ekki hafa rætt við stýrimanninn, áður en atburðurinn varð. Hann kveðst ekki hafa séð neina hreyfingu á skipinu, eftir að Leon kastaði sér í sjóinn.

Baldur Jóhannsson, vélstjóri á olíuskipinu Héðni Valdimarssyni, kveður skip sitt hafa verið að leggja að m/s Gísla Árna, þegar Leon hafi komið á bryggjuna umræddan morgun, en afgreiða átti olíu í skipið. Kveðst Baldur hafa staðið á brúarvængnum, en stýrimaðurinn á m/s Gísla Árna hafi verið í glugganum og Leon á bryggjukantinum. Hafi þá Leon sagt við stýrimanninn, að vélin væri í gangi og hann, þ. e. stýrimaðurinn, sæi um það, og hafi stýrimaðurinn játað því. Baldur kveður Leon svo hafa kafað. Baldur kveður svo hafa verið haldið að öðru skipi til að afgreiða olíu og hafi m/s Gísli Árni þá verið færður.

Vitnið Þröstur Sigtryggsson, skipherra hjá Landhelgisgæslu Íslands, kveðst hafa kennt svokallaða froskköfun á vegum stofnunarinnar og, eftir því sem hann muni best, hafa kennt Leon Carlsson. Hafi Leon þá fengið vottorð um það, að hann væri hæfur til að kafa niður á allt að 12 m dýpi. Með froskköfun kveður Þröstur átt við það, að kafarinn flytji með sér á kútum loft til öndunar. Þröstur kveður engin lög um köfun vera til og kveður ekki vera fyrir hendi neinar skriflegar reglur hjá Landhelgisgæslu Íslands um köfun og varúðarráðstafanir í sambandi við hana. Þröstur kveður námskeið þau, sem hann kenndi við, yfirleitt hafa staðið 2—3 vikur. Kveðst hann aðallega hafa kennt með fyrirlestrum, en nemendur hafi fengið afhent U.S. Diving Manual og hafi hann vitnað til þeirrar bókar í fyrirlestrum sínum. Þröstur kveður verklega kennslu hafa farið fram í Sundhöll Reykjavíkur, en síðan hafi það verið föst regla, að fram-

kvæmdar væru tíu kafanir í sjó, þar af tvær kafanir í myrkri. Á þessum námskeiðum kveður Þröstur hafa verið reiknað með því, að þátttakendur ynnu hjá stofnuninni, og hafi þá verið miðað við það, að þeir ynnu frá léttbáti. Kveðst Þröstur hafa bent nemendum á það, að það væru þeir, sem ættu að kafa og það væri þeirra að ákveða, hvaða aðstoð þeir fengju og hvort þeir notuðu líflínu eða ekki, en hann hafi ekki getað gefið ákveðnar reglur um þetta. Um þetta kveður Þröstur ekki vera til neinar íslenskar reglur. Þröstur kveðst hafa bent nemendum sínum á, að þeir skyldu ganga úr skugga um, að búið væri að stöðva aðalvél skips, áður en þeir köfuðu við skrúfu þess. Kveður hann sér hafa verið kunnugt um það, að kafarar hefðu farið niður til að skera úr skrúfum skipa, án þess að aðalvél skipsins væri stöðvuð, og hafi hann viljað benda nemendum sínum á, að þetta ætti ekki að gera. Þröstur kveður köfun ekki mega standa lengur en svo, að ekki sé hætta á, að kafarar fái köfunarveiki, en ekki sé hætta á því á grynnra vatni en tólf metrum, miðað við það að notað sé venjulegt andrúmsloft. Á 10 m dýpi sé eðlilegt, að köfun standi ekki lengur en 30—40 mín., þegar notaðir séu tveir kútar með andrúmslofti. Þröstur kveður það sína skoðun, að sáralítil hætta sé á bilunum á froskköfunarútbúnaði, alla vega ekki svo alvarlegum, að hætta sé fyrir kafarann. Það eina, sem geti skeð, sé það, að þrýstiminnkari bili eða lokist, en ákaflega lítil líkindi séu til, að það geti skeð. Slíkt komi eiginlega ekki fyrir við köfun, heldur milli kafana og þess verði þá vart, áður en köfun hefst næst. Þröstur kveðst skýra nemendum sínum frá því, er hann ljúki námskeiði í köfun, að hann hafi ekki getað kennt þeim allt, en bendi þeim á að hafa augun opin fyrir öllum nýjungum og ráðleggi þeim að kafa ekki, er þeir hafa náð 40 ára aldri. Þröstur kveðst ekki minnast þess, að þeir Leon hafi starfað saman að köfun. Hann kveður sér kunnugt um það, að eftir að hann kenndi Leon, hafi hann verið mjög áhugasamur um allt, er laut að köfun, aflað sér bóka og tímarita um það efni og fylgst með nýjungum í köfunarbúningum. Þröstur kveður það orð hafa farið af Leon, að hann væri duglegur, og kveðst ekki hafa orðið var við eða heyrt, að hann væri ógætinn við köfun.

Að ósk lögmanna aðilja voru dómkvaddir tveir menn til að „gera athuganir og gefa skýrslu um tengibúnað vélar og skrúfuáss í m.s. Gísla Árna RE 375, sérstaklega með tilliti til þess, hvort skrúfuásinn geti snúist, ef aðalvél er í gangi og tengið er rofið í stýrishúsi."

Í matsgerðinni segja matsmennirnir, Þórður Gröndal verkfræðingur og Sveinn Jónatansson verkstjóri, svo um athuganir sínar og niðurstöðu:

„Vél og tengibúnaður er af gerðinni Wichmann 7ACA.

Tveim keiluhelmingum, sem eru festir við skrúfuásinn, er þrýst í sundur innan í annari keilu(klukku), sem er föst við aflúrtak vélarinnar.

Þetta er gert með því að dæla smurolíu vélarinnar undir þrýstingi inn í keiluhelmingana. Við þetta flyst afl vélarinnar til skrúfuássins.

Þegar olíuþrýstingnum er af létt, dragast keiluhelmingarnir saman með gormum, og er þá skrúfuásinn laus við aflúrtak vélarinnar. Olíuþrýstingnum er stjórnað með tveimur samtengdum handföngum, öðru í skipstjórnarklefa og hinu í vélarrúmi.

Hreyfa þarf handföngin um það bil 60° frá lokunarstöðu, þar til olíuþrýstingur í tengsli er nægjanlegur, til þess að skrúfuásinn snúist með vélinni. Skrúfuásinn snerist um það bil 11 sek. eftir að tengið var rofið, og telst það eðlilegt.

Við höfum skoðað tengibúnaðinn og prófað hann með aðalvél í gangi, og finnum við ekkert athugavert við hann.

Við teljum hverfandi líkur á því, að skrúfuásinn geti snúist fyrir vélaraflinu, þegar tengið er rofið."

Matsmennirnir hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgerðina.

Skýrði matsmaðurinn Þórður Gröndal svo frá, að samkvæmt sinni þekkingu geti skrúfuásinn ekki snúist fyrir vélarafli, þegar tengið er rofið.

Matsmaðurinn Sveinn Jónatansson lýsti sambandi handfanga þeirra í skipstjórnarklefa og vélarrúmi, sem stjórna olíuþrýstingi. Kvað matsmaðurinn þess verða vart á öðrum staðnum, þegar handfangið er hreyft á hinum, en ef annað handfangið sé bundið fast, sé ekki hægt að hreyfa hitt.

Kröfur stefnenda eru byggðar á því, að stjórnendur m/s Gísla Árna, sem stefndi beri húsbóndaábyrgð á, hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, er Leon Carlsson kafaði við skipið, og sé gáleysi þetta orsök slyssins. Er því haldið fram, að það hafi verið gáleysi skipstjórnarmanna að hafa aðalvél skipsins í gangi, á meðan kafað var, því að skrúfan geti snúist, þótt hún sé frátengd. Auk þess geti þeir hlutir bilað, sem aftengja skrúfu og vél, með þeirri afleiðingu, að skrúfan fari að snúast. Einnig geti skrúfan tengst við vélina vegna mistaka. Er á það bent í þessu sambandi, að skipstjórnarmönnum, sem við skipið voru, hafi ekki verið kunn-

ugt um, hvort skrúfan gæti snúist, þótt frátengd væri, og þeim hafi heldur ekki verið kunnugt um, hvort skrúfan héldi áfram að snúast einhvern tíma, eftir að hún var frátengd. Þá er því haldið fram, að 1. stýrimanni hafi mátt vera ljóst, að Leon hafi treyst því, að skipstjórnarmenn gættu þess, að skrúfan væri ekki tengd, þegar hann kafaði. Hafi stýrimaðurinn gert sér grein fyrir því, að Leon væri að búa sig undir að kafa að nýju, þegar hann fór úr stýrishúsinu fullbúinn til köfunar. Þrátt fyrir það hafi stýrimaðurinn ekki sagt Leon frá því, að skrúfan væri tengd, og ekki hafi hann heldur fylgst með ferðum Leons. Þá er á það bent af hálfu stefnenda, að 1. stýrimaður geti engar glöggar upplýsingar gefið um það, hvenær hann hafi kúplað skrúfu skipsins frá vélinni, þegar Leon fór síðast til köfunar, en augljóst sé, að honum hafi borið að vara Leon við því, að skrúfan snerist, og jafnframt hafi honum borið að stöðva skrúfuna samstundis og honum varð ljóst, að Leon var að hefja köfun að nýju. Ef skrúfan hafi þá verið frátengd, hafi stýrimanninum borið að gæta þess, að hún yrði ekki tengd, á meðan köfun stæði yfir. Einnig er á það bent, að stýrimaðurinn hafi ekki varað vélstjóra skipsins við því, að köfun færi fram, þrátt fyrir það þótt hægt sé að tengja vél og skrúfu í vélarrúmi skipsins. Þá er á það bent, að umbúnaður stjórntækja vélar og skrúfu í stýrishúsi sé þannig, að hver sem er geti fyrirvaralaust kúplað saman vél og skrúfu. Þá er því haldið fram, að allt of langur tími hafi liðið, frá því Leon kafaði og þar til eitthvað var gert, þrátt fyrir það að 1. stýrimanni væri ljóst, að hann hefði kafað aftur. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að leitt sé í ljós, að óforsvaranlegt skeytingarleysi skipstjórnarmanna hafi valdið slysinu, en á því beri eigandi skipsins ábyrgð.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að stýrimanni, vélstjóra eða öðrum skipverjum verði ekki kennt um slysið, enda hafi þeir unnið störf sín óaðfinnanlega. Er því haldið fram, að Leon Carlsson, sem hafi verið reyndur skipstjórnarmaður og þaulæfður kafari, hafi unnið köfunarstörf sín við skip stefnda sjálfstætt og á eigin ábyrgð. Leon hafi gefið fyrirmæli um alla tilhögun, áður en köfun hófst, og hafi hann ekki þurft að hlíta boðum frá öðrum um öryggisráðstafanir. Hann hafi mælt fyrir um það, að skipið skyldi fært, svo að hann sæi betur til við köfunina. Hann hafi svo skyndilega og á eigin spýtur tekið ákvörðun um að hefja köfunarstarf á ný, áður en búið var að binda skipið. Þá hafi hann átt leið um stýrishúsið, áður en hann varpaði sér í sjóinn, og hafi

hann sem vanur skipstjórnarmaður og kafari hlotið að taka eftir hvort skrúfan var tengd vélinni. Honum hafi hins vegar orðið á þau mistök að hefja köfun á ný án þess að fullvissa sig um, að ræsslu skipsins væri lokið, búið að binda það og skrúfan frátengd vél. Er því haldið fram, að 1. stýrimaður skipsins hafi allan tímann verið í stýrishúsi skipsins. Hann hafi hlýtt fyrirmælum Leons um að færa skipið. Hann hafi engin fyrirmæli gefið um að hefja köfun að nýju. Er því haldið fram, að ekki hafi verið óeðlilegt, þótt nokkur tími liði, þar til farið var að huga að Leon, enda geti athuganir kafara tekið nokkurn tíma. Því verði skipverjum ekki gefið að sök, þótt nokkur tími liði, þar til leit var hafin, enda hafi slysið hlotið að verða stuttu eftir að Leon kafaði að nýju. Er því haldið fram, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar skipsins né yfirsjóna starfsmanna stefnda, heldur hljóti það að stafa af mistökum Leons eða af óhappatilviki.

Eggert Gíslason, skipstjóri m/s Gísla Árna, gaf 1. stýrimanni skipsins ekki fyrirmæli um það, hvernig staðið skyldi að af hálfu skipverja, þegar kafað væri við skipið umrætt sinn. Hann kveðst hins vegar hafa beðið 2. stýrimann um að fylgjast vel með kafaranum. Sá 2. stýrimaður síðan um að setja stiga niður með síðu skipsins og belgi til að halda því frá bryggju. Fylgdist 2. stýrimaður einnig með kafaranum, á meðan hann kafaði, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju. Leon Carlsson kom einn til köfunar við m/s Gísla Árna í umrætt sinn. Er ljóst, að við þær aðstæður er þörf góðs og náins samstarfs milli kafara og skipstjórnarmanna. Fyllsta öryggi næst ekki, nema með því að stöðva aðalvél skips, sem kafað er við. Verður að telja fram komið, að Leon hafi verið ljóst, er hann kom að skipinu um morguninn, að aðalvél skipsins var í gangi. Einnig verður að telja fram komið, að hann hafi beðið skipstjórnarmenn um að sjá um það örugglega, að skrúfa skipsins væri ekki tengd, svo að hún hreyfðist ekki. Er og fram komið, að er Leon kafaði, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju, hafi skipstjórnarmenn gætt þess í stýrishúsi, að skrúfa skipsins væri ekki tengd. Er því ljóst, að þótt aðalvél skipsins væri ekki stöðvuð, á meðan kafað var, þar sem skipið lá við enda Grandabryggju, þá hefur það ekki komið að sök vegna góðrar samvinnu skipstjórnarmanna og Leons. Það verður að telja, að það hafi verið sammála álit Leons og 1. stýrimanns, að til þess að fá betri birtu við köfunina yrði skipið fært fyrir bryggjuhornið. Á meðan fór Leon niður í skipið með Óskari vélstjóra til að fá sér kaffi. Er hér var komið, yfirgaf Júlíus Ingi-

bergsson útgerðarstjóri skipið til að sinna öðrum störfum í þágu útgerðarinnar, og einnig fór 2. stýrimaður til að sinna öðru starfi í landi fyrir skipið. Er skipið hafði verið fært fyrir bryggjuhornið, kom Leon upp í stýrishús. Kveðst 1. stýrimaður hafa lagað hanskann á hendi Leons að beiðni hans. Er ljóst, að Leon hefur síðan farið út úr stýrishúsinu. Fram er komið, að Guðmundur Hafsteinn Sigurðsson yfirverkstjóri sótti handlugt í bifreið Leons að beiðni hans. Hins vegar er slíkt ósamræmi í framburðum Guðmundar og Júlíusar háseta, sem tók við lugtinni, að ekki er ljóst, hvar Leon var, er hann tók við lugtinni. Hefur ekki tekist að afla vættis manna, sem kunna að hafa verið í stýrishúsinu á þessum tíma samkvæmt framburði Júlíusar háseta. Er ljóst samkvæmt framburðum Guðmundar, Júlíusar og Gísla, að í framhaldi af þessu hefur Leon stokkið í sjóinn til köfunar á ný. Hefur 1. stýrimaður borið, að hann hafi ekki orðið var við ferðir Leons, eftir að hann fór úr stýrishúsinu í umrætt sinn. Var honum þó ljóst, er hann lagaði hanskann á hendi Leons, að hann var að búa sig undir köfun á ný, en 1. stýrimaður ætlaði ekki að kúpla frá, fyrr en lokið hefði verið við að binda skipið. Bar honum að gera Leon grein fyrir þessu, og mátti hann ekki treysta því, að Leon gerði sér grein fyrir því eða sæi af stjórntækjum í stýrishúsi, að skrúfa skipsins væri tengd. Er og fram komið af framburðum, að erfitt er að gera sér grein fyrir því, þegar skipið er hlaðið, hvort skrúfan snýst eða ekki, og verði raunar ekki séð nema af mælum, svo sem fram kemur hjá Eggert skipstjóra. Er ljóst, að eftir þetta hefur enginn af skipverjunum fylgst sérstaklega með Leon, er hann kafaði síðast, svo sem gert var við fyrri köfunina. Það verður að vísu ekki talið í ljós leitt, að lokið hafi verið við að binda skipið, þegar Guðmundur rétti lugtina um borð í skipið, en samkvæmt framburði Árna Sæmundssonar hafði hann lokið við að binda skipið að framan, er hann sá Leon kasta sér í sjóinn. Einnig má ráða af framburðum þeirra Júlíusar og Gísla, að þeir hafi verið svo langt komnir með að binda skipið að aftan, er þeir urðu varir við, að Leon stökk fyrir borð, að óhætt hefði þá verið að kúpla skrúfunni frá án hættu fyrir skipið og skipverja, en fram er komið, að veður var gott. Verður að telja, að ef ekki var búið að kúpla frá, þegar Leon kastaði sér í sjóinn, þá hafi það verið sjálfsögð neyðarráðstöfun strax og skipverjar urðu þess varir. Ekki er fyllilega ljóst, hvenær kúplað var frá og hvort það var gert, þegar er lokið var við að binda skipið. Af því, sem hér hefur verið rakið, er ljóst, að skipstjórnarmenn

hafa ekki haft þá nánu samvinnu við Leon við síðari köfun hans, sem nauðsynleg var og höfð var, þegar hann kafaði í fyrra skiptið, en í þeirra höndum voru allar athafnir við færslu skipsins og í þeirra höndum var stjórn vélar og skrúfubúnaðar. Verður að líta svo á, að í því felist mistök við stjórn skipsins, er haft hafi í för með sér slys það, er leiddi til dauða Leons Carlsson. Því beri stefndi sem eigandi m/s Gísla Árna fébótaábyrgð á tjóni af þessum atburði skv. 8. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Ekki nýtur frásagna vitna af því, hvernig Leon hugðist standa að köfuninni í síðara skiptið, eða hvort hann vissi um einstök atriði við færslu skipsins, og ekki nýtur heldur frásagna vitna af því, hvað fram fór í stýrishúsinu, en þegar virt er það, sem fram hefur komið um atvik að slysinu, og jafnframt aðstaða til sönnunar í málinu, þá þykir ekki grundvöllur til annars en að leggja fébótaábyrgð að öllu leyti á stefnda.

Verður nú tekin afstaða til endanlegra dómkrafna stefnenda í aðalsök og framhaldssök, en þær eru sundurliðaðar þannig:

1. Bætur til handa eftirlifandi eiginkonu, Söllu Sigmarsdóttur:
   a) Vegna missis framfæranda .. kr. 7.278.093
   b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 1.000.000 kr. 8.278.093

2. Bætur til handa Grétu Carlsson:
   a) Vegna missis framfæranda .. kr. 175.958
   b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 1.000.000 — 1.175.958

3. Bætur til handa Jóhönnu Carlsson:
   a) Vegna missis framfæranda .. kr. 393.366
   b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 1.000.000 — 1.393.366

4. Bætur til handa Drífu Leonsdóttur:
   a) Vegna missis framfæranda .. kr. 393.366
   b) Bætur fyrir röskun á stöðu og högum ..... — 1.000.000 — 1.393.366

5. Bætur til handa Sævari Carlsson fyrir röskun á stöðu og högum ..	kr.	1.000.000
6. Útreikningur fjártjóns	—	16.500
7. Ljósritun skjala	—	7.500
8. Endurútreikningur tjóns	—	15.000
	Samtals kr.	13.279.783

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur reiknað tjón Söllu Sigmarsdóttur og barnanna Grétu, Jóhönnu og Drífu vegna missis framfæranda við andlát Leons Carlsson. Um grundvöll útreikningsins og niðurstöðu segir svo í bréfi Guðjóns, dags. 12. október 1973:

„Að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, hef ég gert eftirfarandi útreikninga í sambandi við tjón frú Söllu Sigmarsdóttur, Faxatúni 9, Garðahreppi, vegna missis fyrirvinnu, en eiginmaður Söllu, Leon Einar Carlsson, lést af slysförum 24. febrúar 1973. Enn fremur eru reiknaðar bætur til handa börnum Leons, svo sem að neðan greinir.

Leon var sagður fæddur 12. júní 1935 og var samkvæmt því 37 ára gamall, er hann lést. Eftirlifandi eiginkona hans er sögð fædd 22. janúar 1931, og hefur hún því verið 42 ára að aldri, er hún missti eiginmann sinn. Samkvæmt upplýsingum yðar eru börn þeirra hjóna þrjú, þ. e.

Sævar Þór, f. 10/1 1955,
Gréta, f. 29/11 1958, og
Jóhanna, f. 10/2 1962.

Að sögn yðar lét Leon enn fremur eftir sig eitt barn utan hjónabands, Drífu, f. 20/2 1962, er hann greiddi meðlag með, en að öðru leyti var Drífa á framfæri móður sinnar.

A. Bætur til barna.

Venja er að miða útreikning á bótum til barna við barnalífeyri almannatrygginga, en árlegur barnalífeyrir hefur frá slysdegi verið sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973	kr. 44.484.00
— 1/4 til 30/6 1973	— 49.824.00
— 1/7 til 30/9 1973	— 52.416.00
— 1/10 1973	— 56.088.00

Sé börnum Leons innan 17 ára aldurs hverju um sig reiknaðar ofangreindar bætur til fullnaðs 17 ára aldurs, reiknast mér verðmæti þeirra bóta á slysdegi nema:

Vegna Grétu kr. 136.011.00
Vegna Jóhönnu — 268.578.00
Vegna Drífu — 268.578.00

Þótt réttarstaða Drífu sé ekki að öllu leyti hin sama og hinna barnanna, hef ég ekki talið ástæðu til að reikna bætur á annan veg henni til handa.

B. Bætur til ekkju.

Af staðfestum ljósritum af skattframtölum Leons fyrir starfsárin 1969—1972 sést, að mestan hluta launatekna sinna á þessu tímabili hefur hann haft fyrir starf það, er hann gegndi hjá Togaraafgreiðslunni h.f. Nokkrar launatekjur hafði hann þó frá ýmsum öðrum aðilum, og árin 1971 og 1972 skilaði hann að auki rekstrarreikningi vegna sjálfstæðrar starfsemi. Til vinnutekna hef ég reiknað launatekjur ásamt hreinum tekjum samkvæmt rekstrarreikningi að loknum breytingum skattayfirvalda. Til frádráttar hef ég talið rekstrarkostnað, að svo miklu leyti sem hann hefur verið færður til frádráttar á skattframtali og viðurkenndur af skattayfirvöldum. Þá hef ég talið björgunarlaun til vinnutekna, en ekki bifreiðarstyrk, sem færður hefur verið til frádráttar að fullu. Með þessu móti reiknast mér vinnutekjur Leons ofangreind ár hafa verið sem hér segir:

Ár	Heildar-vinnutekjur kr.	Þar af frá Togaraafg. hf. kr.
1969	303.807.00	275.567.00
1970	405.448.50	346.735.00
1971	608.627.00	399.263.00
1972	506.617.60	467.747.00

Aðalstarf Leons á þessu tímabili var skrifstofustarf, þ. e. bókhald og gjaldkerastörf. Erfitt er að umreikna tekjur þessa tímabils með tilliti til breytinga á kauptöxtum verslunarmanna sökum ýmiss konar tilfærslna milli launaflokka. Hef ég því aflað upplýsinga um fast mánaðarkaup Leons hjá Togaraafgreiðslunni h.f. árin 1969—1972 og umreiknað heildarvinnutekjur hans þau ár með tilliti til breytinga á því, svo og með tilliti til almennrar grunnkaupshækkunar 1. mars 1973 og hækkunar verðlagsuppbótar 1. mars, 1. júní og 1. september 1973. Umreiknaðar á þennan hátt reiknast mér árlegar heildarvinnutekjur, miðað við meðaltal áranna 1969—1972, verða sem hér segir:

Árið 1973 (meðaltal frá slysdegi) kr. 796.919.00
Eftir þann tíma — 843.112.00

Sökum þess, að tekjur Leons eru áberandi hæstar 1971, en lægstar 1972 og allmikill munur er á þessum tveimur árum, ef tillit er tekið til kaupgjaldsbreytinga, hef ég talið eðlilegt að styðjast við meðaltal fjögurra ára í stað þess að leggja einungis tekjur þriggja ára til grundvallar.

Af ofangreindum tekjum hef ég fyrst tekið framfærslueyri dætranna þriggja, fram til 17 ára aldurs hverrar þeirra, jafnháan barnalífeyri almannatrygginga, en reiknað ekkjunni helming þeirra tekna, sem eftir verða. Verðmæti slíks framfærslueyris, miðað við aldur Söllu Sigmarsdóttur og starfsorkulíkur manns á aldri Leons Carlssonar, reiknast mér nema á slysdegi

kr. 4.487.007.00

C. Bætur almannatrygginga.

Auk barnalífeyris dætra sinna á Salla rétt á slysabótum í 8 ár frá almannatryggingum, og er ársupphæð þeirra bóta sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973	kr. 108.924.00
— 1/4 til 30/6 1973	— 121.992.00
— 1/7 til 30/9 1973	— 128.340.00
— 1/10 1973	— 137.328.00

Enn fremur á ekkjan rétt á mæðralaunum til 16 ára aldurs dætra sinna sem hér segir:

Frá slysdegi til 31/3 1973	kr. 41.400.00
— 1/4 til 30/6 1973	— 46.368.00
— 1/7 til 30/9 1973	— 48.780.00
Síðan með tveimur börnum	kr. 52.200.00
Síðan með einu barni	— 9.612.00

Verðmæti þessara bóta til ekkjunnar reiknast mér nema á slysdegi:

Verðmæti 8 ára bóta kr. 832.072.00
Verðmæti mæðralauna — 106.613.00

D. Vinnutekjur ekkjunnar.

Samkvæmt áðurnefndum framtölum fyrir starfsárin 1969—1972 hafa tekjur Söllu af vinnu utan heimilis verið sem hér segir:

Árið 1969	kr. 0
— 1970	— 67.718.00
— 1971	— 116.625.00
— 1972	— 104.087.00

Allar ofangreindar tekjur Söllu eru launatekjur frá Bæjarútgerð Reykjavíkur. Við umreikning teknanna til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, hef ég notað sömu aðferð og við umreikning vinnutekna Leons. Verða þá umreiknaðar meðalárstekjur Söllu árin 1969—1972 sem hér segir:

Árið 1973 (meðaltal frá slysdegi) kr. 112.866.00
Eftir þann tíma — 119.408.00

Sé gert ráð fyrir, að helmingur þeirra tekna, sem hér um ræðir, eigi að koma til frádráttar hinum reiknaða framfærslueyri Söllu, reiknast mér verðmæti slíks frádráttar á slysdegi nema: kr. 644.232.00.

Ljóst er, að óvissa er allmikil í sambandi við þennan frádráttarlið. Þannig mundi t. d. frádráttarfjárhæðin hækka um þriðjung, ef stuðst væri við reynslu áranna 1970—1972, þ. e. þriggja ára í stað fjögurra.

Að lokum skal tekið fram, að við framangreinda útreikninga hefur ekki verið tekið tillit til lífeyrisréttinda í lífeyrissjóði, en Leon var sjóðfélagi í Lífeyrissjóði verslunarmanna. Vegna frá falls hans munu börn hans njóta barnalífeyris úr sjóðnum, og e. t. v. á ekkja hans einnig rétt á makalífeyri. Á hinn bóginn hefðu þau hjónin getað öðlast frekari rétt síðar, ef slysið hefði ekki orðið.

Töflur þær, sem notaðar hafa verið við útreikningana, miðast við starfsorkulíkur samkvæmt sænskri reynslu, dánarlíkur samkvæmt íslenskri reynslu 1951—1960 og 7% vexti p. a."

Guðjón Hansen reiknaði tjón framangreindra aðilja að nýju 23. júní 1975. Um grundvöll þess útreiknings og niðurstöðu segir svo í bréfi hans:

„Þér hafið nú, herra hæstaréttarlögmaður, óskað endurútreiknings þar sem tillit sé tekið til kaupbreytinga og hækkunar á bótum almannatrygginga, en að öðru leyti miðað við sömu forsendur og við fyrri útreikning. Fer endurútreikningur þessi hér á eftir.

A. Bætur til barna.

Í fyrri útreikningi eru tilgreindar árlegar fjárhæðir barnalífeyris, eins og þær voru frá slysdegi til ársloka 1973. Síðan hefur árlegur barnalífeyrir verið ákveðinn sem hér segir:

Frá 1/1 til 31/3 1974	kr. 60.012.00
— 1/4 til 30/9 1974	— 75.012.00
— 1/10 til 30/11 1974	— 79.524.00
— 1/12 1974 til 31/3 1975	— 81.912.00

— 1/4 til 30/6 1975	kr. 89.280.00
Eftir þann tíma	— 91.956.00

Þegar tillit er tekið til þessara breytinga, reiknast mér verðmæti bóta til handa börnunum nema á slysdegi:

Vegna Grétu	kr. 175.958.00
Vegna Jóhönnu	— 393.366.00
Vegna Drífu	— 393.366.00

B. Bætur til ekkju.

Heildarvinnutekjur Leons, eins og þær eru tilgreindar í fyrri útreikningi, hef ég umreiknað í hlutfalli við breytingar á föstum launum hans, eins og ég tel, að þær breytingar hefðu orðið vegna vísitöluhækkana 1. des. 1973 og 1. mars 1974 og vegna launahækkana samkvæmt samningum í febrúar 1974 (þar með talin 3% hækkun, sem kom til framkvæmda 1. des. 1974), mars 1975 og júní 1975. Hins vegar eru launin hærri en svo, að um láglaunauppbót hefði orðið að ræða 1. október 1974. Með þessu móti reiknast mér árlegar heildarvinnutekjur verða sem hér segir:

Árið 1973, frá slysdegi	kr. 803.050.00
— 1974	— 1.095.090.00
— 1975	— 1.321.884.00
Eftir þann tíma	— 1.430.167.00

Hér hefur verið tekið tillit til umsaminnar launahækkunar, sem koma á til framkvæmda 1. okt. n.k.

Þegar tillit er tekið til hins breytta tekjugrundvallar og áðurnefndrar hækkunar á barnalífeyri almannatrygginga, reiknast mér verðmæti framfærslueyris til handa ekkju Leons, Söllu Sigmarsdóttur, nema á slysdegi

kr. 7.278.093.00

C. Bætur almannatrygginga.

Í fyrri útreikningi eru tilgreindar árlegar fjárhæðir slysabóta almannatrygginga til ekkju (8 ára bóta), eins og þær voru frá slysdegi til ársloka 1973. Síðan hafa þær verið ákveðnar sem hér segir:

Frá 1/1 til 31/3 1974	kr. 146.940.00
— 1/4 til 30/9 1974	— 183.672.00
— 1/10 til 30/11 1974	— 196.536.00
— 1/12 1974 til 31/3 1975	— 202.428.00
— 1/4 til 30/6 1975	— 218.616.00
— 1/7 1975	— 225.180.00

Þá hafa mæðralaun verið ákveðin sem hér segir frá ársbyrjun 1974:

Frá 1/1 til 31/3 1974	kr. 55.836.00
— 1/4 til 30/9 1974	— 69.804.00
— 1/10 til 30/11 1974	— 74.004.00
— 1/12 1974 til 31/3 1975	— 14.040.00
— 1/4 til 30/6 1975	— 15.300.00
— 1/7 1975	— 15.768.00

Til nóvemberloka 1974 er um að ræða mæðralaun með tveimur börnum, en síðan með einu barni.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á 8 ára bótum til mæðralauna, reiknast mér verðmæti á slysdegi verða sem hér segir:

Verðmæti 8 ára bóta	kr. 1.249.397.00
Verðmæti mæðralauna	kr. 133.741.00

D. Vinnutekjur ekkjunnar.

Umreiknaðar á þann hátt, sem lýst er í fyrri útreikningi, reiknast mér meðalvinnutekjur Söllu Sigmarsdóttur 1969—1972 verða sem hér segir:

Árið 1973, frá slysdegi	kr. 113.734.00
— 1974	— 155.095.00
— 1975	— 187.216.00
Eftir þann tíma	— 202.552.00

Verðmæti hálfra þessara tekna reiknast mér nema á slysdegi kr. 1.033.104.00.

Þótt gera megi ráð fyrir, að lög um láglaunabætur og kjarasamningar á þessu ári hafi valdið heldur meiri hlutfallshækkun á vinnutekjum Söllu en þeim tekjum, sem Leon eru reiknaðar, hef ég ekki talið ástæðu til breyttrar umreikningsaðferðar, enda er óvissa af öðru tagi veruleg í sambandi við þennan lið, svo sem minnst er á í fyrri útreikningi.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings."

Þá er kominn fram útreikningur Guðjóns Hansens frá 1. nóvember sl. Um grundvöll hans og niðurstöðu segir svo í bréfi hans:

„Í útreikningi mínum frá 12. október 1973 í sambandi við dauðaslys Leons Einars Carlssonar þann 24. febrúar 1973 voru 7% ársvextir lagðir til grundvallar. Við endurútreikning 23. júní 1975 var að beiðni yðar, herra hæstaréttarlögmaður, tekið tillit til kaupbreytinga og hækkunar, sem orðið hafði á bótum al-

mannatrygginga, en að öðru leyti miðað við sömu forsendur og við upphaflegan útreikning. Miðaðist endurútreikningurinn því einnig við 7% ársvexti.

Þér hafið nú óskað athugunar á, hver áhrif það mundi hafa á niðurstöðutölur útreikningsins frá 23. júní 1975, ef í stað 7% ársvaxta til frambúðar væri reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir þann tíma með 13% ársvöxtum til frambúðar. Vegna þess, hve margþættur útreikningur þessi er, hef ég í samráði við yður reynt að einfalda hann nokkuð, en tel þó, að skekkja á hverjum lið fyrir sig sé innan við 1%. Hér fara á eftir niðurstöðutölur útreikningsins frá 23. júní 1975 ásamt tilsvarandi fjárhæð, tilgreindri í heilum þúsundum króna, þegar reiknað er með hinum breytta vaxtagrundvelli (hér eftir nefndur 7%—9%—13%):

	Útreikningur 23/6 1975 kr.	Ársvextir 7%—9%—13% þús. kr.
A. *Bætur til barna:*		
Vegna Grétu	175.958	170
Vegna Jóhönnu	393.366	352
Vegna Drífu	393.366	352
B. *Bætur til ekkju*	7.278.093	4.610
C. *Bætur almannatrygginga*		
Verðmæti 8 ára bóta	1.249.397	1.075
Verðmæti mæðralauna	133.741	130
D. *Verðmæti hálfra vinnutekna ekkju*	1.033.104	673

Tekið skal fram, að 1. júlí 1975 varð nokkur hækkun á bótum almannatrygginga umfram það, sem um var vitað 23. júní. Ekki hefur verið tekið tillit til þess hér, en bótahækkunin hefur áhrif til hækkunar á niðurstöðutölum A-liðar og C-liðar, en til lækkunar niðurstöðutölu B-liðar."

Um 1 a. Krafa Söllu Sigmarsdóttur samkvæmt þessum lið er byggð á B lið útreiknings Guðjóns Hansens frá 23. júní 1975. Er því jafnframt mótmælt, að bætur verði lækkaðar vegna tekna Söllu af vinnu utan heimilis, enda hljóti aðstaða hennar til slíkrar vinnu að verða erfiðari en áður. Þá er því og mótmælt, að greiðslur frá lífeyrissjóði verslunarmanna, svo og greiðsla frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands komi til frádráttar, enda sé þar um að

ræða frjálsar tryggingar, sem Leon sjálfur hafi borið kostnað af. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárri. Er á það bent, að mikill munur sé á heildartekjum Leons og tekjum hans hjá Togaraafgreiðslunni h/f. Ljóst sé, að Leon hafi ekki getað stundað köfun mörg ár enn, því starfið sé það erfitt. Þá er og á það bent, að tekjur Leons af köfunarstörfum séu tekjur af atvinnurekstri og því eigi að draga frá kostnað við atvinnureksturinn, en ekki verði séð, að þess hafi verið gætt. Þá sé og á það að líta, að í útreikningi tryggingafræðingsins sé reiknað með 7% ársvöxtum, en almennir vextir hafi verið 13% frá 15. júlí 1974. Mundi niðurstaða þessa liðar útreikningsins lækka verulega, ef reiknað væri með þessum vöxtum. Þá er því haldið fram, að til frádráttar við ákvörðun fjárhæðar samkvæmt þessum lið eigi að koma verðmæti bóta, sem Salla eigi rétt á frá Tryggingastofnun ríkisins, og helmingur af vinnutekjum hennar samkvæmt útreikningi tryggingafræðingsins. Þá beri og að draga frá verðmæti greiðslna frá lífeyrissjóði verslunarmanna og greiðslu dánarbóta frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f. Þá er því og haldið fram, að lækka beri fjárhæð kröfuliðar þessa með tilliti til þess, að bætur sem þessar séu skattfrjálsar, og einnig með tilliti til hagræðis af eingreiðslu.

Hér að framan hafa verið raktir útreikningar Guðjóns Hansens tryggingafræðings. Við ákvörðun bóta verður útreikningurinn frá 23. júní 1975 lagður til grundvallar. Verður að líta svo á, að þar sé tekið tillit til rekstrarkostnaðar við sjálfstæða starfsemi Leons á sama hátt og í fyrsta útreikningnum. Það má ætla, að Leon hefði ekki getað stundað froskköfun jafnlengi og starfsgeta hans entist samkvæmt almennum starfsorkulíkum. Til frádráttar bótum samkvæmt þessum lið þykir eiga að koma verðmæti greiðslna, sem Salla á rétt á að fá frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá þykir bera að líta til greiðslna frá lífeyrissjóði verslunarmanna, en fram er komið, að Leon hafi verið þar sjóðfélagi. Þá þykir og verða að líta til þess, að almennir vextir hafa um skeið verið hærri en 7%. Þá þykir og verða að líta til tekna af vinnu Söllu utan heimilisins, svo sem fram kemur hjá tryggingafræðingnum. Hins vegar þykir greiðsla sú, sem Salla hefur fengið frá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 1.000.000, ekki eiga að koma til frádráttar. Er fram komið og hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda, að þar hafi verið um að ræða verðmæti líftryggingar Leons, sem hann hafi keypt og haldið við eingöngu fyrir eigið fé. Þegar framangreind atriði eru virt svo og önnur þau

atriði, sem þykja skipta máli við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 2.700.000.

Um 1 b. Krafa þessi er byggð á því, að við lát eiginmanns síns hafi orðið mikil röskun á stöðu og högum Söllu. Af hálfu stefnda hefur fjárhæð þessa kröfuliðar verið mótmælt sem allt of hárri. Mikil röskun hefur orðið á stöðu og högum Söllu við lát eiginmanns hennar. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 400.000.

Um 2 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Gréta orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina í einu lagi með kr. 250.000.

Um 3 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Jóhanna orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er fjárhæðum þessara kröfuliða mótmælt sem of háum. Við lát föður síns hefur Jóhanna orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda, og einnig hefur hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum liðum tekin til greina með kr. 300.000.

Um 4 a og b. Rétt þykir að taka afstöðu til þessara kröfuliða í einu lagi. Kröfur samkvæmt þessum liðum eru byggðar á því, að við lát föður síns hafi Drífa orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda, og einnig hafi hún orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Drífa eigi rétt á bótum vegna láts föður síns, því að hún hafi verið á framfæri móður sinnar að öðru leyti en því, að faðir hennar hafi greitt lögboðið meðlag. Eftir lát föður síns eigi Drífa rétt á að fá meðlag þetta greitt frá Tryggingastofnun ríkisins. Leon var framfærsluskyldur gagnvart Drífu skv. 6. gr. laga nr. 87/1947. Þykir hún því hafa orðið fyrir tjóni vegna missis framfæranda og vegna röskunar á stöðu og högum. Verður krafa samkvæmt þessum lið tekin til greina með kr. 300.000.

Um 5. Krafa samkvæmt þessum lið er byggð á því, að við lát föður síns hafi Sævar Þór orðið fyrir tjóni vegna röskunar á stöðu og högum. Af hálfu stefnda er því mótmælt, að Sævar Þór eigi rétt á bótum samkvæmt þessum lið, enda verði bætur fyrir

ófjárhagslegt tjón vegna missis framfæranda ekki dæmdar aðiljum, sem náð hafa 18 ára aldri. Telja verður, að þótt Sævar Þór hafi verið kominn yfir 16 ára aldur, sbr. 3. gr. laga nr. 80/1947, þá hafi hann beðið tjón vegna röskunar á stöðu og högum vegna andláts föður síns. Var Sævar Þór nýorðinn 18 ára, er faðir hans lést. Þykir hann eiga rétt á bótum úr hendi stefnda fyrir þetta tjón. Verður krafa samkvæmt þessum lið tekin til greina með kr. 125.000.

Um 6—8. Kröfuliðir þessir hafa ekki sætt tölulegum andmælum. Þykir rétt að taka afstöðu til þeirra við ákvörðun málskostnaðar.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður stefndi dæmdur til að greiða framangreindar fjárhæðir með vöxtum eins og hér segir: Söllu Sigmarsdóttur kr. 3.100.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Söllu Sigmarsdóttur f. h. Grétu Carlsson kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Söllu Sigmarsdóttur f. h. Jóhönnu Carlsson kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Sævari Carlsson kr. 125.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefnda gert að greiða stefnendum málskostnað þannig: Söllu Sigmarsdóttur persónulega og f. h. Grétu og Jóhönnu Carlsson, samtals kr. 420.000, Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 45.000 og Sævari Carlsson kr. 25.000. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til kröfuliða 6—8 í kröfugerð og annars útlagðs kostnaðar á síðara stigi málsins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að hann beri takmarkaða ábyrgð á tjóni stefnenda samkvæmt IX. kafla siglingalaga. Af hálfu stefnenda hefur þessu verið mótmælt. Telja verður, að stefndi beri takmarkaða ábyrgð á kröfum þeim, sem hafðar eru uppi í máli þessu skv. 2. tl. 205. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sbr. 206. gr. sömu laga. Samkvæmt yfirlýsingu Siglingamálastofnunar

ríkisins var lestatala m/s Gísla Árna, RE 275, skv. 206. gr. siglingalaga um takmarkaða ábyrgð útgerðarmanns 231.84 lestir árið 1970, en 271.66 lestir árið 1974, eftir að skipið hafði verið lengt á árinu 1973. Samkvæmt yfirlýsingu Seðlabanka Íslands jafngildir einn „Poincaré franki" 13.2359 krónum samkvæmt skráðu miðgengi íslenskrar krónu gagnvart dollar í dag. Eru því dæmdar fjárhæðir samkvæmt niðurstöðu dóms þessa innan þeirra marka, sem ákvæði 206. gr. siglingalaga setja ábyrgð á stefnda.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að kröfur stefnenda njóti sjóveðréttar í m/s Gísla Árna. Telja verður, að kröfur stefnenda njóti sjóveðréttar í m/s Gísla Árna, RE 375, samkvæmt ákvæði 4. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963, og verður krafa um viðurkenningu sjóveðréttar því tekin til greina.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Andrési Guðjónssyni vélstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur kr. 3.100.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur f. h. Grétu Carlsson kr. 250.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Söllu Sigmarsdóttur f. h. Jóhönnu Carlsson kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 300.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi, Sjóli h/f, greiði Sævari Þór Carlsson kr. 125.000 með 7% ársvöxtum frá 23. febrúar 1973 til 16. maí s. á., með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði málskostnað þannig: Söllu Sigmarsdóttur persónulega og f. h. Grétu Carlsson og Jóhönnu Carlsson

óskipt kr. 420.000, Lilju Jakobsdóttur f. h. Drífu Leonsdóttur kr. 45.000 og Sævari Carlsson kr. 25.000.

Eiga stefnendur sjóveðrétt í m/s Gísla Árna, RE 375, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. júlí 1977.

Nr. 43/1974. **Franco Bonaretti**
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)
gegn
Útvegsbanka Íslands
(Bogi Ingimarsson hrl.)
og
Loftleiðum h/f
(Gunnar Helgason hdl.)
og
Loftleiðir h/f
gegn
Franco Bonaretti.

Innheimta banka. Loftflutningar. Flugfarmbréf. Skaðabótamál. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. mars 1974. Krefst hann þess, að stefndi og gagnáfrýjandi verði óskipt dæmdir til að greiða honum 1.987.230 ítalskar lírur með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 12% ársvöxtum

frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. apríl 1974. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

I.

Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, beiddist aðaláfrýjandi þess af stefnda með bréfum 18. og 31. maí, 26. júní og 3. júlí 1967, að hann innheimti fjórar kröfur á hendur Inga Þorsteinssyni í Reykjavík. Kröfur þessar voru vegna jafnmargra vörusendinga frá fyrirtækinu CRM (Calzifici Riuniti, Milano) í Milano. Í hverri sendingu voru 5 kassar af nylonsokkum. Í innheimtubeiðnum var lýst, hvernig vörurnar voru merktar, tekið fram, að þær væru sendar í flugi og getið númera flugfarmbréfa. Er komið fram, að vörurnar voru sendar frá Milano með flugfélaginu SABENA, og voru flugfarmbréfin rituð á eyðublað þess. Í flugfarmbréfunum var tekið fram, að SABENA ætti að flytja vörurnar til Bruxelles, LUXAIR þaðan til Luxemburg, en LOFTLEIÐIR h.f. þaðan til Reykjavíkur. Öll flugfarmbréfin voru gefin út af Franco Bonaretti Air Services, þ. e. aðaláfrýjanda máls þessa sem umboðsmanni/miðlara (agent/courtier) fyrir CRM sem sendanda vörunnar. Í öllum flugfarmbréfunum var stefndi tilgreindur sem viðtakandi vörunnar á ákvörðunarstað. Þar sagði og, að einnig skyldi tilkynna Inga Þorsteinssyni um komu vörunnar. Ekki greindu flugfarmbréfin verð vörunnar, en greint var í þeim um flutningskostnað og önnur gjöld, sem viðtakanda bæri að greiða vegna flutningsins. Öll voru flugfarmbréfin gefin út í þremur eintökum auk afrita, svo sem gert er ráð fyrir í 6. gr. Varsjársamningsins um loftflutninga 12. október 1929 ásamt viðbótarsamningi 28. september 1955, sbr. lög nr. 41/1949 og lög nr. 46/1956.

Í innheimtubréfum aðaláfrýjanda til stefnda var þess

beiðst, að vörurnar og hjálögð skjöl yrðu aðeins afhent Inga Þorsteinssyni gegn greiðslu á fjárhæðum, sem voru nánar tilgreindar. Námu fjárhæðirnar, sem innheimta átti, alls 2.439.950 ítölskum lírum.

Innheimtubeiðnunum fylgdu afrit flugfarmbréfa SABENA, að því er virðist nr. 8 og nr. 12, en engin önnur skjöl. Var sérstaklega tekið fram, að vörureikningar og pökkunarskrár væru send til Inga Þorsteinssonar. Fjárhæðir þeirra vörureikninga, sem liggja frammi í málinu, eru hinar sömu og greindar voru í innheimtubeiðnum aðaláfrýjanda til stefnda. Auk þessara vörureikninga eru komnir fram í málinu aðrir vörureikningar til Inga Þorsteinssonar, svo sem greinir í héraðsdómi, samhljóða hinum fyrrgreindu að öðru leyti en því, að reikningsfjárhæðir þeirra nema samtals aðeins 813.330 ítölskum lírum. Aðaláfrýjandi hefur að vísu haldið því fram fyrir Hæstarétti, að CRM hafi aðeins sent Inga reikningseyðublöð, sem Ingi hafi síðar sjálfur ritað eins og hina réttu vörureikninga, en með lægri fjárhæðum. Þessi staðhæfing aðaláfrýjanda er þó ósönnuð, og verður því lagt til grundvallar í málinu, að CRM hafi einnig sent hina lægri reikninga, eins og afdráttarlaust var viðurkennt fyrir héraðsdómi.

Ekki greiddi Ingi Þorsteinsson innheimtur þær, sem aðaláfrýjandi fól stefnda. Bæði áður og um sama leyti og vörusendingarnar bárust hafði Ingi hins vegar fengið nokkur leyfi fyrir yfirfærslu gjaldeyris til CRM. Gjaldeyri samkvæmt þeim leyfum fékk hann afgreiddan hjá gjaldeyrisdeild stefnda í ávísunum. Virðist Ingi síðar með skírskotun til þessara yfirfærslna hafa lagt tvo hinna fyrrnefndu lægri, og að því er telja verður röngu, vörureikninga fyrir gjaldeyrisdeild stefnda og fengið þá ástimplaða um, að afgreiða mætti vörur þær, sem þar greindi. Tveimur hinna röngu vörureikninga framvísaði hann hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans og fékk stimpil þess á þá. Jafnframt þessu greiddi Ingi gagnáfrýjanda, Loftleiðum h/f, flutningskostnað vörusendingarinnar og fékk þá afhent eintak nr. 2 af flugfarmbréfunum. Flugfarmbréfin ásamt hinum ástimpluðu röngu vöru-

reikningum lagði hann síðan fyrir tollyfirvöld, greiddi aðflutningsgjöld samkvæmt þeim og fékk skjölin stimpluð um tollgreiðslu. Gegn framvísun framangreindra skjala þannig stimplaðra fékk hann síðan vörurnar afhentar hjá gagnáfrýjanda. Innheimturnar frá aðaláfrýjanda greiddi hann aldrei, og tilkynnti stefndi aðaláfrýjanda þetta í bréfi 22. desember 1967 svo og að vörurnar, sem um var að tefla, hefðu verið afhentar Inga gegn frumriti flugfarmbréfanna.

Aðaláfrýjandi sækir í máli þessu stefnda og gagnáfrýjanda um 1.987.230 ítalskar lírur, en það er mismunur þeirra fjárhæða, sem hann fól stefnda að innheimta, 2.439.950 ítalskar lírur, og þess, er seljandi varanna CRM telur sig hafa fengið greitt fyrir þær frá Inga Þorsteinssyni, 452.720 ítalskar lírur.

II.

Aðaláfrýjandi reisir dómkröfur sínar á hendur stefnda á því, að stefnda hafi orðið á mistök við innheimtu þeirra krafna á hendur Inga Þorsteinssyni, sem honum var falin. Hafi hann orðið þess valdandi með stimplun á áðurgreinda vörureikninga, að vörurnar samkvæmt flugfarmbréfum voru afhentar, án þess að greiðsla hefði fengist í samræmi við innheimtubeiðnirnar.

Svo sem áður var greint, stimplaði gjaldeyrisdeild stefnda ekki alla hina röngu vörureikninga, heldur aðeins tvo þeirra. Er því rökstuðningur fyrir kröfugerð aðaláfrýjanda á hendur stefnda eigi í samræmi við staðreyndir máls að því leyti.

Ekki er annað komið fram en að stefndi hafi með eðlilegum hætti reynt að innheimta hjá Inga Þorsteinssyni þær fjárhæðir, sem greindi í innheimtubeiðnum aðaláfrýjanda. Gagnáfrýjandi afhenti að vísu Inga Þorsteinssyni flugfarmbréf nr. 2 svo og vörurnar, án þess að Ingi greiddi innheimtuna hjá stefnda, en ekki verður séð, að þetta hafi verið gert með heimild stefnda sem viðtakanda vörunnar. Ekki verður heldur talið, að starfsmönnum gjaldeyrisdeildar stefnda hafi mátt vera ljóst af útliti hinna tveggja röngu vörureikninga CRM, er þeir stimpluðu, eða af öðrum ástæðum, að kröfur vegna sama varnings, en annarra fjárhæða, væru á þessum

tíma til innheimtu hjá innheimtudeild stefnda. Ber þegar af þessum ástæðum að staðfesta héraðsdóm að því er stefnda varðar.

Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

III.

Aðaláfrýjandi reisir kröfur sínar á hendur gagnáfrýjanda á því, að gagnáfrýjanda hafi verið óheimilt að afhenda vörurnar nema gegn framvísun eintaks nr. 3 af flugfarmbréfunum. Þetta eintak hafi aðaláfrýjandi hins vegar haft undir höndum og hafi hann ekki samþykkt, að vörurnar væru afhentar svo sem gert var. Aðaláfrýjandi hefur sérstaklega andmælt, að gaumur verði gefinn að þeim varnarástæðum gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjandi sé ekki réttur sakaraðili og að bótakrafa, ef einhver hefði verið, sé niður fallin samkvæmt b lið 10. gr. flutningsskilmálanna í flugfarmbréfunum, sbr. 1. tl. 29. gr. Varsjársamningsins. Hafi hvorug þessi varnarástæða verið höfð uppi í héraði.

Gagnáfrýjandi heldur því fram, að hann hafi í hvívetna farið rétt að varðandi afhendingu varningsins, og enn fremur sé ósannað, að aðaláfrýjandi eða CRM, sendandi varningsins, hafi orðið fyrir tjóni.

Í héraði hreyfði gagnáfrýjandi ekki þeirri málsástæðu, að krafa á hendur sér væri niður fallin. Eru ekki skilyrði til þess samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973, að sú vörn verði höfð uppi fyrir Hæstarétti. Gagnáfrýjandi orðaði að vísu eigi skýrlega fyrir héraðsdómi þá varnarástæðu, að aðaláfrýjandi væri ekki réttur sóknaraðili málsins. Hann hreyfði því þó, að nánar bæri að leiða í ljós, hvernig háttað væri sambandi aðaláfrýjanda og CRM. Þykir hann, eins og á stendur, geta haft uppi þá málsvörn, að aðaláfrýjandi sé ekki réttur aðili máls.

Gagnáfrýjandi afhenti varning þann, sem í málinu greinir, á ákvörðunarstað hans. Á það verður því ekki fallist með aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjanda hafi borið vegna ákvæða 12. gr. Varsjársamningsins að gera afhendingu eintaks nr.

3 af flugfarmbréfunum að skilyrði fyrir afhendingu vörunnar. Segir afdráttarlaust í 13. gr. samningsins, að með þeirri undantekningu, er um ræðir í 4. tl. 12. gr., megi viðtakandi krefjast þess, þegar vara er komin á ákvörðunarstað, að sér sé fengið flugfarmbréfið, þ. e. eintak nr. 2, svo og varan gegn greiðslu þeirrar upphæðar, sem á vörunni hvílir og efndum á öllum flutningsskilyrðum, sem um ræðir í flugfarmbréfinu. Hins vegar afhenti gagnáfrýjandi Inga Þorsteinssyni flugfarmbréfin svo og varninginn sjálfan, en eigi stefnda, sem var viðtakandi varningsins samkvæmt skýrum ákvæðum flugfarmbréfanna. Ekki hefur verið sýnt fram á, að stefndi hafi heimilað Inga að veita flugfarmbréfunum eða varningnum viðtöku. Fór því gagnáfrýjandi ekki rétt að, er hann afhenti Inga varninginn, og skiptir ekki máli, þótt átt hafi að gera honum aðvart um komu vörunnar.

Áður er greint, að flugfarmbréfin tilgreindu CRM sem sendanda varningsins og að aðaláfrýjandi undirritaði þau í umboði hans. Aðaláfrýjandi var því ekki aðili flutningssamningsins, heldur CRM. Þar sem aðaláfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að hann sé af öðrum ástæðum réttur aðili til að sækja gagnáfrýjanda um bætur vegna rangrar afhendingar varningsins, ber að taka sýknukröfu gagnáfrýjanda til greina.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar stefnda, Útvegsbanka Íslands.

Gagnáfrýjandi, Loftleiðir h/f, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Franco Bonaretti, í málinu.

Aðaláfrýjandi greiði stefnda 75.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og gagnáfrýjanda 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 24. janúar 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður f. h. Franco Bonaretti, Via Giuseppi Ferrari 12, Milano, Ítalíu, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum með stefnu, birtri 29. og 30. apríl 1971, á hendur Útvegsbanka Íslands og Loftleiðum h/f, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á Lit. 1.987.230 með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 1. ágúst 1967 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og stefnanda verði gert að inna af hendi ríflegan málskostnað þeim til handa.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu, en án árangurs.

Stefnandi hefur áður, eða með stefnu útgefinni 17. október 1969, höfðað mál fyrir sjó- og verslunardóminum út af þessari sömu kröfu, og lauk því með frávísunardómi hinn 17. nóvember 1970. Eigi var sá dómur kærður til Hæstaréttar, heldur var málinu stefnt inn aftur.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að með bréfum, dags. 18. og 31. maí, 26. júní og 3. júlí 1967, hafi firmað Franco Bonaretti, Milano, Ítalíu, falið Útvegsbanka Íslands að innheimta andvirði fjögurra sendinga af nælonsokkum. Með bréfum þessum fylgdu 4 afrit af flugfarmskírteinum varðandi þessar sendingar og samkvæmt fyrirmælum frá Franco Bonaretti til bankans þá hafi aðeins mátt afhenda vörur þessar gegn greiðslu C.O.D. (cash on delivery) á Lit. alls 2.439.950 til stefnanda. Vörur þessar hafi verið sendar í flugfragt í gegnum Bruxelles (Sabena) — Luxembourg (Luxair) — Reykjavík (Loftleiðir).

Samkvæmt skjölum þeim, er fyrir liggja í málinu, hafi nefndar vörur verið sendar af Franco Bonaretti f. h. firmans Calzifici Riuniti, Milano, með flugfarmskírteinum að fjárhæð Lit. 2.439.950. Á framangreind bréf til Útvegsbanka Íslands hafi verið rituð sérstök fyrirmæli til bankans um að afhenda ekki vöruna nema gegn greiðslu á nefndri upphæð. Svo virðist hins vegar sem Calzifici Riuniti hafi sent reikninga beint til kaupanda, hr. Inga Þorsteinssonar. Hafi það verið 4 reikningar, sem merktir hafa verið á sama hátt og fyrrnefnd flugfarmskírteini, en aðeins að upphæð Lit. 813.330. Bankinn hafi með bréfi til stefnanda, dags. 11. október 1967, viðurkennt að hafa tekið að sér að innheimta Lit. 2.439.950.

Samkvæmt upplýsingum, sem stefnandi hafi fengið frá seljanda nefndra vara, Calzifici Riuniti, þá hafi ástæðan til þess, að nefndir reikningar að upphæð Lit. 813.330 hafi verið sendir beint til Inga Þorsteinssonar, verið sú, að Ingi hafi beðið seljanda að senda sér þessa reikninga að þessari upphæð, þar sem hann hafi talið sig þurfa á þeim að halda af „administrative" ástæðum. Séu þessar ráðstafanir nefnds Inga og seljanda vörunnar stefnanda algerlega óviðkomandi, enda hafi stefnandi engin afskipti haft af útbúnaði eða gerð þessara reikninga með hinni lægri upphæð. Með þessa reikninga í höndum hafi svo nefndur Ingi Þorsteinsson farið til stefnda Útvegsbanka Íslands og tekist að fá þá stimplaða af bankanum svo og af gjaldeyriseftirlitinu, en á sama tíma hafi bankinn ekki gætt þess, að hann hafi haft til innheimtu vegna sömu vörusendingar kröfu að upphæð Lit. 2.439.950, en nefndur Ingi hafi greitt bankanum aðeins Lit. 452.720, þannig að ógreiddar eftirstöðvar hinna upphaflegu krafna, sem bankinn hafi tekið að sér að innheimta fyrir stefnanda, nemi nú stefnufjárhæðinni, Lit. 1.987.230. Með fyrrnefnda reikninga í höndum, stimplaða af Útvegsbankanum, hafi svo nefndur Ingi greitt innflutningsgjöld af vörunum og tekist á þann hátt að fá vöruna afhenta úr höndum stefnda Loftleiða h/f.

Með bréfi, dags. 30. október 1970, frá lögmanni stefnanda til lögmanns stefnda Útvegsbanka Íslands segir m. a. svo: „Í stefnu málsins var af vangá talið, að stefnandi hefði fengið greiddar Lit. 813.330. Þetta er hins vegar ekki rétt. Sú upphæð, sem umbjóðandi minn hefur fengið greiddar, var aðeins Lit. 452.720, og leiðréttist þetta hér með."

Stefnandi rökstyður dómkröfur sínar með því, að samkvæmt 6. gr. laga nr. 41/1949 um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, sbr. 102. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir, sé flugfarmskírteini gefið út af sendanda í þrem eintökum og skuli þriðja eintakið undirritað af flytjanda og skuli því skilað til sendanda, þegar tekið hafi verið við vörunum, þ. e. a. s., þegar flytjandi hefur tekið við vörunum. Þriðja eintakið sé því móttökukvittun til sendanda fyrir vörunum, þar sem í því sé viðurkenning fyrir móttökunni. Jafnframt sé þetta eintak flugfarmskírteinisins heimildarbréf viðtakanda til þess að krefjast afhendingar vörunnar á ákvörðunarstað, en þetta komi m. a. fram í ákvæðum 12. gr., 3. og 4. tölul., laga nr. 41/1949, sbr. 108. gr., 2. mgr., laga nr. 34/1964 og 13. gr. laga nr. 41/1949, sbr. 109. gr. laga nr. 34/

1964. Sendandi í umræddu tilviki hafi verið Franco Bonaretti, flytjandi stefndi Loftleiðir h/f og viðtakandi stefndi Útvegsbanki Íslands, Reykjavík. Tekur stefnandi skýrt fram, að seljandi vörunnar, Calzifici Riuniti, Milano, hafi ekki verið aðili að flutningssamningunum og því engan ráðstöfunarrétt haft á vörunum né heldur hr. Ingi Þorsteinsson, sem einungis hafi átt að tilkynna um komu varanna.

Stefnandi getur þess enn fremur, að samkvæmt 15. gr., 3. tölul., laga nr. 41/1949, sbr. lög nr. 46/1956, megi gefa út framseljanlegt flugfarmskírteini, en í umræddu tilviki hafi verið stimplað á flugfarmskírteinin ekki framseljanleg (non negotiable). Hafi því verið sérstök ástæða fyrir flytjanda, stefnda Loftleiðir h/f, að gæta sín að afhenda vöruna einungis réttum aðilja, þ. e. viðtakanda hennar, Útvegsbanka Íslands. Virðist ljóst, að stefndi Loftleiðir h/f hafi með því að afhenda umræddar vörur hr. Inga Þorsteinssyni, einungis gegn stimpluðum reikningum seljanda, bakað sér bótaskyldu gagnvart sendanda, stefnanda Franco Bonaretti, á tjóni hans. Útvegsbanki Íslands hafi haft til innheimtu, eins og áður segir, kröfu að fjárhæð Lit. 2.439.950 fyrir umræddar vörur og hafi bankanum því verið óheimilt að merkja reikninga þá, er hr. Ingi Þorsteinsson framvísaði, með orðunum „Má afgreiða", gegn greiðslu á aðeins Lit. 813.330 (mun eiga að vera Lit. 452.720 samkvæmt síðari leiðréttingu lögmanns stefnanda í fyrrgreindu bréfi hans frá 30. október 1970). Hafi bankinn með þessu bakað sér samábyrgð með stefnda Loftleiðum h/f.

Að endingu bendir stefnandi á kröfum sínum til áréttingar, að í prentuðum skilmálum stefnda Útvegsbanka Íslands varðandi þessa erlendu innheimtu, sem bankinn tekur að sér, þá segi berum orðum í 11. gr. í hinum svokölluðu „General Conditions", að bankinn samþykki ekki, að sendendur vara stíli vörusendingar á nafn bankans, m. a. vegna þeirrar áhættu, sem slíkt geti haft fyrir bankann fjárhagslega. Í máli því, sem hér sé um að ræða, hafi flugfarmbréfin verið stíluð beint á stefnda Útvegsbanka Íslands. Stefndi Útvegsbankinn hafi tekið að sér fyrirvaralaust gagnvart stefnanda að innheimta kröfurnar, sem flugfarmbréfunum hafi fylgt, þannig að stefndi Útvegsbankinn geti ekki nú borið fyrir sig skilmálana í þessum „General Conditions" bankans. En af þessu leiði einnig, að stefndi Útvegsbankinn beri ábyrgð á öllu því tjóni, sem stefnandi hefur orðið fyrir í sambandi við vörusendingu þessa.

Stefndi Útvegsbanki Íslands rökstyður sýknukröfu sína með

því, að stefnandi máls þessa hafi sent stefnda Útvegsbankanum 4 innheimtubeiðnir á hr. Inga Þorsteinsson, samtals að upphæð Lit. 2.439.950. Innheimtubeiðnum þessum hafi einungis fylgt afrit (copy) af flugfarmskírteinum, en engir vörureikningar. Aftur á móti beri innheimtubeiðni stefnanda það með sér, að vörureikningar o. fl. sé sent beint til hr. Inga Þorsteinssonar. Innheimtudeild Útvegsbankans hafi tilkynnt fyrrnefndum Inga um innheimtur þessar og honum jafnframt verið tilkynnt, að honum bæri að framvísa vörureikningum, þegar hann greiddi innheimturnar. Títtnefndur Ingi hafi marglofað að greiða innheimturnar, en efndir engar orðið. Þar af leiðandi hafi hann aldrei framvísað neinum vörureikningum við innheimtudeild Útvegsbankans. Þess í stað hafi hann snúið sér til gjaldeyrisdeildar stefnda Útvegsbankans og keypt þar á tímabilinu frá 25. maí 1967 til 18. júlí s. á. gjaldeyri að upphæð samtals Lit. 813.330 til greiðslu á fjórum reikningum frá Calzifici Riuniti, Milano, sem námu þeirri fjárhæð. Gegn framvísun þessara reikninga, sem gjaldeyrisdeild Útvegsbankans hafi stimplað um greiðslu, hafi nefndur Ingi fengið tollafgreiddar og afhentar þær vörur, sem stefnandi máls þessa hafi falið innheimtudeild Útvegsbankans að innheimta, enda sé nú augljóst, að innheimtubeiðnir stefnanda, sem sendar hafi verið innheimtudeild Útvegsbankans, og vörureikningar Calzifici Riuniti, Milano, sem sendir hafi verið beint til Inga Þorsteinssonar, hafi hvort tveggja verið vegna sömu vörusendingar. Lögmaður stefnanda meini, að Ingi Þorsteinsson hafi ætlað „að sleppa betur með greiðslu innflutningstolla", eins og þetta sé orðað í stefnu (þ. e. í fyrra málinu). Stefnda Útvegsbankanum virðist hins vegar ljóst, að tilgangur þeirra þremenninganna, stefnanda, Inga Þorsteinssonar og Calzifici Riuniti, Milano, hafi verið sá að aðstoða Inga Þorsteinsson við stórkostleg tollsvik. Krafa stefnanda á hendur Inga Þorsteinssyni hafi numið samkvæmt innheimtubeiðnum hans Lit. 2.439.950. Reikningar þeir, sem Calzifici Riuniti, Milano, hafi sent Inga beint og hann fengið vörurnar tollafgreiddar eftir, hafi verið samtals að upphæð Lit. 813.330. Mismunurinn sé því Lit. 1.626.620, eða ísl. kr. 227.727. Ef til vill hafi tilgangur stefnanda og umbjóðanda hans, Calzifici Riuniti, Milano, einnig verið sá að draga Útvegsbankann á sviksamlegan hátt inn í viðskipti þessi í þeim tilgangi einum að gera hann skaðabótaskyldan. Það sé rangt hjá lögmanni stefnanda í stefnu, að Ingi Þorsteinsson hafi greitt reikninga Calzifici Riuniti, Milano, hjá Útvegsbankanum. Hið rétta

sé, að Ingi hafi keypt gjaldeyri hjá Útvegsbankanum og sjálfur sent greiðsluna til Calzifici Riuniti, Milano. Varðandi það, sem haldið er fram í stefnu, að Útvegsbankanum hafi verið óheimilt að stimpla reikninga þá, sem Ingi Þorsteinsson hafi framvísað frá Calzifici Riuniti, Milano, með orðunum „Má afgreiða", fái þessi fullyrðing engan veginn staðist. Innheimtubeiðni frá stefnanda hafi ekki á nokkurn hátt getað takmarkað heimild Útvegsbankans til að selja Inga Þorsteinssyni gjaldeyri til greiðslu á reikningum frá Calzifici Riuniti, Milano, enda hafi Útvegsbankinn enga ástæðu haft til að ætla, að hér hafi raunverulega verið um sömu kröfu að ræða.

Varðandi framangreinda skilmála, sem gjaldeyrisbankarnir hafi sett (General Conditions), þá bendir stefndi Útvegsbanki Íslands á það, að skilmálar þessir séu settir vegna hagsmuna bankanna sjálfra fyrst og fremst. Sé því fráleitt, að stefnandi geti byggt skaðabótakröfu sína á frávikum, sem bankarnir sjálfir kunni að gera frá þessum skilmálum.

Af því, sem fram er komið í málinu, virðist stefnda Loftleiðum h/f, að hér hafi verið um að ræða ætlað brot á gjaldeyrislöggjöfinni og hugsanlega öðrum sérrefsilögum. Mótmælir hann kröfugerð stefnanda á hendur Loftleiðum h/f. Loftleiðir h/f hafi verið í góðri trú, þegar það hafi afhent vörurnar, vegna þess að aðrir opinberir aðiljar hafi þegar verið búnir að leggja blessun sína á þau skjöl, sem vörurnar hafi verið afhentar gegn. Tilskilin afgreiðsluskjöl hafi verið stimpluð og merkt á þann hátt, að greitt hafi verið fyrir vörurnar og aðflutningsgjöld af þeim greidd. Að endingu bendir þessi stefndi á, að stefnandi hafi alls ekki sannað tjón sitt í máli þessu, en það sé grundvallaratriði, ef hann vilji fá eitthvað tjón bætt. Varðandi sérreglur laga nr. 41/1949 og 34/1964 þá telur þessi stefndi þau ekki eiga við í þessu máli, eins og hér sé allt í pottinn búið.

Frá því að mál þetta var dæmt hér fyrir dómi hið fyrra sinni, hafa nokkur ný gögn verið lögð fram í því, svo sem staðfest endurrit farmskírteinis nr. 3, vörureikningar Calzifici Riuniti með hærri upphæðum o. fl., með fyllri upplýsingum en áður lágu fyrir, þannig að grundvöllur þykir vera fyrir efnisdómi í því nú. Að vísu hefur eigi af hálfu stefnanda þrátt fyrir kröfu stefnda Loftleiða h/f enn verið gefin fullnægjandi skýring á því að mati dómsins, hvernig á því stendur, að vörureikningar þeir, sem sendir voru Inga Þorsteinssyni, hljóða um miklum mun lægri fjárhæð en stefndu eru krafðir um í málinu.

Í því sambandi þykir rétt að geta þess, að Ingi Þorsteinsson hvarf af landi brott til Tansaníu, þegar áður en hinn fyrri dómur (frávísunardómur) í máli þessu var kveðinn upp, og hefur ekki, svo vitað sé, komið til landsins síðan, og hefur því ekki reynst unnt að leiða hann fyrir dóm í máli þessu til skýrslugjafar.

Fallast ber á það með stefnanda, að farmflytjanda, Loftleiðum h/f, var aðeins heimilt að afhenda vörurnar gegn frumriti farmskírteinis nr. 3. Útvegsbanki Íslands afhenti Inga Þorsteinssyni ekki þetta farmbréf, enda upplýst, að það er enn í vörslum stefnanda og hefur verið það allan tímann samkvæmt upplýsingum lögmanns stefnanda við munnlegan flutning málsins. Ber því að sýkna stefnda Útvegsbanka Íslands af kröfum stefnanda í máli þessu þegar af þeirri ástæðu. Útvegsbanki Íslands var gagnvart stefnanda í fullum rétti til þess að selja Inga Þorsteinssyni ávísanir í erlendum gjaldeyri samkvæmt reikningum Calzifici Riuniti, Milano, og bar engin skylda til að bera reikninga Calzifici Riuniti, Milano, saman við innheimtubeiðni stefnanda í máli þessu. Stimpill Útvegsbanka Íslands á reikninga Calzifici Riuniti, Milano, skerti ekki rétt stefnanda að neinu leyti.

Eins og að framan er skýrt, bar farmflytjanda, Loftleiðum h/f, að gæta þess að afhenda ekki umdeildar vörur nema gegn frumriti farmskírteinis nr. 3, en þeir afhentu þær gegn afhendingu frumrits farmskírteinis nr. 2. Af þessum sökum eru þeir ábyrgir gagnvart stefnanda fyrir sannanlegu tjóni, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

Fram hefur komið í málinu, að stefnandi, vörumiðlunarfyrirtækið Franco Bonaretti, er umboðsmaður vöruseljanda, Calzifici Riuniti, Milano, og er Franco Bonaretti því ábyrgur gagnvart umbjóðanda sínum fyrir því tjóni, sem hann verður fyrir vegna yfirsjónar farmflytjanda. Það skiptir ekki máli, þótt frumrit farmskírteina hafi verið stimpluð af tollyfirvöldum, því að sá stimpill er farmsendanda óviðkomandi, enda aðeins ætlaður til þess að tryggja skil á aðflutningsgjöldum til tollyfirvalda. Í máli þessu nema fjórir vörureikningar, sbr. dómsskj. nr. 11, 12, 13 og 14, samtals að upphæð ítalskar lírur 813.330, sem er mun lægri en upphæð sú, er Útvegsbanka Íslands var falið að innheimta fyrir stefnanda. Þar að auki liggja frammi fjórir vörureikningar, sbr. dómsskj. nr. 41, 42, 43 og 44, samtals að fjárhæð ítalskar lírur 2.439.950.

Þar sem umbjóðandi stefnanda hefur með útgáfu ósamhljóða

reikninga ruglað sönnunargögnum í máli þessu, þykir hann ekki hafa sannað tjón, er nemi hærri upphæðinni. Samkvæmt þessu verður ekki séð, að tjón það, sem stefnandi ber ábyrgð á vegna vanrækslu farmflytjanda, sé meira en mismunurinn á framlögðum reikningum Calzifici Riuniti, Milano, ítölskum lírum 813.330, og greiðslum þeim, sem fyrir þá hafa komið, ítalskar lírur 452.720, eða samtals ítalskar lírur 360.610. Ber því að dæma stefnda Loftleiðir h/f til að greiða stefnanda framangreinda fjárhæð, ítalskar lírur 360.610 með vöxtum, sem þykja hæfilega ákveðnir 7% ársvextir frá 1. ágúst 1967 til 16. maí 1973 og 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda Útvegsbanka Íslands málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 15.000. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður gagnvart Loftleiðum h/f.

Guðmundur Skaftason, löggiltur endurskoðandi, og Jóhann J. Ólafsson forstjóri kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Útvegsbanki Íslands á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns f. h. Franco Bonaretti, í máli þessu.

Stefndi Loftleiðir h/f greiði stefnanda ítalskar lírur 360.610 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1967 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi greiði stefnda Útvegsbanka Íslands kr. 15.000 í málskostnað. Málskostnaður gagnvart Loftleiðum h/f fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
dómsformanns Valgarðs Kristjánssonar.

Mál það, sem hér liggur fyrir til dómsúrlausnar, hefur áður verið til meðferðar fyrir þessum dómi, og lyktaði því þá með frávísunardómi, uppkveðnum 17. nóvember 1970, vegna vanreifunar. Eins og fyrr greinir, var frávísunardómurinn ekki kærður til Hæstaréttar, heldur var málinu stefnt fyrir sjó- og verslunardóminn að nýju. Frá því að málið var dæmt hið fyrra sinni samkvæmt framansögðu, hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í því með fyllri upplýsingum en áður lágu fyrir um sum atriði

þess. Hins vegar er jafnóljóst og fyrr, hvernig á því stendur, að vörureikningar þeir, sem sendir voru Inga Þorsteinssyni, hljóða um miklum mun lægri fjárhæð en stefndu eru krafðir um í máli þessu, þrátt fyrir kröfu stefnda Loftleiða h/f um, að þetta verði upplýst.

Þykir hér vera um slíkan sönnunarskort að ræða um réttmæti dómkröfunnar, að valda eigi sýknu hinna stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Útvegsbanki Íslands og Loftleiðir h/f, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. júlí 1977.

Nr. 58/1975. **A/B Skånska Cementgjuteriet**
(Guðmundur Skaftason hrl.)
gegn
Reykjavíkurhöfn
(Jón G. Tómasson hrl.).

Verksamningur. Gengi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 9. maí 1975. Krefst hann þess „aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér í íslenskum krónum jafnvirði sænskra króna 431.682.00 eins og það verður á greiðsludegi, miðað við raunverulegt sölugengi sænsku krónunnar við íslenska gjaldeyrisbanka, með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 og til 19. mars sama ár, 8½% ársvöxtum frá þeim degi til 23. apríl

sama ár, 8% ársvöxtum frá þeim degi og til 10. september sama ár, 7½% ársvöxtum frá þeim degi og til 12. nóvember sama ár, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 3. apríl 1974, 8% ársvöxtum frá þeim degi og til 16. ágúst sama ár, 9% ársvöxtum frá þeim degi og til 22. ágúst 1975, 8% ársvöxtum frá þeim degi og til 30. janúar 1976, 7½% ársvöxtum frá þeim degi og til 4. júní sama ár, 8% ársvöxtum frá þeim degi og til 4. október sama ár og 10% ársvöxtum frá þeim degi og til greiðsludags."

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 18.966.596 krónur og til þrautavara 7.338.606 krónur, hvort tveggja með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Varakrafan er miðuð við gengið 100 sænskar krónur = 4.393.65 íslenskar krónur. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða áfrýjanda 4.492.854 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1971 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Nokkurra nýrra gagna hefur verið aflað fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem greint er í héraðsdómi, á málssókn þessi rót að rekja til verksamnings milli málsaðilja, er undirritaður var 12. október 1966 og varðaði framkvæmdir við Sundahöfn í Reykjavík. Meginatriðum verksamningsins, að svo miklu leyti sem máli skiptir við úrlausn sakarefnisins, er lýst í héraðsdómi. Hófst verkið 22. október 1966, en því er talið hafa lokið 15. júlí 1968, er úttekt fór fram.

Meginágreiningsefni málsaðilja varðar gengisbætur á nokkrum hluta þeirra greiðslna, sem stefndi átti að inna af hendi til áfrýjanda fyrir verk hans samkvæmt verksamningi, eftir gengisfellingu á íslenskri krónu andspænis erlendum gjaldeyri 27. nóvember 1967 og 11. nóvember 1968.

Krafa áfrýjanda um gengisbætur er reist á 1. málsgr. 13.

gr. verksamnings aðilja, en þar segir svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Allir útreikningar í sambandi við samning þennan byggjast á genginu 1 íslensk króna = 0.12 sænskar krónur. Ber því að nota gengi þetta hvar sem á gengi milli íslensks og sænsks gjaldmiðils þarf að halda.“

Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi eigi rétt á að fá yfirfærðan til Svíþjóðar þann hluta af greiðslum fyrir verkið, sem svarar til þess kostnaðar, er greiddur var í erlendri mynt, að viðbættum skírum tekjum hans af verkinu, en að frádregnum opinberum gjöldum, sem áfrýjandi greiðir vegna þess hér á landi. Hafa þeir orðið ásáttir um að reikna hinn erlenda kostnað 40% af heildarkostnaði verksins. Er ekki tölulegur ágreiningur um, hverju hann nemi. Aðiljar eru enn fremur á einu máli um, að áfrýjandi eigi rétt á að fá hinn erlenda kostnað gengisbættan í hlutfalli við gengislækkun íslenskrar krónu eftir að samningur var gerður. Aðilja greinir hins vegar á um, hvernig gengisbætur skuli reikna. Áfrýjandi heldur því fram, að gengisbætur skuli reikna samkvæmt því gengi, sem í gildi var, þegar hann yfirfærði fé, er stafar af verksamningnum, frá Íslandi til Svíþjóðar. Stefndi telur, að miða beri að meginstefnu til við það gengi, sem var í gildi, er hann innti af hendi einstakar greiðslur í reikning áfrýjanda í Landsbanka Íslands, og gengisáhætta úr því hvíli á áfrýjanda.

II.

Í málflutningi hér fyrir dómi var því lýst, að eigi hefðu farið fram sérstakar umræður milli málsaðilja um efni 1. málsgr. 13. gr. verksamnings. Er ljóst, að þessi grein verksamningsins var samin af áfrýjanda, en eigi virðast hafa komið fram sérstakar athugasemdir frá stefnda um efni hennar.

Í tilboði áfrýjanda 18. maí 1966, sem vera skyldi hluti af verksamningi, var svofellt ákvæði í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Tilboð okkar gerir annars vegar ráð fyrir kaupgjaldi sam-

kvæmt hjálagðri áætlun og hins vegar fyrir að gengi 1 íslenskrar krónu sé 0.12 sænskar krónur svo og fyrir þeim lögum íslenskum, sem giltu, þegar tilboðið var gert."

Hinn 22. júlí 1966 ritaði áfrýjandi stefnda bréf, þar sem m. a. segir svo: „Our tender assumes on the one hand the wages set forth in the attached schedule, and on the other a rate of exchange of 1 kronur (Icelandic) to 0.12 Swedish kronur as well as the Icelandic laws that were in force at the time of tendering." Miða verður við það, að stefndi hafi fallist á efni þessa bréfs.

Svo sem greint er frá í héraðsdómi, óskaði áfrýjandi þess í fyrstu greiðslubeiðni sinni, dags. 10. október 1966, að stefndi greiddi hluta fjárhæðarinnar í reikning áfrýjanda í sænskum banka, en afgangurinn yrði greiddur í reikning áfrýjanda í íslenskum banka. Þessum tilmælum hafnaði stefndi, og varð að samkomulagi milli aðilja, að stefndi greiddi reikninga áfrýjanda inn á bankareikning hans hér á landi. Annaðist áfrýjandi allar yfirfærslur á fé sínu til Svíþjóðar, og virðist ekki hafa verið fyrirstaða á gjaldeyrisyfirfærslu nema stutta hríð í tengslum við gengisfellingar.

Samkvæmt gögnum máls kom fram fyrirspurn um það af hálfu stefnda hinn 12. nóvember 1967, hversu mikið fé megi vænta, að áfrýjandi muni yfirfæra til Svíþjóðar eftir gengislækkunina. Þessi fyrirspurn virðist vera áréttuð 15. mars 1968, og svaraði áfrýjandi henni með bréfi 28. mars þ. á. Taldi hann, að gera mætti ráð fyrir, að fjárhæð, sem næmi 2.5 til 3 millj. sænskra króna, yrði yfirfærð.

Eftir gengisfellinguna 27. nóvember 1967 sendi áfrýjandi stefnda reikninga yfir gengisbætur vegna alls þess fjár, er hann yfirfærði til Svíþjóðar. Báru reikningarnir með sér, hversu mikið var yfirfært hverju sinni. Alls sendi áfrýjandi stefnda níu slíka reikninga á tímabilinu 15. febrúar 1968 til 21. nóvember s. á. Í öllum þessum reikningum var vísað til 13. gr. verksamningsins. Reikningarnir voru lægri en gengislækkuninni nam, þar sem álag var reiknað 24.6% í stað 32.41%, en 24. mars 1969 sendi áfrýjandi stefnda tvo gengisbótareikninga, og var annar þeirra leiðrétting á fyrri reikn-

ingum. Lokareikninga yfir gengisbætur sendi áfrýjandi síðar.

Af hálfu stefnda komu engar athugasemdir fram við gengisbótareikningana fyrr en á árinu 1969. Gekk áfrýjandi eftir því bréflega, að stefndi markaði stefnu sína skýrlega til krafna hans. Í bréfi hafnarstjóra Reykjavíkurhafnar hinn 9. maí 1969 kemur m. a. fram, að stefndi hafði þá eigi ákvarðað stefnu sína í þessu máli, en þar brýtur hann upp á því, að rætt verði um gengismál þessi á sérstökum fundi milli aðilja þá um sumarið. Í þessu bréfi segir m. a., „at kursreglering sker når der er tale om overföring av valuta". Í bréfi hafnarstjóra til áfrýjanda hinn 24. júlí 1969 kemur einnig fram, að hann áskilur sér rétt til að ræða um gengisbætur þessar og afgreiðslu þess máls, allt þar til að fullnaðaruppgjör fer fram. Samkvæmt gögnum máls verður við það að miða, að stefndi hafi eigi fyrr en á fundi 29. október 1969 neitað endanlega að samþykkja gengisbótareikninga áfrýjanda og jafnframt sett fram þá túlkun á samningnum, sem hann hefur síðan byggt á.

III.

Af hálfu áfrýjanda er því lýst, að fyrir honum hafi vakað með gengisákvæði 13. gr. verksamnings að tryggja sig til hlítar gegn gengisfalli íslenskrar krónu. Hafi þetta verið gert með því að festa gengishlutfallið milli íslensks og sænsks gjaldmiðils í verksamningnum, „hvar sem á gengi milli íslensks og sænsks gjaldmiðils þarf að halda". Með þessu ákvæði væri tryggt, að gengisbætur yrðu greiddar í samræmi við þetta stofnhlutfall, jafnan er áfrýjandi yfirfærði fé frá Íslandi til Svíþjóðar á þeim hluta greiðslnanna, sem gengisbæta skuli samkvæmt því, sem að framan er lýst. Af hálfu áfrýjanda er því andmælt, að nokkur óeðlileg töf hafi orðið á gjaldeyrisyfirfærslum af hans hálfu, en framkvæmd verksins og greiðsluskyldur í sambandi við það hafi gert það brýnt fyrir hann að hafa allmikið fé hér á landi til ráðstöfunar. Til viðbótar þessu bendir áfrýjandi á framkvæmd mála, svo sem að framan er rakið, en með gengisbótareikningum hafi áfrýjandi þegar er efni varð til lýst þeim skilningi sín-

um á gengisákvæði 13. gr. verksamnings, er hann hafi ávallt haldið til streitu og byggi málssókn sína á. Hafi stefndi þó ekki tekið til andmæla fyrr en seint og um síðir.

Stefndi ber brigður á túlkun áfrýjanda á 13. gr. verksamningsins og telur, að orða hefði þurft það sérstaklega í samningnum, ef gengisáhættan hefði átt að hvíla á sér, eftir að einstakar greiðslur hefðu verið inntar af hendi. Viðurkennir hann þó einstök frávik, svo sem nánar greinir í héraðsdómi. Vísar stefndi bæði til þess, að áfrýjandi hafi samið 13. gr. verksamningsins og eigi óskýr orðun að koma honum í koll, ef því er að skipta, svo og til almennra reglna um gengisáhættu, eftir að greiðsla hefur farið fram í samræmi við samning.

Á það verður að fallast með áfrýjanda, að tilgangurinn með gengisákvæðinu af hans hendi hafi verið sá að tryggja hann til hlítar gegn gengisfalli íslenskrar krónu, þannig að hann tæki eigi á sig neina gengisáhættu, a. m. k. ef eigi yrði óeðlileg töf á yfirfærslum af hans hálfu. Í 13. gr. verksamningsins er fortakslaust kveðið svo á, að beita skuli gengishlutfalli því, er greinir í ákvæðinu, „wherever an exchange rate between Icelandic and Swedish currencies is required", svo sem segir í enska textanum, sbr. og bréf áfrýjanda til stefnda 18. maí 1966, er áður greinir. Þegar hið víðtæka orðalag 13. gr. er skoðað heildstætt og virtur er aðdragandi að ákvæði þessu, þykir rétt að líta svo á, að fyrirsvarsmönnum stefnda hafi mátt vera ljós sá tilgangur með ákvæðinu, sem að var stefnt af hálfu áfrýjanda. Framvísun gengisbótareikninga af hálfu áfrýjanda og athugasemdalaus viðtaka stefnda á þeim lengi vel veitir þeirri túlkun, sem áfrýjandi byggir á, aukna stoð. Hér má og benda á fyrirspurnir af hendi stefnda um yfirfærslur áfrýjanda og bréf stefnda 9. maí 1969 til áfrýjanda, er greinir hér að framan. Dróst úr hófi, að stefndi markaði sér skýra stefnu til viðhorfa og krafna áfrýjanda. Þegar alls þessa er gætt, þykir verða að fallast á þann skilning áfrýjanda, að stefndi sé greiðsluskyldur gagnvart honum á gengisbótum samkv. 13. gr. verksamnings, en í málinu hefur eigi verið sýnt fram á, að óeðlileg

töf hafi orðið hjá áfrýjanda á yfirfærslu peninga, er stafi af verksamningnum.

IV.

Á reikningsyfirliti áfrýjanda yfir skipti málsaðilja er skuld stefnda 31. desember 1970 talin 7.338.607 krónur. Er þar um að ræða gengisbótamismun 5.854.024 krónur og vaxtamismun 1.484.583 krónur.

1. Gengisbætur.

Gengisbótamismunurinn er annars vegar fólginn í beinum mismun á gengisbótareikningum málsaðilja og hins vegar á mismun á viðskiptareikningum þeirra. Reikningsgögn máls bera með sér, að áfrýjandi reiknar gengisbætur alls á

24.552.268 krónur,

en stefndi alls á 19.776.374 krónur

og er mismunur 4.775.894 krónur

Á viðskiptareikningum aðilja kemur fram mismunur að fjárhæð 1.078.130 krónur. Mismunur þessi er þannig til kominn, að stefndi greiddi áfrýjanda 13. júní og 1. október 1968 alls 410.200 sænskar krónur. Stefndi umreiknaði greiðslu þessa á viðskiptareikningi sínum í íslenskar krónur á því gengi, sem var í gildi á greiðsludegi, eða 4.496.463 krónur, en áfrýjandi umreiknaði fjárhæðina í íslenskar krónur miðað við verksamningsgengi, eða 3.418.333 krónur. Aðiljar eru sammála um, að áfrýjandi hafi tekið tillit til þessa mismunar í gengisbótareikningi sínum með 900.030 krónum. Munar þannig 178.100 krónum eftir því hvort notuð er aðferð áfrýjanda eða stefnda.

Lögmenn málsaðilja hafa lýst yfir því, að þeir geri ekki tölulegan ágreining vegna þeirrar fjárhæðar, er hér ber á milli, miðað við þá aðferð, sem hvor þeirra um sig notar við ákvörðun gengisbóta. Með vísan til þessa svo og framangreindrar túlkunar á 13. gr. verksamnings aðilja ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um þá tvo liði, sem hér hafa verið til úrlausnar og alls nema 5.854.024 krónum.

Í tengslum við gengisbótakröfur áfrýjanda er því haldið

fram af hálfu stefnda, að hinn svonefndi verðbótareikningur, sem að er vikið í héraðsdómi, leiði til þess, að vara, sem keypt sé erlendis eftir gengisfellingu, kunni að vera tvíbætt, ef gengisbætur séu einnig greiddar af henni. Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð álitsgerð þeirra Hallgríms Snorrasonar hagfræðings og Hrólfs Ásvaldssonar deildarstjóra, dags. 10. júní 1977, „um áhrif gengisbreytingarinnar í nóvember 1967 á verðbótareikninga Skånska Cementgjuteriet“.“ Í niðurstöðu álitsgerðar þeirrar segir svo:

„Samkvæmt þessu verður mismunur verðbóta samkv. verðvísitölum með og án gengisbreytingaráhrifa sem hér segir:

Fyrir 4. ársfj. 1967	280	þús. kr.
Fyrir 1. ársfj. 1968	390	þús. kr.
Fyrir 2. ársfj. 1968	980	þús. kr.
	1.650	þús. kr.

Þessi niðurstaða sýnir þannig gróft mat á því, hvaða bein áhrif gengisbreytingin í nóvember 1967 hafði á fjárhæðir verðbótareikninga þeirra, sem hér um ræðir . . .“

Útreikningar í álitsgerð þessari hafa eigi sætt andmælum. Áfrýjandi heldur því fram, að engin tengsl séu milli verðbóta og gengisbóta, en ef um slíkt gæti verið að ræða, sýni framangreindar niðurstöður hámark mögulegra gengisbreytingaráhrifa í þessu sambandi.

Í héraðsdómi eru rakin ákvæði verksamnings aðilja um verðbætur, þau er hér skipta máli. Fallast ber á þau rök stefnda, að slík tengsl séu milli verðbóta og gengisbóta, að verkið kynni að verða gengisbætt tvisvar sinnum að einhverju leyti af völdum einnar og sömu gengisfellingar, ef gengisbótakröfur áfrýjanda yrðu að fullu teknar til greina. Þykir með vísan til framangreindrar álitsgerðar rétt að lækka gengisbótakröfu áfrýjanda um 1.650.000 krónur, og þykir hún þá réttilega ákveðin 4.204.024 krónur.

2. Vextir.

Samanburður á vaxtareikningum aðilja leiðir í ljós, að

áfrýjandi reiknar vexti alls á	4.158.489 krónur,
en stefndi á alls	2.673.906 krónur
og nemur mismunur	1.484.583 krónum.

Varakrafa stefnda í máli þessu er við það miðuð, að honum beri aðeins að greiða áfrýjanda 1.312.736 krónur í vexti. Telur stefndi, að vextir þeir, sem hann hefur goldið áfrýjanda, séu ofreiknaðir, vegna þess að hann hafi byggt vaxtauppgjörið á því, að áfrýjandi hefði framvísað gengisbótareikningum í samræmi við gengisbótaútreikning stefnda strax og efni stóðu til. Í reynd hafi áfrýjandi eigi framvísað endanlegum gengisbótareikningum fyrr en við þingfestingu máls þessa, en samkvæmt gögnum máls var stefnda ekki skylt að greiða vexti fyrr en 20 dögum eftir framvísun hvers reiknings. Áfrýjandi hefur andmælt staðhæfingum stefnda og vísað enn fremur til þess, að stefndi hafi ýmist eigi gert neinn fyrirvara, er einstakar vaxtagreiðslur fóru fram, eða aðeins gert fyrirvara almenns eðlis.

Þegar skipti aðilja eru virt og það haft í huga, að stefndi sló eigi skýrlega varnagla við, er hann innti af hendi einstakar vaxtagreiðslur, þykir verða við framangreint vaxtauppgjör að sitja af hans hendi. Áfrýjandi hefur hins vegar eigi sýnt fram á, að honum beri frekari vextir úr hendi stefnda fram til 31. desember 1970, og ber því að lækka kröfur hans sem nemur 1.484.583 krónum.

V.

Af hálfu áfrýjanda er viðurkennt, að hluti Loftorku h/f og Malbikunar h/f í ágóða af verkinu eigi ekki að breytast í hlutfalli við breytingar á gengi íslensks gjaldmiðils gagnvart sænskum, og sama gildi um opinber gjöld áfrýjanda hér á landi. Eins og mál þetta liggur fyrir Hæstarétti, nýtur eigi við gagna um það, hverju þær fjárhæðir muni nema, sem hér ætti við að miða. Að svo vöxnu máli er eigi unnt að taka afstöðu til þessara atriða í úrlausn málsins.

Samkvæmt þessu verða málalok þau, að stefnda ber að

greiða áfrýjanda 4.204.024 krónur. Taka ber til greina vaxtakröfu áfrýjanda, þ. á m. um upphafstíma vaxta, en vaxtafæti er ómótmælt. Höfuðstóll og vextir eru miðaðir við, að 1.700 íslenskar krónur svari til 100 sænskra króna, og skulu fjárhæðir dómskuldar breytast í hlutfalli við þær breytingar, sem hafa orðið á greiðsludegi á gengi íslenskrar krónu gagnvart sænskri krónu.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.300.000 krónur.

Dómsorð:

Stefndi, Reykjavíkurhöfn, greiði áfrýjanda, A/B Skånska Cementgjuteriet, 4.204.024 krónur ásamt 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 til 19. mars s. á., 8½% ársvöxtum frá þeim degi til 23. apríl s. á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 10. september s. á., 7½% ársvöxtum frá þeim degi til 12. nóvember s. á., 7% ársvöxtum frá þeim degi til 3. apríl 1974, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 16. ágúst s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 22. ágúst 1975, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 30. janúar 1976, 7½% ársvöxtum frá þeim degi til 4. júní s. á., 8% ársvöxtum frá þeim degi til 4. október s. á. og 10% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Fjárhæðir höfuðstóls og vaxta eru miðaðar við, að 1.700 íslenskar krónur svari til 100 sænskra króna, og skulu fjárhæðir þessar breytast í hlutfalli við þær breytingar, sem hafa orðið á greiðsludegi á gengi íslenskrar krónu gagnvart sænskri krónu.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 1.300.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð umsögn þeirra Hallgríms Snorrasonar hagfræðings og Hrólfs Ásvaldssonar deildarstjóra um áhrif gengisbreytingarinnar í nóvember 1967 á verðbótareikninga áfrýjanda. Hnígur hún í sömu átt og álit dómenda í héraði um, að gengislækkunin muni hafa haft nokkur áhrif til hækkunar á verðbótareikningana.

Samkvæmt skýrslu áfrýjanda, undirritaðri af Bengt Forsberg og Johan Magnius, gerði áfrýjandi ráð fyrir því að yfirfæra í sænskan gjaldeyri þann hluta af greiðslu stefnda fyrir verkið, er svaraði til kostnaðar, sem áfrýjandi greiddi í erlendum gjaldeyri, að viðbættum hagnaði sínum af verkinu að frádregnum sköttum, sem greiða átti á Íslandi. Aðiljar eru sammála um að telja erlendan kostnað og hagnað áfrýjanda hafa numið 40% af heildargreiðslum fyrir verkið, en innlendan kostnað 60%. Ekki er komið fram, að kostnaðarskipting vegna einstakra verkáfanga hafi verið önnur.

Telja verður, að stefnda hafi verið heimilt að inna af hendi gjaldfallnar greiðslur til áfrýjanda með því að greiða þær inn á reikning hans í Landsbanka Íslands. Veitir bókun í fundargerð 19. október 1966, sem getið er í héraðsdómi, glögga vísbendingu um þetta. Gengisákvæði það, sem tekið var í 13. grein verksamnings aðilja að frumkvæði áfrýjanda, sbr. enn fremur fylgiskjöl nr. 3 og 6 með verksamningnum, lagði að vísu á stefnda áhættu af gengislækkun íslenskrar krónu. Hvorki er þó eðlilegt né nauðsynlegt að skýra það ákvæði svo, að það hafi mælt á hendur stefnda áhættu af gengislækkun varðandi hinn erlenda kostnaðarhluta af því fé, sem hann hafði þegar goldið áfrýjanda samkvæmt framansögðu og áfrýjandi gat yfirfært í sænskan gjaldeyri, áður en gengisbreyting varð.

Stefndi lýsti að vísu ekki afdráttarlaust yfir, að hann teldi áfrýjanda viðhafa ranga aðferð við útreikning gengisbótakrafna sinna, þegar honum bárust gengisbótareikningar

áfrýjanda, hinn fyrsti í febrúar 1968. Ekki þykir þó bera að líta svo á, að stefndi hafi af þeirri ástæðu orðið bundinn við skilning áfrýjanda á gengisbótaákvæðinu í 13. gr. verksamningsins. Er í því sambandi aðgætandi, að upphaflegir gengisbótareikningar áfrýjanda greindu ekki skýrlega, hvern skilning hann lagði í ákvæði þetta, auk þess sem reikningsfjárhæðir voru ekki réttar, þó að fylgt væri skilningi áfrýjanda sjálfs á gengisbótaákvæðinu. Eigi virðist áfrýjandi heldur hafa borið það fyrir sig í bréfaskiptum sínum við stefnda um gengisbæturnar, áður en mál þetta var höfðað, að með framkomu sinni hefði stefndi fallist á skilning áfrýjanda á gengisbótaákvæðinu.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við, að staðfesta beri hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 900.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að dómsorð ætti að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, A/B Skånska Cementgjuteriet, greiði stefnda, Reykjavíkurhöfn, 900.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1975.

1.

1.1. Mál þetta er höfðað með stefnu, þingfestri 16. mars 1971. Munnlegur málflutningur fór fram í málinu 5. febrúar sl., og var það dómtekið að honum loknum.

Stefnandi máls þessa er A/B Skånska Cementgjuteriet, Stokkhólmi, Svíþjóð. Stefndi er hafnarstjóri f. h. Reykjavíkurhafnar, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þannig:

Aðallega er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda í íslenskum krónum jafnvirði sænskra króna 431.682, eins og það verður á greiðsludegi, miðað við raunverulegt sölugengi sænsku krónunnar við íslenska gjaldeyrisbanka, með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1971 og til 19. mars sama ár, 8½% ársvöxtum frá þeim degi og til 23. apríl sama ár, 8% ársvöxtum frá

þeim degi og til 10. september sama ár og 7½ ársvöxtum frá þeim degi og til 12. nóvember sama ár og 7% ársvöxtum frá þeim degi og til 3. apríl 1974 og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Til vara er krafist greiðslu á kr. 12.812.320 og til þrautavara kr. 7.338.606, hvoru tveggja með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu. Þá er og krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Stefndi krefst aðallega sýknu af stefnukröfunum, en til vara, að hann verði aðeins dæmdur til greiðslu á kr. 4.492.851 ásamt 7% ársvöxtum frá 16. apríl 1971 til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda, ef aðalkrafan er tekin til greina, en ella að hann verði niður felldur.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Í verksamningi aðilja, en túlkun hans hefur orðið tilefni deilumáls þessa, er svofellt ákvæði (í þýðingu löggilts skjalaþýðanda): „Ágreiningur: Komi til ágreinings milli eiganda og verktaka, leitar Innkaupastofnun Reykjavíkur sátta. Náist ekki gagnkvæm lausn, ber að vísa deilum til gerðardóms Verkfræðingafélags Íslands. Er úrskurður gerðardómsins endanlegur og bindandi fyrir báða aðila."

Innkaupastofnunin hefur leitað sátta, en án árangurs.

Aðiljar máls þessa eru sammála um að leggja ágreiningsmál þetta undir bæjarþing Reykjavíkur. Hafa þeir gefið sérstaka yfirlýsingu um það efni.

2.

2.1. Með verksamningi, dags. 12. október 1966, tók stefnandi að sér að reisa 1. áfanga Sundahafnar í Reykjavík. Almennt útboð fór fram á þessu verki á grundvelli hönnunar Almenna Byggingafélagsins h/f, en það félag sá einnig um gerð verklýsingar og útboðsskilmála, svonefnt „Invitation of Tender", sbr. dskj. nr. 5.

Deilumál þetta snýst aðallega um útreikning á gengisbótum á verkkaupið og túlkun verksamningsins af því tilefni. Skoðun stefnanda er í stuttu máli sú, að gengisbætur beri að greiða á allan erlendan kostnað, eins og hann varð í raun og veru, og byggja þær á því hlutfalli gjaldmiðla, sem verksamningurinn kvað á um, þ. e. 1 ísl. kr. = 0.12 sænskar kr., en án tillits til þess, hvenær stefndi greiddi íslenskar fjárhæðir inn á reikning stefn-

anda við Landsbanka í Reykjavík, eins og síðar verður vikið að. Stefnandi eigi þannig ekki að bera áhættuna af gengisfalli íslensku krónunnar gagnvart þeirri sænsku fram að þeim tíma, að stefnandi yfirfærði þessar fjárhæðir.

Stefndi telur hins vegar, að sá tími ráði úrslitum, er hann greiddi hverja einstaka fjárhæð samkvæmt reikningum stefnanda inn á reikning hans í Landsbanka Íslands. Eftir það beri stefnandi áhættu á gengisfalli íslensku krónunnar. Frá þessu séu nokkrar undantekningar, sem síðar verður vikið að.

Verksamningsviðræður hófust milli aðilja í Reykjavík um miðjan júlí 1966, og lauk þeim með undirritun verksamnings, svo sem fyrr greinir. Í skýrslu stefnanda segir, að samkomulag hafi orðið um það, að hann semdi drög að verksamningi. Þessi drög hafi verið í samræmi við eyðublað sænska verkfræðingafélagsins og í meginatriðum í samræmi við samninga þá, sem stefnandi hafði áður gert um svipuð verk. Segir í skýrslunni, að þessi samningsdrög hafi verið athuguð og breytt nokkuð, en þó ekki um atriði, sem varða ágreining þann, sem um er rætt í máli þessu. Samningurinn sjálfur liggur fyrir sem dskj. nr. 4 í málinu. Honum fylgja auk þess svonefnd fylgiskjöl, 14 talsins. Sum þessara fylgiskjala koma hér við sögu, en ágreiningslaust er að líta beri á þau sem hluta af verksamningnum. Einnig er áðurnefnt „Invitation of tender" hluti af verksamningnum.

Samkvæmt verksamningnum átti stefnandi að fá greiddar alls íslenskar kr. 81.700.000 fyrir verkið, en fyrirvarar voru um breytingu á samningsupphæð, m. a. sem leiða kynni af verð- og magnbreytingum. Þau ákvæði verksamningsins, sem hér koma helst við sögu, hljóða svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda.

„ . . . . . 11. gr.

1. tölul. Fyrir vinnu og efni, sem verktaki tekur að sér að annast samkvæmt samningi þessum, ber að greiða honum: ÍSL. KR. ÁTTATÍU OG EINA MILLJÓN OG SJÖ HUNDRUÐ ÞÚSUND (81.700.000.-). Fyrir hverja heila viku, sem samningstímabilið styttist um (eins og segir í 3. gr.) ber að greiða verktaka uppbót, er nemi ísl. kr. 100.000.-. Greiðsla (Allm. Best. 23. gr.)

2. tölul. Heildarupphæð þessi (samnings-

upphæðin) skiptist á hina ýmsu þætti samningsins:

Samkvæmt verðáætlun fyrir bólverkið	Fskj. 12
Viðbætur og breytingar vegna breytts magns ber að lagfæra samkvæmt verðáætlun. Skipting samningsupphæðar til að skilgreina vísitölur kostnaðar vegna vinnu, efnis og þjónustu, dags. 19. júlí 1966	Fskj. 13
Minnisblað um lagfæringu samningsupphæðar vegna breytinga á efnis- og vinnukostnaði, dags. 19. júlí 1966	Fskj. 14

3. tölul. Greiðslu ber að inna af hendi sem hér segir:

Við undirskrift samnings 10% fyrirframgreiðsla	8.170.000.-
Þegar búið er að samþykkja verkið 10% haldið eftir	8.170.000.-
Farmgjald fyrir vélar afh. í Reykjavík	4.000.000.-
Plötustauraefni afhent í R.vík	12.000.000.-

Upphæð farmgjalds er tekin úr verðáætlun 1. atriði „Annað"

Upphæð plötustauraefnis er tekin úr verðáætlun 3.2 atriði „Annað"

Verðáætlun, 1. atriði að farmgjöldum frádregnum, ber að greiða með jöfnum upphæðum á 22 mánuðum byggingartímabilsins.

Verðáætlun, 3.2 atriði að plötustauraefni frádregnu, ber að greiða við framkvæmd verksins. Draga ber 10+10% frá sérhverju vottorði vegna fyrirframgreiðslu og upphæða, sem haldið er eftir. . . . . .

13. gr.

Sérstakir skilmálar.

Allir útreikningar í sambandi við samning þennan byggjast á genginu 1 íslenzk króna = 0.12 sænskar krónur. Ber því að nota gengi þetta, hvar sem á gengi milli íslenzks og sænsks gjaldmiðils þarf að halda. Samningur þessi grundvallast á íslenzkum

lögum og reglugerðum, sem í gildi eru þann dag, sem tilboðið er undirritað. Verkkaupi greiði allar hækkanir kostnaðar, sem verða kunna, meðan samningur þessi heldur gildi og sem stafa af breytingum á lögum, reglugerðum, gjöldum, gjaldskrám eða því um líku og sem sett er af ríki eða sveitarfélagi. Áður en verktaki ræður aðra verktaka til starfans, ber honum að tilkynna verkkaupa í ábyrgðarbréfi um ætlun sína á því sviði."

Þau fylgiskjöl verksamningsins, sem einkum skipta máli í þessu sambandi, hljóða í aðalatriðum svo í þýðingu löggilts skjalaþýðanda. Aðeins verða rakin þau atriði úr skjölum þessum, sem þykja skipta máli.

Fylgiskjal 3

„ . . . . . Tilboð okkar gerir annars vegar ráð fyrir kaupgjaldi samkvæmt hjálagðri áætlun og hins vegar fyrir að gengi 1 íslenzkrar krónu sé 0.12 sænskar krónur, svo og fyrir þeim lögum íslenzkum, sem giltu, þegar tilboðið var gert. . . . . ."

Fylgiskjal 6

„ . . . . . Eins og ráð er fyrir gert í tilboði okkar, ætlum við, að okkur heimilist að yfirfæra frá Íslandi hvaða upphæð, sem við óskum eftir, í erlendum gjaldeyri miðað við sérhverja hlutagreiðslu innan ramma samningsins. Varðandi ábyrgðina á fyrstu fyrirframgreiðslu reiðum við okkur á að geta lækkað ábyrgðarupphæðina eftir því, sem greiðslur eru inntar af hendi. . . . . ."

(Í samningnum hljóðar þetta þannig „As envisaged in our tender, we assume that we shall have permission to take out of Iceland any amount we wish in foreign currency, up to the limit of each part payment within the framework of the contract).

Fylgiskjal 12

Hér er að finna sundurliðaða verðáætlun um allt verkið. Er þar getið um áætlað magn hinna einstöku verkþátta, einingarverði þeirra er skipt í „vinnu" og „annan kostnað", og loks er að finna heildarupphæð hvers verkþáttar, skipt með sama hætti í vinnu og annan kostnað. Samantekið lítur sundurliðun þessi þannig út:

„VERÐÁÆTLUN
ÁGRIP

Nr.	*Lýsing*	*Vinna*	*Annað*	*Upphæð*
1.	Undirbúningur	2.604.400.-	15.072.200.-	
2.	Brimbrjótur	1.987.500.-	4.760.500.-	
3.	Viðleguveggur	4.305.600.-	26.920.700.-	
4.	Bólverk	4.105.600.-	11.068.500.-	
5.	Umfram efni	750.000.-	2.250.000.-	
6.	Útgröftur kletts undir yfirborði	1.925.000.-	5.950.000.-	
	Samtals kr.	15.678.000.-	66.021.900.-	81.700.000.-“

Fylgiskjal nr. 13

„Hafnarstjórn Reykjavíkurborgar — Bygging Sundahafnar — Dreifing samningsupphæða vegna lagfæringa til samræmis við vísitölur kostnaðar.

Tegund kostnaðar

1.	Kaupgjald	22.0%
2.	Flutningskostnaður	13.5%
3.	Tækjakostnaður	21.0%
4.	Sement	1.7%
5.	Timbur	1.0%
6.	Byggingareik	0.6%
7.	Steypustyrktarjárn	1.6%
8.	Byggingarstál	5.0%
9.	Stálplötustaurar	10.6%
10.	Raforka	1.4%
11.	Dieselolía	2.0%
12.	Gasolía	0.3%
13.	Dínamit	1.8%
14.	Ýms kostnaður	17.5%
		100.0%

Stockhólmi, 19. júlí 1966
AB SKÅNSKA CEMENTGJUTERIET . . . . .“

Fylgiskjal nr. 14

(Skjalið hefur ekki verið þýtt. Skjal þetta skírskotar í dskj. nr. 13, sem rakið var hér að framan).

„*Memorandum*

Re: Adjustment of contract amount on account of wages and price changes.

1. By *wages* is meant the cost of Icelandic labour, which cost includes vacation pay, sickness insurance, "social security" and wage tax payments. For each quarter-year an index shall be constructed to relate actual wage costs and the distribution of the labour force among the various worker categories during that quarter with the wage rates on the schedule accompanying the tender and with the various social security charges listed above.
2. By *transportation costs* is meant the cost of transportation in the contractor's own and in hired vehicles. Payments to be adjusted in accordance with changes in the tariff for truck transport charges (section for 4—4.5 ton trucks) entitled "Vörubílastöðin Þróttur".
3. By *equipment charges* is meant the total cost involved, including replacement parts but excluding operators' wages and fuel costs, both for the contractor's own and for hired equipment. Payments to be adjusted in accordance with the tariff for construction equipment charges entitled "Gjaldskrá fyrir vinnuvélar".

Types of cost 4, 5, 6, 7, 8, 11, 12 and 13

Payments to be adjusted in accordance with the changes in the costs of materials as compared with the prices listed in the invitation of tender.

9. The cost of *steel sheet piling* is understood to be c.i.f. Reykjavík with adjustment made for any price changes.
10. *Electric power.* Payments to be adjusted in accordance with changes in the tariff entitled "Gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur".
14. *Miscellaneous costs* are to be adjusted in accordance with changes in the official index for building construction.

Adjustments should preferably be made for each quarter so as to cover the amounts invoiced during that quarter.

Stockholm, July 19th, 1966

AB SKÄNSKA CEMENTGJUTERIET"

Í síðastnefndu fylgiskjali (nr. 14) er vísað í „Invitation of Tender" varðandi kostnað nr. 4—8 og 11—13. Rétt er því að

rekja ákvæði þess skjals um þetta efni: (Skjalið hefur aðeins verið lagt fram á enskri tungu).

„. . . . . *Price Basis:*
The bid shall be based on wage rates for skilled and unskilled labour as well as rates for trucking, mechanical equipment at the date of the tender, and the following prices of construction materials:

Portland Cement, per ton	Icel. kr.		1480.00
Lumber, per CF	—	—	126.00
Construction oak, per CF	—	—	137.50
Deformed reinforcing bars, pr. kg.	—	—	11.00
Structural and sheet steel, pr. kg.	—	—	8.60
Diesel oil, pr. ltr.	—	—	1.63
Gasoline, pr. ltr.	—	—	6.85
Dynamite, pr. kg.	—	—	28.00

Sales tax is included in all these unit prices. The contract price shall be raised or decreased in accordance with changes of labour rates, equipment rentals and the above unit prices. Such amendments shall be made as mutually agreed upon, and provisions to that effect shall be included in the construction contract. The unit prices shall be divided into labour and other costs; see schedule of prices. . . . . "

Aðiljar virðast sammála um það, að ekki hafi verið rætt um skiptingu verksamningsfjárhæðar í innlendan og erlendan kostnað við gerð samningsins. Var ekki berum orðum vikið að slíkri skiptingu fyrr en síðar. Hins vegar náðu umboðsmenn aðilja samkomulagi um þessa skiptingu, eftir að verkinu var lokið. Verður nánar um það fjallað hér á eftir.

Stefnandi gerði samning við Loftlorku s/f og Malbikun h/f (með samþykki stefnda) um það, að þau fyrirtæki tækju þátt í framkvæmd verksins og mynduðu félag um hana. Nefndist félag þetta Vatnagarðar s/f. Eftir sem áður bar stefnandi þó einn ábyrgð á framkvæmd verksins svo og öllum samningsskuldbindingum varðandi það gagnvart stefnda.

Verkið hófst 22. september 1966, og því lauk með úttekt 15. júlí 1968. Hafði þá orðið samkomulag um tímalengingu vegna ófyrirsjáanlegra tafa svo og um að fella niður nokkra þætti verksins.

Greiðslur fyrir verkið fóru fram samkvæmt verksamningnum, nema að því leyti sem síðar verður vikið að. Gerði stefnandi

stefnda mánaðarlega reikninga á grundvelli unninna framkvæmda, 3 sérgreinda reikninga í hvert sinn, þ. e.:

a. úttektarreikning,
b. viðbótarreikning vegna tiltekinna aukaverka,
c. verðbótareikning, en hér var um að ræða sérstakar greiðslur til stefnanda vegna verð- og kauphækkana, sem urðu á samningstímanum, sbr. 11. gr. verksamningsins.

Á framkvæmdatímanum bættust svo við þessir reikningar:

d. gengisbótareikningur samkvæmt 13. gr. verksamningsins,
e. vaxtareikningar.

Enginn ágreiningur er um það, að greiðslur samkvæmt reikningum a—c hafi farið fram með umsömdum hætti, þótt greiðsludráttur hafi orðið á nokkurri fjárhæð, svo sem getið er í 3.2. Ljóst virðist af málavöxtum, að á fyrsta reikningi, dags. 10. október 1966, óskaði stefnandi eftir því við stefnda, að hluti af þeirri upphæð yrði greiddur í sænskum krónum á reikning stefnanda við „Skandinaviska banken" í Stokkhólmi, en afgangurinn yrði færður á reikning stefnanda í Landsbanka Íslands. Stefndi taldi sér þetta ekki skylt. Segir svo um þetta í bréfi hafnarstjóra í Reykjavík, dags. 16. apríl 1971: „. . . . . Þar sem verksamningur aðila var í ísl. kr. og hvorki hafði verið samið um slíkt fyrirkomulag né rætt um annan greiðslustað en hjá hafnarsjóði, taldi ég, að það væri hafnarsjóði óviðkomandi, hvernig „Skånska" hagaði yfirfærslum sínum. Skýrði ég þessi sjónarmið fyrir forsvarsmönnum verktaka, og eru þau staðfest með bókun á byggingarfundi 19.10.1966. Varð þar samkomulag um, að greiðsla færi fram með þeim hætti, að hafnarsjóður greiddi verktakanum inn á reikning hans hjá Landsbanka Íslands.

Umboðsmenn „Skånska" önnuðust því sjálfir yfirfærslu í sænskan gjaldmiðil, og var aldrei minnst á frekari afskipti Reykjavíkurhafnar að því máli né heldur að tilskilin leyfi gjaldeyrisyfirvalda fengjust ekki. . . . . "

Af skjölum málsins sést, að á svonefndum „Byggingarfundi" þann 19. október 1966, þar sem fulltrúar beggja aðilja voru mættir, var bókað eftirfarandi: „Betalning sker ved byggherrens inbetalning på entreprenörens bankkonto i Landsbanki Islands."

Ekki er ágreiningur milli aðilja um réttmæti þeirra málsatvika, sem þarna koma fram. Í bréfi stefnanda, dags. 15. maí 1972, segir þó um þetta atriði:

„Vi vill dock framhålla, att tillvägagångssättet för betalning

och överföring av valuta till Sverige helt följde beställarens förslag och önskemål."

Á samningstímanum var gengi íslenskrar krónu fellt tvisvar sinnum, þ. e. 27. nóvember 1967 og 12. nóvember 1968.

Stefnandi sendi reikning til stefnda í hvert skipti og peningar voru yfirfærðir til Svíþjóðar eftir fyrri gengisfellinguna, enda leit stefnandi svo á, að gengisbætur bæri að reikna út fyrir hverja einstaka yfirfærslu í hlutfallinu 1 ísl. króna = 0.12 sænskar kr., eins og í 13. gr. samningsins kvað á um. Samkvæmt þessu voru stefnda sendir alls 9 reikningar á tímabilinu 15. febrúar 1968 til 21. nóvember sama ár. Svo virðist sem þessir gengisbreytingarreikningar hafi verið ranglega færðir að einhverju leyti að áliti aðilja sjálfra, en með bréfi 19. mars 1969 kveðst stefnandi hafa leiðrétt þetta og beitt eftir það þeirri aðferð við útreikning gengisbóta, sem síðan hefur verið höfð.

Í skriflegri skýrslu hafnarstjóra segir hann, að á byggingarfundi í desember 1967 hafi áhrif gengisfellingarinnar á samningsupphæð komið til umræðu og síðan aftur á fundi 15. mars 1968. Segir hafnarstjóri, að sér hafi borist til eyrna, að stefnandi hefði sáralítið yfirfært af erlendum kostnaði frá upphafi verksins, en í árslok 1967 hafi verið búið að vinna fyrir um 70% af samningsupphæð og svipað hlutfall af verktíma lokið. Kvað hafnarstjóri hafa talið rétt, að mál þetta kæmi til umræðu, þar sem skoðun sín hefði verið sú, að ekki bæri að greiða neinar verðhækkanir eða gengisbætur á reikninga, sem þegar hefðu verið greiddir. Af þessum ástæðum kveðst hafnarstjóri hafa í bréfi, dags. 9. maí 1969, hvatt til umræðu um greiðslu gengisbóta. Í bréfi þessu segir m. a. svo: „Kontoutdraget er 1 isl. kroner i överenstemmelse med de fakturer vi har modtaget. Vi påpeker at Er tilgodehavende er i isl. kroner med en kursregleringsklausul, samt at kursreglering sker når der er tale om overföring av valuta.

En del av Er tilgodehavende er kursreglering på allerede betalte och överförte belopp, och disse fakturar kan inte behandlas slik Ni gör. Vi foreslår at kursregleringsfrågan tages op på et möte som nödvendigvis må finde sted i löbet av sommeren."

Báðir aðiljar hafa skírskotað í þetta bréf máli sínu til stuðnings. Hafnarstjóri telur, að þarna sé átt við, að gengisbætur verði aðeins greiddar á þann hluta skuldar, sem var vegna erlends kostnaðar og samkomulag næðist um, þegar hún yrði greidd og yfirfærð. Hann telur sig aldrei hafa samþykkt gengisbótareikningana. Af málflutningi stefnda er að skilja, að réttarstaða aðilja

hafi verið óviss á þessum tíma og á umræðustigi varðandi gengisbætur. Stefnandi telur hins vegar, að stefndi hafi á þessum tíma verið þeirrar skoðunar, að bætur fyrir gengistap væru miðaðar við þann tíma, er gjaldeyrisyfirfærsla færi fram í raun og veru. Grundvallarmunur á afstöðu aðiljanna hafi því ekki komið fram fyrr en á fundi 29. október 1969.

Í bréfum hafnarstjóra, fyrst 28. nóvember 1969, kemur fram sú ósk, að stefnandi upplýsi um skiptingu milli erlends og innlends kostnaðar á reikningum sínum. Þessi ósk sé ítrekuð í nokkrum bréfum. Stefnendur töldu þetta ekki unnt og að þetta skipti auk þess ekki máli, sbr. t. d. dskj. nr. 19 og 21.

Eins og fyrr er sagt, náðist síðar samkomulag um það, að telja bæri innlendan kostnað 60%, en erlendan 40%.

Í apríl 1970 náðist samkomulag milli aðilja um, að hvor aðilja tilnefndi umboðsmann, er skyldi kynna sér málið bókhaldslega og lögfræðilega og reyna að finna sameiginlega lausn. Stefnandi tilnefndi Eggert heitinn Kristjánsson hæstaréttarlögmann og honum til aðstoðar Þráinn S. Sigurjónsson, löggiltan endurskoðanda, en stefndi tilnefndi Helga V. Jónsson, lögfræðing og löggiltan endurskoðanda.

Þráinn reiknaði nú út heildarfjárhæð gengisbóta miðað við sjónarmið stefnanda og gerði nokkrar leiðréttingar á þeim fjárhæðum, sem áður höfðu verið færðar á reikninga vegna gengisbóta og vaxta. Útreikningar Þráins liggja frammi sem dskj. nr. 7 í málinu og er grundvöllur að kröfugerð stefnanda. Helgi reiknaði einnig út gengisbótakröfu stefnanda, en lagði þá til grundvallar túlkun stefnda á verksamningnum. Kröfur stefnda í máli þessu eru reistar á útreikningum þessum, en þeir hafa verið lagðir fram sem dskj. nr. 18 í málinu. Samkomulag náðist ekki.

3.

3.1. Stefnandi reisir málatilbúnað sinn á 13. gr. verksamningsins og fylgiskjali nr. 3 og fylgiskjali nr. 6, sbr. 2.1. Bent er á, að samkvæmt útreikningum Þráins Sigurjónssonar, löggilts endurskoðanda, hafi heildarkostnaður við verkið numið alls kr. 93.521.515.00, þar af hafi kr. 35.457.864.98 verið kostnaður greiddur í erlendri mynt miðað við gengið 1 íslensk króna = 0.12 sænskar kr. Við þessa fjárhæð bætist hreinar tekjur fyrirtækisins af verkinu, en frá dragist opinber gjöld og nemi fjárhæðin þá ísl. kr. 39.259.386.98. Þessir útreikningar séu óumdeildir.

Stefnandi telur sig hafa tryggt það með framangreindum samn-

ingsákvæðum, að þessa fjárhæð gætu þeir fengið yfirfærða til Svíþjóðar á því gengishlutfalli, sem verksamningurinn, 13. gr., sagði til um, þ. e. 1 ísl. kr. er 0.12 sænskar krónur, án þess að þurfa að bera áhættu af gengisfellingu íslensks gjaldmiðils. Skipti þá höfuðmáli, hvenær einstakar greiðslur voru yfirfærðar í raun og veru, en ekki hvenær þær voru greiddar í ísl. krónum á bankareikning stefnanda hér á landi. Bendir stefnandi sérstaklega á, að verktaki eigi að jafnaði við greiðsluörðugleika að etja í upphafi framkvæmda, þar sem fyrirframgreiðsla sé ekki nógu há til að standa að fullu undir stofnkostnaði, sem oft sé mikill á fyrstu stigum verksins. Stefnandi hafi því oft orðið að velja á milli þeirra kosta að halda uppi jafnri, en ófullnægjandi kostnaðarfjármögnun bæði á Íslandi og í Svíþjóð eða tryggja greiðslugetu á Íslandi og sætta sig við meiri greiðsludrátt í Svíþjóð. Stefnandi hafi valið seinni kostinn, sem hafi verið heppilegri fyrir hann. Stefnanda hafi engin skylda borið til að velja annan kostinn fremur en hinn samkvæmt ákvæðum verksamningsins. Auk þess hafi stefndi veitt stefnanda samþykki sitt til þess að ákveða um þetta einhliða, en þannig telur stefnandi, að beri að túlka fyrrgreint bréf stefnda, dags. 19. október 1966, sbr. 2.1. Bendir stefnandi enn fremur á, að ógerlegt sé að semja kostnaðaráætlun svo nákvæmt, að hún reynist í samræmi við kostnaðarferil á framkvæmdatíma. Við þetta bætist, að ákveðnum hundraðshluta af þeirri fjárhæð, sem greidd hafi verið samkvæmt reikningunum, hafi verið haldið eftir, en nauðsynlegt hafi verið að hafa inni nægjanlegt fé, m. a. til að standa straum af útgjöldum, sem á féllu milli þess sem greiðslur voru inntar af hendi.

Stefnandi bendir á, að hann hafi ekki hagnast á þessum gjaldeyrisviðskiptum. Auk þess hafi hann lagt áherslu á að láta ekki meira fé standa inni í banka á Íslandi með hliðsjón af þeim lágu vöxtum, sem greiddir voru.

Þá hefur stefnandi bent á það, að ekki hafi verið unnt að yfirfæra gjaldeyri á tiltekin tímabil, meðan gengisfellingarnar 1967 og 1968 stóðu yfir og á tímabilinu ágúst 1969 — mars 1970. Þetta hafi valdið því, að bankainnstæður stefnanda hér á landi hafi orðið meiri að vöxtum en æskilegt hafi verið.

Þá vísar stefnandi til þess, að stefndi hafi í upphafi verið sömu skoðunar og stefnandi um útreikning gengisbóta. Í því sambandi er m. a. vísað í bréf stefnda, dags. 9. maí 1969, sbr. 2.1. Einnig hafi stefndi engan meginágreining gert varðandi útreikning geng-

isbóta fyrr en 29. október 1969, löngu eftir að gengisbótareikningar höfðu verið settir fram.

Kröfugerð stefnanda í máli þessu er alfarið byggð á viðskiptareikningi aðiljanna á árunum 1966 til 1. janúar 1971, en þá er skuld stefnda skráð ísl. kr. 7.338.609.91, og er þrautavarakrafan miðuð við þessa fjárhæð. Á þennan viðskiptareikning hafa verið færðar gengisbætur samkvæmt þeim sjónarmiðum, sem stefnandi telur, að reikna beri þær eftir, samtals að fjárhæð sænskar kr. 1.444.251.05. Enn fremur vextir 1968 kr. 527.421.50, 1969 kr. 2.391.282.00 og 1970 kr. 1.239.786.00.

Varakrafa stefnanda byggir á niðurstöðu fyrrgreinds viðskiptareiknings, en fjárhæð er breytt til samræmis við það gengi, sem stefnandi taldi vera milli íslenskrar og sænskrar krónu við dómtöku máls þessa. Aðalkrafan er miðuð við greiðslur í sænskum krónum á greiðsludegi, svo sem fyrr er getið.

3.2. Sjónarmið stefnda er það, að stefnanda beri engar gengisbætur á þær fjárhæðir, sem hann hafi fengið greiddar á bankareikning sinn í Landsbankanum í Reykjavík, áður en gengisbreytingar urðu. Eftir það tímabil beri að gengisbæta erlendan kostnað miðað við gengi þess dags, er greiðsla fór fram með innborgun í fyrrgreindan reikning í Landsbanka Íslands. Frá þessari meginreglu er vikið í tveim tilvikum, og verður síðar um það fjallað.

Stefndi heldur því fram, að venja í uppgjöri verksamnings styðji sín sjónarmið, þar sem greiddur kostnaður verði ekki verðbættur vegna verðhækkana, sem falla á eftir greiðsludag. Beri því að túlka 13. gr. verksamningsins þannig, að kostnaðarauki, sem stafi af gengislækkun ísl. krónunnar, eigi að reiknast af erlendum kostnaðarhluta hvers reiknings, sem framvísað sé eftir gengislækkunina, en að greiddur erlendur kostnaður verði ekki bættur, þótt gengislækkun komi til síðar. Til styrktar þessari skoðun bendir stefndi á fylgiskjal 12 með verksamningnum, en þar sé sundurliðuð áætlun stefnanda um störf, skipt á stærstu þætti verksins. Á grundvelli þeirrar áætlunar sé kveðið á um greiðslutilhögun í 11. gr. verksamningsins. Sé ljóst, að einstakar greiðslur séu að hluta fyrir innlendum kostnaði og að hluta fyrir erlendum kostnaði. Þar sem stefnandi hafi sjálfur gert þá kostnaðaráætlun, sem lögð sé til grundvallar greiðslum fyrir verkið, hafi honum jafnframt verið ljóst, að við hverja greiðslu var verið að greiða erlendan kostnað að hluta.

Stefndi hefur sérstaklega bent á, að verksamningurinn hafi

verið gerður í íslenskum krónum og að stefnandi hafi sjálfur séð um allar gjaldeyrisyfirfærslur. Telur hann þetta styðja sín sjónarmið í málinu.

Stefndi telur, að þar sem vikið sé að gengi í fylgiskjali 6, þá sé þar átt við heimild til gjaldeyrisyfirfærslu, sbr. fylgiskjal nr. 3 með verksamningnum, en ekki gengisskráningu.

Stefndi bendir á, að inneign stefnanda á reikningi nr. 8506 hjá Landsbanka Íslands hafi numið í októberlok 1967 kr. 4.783.571.00 og á sama tíma 1968 kr. 1.592.366.00.

Stefndi bendir á, að tvær ástæður geti verið fyrir því, að stefnandi hafi ekki yfirfært erlendan kostnað jafnóðum, þ. e. að greiðsluáætlun hans hafi verið röng og að hann hafi séð sér hag í því að hafa verulegar fjárhæðir handbærar á vinnustað.

Eins og áður segir, telur stefndi sig þegar hafa gert upp við stefnanda. Fór það uppgjör fram á grundvelli útreikninga borgarendurskoðanda, og telur stefndi meginsjónarmið hafa verið þessi:

„A. Innlendur kostnaður verður ekki gengisbættur.

B. Erlendur kostnaður reiknast á gengi, er greiðsla fór fram.

C. Innlendur kostnaður reiknast 60% og erlendur kostnaður og hagnaður 40% af heildarupphæð verksins. Þar sem ekki liggur fyrir skipting milli innlends og erlends kostnaðar á hverjum reikningi, er þetta hlutfall reiknað á hverja greiðslu eða gengistímabil.

Til glöggvunar skal hér getið aðalatriða í útreikningum borgarendurskoðanda, svo og frávika í þeim frá framangreindum meginreglum.

Í sambandi við úrlausn þessa máls má flokka greiðslurnar á þrjú tímabil:

1. tímabil: Frá samningsgerð 12.10. 1966 til gengisbreytingar 27.11. 1967.
2. tímabil: Frá 27.11. 1967 til gengisbreytingar 12.11. 1968.
3. tímabil: Frá 12.11. 1968 til lokauppgjörs 20.10. 1970.

Á *1. tímabili* greiddi umbj. m. samtals kr. 47.508.271.00, en þar af kr. 4.995.000.00 hinn 20.11. 1967. Þar sem gjaldeyrisdeildir banka voru lokaðar 18.—27.11.1967 hefur umbj. m. talið rétt að gengisbæta 40% af þessari greiðslu, og reiknast gengisbætur af þeirri fjárhæð *kr. 999.819.00*. Á kr. 42.513.271.00 verða hins vegar engar gengisbætur reiknaðar.

Á *2. tímabili* greiddi umbj. m. inn á reikning stefnanda kr. 31.581.838.00. Með leigu á grafvél og lántöku í Svíþjóð í sambandi við sérstakt samkomulag aðila um uppgjör á deilumáli

vegna launagreiðslu greiddi umbj. m. á þessu tímabili að auki kr. 4.616.463.00, eða samtals kr. 36.198.301.00.

Í lok þessa tímabils hafði stefnandi framvísað gjaldföllnum reikningum að fjárhæð kr. 13.269.892.00, sem voru ógreiddir. Hefur umbj. m. fallist á, að 60% af þeirri fjárhæð (kr. 7.961.935.00), þ. e. innlendur kostnaður hafi orðið að greiðast af þeim greiðslum, er stefnandi fékk á þessu tímabili, og því hafi stefnanda ekki verið unnt að yfirfæra þá fjárhæð til Svíþjóðar. Er hún því flutt yfir á 3. tímabil.

Samkvæmt þessu telur umbj. m., að stefnandi eigi rétt á gengisbótum á greiðslur á 2. tímabili sem hér segir:

40% af kr. 36.198.301.00	=	kr. 14.479.320.00
÷ 60% af kr. 13.269.892.00	=	— 7.961.935.00
		kr. 6.517.385.00
og reiknast gengisbætur af þeirri fjárhæð		kr. 3.261.367.00

Á *3. tímabili* greiddi umbj. m. kr. 17.234.161.00 af grunnupphæðinni, og á stefnandi rétt á gengisbótum á 40% þeirrar fjárhæðar, eða á kr. 6.893.664.00, að viðbættum framangreindum kr. 7.961.935.00, eða samtals á kr. 14.855.599.00, og reiknast gengisbætur af þeirri fjárhæð *kr. 15.515.188.00,* og gengisbætur því samtals *kr. 19.776.374.00,* sbr. útreikning á dskj. nr. 18, bls. 4, og hefur umbj. m. greitt þá fjárhæð."

Stefndi gerir ágreining út af vöxtum. Hann telur, að stefnandi hafi ekki sent fullnægjandi gengisbreytingarreikning og því sé unnt að synja um greiðslu vaxta af gengisbótum. Þó hafi stefndi til samkomulags greitt almenna bankavexti af gengisbótum, eins og þær urðu samkvæmt hans skilningi. En telur sig hins vegar ekki bundinn af þessu, ef fallist verður á skilning stefnanda um útreikning hans á gengisbótum, og mótmælir þá sérstaklega vaxtakröfu hans, þar sem stefnandi hafi ekki lagt fram rétta eða fullnægjandi reikninga fyrir kröfu sinni um gengisbætur fyrr en við þingfestingu málsins. Enn fremur telur stefndi, að útreikningur stefnanda á vöxtum og gengisbótum sé kr. 2.845.753.40 of hár. Beri að lækka stefnukröfuna um þá fjárhæð.

Aðalkröfu stefnanda er mótmælt sérstaklega, þar sem í samningi aðilja sé kveðið á um greiðslu í íslenskum krónum. Engin ákvæði í samningnum heimili, að sú skuld miðist við tilteknar fjárhæðir í erlendum gjaldmiðli.

4.

4.1. Stefnendur tóku að sér að reisa fyrsta áfanga Sundahafnar í Reykjavík gegn greiðslu ákveðinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Greiðslur fóru fram í aðalatriðum við framvísun reikninga á hverjum mánuði, jafnóðum og verkinu vatt fram. Samkvæmt ákvæðum samningsins gat samningsfjárhæð breyst, m. a. vegna breytts verðlags (svonefndir verðbótareikningar) og breytts magns.

Reikningar vegna slíkra atvika voru gerðir á hendur stefnda á samningstímanum. Hafa þeir verið greiddir og eru ágreiningslausir í málinu.

Aðilja greinir hins vegar á um túlkun 1. mgr. 13. gr. verksamningsins, svo sem fyrr greinir, en með stoð í þessari grein hefur stefnandi sett fram svonefnda gengisbótareikninga og reist dómkröfur sínar í málinu. Dómkrafan er við það miðuð, að gengisbætur komi aðeins á hluta heildarkostnaðar, svonefndan erlendan kostnað. Aðiljar eru nú sammála um það, að þessi kostnaður nemi 40%.

Orðalag tilvitnaðrar 13. gr. verksamningsins tekur ekki af tvímæli um ágreiningsefni aðilja. Vikið er að erlendum gjaldeyri og yfirfærslum í fyrrgreindum fylgiskjölum með verksamningnum, en ekki verður talið, að þar sé þessu álitaefni gerð augljós skil.

Við túlkun ákvæðisins ber því að hyggja að þeim efnisrökum, sem liggja því til grundvallar, einkum:

A. Könnun sakargagna leiðir í ljós, að svonefndir verðbótareikningar náðu til allra þátta verksins. Reikningarnir sýna, að verkið hefur því þegar verið gengisbætt að miklu leyti, að því er tekur til svonefnds erlends kostnaðar, með greiðslu verðbótareikninganna. Dómkrafa stefnanda, ef rétt reyndist, gæti leitt til þess, að verkið yrði gengisbætt tvisvar sinnum að einhverju leyti, af völdum einnar og sömu gengisfellingar.

B. Dómurinn er þeirrar skoðunar, að stefndi hafi innt greiðsluskyldu sína af hendi, er hann greiddi einstakar fjárhæðir á reikning stefnanda við Landsbanka Íslands. Samkvæmt almennum reglum, sem um slíkar greiðslur gilda, veitir það líkur fyrir því, að greiddar fjárhæðir hafi eftir það verið á áhættu stefnanda sjálfs að því leyti sem það var á hans valdi að ráðstafa þeim greiðslum til gjaldeyriskaupa eða með öðrum hætti.

C. Hér var um fast tilboðsverð að ræða (með vissum undantekningum) grundvallað á útreikningum stefnanda sjálfs um kostnað við verkið og dreifingu hans á einstaka verkþætti. Í raun

sá stefnandi einnig um alla fjármögnun verksins. Líkur þykja því gegn því, að stefndi hafi tekið á sig áhættu af því, hvernig stefnandi hagaði fjárráðstöfunum sínum á verktímanum, en í samningnum er engin skýr heimild, sem kveður á um slíka ábyrgð.

Af framansögðu þykir það leiða, að dómur verður ekki reistur á þeim grunni, sem stefnandi byggir á. Ekki verður talið að stefndi hafi fallist á eða samþykkt sjónarmið stefnanda. Orð 1. mgr. 13. gr. verksamningsins: „All calculations in connection with this Contract are based on a rate of 1 Icelandic kronur equal to 0.12 Swedish kronor. This rate of exchange shall therefore be applied wherever an exchange rate between Icelandic and Swedish currencies is required", og ummæli, sem fram koma í áðurnefndum fylgiskjölum, og önnur eðlisrök þykja leiða til þess, að 13. gr. eigi einkum að beita í þessum tilvikum:

a. Ef vanskil verða. Er þá einkum átt við þann tíma, frá því vanskil hófust og þar til greiðsla fór fram.

Ágreiningslaust er í málinu, að stefndi lenti í vanskilum með greiðslur að fjárhæð kr. 13.269.892.00. Stefndi hefur þegar gengisbætt þessa fjárhæð í samræmi við sín sjónarmið. Er þetta nánar rakið í 3.2. og útreikningar sýndir. Stefnandi hefur ekki haldið því fram, að hann eigi rétt á frekari bótum af þessu tilefni.

b. Ef gengibreyting verður frá þeim tíma, að stefnandi greiddi tiltekinn kostnað og þar til hann fékk hann endurgreiddan hjá stefnda samkvæmt framvísuðum reikningum. Hér er einkum átt við ógjaldfallna og jafnvel óframlagða reikninga.

c. Ef óviðráðanleg atvik réðu því, að ekki var unnt að kaupa gjaldeyri, jafnvel þótt stefndi hefði þegar greitt. Stefndi hefur fallist á að greiða bætur í einu tilviki af þessum sökum, og er það rakið í 3.2., þ. e. þegar gjaldeyrisdeildir bankanna voru lokaðar 18.—27. nóv. 1967. Stefnandi hefur ekki haldið því fram, að hann eigi rétt á frekari bótum af þessu tilefni.

Séu þessi sjónarmið höfð í huga og kannaðar þær greiðslur, sem stefndi hefur þegar innt af hendi, kemur ótvírætt í ljós, að stefndi hefur fullnægt allri greiðsluskyldu samkvæmt verksamningi þessum. Ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Jafnframt er rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 500.000.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Árna Vilhjálmssyni og Ragnari Ingimarssyni prófessorum.

Dómsorð:

Stefndi, Reykjavíkurhöfn, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A/B Skånska Cementgjuteriet, í máli þessu.

Stefnandi, A/B Skånska Cementgjuteriet, greiði Reykjavíkurhöfn kr. 500.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 20. ágúst 1977.

Nr. 130/1977. **Valdstjórnin**
gegn
A.

Kærumál. Lögræðissviptingarmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 11. ágúst 1977 kært til Hæstaréttar úrskurð sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 10. s. m. Eru kröfur ríkissaksóknara þær, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að heyja dómsrannsókn á hendur A, Reykjavík, um framkomna kröfu móður hans um, að hann verði sviptur sjálfræði vegna drykkjusýki.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð, dags. 15. þ. m., í máli þessu, en frá varnaraðilja hefur eigi borist greinargerð. Hæstarétti hafa borist athugasemdir frá héraðsdómaranum, dags. 12. þ. m., sbr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Kæra máls þessa er heimil samkvæmt 3. tölulið 171. gr. laga nr. 74/1974.

Lög nr. 107/1976 víkja eigi sérstaklega að breytingum á lögræðissviptingarmálum. Þau mæla almennt svo fyrir, að frumrannsókn opinberra mála sé í höndum lögreglu (rannsóknarlögreglu), en í 3. mgr. 5. gr. þeirra, sem breytir 32. gr.

laga nr. 74/1974, er gert ráð fyrir, að rannsókn kunni að vera í höndum dómara, ef lög eða venjur standi til þess. Lögræðissviptingarmál hafa um margt sérstöðu meðal mála, sem sæta meðferð opinberra mála. Fram til gildistöku laga nr. 107/1976 hefur sakadómari rannsakað mál þessi í Reykjavík, en eigi rannsóknarlögregla. Er eigi sýnilegt, að ætlunin hafi verið að breyta þeirri málsmeðferð með greindum lögum. Af þessum ástæðum ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir sakadóm Reykjavíkur að heyja dómsrannsókn um framkomna sjálfræðissviptingarkröfu móður varnaraðilja.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber sakadómi Reykjavíkur að taka framangreinda kröfu til dómsrannsóknar.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 10. ágúst 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 10. ágúst, er úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi, dagsettu 20. júlí sl., krafist þess, að sakadómur Reykjavíkur taki til frumrannsóknar mál vegna beiðni um sjálfræðissviptingu A, ..., Reykjavík. Beiðni þessi hafði borist sakadómi með bréfi móður fyrrnefnds A, dagsettu 6. júlí sl. Með bréfi, dagsettu 8. júlí sl., framsendi dómurinn málið til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, þar sem hann taldi frumrannsókn ekki eiga að fara fram fyrir dómi eftir gildistöku laga nr. 107/1976 hinn 1. júlí sl. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins endursendi dóminum málið með bréfi, dagsettu 12. júlí sl., með tilvísun til bréfs ríkissaksóknara til hans, dags. 11. júlí. Dómurinn sendi nú ríkissaksóknara málið með bréfi, dagsettu 13. júlí sl., en krafa um rannsókn fyrir dómi barst, svo sem fyrr segir, með bréfi hans, dagsettu 20. júlí sl. Segir svo í bréfi ríkissaksóknara:

„Með vísan til 10. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, sbr. 4. tölulið 2. gr. laga nr. 74/1974, er þess hér með krafist, að þér takið mál þetta þegar í stað til rannsóknar með venjulegum hætti, þar sem

lögð verði megináhersla á að rannsaka réttmæti þeirra ástæðna, sem sjálfræðissviptingarbeiðnin er byggð á."

Með þessu bréfi ríkissaksóknara fylgdi ljósrit af fyrrnefndu bréfi hans til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins, dagsettu 11. júlí sl. Í bréfi þessu lætur ríkissaksóknari uppi það álit, að frumrannsókn lögræðissviptingarmála skuli fara fram beint fyrir dómara, svo sem verið hefur, og vitnar þar til réttarfarsákvæða laga nr. 95/1947 um lögræði. Í áðurnefndu bréfi sínu til dómsins, dagsettu 20. f. m., er vitnað til þessa bréfs til rannsóknarlögreglustjóra, en krafan um rannsókn ekki rökstudd að öðru leyti.

Afstaða dómsins til þessarar kröfu ríkissaksóknara er þessi:

Í lögum um lögræði nr. 95/1947 voru ákvæði um sérstakt réttarfar í málum til sviptingar lögræðis. Þessi ákvæði voru í raun afnumin með lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951, en þar var ákveðið, að mál þessi skyldu sæta rannsókn og meðferð samkvæmt þeim lögum, og hefur slíkt ákvæði síðan staðið í lögum um meðferð opinberra mála. Þessi mál hafa síðan sætt meðferð samkvæmt þeim lögum, en ekki skv. ákvæðum laga nr. 95/1947. Var m. a. fjallað um þessi mál í sakadómi Reykjavíkur, en ekki af borgardómara, svo sem boðið var í 8. gr. laga nr. 95/1947.

Breytingar þær, sem felast í lögum nr. 107/1976, er tóku gildi 1. júlí sl., taka því til mála til sviptingar lögræðis eins og annarra mála, sem sæta meðferð samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Þær breytingar eru í meginatriðum þessar:

a. Dómari á ekki frumkvæði að rannsókn, svo sem áður var.

b. Dómari annast yfirleitt ekki frumrannsókn, heldur er hún falin þar til ætluðum stjórnvöldum, sbr. þó undantekningarákvæði 73. gr. i. f. laga um meðferð opinberra mála, sem tekur raunar aðeins til dómara, sem jafnframt eru lögreglustjórar.

c. Dómsrannsókn getur einungis farið fram skv. ákvæðum 74. gr. laga um meðferð opinberra mála, en þar er gert ráð fyrir, að beiðni um slíka rannsókn komi fram að lokinni frumrannsókn rannsóknarlögreglu, lögreglustjóra eða annarra aðilja.

Krafa ríkissaksóknara um rannsókn fyrir dómi í máli þessu fullnægir því ekki skilyrðum 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, og þess vegna er henni synjað.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara um rannsókn fyrir sakadómi í framangreindu máli er synjað.

Fimmtudaginn 8. september 1977.

Nr. 141/1977. **Valdstjórnin**
gegn
Karli K. Karlssyni.

Kærumál. Verðlagsdómur. Dómstólar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 22. ágúst 1977 samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 kært til Hæstaréttar úrskurð verðlagsdóms Reykjavíkur, uppkveðinn sama dag. Kæran barst Hæstarétti 23. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir verðlagsdóm Reykjavíkur að taka til rannsóknar kæru verðlagsstjóra á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjóli 36, Reykjavík, fyrir vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir vörur, tollafgreiddar á árinu 1976.

Í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 107/1976 er gert ráð fyrir, að frumrannsókn opinberra mála kunni að vera í höndum dómara, ef lög og venjur standi til þess. Í 11. gr. laga nr. 54/1960 segir, að verðlagsdómur, sem er sérdómstóll, skuli rannsaka og dæma mál út af brotum á ákvæðum þeirra laga. Er eigi sýnilegt, að ætlunin hafi verið að breyta málsmeðferð þessari með lögum nr. 107/1976. Samkvæmt því ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir verðlagsdóm Reykjavíkur að taka framangreinda kæru til dómsrannsóknar.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber verðlagsdómi Reykjavíkur að taka framangreinda kæru til dómsrannsóknar.

Úrskurður verðlagsdóms Reykjavíkur 22. ágúst 1977

Ár 1977, mánudaginn 22. ágúst, er á dómþingi verðlagsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni saka-

dómara sem dómsformanni og Gunnari Eydal héraðsdómslögmanni sem meðdómanda, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þessir:

Ríkissaksóknari hefur með bréfi, dagsettu 2. þ. m., krafist þess, að verðlagsdómur Reykjavíkur hefji frumrannsókn út af kæru verðlagsstjóra, dagsettri 15. f. m., á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjóli 36 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir tollafgreiddar vörur, svo sem fyrir sé mælt í tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957.

Kæru þessa sendi verðlagsstjóri rannsóknarlögreglu ríkisins 15. f. m. Rannsóknarlögreglan framsendi verðlagsdómi Reykjavíkur kæruna 20. f. m. án þess að rannsaka málið að neinu leyti. Verðlagsdómur endursendi rannsóknarlögreglunni málið 25. f. m. með þessari athugasemd:

„Í máli þessu liggur engan veginn fyrir, hvort skilyrði eru til þess að ljúka málinu með dómssátt, enda hefur engin rannsókn farið fram í því. Eftir þær réttarfarsbreytingar, sem tóku gildi 1. þ. m., er ekki gert ráð fyrir, að neitt mál verði lagt fyrir sakadóm nema að undangenginni rannsókn. Sama gildir að sjálfsögðu um verðlagsdóm. Með því að mál þetta fullnægir hvorki ákvæðum 40. gr., 73. gr. né 74. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 9., 11. og 12. gr. laga nr. 107/1976, endursendist það hér með."

Rannsóknarlögreglan hefur síðan með bréfi, dags. 27. f. m., framsent málið ríkissaksóknara, sem hefur borið fram áðurgreinda kröfu.

Í bréfi ríkissaksóknara til dómsins segir svo m. a.:

„Af þessu tilefni er af ákæruvaldsins hálfu tekið fram eftirfarandi:

1. Samkvæmt lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál skal verðlagsstjóri fylgjast með verðlagi í landinu, sbr. 2. gr., 2. mgr., laganna.

2. Verðlagsstjóri getur krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og annara gagna, er hann telur nauðsyn í starfi sínu, sbr. 10. gr. laganna.

3. Með tilkynningu verðlagsstjóra nr. 10 frá 1. apríl 1957 var innflytjendum gert að skyldu að senda verðlagseftirlitinu verðútreikninga yfir allar vörur, sem fluttar eru til landsins, og er sú tilkynning enn í fullu gildi.

4. Samkvæmt 11. gr. fyrrgreindra laga nr. 54/1960 skal í kaupstöðum landsins sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, *rannsaka* og dæma mál út af brotum á ákvæðum laganna.

5. Samkvæmt 12. gr. laganna eiga tveir menn sæti í verðlagsdómi, og er hlutaðeigandi héraðsdómari formaður dómsins. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdóms.

6. Með lögum nr. 107/1976 um breytingu á lögum nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er verðlagsdómur ekki lagður niður og heldur ekki breytt ákvæðum laga nr. 54/1960 um meðferð mála, sem undir dóminn heyra.

7. Þvert á móti sýna skýr orð fyrri setningar 3. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 107/1976, að réttargangur fyrir verðlagsdómi skuli óbreyttur vera, sbr. einkum orðin: „eða dómstólum eða venju samkvæmt."

8. Samkvæmt þessu er af ákæruvaldsins hálfu litið svo á, að það séu lög í landi, að verðlagsdómur fari með frumrannsókn mála út af ætluðum brotum gegn lögum nr. 54/1960 um verðlagsmál svo og reglugerðum og tilkynningum útgefnum samkvæmt þeim.

9. Jafnframt þykir vera ástæða til að vekja athygli á því, að samkvæmt 74. gr., 4. mgr., laga nr. 74/1974, sbr. 12. gr. laga nr. 107/1976, á dómari rétt á aðstoð lögreglu (rannsóknarlögreglu ríkisins) við dómsrannsókn, og getur hann krafist tiltekinna rannsóknaraðgerða lögreglu eftir því sem nauðsyn ber til.

10. Hlýtur verðlagsdómur að eiga rétt á aðstoð lögreglu samkvæmt því, sem segir í 9. lið, með sama hætti og hinir almennu sakadómstólar.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, er fyrrgreind kæra verðlagsstjóra, dags. 15. f. m., ásamt fylgiskjali svo og bréf sakadóms Reykjavíkur frá 25. f. m. og ljósrit af bréfi rannsóknarlögreglunnar frá 27. f. m. hér með send verðlagsdómi Reykjavíkur.

Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að verðlagsdómurinn taki mál þetta til rannsóknar lögum samkvæmt, en telji hann sig ekki vera þess umkominn, verði úrskurður upp kveðinn um synjunina."

Afstaða dómsins til kröfu ríkissaksóknara er þessi:

Verðlagsmál eru lögð undir sérstaka verðlagsdóma, en málsmeðferðin fer að öllu leyti eftir almennum reglum um meðferð opinberra mála, sbr. 14. gr .laga nr. 54/1960:

„Málsmeðferð fyrir héraðsdómi fer að hætti opinberra mála" og lokaákvæði 20. gr. sömu laga: „Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála."

Í lögunum eru heldur engar sérreglur um réttarfar þessara mála, nema að þau eru lögð undir verðlagsdóm.

Breytingar þær, sem felast í lögum nr. 107/1976, taka því til mála út af brotum gegn lögum nr. 54/1960 í Reykjavík eins og annarra opinberra mála þar.

Þessar breytingar eru í meginatriðum:

a) Dómari á ekki frumkvæði að opinberri rannsókn, eins og áður var.

b) Hann annast yfirleitt ekki frumrannsókn, heldur er hún falin þar til ætluðum stjórnvöldum, sbr. þó undantekningu í lokaákvæði 73. gr. laga um meðferð opinberra mála, sem raunar tekur aðeins til dómara, sem jafnframt eru lögreglustjórar.

c) Dómsrannsókn getur einungis farið fram samkvæmt ákvæðum 74. gr. laga um meðferð opinberra mála, en samkvæmt þeim skal sökunautur tilgreindur og einnig sakarefni og tilgreind þau atriði, sem rannsóknin skuli fólgin í.

Í lögum nr. 54/1960 eru verðlagsmál falin sérstökum dómstól. Dómstóll þessi er þó ekki sérstök stofnun, heldur háður af hinum reglulega héraðsdómara ásamt skipuðum meðdómanda, sem ekki þarf að fullnægja neinum sérstökum skilyrðum um sérfræðikunnáttu. Um meðferð málanna hefur því alltaf verið farið samkvæmt reglum laga um meðferð opinberra mála. Hlýtur því réttarfar í verðlagsmálum að breytast nákvæmlega eins og réttarfar í öðrum opinberum málum með lögum nr. 107/1976, enda fráleitt, að nú eigi að taka upp sérstakt eða afbrigðilegt réttarfar í verðlagsmálum.

Í 11. gr. laga nr. 54/1960 segir, að verðlagsdómur skuli rannsaka og dæma mál út af brotum gegn ákvæðum laganna. Á þeim tíma, sem lögin voru sett, giltu réttarfarslög, sem gerðu ráð fyrir verulegu rannsóknarfrumkvæði dómara. Samkvæmt réttarfarsbreytingu þeirri, sem gerð var með lögum nr. 107/1976, er það frumkvæði afnumið í Reykjavík, og hlýtur það að taka til verðlagsmála sem annarra opinberra mála.

Þá hefur aldrei verið litið svo á, að rannsóknarlögregla mætti ekki rannsaka verðlagsmál eins og önnur opinber mál, þrátt fyrir ákvæðið í 11. gr. laga nr. 54/1960, enda starfshættir verðlagsdóms nákvæmlega á sama veg og hins almenna sakadóms.

Í 32. gr. laga nr. 74/1974, sbr. lög nr. 107/1976, segir m. a. „ . . . . . að því leyti sem slík rannsókn (þ. e. frumrannsókn) er ekki falin . . . . . eða dómstólum lögum eða venju samkvæmt.“ Rétt þykir að huga að, hvað í þessu felst.

Samkvæmt 73. gr. laga um meðferð opinberra mála i. f., eins og hún er nú, getur lögreglustjóri, sem jafnframt er dómari, hafið frumrannsókn fyrir dómi, þegar hann telur það heppilegt. Hér er dæmi um frumrannsókn fyrir dómi lögum samkvæmt.

Orðin „eða venju" verður að líta á sem eins konar þrautaskýringarkost, er aðra þrýtur, við mótun á aðalatriðum réttarfarsbreytingarinnar, sem tók gildi 1. júlí sl., um að leggja niður allt frumkvæði dómara og rannsóknarhlutverk hans. Við mótun þessara nýskipana nýtast ekki gamlar venjur um fyrirkomulag rannsóknar samkvæmt eldra skipulagi, svo sem sú gamla venja, að ýmis smámál, t. d. út af ölvun við akstur ökutækja, komu að jafnaði beint fyrir dómara til rannsóknar, þótt slíkt hafi ekki verið réttarfarsnauðsyn. Er því fráleitt, að gamlar venjur gildi að nokkru ráði, þegar tekið er upp gerbreytt allsherjarskipulag.

Með skírskotun til framangreinds, þess, að krafa ríkissaksóknara um rannsókn fullnægir ekki neinu atriði 74. gr. laga um meðferð opinberra mála og að hún er ekki studd undirbúningsrannsókn, eins og þar er gert ráð fyrir, ber að synja henni.

Úrskurðarorð:

Kröfu ríkissaksóknara, dagsettri 2. ágúst 1977, um, að verðlagsdómur Reykjavíkur taki til rannsóknar kæru á hendur Karli K. Karlssyni, Sörlaskjóli 36 í Reykjavík, fyrir verulega vanrækslu á að skila verðútreikningum yfir tollafgreiddar vörur, er synjað.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 137/1977. **Valdstjórnin**
gegn
Þorfinni Egilssyni.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga

nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 17. ágúst 1977, sem barst Hæstarétti 19. s. m. Talsmaður hans hefur ritað greinargerð, dags. 22. s. m. í málinu. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að varnaraðilja verði dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu, dags. 14. þ. m., og krefst hann staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt vottorði Hagstofu Íslands, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, er varnaraðili talinn hafa flutt frá Espigerði 4 í Reykjavík hinn 20. apríl 1977. Tilkynnti hann flutning sinn að Vesturgötu 16 í Reykjavík 29. s. m. Leit samkv. hinum kærða úrskurði var eigi framkvæmd að Espigerði 4, enda virðist varnaraðili hafa verið fluttur þaðan með eigur sínar, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Ber því að fella úr gildi þann hluta úrskurðarins, sem varðar leit að Espigerði 4 í Reykjavík.

Eins og sakarefni er vaxið, var rannsóknarlögreglustjóri ríkisins bær um að bera fram kröfu um húsleit hjá varnaraðilja og hafa hana uppi við sakadóm Reykjavíkur, sbr. 73. gr. laga nr. 74/1974, svo sem henni er breytt með 11. gr. laga nr. 107/1976.

Sakargögn þau, sem lágu fyrir sakadómi Reykjavíkur, þykja heimila, að kveðið væri á með úrskurði, að leit færi fram í húsakynnum varnaraðilja að Vesturgötu 16 í Reykjavík og leggja mætti hald á bókhaldsgögn, sbr. 48. gr. laga nr. 74/1974, og eru hvorki á úrskurðinum né málatilbúnaði þeir agnúar, er leiða til þess, að úrskurðinum verði hrundið.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Samkvæmt bréfi héraðsdómarans frá 2. september sl. „er sú ritvilla í endurritinu úr sakadómsbók Reykjavíkur, að vísað er í telexskeyti frá 25/6 1976, en rétt dagsetning er 26/5 1976. Ennfremur er vísað til laga nr. 107/1977, en á að sjálfsögðu að vera l. nr. 107/1976".

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er varðar leit að og hald á bókhaldsgögnum varnaraðilja, Þorfinns

Egilssonar, í húsakynnum hans að Vesturgötu 16 í Reykjavík.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. ágúst 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 16. ágúst, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var á skrifstofu dómsins að Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með bréfi rannsóknadeildar ríkisskattstjóra, dags. í dag, barst rannsóknarlögreglu ríkisins beiðni um aðstoð við að afla húsleitarheimildar frá sakadómi Reykjavíkur. Er beiðnin sett fram vegna rannsóknar, sem nú stendur yfir á skattframtölum og bókhaldi Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns.

Með fyrrnefndu bréfi rannsóknadeildarinnar fylgdu 4 ljósrit af telexskeytum Þorfinns til aðilja erlendis, og gefur eitt þeirra, sem dags. er 25. júní (sic) 1976, tilefni til sérstakra grunsemda um ætlað brot á lögum 30/1960, lögum 68/1971 og lögum 51/1968.

Í 4. mgr. 36. gr. laga 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt segir m. a., að ríkisskattstjóri og skattrannsóknarstjóri eða þeir menn, sem þeir fela rannsóknarstörf, hafi aðgang að starfsstöðum og birgðageymslum. Ekkert segir um aðgang að heimilum, og verður að telja samkvæmt orðalagi greinarinnar, að hana beri að skýra þröngt, þannig að heimildin nái ekki til aðgangs að einkaheimilum án dómsúrskurðar.

Af framangreindum ástæðum þykir rétt, að úrskurður sakadóms gangi um leitarheimildina.

Samkvæmt 11. gr. laga 107/1977 (sic) er embætti ríkisrannsóknarlögreglustjóra réttur aðili að kröfugerð í þessu máli.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 48. gr. laga 74/1974 og 11. gr. laga 107/1977 er nauðsynlegt í þágu yfirstandandi rannsóknar að heimila, að gerð verði húsleit á heimili Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns að Espigerði 4, Reykjavík, og á skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík, og að lagt verði hald á bókhaldsgögn, er þar kynnu að finnast. Leitarheimildin nær einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Rannsóknarlögreglu ríkisins er heimilt að gera húsleit á heimili Þorfinns Egilssonar héraðsdómslögmanns að Espigerði 4, Reykjavík, og skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík. Heimilt er að leggja hald á bókhaldsgögn, er

kunna að finnast á þessum stöðum. Leitarheimildin nær einnig til læstra hirslna.

Mánudaginn 19. september 1977.

Nr. 140/1977. **Valdstjórnin**
gegn
Agli Þorfinnssyni.

Kærumál. Húsleit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Guðmundur Kristjánsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans í Keflavík.

Varnaraðili hefur með kæru hinn 17. ágúst sl. skotið úrskurði sakadóms Keflavíkur, er gekk hinn 16. ágúst s. á., til Hæstaréttar. Barst kæran 23. ágúst s. á. Talsmaður varnaraðilja ritaði greinargerð í málinu, dags. 22. ágúst s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og varnaraðilja dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði svo og að bæjarfógetanum í Keflavík verði dæmt að greiða sér 3.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 18. ágúst 1977 til greiðsludags.

Ríkissaksóknari hefur ritað greinargerð í málinu, dags. 14. september sl. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í hinum kærða úrskurði er heimiluð leit á heimili varnaraðilja að bókhaldsgögnum, sem sonur hans, Þorfinnur Egilsson, var talinn hafa þar í geymslu, og að hald yrði lagt á þau. Varnaraðilja er heimil kæra samkvæmt 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974. Kæruefni það, sem varnaraðili er bær um að fá úrlausn um, lýtur að lögmæti leitarinnar sem slíkrar á heimili hans.

Samkvæmt þeim sakargögnum, sem lágu fyrir sakadómi

Keflavíkur, var heimilt að kveða á með úrskurði, að leit að bókhaldsgögnum sonar varnaraðilja skyldi fram fara á heimili hins síðarnefnda í Keflavík, sbr. 2. málsgr. 48. gr. laga nr. 74/1974. Ákvæði 53. gr. sömu laga þykja ekki, eins og hér stendur á, eiga að leiða til þess, að úrskurðinum verði hrundið, enda voru leitaraðgerðir þegar hafnar samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur fyrr um daginn og þoldi framhald þeirra í Keflavík þá eigi bið. Hvorki eru á hinum kærða úrskurði né málatilbúnaði þeir agnúar, að hrinda beri honum. Er hann því staðfestur að því er tekur til varnaraðiljans, Egils Þorfinnssonar.

Við afgreiðslu kærumáls þessa til Hæstaréttar urðu þau mistök af hálfu bæjarfógetaembættisins í Keflavík, að varnaraðili var krafinn um 3.000 króna „kærugjald". Ber bæjarfógetanum í Keflavík f. h. ríkissjóðs að endurgreiða varnaraðilja þessa fjárhæð ásamt vöxtum eins og krafist er.

Kærumálskostnaður verður eigi dæmdur.

Rétt hefði verið, að fulltrúi rannsóknadeildar ríkisskattstjóra hefði snúið sér beint til lögreglustjórans í Keflavík með ósk um atbeina hans til að fá úrskurð um leit og hald á skjölum, sbr. 73. gr. laga nr. 74/1974 svo sem henni er breytt með 11. gr. laga nr. 107/1976.

Það athugast, að símskeyti það, sem í úrskurðinum er talið dagsett 25. 6. 1976, er dagsett 26. 5. 1976.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur að því er tekur til varnaraðiljans, Egils Þorfinnssonar.

Jón Eysteinsson, bæjarfógeti í Keflavík, f. h. ríkissjóðs greiði varnaraðilja, Agli Þorfinnssyni, 3.000 krónur ásamt 13% ársvöxtum frá 18. ágúst 1977 til greiðsludags.

Úrskurður sakadóms Keflavíkur 16. ágúst 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 16. ágúst, var í sakadómi Keflavíkur, sem haldinn var af Guðmundi Kristjánssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þuríður Jónsdóttir, fulltrúi skattrannsóknarstjóra, hefur í kvöld hér fyrir dómi borið upp beiðni um, að húsleit verði heimiluð á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, en þar dvelur Þorfinnur sonur hans. Er beiðnin sett fram vegna rannsóknar á bókhaldi og skattframtölum Þorfinns, og telur fulltrúinn, að hann hafi ekki staðið skil á bókhaldsgögnum til skattrannsóknadeildar, sem hann hefur verið krafinn um. Vísar hún til 50. gr. laga nr. 68/1971. Húsleit, sem úrskurðuð var í dag á lögheimili Þorfinns að Espigerði 4, Reykjavík, og skrifstofu hans að Vesturgötu 16, Reykjavík, fór ekki fram vegna fjarveru Þorfinns.

Fulltrúinn hefur lagt fram gögn til stuðnings beiðni sinni. Gefur eitt þeirra, ljósrit telexskeytis, dags. 25. 6. (sic) 1976, tilefni til sérstakra grunsemda um ætlað brot á lögum 30/1960, lögum 68/1971 og lögum 51/1968.

Af 4. mgr. 36. gr. laga nr. 68/1971 um tekjuskatt og eignarskatt verður ráðið, að dómsúrskurð þurfi til, er skattrannsóknarstjóri og þeir menn, sem hann felur rannsóknarstörf, sækja aðgöngu að heimilum.

Með hliðsjón af framangreindu og samkv. 48. gr. laga nr. 74/1974 telst nauðsynlegt í þágu nefndrar rannsóknar að heimila, að leit fari fram á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, að bókhaldsgögnum, er varða Þorfinn Egilsson héraðsdómslögmann, og hald verði lagt á þau, sem finnast kunna. Heimildin nær einnig til læstra hirslna.

Úrskurðarorð:

Húsleit má fram fara á heimili Egils Þorfinnssonar, Suðurgötu 20, Keflavík, til leitar á bókhaldsgögnum, er varða Þorfinn Egilsson héraðsdómslögmann, sem þar dvelur. Heimilt er að leggja hald á bókhaldsgögn þau, er kunna að finnast. Leitarheimildin nær til læstra hirslna.

Fimmtudaginn 22. september 1977.

Nr. 158/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. þ. m., og hefur ríkissaksóknari heimilað honum kæru úrskurðarins.

Gögn málsins bárust Hæstarétti 16. þ. m.

Varnaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og Gunnlaugur Briem sakadómari víki sæti sem dómsformaður í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o. fl.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Það var mat dómsformanns sakadóms hinn 3. mars 1977, að fullnægt væri lagaskilyrðum samkvæmt 86. gr. laga nr. 74/1974 til að synja mætti verjanda varnaraðilja um að ræða við hann einslega að svo stöddu. Engin frambærileg rök eru komin fram fyrir því, að framangreind ákvörðun dómsformanns eða aðrar aðgerðir hans, sem kæra lýtur að, beri vott um, að hann muni eigi líta óvilhallt á málavöxtu. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 16. september 1977.

Ár 1977, föstudaginn 16. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af sakadómurunum

Gunnlaugi Briem sem dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Með bréfi, dagsettu 14. þ. m., hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, skipaður verjandi Tryggva Rúnars Leifssonar í máli, sem höfðað hefur verið gegn ákærða og 6 öðrum mönnum af hálfu ákæruvaldsins, gert kröfu til þess, að dómsformaður, Gunnlaugur Briem, víki sæti.

Segir svo um kröfu þessa í bréfi verjandans:

„Að endingu vil ég vekja athygli yðar á bókun 3. marz 1977 kl. 11:40 í dagbók fangelsisins að Síðumúla 28, þar sem þér neitið skjólstæðingi mínum þeim skýlausa rétti að fá að tala við mig sem verjanda sinn einslega og gefið þá skýringu, að þér séuð ekki sáttur við viðbrögð og framkomu skjólstæðings míns í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau.

Með tilliti til þessarar yfirlýsingar yðar verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að þér hafið fyrirfram tekið ákveðna afstöðu í málinu. Hefur skjólstæðingur minn því falið mér að krefjast þess, að þér víkið sæti í máli þessu, þar sem hann treystir því ekki, að þér munið líta á málið hlutlaust eftir slíkar yfirlýsingar."

Ákærði Tryggvi Rúnar var úrskurðaður í gæsluvarðhald 23. desember 1975 vegna gruns um, að hann væri viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði í Blesugróf hér í borg, ásamt Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski, og hefur hann setið í gæsluvarðhaldi síðan. Ákæra var gefin út í málinu 8. desember 1976 á hendur ákærða og framangreindum mönnum fyrir að hafa ráðist á Guðmund Einarsson, Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, og misþyrmt honum svo, að hann beið bana af, en síðan komið líkinu fyrir á ókunnum stað. Ákærði er einnig ákærður fyrir að valda eldsvoða í Vinnuhælinu að Litla Hrauni, nauðga 18 ára stúlku og loks fyrir þjófnaði. Dómarar máls þessa fengu það til meðferðar skv. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 74/1974 eftir útgáfu ákærunnar.

Hinn 16. mars sl. var önnur ákæra gefin út á hendur þeim Kristjáni Viðari Viðarssyni, Sævari Marinó Ciesielski o. fl. fyrir að hafa ráðist á Geirfinn Einarsson í Keflavík og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af. Hefur það mál verið sameinað framangreindu máli.

Dómararnir hófu meðferð málsins 21. mars sl., og er henni ekki lokið að fullu ennþá. Hefur verið ákveðið, að flutningur málsins fari fram 3. október n. k., og var verjendum málsins tilkynnt um það með bréfi 15. ágúst sl. Var þess óskað í bréfinu, að færu þeir

fram á framhaldsrannsókn, yrði það gert sem allra fyrst og eigi síðar en 1. þ. m. Verjandinn hafði fengið málsskjöl afhent við þingfestingu málsins 21. mars, og síðan fékk hann endurrit af yfirheyrslum í dómi, fljótlega eftir að þeim lauk í maí sl. Verjandinn fór þess á leit að fá til afnota endurrit úr dagbók fangelsisins við Síðumúla að því er ákærða Tryggva Rúnar varðaði. Leyfði dómurinn þetta, og fékk hann endurritið með bréfi, dags. 10. maí sl. Ákærði kom fyrir dóm síðast 16. maí, og var þá gæsluvarðhald hans framlengt. Var verjandi ákærða viðstaddur þinghaldið.

Við bréfi dómsins til verjandans frá 15. ágúst barst ekkert svar, fyrr en hann var kvaddur fyrir dóm 14. þ. m., en þá lagði hann fram bréf það, er áður greinir.

Bókun í nefndri dagbók, sem verjandinn vitnar til í bréfi sínu, er á þessa leið:

„3/3 1977 kl. 11:40 hringdi G. Briem dómari vegna beiðni Tryggva um viðtal við Hilmar hrl. réttargæzlumann sinn. Dómarinn sagði, að það gæti ekki orðið að svo komnu máli, að minnsta kosti ekki strax. Hilmar vildi fá að tala við Tryggva einslega, en það vildi dómarinn ekki. Hann sagðist ekki sáttur við viðbrögð og framkomu Tryggva í Guðmundarmálinu og ekki skilja þau."

Samkvæmt 86. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála er verjanda heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæslu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Hætta þessi var fyrir hendi að áliti dómara málsins hinn 3. mars sl., enda höfðu þeir ekki hafið yfirheyrslur vegna ákærunnar út af hvarfi Guðmundar Einarssonar, og ákærðu höfðu reynst reikulir í framburðum sínum hjá lögreglu um það mál. Gilti bann við samtölum við gæslufanga einslega um alla verjendur þeirra á þessum tíma. Dómarar hafa samkvæmt framangreindu lagaákvæði ótvíræðan rétt til að ákveða um slík viðtöl. Er því ekki hægt að fallast á þá skoðun verjandans, að skjólstæðingur hans hafi átt skýlausan rétt á þessu. Svo sem fram kemur af dagbókinni, var verjanda leyft að tala við ákærða Tryggva Rúnar einslega 17. sama mánaðar. Hefur svo haldist síðan, og samkvæmt upplýsingum frá fangelsinu við Síðumúla ræddi verjandinn við ákærða síðast 5. ágúst sl.

Hin tilgreindu ummæli í dagbók fangelsisins við Síðumúla munu vera samin af einhverjum fangaverði þar og hafa aldrei verið borin undir dómsformann. Hann ræddi í síma ótal sinnum á því tímabili, sem hér um ræðir, stundum oft á dag, við fangaverði í Síðumúlafangelsinu út af ákærða Tryggva Rúnari og öðr-

um föngum, sem úrskurðaðir höfðu verið í gæsluvarðhald vegna framangreinds máls. Getur hann ekki borið um, hvað rætt var í hverju einstöku símtali, og er honum ekki unnt að staðfesta þau ummæli, sem eftir honum eru höfð í dagbókinni frá 3. mars sl. Þótt ummælin væru rétt eftir höfð, felst ekki í þeim, að dómsformaður hafi tekið neina þá afstöðu í málinu, er geri hann óhæfan til meðferðar þess. Dómsformaður víkur því ekki sæti.

Úrskurðarorð:

Dómsformaður, Gunnlaugur Briem, víkur ekki sæti í máli þessu.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 164/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Guðmundi Antonssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ingibjörg Benediktsdóttir, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Með kæru 21. september 1977, sem barst Hæstarétti 22. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar að því er ætla má í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Í bréfi ríkissaksóknara, dags. 23. þ. m., sem barst Hæstarétti sama dag, er af ákæruvaldsins hálfu gerð sú dómkrafa, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. september 1977.

Ár 1977, miðvikudaginn 21. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 20. júlí sl. var kærði, Guðmundur Antonsson, úrskurðaður í gæsluvarðhald í sakadómi Reykjavíkur allt til kl. 1740 í dag svo og til að sæta geðheilbrigðisrannsókn vegna rannsóknar á láti Hrafns Jónssonar, sem lést af völdum áverka í fangageymslu lögreglunnar í Reykjavík að kvöldi þess 19. júlí sl. Kærði hefur játað að hafa ásamt Grétari Þ. Vilhjálmssyni lent í átökum við Hrafn, barið hann og brugðið ól um háls hans og hert að.

Í niðurstöðu réttarkrufningar á líki Hrafns Jónssonar, dags. 21. júlí sl., segir m. a.: „Við krufningu sáust áverkar á hálsi, sem benda til þess, að hert hafi verið að hálsi mannsins . . . . . Telja verður, að maðurinn hafi látist af samverkan áverkanna á hálsi og alkóhóls".

Rannsókn ofangreinds máls er á lokastigi, en niðurstaða geðrannsóknar liggur ekki fyrir. Kærði er heimilislaus drykkjusjúklingur.

Með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1., 3. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu á gæsluvarðhaldi kærða til greina, þannig að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. nóvember n. k. Brot það, sem kærði er sakaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og eru því skilyrði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhald það, sem kærði, Guðmundur Antonsson, var úrskurðaður í þann 20. júlí sl., framlengist, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 23. nóvember n.k.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 237/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Fjárdráttur. Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákæruefni þau, er greinir í ákæruskjali 20. nóvember 1974. Heimilt er að færa annað þeirra brota, sem ákærði framdi 9. júlí 1974, til 1. málsgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, svo sem gert er í héraðsdómi, þótt ákæra lúti aðeins að 244. gr. sömu laga, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, en bæði í héraði og fyrir Hæstarétti var fjallað um þetta atriði í málflutningnum.

II.

Í ákæruskjali 11. febrúar 1975 er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa tekið peningaveski að ófrjálsu af Marinó Péturssyni hinn 11. ágúst 1974 og fyrir að hafa falsað tékka úr tékkhefti Marinós, sem geymt var í veskinu, og afhent tékkann í versluninni Baldri 14. ágúst s. á. Ákærði gekkst við töku veskisins tvívegis 15. og 17. ágúst 1974 í yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglunni. Er framburður lögreglumanns þess, er framkvæmdi rannsóknina, greindur í héraðsdómi. Þegar ákærði kom fyrir dóm 30. maí 1975, hvarf hann frá játningu sinni. Eigi verður mark tekið á afturköllun játningarinnar, enda fær fyrri framburður stoð í öðrum gögnum málsins, m. a. að ákærði hafði undir höndum tékka úr tékkhefti, sem telja verður, að geymt hafi verið í framangreindu peninga-

veski. Með töku veskisins hefur ákærði gerst sekur við 1. málsgr. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi unnið sér til refsingar samkv. 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga með afhendingu tékkans í versluninni Baldri hinn 14. ágúst 1974.

III.

Ákærði sætti refsidómum hinn 14. júní 1974 og 19. mars 1975 fyrir auðgunarbrot, svo sem greinir í sakavottorði hans, sem tekið er upp í héraðsdóm, og var hegningarauki dæmdur í síðara dóminum. Fyrsta brotið, sem ákærði er dæmdur sekur um í þessu máli, var framið, áður en fyrri refsidómurinn gekk yfir honum, en hin brotin eru öll framin, áður en hann sætti síðari refsidóminum. Samkvæmt sakavottorði 6. september 1977, sem fram hefur verið lagt í Hæstarétti, hefur ákærði auk þeirra refsinga, sem greindar eru í héraðsdómi, sætt 4 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. desember 1975 fyrir brot á 244. gr. almennra hegningarlaga og 5 mánaða fangelsi með dómi sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1976 fyrir brot á 231. og 244. gr. sömu laga og 25. gr. umferðarlaga og 21. og 24. gr. áfengislaga. Enn hefur hann sætt fjársektum 22. september 1975 fyrir brot „á tollögum“ og 5. maí 1977 fyrir brot á 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390/1974.

Refsing ákærða samkvæmt 244. gr., 1. málsgr. 247. og 1. málsgr. 155. gr. almennra hegningarlaga ber í þessu máli að ákveða með vísan til 78., sbr. 77. gr. svo og 72. og 255. gr. sömu laga. Þykir hún hæfilega ákveðin í héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. júlí 1975.

Ár 1975, miðvikudaginn 2. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 568/1975: Ákæruvaldið gegn Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, sem tekið var til dóms 23. f. m.

Málið er höfðað með tveimur ákæruskjölum ríkissaksóknara gegn ákærða, Jóhanni Maríusi Kjartani Benediktssyni, Hvassaleiti 8 í Reykjavík, fæddum þar í borg 25. janúar 1949.

Með ákæruskjali, dagsettu 20. nóvember 1974, er mál höfðað gegn ákærða, „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

1. Mánudagsnóttina 3. júní 1974 brotist inn í Apótek Keflavíkur, Suðurgötu 2, og stolið þar kr. 18.600 í peningum og nokkru magni af lyfjum.

2. Þriðjudaginn 9. júlí 1974 stolið frá Matthíasi Guðmundssyni, Bogabraut 10, Skagaströnd, kr. 4.000 í peningum og þremur flöskum af áfengi, og fór takan fram á Hótel City í Reykjavík, þar sem Matthías dvaldi þá um stundarsakir, og ákærði var þar gestur hans.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Þá er höfðað mál á hendur ákærða með ákæruskjali, dagsettu 11. febrúar sl., „fyrir að hafa sunnudaginn 11. ágúst 1974 stolið af Marinó Péturssyni, Laugarásvegi 13, Reykjavík, peningaveski, sem hafði að geyma kr. 2.000 í peningum, tékkhefti á Sparisjóð Keflavíkur og ýmis persónuleg skilríki, og fór takan fram fyrir utan Hótel Borg í Reykjavík. Ákærði falsaði síðan einn tékka úr tékkheftinu, að fjárhæð kr. 4.000, með því að gefa hann út í nafni Marinós og reyndi nokkru síðar að selja tékkann í versluninni Baldri við Framnesveg, þar sem ákærði var handtekinn.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 20. nóvember 1974.

1. Aðfaranótt mánudagsins 3. júní 1974, klukkan 0230, var tilkynnt símleiðis á lögreglustöðina í Keflavík, að brotist hefði verið inn í Apótek Keflavíkur að Suðurgötu 2.

Tveir lögreglumenn fóru á vettvang, og þar hittu þeir Þorstein Þorsteinsson, Suðurgötu 1 í Keflavík, sem kvaðst hafa tilkynnt innbrotið. Hann skýrði lögreglumönnunum svo frá, að hann hefði verið í íbúð sinni og heyrt hávaða, líkt og gler væri brotið. Kvaðst hann þá hafa litið út og séð, að búið var að brjóta rúðu í aðaldyrum apóteksins. Í sömu mund sá hann mann koma hlaupandi, og virtist hann koma frá dyrum að húsinu, sem snúa í suður. Maður þessi var klæddur í bláar buxur og rauðan jakka og hljóp vestur Tjarnargötu. Ekki hafði Þorsteinn séð annan mann á ferð við apótekið.

Lögreglumennirnir fundu ákærða, Jóhann Maríus Kjartan Benediktsson, á göngu í Tjarnargötu við Sólvallagötu, en lýsing Þorsteins gat átt við hann. Ákærði var mikið ölvaður og gat ekki gert grein fyrir ferðum sínum. Þá var hann hruflaður á höndum og í andliti. Þorsteinn Þorsteinsson staðfesti við lögregluna, að ákærði væri sami maðurinn og hann hefði séð hlaupa frá apótekinu skömmu áður.

Ákærði hafði meðferðis 20.600 krónur í peningum, sem voru í vöndli í hægri buxnavasa hans. Þá var hann með í fórum sínum tvö lyfjaglös með brjóstdropum, sem blandaðir voru ópíum, 30 töflur af Mebumalnatrium, 0.1 g, 50 töflur Diaxepami, 5 mg, 30 töflur Ritalin, 10 mg, og 30 töflur Mirapont, 15 mg.

Við athugun á vettvangi kom í ljós, að brotin var rúða í aðaldyrum apóteksins og önnur í hurð á suðurhlið. Var sú fyrri að stærð 122x22 cm, en hin 69x26 cm. Ekki höfðu verið unnar aðrar skemmdir.

Haft var samband við lyfsalann, Jóhann Ellerup, og kom hann á vettvang. Samkvæmt athugunum hans saknaði hann peninga úr peningakassa og tveggja glasa af brjóstdropum.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglunni í Keflavík og viðurkenndi þá að hafa brotist inn í apótekið. Hann hafði, eins og áður

greinir, meðferðis 20.600 krónur í peningum við handtökuna, og taldi hann sig eiga 2.000 krónur af þeirri fjárhæð. Taldi Jóhann Ellerup lyfsali það geta komið heim við það, að horfið hefðu úr peningakassanum 18.600 krónur.

Samkvæmt framburði ákærða fyrir dómi var hann greinda nótt, um klukkan 0230, drukkinn á göngu á Suðurgötu í Keflavík. Þá datt ákærða í hug að brjótast inn í hús við götuna, en ekki minnist ákærði þess að hafa vitað, að það var apótek, en í ljós kom síðar, að svo var. Ákærði braut rúðu í dyrum og fór inn. Ákærði tók úr opnum peningakassa í apótekinu töluvert af peningum og sló eign sinni á þá, en ekki gerir hann sér grein fyrir því, hvað það var mikið, en það var allt tekið af honum, þegar hann var handtekinn stuttu síðar á Tjarnargötu við Sólvallagötu. Ákærði vefengir ekki, að það hafi verið 18.600 kr. Ákærði sló enn fremur eign sinni á 2 lyfjaglös með einhverju lyfi, sem hann ekki þekkir. Þegar ákærði fór út úr apótekinu, braut hann aðra rúðu í hurð og fór út um hana.

Jóhann Ellerup fékk í hendur það fé, sem ákærði hafði meðferðis við handtökuna. Þá gerði hann kröfu til þess, að ákærði greiddi honum kostnað við viðgerð á rúðunum tveim, en sú viðgerð kostaði samkvæmt framlögðum reikningum 11.100 krónur. Gengu 2.000 krónur af því fé, sem ákærði hafði meðferðis, til greiðslu upp í þá kröfu. Eftirstöðvarnar, 9.100 krónur, greiddi verjandi ákærða fyrir hans hönd 23. f. m.

Þessi háttsemi ákærða er sönnuð með eigin játningu hans sjálfs og varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Þriðjudaginn 9. júlí sl., klukkan 1825, var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og óskað aðstoðar að City Hóteli vegna þjófnaðar.

Þrír lögreglumenn fóru á vettvang, og á þriðju hæð hótelsins í herbergi nr. 307 hittu þeir Matthías Guðmundsson, Bogabraut 10 á Skagaströnd, sem kærði þjófnað á 30.000 krónum. Matthías skýrði svo frá, að hann hefði verið staddur niður við Hótel Borg um klukkan 1500 og hefði hann hitt þar fólk, sem hann bauð síðan til sín í herbergið, en ekki þekkti hann fólkið. Þá kvaðst hann hafa farið í áfengisverslun og keypt þar þrjár flöskur af áfengi. Síðan hefði hann setið að drykkju í herberginu ásamt fólkinu, en um klukkan 1800 hefði hann orðið þess var, að áðurgreindir peningar, sem hann var með í veski sínu, voru horfnir, en veskið lá í glugganum í herberginu.

Í herberginu hjá Matthíasi voru tvær ungar stúlkur, Kristjana

Guðrún Ingibergsdóttir, Ásgarði 16, og Salvör Kristín Héðinsdóttir, Hjallalandi 30, báðar í Reykjavík. Þær fóru með lögreglunni í lögreglustöðina og voru yfirheyrðar þar. Þær kváðust í fyrstu ekkert vita um fyrrnefnda peninga. Síðar breytti Salvör Kristín framburði sínum og skýrði svo frá, að hún hefði verið stödd niður við Hótel Borg um klukkan 1500 ásamt stúlku, sem héti Elín, áðurgreindri Kristjönu Guðrúnu og ákærða, þegar þau hefðu hitt Matthías, sem hefði boðið þeim í herbergi sitt á City Hóteli. Kvaðst Salvör Kristín hafa séð ákærða taka peninga úr veski, sem lá í glugganum ásamt tveim flöskum af áfengi, sem hún vissi, að Matthías átti, og hefði hann farið burt af hótelinu ásamt Elínu.

Salvör Kristín Héðinsdóttir skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði séð ákærða taka veski úr vasa Matthíasar, sem var mjög drukkinn, en tók samt eftir því, og lét ákærði þá veskið í gluggann, en síðar var það látið í skrifborðsskúffu. Síðar sá Salvör Kristín ákærða opna skúffuna og taka úr veskinu, svo að hún sá, 5.000 krónur og stinga seðlinum fyrst í brjóstvasann og síðan í annan sokkinn. Salvör Kristín sá ákærða aldrei taka nema þessar 5.000 krónur. Þá sagði Salvör Kristín, að Kristjana Guðrún og Elín hefðu verið sofandi, þegar ákærði tók peningana. Þegar þær vöknuðu, sagði Salvör Kristín Kristjönu Guðrúnu frá þjófnaðinum, og sagði hún, að Matthías hefði sagt Elínu frá honum.

Kristjana Guðrún Ingibergsdóttir skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði verið sofandi í herberginu, en vaknað við ógurleg læti og þá hefði Matthías verið að vekja Elínu, sem einnig hafði sofnað. Kristjana Guðrún sá ákærða og Elínu fara á brott og sá ákærða þá halda á svörtum poka eða poka eins og áfengisverslunin lætur undir áfengi. Þá sagði Salvör Kristín henni, að hún hefði séð ákærða taka peninga og áfengi og stinga peningunum í annan sokk sinn. Ekki tilgreindi Salvör Kristín fjárhæðina við Kristjönu Guðrúnu, og ekki sá Kristjana Guðrún peningatökuna, enda sofandi, eins og áður greinir.

Elín Elídóttir, Kárastíg 14, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá, að hún hefði verið stödd hjá Matthíasi og séð ákærða hafa á brott með sér, þegar þau yfirgáfu herbergið, tvær flöskur af vodka og eina flösku af Martini, en ekki vissi hún, hvort þær voru fullar, og ekki sá hún ákærða taka peninga.

Elín kvað þau hafa farið fyrst í Kokkhúsið, og borðuðu þau þar, og borgaði ákærði matinn, sem var að sögn Elínar mjög dýr. Síðan fengu þau sér leigubifreið og óku smávegis um borgina, og

loks fóru þau í gisti- og sjómannaheimilið að Kirkjustræti 2, en þar hafði ákærði herbergi. Þar voru þau bæði handtekin um klukkan 2240.

Matthías Guðmundsson skýrði rannsóknarlögreglunni frá því, að hann hefði komið til borgarinnar um klukkan 1100 að morgni áðurgreinds dags og hafði þá meðferðis 37.000 krónur. Ekki gat hann gert grein fyrir því, hversu miklu af þeim peningum hann hafði eytt, þegar hann kærði þjófnaðinn, enda var hann ölvaður og minni hans ekki gott. Hann mundi eftir því að hafa hringt á tvær leigubifreiðar og að hann hætti við að nota þær, en ekki mundi hann eftir að hafa sent ákærða til þess að greiða þær, en sagði það geta verið. Ákærði veitti viðtöku hjá rannsóknarlögreglunni fullri vodkaflösku, annarri tæpri hálfri og hálfri Martiniflösku, en þessar flöskur tóku rannsóknarlögreglumenn í herbergi ákærða að Kirkjustræti 2. Kvaðst Matthías ekki óska eftir frekari aðgerðum í málinu.

Ákærði kannast við að hafa verið gestkomandi hjá Matthíasi í þetta skipti. Hann skýrir svo frá fyrir dómi, að hann hafi greitt tvívegis leigubifreiðar fyrir Matthías, sem hann hætti við að nota, og fékk til þess í hvort skipti 1.000 kr., en bifreiðarnar kostuðu um 300 krónur. Seint um daginn yfirgaf ákærði herbergi Matthíasar ásamt Elínu Elídóttur, og um leið og hann fór á brott, sló hann eign sinni á 2.000 krónur, sem lágu á borði í herberginu. Jafnframt hafði ákærði með sér á brott um 1.400 kr., sem hann var með í vösunum sem afgang af greiðslunni fyrir leigubifreiðarnar, en því kveðst ákærði í rauninni hafa gleymt að skila. Jafnframt hafði ákærði á brott með sér 2 vodkaflöskur og Martiniflösku, en eitthvað var byrjað að drekka úr þeim. Ákærði sló eign sinni á flöskurnar og notaði af peningunum fyrir veitingum, sem hann og Elín neyttu í Kokkhúsinu við Lækjargötu. Þá eyddi hann af peningunum í leigubifreiðarakstur, og þau Elín drukku eitthvað af áfenginu.

Gegn neitun ákærða og með hliðsjón af því, sem fram er komið í málinu, er ósannað, að peningar þeir, sem ákærði eignaði sér frá Matthíasi Guðmundssyni, hafi verið hærri fjárhæð en 3.400 krónur. Þar sem Matthías hefur ekki treyst sér til þess að mótmæla því, að ákærði hafi fengið í hendur hjá honum 2.000 krónur til greiðslu á leigubifreiðum, þykir rétt að leggja til grundvallar frásögn ákærða um notkun hluta þeirra peninga í þágu Matthíasar. Telst því sannað með framburði ákærða sjálfs, að hann hafi dregið sér afgang þessarar fjárhæðar, 1.400 krónur. Varðar

þessi háttsemi við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, en að öðru leyti telst framangreindur þjófnaður ákærða á 2.000 krónum og þrem áfengisflöskum sannaður með eigin játningu ákærða sjálfs, sem styðst við annað það, sem fram er komið í málinu. Varðar þjófnaðurinn við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra dagsett 11. febrúar 1975.

Miðvikudaginn 14. ágúst sl., klukkan 1353, var óskað lögregluaðstoðar að versluninni Baldri við Framnesveg í Reykjavík. Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu, og á staðnum hittu þeir verslunarstjórann, Elías Sigurð Kristjánsson. Hjá honum var ákærði, sem Elías Sigurður sagði, að komið hefði í verslunina skömmu áður og beðið eina afgreiðslustúlkuna um vörur fyrir um 500 krónur. Hann hafi síðan ætlað að greiða með tékka, að fjárhæð 4.000 krónur, á Sparisjóð Keflavíkur. Afgreiðslustúlkunni þótti tékkinn tortryggilegur og fór með hann til Elíasar Sigurðar, en hann hringdi í sparisjóðinn og fékk þær upplýsingar, að tékkinn væri úr tékkhefti Marinós Péturssonar, sem tilkynnt hefði verið um þjófnað á fyrir nokkru. Þá var Elíasi Sigurði sagt, að númerið á tékkanum væri rangt.

Tékki þessi er gefinn út með nafni Marinós Péturssonar, til handhafa, á hlaupareikning nr. 122 við sparisjóðinn, og á bakhlið hans er illlæsilegt framsal.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina til yfirheyrslu, en hann var nokkuð ölvaður. Þar sagði ákærði, að strákur hefði gefið sér eyðublaðið fyrir snafs og hefði það verið fyrir utan Þórscafé.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni næsta morgun, að hann þekkti þennan tékka og kannaðist við að hafa útfyllt hann að öllu leyti og síðan reynt að framselja hann í versluninni Baldri. Kvaðst ákærði hafa gefið lögreglunni þær upplýsingar, að hann hefði fengið tékkann hjá einhverjum óþekktum strák við Þórscafé, en það væri ekki rétt og skyldi hann segja allan sannleikann um málið.

Ákærði kvaðst hafa átt leið fram hjá Hótel Borg nokkrum dögum áður, líklega mánudaginn 12. ágúst, og verið lítillega ölvaður. Þar hitti hann mikið ölvaðan mann, og var það um það leyti, sem barnum var lokað, kl. 1430 til 1500.

Ákærði kvaðst hafa gefið sig á tal við manninn og veitt honum sjúss, en ákærði hafði veitt eftirtekt seðlaveski mannsins, sem hann hafði í rassvasanum, og tókst ákærða að ná af honum veskinu, án þess að hann tæki eftir því. Ákærði skildi þá strax við

manninn og fór á brott, en þegar hann aðgætti í veskið, þá voru í því 1.000 til 1.200 krónur svo og tékkhefti á Sparisjóð Keflavíkur og skilríki manns að nafni Marinó Pétursson.

Ákærði hirti tékkheftið og peningana, en fleygði síðan veskinu með öllu öðru í ruslatunnu skammt frá, en ekki gat ákærði staðsett tunnuna nánar.

Ákærði kvaðst hafa útfyllt tékkann, þegar af honum var runnið, en greindan dag, þegar hann var orðinn ölvaður og peningalaus, freistaðist hann til þess að fara inn í verslunina Baldur og reyna að selja tékkann.

Kvaðst ákærði hafa sagt allan sannleikann í málinu og ekkert undan dregið. Ákærði hafði meðferðis 1.300 krónur, og féllst hann á, að þeir peningar yrðu afhentir Marinó Péturssyni.

Marinó Pétursson heildsali, Laugarásvegi 13 í Reykjavík, skýrði rannsóknarlögreglunni svo frá föstudaginn 18. ágúst, að hann hefði farið um hádegisbilið næstliðinn sunnudag inn á barinn á Hótel Borg, og þar dvaldist hann til klukkan um 1430, en þá fór hann út nokkuð ölvaður. Mundi Marinó ekki eftir að hafa talað við neinn ungan mann, eftir að út var komið, og var viss um, að honum hefði ekki verið boðið upp á snafs hjá neinum þarna úti.

Marinó var nýkominn út af Hótel Borg, þegar hann uppgötvaði, að veskið var horfið úr rassvasa hans, og fór hann þá aftur inn að leita þess. Gat Marinó ekki fullyrt, á hvern hátt veskið hefði horfið, en í því voru öll persónuskilríki hans, svo sem ökuskírteini og félagsskírteini í FÍB og u. þ. b. 5—7.000 krónur í peningum auk tékkheftis á Sparisjóð Keflavíkur. Ekki vissi Marinó, hversu mörg eyðublöð hefðu verið eftir í heftinu. Hann taldi frásögn ákærða um peningaupphæðina, sem hann kvaðst hafa tekið úr veskinu, ekki rétta, enda þótt hann gæti ekkert um það fullyrt. Marinó fékk afhentar áðurgreindar 1.300 krónur og kvaðst telja tilgangslaust að gera nokkrar kröfur á hendur ákærða.

Ákærði var yfirheyrður að nýju af rannsóknarlögreglunni 17. ágúst og skýrt frá því, hvað Marinó teldi, að hefði verið í veskinu af peningum. Taldi hann sig í mesta lagi hafa tekið úr því um 2.000 krónur og hefði verið hærri fjárhæð í veskinu, þá hljóti hann að hafa fleygt veskinu með þeim peningum í. Þá kvaðst ákærði aðeins hafa tekið þetta eina eyðublað úr heftinu og hefði hann síðan hent heftinu með veskinu.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins 30. maí sl. og kvaðst hann ekki kannast við að hafa stolið peningaveski Marinós Péturssonar og sagði játningu sína hjá rannsóknarlögreglunni

byggjast á því, að hann hefði verið illa fyrirkallaður, er hann var yfirheyrður hjá Magnúsi Magnússyni rannsóknarlögreglumanni, sem hótaði honum gæsluvarðhaldi, ef hann játaði ekki. Tók ákærði þá þann kostinn til að sleppa við gæsluvarðhald.

Ákærði kannaðist við að hafa reynt að selja margnefndan tékka, sem hann kvaðst ekki hafa vitað, að væri falsaður, og vissi hann ekki, hver hefði gert það.

Ákærði kvaðst hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis og lyfja, þegar hann var handtekinn í versluninni og hafði þá innkaupanet meðferðis. Hann kvaðst ekki vita, hvert hann ætlaði með vörurnar, en taldi sig hafa munað það, þegar þetta átti sér stað. Ákærði upplýsti, að stúlka nokkur hefði komið hlaupandi, þegar lögreglan var að handtaka hann, og hafi hún fengið innkaupanetið í hendur að lögreglunni ásjáandi.

Verður nú gerð grein fyrir dómsframburði starfsfólks verslunarinnar og lögreglumanna þeirra, sem handtóku ákærða í versluninni.

Elías Sigurður Kristjánsson verslunarstjóri, Dúfnahólum 4 í Reykjavík, skýrir svo frá, að nokkru fyrir klukkan 1400 hinn 14. ágúst sl. hafi verið komið til hans og honum sýndur tékki, sem viðskiptavinur vildi nota. Elíasi Sigurði leist ekki á tékkann og hringdi í sparisjóðinn í Keflavík og fékk upplýst, að tékkinn væri ritaður á eyðublað úr stolnu tékkhefti. Kallaði hann þá lögregluna til. Það var eiginkona Elíasar Sigurðar og önnur stúlka, sem ræddu við ákærða. Elías Sigurður ræddi ekki sjálfur við ákærða um tékkann fyrr en rétt áður en lögreglan kom, en þá spurði hann, hvaða nafn væri aftan á tékkanum. Virtist hann ekki vita það. Elías Sigurður las úr framsalinu nafnið Jóel. Hann sá ekki neina stúlku tala við ákærða, þegar hann var handtekinn, og ekki vissi hann, hvort ákærði hafði eitthvað meðferðis til að bera vörurnar í, en það, sem ákærði ætlaði að kaupa, voru ýmsar matvörur.

Bára Helga Bjarnadóttir afgreiðslustúlka, Dúfnahólum 4 í Reykjavík, afgreiðir í versluninni Baldri, og laust fyrir kl. 1400 greindan dag kom Jóna Kristinsdóttir afgreiðslustúlka til hennar og spurði, hvort hún mætti taka við tékka fyrir vörur, sem hún var að afgreiða til ákveðins manns. Bára Helga skoðaði tékkann og spurði manninn, hvort nafn hans væri aftan á honum, og kvað hann svo vera. Annað spurði hún manninn ekki, en fór með tékkann til eiginmanns síns. Ekki sá Bára Helga manninn rita eitt eða neitt á tékkann.

Bára Helga þorir ekki að fara með það, hvort ákærði var með innkaupanet undir varninginn, og ekki varð hún vör við nokkurn í fylgd með honum. Hún fylgdist ekki með handtöku ákærða sérstaklega og gat ekki borið um það, sem gerðist utan dyra.

Ákærði heyrði framburð Báru Helgu og gerði ekki aðra athugasemd við hann en að hann minntist þess ekki að hafa rætt neitt við hana.

Jóna Kristjana Kristinsdóttir nemandi, Hjallalandi 19 í Reykjavík, kvaðst hafa verið við afgreiðslu í versluninni Baldri, þegar ákærði kom þangað, en hann virtist undir áhrifum áfengis. Ákærði tók til vörur, sem hann hugðist kaupa og vildi greiða með tékka, sem hann afhenti Jónu Kristjönu, og jafnframt skrifaði hann framsalsnafn aftan á tékkann að henni ásjáandi. Var nafnið illa skrifað, og þar sem Jóna Kristjana hafði fyrirmæli um það að fara gætilega í að taka við tékkum, fór hún með tékkann til verslunarstjórans og konu hans, og tók hún við tékkanum og skoðaði hann fyrst.

Jóna Kristjana sá engan í för með ákærða, og þegar hún leit út, sá hún engan, sem gaf sig að honum, þegar lögreglan fór með hann inn í lögreglubifreiðina.

Jóna Kristjana man ekki nákvæmlega, hvað ákærði ætlaði að kaupa vörur fyrir háa fjárhæð, en telur, að það geti verið um kr. 500, en taldi þó, að það hefði verið eitthvað lægri fjárhæð.

Jóna Kristjana kvað ákærða hafa verið skjálfhentan, þegar hann ritaði framsalsnafnið á bakhlið tékkans, og man hún ekki betur en að hún hafi lánað honum pennann, sem hún sá hann skrifa það með.

Þá segir Jóna Kristjana, að ákærði hafi verið með innkaupanet, sem hana minnir, að hafi orðið eftir í búðinni, þegar hann var handtekinn.

Jóhann Hinrik Þórarinsson lögreglumaður, Nýbýlavegi 44 A í Kópavogi, man óljóst eftir málinu, en man þó til þess að hafa verið sendur í verslunina Baldur við Framnesveg í ágúst í fyrra vegna manns, sem þar var með tékka. Maðurinn var handtekinn og færður á lögreglustöðina. Einhvern tíma, en ekki man Jóhann Hinrik hvenær, hafði maðurinn orð á því, að hann hefði verið sendur úr húsi með tékkann til matarkaupa. Ekki man Jóhann Hinrik, hvort þessi ummæli mannsins voru könnuð frekar. Hann minnir, að stúlka á fermingaraldri hafi komið og sótt innkaupanet, sem maðurinn hafði meðferðis. Þá minnir hann, að stúlkan

hafi fengið netið í hendur utan við verslunina, áður en maðurinn var færður í lögreglubifreiðina.

Hjört Pálma Sæmundsson lögreglumann, Furugerði 7 í Reykjavík, minnir, að unglingsstúlka hafi komið að lögreglubifreiðinni, þegar ákærði var kominn inn í hana, og rætt við þá lögreglumennina. Minnir hann, að fram hafi komið hjá stúlkunni, að ákærði hefði verið sendur úr húsi í nágrenninu til matvælakaupa. Þetta var þó ekki kannað nánar þá strax og stúlkan látin fara.

Hjörtur Pálmi var spurður að því, hvort hann minntist þess að hafa séð stúlkuna taka við innkaupaneti úr hendi ákærða. Hann mundi eftir innkaupaneti, en ekki mundi hann, hvort stúlkan var með það eða ákærði.

Magnús Magnússon rannsóknarlögreglumaður, Holtsgötu 25 í Reykjavík, sem yfirheyrði ákærða tvívegis, hefur fyrir dóminum mótmælt því, að hann hafi hótað ákærða gæsluvarðhaldi eða minnst á gæsluvarðhald, enda hafi ákærði játað mjög greiðlega.

Magnús segir, að ákærði hafi lýst því vel og skilmerkilega, hvernig hann hitti manninn, sem hann stal veskinu af, og hafi hann gert þetta algerlega sjálfstætt.

Þá segir Magnús, að ákærði hafi verið færður í geymslu að fyrstu yfirheyrslu lokinni, en hún fór fram að morgni næsta dags eftir handtöku hans. Síðari hluta þess dags var ákærði látinn hefja afplánun á refsidómi að ákvörðun fullnustudeildar dómsins. Var ákærði því kominn í afplánun, er hann gaf seinni skýrslu sína, og minntist hann þá ekkert á það, að fyrri skýrslan væri röng, og ræddi frekar um fjárhæð þýfisins.

Ekki kannast Magnús við að hafa heyrt ákærða minnast á, að hann hefði verið í innkaupaferð fyrir annan aðilja, og ekkert minntist hann á stúlku, sem hefði fengið innkaupanet í hendur frá honum.

Ákærði heyrði framburð Magnúsar og hélt fast við það, að Magnús hefði hótað honum gæsluvarðhaldi og af þeirri ástæðu hefði hann játað á sig veskisþjófnaðinn og tékkafölsunina.

Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi verið settur í afplánun eftir hádegi, daginn sem Magnús yfirheyrði hann í fyrra skiptið.

Þá segir ákærði, að Magnús hafi yfirheyrt sig tveimur dögum síðar og skýrt sér frá því, að maðurinn, sem veskinu var stolið frá, hefði haft samband við sig og lýst því yfir, að hann gerði engar kröfur í málinu. Sagði Magnús ákærða, að ekkert yrði frekar gert í málinu og væri ákærði heppinn þar. Þá skildi ákærði

Magnús þannig, enda þótt hann segði það ekki berum orðum, að málið mundi ekki fara til ríkissaksóknara.

Þegar þetta lá fyrir, sá ákærði ekki ástæðu til að breyta framburði sínum og gaf því þá skýrslu, sem af honum var tekin 17. ágúst sl. Ákærði segir, að það sé rétt, að hann hafi ekkert minnst á stúlkuna og innkaupanetið við Magnús, enda ekki að því spurður.

Magnús heyrði framburð ákærða fyrir dóminum og ítrekaði, að hann hefði sagt satt. Magnús kveðst hafa sagt ákærða, að Marinó Pétursson hefði sagt, að hann fyrir sitt leyti óskaði ekki frekari aðgerða í málinu. Kveðst Magnús ekki hafa gefið ákærða eitt eða neitt í skyn, og ekki kannaðist hann við að hafa sagt við ákærða, að hann væri heppinn, að Marinó Pétursson óskaði ekki aðgerða gegn honum.

Magnús segir, að það hafi mátt vera ljóst, að ekki hefði verið þörf á skýrslutöku, ef málið hefði átt að falla niður.

Ákærði og Magnús voru samprófaðir um það, sem í milli bar í framburðum þeirra. Hélt hvor um sig fast við sinn framburð, og náðist ekki samræmi.

Pétur Marinó Pétursson heildsali, Klettagörðum 7 í Reykjavík, kom fyrir dóminn og skýrði sjálfstætt frá málsatvikum á sama veg og í framangreindri skýrslu sinni hjá rannsóknarlögreglunni, sem hann staðfesti, að væri rétt.

Ákærði kannaðist ekki við að hafa ritað framsalsnafnið á bakhlið tékkans, og voru hann og Jóna Kristjana samprófuð um það. Hélt Jóna Kristjana fast við það, að hún hefði beðið ákærða að rita nafn sitt á bakhlið tékkans og hefði hún horft á ákærða gera það. Ákærði kvaðst ekki muna eftir að hafa gert það, og náðist ekki samræmi í framburði þeirra um þetta atriði.

Maríu Bergmann skriftarfræðingi, Fjölnisvegi 9 í Reykjavík, var falið að láta dóminum í té álitsgerð um það, hvort sama rithönd væri á tékkanum og rithandarsýnishorni, sem ákærði gaf fyrir dóminum. María hefur látið dóminum í té álitsgerð um þetta, dagsetta 5. f. m., og staðfest hana fyrir dóminum. Í álitsgerð Maríu segir svo:

„Að lokinni athugun á sannaðri rithönd Jóhanns Maríusar *Kjartans* Benediktssonar lagðri fram í sakadómi Reykjavíkur 30. maí 1975 og sem merkt er dskj. 15 og tékka nr. 219 frá Sparisjóði Keflavíkur, sem merktur er dskj. 14, er álit mitt svohljóðandi:

Nokkrir stafir, svo sem a, o, F, M og t á dskj. 14 eru ritaðir á

þann hátt, að talsvert svipar til rithandar Kjartans. Sérkenni rithandar hans, sem koma greinilegast fram í ritun stafanna H, f, j, g, n og r, eru hvergi sjáanleg á dskj. 14.

Rithönd á dskj. 15 er „samanþjöppuð" og rituð með miklum halla til hægri, en rithönd á dskj. 14 er „gisin" og rituð sem næst lóðrétt. Að vísu er algengur möguleiki, að menn breyti halla rithandar sinnar eftir ástæðum.

Við samanburð á rithandarsýnum þeim, eingöngu, sem hér um ræðir, tel ég ósannanlegt, að sama rithönd sé á dskj. 14 og 15."

Sú staðhæfing ákærða, að hann hafi játað á sig þjófnaðinn á veski Marinós Péturssonar til þess að sleppa við gæsluvarðhald, er afar ósennileg, ekki hvað síst með hliðsjón af þeim skýringum, sem ákærði gefur á tveim skýrslum sínum um þennan verknað, í síðara skiptið eftir að hann er kominn í afplánun á refsidómi. Þrátt fyrir þetta þykir ekki komin fram næg sönnun fyrir því, að ákærði hafi framið þennan verknað, sbr. 108. gr. laga nr. 74/1974. Ber því að sýkna ákærða af þessari háttsemi og þar með af því að hafa brotið gegn 244. gr. almennra hegningarlaga með henni.

Að því er snertir fölsun tékkans þykir með hliðsjón af álitsgerð Maríu Bergmann ekki komin fram sönnun fyrir því, að ákærði hafi sjálfur falsað framhlið tékkans, þótt sá möguleiki sé fyrir hendi. Að því er snertir framsalið á bakhlið tékkans verður ekki neinu slegið föstu um það, hvaða nafn það á að vera, og er sá möguleiki fyrir hendi, að þar hafi átt að vera nafn ákærða sjálfs, hafi hann ritað á bakhlið tékkans, eins og vitnið Jóna Kristjana staðhæfir og ekki er ástæða til að vefengja.

Ljóst er, að tékkinn er falsaður, og eru skýringar ákærða um tilkomu tékkans í hans hendur og sú fullyrðing, að hann hafi ekki vitað, að tékkinn var falsaður, afar ótrúlegt. Þá þykir það veikja þessa fullyrðingu, að ákærði telur sig ekki geta gert grein fyrir því, hver hafi sent hann með tékkann og hvert hann hafi átt að fara með vörur þær, sem nota skyldi tékkann til kaupa á, sé sú saga hans rétt, þykir þetta vera sönnun þess, að ákærði hafi vitað, að tékkinn var falsaður. Samt framvísaði ákærði tékkanum til greiðslu. Þykir hann með því hafa brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði ákærða og eftir öðrum upplýsingum hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1966 10/1 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1968 23/9 Reykjavík: Sátt, 4.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og

49. gr. og 50. gr. umferðar- og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 3/9 1968.

1968 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 3/9 1968.

1970 19/11 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 19. nóvember 1970.

1971 1/11 Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 2 mánuði fyrir brot á 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga.

1972 25/2 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi (hegningarauki) fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1972 15/9 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 254. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1972 3/3 Hafnarfirði: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 245. gr. og 1. mgr. 155. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaga.

1973 29/6 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot á 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

1973 25/10 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

1974 22/4 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 22/4 1974. Ekki dæmd sérstök refsing.

1974 14/6 Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

1975 19/3 Kópavogi: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga (hegningarauki).

Með hliðsjón af sakaferli ákærða og 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Þá ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar lögfræðings, kr. 25.000.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Marius Kjartan Benediktsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Stefánssonar lögfræðings, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 169/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Tryggva Rúnari Leifssyni.

Kærumál. Réttarneitun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 14. september 1977, er barst Hæstarétti hinn 16. s. m., hefur Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, verjandi varnaraðilja í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Tryggva Rúnari Leifssyni o. fl., skotið til Hæstaréttar ákvörðun sakadóms Reykjavíkur varðandi kröfu um tilteknar bókanir í máli þessu. Sakadómur er skipaður þremur dómurum í málinu, sakadómurunum Gunnlaugi Briem, dómsformanni, Ármanni Kristinssyni og Haraldi Henryssyni. Er kæruefni og kröfur varnaraðilja greint svo í kærubréfinu:

„Undirritaður, sem skipaður hefur verið verjandi ákærðs, Tryggva Rúnars Leifssonar, í ofangreindu máli, var boðaður til þinghalds í málinu kl. 14 í dag. Lagði ég þar fram m. a. bréf til dómsins, þar sem ég gerði kröfu til þess, að Gunnlaugur Briem sakadómari viki sæti í málinu. Sakadómarinn hélt því þá fram, að ég hefði reynt að fá aðra verjendur í málinu til þess að gera sömu kröfu, en neitaði að tilgreina nánar, hverjir þessir verjendur væru. Þessari staðhæfingu sakadómarans mótmælti ég að sjálfsögðu, enda með öllu tilhæfulaus, og geta aðrir verjendur málsins staðfest, að slíkt hefur aldrei

átt sér stað. Þegar ég svo gerði kröfu til þess, að þessi ummæli sakadómarans yrðu færð til bókar svo og mótmæli mín við þeim, þá var því af hálfu sakadómarans algjörlega hafnað án nokkurra skýringa.

Ég tel, að hér sé um réttarneitun að ræða, enda hafi ég sem skipaður verjandi í málinu átt skýlausan rétt á því að fá slík ummæli dómsformanns færð til bókar svo og mótmæli mín við þeim. Jafnframt álít ég, að dómurinn hefði átt að kveða upp formlegan úrskurð um þessa kröfu mína.

Það er krafa mín fyrir Hæstarétti aðallega, að felld verði úr gildi synjun dómsformannsins að færa til bókar fyrrgreind ummæli og mótmæli og lagt verði fyrir hann að taka við og færa til bókar hin tilgreindu ummæli svo og mótmæli mín við þeim, en til vara, að lagt verði fyrir dóminn að kveða upp formlegan úrskurð um kröfu mína um bókun á ummælunum svo og mótmælum mínum."

Athugasemdir hafa eigi borist frá dómurum máls þessa í héraði.

Krafa verjanda um bókun á þeim atriðum, sem lýst er í kæru, tengist meðferð framangreinds sakadómsmáls með þeim hætti, að ákvörðun sakadómara þykir kæranleg til Hæstaréttar samkv. 10. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki verður séð, að orðaskipti þau, er greinir í kæru, milli verjanda og sakadómara hafi verið með þeim hætti, að skylt væri að færa þau til þingbókar. Kröfum varnaraðilja er því hrundið.

Kæra þessi er að ófyrirsynju.

Dómsorð:

Framangreindar kröfur varnaraðilja eru eigi teknar til greina.

Miðvikudaginn 28. september 1977.

Nr. 171/1974. **Kjartan Margeirsson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Árni Grétar Finnsson hrl.).

Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 3. desember 1975. Krefst hann þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum 665.811 krónur með 9% ársvöxtum frá 29. júní 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Löglega var gengið frá lyftu þeirri, sem áfrýjandi slasaðist í. Skiptir ekki máli, hvernig skilja beri lokasetningu 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972, þar sem frágangur lyftunnar var í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 56/1929. Samkvæmt 37. gr. reglugerðar nr. 203/1972 er eigi skylt að breyta eldri lyftum, nema Öryggiseftirlit ríkisins krefjist úrbóta. Frágangur lyftunnar var með þeim hætti, að ekki verður virt starfsmönnum eiganda hennar til sakar, að hann var látinn óbreyttur. Þá verður eigi talið, að áfrýjandi geti byggt kröfu sína á því, að eigandi lyftunnar beri hlutlæga ábyrgð á slysi því, sem málið fjallar um. Efni eru því ekki til að leggja fébótaábyrgð vegna slyssins á stefnda, og verður niðurstaða héraðsdóms staðfest.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. október 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. þ. m., hefur Kjartan Margeirsson, Hvassaleiti 24 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 7. ágúst 1974, á hendur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Gerir stefnandi þær endanlegar dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 665.811 með 9% ársvöxtum frá 29. júní 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð og málskostnaður verði látinn niður falla.

Hinn 1. júlí 1974 var stefnanda veitt gjafsóknarleyfi í málinu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi þurfti að ná tali af tengdamóður sinni, sem var að störfum á 4. hæð í byggingu tollstöðvarinnar hér í borg að kvöldi 29. júní 1973. Fór hann upp á 4. hæð í lyftu, sem er á gangi í austurenda hússins. Ekki er hurð fyrir dyraopinu á sjálfum lyftustólnum. Er stefnandi var á leið niður aftur og hafði stutt á stjórnhnapp fyrir 1. hæð, studdi hann hægri hendinni á vegg lyftuganganna fyrir dyraopinu. Þegar svo lyftan færðist niður, klemmdist höndin milli lyftustólsins og veggjar. Hlaut stefnandi af þessu meiðsli, sem síðar verða rakin. Stefnandi krafði stefnda sem eiganda byggingarinnar um bætur, en bótakröfunni var synjað. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til heimtu bótanna.

Fyrir rannsóknarlögreglunni og hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann hafi þurft að fara upp á 4. hæð í tollstöðvarbyggingunni til að hafa tal af tengdamóður sinni, Valgerði Eiðsdóttur, sem þar hafi verið að störfum við hreingerningar. Kveðst hann hafa farið upp á 4. hæð í sömu lyftunni og slysið varð í og hafi hann þá verið einn í lyftunni og staðið við hliðarvegg. Kveðst stefnandi ekkert hafa hugsað út í það, að ekki var hurð fyrir dyraopinu á sjálfum lyftustólnum. Stefnandi kveðst

svo hafa haldið á brott, er hann hafði talað við tengdamóður sína. Kveðst hann þá hafa gengið að lyftunni, kvatt hana upp á 4. hæð og gengið inn í hana, er hún kom þangað. Hann kveðst svo hafa ýtt á stjórnhnapp fyrir 1. hæð, en stjórnhnappar séu á hægri hönd, þegar maður snúi að lyftudyrunum. Þegar hann hafði stutt á hnappinn, kveðst stefnandi hafa stutt hægri hendinni á vegginn, þar sem dyrnar eru. Þegar lyftan fór af stað, hafi hann ekki áttað sig á því, að dyraopið á lyftustólnum hafi ekki verið lokað, þ. e. engin hurð fyrir því, heldur eingöngu hurð fyrir dyrunum á hverjum stigagangi fyrir sig. Kveðst stefnandi ekki hafa orðið var við þetta, fyrr en hægri höndin hafi fest milli veggjar og lyftustólsins. Hann kveðst ekki hafa getað losað höndina og hafi lyftan haldið áfram niður á 1. hæð. Hafi hann þá fyrst getað losað höndina. Þá hafi verið farið að blæða mikið úr hendinni og hafi hann kennt mikilla eymsla. Stefnandi kveður tollvörð, sem hann hitti, er hann kom úr lyftunni, hafa ekið sér á slysavarðstofuna, þar sem gert hafi verið að meiðslunum. Stefnandi kveður ekkert skilti hafa verið í lyftustólnum eða utan hans, sem hafi varað við þeirri hættu, sem þarna er fyrir hendi. Hann kveðst hafa verið einn, þegar atburðurinn varð. Hann kveðst hafa verið í alla staði vel fyrirkallaður.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins um atburðinn, dags. 5. júlí 1973, segir svo: „Tildrög slyssins: Slys þetta var ekki tilkynnt til eftirlitsins fyrr en 5.7.-73 né til lögreglu eða húsvarðar hússins. Lyfta þessi var tekin í notkun 1970 og uppsett eftir reglum þess tíma, og er þar krafist, að bil milli stóls og veggjar sé ekki meira en 2,5 cm.

Umsögn eftirlitsmanns:

Samkvæmt reglugerð um lyftur, sem sett er 1972, er þess krafist, að bil milli stóls og þils, er snýr að lyftustólsdyrum að ofan, sé minnst 75 mm. Orsök slyss þessa má rekja til þessa vanbúnaðar á lyftunni, sem ekki var þá hægt að krefjast við úttekt hennar samkv. áðurgreindum skýringum. Lyftan verður því að hafa talist í fullkomnu lagi, þegar slysið skeði. Það eru furðulegir tilburðir slasaða að þurfa að halla sér að þessum vegg lyftunnar, sem var sá eini af fjórum, sem möguleiki var á að skaða sig á. Eðlilegast er að standa kyrr í lyftunni, eftir að gangsetning hefur átt sér stað, og sér í lagi þar sem ekki var um neina þröng að ræða, því hún er byggð fyrir 4 farþega. Gerðar voru kröfur um lagfæringar og vitnað til nýju reglugerðarinnar, og var þar hafist handa strax og lagfæringum lokið kl. 16.00 5.7. 1973. Orsök slyssins tel ég

vera vanbúnað við dyrabúnað lyftustólsins, sem ekki var þó hægt að krefjast við úttekt lyftunnar samkvæmt reglugerð um búnað á lyftum 1970, svo og að mestu furðulega tilburði slasaða á ferð sinni niður í lyftunni."

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 12. júní 1974, var óskað umsagnar Öryggiseftirlits ríkisins um eftirfarandi atriði:

„1. Gat Öryggiseftirlitið krafist þess, að lyftunni í Tollstöðinni yrði breytt til samræmis við reglugerð um lyftur frá 1972, þó svo að lyftan hafi verið í samræmi við reglur um lyftur, er hún var sett upp árið 1970? Ef ekki, hvers vegna var hafist handa um breytingar á lyftunni strax eftir að Öryggiseftirlitið kom á staðinn þann 5/7 1973?
2. Hvenær fór síðasta skoðun fram á lyftunni af hálfu Öryggiseftirlitsins fyrir slysið og hvaða athugasemdir voru gerðar við þá skoðun, ef þeim var til að dreifa?"

Í svari stofnunarinnar, dags. 20. júní 1974, segir svo:

„1. Öryggiseftirlitið gat, sbr. 3. lið 37. gr. reglugerðar frá 20. júlí 1972, gert kröfu til lagfæringar á þeim vanbúnaði, sem skoðunarmaður Hákon Þorsteinsson getur um í skýrslu um slysið, dags. 5. júlí 1973.
2. Síðasta skoðun á lyftunni fyrir slysið fór fram 21. nóvember 1972. Þá voru engar athugasemdir gerðar við ástand lyftunnar, enda talið eðlilegt og gert ráð fyrir, að kröfur um lagfæringar samkvæmt hinni nýju reglugerð kæmu almennt ekki til framkvæmda við lyftur, sem áður höfðu hlotið samþykki eftirlitsins, fyrr en eftir árslok 1972, þegar árlegri skoðunaryfirferð við lyfturnar á öllu landinu væri lokið. Vegna sérstakra atvika, þ. e. slyssins, var þó við skoðun hinn 5. júlí 1973 gerð krafa um lagfæringar á téðri lyftu, sbr. skýrslu um lyftuskoðun no. 2021. Þeirri kröfu var strax framfylgt."

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 12. september 1973, segir svo um ástand stefnanda við komuna í slysavarðstofuna og meðferð þá, sem stefnandi hlaut:

„Þann 29/6 '73 kl. 20.15 kom Kjartan Margeirsson hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla á fingrum hægri handar, sem hann hafði orðið fyrir skömmu áður þetta sama kvöld.

Kvaðst hann hafa stutt hægri hendi á hurð í lyftu og klemmst og meitt sig þannig, þegar lyftan fór af stað.

Hringur var á baugfingri, hafði hringurinn skekkst og skorist inn í fingurinn lófamegin á efstu kjúku. Grunn sár voru líka á vísifingri og löngutöng. Mikil bólga var um efsta lið baugfingurs og talsverður snúningur og skekkja á fingrinum, sem benti til brots.

Röntgenmyndir voru teknar af fingrum hægri handar. Brot sást í gegnum efstu kjúku á fjórða fingri, og var um rúmlega 20° skekkju að ræða milli brotanna. Sárin á fingrinum voru saumuð saman, og brotið var lagfært (reponerað) og sett í stuðningsumbúðir. Röntgenmynd, sem tekin var eftir aðgerðina, sýndi svo til hárrétta brotstöðu (anatomiskur situs).

Kjartan kom áfram til eftirlits á Slysadeildina, alls 7 sinnum.

Röntgeneftirlit þann 20/7 '73 sýndi, að brotið var farið að gróa saman, og staða brotsins var góð.

Þann 3/8 '73 voru spelkur teknar og settar á léttar umbúðir.

Þann 17/8 '73 litu fingurnir orðið nokkuð vel út, og var Kjartan farinn að hreyfa baugfingur sæmilega vel.

Síðan kom Kjartan til eftirlits þann 6/12 '73. Kvaðst hann þá hafa náð sér nokkurn veginn alveg í fingrinum, tilfinning var eðlileg. Hann kvaðst ekki vera kulsækinn, og kraftar voru svipaðir og áður. Nokkur aukinn gildleiki var á baugfingrinum ofan við efsta kjúkulið. Húðin var eðlileg og sárið lófamegin vel gróið. 10° vantaði upp á fulla réttingu í efsta lið. Beyging (flexion) var óhindruð að kalla, eða svipað eins og á baugfingri hinnar handarinnar. Hreyfingar í fremsta kjúkulið voru eðlilegar.

Kjartan var óvinnufær vegna þessa framangreinda slyss frá 29/6 '73 — 31/8 '73.

Kjartan hefur ekki komið til eftirlits síðan í desember '73, en ég geri mér vonir um, að hann muni hafa náð sér nokkurn veginn alveg eftir þetta framangreinda meiðsli.

Vottorð þetta er skrifað að beiðni Páls S. Pálssonar, hrl., og er stuðst við upplýsingar í sjúkraskrá Kjartans í Slysadeild Borgarspítalans."

Ólafur Jónsson læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 24. janúar 1975, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Af slysstað var slasaði fluttur í slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík, og liggur fyrir vottorð, ritað af Tryggva Þorsteinssyni, lækni, dagsett þann 12/9 '74, og segir í því, að umræddur Kjartan

hafi komið í slysadeild Borgarspítalans þann 29/6 '73 kl. 20.15 vegna meiðsla, er hlutust af því, að hægri hönd klemmdist í lyftu. Slasaði hafði hring á baugfingri hægri handar, og hafði hringurinn skekkst og skorist inn í baugfingur hægri handar, lófamegin, á efstu kjúku. Auk þess voru grunn sár á vísifingri og löngutöng. Mikil bólga var sögð í efsta lið baugfingursins og talsverður snúningur og skekkja á fingrinum, sem benti til brots, enda sýndu röntgenmyndir, sem teknar voru af fingrum hægri handar, að brot væri gegnum efstu kjúku á 4. fingri, og var rúmlega 20° skekkja milli brotanna. Sárin á fingrinum voru saumuð saman og brotið lagfært og sett í stuðningsumbúðir, og sýndi röntgenmynd, eftir aðgerð, hárrétta stöðu brotsins. Kjartan kom til eftirlits í slysadeild Borgarspítalans alls 7 sinnum, og kemur fram í vottorði, að hann hafi verið óvinnufær í fulla 2 mánuði eftir þetta slys.

Í vottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis, segir, að hann hafi síðast séð Kjartan þann 7/12 1973, og kvaðst hann þá hafa náð sér nokkurnveginn í fingrinum, sérstaklega er tekið fram, að tilfinning var eðlil. og kraftar svipaðir og áður, en ennþá er getið nokkuð aukins gildleika á fingrinum og við efsta kjúkuliðinn. Þá vantaði 10° upp á fulla réttingu í efsta lið.

Undirritaður skoðaði slasaða í dag, og er fingurinn nú alveg eðlil. að sjá, nema hvað mjög vel gróin ör eru lófamegin og annað smá ör handarbaksmegin. Engar skekkjur eru sýnilegar, og vart er um að ræða gildleikamun á baugfingrum. Beygigetan er eðlil. og réttigeta sömuleiðis, þótt aðeins vanti á dorsal flexio í grunnlið hægri baugfingurs. Kraftar virðast alveg jafnir í báðum baugfingrum, en Kjartan segir, að hann sé kulvísari á þessum fingri nú en hann var fyrir slysið. Auk þess kveðst hann finna til óþæginda, ef hann taki mikið á með fingrinum.

Ályktun: Tæplega þrítugur karlmaður, sem varð fyrir slysi fyrir 1½ ári, þannig að baugfingur hægri handar klemmdist milli lyftustóls og veggjar, þannig að efsta kjúka á fingrinum brotnaði, og var um 20° skekkja milli brotanna. Auk þess hlaut hann sár á fingurinn, lófamegin, og skrámur á aðliggjandi fingur. Gert var að sárum þessum á venjulegan hátt og brotið lagfært, og fékkst hárrétt staða. Sárin gréru á eðlil. hátt, og tæpu 1/2 ári eftir slysið er talið, að fingurinn hafi jafnað sig að fullu, nema þá vantaði 10° upp á fulla réttingu í efsta lið. Vegna slyss þessa var Kjartan frá vinnu í 2 mánuði. Undirritaður skoðaði slasaða í dag, og kom í ljós, að fingurinn var alveg eðlil. að öðru leyti en því, að vel

gróin ör sáust, bæði dorsalt og volart, á fingrinum og örlítið vantaði á dorsal flexio í grunnlið fingursins. Þar sem telja verður, að um frekari afleiðingar slyss þessa verði ekki að ræða, er tímabært að meta örorku, er af því hlaust, og telst hún hæfilega metin:

100% í 2 mánuði.
Síðan 50% næstu 2 mánuði.
Um varanlega örorku er ekki að ræða."

Krafa stefnanda er byggð á því, að slys það, sem stefnandi varð fyrir, verði rakið til vanbúnaðar lyftunnar, þar sem búnaður hennar hafi ekki fullnægt ákvæðum reglugerðar þeirrar, sem í gildi var, er slysið varð, þ. e. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem öðlast hafi gildi 1. september 1972. Samkvæmt ákvæði þessu skuli bil milli þakbrúnar lyftustóls að vegg í lyftugöngum ekki vera minna en 7.5 cm, en við umrædda lyftu hafi bil þetta aðeins verið 2.5 cm. Er því haldið fram, að þótt gert sé ráð fyrir því í 37. gr. reglugerðarinnar, að nokkur frestur sé veittur til að færa búnað eldri lyftna til samræmis við ákvæði reglugerðarinnar og þótt Öryggiseftirlit ríkisins hafi leyft notkun lyftunnar í þessu ástandi, þá leysi það eiganda lyftunnar ekki undan ábyrgð, því honum beri að hafa lyftuna í fullkomlega löglegu ástandi, sbr. ákvæði 32. gr. reglugerðarinnar. Er því haldið fram, að lyftur sem þessi, þar sem ekki sé hurð fyrir dyraopi lyftustólsins, séu hættulegri en hinar, sem eru með slíka hurð, því sú hætta sé fyrir hendi, að farþegar komi við vegg lyftugangs og verði á milli, eins og atvik máls þessa sýni. Ekki sé neitt í lyftunni eða við hana, sem vari við þessari hættu. Er því haldið fram, að ef bilið milli veggjar lyftugangs og efri brúnar lyftustóls hefði verið 7.5 cm, séu allar líkur til þess, að stefnandi hefði getað kippt að sér hendinni og þá hefði slysið ekki orðið. Er því og haldið fram, að stefndi hafi ekki tilkynnt slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, svo sem beri að gera skv. 2. tl. 32. gr. reglugerðar nr. 203/1972, og verði hann því að bera allan halla, sem skortur á sönnunum á atvikum að slysinu kunni að hafa í för með sér. Því er að lokum haldið fram, að stefnanda verði ekki kennt um slysið og því beri að leggja fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að öllu leyti á stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að lyfta sú, sem umrætt slys varð við, sé lítil hæggeng lyfta, sem fyrst og fremst sé ætluð tollþjónum og öðrum starfsmönnum tollgæslunnar, en ekki þeim stóra hópi fólks, sem daglega eigi erindi í opinberar stofnanir, sem séu til húsa í byggingunni. Til þeirra nota séu hins vegar lyftur

við aðalinngang hússins, er séu á ýmsan hátt frábrugðnar lyftu þeirri, sem stefnandi slasaðist við, m. a. hraðgengari og með hurðum fyrir dyrum lyftustóls. Lyfta sú, sem hér er fjallað um, hafi verið sett upp á árinu 1970, er í gildi hafi verið reglugerð nr. 56/1929 um eftirlit með lyftum, og hafi lyftan fullnægt öllum kröfum þeirrar reglugerðar. Samkvæmt þeirri reglugerð hafi verið mælt fyrir um það, að í lyftum, sem ekki hefðu hurð fyrir dyrum lyftustóls, skyldi bil milli brúna lyftustóls og veggjar mest vera 2.5 cm og hafi búnaður lyftunnar verið í samræmi við það. Hinn 1. september 1972 hafi svo gengið í gildi reglugerð nr. 203/1972, sem leyst hafi af hólmi reglugerð nr. 56/1929. Í 9. tl. 14. gr. hinnar nýju reglugerðar sé mælt fyrir um, að fjarlægð frá þakbrún að vegg skuli vera 7.5 cm, en hvergi sé gert ráð fyrir, að þessu skuli breytt í lyftum, sem settar voru upp í gildistíð eldri reglugerðarinnar. Samkvæmt 2. og 3. tl. 37. gr. hinnar nýju reglugerðar sé Öryggiseftirliti ríkisins heimilað að krefjast breytinga á einstökum lyftum, telji það slíkt nauðsynlegt af öryggisástæðum, en ekki sé gerð frekari grein fyrir því, til hvaða atriða þetta nái. Er á það bent, að skoðun á lyftunni hafi farið fram í nóvembermánuði 1972 og hafi Öryggiseftirlit ríkisins ekki séð ástæðu til að krefjast breytinga á búnaði lyftunnar. Er því haldið fram, að þótt stefnubreyting hafi orðið hjá opinberum aðiljum varðandi úrræði til að koma í veg fyrir, að menn klemmist milli lyftustóls og veggjar, geti hvorug leiðin fyrirfram útilokað alla slysahættu. Er því haldið fram, að lyftan hafi verið í fullkomnu lagi og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda og hvorki hafi nýja reglugerðin sjálf né Öryggiseftirlit ríkisins mælt fyrir um breytingu. Ekki hafi heldur gefist tilefni til að breyta búnaði lyftunnar af öðrum ástæðum. Því hafi starfsmenn stefnda verið í góðri trú um, að búnaður lyftunnar væri óruggur. Því sé ekki grundvöllur til að telja, að um hafi verið að ræða saknæman vanbúnað lyftunnar, er leiði til bótaskyldu stefnda á tjóni stefnanda. Breyti þar engu um, þótt breyting hafi verið gerð eftir slysið. Þá er því haldið fram, að seinkun á að tilkynna slysið Öryggiseftirliti ríkisins breyti ekki neinu um ábyrgð stefnda, enda sé atvik að slysinu upplýst að fullu. Þá er því mótmælt, að fébótaábyrgð verði felld á stefnda á grundvelli hlutlægrar fébótaábyrgðar, svo sem lagt virðist til grundvallar af hálfu stefnanda, enda sé ekki lagaheimild til slíks. Þá er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi eigi sjálfur alla sök á slysinu, enda hafi hann sýnt af sér stórkostlega óvarkárni með því að styðja hendinni í algeru hugsunarleysi á vegg

lyftugangsins. Er því haldið fram, að stefnanda hafi mátt vera það augljóst, að hurð var ekki fyrir dyrum lyftustólsins, enda hafi hann áður verið búinn að ferðast með lyftunni. Þá er því og haldið fram, að lyftan sé það hæggeng, að stefnandi hafi átt að geta kippt hendinni að sér í tæka tíð, en einnig hafi hann átt að geta stöðvað lyftuna með því að styðja með vinstri hendinni á hnapp þann, sem til þess er ætlaður, og hefðu meiðsli stefnanda þá orðið óveruleg.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 56/1929 um eftirlit með lyftum segir svo: „Engar hurðir þarf á dyragáttum lyftustólsins, ef tryggt er að allir veggir og hurðir svelgsins á inngönguhlið séu sléttar og ekkert sem nemur inn í svelginn og stóllinn er ekki meira en 2.5 cm. frá veggjum.“ Með setningu reglugerðar nr. 203/1972 um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði, sem sett var með stoð í lögum nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og öðlaðist gildi 1. september 1972, var reglugerð nr. 56/1929 felld úr gildi. 9. tl. 14. gr. hinnar nýju reglugerðar er svohljóðandi:

„Við sjálfvirkar fólks-lyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólnum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án útistandandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm. Fjarlægð frá þakbrún til veggjar 7,5 cm.

Í lyftustólum án grindar í dyrum má í stað hreyfanlegs gólfs nota rekstrarörugggan tímaliða. Veggur og hurðir í dyrum lyftuganga skulu málaðir mismunandi litum.

Listar, sem ekki liggja lóðrétt og kunna að standa út úr vegg lyftuganganna mega ekki standa lengra en 3 mm út úr honum og þá skulu brúnir þeirra skásniðnar þannig, að hliðarnar myndi 20° horn við lóðréttan flöt.

Sams konar listar, sem eru lóðréttir, skulu sniðnir á endanum 20° horn við lóðréttan flöt.“

Ákvæði 37. gr. reglugerðar nr. 203/1972 eru svohljóðandi:

„1. Þar sem ákvæði reglugerðar þessarar eru strangari en eldri ákvæði, má veita undanþágu frá þeim, ef um er að ræða lyftur, sem verið er að setja upp, þegar reglugerð þessi tekur gildi, eða keyptar hafa verið til landsins fyrir þann tíma.

2. Eigi að umbyggja eldri lyftu, auka við hana, eða framkvæma

á henni svo miklar breytingar eða endurbætur, að talist geti aðalviðgerð, skal það gert samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Ef um minniháttar breytingar er að ræða, getur Öryggiseftirlitið krafist þess, að farið sé eftir ákvæðum reglugerðarinnar að svo miklu leyti, sem kann að þykja nauðsynlegt af öryggisástæðum.

3. Við eldri lyftur, sem ekki fullnægja kröfum reglugerðar þessarar, getur Öryggiseftirlitið krafist þeirra úrbóta, sem af öryggisástæðum kunna að þykja nauðsynlegar."

Aflað hefur verið umsagnar Öryggismálastofnunar ríkisins um niðurlagsákvæði 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972. Segir þar svo:

„Vegna fyrirspurnar yðar skal eftirfarandi upplýst:

Í 9. tl. 14. gr. reglug. 203/1972 stendur meðal annars: „Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm. Fjarlægð frá þakbrún til veggjar 7,5 cm."

Ég tel, að þótt þýðing síðari setningarinnar í þessari tilvitnun geti valdið tvísýnum skilningi í augum þeirra, sem ekki þekkja til lyftubúnaðar, þá sé þýðing hennar ótvíræð í augum þeirra, sem starfa við lyftuþjónustu. Það er setja þær upp, halda þeim við og hafa eftirlit með þeim. Við teljum, að 7,5 cm eigi að þýða lágmark, það er að setningin skiljist þannig, að fjarlægð frá þakbrún til veggjar sé minnst 75 mm, enda veit ég ekki til, að þessi umrædda fjarlægð hafi nokkurs staðar verið höfð of lítil vegna vanþekkingar á þessu eða misskilnings á þessari grein, þótt hana megi auðvitað lagfæra til gleggri skilnings.

Þegar reglugerð þessi var í undirbúningi, sem mun hafa verið árið 1968, var þáverandi öryggismálastjóra send drög að nýrri reglugerð frá Svíþjóð.

Í drögunum er meðal annars gert ráð fyrir, að þetta umrædda bil sé svipað og nú er í íslensku reglugerðinni.

Í þessum sænsku drögum segir meðal annars: „ved personförende elevatorer skal overholdes afstande fra skaktvæg på 70 ± 10 mm til stolåbningens overkant" o. s. frv.

Ég tel, að við þetta hafi meðal annars verið stuðst, þegar íslenska reglug. var samin.

Í code of practice for the safe construction and installation of electric passenger, goods and service lifts, sem ILO birtir 1972, segir í kafla um Running clearance A7.1.1c:

„When the clear height of the car entrance is less than 8 ft 3 in (2,50 m) the clearance between the top of the car entrance and the facing wall of the well should be between 2¾ and 4¾ in (7—12 cm)."

Af þessu má einnig telja víst, að orðalagið á ísl. reglugerðinni eigi við *minnst 7,5 cm.*"

Samkvæmt því, sem komið er fram af hálfu Öryggiseftirlits ríkisins í málinu, þykja ekki efni til annars en að leggja til grundvallar, að umrædd lyfta hafi fullnægt ákvæðum reglugerðar nr. 56/1929, er slysið varð.

Dómurinn hefur farið á vettvang og kynnt sér umrædda lyftu. Gólfflötur lyftustólsins er að innanmáli tæpur 1 m^2. Ekki er hurð fyrir dyraopi sjálfs lyftustólsins, en hurðir fyrir dyraopum að lyftugangi á hverri hæð. Hæð frá gólfi upp á stjórnborð er um 146 cm. Hæð dyraops lyftustólsins er um 2 m. Við vettvangsskoðun kom í ljós, að lyftustóllinn byrjar að hreyfast sem næst um leið og stutt er á stjórnhnappa.

Dómurinn lítur svo á, að við lestur niðurlagsákvæðis 1. mgr. 9. tl. 14. gr. reglugerðar nr. 203/1972 hafi verið eðlilegt að álykta, að verið væri að kveða á um hámarksfjarlægð, þótt umsögn Öryggiseftirlits ríkisins taki nú af allan vafa um það, til hvers sé ætlast með ákvæði þessu. Þykir því ekki verða byggt á því, að um saknæman vanbúnað lyftunnar hafi verið að ræða að þessu leyti. Hafði Öryggiseftirlit ríkisins ekki krafist breytinga á búnaði lyftunnar eftir gildistöku reglugerðar nr. 203/1972. Hvorki er í eldri reglugerðinni né hinni nýju krafist sérstakra varúðarskilta við lyftur af þessari gerð. Sá hættueiginleiki lyftunnar, sem varð virkur, er slys þetta varð, þykir ekki svo veigamikill, að grundvöllur sé til að leggja á stefnda hlutlæga ábyrgð á tjóni stefnanda vegna þessa atriðis. Stefnandi hafði notað umrædda lyftu, áður en hann kom í húsið í þetta skipti. Mátti honum vera ljóst, að ekki var sérstök hurð fyrir dyrum lyftustólsins og að hurðin fyrir dyrunum að lyftugöngunum og veggur þeirra hreyfðist ekki með lyftunni. Stefnandi var einn í lyftunni og þurfti því ekki að standa við dyrnar. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið bent á tiltekin atriði, er áhrif kunna að hafa á fébótaábyrgð stefnda, sem ekki hafi tekist að upplýsa í málinu. Þykir slys þetta eingöngu verða rakið til gáleysis stefnanda. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir ekki grundvöllur til að leggja fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins á stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Kostnaður stefnanda af rekstri málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, sem ákveðast kr. 50.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Kristjáni Flygering og Ragnari Ingimarssyni verkfræðingum.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Margeirssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Kostnaður stefnanda af rekstri málsins, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns hans, Páls A. Pálssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 30. september 1977.

Nr. 8/1977. **Ingi B. Ársælsson**
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)
gegn
Metu Hikl
(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 14. janúar 1977. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framgang uppboðs á íbúð á efstu hæð til vinstri (4. hæð) í húsinu nr. 10 við Stigahlíð. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ingi B. Ársælsson, greiði stefndu, Metu Hikl, 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 20. desember 1976.

Gerðarbeiðandi, Jón N. Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, hefur krafist þess f. h. Meta Hikl, sem búsett er í Marl í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, að fram fari nauðungaruppboð á hluta fasteignarinnar nr. 10 við Stigahlíð, þ. e. íbúð á efstu hæð t. v., til lúkningar lögtaksskuld, D.M. 8.632.00 með 1% vöxtum á mánuði frá 22. júní 1973 til greiðsludags, kr. 48.470 í innheimtulaun, 2.000 kr. í kostnað auk kostnaðar við uppboðið. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gerðarþola vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Af gerðarþola hálfu er þess krafist, að synjað verði um uppboðið og að gerðarbeiðandi verði úrskurðaður til að greiða málskostnað.

Málið var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, sem fór fram þann 17. þessa mánaðar.

Þann 29. júlí 1975 fór fram að kröfu gerðarbeiðanda lögtak í eignum gerðarþola, Inga B. Ársælssonar, sem búsettur er að Dynskógum 3. Krafa þessi var vegna meðlags með óskilgetnu barni Meta Hikl og gerðarþola. Var gert lögtak í talinni eign gerðarþola, íbúð á efstu hæð t. v. í húsinu Stigahlíð 10, en þinglesinn eigandi er skv. framlögðu veðbókarvottorði Byggingarfélag verkamanna. Lögtakskröfurnar eru þessar: höfuðstóll D.M. 8.632.00 með 1% mánaðarvöxtum frá 22. júní 1973 til greiðsludags, „kr. 48.470 í innh.laun samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 2.000 auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð."

Uppboðsbeiðni er dagsett 30. september 1975. Gerðarþola var tilkynnt um hana þann 13. ágúst 1976, auglýsing var send til birtingar þann 1. september og var birt í 68., 70. og 72. tbl. Lögbirtingablaðs 1976. Uppboðið var tekið fyrir á skrifstofu uppboðs-

haldara þann 4. nóvember sl., og var þá ákveðin sala á eigninni sjálfri þann 22. sama mánaðar. Fór uppboð fram, en ákveðið var, að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram þann 9. þessa mánaðar, en áður en til þess kom, bárust uppboðshaldara skrifleg mótmæli af gerðarþola hálfu. Voru þau tekin til athugunar í uppboðsréttinum þann 9. þ. m. og þá ákveðið, að sérstakt uppboðsréttarmál yrði rekið um ágreining aðiljanna.

Þessi ágreiningur er þannig til kominn, að gerðarþoli bauð fram, þegar er fyrra uppboð fór fram, greiðslu í formi tveggja veðskuldabréfa, að upphæð kr. 375.000 og kr. 412.500 að eftirstöðvum til. Var þessu framboði hafnað af gerðarbeiðanda.

Þessi veðskuldabréf hafa nú verið afhent réttinum. Þau eru bæði gefin út af Rafni Bjarnasyni, Rauðahjalla 1 í Kópavogi, til handhafa, en útgáfudagur er 17. mars 1975. Bæði eru tryggð með samhliða 3. veðrétti og uppfærslurétti í húseigninni nr. 1 við Rauðahjalla, næst eftir 1. veðréttarskuld skv. 2 veðbréfum, samtals kr. 800.000 upphaflega, og 2. veðréttarskuld, upphaflega kr. 300.000, og eru til 8 ára, og greiðast veðskuldirnar með jöfnum árlegum afborgunum þann 1. júní ár hvert, í 1. skipti þann 1. júní 1975. Veðskuldirnar bera 10% ársvexti. Annað bréfanna var upphaflega kr. 550.000 og nú að eftirstöðvum skv. áritun á bréfið kr. 412.500, en hitt var upphaflega kr. 500.000, nú að eftirstöðvum kr. 375.000. Tíðkanleg ákvæði um vanefndaaðildir skuldareiganda, þ. á m. um sölu veðsins án undangengins dóms og aðfarar, eru skráðar í texta bréfanna. Hefur bréfunum verið þinglýst í Kópavogi án athugasemda við þinglýsinguna.

Gerðarbeiðandi vísar til lögtaksgerðarinnar um uppboðsheimild og að henni hafi ekki verið áfrýjað. Hann kveðst ekki taka við veðskuldabréfum þessum sem greiðslu uppboðskröfunnar, enda nægi eftirstöðvar bréfanna ekki til þeirrar greiðslu. Hér sé gerðarþoli raunar ekki að bjóða fram greiðslu, heldur aðeins nýja tryggingu.

Af hálfu gerðarþola er það vefengt, að Meta Hikl sé að lögum réttur krefjandi hér umræddrar meðlagskröfu. Ætla megi, að hún fái greidd meðlög með barninu frá Jugendamt í Marl, þar sem hún býr, og sú stofnun eigi þá endurkröfurétt á hendur gerðarþola og sé nauðsyn að fá þetta atriði upplýst. Eigi gerðarþoli engan veginn að vera verr settur en hérlendir barnsfeður, þó móðir barnsins sé þýsk kona. Tilboð gerðarþola um afhendingu þessara skuldabréfa sé fyllilega lögmæt og sé eigandi kröfunnar engan veginn vanhaldinn af að fá þau sem greiðslu á uppboðskröfunni

með kostnaði. Það sé alsiða, að veðskuldabréf sem þessi séu notuð til greiðslu skuldbindinga, og megi nefna, að Innheimtustofnun sveitarfélaga taki við greiðslum í því formi.

Gerðarbeiðandi hefur lagt fram lögtaksgerð sem uppboðsheimild. Hefur henni ekki verið áfrýjað, og verða varnir gerðarþola, sem byggjast á göllum á gerðinni eða sem beinast að aðild gerðarbeiðanda, ekki teknar til greina í uppboðsrétti.

Gerðarbeiðandi hefur neitað að taka framangreind veðskuldabréf sem greiðslu á uppboðskröfunni. Verður framboð þessara bréfa ekki talið hindra framgang uppboðs, sem því nær fram að ganga að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Ber að úrskurða gerðarþola til greiðslu málskostnaðar vegna þessa uppboðsréttarmáls. Þykir hann eftir atvikum hæfilega ákveðinn **kr. 20.000.**

Þorsteinn Thoarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð fer fram að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 20.000 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 49/1976. **Seyðisfjarðarkaupstaður vegna hafnarsjóðs Seyðisfjarðar** gegn **Landssambandi ísl. útvegsmanna og til réttargæslu Ísbirninum h/f og Hafsíld h/f.**

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Seyðisfjarðkaupstaður vegna hafnarsjóðs Seyðisfjarðar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 56/1976. **Þorleifur Óli Jónsson**
gegn
Kristjáni Torfasyni bæjarfógeta og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorleifur Óli Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 198/1976. **Jón V. Jónsson s/f**
gegn
Innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón V. Jónsson s/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, innheimtumanni ríkissjóðs í Hafnarfirði, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 215/1976. **Ófeigur Björnsson**
gegn
Elvari Bæringssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Ófeigur Björnsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Elvari Bæringssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 12.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 70/1977. **Vigfús Jóhannesson**
gegn
Unnsteini Beck skiptaráðanda
f. h. þrotabús Núma h/f.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Vigfús Jóhannesson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Unnsteini Beck skiptaráðanda f. h. þrotabús Núma h/f, 8.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 82/1977. **Kristján Knútsson**
gegn
Sæmundi Péturssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján Knútsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 85/1977. **Guðmundur Karlsson**
gegn
Aðalbraut h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðmundur Karlsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 88/1977. **Hilmar Björgvinsson**
gegn
Níels Einarssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hilmar Björgvinsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Níels Einarssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 92/1977. **Böðvar Pétursson**
gegn
krefjanda eignarréttar.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Böðvar Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 97/1977. **Sigmar Pétursson**
gegn
Hljómsveitinni Islandia.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sigmar Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 112/1977. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Stefáni Bjarnasyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 118/1977. **Þörungavinnslan h/f**
gegn
Jóhanni Rönning h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þörungavinnslan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 119/1977. **Þörungavinnslan h/f**
gegn
Seifi h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þörungavinnslan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 120/1977. **Þörungavinnslan h/f**
gegn
Kristjáni Ó. Skagfjörð h/f.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þörungavinnslan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 124/1977. **Magnús R. Magnússon og Elín Ólafsdóttir**
gegn
Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda
f. h. þrotabús Magnúsar R. Magnússonar.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Magnús R. Magnússon og Elín Ólafsdóttir, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði þau stefnda, Sigurði M. Helgasyni skiptaráðanda f. h. þrotabús Magnúsar R. Magnússonar, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 5.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. október 1977.

Nr. 93/1977. **Níels Einarsson**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Hilmari Björgvinssyni
(enginn).

Fjárnámsgerð staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 16. júní 1977. Krefst hann þess, að staðfest verði fjárnámsgerð, er fram fór í fógetarétti Kópavogs 1. desember 1976, en fjárnám var þá gert í fasteigninni nr. 27 við Fögrubrekku í Kópavogi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi sótti ekki þing í málinu við fyrirtöku þess, og er honum þó löglega stefnt.

Málið er flutt skriflega samkvæmt heimild í 2. mgr. 47. gr. laga nr. 75/1973 og dæmt eftir framlögðum skilríkjum.

Stefndi áfrýjaði framangreindu fjárnámi með stefnu 8. júní 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Er það mál skyldi þingfest 3. október 1977, sótti hann eigi þing, og gekk því útivistardómur í málinu.

Engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð, sem því ber að staðfesta.

Rétt er að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 40.000 krónur.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð á að vera óröskuð.

Stefndi, Hilmar Björgvinsson, greiði áfrýjanda, Níels Einarssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Kópavogs 1. desember 1976.

Ár 1976, miðvikudaginn 1. desember, var fógetaréttur Kópavogs settur að Hamraborg 7 og haldinn þar af fulltrúa bæjarfógeta Leó E. Löve með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið málið: Níels Einarsson gegn Hilmari Björgvinssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit sáttar fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 25. okt. 1976, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 645.571 með 2% mánaðarvöxtum af kr. 154.666 frá 25. janúar 1976 til 25. febrúar s. á., af kr. 311.523 frá þeim degi til 25. mars s. á., af kr. 470.571 frá þeim degi til 15. apríl s. á., af kr. 645.571 frá þeim degi til 20. nóv. s. á., en 2.5% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 4.850 í endurrits-, stimpil- og fjárnámsbeiðnikostnað, kr. 77.100 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en á kostnað gerðarþola.

F. h. gerðarþola mætir Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola Fögrubrekku 27. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og bryndi fyrir mætta að skýra gerðarþola frá fjárnáminu. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Mánudaginn 10. október 1977.

Nr. 238/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Ellert Jónssyni
(Hákon Árnason hrl.).

Fjársvik. Skjalafals. Kyrrsetning bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Í héraðsdómi eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Með vísun til hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði hans um refsingu ákærða og frádrátt gæsluvarðhaldsdaga frá henni. Staðfesta ber og ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta, þó þannig, að ársvextir ákveðast 9% frá 12. september 1974 til 16. júlí s. á. og 13% frá þeim degi til greiðsludags. Samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 74/1974 þarf ekki að höfða mál „til réttlætingar kyrrsetningu", sem fram fer eftir þessari lagagrein, svo sem hér var. Ber því að fella úr gildi ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar bifreiðarinnar R 5498.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hans, samtals 130.000 krónur fyrir báðum dómum, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða, Sigurðar Ellerts Jónssonar, og um frádrátt gæsluvarðhaldsdaga frá henni eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði Alþýðubanka Íslands h/f 200.000 krón-

ur með 9% ársvöxtum frá 12. september 1974 til 16. júlí s. á. og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um staðfestingu kyrrsetningar bifreiðarinnar R 5498 er úr gildi fellt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, samtals 130.000 krónur fyrir báðum dómum, og saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1976.

Ár 1976, föstudaginn 9. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 211/1976: Ákæruvaldið gegn Sigurði Ellert Jónssyni, sem tekið var til dóms 5. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. júní 1975, „á hendur Sigurði Ellert Jónssyni, leigubifreiðarstjóra, Bárugötu 6 í Reykjavík, fæddum þar í borg 13. júlí 1931, fyrir:

I. Fjársvik, með því að framvísa í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi í Reykjavík, 26. apríl 1974, sparisjóðsbók nr. 74321 við aðalbankann og hagnýta sér til úttektar á kr. 350.000.00 í reiðufé af tilgreindri innstæðu bókarinnar, sem ákærði vissi, að móðir hans, Þórey Guðlaugsdóttir, hafði opnað þann sama dag og skráð á nafn ákærða með 370.000.00 kr. innleggi, greiddu með tékka, er hún fann útfylltan í fórum ákærða og tók af honum vegna ölvunar. Tékkann, sem var á Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, C Nr. 20799, hafði ákærði gefið út í Reykjavík 25. apríl 1974 til handhafa, að fjárhæð kr. 370.000.00 á hlaupareikning nr. 1028, en tékkaeyðublaðið hafði ákærði fengið út á hlaupareikning sinn við þann banka, nr. 935, sem hafði verið lokað 30. október 1972.

II. Skjalafals, með því að framvísa í Alþýðubankanum h/f í Reykjavík 12. september 1974 tékka á Sparisjóð Hafnarfjarðar, L Nr. 73671 á hlaupareikning nr. 1079 og dagsett-

an 11. september, sem útgefandinn, Kristinn Árnason, Strandgötu 30 í Hafnarfirði, hafði afhent í viðskiptum við leigubifreiðarstjóra frá Borgarbílastöðinni til greiðslu á kr. 850.00, útgefinn með eigin nafnritun, en óútfylltan að öðru leyti, en ákærði Sigurður Ellert hafði við framvísun tékkans í Alþýðubankanum útfyllt að fjárhæð kr. 850.000.00 og á bakhlið hans falsað framsalsnafnritunina Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49 Hf S. 50156. Með tékkanum greiddi ákærði 650.000.00 kr. innlegg á sparisjóðsbók sína við bankann nr. 340820, en fékk mismuninn, kr. 200.000.00, greiddan í reiðufé.

Brot ákærða, sem í I. lið greinir, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans, sem í II. lið greinir, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1955 9/2 Reykjavík: Dómur: Fangelsi 5 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 2. mgr. 162. gr., 215. og 248. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1956 13/1 Reykjavík: Staðfest í Hæstarétti.

1964 19/11 Reykjavík: Dómur: 12.000 kr. sekt fyrir brot gegn 108. gr. hegningarlaga.

1967 22/5 Reykjavík: Veitt uppreist æru, að því er snertir dóm Hæstaréttar uppkv. 13/1 1956.

1967 21/9 Akureyri: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 7. gr. lögreglusamþykktar.

1969 1/4 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1969 5/8 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði.

1969 5/8 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. gr. hegningarlaga.

1970 13/3 Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3. gr. reglugerðar nr. 105/1936 og lögum nr. 69/1936.

1974 24/5 Reykjavík: Sátt, 3.400 kr. sekt fyrir brot á reglugerð nr. 185/1966 og 48. gr. og 51. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

I.

Með bréfi, dagsettu 5. nóvember 1974, kærði Búnaðarbanki Íslands út af því, að tékki C Nr. 20799, er reyndist innstæðulaus, að fjárhæð kr. 370.000, útgefinn til handhafa 25. apríl 1974 af ákærða, Sigurði Ellert Jónssyni, stílaður á hlaupareikning nr. 1028 við Útvegsbanka Íslands, útibúið á Seyðisfirði, hefði verið seldur í aðalbankanum. Hefði þetta gerst 26. apríl sama ár og framseljandi verið Þórey Guðlaugs. Þegar tékkinn barst útibúinu hinn 9. maí reyndist hlaupareikningur nr. 1028 ekki vera til þar og ákærði enga innstæðu eiga í útibúinu. Andvirði tékkans, kr. 370.000, hafði Þórey Guðlaugsdóttir, Langholtsvegi 13, lagt inn á sparisjóðsbók nr. 74321, sem hún stofnaði á nafni sonar síns, ákærða Sigurðar Ellerts. Sama dag hafði ákærði komið í Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og tekið út úr sparisjóðsbókinni kr. 350.000. Af hálfu bankans hafði verið reynt að ná sparisjóðsbókinni, er var með 20.000 kr. innstæðu, hjá ákærða, en tilraunir til þess ekki borið árangur.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, skýrði frá því í upphafi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni, að hann hafi á árunum 1967 til 1969 verið með fiskverkun á Seyðisfirði. Hafði hann viðskipti við útibú Útvegsbankans þar á staðnum og opnaði hlaupareikning nr. 935. Árið 1969 veiktist ákærði og varð að hætta fiskverkuninni. Fluttist hann til Reykjavíkur og hugði ekkert að bankaviðskiptunum eftir það. Hinn 25. apríl 1974 gaf ákærði út tékka á eyðublað C Nr. 20799, er var úr tékkhefti frá útibúinu. Tékkinn, sem var að fjárhæð kr. 370.000, var gefinn út til handhafa á hlaupareikningsnúmerið 1028. Var ástæðan sú, að ákærði mundi ekki númerið á hlaupareikningi sínum, 935, og tékkinn átti aldrei að fara í banka. Ákærði var nokkuð drukkinn daginn eftir og var heima hjá móður sinni, Þóreyju Guðlaugsdóttur, að Langholtsvegi 13. Hafði hann tékkann meðferðis og var að handleika hann ásamt meira fé. Móður ákærða líkaði það ekki og tók tékkann, án þess að ákærði vissi af því. Fór hún með hann í Búnaðarbankann og lagði hann inn á sparisjóðsbók á nafni ákærða. Ákærði komst að þessu sama dag. Fékk hann sparisjóðsbókina hjá móður sinni, fór með hana í Austurbæjarútibú Búnaðarbankans og tók út úr henni kr. 350.000. Var það hugmynd ákærða að fara með peninga þessa niður í Útvegsbanka, greiða þá þar og fá mál þetta út úr heiminum, enda hafi hann vitað, að innstæða var ekki til fyrir tékkanum. Ákærði gerði það ekki, en var með peningana í fórum sínum ölvaður og týndi þeim.

Í fyrri framburði sínum í dómi staðfesti ákærði þetta, en skýrði að auki frá því, að fyrir um 7 árum hafi hann falið útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði að innheimta fyrir sig víxil að fjárhæð kr. 200.000, er maður að nafni Valdimar Erlendsson hafði samþykkt. Ákærði stóð í þeirri trú, að þessar 200.000 kr. stæðu inni á reikningi hans. Hann hafði þó ekki fengið neina tilkynningu um þetta frá bankanum né heldur að hlaupareikningi hans nr. 935 hefði verið lokað.

Í dómi síðar skýrði ákærði frá því, að hann hefði ekkert sérstakt haft í huga, er hann gaf framangreindan tékka út, og tilgangur sinn hafi ekki verið, að hann yrði seldur í banka. Ákærði setti hlaupareikningsnúmerið 1028 á tékkann af fikti. Ákærði kveðst ekkert hafa minnst á tékkann við móður sína, er hann kom heim til hennar, en hún hafi vitað, að hann var með mikla peninga á sér. Ákærði fór á snyrtiherbergi og skyldi jakka sinn eftir á stól í stofunni eða eldhúsinu. Ákærði hafði ekki mjög langa viðdvöl hjá móður sinni, og þegar hann fór á brott, minntist hún ekkert á tékkann við hann. Ákærði telur, að hann hafi orðið var við það daginn eftir, að tékkinn var horfinn úr veski hans. Fór hann heim til móður sinnar og minntist á þetta við hana. Sagði hún þá ákærða, að hún hefði tekið tékkann og lagt andvirði hans inn á sparisjóðsbók við Búnaðarbanka Íslands. Ákærði heimtaði sparisjóðsbókina, og lét hún hann fá hana. Ákærði fór þessu næst í Búnaðarbankann og tók út úr sparisjóðsbókinni kr. 350.000. Ákærði var ölvaður heima hjá sér sama kvöld og hann fékk peningana í hendur. Var þar nokkuð af fólki, og hurfu peningarnir frá ákærða, en með hvaða hætti, getur hann ekki sagt um. Sparisjóðsbókin hefur ekki fundist.

Móðir ákærða, Þórey Lilja Guðlaugsdóttir, Langholtsvegi 13, færðist undan af heilsufarsástæðum að koma fyrir dóm í máli þessu og bera vitni. Hjá rannsóknarlögreglunni skýrði vitnið svo frá, að sonur þess, ákærði Sigurður Ellert, hafi komið heim til þess að Langholtsvegi 13 einhvern tíma vorið 1974 ásamt fleira fólki, sem vitninu leist ekki á. Bæði ákærði og fólk þetta var drukkið. Vitnið gaf ákærða að borða og sá þá, að hann var að handleika tékka, sem var að fjárhæð kr. 370.000. Fannst vitninu hann fara óvarlega með tékka með svo hárri fjárhæð. Vitnið talaði um þetta við ákærða, en hann bað það að hafa ekki afskipti af því, hann gæti séð um sig. Ákærði fór á snyrtiherbergi, en fór úr jakkanum áður. Vitnið tók þá tékkann og faldi hann í því skyni, að hann lenti ekki í óheppilegum höndum, eins og vitnið orðar

það. Ákærði fór á brott, en daginn eftir fór vitnið í leigubifreið í viðskiptabanka þess, þ. e. Búnaðarbanka Íslands. Lagði það andvirði tékkans inn á sparisjóðsbók á nafn ákærða. Aðstoðaði stúlka í bankanum vitnið við að útfylla innlagningarseðilinn, en vitnið ritaði nafn sitt á hann. Vitnið ritaði framsal á tékkann og fékk gjaldkera hann. Færði gjaldkerinn númer sparisjóðsbókarinnar á innlagningarseðilinn og fékk vitninu sparisjóðsbókina í hendur. Vitnið fór með sparisjóðsbókina heim til þess. Kom ákærði þangað sama dag og spurði vitnið um tékkann. Vitnið sagði ákærða, hvað það hefði gert við tékkann, og sagði ákærði þá, að innstæða væri ekki til fyrir honum. Vitnið afhenti ákærða sparisjóðsbókina. Vitnið bauð ákærða að ganga frá málinu, því að þetta væri þess verk, en því hafnaði ákærði og sagðist ætla að gera það sjálfur. Vitnið kveðst hafa talið, að ákærði ætti peninga á banka í útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, enda hafði hann haft mikil viðskipti þar, er hann var við fiskverkunina.

Í bréfi frá útibúi Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, dags. 6. nóvember 1976, segir, að ávísun C Nr. 20799 sé úr tékkhefti, sem ákærði Sigurður Ellert hafi fengið á hlaupareikning nr. 935. Ákærði hafði opnað hlaupareikninginn 17. nóvember 1967, og var hann aðallega notaður í sambandi við kaup ákærða á ufsa. Síðasti tékki, er var nr. 20795, var innleystur 17. mars 1969. Reikningurinn var ekki notaður meira, og var honum lokað 30. október 1972.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í I. kafla ákæru og nú hefur verið rakið. Með því að taka út kr. 350.000 í Búnaðarbanka Íslands af innstæðu sparisjóðsbókar nr. 74321, sem hafði stofnast með innstæðulausum tékka, útgefnum af ákærða sjálfum, og nota í eigin þágu hefur ákærði orðið brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Búnaðarbanki Íslands gerði upphaflega skaðabótakröfu í máli þessu, en féll frá henni. Samkvæmt upplýsingum frá Þorvaldi Einarssyni héraðsdómslögmanni, lögfræðingi bankans, samþykkti ákærði víxil fyrir framangreindri fjárhæð og lét bankanum í té ásamt tryggingarbréfi með veði í landspildu í landi Miðdals í Mosfellshreppi.

II.

Miðvikudaginn 18. september 1974, kl. 1115, fór Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður í Alþýðubankann vegna tilmæla frá

bankanum þá rétt áður um rannsókn út af því, að kona, er stödd væri þar, væri að taka út úr bankabók af innstæðu, sem talið var, að hefði verið lögð inn á bókina með fölsuðum tékka. Með Hauki fór Jón Svanþórsson rannsóknarlögreglumaður, og höfðu þeir tal af Gísla Jónssyni, skrifstofustjóra bankans. Hjá honum var stödd Inga Lára Matthíasdóttir, Hátúni 6, og kvaðst hún vera að taka út úr sparisjóðsbók fyrrverandi eiginmanns síns, ákærða Sigurðar Ellerts Jónssonar. Inga Lára skýrði frá því, að ákærði væri í leigubifreið fyrir utan bankann. Væri hann lasinn og vildi ekki koma inn. Ákærði var sóttur út í bifreiðina, og bar Gísli á hann, að hann hefði komið í bankann 12. september 1974 og lagt inn ávísun að fjárhæð kr. 850.000. Hefðu kr. 650.000 af fjárhæðinni farið inn á sparisjóðsbók hans nr. 340820, en mismuninn, kr. 200.000, hefði hann fengið greiddan í peningum. Þegar bankinn setti tékkann í ávísanaskipti Seðlabankans, hefði komið í ljós, að hann var falsaður. Ákærði neitaði að hafa komið með umræddan tékka í bankann og kvaðst hafa lagt inn fjárhæðina, kr. 650.000, í peningum, en ekki ávísun. Nefndur tékki var í Sparisjóði Hafnarfjarðar. Fór Haukur Bjarnason sama dag í sparisjóðinn og hafði tal af fulltrúa þar. Sýndi hann Hauki tékkann, en kvaðst ekki geta afhent hann, þar sem eftir væri að kanna málið nánar. Hann lét hins vegar í té ljósrit af tékkanum. Rétt á eftir komu þeir Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður og Kristinn Hallgeir Árnason, Strandgötu 30, Hafnarfirði, í sparisjóðinn, en eyðublað tékkans var úr tékkhefti Kristins og nafn útgefanda Kristinn Árnason. Kristinn kvaðst minnast þess að hafa fengið leigubifreiðarstjóra til að annast búðarinnkaup fyrir sig nokkrum dögum áður. Hefði hann greitt honum með tékkanum, sem þá var að fjárhæð kr. 850. Kristinn kvaðst hafa ritað nafn sitt á tékkann sem útgefandi, en látið bifreiðarstjórann fylla hann út að öðru leyti. Þó kvaðst hann minnast þess að hafa skrifað tölustafina 850 á tékkann í þar til gerðan reit.

Rannsóknarlögreglan hélt áfram rannsókn í málinu, og var ákærði Sigurður Ellert úrskurðaður daginn eftir í allt að 20 daga gæsluvarðhald. Ákærði kærði úrskurðinn til Hæstaréttar, en hann var staðfestur þar hinn 26. sama mánaðar.

Alþýðubankinn h/f áréttaði kæru sína með bréfi, dags. 20. september. Segir þar á þessa leið:

„Hinn 12 .sept. s.l. kom í bankann maður með ávísun að fjárhæð kr. 850.000.00 útgefna 11.9.'74 af Kristni Árnasyni á hlaupareikning nr. 1079 við Sparisjóð Hafnarfjarðar. Ávísun þessi var

ábekt af Bjarna Erlendssyni, Suðurgötu 49, Hafnarfirði. Maðurinn óskaði að leggja inn kr. 650.000.00 af andvirði ávísunarinnar á sparisjóðsbók Sigurðar Jónssonar, Hátúni 6 (Bárugötu 6 skv. innleggsnótu) nr. 340820 við Alþýðubankann.

Viðkomandi afhenti útfyllta innleggsnótu, en á henni hafði númer bókarinnar misritast í nr. 3408020, og var það númer fært á bakhlið ávísunarinnar af gjaldkera bankans. Innleggið var merkt XXX. Maðurinn tók við kr. 200.000.00 í peningum og fór. Ekki sást hann undirrita nein skjöl við þetta tækifæri.

Hinn 17. sept. kemur í bankann kona með sparisjóðsbók 340820 til að taka út kr. 200.000.00. Hún skrifar úttektarnótu merkta XXX, en vegna mistaka í bókum hafði bankinn skráð merkið XX fyrir bókina. Vegna misræmis var afgreiðsla á úttekt konunnar stöðvuð, og var henni sagt, að eigandi bókarinnar yrði að koma sjálfur til að gefa upp rétt merki fyrir bókina.

Sagði hún hann bíða úti í leigubifreið, og fór konan út, en kom inn aftur og sagði eiganda bókarinnar ófáanlegan til að koma inn.

Sama kona kom að bankanum eftir lokun þennan sama dag, en náði ekki að komast inn. Þá skömmu áður hafði eigandi bókarinnar hringt í bankann og sagst vera veikur, og var ákveðið í samráði við hann, að merki bókarinnar yrði XX.

Um morguninn 18. sept. er hringt úr Sparisjóði Hafnarfjarðar og upplýst, að ekki sé til innistæða fyrir ávísun þeirri, er að framan getur, og hvorki útgefandi né ábekingur ávísunarinnar kannist við að hafa ritað á hana.

Síðar mun hafa rifjast upp fyrir útgefanda að hafa látið frá sér fara útgefna en óútfyllta ávísun nú nýlega.

Skömmu eftir opnun bankans þann 18. sept. kemur hin umrædda kona til að taka út úr sparisjóðsbók 340820.

Var hún látin fylla út úttektarnótu, en síðan tilkynnt um komu hennar til lögreglu. Úttektarbeiðni hennar var ekki afgreidd."

Tékki sá, er að framan greinir, er ritaður á eyðublað L Nr. 73671 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Hann er að fjárhæð kr. 850.000, útgefinn til handhafa af Kristni Árnasyni hinn 11/9 1974. Á bakhlið tékkans er ritað framsalið Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, Hf. s. 50156. Þar fyrir neðan er skráð talan 3408020. Á tékkann er stimplað „Greitt 12. sept. 1974. Alþýðubanki Íslands h.f." Loks er stimplað og útfyllt í stimpilinn, að tékkanum hafi verið framvísað kl. 1600 hinn 16. september 1974 í Sparisjóði Hafnarfjarðar, en innstæða þá ekki verið næg. Á ljósriti, er barst

frá Sparisjóði Hafnarfjarðar af tékkanum, er talan 3408020 skráð á bakhlið hans.

Samkvæmt ljósriti af innlagningarseðli frá Alþýðubankanum lagði Sig. Jónsson kr. 650.000 inn á sparisjóðsbók nr. 3408020 með merki XXX, eign Sigurðar Jónssonar, Bárugötu 6, R, hinn 12. september 1974. Í yfirliti um innstæður í bókinni segir, að lagt hafi verið inn á hana kr. 100.000 30. mars 1973, en í lok þess árs hafi innstæðan verið kr. 1.876. Hinn 8. júlí 1974 var byrjað að leggja inn á bókina, og var innstæðan 30. júlí kr. 280.076. Daginn eftir, hinn 31. júlí, eru teknar út kr. 100.000 og daginn þar á eftir, eða 1. ágúst, eru teknar út kr. 175.000, og er þá innstæðan kr. 5.076. Hinn 19. ágúst eru teknar út kr. 5.000, og er þá innstæða kr. 76. Eftir það eru engar hreyfingar á innstæðu í bókinni, uns hinn 12. september, að lagðar eru inn á hana kr. 650.000. Hinn 17. september eru skv. yfirlitinu teknar út kr. 200.000 af innstæðunni, þannig að hún er þá orðin kr. 450.076. Þá liggur fyrir ljósrit af úttektarseðli frá Alþýðubankanum, sem eigi verður greint, að sé með dagsetningu, en er með ártalinu 1974 og merkinu XX. Samkvæmt honum hefur Inga L. Matthíasdóttir ætlað að taka kr. 200.000 út af framangreindri sparisjóðsbók, en til þess kom ekki.

Samkvæmt yfirliti um innstæðu á sparisjóðsbókinni átti að taka út af henni kr. 200.000 17. september, en er leiðrétt sama dag, þannig að ekkert fer út úr henni, og er innstæðan kr. 650.076 við lok þess dags.

Vitnið Kristinn Hallgeir Árnason hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt að Laugarnesvegi 48 hér í borg, er það lét framangreindan tékka af hendi. Vitnið, sem var eitt síns liðs, var nokkuð með áhrifum áfengis og hafði verið það nokkra daga á undan. Vitnið kveðst yfirleitt skipta við Borgarbílastöðina, er það þurfi á leigubifreið að halda. Vitnið þurfti að fá vörur úr búð, svo sem vindlinga og gosdrykki, og hringdi á leigubifreið til að fá bifreiðarstjórann til að annast þetta fyrir sig. Vitnið telur nokkurn veginn víst, að það hafi hringt á Borgarbílastöðina. Vitnið bað um leigubifreið, og kom hún stuttu eftir að vitnið hringdi. Kom bifreiðarstjórinn inn til vitnisins og hafði tal af því. Vitnið þekkti bifreiðarstjórann ekki og man ekkert, hvernig hann leit út. Vitnið kveðst annað hvort um leið og það hringdi á bifreiðastöðina hafa beðið um, að bifreiðastjórinn kæmi með tilteknar vörur til sín, eða þá, að það hafi beðið bifreiðarstjórann að fara út og kaupa vörurnar fyrir sig, eftir að hann kom á staðinn. Vitnið tók upp tékkhefti sitt og gaf út tékka til að greiða bifreiðarstjóranum

bæði fyrir aksturinn og vörurnar. Vitnið skrifaði nafn sitt sem útgefandi á tékkann. Sá vitnið tékkann og staðfesti nafnritun sína á honum. Vitnið er mjög skjálfhent og fékk bifreiðarstjórann til að útfylla tékkann fyrir sig. Vitnið telur, að bifreiðarstjórinn hafi útfyllt tékkann á staðnum, en hvað hann skrifaði á tékkann eða hvort hann lauk við að útfylla hann, getur það ekkert sagt um. Vitnið er þó á því, að það hefði aldrei látið bifreiðarstjórann fara með tékkann, nema hann hefði verið búinn að skrifa töluna 850 á hann með tölustöfum. Nánar um þetta getur vitnið ekkert borið, og það kveðst ekki muna eftir tölunni 850 í þessu sambandi.

Vitnið vissi svo ekkert frekar um mál þetta, fyrr en hringt var til þess frá Sparisjóði Hafnarfjarðar og því skýrt frá tékkanum, er borist hefði til sparisjóðsins. Vitnið hefur reynt að rifja upp mál þetta og afla upplýsinga um það, en ekkert orðið frekar ágengt í því efni. Vitnið hefur hlaupareikningsnúmerið 1079 við Sparisjóð Hafnarfjarðar og hljóti það að hafa skýrt bifreiðarstjóranum frá því. Vitnið kannast við Bjarna Erlendsson, Suðurgötu 49, Hafnarfirði, en hefur engin viðskipti átt við hann sl. 20 ár.

Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar var farið með vitnið í fangageymsluna við Síðumúla hinn 19. september 1974 og það látið sjá ákærða. Vitnið treysti sér ekki til að benda á ákærða sem leigubifreiðarstjóra þann, er komið hefði til þess í umrætt sinn, enda hefði það þá verið drukkið.

Bjarni Erlendsson trésmíðameistari, Suðurgötu 49, Hafnarfirði, hefur mætt sem vitni í máli þessu.

Vitnið kveðst ekki þekkja ákærða, Sigurð Ellert Jónsson.

Vitnið veit, hver Kristinn Hallgeir Árnason er, en hefur ekki séð hann í mörg ár. Vitnið hefur engin viðskipti átt við Alþýðubankann. Vitninu var sýndur tékkinn, er að framan greinir. Vitnið kveðst ekki hafa framselt tékkann, enda sé rithönd þess ekki á honum.

Vitnið Ragnheiður Eggertsdóttir, gjaldkeri í Alþýðubankanum, hefur skýrt frá því, að það hafi starfað upphaflega í innheimtudeild bankans. Vitnið man eftir nafninu Sigurður E. Jónsson og að maður með þessu nafni kom stundum í viðskiptaerindum í Alþýðubankann. Vitnið þekkti mann þennan ekki í sjón, en kveðst þekkja hann núna. Vitnið tekur þó fram, að það hafi vafalaust oft séð manninn, en það hafi ekki komið honum fyrir sig.

Hinn 12. september 1974 kom maður með framangreindu nafni í Alþýðubankann. Hann hafði útfyllt innlagningarseðilinn, er að

framan greinir, en samkvæmt honum lagði hann inn á sparisjóðsbók 3408020 kr. 650.000. Hann hefur skráð þrjá krossa á seðilinn. Vitnið, sem er gjaldkeri í Alþýðubankanum, afgreiddi manninn. Vitnið minnist þess að hafa átt orðaskipti við hann. Vitnið man ekki nákvæmlega, hvað því og manninum fór á milli, en það var eitthvað í sambandi við framsalið á tékkanum, er hann hafði meðferðis. Eins og áður greinir, kannaðist vitnið ekki við ákærða Sigurð Ellert Jónsson í sjón, en það kannaðist við nafn hans á innlagningarseðlinum. Vitnið staðhæfir, að maðurinn hafi haft meðferðis tékkann á dskj. nr. 2a, að fjárhæð kr. 850.000. Vitnið spurði manninn um framsalið á tékkanum. Minnir vitnið, að maðurinn hafi sagt eitthvað á þá leið, hvort framsalið á tkkanum, Bjarni Erlendsson, dygði ekki. Vitnið sagði, að það skipti ekki máli fyrst búið væri að skrifa framsalið á tékkann og það kannaðist við nafnið Sigurður Jónsson, sem væri viðskiptamaður bankans. Það varð því aldrei úr, að maðurinn ritaði framsal á tékkann. Veitti vitnið tékkanum móttöku. Fóru kr. 650.000 af andvirði hans inn á sparisjóðsbók, en kr. 200.000 fékk maðurinn greiddar í reiðufé. Um leið og afgreiðslan hafði farið fram, skráði vitnið sparisjóðsbókarnúmerið 3408020 á bakhlið tékkans, en það númer var á innlagningarseðlinum.

Vitnið sá tékkann og staðhæfði, að það hefði ritað framangreinda tölu á bakhlið hans. Kveðst vitnið hafa gert þetta í öryggisskyni.

Vitninu var kynntur framburður ákærða, Sigurðar Ellerts Jónssonar. Vitnið staðhæfir, að hluti af andvirði umræddS tékka hafi verið notaður til þess að leggja inn á sparisjóðsbókina, en ekki hafi verið um 650.000 kr. í peningum að ræða, eins og ákærði Sigurður Ellert heldur fram. Kveðst vitnið muna þetta mjög greinilega, þannig að ekkert fari á milli mála.

Hinn 16. september 1974 kom kona með sparisjóðsbók nr. 340820 í Alþýðubankann og hugðist taka út úr henni kr. 200.000. Útfyllti konan úttektarnótu, en setti merkið XXX í stað XX á hana, og var henni því vísað frá. Konan var spurð um eiganda bókarinnar, og sagði hún, að hann væri úti í bifreið við bankann. Fór konan út, en kom aftur og sagði, að eigandinn vildi ekki koma inn. Hvarf hún á brott við svo búið.

Sama dag hringdi ákærði Sigurður Ellert í bankann. Sagðist hann vera veikur og gæti ekki komið til að taka peninga út úr sparisjóðsbók sinni. Spurði hann, hvort það væri ekki í lagi, að

konan kæmi aftur til að taka út úr bókinni og notaði þá annað hvort merkið XX eða XXX, vitnið man ekki hvort heldur var. Konan kom fljótlega aftur eftir þetta, en þá var búið að loka bankanum, og fékk hún ekki afgreiðslu. Daginn eftir, um kl. 0930 að vitnið minnir, hringdi Þór Gunnarsson frá Sparisjóði Hafnarfjarðar og skýrði frá því, að tékki að fjárhæð kr. 850.000 hefði komið til sparisjóðsins frá Alþýðubankanum og útgefandinn Kristinn Árnason kannaðist ekki við að hafa gefið tékkann út. Sagði hann vitninu, að númerið 3408020 stæði aftan á tékknum. Vitnið kannaðist strax við þetta. Fór það upp í bókhald Alþýðubankans og fletti kvittunum upp. Kom þá í ljós, að númer það, þ. e. 3408020, sem skrifað hafði verið aftan á tékkann, var það sama og stóð á innlagningarseðlinum. Hið raunverulega sparisjóðsbókarnúmer Sigurðar Ellerts var 340820, en inn á þá bók höfðu 650.000 kr. verið lagðar. Þá kom það í ljós, að merki það, sem nota átti við innlagningu eða úttekt úr sparisjóðsbók Sigurðar Ellerts Jónssonar nr. 340820 var XX, en ekki XXX, eins og á innleggsseðlinum greinir.

Nokkru síðar um morguninn kom konan enn í bankann og ætlaði að taka út úr bókinni. Þá hafði uppgötvast um tékkann, og var lögregla kvödd á staðinn. Ákærði Sigurður Ellert beið í bifreið fyrir utan bankann, og handtók lögreglan hann þar.

Vitnið Þór Gunnarsson, aðalféhirðir og skrifstofustjóri í Sparisjóði Hafnarfjarðar, hefur skýrt frá því, að tékkinn á dskj. nr. 2a, að fjárhæð kr. 850.000, útgefinn af Kristni Árnasyni, hafi borist sparisjóðnum eftir lokun hinn 15. september 1974 og verið bókfærður daginn eftir. Kom í ljós, að innstæða var ekki næg fyrir tékkanum á hlaupareikningi nr. 1079, er útgefandi, Kristinn Árnason, hafði við sparisjóðinn, og vantaði þar verulega upp á. Vitnið kveður tiltölulega lítið hafa verið ávísað á umræddan reikning. Vitnið reyndi að hafa samband við Kristin Árnason, en tókst ekki. Vitnið hafði þá samband við þann gjaldkera í Alþýðubankanum, sem afgreitt hafði tékkann. Kannaðist gjaldkerinn, sem var stúlka, strax við tékkann. Sagði hún, að andvirði tékkans hefði verið lagt inn á sparisjóðsbók, og virtist hún vita, um hvaða mann var að ræða. Vitnið man ekki fyrir víst, hvort sparisjóðsbókarnúmer, sem skráð er á bakhlið tékkans, kom til tals í símtalinu, en rámar eitthvað í, að svo hafi verið. Tékkinn var varðveittur í Sparisjóði Hafnarfjarðar, þar til að morgni 18. september, en þá komu Haukur Bjarnason rannsóknarlögreglumaður og Gísli, skrifstofustjóri í Alþýðubankanum, þangað. Greiddi Gísli

tékkann og fékk hann afhentan. Ljósrit var tekið af tékkanum, áður en hann var látinn af hendi. Ljósritið, sem vitnið hafði meðferðis, var ekki greinilegt, en vitnið kvaðst ekki sjá betur en númerið 3408020, sem er á bakhlið tékkans, sé einnig á ljósritinu.

Vitnið Inga Lára Matthíasdóttir, Hátúni 6, var gift ákærða Sigurði Ellert. Í mars 1974 slitu þau samvistir. Varð að samkomulagi milli þeirra, að ákærði greiddi vitninu framfærslueyri í eitt ár. Greiðsla þessi var ekki á vegum Tryggingastofnunar ríkisins, heldur greiddi ákærði vitninu beint. Vitnið missti son sinn í sjóslysi, skömmu áður en það fór í Alþýðubankann fyrir ákærða, og í umstangi vegna þessa kveðst það hafa skort peninga. Hinn 17. september hringdi ákærði til vitnisins, og sagði það honum í því samtali, að það þyrfti á peningum að halda. Kom ákærði til þess og greiddi því peninga, sem hann hafði meðferðis. Fór hann fram á það við vitnið, að það færi fyrir hann í Alþýðubankann og tæki út úr sparisjóðsbók hans, því að hann væri lasinn.

Vitnið varð við þessu og fór í bankann. Fyllti það út þar úttektarseðil, en þegar til átti að taka, var um rangan seðil að ræða. Síðan fyllti það út réttan seðil, en þá vantaði á hann merkið, sem átti að vera. Þá fór vitnið út í bifreið til ákærða, og var farið heim til hans. Þar var enn fylltur út úttektarseðill, sem einnig reyndist vera rangt útfylltur, er til kom. Í þriðja sinn, er vitnið hugðist taka út úr bókinni, var búið að loka bankanum. Vitnið lofaði ákærða að koma með honum daginn eftir og taka út þessa peninga. Hann kom í leigubíl heim til þess að morgni 18. september, og fór það með honum niður í banka. Vitnið fyllti út úttektarseðilinn, sem því var sýnt ljósrit af. Kom þá Gísli, skrifstofustjóri bankans, og bað vitnið um að koma með sér upp á loft. Fór vitnið með honum og beið, uns lögreglan kom. Vitnið veit ekkert um tékka þann, sem um er að ræða í máli þessu. Það veit ekkert um fjárhag ákærða og vissi ekki, að um neitt ólöglegt gæti verið að ræða. Vitnið kveðst ekkert hafa ritað á tékkann og ekki séð hann fyrr en við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni. Ákærði minntist ekki á það við vitnið, hvernig hann hefði eignast fé það, sem hann ætlaði að greiða því fyrirfram upp í lífeyri, til þess að það gæti haldið minningarathöfn um son þess.

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, mætti við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 18. september 1974. Ákærði kvað það ekki rétt, að hann hefði komið með tékkann að fjárhæð kr. 850.000 í Alþýðubankann og fengið greiddar í peningum kr. 200.000 af andvirði hans, en hitt verið lagt inn á sparisjóðsbók. Hann hefði lagt

kr. 650.000 í peningum inn á sparisjóðsbók sína við bankann hinn 12. september 1974.

Ákærði Sigurður Ellert hefur skýrt frá því, að hann hafi ekið leigubifreið hér í borginni árið 1974. Framan af árinu ók hann á bifreiðastöðinni Hreyfli, en síðan um þriggja mánaða skeið frá því í júní þar til í september á Borgarbílastöðinni. Dagana 11. og 12. september var ákærði við akstur á Borgarbílastöðinni. Rétt eftir miðjan september kveðst hann hafa lent á drykkjutúr, er stóð, uns hann var handtekinn við Alþýðubankann 18. september. Eftir það vann ákærði ekkert það, sem eftir var ársins 1974.

Ákærða var sýndur framangreindur tékki. Ákærði neitaði algerlega að hafa skráð á hann nokkuð það, er á honum greinir, og sé tékkinn sér algerlega óviðkomandi. Ákærði neitaði því að hafa notað tékkann í viðskiptum við Alþýðubankann h/f. Ákærði sá ljósrit af nefndri innleggsnótu. Kannaðist hann við að hafa skráð það, er á henni greinir. Ákærði lagði inn á sparisjóðsbók sína í bankanum kr. 650.000 12. september 1974, svo sem á nótunni greinir. Ákærði átti sparisjóðsbók númer 340820 við Alþýðubankann. Er því einu núlli ofaukið milli tölustafanna 8 og 2 í númeri bókarinnar, eins og það er skráð á nótunni.

Ákærði kannaðist ekki við Kristin Árnason, en þegar ákærði sá hann í fangelsinu við Síðumúla, eftir að mál þetta kom til sögunnar, minntist ákærði þess að hafa einhvern tíma ekið honum, um tveimur árum áður að ákærði telur. Ákærði kannast ekki við Bjarna Erlendsson og hefur aldrei heyrt hann nefndan.

Ákærði kveðst kannast við Ragnheiði Eggertsdóttur, gjaldkera í Alþýðubankanum, í sjón. Tekur ákærði fram í því sambandi, að hann hafi komið vikulega í Alþýðubankann á árunum 1973 og 1974. Ákærði kveður Ragnheiði hafa tekið við kr. 650.000, er hann lagði inn á sparisjóðsbók sína nr. 340820, 12. september 1974. Var fjárhæðin öll í peningaseðlum. Ákærða var kynntur framburður Ragnheiðar, og kveðst hann þrátt fyrir það halda fast við framburð sinn.

Ákærði kveðst hafa safnað kr. 650.000, er hann lagði inn í Alþýðubankann 12. september 1974, á sama ári, en ef til vill að svolitlu leyti árið 1973. Ákærði stóð í skilnaði við konu sína, Ingu Láru Matthíasdóttur, Hátúni 6, og skaut peningum undan við búskiptin. Fékk hann Guðlaug Konráð Jónsson, bróður sinn, til að geyma peningana fyrir sig. Ákærði hafði komið til hans fyrir áramótin 1973—1974 og beðið hann um að geyma fyrir sig peninga. Ákærði bað Guðlaug Konráð um að segja engum frá þessu.

Ákærði man ekki, hvort hann setti peningana í umslag, og ekki man hann heldur, hvort hann merkti sér það. Guðlaugur Konráð geymdi peningana á heimili sínu, en hvar, veit ákærði ekki. Ákærði kveðst hafa komið fyrst með rúmar kr. 200.000 til Guðlaugs Konráðs um eða eftir áramótin 1973—1974, en síðan hafi hann komið til hans með peninga í nokkur skipti, sem hann hafi beðið hann að geyma fyrir sig, og hafi lægsta fjárhæðin verið kr. 70.000. Ákærði telur, að hann hafi unnið fyrir fé þessu með akstri bifreiðar sinnar, R 5498, frá Borgarbílastöðinni. Ákærði telur, að hann hafi stundað vinnu sína vel og tekið margar ferðir bæði á stöðinni og eins utan hennar. Ákærði kveðst hafa hringt dyrabjöllunni hjá Guðlaugi Konráði, er hann kom til hans að sækja peningana 12. september og farið síðan upp til hans og inn í eldhús. Beið ákærði þar, uns Guðlaugur Konráð kom og afhenti honum umslagið með peningunum, er voru að fjárhæð um kr. 450.000. Ákærði hafði ákveðið að fara með peninga þessa í banka og einnig peninga, sem hann átti geymda heima hjá sér, er voru að fjárhæð tæpar 250.000 kr. Fór hann með framangreinda peninga sama dag og lagði af þeim kr. 650.000 inn á sparisjóðsbók sína í Alþýðubankanum.

Vitnið Guðlaugur Konráð Jónsson, bróðir ákærða Sigurðar Ellerts, mætti hjá rannsóknarlögreglunni til yfirheyrslu 1. október 1974. Svofelld spurning var lögð fyrir vitnið: „Hefur mætti haft með höndum peninga fyrir Sigurð Ellert Jónsson að undanförnu?“ Vitnið kvaðst neita að ræða mál þetta á þeirri forsendu, að það hefði ekkert með það að gera og vildi ekki bera vitni í því, nema réttargæslumaður ákærða óskaði eftir því sérstaklega.

Vitnið féllst á að bera vitni í málinu fyrir dómi.

Hefur það skýrt frá því, að það hafi fengið lánaðar hjá ákærða kr. 200.000 í janúar eða febrúar árið 1974. Lánið átti að vera til stutts tíma. Þegar til kom þurfti vitnið ekki á peningunum að halda og tilkynnti ákærða, að hann gæti sótt þá til sín. Ákærði gerði það ekki, en síðan bætti hann við upphæðina og kom peningunum til geymslu hjá vitninu, þannig að upphæðin var orðin 450.000 kr. Ákærði minntist ekkert á, hvernig hann hefði aflað peninganna, og spurði vitnið hann ekki um það. Vitnið geymdi peningana í læstum skáp heima hjá sér. Vitnið segir, að hinn 10. eða 11. september 1974 hafi ákærði komið heim til þess og sótt peningana. Ekki man vitnið, hvort ákærði hafði orð á því, hvað hann ætlaði að gera við þá. Vitnið kveður engin vitni vera að því, er að framan greinir.

Vitninu var kynnt skýrsla þess hjá rannsóknarlögreglunni 1. október 1974, og kveður það hana rétta. Það stóð aldrei á vitninu að bera vitni í máli þessu, ef réttargæslumaður ákærða óskaði eftir því.

Rannsóknarlögreglan gerði húsleit hjá ákærða að Bárugötu 6 27. september 1974. Húsleitin var gerð með samþykki hans og að honum viðstöddum. Ákærði bjó í einu kjallaraherbergi í húsinu. Ákærði benti á tvær bækur, sem höfðu að geyma ýmsar tölur, og kvað hann þetta vera kompubækur sínar. Einnig var þarna gömul „gormabók", sem hafði að geyma ýmsar tölur. Ákærði afhenti nótur í möppu, og kvað hann vera þar ýmsa reikninga, er hann hefði greitt á árinu. Einnig voru í brúnu umslagi afrit af skattskýrslum hans ásamt fylgiritum með þeim. Gerð var leit að pennum, sem hugsanlega gætu hafa verið notaðir við ritun á áðurnefndum tékka. Ákærði kvaðst eiga tvo kúlupenna og afhenti þá. Á gólfi undir borði í herberginu var stór brúnn kassi, sem í var ýmis mynt. Kvað ákærði hana vera um 175.000 kr. virði. Ákærði var spurður, hvort hann hefði ekkert bókhald yfir rekstur bíls síns, en hann kvað það ekki vera. Hins vegar héldi hann til haga öllum nótum yfir greiðslur fyrir bílinn. Gögn þessi voru tekin í vörslu lögreglunnar, en myntin skilin eftir.

Ákærða voru sýnd gögn þau, er rannsóknarlögreglan lagði hald á heima hjá honum við húsleitina, og hafði hann þetta um þau að segja:

„Brúna stóra umslagið er með skattskýrslum og fylgiskjölum þeim tilheyrandi.

Vasabækurnar með tölunum eru ritaðar af mér, en þetta eru rissbækur og því ekki mark takandi á þeim. Rauða gormabókin er gömul rissbók.

Skjalamappan hefur að geyma þá reikninga, sem ég hef innt af hendi á þessu ári."

Reikningarnir frá árinu 1974, sem fundust við húsleitina hjá ákærða, voru samtals að fjárhæð kr. 487.981. Ekki var þar um að ræða neinar greiðslur fyrir matarkaup né heldur kemur fram, að ákærði ætti að greiða eiginkonu sinni kr. 10.000 á mánuði skv. samningi, er þau gerðu við skilnað.

Ákærði kveðst hafa greitt reikninga þessa af eigin fé að undanskildum reikningi frá Korneliusi Jónssyni, að fjárhæð kr. 24.970. Sá reikningur sé vegna stofuklukku, sem hann hafi keypt fyrir móður sína, og hafi hún greitt andvirðið sjálf. Þá sé reikningur frá Herrahúsinu, skráður á bifreiðina R 5498, þannig tilkominn,

að maður, sem ákærði hafi verið að aka, hafi keypt föt í Herrahúsinu og látið ákærða fá reikninginn, er hann fór úr bifreiðinni. Loks hafi ýmsir smáreikningar, sem ákærði tilgreindi ekki nánar, verið skildir eftir í bifreið hans.

Ákærði kveðst hafa haft um það bil 1.200.000 í tekjur árið 1974 fram til 18. september. Ákærða var bent á, að þegar reikningarnir, greiðslur til fyrrverandi eiginkonu og kr. 650.000, sem hann kveðst hafa lagt inn í Alþýðubankann, hafi verið lagt saman, vanti á lífeyri. Ákærði tók þá fram, að hann hafi haft fyrirvara með reikningana. Hann geti fullyrt, að með ýtrasta sparnaði og ráðdeildarsemi hafi hann getað lifað af þeim peningum, sem eftir voru, þegar fyrrgreindir reikningar höfðu verið greiddir. Hann geti ekki alveg fullyrt, hve miklar tekjur hann hafi haft á árinu 1974, en hann telji kr. 1.200.000 lágmark.

Aftur var gerð húsleit heima hjá ákærða að Bárugötu 6 hinn 26. maí 1975, og framkvæmdu hana rannsóknarlögreglumennirnir Haukur Bjarnason og Pálmi Matthíasson. Leitin var gerð með samþykki ákærða og að honum viðstöddum. Í skjalabunka, er var uppi á stofuskáp í herbergi ákærða, voru reikningar og skjöl varðandi kaup á bifreið hans ásamt nótum yfir rekstrarkostnað bifreiðarinnar. Skjöl þessi voru í tveimur búnkum. Í öðrum þeirra, er í voru að mestu skjöl varðandi kaup á bifreiðinni, var skrifblokk (gormablokk). Þegar henni var flett, kom í ljós, að fremst í henni var ritað með rauðum penna ýmis minnisatriði varðandi mál þetta og þar rakið bæði það, er var með og móti ákærða í því. Þegar blokkinni var snúið við og byrjað að lesa hana aftan frá, kom í ljós, að þar voru útreikningar og riss ásamt nafni ákærða. Á baksíðu þess blaðs voru einnig útreikningar, en á næstu síðu þar við var ritað:

„Bjarni Erlendsson
Suðurgötu 49, Hf.
S: 50156
850.000 00/100“

Blaðinu er skipt í tvennt með pennastriki, og á neðri hluta stendur:

„Handhafa
Áttahundruð og fimmtíuþúsund.
1079
13/7 1931 11/9“

Annað í skjalabunkanum snerti ekki mál þetta.

Ákærði gaf þá skýringu á þessu, að hann hafi verið að skrifa

nafn þetta ásamt því, er ritað er á efri hluta blaðsins, sér til minnis og glöggvunar vegna máls þessa, en hins vegar hafi einhver farþegi, er verið hafi í bifreið hans, ritað það, er var á neðri hluta blaðsins. Ekki kvaðst ákærði muna, hver það var, en bætti við, að hann hefði beðið ýmsa menn um að skrifa fyrir sig þetta nafn til samanburðar.

Í gormablokkinni, er lagt var hald á hjá ákærða, stendur m. a. þetta:

„Mínus:

1. Óviss ábending gjaldkera.
2. Óvisst rithandarsýnishorn.
3. Peningar lagðir á banka sama dag og ávísun.
4. Númer bankabókar á ávísun (Hvenær ritað?).
5. Tilraun til úttektar á tæpum 1/3 innstæðu 6 dögum frá innleggi.

Plús:

1. Peningar lagðir á eigin reikn.
2. Reikn. óhreyfður í 6 daga þ. m. t. innleggsdagur.
3. Engin tilraun gerð til að fela eða dylja innstæðu.
4. Rétt nafn notað við innlegg á reikn.
5. Lagt inn kr. 650.000 (ekki kr. 850.000).
6. Sönnun fyrir kr. 450.000.
7. Sönnun fyrir kr. 150.000.
8. Nafn mitt ekki á ávísun.
9. Útgefandi kannast ekki við mig.
10. Tengsli milli mín og útgefanda eru ekki fyrir hendi.
11. Aldrei verið tengdur ávísanasvikum.
12. Ætlun á úttekt kr. 200.000 ekki óeðlileg.
13. Löng viðskipti mín við Alþýðubankann.
14. Kynni og reynsla á starfsháttum bankans í sambandi við framsal ávísana. Nákvæmt eftirlit.
15. Að gjaldkeri kallar upp nafn mitt af innleggsseðli, en annað nafn er á ávísun.
16. Afdráttarlaus neitun mín þrátt fyrir sálfræðilegar og líkamlegar þvinganir.
17. Ekkert óeðlilegt við peningaeign mína.
18. Vinnutími og tekjur fara saman.
19. Fjármagnsþörf engin fyrir hendi.
20. Næstum daglega útfylltar ávísanir fyrir farþega, sem voru óskrifandi.

21. Fjöldi ávísana í höndum vikulega og aldrei um misnotkun að ræða."

Þá fannst eftirfarandi skráð í blokkinni:

„Bjarni Erlendsson,
Suðurgötu 49, Hf.
S 50156.
850.000 00/100
Handhafa
áttahundruð og fimmtíuþúsund
1079
13/7 1931 11/9"

Rannsóknarlögreglan sneri sér til Úlfs Markússonar, formanns bifreiðastjórafélagsins Frama, vegna framburðar ákærða um tekjur sínar árið 1974. Úlfur kvað framburð ákærða um, hvað hann hefði ekið inn, ekki fá staðist. Hrólfur Ástvaldsson hjá Hagstofu Íslands hefði tekið saman yfirlit yfir áætlaðan rekstrarkostnað á leigubifreiðum og vinnulaun leigubifreiðarstjóra. Fékk rannsóknarlögreglan yfirlit þetta í hendur, og er það sem hér segir:

„Áætlaður rekstrarkostnaður leigubifreiðar (með bensínvél) á ársgrundvelli. Miðað er við 45.000 km akstur á ári og 40 tíma dagvinnu á viku.

	Fjárhæðir í krónum		
A. Fastur kostnaður.	*15/3'74*	*11/9'74*	1)
1. Afskrift bifreiðar, 15% á ári	97.500	153.000	57
2. Afskrift talstöðvar og mælis 10%	15.000	21.300	42
3. Vextir af stofnfé	57.600	118.400	106
4. Iðgjald af tryggingu bifreiðar	23.000	21.600	÷6
5. Skattar af bifreiðinni	12.112	12.112	0
6. Stöðvargjald	60.000	70.800	18
	265,212	397.212	49,77
B. Breytilegur kostnaður.			
1. Bensín, 8000 ltr. á ári	240.000	392.000	63
2. Smurning og olía, 20 sinnum á ári	12.180	15.200	25
3. Dekk, 8 stk. á ári	40.000	60.000	50
4. Varahlutir	30.000	44.400	48
5. Verkstæðisvinna	40.000	42.100	5

6. Eigin áhætta í tjónum	4.600	8.000	74
7. Launaskattur og aðstöðugjald	25.000	28.000	12
8. Ýmis útgjöld	15.000	18.000	20
	406.780	607.700	49,39
Samtals A plús B	671.992	1.004.912	49,54
C. *Vinnulaun bifreiðastjóra.*	636.444	678.444	4,60
Samtals A, B og C	1.308.436	1.683.356	28,65

1) Hækkun í prósentum frá 15/3 til 8/10 1974. Hækkunin er í sumum tilfellum gróft áætluð."

Rannsóknarlögreglan kannaði akstur ákærða í bókum Borgarbílastöðvarinnar. Tók könnunin yfir tímatalið frá 27/5—14/9 1974, eða alls 110 daga. Leiddi hún í ljós, að ákærði hafði starfað á þessum tíma í 57 daga á Borgarbílastöðinni, og var fjöldi ökuferða á dag, sem hér segir:

1	ökuferð á dag	5 sinnum
2	ökuferðir á dag	10 sinnum
3	ökuferðir á dag	8 sinnum
4	ökuferðir á dag	4 sinnum
5	ökuferðir á dag	4 sinnum
6	ökuferðir á dag	6 sinnum
7	ökuferðir á dag	5 sinnum
8	ökuferðir á dag	2 sinnum
9	ökuferðir á dag	1 sinni
10	ökuferðir á dag	3 sinnum
11	ökuferðir á dag	2 sinnum
14	ökuferðir á dag	2 sinnum
17	ökuferðir á dag	2 sinnum
19	ökuferðir á dag	1 sinni
20	ökuferðir á dag	2 sinnum

Ákærði starfaði hins vegar ekki samkvæmt bókunum á þessu tímabili í 53 daga.

Ákærði tók fram varðandi framangreinda könnun, að hann hafi ekki haft tækifæri til að bera þetta saman sjálfur, en dragi ekki í efa, að rétt sé með farið. Geti hann ekki tjáð sig um þetta frekar, en endurtók fyrri yfirlýsingar sínar um, að akstur sinn sem leigu-

bifreiðarstjóra byggðist að mestu á kvöld- og næturakstri og þá hefðu verið teknir túrar á götum og við veitingahús, sem ekki voru skráðir á stöðinni. Þessi skrá sé því ekki raunhæf, hvað akstur sinn snerti.

Ákærði kveðst ekki geta gefið upp, hverjar tekjur hans hafa verið á árinu 1974, en vísaði til þess, er áður greinir. Ákærði kveðst hafa skráð rauntekjur sínar í bók, sem hann veit ekki, hvar er, en taldi hana hafa átt að vera uppi á fataskáp heima hjá sér. Bókin fannst ekki við húsleit. Ákærða voru sýnd afrit af skattskýrslum hans, sem hann telur réttar og gefnar samkvæmt rekstrarreikningi. Hann kveðst hvergi hafa unnið annars staðar en við leigubílaakstur. Hann hafi unnið mikið árið 1974, því að hann hafi verið að safna peningum til kaupa á nýjum leigubíl, en hafi hætt við bílakaupin í bili vegna hækkandi verðs.

Vegna athugana á fjármálum ákærða árið 1974 þykir rétt, að það komi fram, að samkvæmt tilkynningu til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 23. apríl 1974, seldi ákærði Guðrúnu Sigurjónsdóttur bifreið sína, R 5498, hinn 24. apríl það ár. Eru eignaskiptin skráð í spjaldskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins hinn 26. apríl.

Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir, þá til heimilis að Arahólum 4, hefur mætt í máli þessu. Kveðst vitnið hafa farið að búa með ákærða í byrjun apríl þetta ár og hafi verið ætlun þeirra að ganga í hjónaband. Tók ákærði á leigu íbúð að Hörðalandi 4 um mánaðamótin júlí og ágúst og greiddi fyrirfram leiguna, sem hann sagði vitninu, að væri kr. 175.000. Sagðist ákærði hafa tekið upphæðina út úr banka. Strax eftir að ákærði hafði gert húsaleigusamninginn, lenti hann á drykkjutúr. Kveðst vitnið þá hafa séð, að ekkert yrði úr þessu. Sleit það sambúð við ákærða, og fór hann á brott úr íbúðinni. Vitnið sá yfirlit yfir bankainnstæður ákærða hjá Alþýðubankanum, svo sem að framan er rakið, en samkvæmt því höfðu verið teknar út úr bankanum af bankainnstæðu ákærða kr. 175.000 hinn 1. ágúst. Húsaleigusamningurinn hafði verið gerður þann dag, en daginn áður hafði ákærði tekið út kr. 100.000 að vitnið minnir.

Nokkru eftir að vitnið og ákærði kynntust, sagði hann því, að hann hefði lent í klandri vegna þess, að hann hefði farið fyrir kunningja sinn inn í Búnaðarbankann, leyst þar út 250.000 kr. ávísun og framselt hana með sínu nafni, en síðar komið í ljós, að innstæða var ekki fyrir tékkanum. Hefði bankinn þá gert kröfu á sig, og til þess að bankinn gæti ekki tekið bifreið hans, bað hann vitnið um að fá að skrá hana á nafn þess, svo að hann væri eigna-

laus, á meðan hann væri að ganga frá máli þessu. Þar sem vitnið ætlaði að giftast ákærða, samþykkti það þetta, og var bifreiðin færð á nafn þess, án þess að það greiddi neitt fyrir hana. Ákærði sagði vitninu síðar, að búið væri að ganga frá málinu, og lofaði að færa bílinn aftur á sitt nafn. Það gerði hann ekki, og var bifreiðin áfram á nafni vitnisins. Vitnið kveður ekki hafa verið um það að ræða, að það keypti bifreiðina né að ákærði gæfi því hana.

Seinni part sunnudagsins 27. október hringdi ákærði heim til vitnisins og bað það um að standa með sér í því, að hann ætti ekki bílinn, heldur það, því að hann hefði grun um, að kyrrsetja ætti bílinn í fógetarétti. Vitnið sagði ákærða, að það tæki engan þátt í neinu svindli hans og fyrri skýrsla þess stæði um það, að hann ætti raunverulega umræddan bíl. Ákærði reyndi að tala vitnið á sitt band, en vitnið vildi ekki á þetta fallast.

Þá hefur vitnið skýrt frá því, að um það bil sem það og ákærði slitu samvistir hafi ákærði verið drukkinn. Geymdi ákærði kr. 60.000 uppi í skáp hjá vitninu, og faldi það peningana fyrir honum, á meðan hann var við drykkjuna. Ákærði framleigði íbúðina að Hörðalandi 4, og var þá vitnið á hrakhólum með húsnæði. Var þessum 60.000 krónum varið til þess að greiða húsaleigu fyrirfram fyrir aðra íbúð, og kveðst vitnið ekki telja sig skulda ákærða neitt.

Við upphaflega yfirheyrslu út af yfirfærslu bifreiðarinnar R 5498 á nafn Guðrúnar Jónu kvaðst ákærði ekki vilja tjá sig um það á þessu stigi málsins.

Við síðari yfirheyrslu skýrði ákærði frá því, að það væri rétt, er í sölutilkynningunni greinir, að bifreiðin hafi orðið eign Guðrúnar Jónu 23. apríl 1974, en með dráttinn á tilkynningunni sé annað mál. Ákærði kveður ástæðuna til þess, að hann færði bifreiðina yfir á nafn Guðrúnar Jónu hafa verið þá, að hann hafi óttast, að fyrrverandi eiginkona hans mundi ef til vill gera á hendur honum frekari kröfur, sem bifreiðin stæði þá fyrir. Ákærði var trúlofaður Guðrúnu Jónu á þessum tíma, og ætluðu þau að ganga í hjónaband. Ákærði kveður fyrrverandi eiginkonu sína hafa verið að tala um að taka bifreiðina af honum í skiptum þeirra, en hann taldi, að hann hefði gengið frá skiptunum á réttlátan hátt.

Samprófun milli ákærða og vitnisins bar ekki árangur, og hélt hvort þeirra fast við framburð sinn um það, er á milli ber.

Guðrún Jóna sagði, að hafi ákærði haft það í huga, að fyrrverandi eiginkona hans mundi ef til vill reyna að gera frekari kröfur á hendur honum, þá hafi hann ekki sagt sér það, heldur

hitt, að bifreiðinni þyrfti hann að skjóta undan hugsanlegri aðför Búnaðarbankans.

Ákærði gerði enga skattskýrslu fyrir árið 1974, og kveður hann ástæðuna hafa verið þá, að honum hafi verið meinaður aðgangur að skjölum þeim, sem lagt var hald á hjá honum.

Aflað var skattskýrslna ákærða fyrir skattárin 1970—1973. Voru tekjur hans samkvæmt þeim sem hér segir: árið 1970 kr. 196.743, árið 1971 kr. 362.376, árið 1972 kr. 479.385 og árið 1973 kr. 353.353. Eign í peningum er engin talin né heldur inneignir í bönkum, að undanskyldu því að við áramót 1971—1972 er talin inneign á sparisjóðsbók nr. 327727 við Alþýðubankann kr. 20.278 og vaxtatekjur kr. 278.

Maríu Bergmann skriftarfræðingi, Fjölnisvegi 9 hér í borg, var falið að annast skriftarrannsókn á því, hvort rithönd ákærða Sigurðar Ellerts væri á margnefndum tékka. Segir svo um þetta í álitsgerð hennar, dags. 26. september 1974:

„Að lokinni athugun á rithandarsýnishornum rithandar Sigurðar Ellerts Jónssonar, sem merkt eru A B C og D og fylgja álitsgerð þessari, og athugun á ljósprentunum af tékka, er einnig fylgja hér með og sem merktar eru X og Y (Mér hefur einnig verið sýnt frumrit tékkans) er álit mitt svohljóðandi:

Rithönd Sigurðar Ellerts Jónssonar er á sýni Y, þar sem stendur Bjarni Erlendsson Suðurgötu 49 Hf. S. 50156. Einnig er rithönd Sigurðar Ellerts á sýni X, þar sem rituð er upphæð tékkans í tölustöfum. Dæmi um einstaklings einkenni rithandarinnar:

1. Tenging stafsins S við i í orðinu Sigurður á sýni A og tenging stafsins B við j í orðinu Bjarni á sýni Y.
2. Ritun stafsins r í orðinu Sigurður á sýni A og ritun þess sama stafs á sýnum B C og D annars vegar og ritun stafsins r í orðunum Erlendsson og Suðurgötu á sýni Y hins vegar.
3. Leggmyndun stafanna g og j á sýnum A B C og D á sýni Y.
4. Ritun stafanna rle í orðinu Erlendur og Erlendsson á sýnum B og C og ritun þeirra sömu stafa í sama orði á sýni Y.
5. Ritun stafsins S á sýni A og ritun þess sama stafs á sýni Y.
6. Ritun stafsins ð á sýnum A og C og ritun þess sama stafs á sýni Y.
7. Ritun stafsins H á sýnum B C og D og á sýni Y.
8. Stafagerð og halli skriftarinnar er hinn sami á nefndum sýnum.

Einnig hef ég athugað rithandarsýnishorn rithandar Ingu Láru Matthíasdóttur á sýnum þeim, sem merkt eru með E og F og

fylgja álitsgerð þessari. Að þeirri athugun lokinni er álit mitt svohljóðandi:

Rithönd Ingu Láru er á sýni X, þar sem ritað er með skrifstöfum, að undanskilinni undirskrift tékkans.

Dæmi um einstaklings einkenni rithandarinnar:

1. n-in á sýni E og ritun þess sama stafs á sýni X er eins. Ath. n-in í orðinu Jónsson á sýni E og n-ið í orðinu þúsund á sýni X.

2. Ritun stafsins h á sýnum E og F og ritun þess sama stafs á sýni X.

3. Belgmyndun á miðhluta stafsins þ á sýni F, þar sem orðið fimmtíuþúsund er ritað í fyrra skiptið og belgmyndun miðhluta þess sama stafs á sýni X.

4. Ritun stafsins a er hin sama á öllum sýnishornum. Sérstaklega er áberandi dæmi um slíkt í orðinu Inga á sýni E, annað a-ið í orðinu Handhafa (í seinna skiptið sem það er ritað) á sýni F og a-ið í orðinu Áttahundruð á sýni X.

5. Stafagerð og halli skriftarinnar er hinn sami á nefndum sýnum.

Niðurstöður þær, sem hér fara að ofan, eru fengnar skv. kerfi því í rithandarfræði, sem kennt er og notað af International Graphoanalysis Society, Inc. í Chicago, U.S.A. og félagsmenn þess hafa einkarétt á."

Danska lögreglan var einnig fengin til að annast skriftarrannsókn. Segir svo um rannsóknina í greinargerð ríkislögreglustjóra, tæknideild (skjaladeild), dags. 5. mars 1975, undirritaðri af U. Filtenborg og Jörgen Juhler:

„Frá sakadómi Reykjavíkur er mál ÖÄ/ps varðandi skjalafals móttekin beiðni um rannsókn á:

UMDEILDU:

Fylgiskjali A — ávísun nr. 73671 frá Sparisjóði Hafnarfjarðar. Gefin út 11/9 1974. Að upphæð kr. 850.000.00. Undirrituð Kristinn Árnason, framseld „Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, S. 51056."

RITHANDARSÝNISHORN:

Fylgiskjal a1 — a17 — rithandarsýnishorn, gerð af Sigurði Ellert Jónssyni (13/7 1931 á Íslandi).

Fylgiskjal B1 — b11 — rithandarsýnishorn, gerð af Ingu Láru Matthíasdóttur.

Fylgiskjal C1 — c11 — rithandarsýnishorn, gerð af Guðrúnu Jónu Sigurjónsdóttur.

Fylgiskjal d1 — d11 — rithandarsýnishorn, gerð af Bjarna Erlendssyni.

Fylgiskjal e1 — e4 — rithandarsýnishorn, gerð af Kristni Árnasyni.

Beðið er um rannsókn á því, hvort framsalið á bakhlið ávísunarinnar gæti verið gert af einhverjum þeirra, er gert hafa umrædd rithandarsýnishorn, og einnig óskast það rannsakað, hvort einhver þeirra hefði getað skrifað hluta af því, sem skrifað er á framhlið ávísunarinnar, þar eð gert er ráð fyrir, að gerðar hafi verið viðbætur, ef til vill leiðréttingar, á textanum.

MAT Á UMDEILDRI RITHÖND:

Hin umdeilda rithönd á fram- og afturhlið ávísunarinnar er skrifuð með kúlupenna með bláum, seigfljótandi lit, og skriftargerðin, sem notuð er, er vanaleg skrift, sem hallast til hægri.

Innbyrðis samanburður á hinni umdeildu skrift sýnir, að sá, sem hefur skrifað undir ávísunina, er, að því er virðist, ekki sá sami, sem hefur skrifað á framhlið ávísunarinnar að öðru leyti, og að á milli framsals og rithandarinnar á framhlið ávísunarinnar, að undantalinni undirskriftinni, er samræmi á einstöku atriðum, sem veldur því, að ekki er hægt að útiloka, að sá sami hafi skrifað þennan hluta af hinni umdeildu skrift.

Þar sem upphæðin er skrifuð í bókstöfum, sést í orðinu „atte hundred" leiðrétting. Þannig sýnir rannsókn undir smásjá, að mjög vel hefur getað staðið „atta tusine", sem síðan er leiðrétt í „atta hundred".

Við efnagreiningu á seigfljótandi lit skriffærisins hefur ekki fundist mismunur, og þess vegna verður að gera ráð fyrir því, að notaður sé sami kúlupenni, eða kúlupenni af sömu gerð, til þess að skrifa alla hina umdeildu skrift.

Það er þannig ekki mögulegt að kveða á um, hvort gerðar eru viðbætur við skriftina á framhlið ávísunarinnar.

Um hina umdeildu skrift má ennfremur taka fram, að hún er dálítið hirðuleysisleg, og sums staðar óörugg. Undirrituðum virðist þó, að skriftin sé gerð af meðalgóðum skrifara. Það hirðuleysi, sem kemur fram í skriftinni, gæti verið orsakað af ráðnum hug, en gæti líka verið af ytri/innri áhrifum.

Sem einkenni rithandarinnar má meðal annars nefna gerð upphafsstafsins (stór bókstafur) „B", hinn nokkuð áberandi lokaði

neðri hluti upphafsstafsins „E“, og gerð upphafsstafsins „S“, tilhneiging til að skreyta neðri hluta litlu bókstafanna „g“ og „j“, ásamt gerð litla bókstafsins „r“. Af einkennum á tölunum má meðal annars nefna ritháttinn á tölunni „0“, og hve áberandi talan „6“ endar.

Að frátalinni hinni nefndu leiðréttingu, þar sem upphæðin er skrifuð í bókstöfum, er ekki að sjá merki eftir vélræna fölsun né fríhendis fölsun, en vel má gera ráð fyrir, að vissa hluta af hinni umdeildu rithönd hafi verið reynt að afbaka.

MAT RITHANDARSÝNISHORNANNA:

Öll rithandarsýnishornin, að undanskildum ljósritum, eru gerð með kúlupennum með bláum og svörtum seigfljótandi lit, og skriftarformið, sem er notað, er vanaleg rithandarskrift, sem er á mismunandi stigum.

Undirrituðum virðist, að allir þeir, sem gefið hafa rithandarsýnishorn, hafi notað hina vanalegu rithönd í rithandarsýnishornunum.

Með tilliti til rithandarsýnishornanna — fylgiskjal e1 — e4, sem skrifuð eru af hlutaðeigandi Kristni Árnasyni, sýna þau miklar truflanir í hinni samræmdu hreyfingu línunnar. Þessar truflanir geta komið af skjálfta eða vöðvatruflunum hjá skrifaranum.

Af einkennum í rithandarsýnishornunum er rétt að benda sérstaklega á einkenni í rithandarsýnishornunum, sem eru gerð af hlutaðeigandi Jónssyni, sem eru þau sömu og nefnd eru í kaflanum Mat á umdeildri rithönd.

SAMANBURÐUR:

Við samanburð á hinni umdeildu skrift á fylgiskjali A og rithandarsýnishornunum a1 — a17 hefur fundist samræmi í einstöku atriðum milli skriftarinnar á framhlið ávísunarinnar og rithandarsýnishornanna, hvað varðar gerð bókstafa og ritháttt, en hins vegar hefur fundist gott samræmi milli umdeilds framsals og rithandarsýnishornanna, bæði hvað varðar rithandargerð, ritleikni, hlutföll, ásamt gerð hinna einstöku bókstafa og ritháttt þeirra.

Samanburður á hinni umdeildu skrift á fylgiskjali A og rithandarsýnishornunum að öðru leyti sýnir ekki tilsvarandi samræmi.

Hjálagt fylgir mappa, sem inniheldur ljósmyndir af hluta af

samanburðarefninu. Á ljósmyndunum er nokkuð af þeim sameiginlegu einkennum, sem fundist hafa, merkt með rauðu.

NIÐURSTAÐA:

Að lokinni rannsókn álíta undirritaðir sig geta talið, að líkindi fyrir, að hin umdeilda skrift á framhlið fylgiskjals A sé gerð af hlutaðeigandi Jónssyni, séu fyrir hendi. Ennfremur álíta undirritaðir sig hafa rétt til að segja, að það hljóti að vera afar líklegt, að framsalið á fylgiskjali A sé gert af hlutaðeigandi Jónssyni. Það skal að lokum tekið fram, að við rannsóknina og niðurstöðuna er tekið tillit til þess, að um er að ræða erlenda skrift, þar sem koma fyrir skriftákn (bókstafir), hverra þýðing er undirrituðum ópekkt."

Ákærða var kynnt niðurstaða framangreindrar skriftarrannsóknar. Ákærði kveðst ekkert hafa um hana að segja annað en að skriftarfræðingarnir, er gerðu hana, hafi á röngu að standa.

Við leitina hjá ákærða fannst svohljóðandi bréf eða uppkast að bréfi í skrifblokk, dags. 26. október 1974 í Reykjavík:

„To Mr. Ragnar Numelin.

Dear sir.

I am writing you this letter because it seems I am in need of your help.

I am acused of writing a name on the wich photostat fellows I did not.

If my writhing is on this paper please feel free to say so.

I can see simelorety myself, and so do others. But in writing your book; Grafologin (?) som vetenskap, I feel that you are able to give opinion.

Please have in mind that I will be able to use your opinion in my favore or, ... but I will also send yours opinion to the juris.

At this moment I am not able to pay you, but I will".

Í sömu blokk og að framan greinir var ritað, svo sem áður er rakið, nafn Bjarna Erlendssonar, heimilisfang, símanúmer svo og talan 850.000.

Ákærði var inntur eftir þessu í dómi og beðinn um nánari skýringar. Ákærði skýrði svo frá, að hann hafi verið að rita bréf til sænsks rithandarsérfræðings og hafi hann í því skyni ritað framsalið Bjarni Erlendsson á blokkina eins og það var á tékkanum. Kveðst hann hafa fengið ljósrit af tékkanum hjá Hauki Bjarnasyni rannsóknarlögreglumanni.

Ákærði hætti við að senda rithandarsýnin til rithandarsérfræðingsins, þar sem honum var sagt, að hann væri súkur og hættur störfum á þessu sviði.

Niðurstöður.

Eins og að framan er rakið, kveðst ákærði Sigurður Ellert hafa komið í Alþýðubankann hinn 12. september 1974 og lagt inn á sparisjóðsbók sína nr. 340820 við bankann kr. 650.000. Hann hefur haldið því fram, að þetta hafi verið í reiðufé. Ragnheiður Eggertsdóttir, gjaldkeri í bankanum, er afgreiddi ákærða, staðhæfir hins vegar, að komið hafi verið með tékkann að fjárhæð kr. 850.000 og lagt inn á bókina kr. 650.000 af andvirði hans, en mismunurinn, kr. 200.000, verið greiddur í peningum. Hefur hún máli sínu til stuðnings bent á, að hún hafi skrifað töluna 3408020 aftan á tékkann strax að afgreiðslu lokinni, en það er sú tala, sem ákærði skráði á innlagningarseðilinn sem númerið á sparisjóðsbók hans. Þá hefur María Bergmann skriftarfræðingur lýst það álit sitt, að rithönd ákærða sé, þar sem stendur á tékkanum Bjarni Erlendsson, Suðurgötu 49, Hf. S. 50156, og einnig þar sem rituð er upphæð tékkans í tölustöfum, og tveir skriftarfræðingar hjá dönsku lögreglunni telja, að líkindi séu fyrir því, að ákærði hafi skrifað það, sem á framhlið tékkans greinir, og að afar líklegt sé, að framsalið Bjarni Erlendsson sé gert af ákærða. Loks hefur ákærði að áliti dómsins ekki getað gert nægilega grein fyrir því, hvernig hann fór að afla þeirra 650.000 króna, sem hann lagði inn á sparisjóðsbók sína framangreint sinn og hann hefur haldið fram, að hafi verið í reiðufé. Þegar þetta er virt svo og margháttuð grunsamleg framkoma ákærða í máli þessu, svo sem að hann veigrar sér við því að fara inn í Alþýðubankann sjálfur til að taka út úr sparisjóðsbókinni, en fær annan til að annast það fyrir sig, þá telur dómurinn, að þrátt fyrir neitun ákærða séu lögfullar sannanir fram komnar fyrir því, að hann hafi útfyllt margnefndan tékka, sem átti að vera að fjárhæð kr. 850, með fjárhæðinni kr. 850.000 og falsað á hann framsalið Bjarni Erlendsson, en Kristinn Árnason hafði áður ritað nafn sitt á tékkann sem útgefandi. Í framhaldi af þessu, hafi ákærði farið með tékkann í Alþýðubankann og lagt kr. 650.000 af andvirði hans inn á sparisjóðsbók sína við bankann, en fengið kr. 200.000 greiddar í peningum.

Þetta atferli ákærða varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr.

almennra hegningarlaga 1 árs fangelsi. Til frádráttar refsingunni þykir rétt að komi 20 dagar, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi.

Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður hefur krafist þess f. h. Alþýðubanka Íslands h/f og Kristins Árnasonar, að ákærði verði dæmdur til að greiða Alþýðubanka Íslands h/f kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags og að löghald, er gert var í bifreiðinni R 5498 af hálfu dómsins í fógetarétti Reykjavíkur hinn 28. október 1974 til tryggingar kröfunni, verði staðfest.

Ákærði hefur mótmælt kröfunni og krafist sýknu af henni.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, ber að taka kröfu þessa til greina og dæma ákærða til að greiða Alþýðubanka Íslands kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags. Þá ber að staðfesta framangreint löghald, enda hefur verið fylgt um það ákvæðum laga um kyrrsetningu og lögbann svo og ákvæðum 144. gr. laga nr. 74/1974.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Ellert Jónsson, sæti fangelsi í 1 ár. Til frádráttar refsingunni komi 20 gæsluvarðhaldsdagar.

Ákærði greiði Alþýðubanka Íslands h/f kr. 200.000 ásamt 2% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12. september 1974 til greiðsludags. Löghald, er gert var í bifreiðinni R 5498 hinn 28. október 1974 til tryggingar kröfunni, staðfestist.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hákonar Árnasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 11. október 1977.

Nr. 239/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Elíasi Kristjánssyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Líkamsmeiðingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

I.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdómara um, að ákæruði hafi gerst sekur um brot þau, er greinir í ákæruskjali, og eru þau réttilega færð til refsiákvæða.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur flutt fram þá vörn, að sök sé fyrnd, og krafist sýknu af kröfum ákæruvalds í málinu.

Brot ákærða var framið hinn 25. mars 1972. Lögreglumenn hófust þegar handa um rannsókn máls á vettvangi, og tóku þeir m. a. stutta skýrslu af ákærða. Bifreið ákærða var og skoðuð þann dag, ljósmyndir teknar og uppdráttur gerður af slysstað. Næstu daga tóku rannsóknarlögreglumenn nánari skýrslur af ákærða svo og skýrslur af bifreiðarstjóra bifreiðarinnar G 6479 og tveimur farþegum í bifreið hans. Var þeirri skýrslutöku lokið 24. apríl s. á. Hinn 4. maí 1973 sendi sakadómaraembættið í Reykjavík rannsóknargögn til saksóknara ríkisins „til ákvörðunar". Saksóknari ríkisins endursendi rannsóknargögnin með bréfi 28. maí 1973, þar sem samþykkt var af hans hálfu að ljúka málinu með dómssátt, enda féllist viðkomandi á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og sætti enn fremur sviptingu ökuréttinda hæfilegan tíma samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Í

bréfi saksóknara greindi, við hvaða lagaákvæði brot var talið varða. Hinn 15. október 1974 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var honum kynnt bréf saksóknara frá 28. maí s. á., og var hann að því spurður, hvort hann vildi ljúka málinu með dómssátt. Að svo vöxnu var bókað í þingbók: „Kærði ansar því engu". Sama dag var frá því skýrt í bréfi sakadómaraembættisins til saksóknara, að ákærði vildi eigi ljúka málinu með dómssátt. Ritaði ríkissaksóknari nú sakadómara bréf hinn 21. október 1974 og krafðist þess, „að mál þetta verði ítarlega rannsakað fyrir dómi og að rannsókn lokinni sent hingað á ný". Hinn 4. og 6. apríl og 7. maí 1975 voru rituð í slysadeild Borgarspítalans að beiðni sakadóms Reykjavíkur vottorð varðandi líkamsáverka þá, sem þrír menn hlutu í bifreiðinni G 6479, þ. e. ökumaður hennar og tveir farþegar hans. Hinn 20. maí 1975 ritaði ríkissaksóknari sakadómaraembættinu í Reykjavík að nýju, og var þess enn krafist, að lokið yrði rannsókn þessa máls og það tekið til dómsálagningar samkvæmt ákæru, sem fylgdi bréfinu. Í þessu bréfi ríkissaksóknara var vísað til bréfs sakadóms Reykjavíkur 15. október 1974 og fylgigagna með því, en eigi getið að neinu bréfs ríkissaksóknara til sakadómsins frá 21. október 1974 og eigi heldur læknisvottorða um líkamsáverka, er að framan greindi. Hinn 27. apríl 1976 kom ákærði fyrir sakadóm Reykjavíkur. Var ákæra þá birt honum og hann yfirheyrður um sakarefnið. Fór síðan fram dómsrannsókn í málinu hinn 18. maí og 21. maí s. á. Eftir að vörn kom fram, var málið dómtekið hinn 4. júní s. á. og dómur upp kveðinn hinn 8. júní.

Réttarrannsókn í merkingu 2. málsgreinar 82. gr. almennra hegningarlaga hófst í máli þessu hinn 15. október 1974. Málsmeðferðin eftir það var að vísu seinvirk, en eigi verður þó talið, að réttarrannsókn hafi verið hætt „um óákveðinn tíma", svo sem tekið er til orða í greindu lagaboði. Dómþing það, sem háð var í sakadómi Reykjavíkur í máli ákærða hinn 15. október 1974 rauf því fyrningu til fullnustu, sbr. 2. málsgr. 82. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Verður eigi fallist á, að sök sé fyrnd.

III.

Eftir atvikum þykir mega sitja við ákvörðun héraðsdómara um refsingu og sviptingu ökuleyfis. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar ber og að staðfesta.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, 40.000 krónur.

Hér að framan er gerð grein fyrir ferli málsins. Sá seinagangur, sem orðið hefur á málinu hjá sakadómi Reykjavíkur, er aðfinnsluverður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Elías Kristjánsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. júní 1976.

Ár 1976, þriðjudaginn 8. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 321/1976: Ákæruvaldið gegn Elíasi Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 4. þ. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. maí f. á., á hendur ákærða, „Elíasi Kristjánssyni, matsveini, Hjallalandi 22, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. mars 1934, fyrir að aka sunnudaginn 25. mars 1973 bifreiðinni R 30327 óvarlega og of hratt miðað við aðstæður suður Vesturlandsveg, þar sem hálka var á veginum, og einnig á öfugum vegarhelmingi með þeim afleiðingum, að bifreið hans rakst á bifreiðina G 6479, sem ekið var í gagnstæða átt, skammt norðan vegamóta að Blikastöðum í Mosfellssveit, en ökumaður þeirrar bifreiðar og tveir farþegar hans slösuðust.

Telst þetta varða við 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr.

47. gr., 1., 2. og 3. mgr., i lið, 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 25. mars 1973, klukkan 2107, var hringt til lögreglunnar í Reykjavík og tilkynnt um umferðarslys, sem átt hafði sér stað þá skömmu áður á Vesturlandsvegi skammt norðan vegamóta að Blikastöðum í Mosfellssveit.

Tveir lögreglumenn fóru að sinna þessu, og samkvæmt skýrslu annars þeirra, Jóns Þórs Þorbergssonar, hafði þarna orðið árekstur á milli fólksbifreiðanna R 30327, af Moskvich gerð, sem ekið var suður Vesturlandsveg, og G 6479, af Fiat gerð, sem ekið var í gagnstæða átt. Hafði bifreiðinni R 30327 verið ekið á öfugum vegarhelmingi, eða vinstra megin miðað við aksturssteínu.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs skýrði ökumaður bifreiðarinnar R 30327, ákærði Elías Kristjánsson, svo frá, að hann hefði komið inn á Vesturlandsveg skammt sunnan þéttbýlisins við Brúarland og verið eitthvað annars hugar. Hefði hann áttað sig á því, þegar hann var að mæta bifreiðinni G 6479, og hefði hann þá hemlað, en bifreiðin runnið áfram á hálku og hefði hann þá reynt að aka út af veginum til vinstri, en árekstur þá orðið við hina bifreiðina.

Ökumaður bifreiðarinnar G 6479, Magnús Már Valdimarsson, og tveir farþegar hans, bróðir hans Tryggvi Már Valdimarsson og Ágúst Fjeldsted Ágústsson, voru fluttir á slysadeild Borgarspítalans af sjúkraliði, sem kom á staðinn, og verður gerð grein fyrir meiðslum þeirra síðar.

Bifreiðarnar voru báðar mikið skemmdar að framan, og voru báðar óökufærar og færðar á brott með kranabifreið.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs var myrkur og regn og ísing á veginum, sem er steinsteyptur. Þá voru nokkur hemlaför eftir báðar bifreiðarnar.

Mál þetta var rannsakað af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík og skýrslur teknar af ákærða og ökumanni bifreiðarinnar G 6479 og farþegum hans. Síðan var málið sent ríkissaksóknara til ákvörðunar, og með bréfi hans, dagsettu 28. maí 1973, var af hans hálfu heimilað, að málinu yrði lokið með dómssátt, enda féllist ákærði á að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar og sætti enn fremur sviptingu ökuréttinda um hæfilegan tíma. Þetta tilboð rík-

issaksóknara bar Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómara, undir ákærða 15. október 1974, en samkvæmt bókun í þingbók ansaði ákærði því tilboði engu. Málið var sent ríkissaksóknara að nýju sama dag, og barst loks ákæra, dagsett 20. maí f. á., sem dómarinn fékk í hendur 29. sama mánaðar, en fram að því hafði hann engin afskipti af málinu.

Eftir þingfestingu málsins 27. apríl sl. hefur farið fram rannsókn fyrir dómi, og verða nú raktir framburðir ákærða, ökumanns bifreiðarinnar G 6479 og bróður hans fyrir dóminum.

Ákærði skýrir svo frá, að umrætt kvöld, um kl. 2100, hafi hann ekið bifreiðinni R 30327 frá húsinu Vík í Mosfellssveit, en það stendur örstutt norðan Vesturlandsvegar, og inn á þann veg. Þegar ákærði kom að Vesturlandsvegi, gekk yfir él, en samt sá ákærði ljós bifreiðar á leið til borgarinnar og áleit hana vera 400-500 metra í burtu. Ákærði ók því inn á veginn og inn á vinstri vegarhelming hans miðað við aksturssstefnu til borgarinnar, enda fannst ákærða þessi bifreið vera á þeim vegarhelmingi. Ákærði var í leiðu skapi, en hann hafði orðið fyrir vonbrigðum stuttu áður. Þess vegna var ákærði á einhvern hátt bundinn með hugann við vonbrigðin, enda þótt þetta breytti ekki á nokkurn hátt því, að ákærði taldi sig fullfæran til aksturs. Þá kveðst ákærði ekki hafa verið miður sín við aksturinn. Þegar ákærði var kominn í nánd við Blikastaði, kom bifreið á móti honum á sama vegarhelmingi. Þegar ákærði sá ljós þessarar bifreiðar, fór hann að draga úr ferðinni með því að hemla, en sökum hálku tókst honum ekki að stöðva bifreiðina, áður en árekstur varð. Þegar ákærði fór frá borginni, var ekki hálka á veginum, en hún kom til, meðan ákærði dvaldist í Mosfellssveit.

Ákærði segist hafa ekið á eðlilegum ökuhraða á Vesturlandsvegi, um 50-70 km miðað við klukkustund, og allan tímann eftir að hann ók inn á Vesturlandsveg, stóð hann í þeirri trú, að hann væri á réttum vegarhelmingi, uns slysið var orðið.

Magnús Már Valdimarsson nemandi, Álmholti 8 í Mosfellssveit, ók á milli klukkan 2000 og 2100 umrætt kvöld bifreiðinni G 6479 úr Reykjavík eftir Vesturlandsvegi áleiðis að Skálatúni. Hann telur sig hafa ekið á 40-50 km hraða, en slydda var og skyggni ekki gott. Þegar hann var nokkru fyrir norðan vegamótin að Blikastöðum, sá hann bifreið koma á móti, sem honum virtist á sínum vegarkanti. Magnús Már hægði því ferðina og ætlaði að sjá, hverju fram yndi. Allt í einu sá hann, að bifreiðin kom beint á móti. Steig hann þá á hemlana og beygði aðeins til vinstri, en

fékk ekki forðast árekstur. Hann telur, að hin bifreiðin hafi verið á töluverðri ferð, og miðar þá við höggið.

Magnús Már aðstoðaði Ágúst Fjeldsted út úr bifreiðinni og lagði hann til og hagræddi honum á vegarkantinum. Þá reyndi hann að hjálpa bróður sínum út úr bifreiðinni, en það tókst ekki, þar sem hann var klemmdur fastur inni í henni.

Magnús Már ræddi við ákærða og bað hann að kalla á sjúkrabifreið, en hann sagðist ekkert gera það, þar sem honum væri nær að aka ekki á sig á öfugum kanti.

Magnús Már finnur enn til óþæginda í hnjánum eftir slysið, sérstaklega þó í hægra hné.

Tryggvi Már Valdimarsson sölumaður, Álmholti 8 í Mosfellssveit, var farþegi í bifreiðinni G 6479 greint sinn og sat í hægra aftursæti. Mjög stuttu fyrir slysið vakti bróðir hans athygli á því, að bifreið kæmi á móti á öfugum vegarhelmingi. Jafnframt hægði hann ferðina. Skullu bifreiðarnar síðan saman rétt á eftir, og missti þá Tryggvi Már meðvitund, en rankaði við sér í sjúkrabifreið á leið til Reykjavíkur. Hann kveðst vera orðinn jafngóður eftir slysið.

Ágúst Fjeldsted Ágústsson nemandi, Lindarbraut 25 á Seltjarnarnesi, sem var farþegi í bifreiðinni í þetta skipti, er nú látinn.

Ágúst Fjeldsted gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 24. apríl 1973 og kvaðst hafa setið í framsæti bifreiðarinnar við hlið ökumanns. Hann tók ekki neitt sérstaklega eftir umferð um veginn, en taldi umferð ekki hafa verið mikla.

Magnús Már hafði orð á því við Ágúst Fjeldsted, hvort bifreið, sem kom á móti, væri ekki á öfugum kanti, og sá Ágúst strax, að svo var. Hann sá, að bifreiðin, sem á móti kom, var alveg á vegarhelmingi þeirra og stefndi því beint framan á bifreiðina. Ágúst Fjeldsted fann svo, að hemlun kom á bifreið þeirra, og telur, að ferðin hafi verið orðin lítil, þegar áreksturinn varð.

Ágúst Fjeldsted meiddist mikið, og verður meiðslum hans lýst síðar. Þegar hann mætti til yfirheyrslu, hafði hann skerta sjón á hægra auga og mikil ör í andliti, og kvað hann óvíst, hvort hann næði fullum bata eða yrði með andlitslýti í framtíðinni.

Ákærði minnist þess ekki að hafa viðhaft þau ummæli, sem Magnús Már hefur eftir honum eftir slysið. Þá óskaði ákærði eftir að taka það fram, að eftir að hann hafði áttað sig á því, að hann var í órétti, hafi hann látið aka sér á tvo bæi til að hringja eftir aðstoð, en honum var farið að lengja eftir henni.

Samkvæmt skýrslu Jóns Þórs Þorbergssonar komu rannsóknar-

lögreglumennirnir Sveinbjörn Bjarnason og Torfi Jónsson á vettvang og tóku að sér framhaldsrannsókn málsins.

Verður nú gerð grein fyrir framburðum þeirra, sem taldir voru hafa haft afskipti af rannsókn málsins, en þeir hafa flestir komið fyrir dóm.

Sveinbjörn Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Dvergbakka 28 í Reykjavík, fór á vettvang og tók ljósmyndir. Hann gerði einnig skýringar við þær. Hann segir, að hemlaför hafi verið að nokkru afmáð, þegar hann kom á vettvang, en þá var nokkur tími liðinn frá slysinu, en ekki veit hann, hversu langur tími.

Torfi Jónsson aðalvarðstjóri, Kleppsvegi 42 í Reykjavík, man eftir máli þessu, en segir, að það sé misskilningur, að hann hafi farið á vettvang.

Finnbogi Líndal Sigurðsson lögreglumaður, Skaftahlíð 33 í Reykjavík, kom á vettvang í þetta skipti. Hann mundi ekki eftir málinu, fyrr en hann hafði fengið að lesa yfir skýrslu Jóns Þórs. Kvaðst hann þá ekki sjá annað en að hún væri rétt, svo og kannaðist Finnbogi Líndal við að hafa gert uppdrátt þann, er gerður var af vettvangi, og kvað hann gerðan eftir bestu vitund.

Borgþór Þórhallsson rannsóknarlögreglumaður, Miklubraut 86 í Reykjavík, mundi eftir málinu, en kvaðst ekki hafa farið á vettvang. Hann tók skýrslur af Tryggva Má Valdimarssyni og Ágúst Fjeldsted og kvaðst hafa tekið skýrslurnar af þeim eins nákvæmlega og hægt var.

Franklín Friðleifsson, aðalfulltrúi í Bifreiðaeftirliti ríkisins, til heimilis að Vesturbergi 74 í Reykjavík, fór á vettvang og framkvæmdi athugun á bifreiðunum. Samkvæmt skýrslum hans, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, voru bifreiðarnar ekki ökufærar vegna skemmda að framan, en við þá skoðun, sem hægt var að framkvæma á slysstað, virtust hemlar og stjórntæki hafa verið í lagi. Hjólbarðar á bifreið ákærða voru allir snjómynstraðir með ísnöglum, en á hinni bifreiðinni voru allir hjólbarðarnir með sumarmynstri.

Jón Þór Þorbergsson lögreglumaður hefur verið á sjúkrahúsi að undanförnu, en ekki þótti ástæða til þess að tefja málið frekar, til þess að færi gæfist til þess að taka af honum skýrslu, enda virðast allar staðreyndir málsins ljósar.

Ökumaður og farþegar í bifreiðinni G 6479 voru allir fluttir á slysadeild Borgarspítalans, eins og áður er fram komið, og hafa verið lögð fram áverkavottorð úr sjúkraskrám þeirra allra, og eru

vottorðin undirrituð af Hauki Árnasyni lækni og dagsett í apríl og maí f. á.

Um meiðsli Magnúsar Más Valdimarssonar segir svo:

„Við skoðun kom í ljós hrufl á höfði hægra megin framan til, nokkru ofan gagnaugasvæðis og talsvert mar undir þessu hrufli. Hrufl á vísifingri vi. handar, talsvert mar um fremri kjúkuliðinn. Þrjú smá sár eru á hné yfir hæ. hnéskel og verkur við gang. Hann gengur haltur. Margúll var utanvert á hæ. læri.

Sjúkl. var sendur í rtg.myndatöku, og voru teknar myndir af höfuðkúpu, en á þeim greindust ekki merki um brot eða aðra áverka á höfuðkúpu. Myndir af hálshrygg sýndu sjö hálsliðboli, sem allir voru eðlil. að sjá, og hæð milli liðbola eðlil. Ekki merki um skrið eða sköddun á liðþófum. Rtg.myndir af lungum sýndu engar sjúklegar breytingar eða áverkamerki. Rtg.myndir af bringubeini sýndu engin merki um brot á bringubeini. Rtg.mynd af vi. vísifingri sýndi engin áverkamerki. Rtg.myndir af hæ. hné sýndu ekki merki um brot um hnéð.

Meðan sjúkl. var í ofanskráðri rannsókn á Röntgendeild, fékk hann talsverða ógleðitilfinningu og svimatilfinningu. Hann hafði þó ekki höfuðverk og kastaði ekki upp.

Að ofanskráðri rannsókn lokinni fékk Magnús crepebindisvafning um hæ. hné, en fékk síðan að fara úr Slysadeild Bsp.

Kom til eftirlits í göngudeild Slysadeildar hinn 2/4 1973. Segist þá hafa höfuðverk og óþægindi í hæ. hné og einnig eymsli, sérstaklega framan til yfir vi. hné og smelli í hnénu.

Ekki þótti ástæða til frekari rannsókna á þessu að sinni, en ráðgert, að ef óþægindi yrðu viðvarandi, kæmi hann aftur til frekari athugunar og þá e. t. v. skuggaefnisrannsóknar á hnénu."

Um meiðsli Tryggva Más Valdimarssonar segir svo:

„Við skoðun kom í ljós: Sjúkl. er cliniskt undir áhrifum áfengis. Hann virðist ekki vel áttaður á stað eða stund. Spyr, hvaða dagur sé, og tekur ekki vel eftir umhverfi sínu.

Á mjóbaki í hæð við II.-IV. lendarlið er hrufl yfir hryggjartindum, og nær það nokkuð yfir til vinstri við hryggjarsúlu og upp á neðstu rif vinstra megin. Mest eru þreifieymsli yfir hryggjartindi III. lendaliðar.

Á vinstra handarbaki er þroti og mar og bein og óbein eymsli þar. Hrufl er á hægri fæti utanverðum, rétt ofan við öklann á ca. 5—6 cm svæði. Sinaviðbrögð útlima eru jöfn og eðlileg báðum megin.

Að þessari rannsókn lokinni var Tryggvi fluttur á Röntgendeild til myndatöku, og voru teknar röntgenmyndir af hægri olnboga og brjósthrygg, og greindust ekki á þeim merki um brot á beinum eða ferska áverka beina. Röntgenmyndir af vi. handarbaki sýndu, að brotið var handarbaksmegin og geislabeinsmegin úr II. miðhandarbeini, 3 x 4 mm stór flaski. Einnig var sprunga í gegnum III. miðhandarbein, ölnarbeinsmegin, sem gekk inn í liðinn milli miðhandarbeins og úlnliðs. Engin tilfærsla var á þessu broti.

Þá voru teknar myndir af lendarliðum, og greindist á þeirri mynd, að lendarliðir voru sex (venjulega fimm). Neðsti lendarliður var að nokkru vaxinn við spjaldhrygg. Á myndunum sást, að III. lendarliður var fleyglaga og lækkaður, sbr. við liðbolinn fyrir ofan og neðan, liðbolur fyrir ofan 37 mm, liðbolur fyrir neðan 38 mm, en III. lendarliður 34 mm (lækkaður um 3 mm miðað við liðbolinn fyrir ofan, 4 mm miðað við liðbolinn fyrir neðan). Á framanfrá myndum af mjóhrygg greindist, að nefndur lendarliður var lækkaður meira hægra megin en vinstra megin. Þá voru einnig teknar myndir af rifjum + hægri fótlegg, en á þeim greindust ekki merki um áverka á beinum.

Að þessari rannsókn lokinni var Tryggvi lagður inn á legudeild Slysadeildar til eftirlits vegna áverka hans.

Eftir myndatöku hafði Tryggvi talsverða þörf fyrir að losna við þvag, en gat það ekki. Hann fékk því Carbacholinsprautu kl. 05.00 og gat eftir það kastað þvagi eðlilega og svo þar á eftir.

Vegna brotsins á miðhandarbeinum fékk hann spelku frá hnúum að olnboga á vi. handlegg.

Hann var látinn liggja í rúminu fyrsta sólarhringinn, en síðan var tekið mál fyrir stuðningsbelti fyrir hrygg, og eftir að hann hafði fengið það, var honum leyft að fara á fætur. Hann hafði aðeins vott af blóði í þvagi fyrst eftir komu, en það hreinsaðist síðan.

Er útskrifaður úr legudeild Slysadeildar 28/3 1973.

Kemur til eftirlits í göngudeild Slysadeildar 6/4. Líðan er þá góð og gips fjarlægt af vinstri handlegg. Er nánast eymslalaus og fékk því teygjuplástursvafning um úlnliðinn og fram á handarbak.

Við taugakerfisskoðun komu ekki í ljós einkenni um sköddun á mænu eða peripherum taugum. Góður kraftur var í ganglimum og sinaviðbrögð eðlileg. Ákveðið að hann hefði áfram styrktarbelti það, sem hann hafði fengið vegna hryggjarbrots. Skipt var á hrufli utanvert á hægri legg, og var það nánast gróið.

Kom til eftirlits í göngudeild Slysadeildar hinn 27/4 1973. Líðan var þá góð. Sæmilega góð hreyfigeta var í baki.

Tekin var röntgenmynd af mjóbaki, og sýndi hún, að engin röskun hafði orðið á brotinu á III. lendarlið, og talsverð beinmyndun var komin í brotið.

Tryggvi Valdimarsson hefur ekki komið til eftirlits í göngudeild Slysadeildar eftir þetta vegna fyrrgreinds slyss".

Um meiðsli Ágústs Fjeldsted segir svo:

„Við skoðun kemur í ljós mjög tættur skurður frá miðju enni vinstra megin yfir nefrót og niður að hægra auga, innanvert við augað. Margir tættir skurðir á efra augnaloki hæ. megin og utanvert við hægra auga. Margir grunnir skurðir og hrufl á nefi, og er meira af smáskrámum hæ. megin á nefinu og hæ. kinn. V-laga skurður er í hársverði miðjum, rétt ofan ennis.

Við könnun á sárum kemur í ljós, að sprunga er í ennisbeinið yfir sinus frontalis, og bulbus oculi er frí-dissiceraður að nokkru í sári á efra augnaloki. Sjúkl. er með fullri meðvitund, og hann hefur, að því er virðist, sæmilega sjón á hæ. auga. Ljósop eru hringlaga og svara eðlilega fyrir ljósertingu.

Áðurnefnd sár í andliti voru saumuð í staðdeyfingu á Slysadeild strax eftir komu, en sár á efra augnaloki við hægra auga, sem náðu inn í slímhúð augnaloksins, voru saumuð af Óla Birni Hannessyni augnlækni strax að áðurnefndri aðgerð lokinni hér í Slysadeild. Óli Björn Hannesson gerði aðgerð sína á augnalokinu hér á Slysadeild. Í lýsingu augnlæknis á sárum sjúkl. kemur fram, að hrufl var á hornhimnu hæ. auga, en virtist ekki ganga inn í gegnum hornhimnuna, þannig að ekki væri gat á auganu. Vinstra auga var eðlilegt. Við skyggningu á hæ. auga kom í ljós, að innsýn var ekki alveg tær í augað, en augnbotn virtist eðlilegur. Engar innri blæðingar var að sjá. Augnalokið var saumað með nylonsaumum í brún augnaloksins og síðan í slímhúð og síðan í sár utanvert á auganu.

Eftir að sj. var lagður hér inn í Slysadeild Bsp., var líðan hans sæmilega góð. Ekki komu fram einkenni um sköddun á miðtaugakerfi eða peripherum taugum.

Við röntgenmynd af höfði komu ekki í ljós brot. Við röntgenmynd af andlitsbeinum, sérstaklega kinnbeini hæ. megin, kom ekki í ljós brot í kinnbeininu, en hann hafði brot, eins og áður greinir, á ennisbeini og hafði einnig brot á nefbeinum.

Háls- nef- og eyrnalæknir var fenginn til að líta á þetta, og þótti ekki ástæða til aðgerðar vegna þessa, en sjúkl. settur á anti-

biotica, bæði vegna þessa og eins vegna sköddunar á umgerð hæ. auga, eins og áður greinir.

Við útskrift af Slysadeild hinn 3/4 var Ágúst skoðaður af augnlækni. Þrotinn í augunum hafði þá minnkað, en hann hafði verið nokkur fyrstu daga eftir innlögn. Sjón við útskrift var góð á báðum augum. Augnglufa hæ. megin var þó nokkru minni en vi. megin og þroti meiri í augnaloki hæ. megin en vi. megin. Tvö augnhár á efra augnaloki hæ. auga vísuðu inn að auganu, og varð að fjarlægja þau.

Við útskrift var sjúkl. ráðlagt að hafa hægt um sig fyrst um sinn heima hjá sér og að hann kæmi síðan til eftirlits á stofu hjá Óla Birni Hannessyni lækni.

Ágúst hefur ekki komið til eftirlits í göngudeild Slysadeildar eftir þetta vegna áðurnefndra áverka, en saumar úr sárum í andliti, sem saumaðir voru á Slysadeild af læknum Slysadeildar, voru fjarlægðir fyrir útskrift af legudeild Slysadeildar, og voru sárin þá gróin."

Með eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og annað það, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið hér að framan, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er ákærður fyrir, og þykir hún rétt færð til refsiákvæða í ákærunni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1952 1/7 Akureyri: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1953 21/3 Reykjavík: Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1953 24/4 Reykjavík: Sátt, 250 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 30/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur ökuleyfi ævilangt, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr., 257. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

1954 25/6 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956 2/5 Vestmannaeyjum: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956 26/6 Vestmannaeyjum: Áminning fyrir ölvun.

1964 29/6 Neskaupstað: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1966 18/8 Neskaupstað: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Sviptur ökuleyfi í 7 mánuði frá 18. ágúst 1966.

Ákærða voru veitt ökuréttindi á ný 9. nóvember 1963 eftir hina ævilöngu ökuréttindasviptingu, sem hann sætti á árinu 1954.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga. Breytir það ekki refsiábyrgð ákærða, þótt hann hafi staðið í þeirri trú við aksturinn, að hann æki á réttum vegarhelmingi. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og sæti ákærði varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Svipta ber ákærða ökuréttindum samkvæmt 81. gr. umferðarlaga. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 2 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með 18.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns.

Á afgreiðslu máls þessa hefur orðið óhæfilegur dráttur, og hefur verið gerð hér að framan grein fyrir gangi málsins fram að útgáfu ákæru. Þingfesting málsins eftir útgáfu ákæru hefur einnig dregist úr hófi. Þegar ákæran barst dómaranum seinast í maí á sl. ári, fór sumarleyfi í hönd. Að því loknu tóku við annir dómarans við afgreiðslu á eldri málshöfðunum og loks tímafrekar dómsrannsóknir, sem honum voru faldar á síðustu mánuðum og ekki voru taldar þola bið.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Kristjánsson, greiði 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 2 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með 18.000 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Steinars Gunnlaugssonar héraðsdómslögmanns.

Miðvikudaginn 12. október 1977.

Nr. 199/1974. **Utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Gunnari Jónssyni og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Vinnusamningur. Uppsögn.

Dómur Hæstaréttar.

Málið dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 15. nóvember 1974. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. maí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 882.712 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Hinn 18. mars 1977 greiddi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda hið umkrafða orlofsfé, 30.444 krónur auk vaxta.

Samkvæmt málflutningi hér fyrir dómi fékk gagnáfrýjandi goldin laun, 14.642.76 krónur, fyrir tímabilið 1.—7. september 1972.

Aðaláfrýjandi hefur lýst því yfir, að hann viðurkenni greiðsluskyldu sína gagnvart gagnáfrýjanda, ef gagnáfrýjandi verði talinn eiga rétt á bótum vegna uppsagnar úr starfi hjá varnarliði Bandaríkja Norður-Ameríku hér á landi.

Fyrir Hæstarétti er einungis um það deilt, hvort heimilt hafi verið að segja gagnáfrýjanda upp starfi með þriggja mánaða uppsagnarfresti eða hvort uppsögn hans hafi verið ólögmæt vegna ákvæða 5. gr. reglna um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 7. desember 1967.

II.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað allmargra nýrra gagna. Gagnáfrýjandi hefur komið fyrir dóm og gefið skýrslu um ráðningu sína og atvik að henni. Fullyrti hann, að ekki hefði verið um annað rætt en að um kjör hans, réttindi og skyldur skyldi fara á sama hátt og slökkviliðsmanna í Reykjavík. Ekki hafi verið nefndur þriggja mánaða uppsagnarfrestur og hann hafi litið svo á, að um svonefnda æviráðningu væri að ræða. Hins vegar skýrði hann svo frá, að sér hafi verið kunnugt um, að borið hefði við, að starfsmönnum slökkviliðsins hefði verið sagt upp störfum með 3 mánaða uppsagnarfresti.

Í bréfi starfsmannastjóra varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Guðna Jónssonar, frá 15. apríl 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, segir m. a. svo: „Lengri uppsagnarfrestur en þrír mánuðir hefur aldrei verið gefinn, enda hefur aldrei verið litið á ráðningu sem sambærilega við skipun til starfa hjá íslenzkum ríkis- eða bæjarstofnunum.“

III.

Aðiljar eru á einu máli um, að eigi hafi verið gerður skriflegur ráðningarsamningur við gagnáfrýjanda um starf hans í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Skjal, sem nefnt er „Notification of Personnel Action“, hefur verið lagt fram í málinu. Er það undirritað af yfirmanni starfsmannadeildar varnarliðsins og fjallar um stöðu gagnáfrýjanda í slökkviliðinu. Segir þar m. a.: „ . . . Rights and Privileges in accordance with the agreement of the City of Reykjavík and the Union of Reykjavík Municipal Employees“.

Samkvæmt 4. tölulið 6. gr. viðbætis við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, eru íslenskir

starfsmenn varnarliðsins ráðnir af því, en íslenska ríkið er eigi aðili að vinnusamningi. Var gagnáfrýjandi eigi íslenskur opinber starfsmaður. Í 4. tölulið 6. gr. segir, að ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu skuli fara að íslenskum lögum og venjum.

Varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna er uppsegjanlegur samkv. 7. gr. hans. Vegna þessa og almennrar stöðu varnarliðsins hér á landi þykir það hafa líkur gegn sér, að stofnað hafi verið til svonefndrar „æviráðningar" með ráðningarsamningi gagnáfrýjanda.

Samkvæmt gögnum máls, sem reifuð eru hér að framan, verður við það að miða, að borið hafi við, að starfsmönnum í slökkviliði varnarliðsins hafi verið sagt upp störfum og þá eigi með lengri uppsagnarfresti en þremur mánuðum. Hefur gagnáfrýjandi eigi fært sönnur á í máli þessu, að hann hafi verið ráðinn með rýmri kjörum að þessu leyti. Um lögmæti uppsagnar hans, þ. á m. um lengd uppsagnarfrests, fer eftir íslenskum lögum samkvæmt 4. tl. 6. gr. viðbætisins. Aðilja skilur eigi á um, að gagnáfrýjandi hafi notið þriggja mánaða uppsagnarfrests, og þykir lengd hans, eins og hér stendur a, eðlilega ákveðin samkvæmt íslenskum lagavenjum.

Í bréfi slökkviliðsstjórans á Keflavíkurflugvelli frá 30. ágúst 1972 segir, að uppsagnartímabil gagnáfrýjanda, sem ljúka átti 31. ágúst s. á., framlengist til 7. september s. á. Gagnáfrýjanda var eigi rétt að líta svo á, að með þessu bréfi væri horfið frá uppsögninni, og þykir hann ekki geta byggt rétt á því til bóta úr hendi aðaláfrýjanda.

Samkvæmt þessu verður að taka sýknukröfu aðaláfrýjanda til greina.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h.

ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Gunnars Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. september 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var, að loknum munnlegum málflutningi, 4. sept. sl., hefur Gunnar Jónsson slökkviliðsmaður, Njarðargötu 5, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. apríl 1973, gegn Einari Ágústssyni utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 913.156 ásamt 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ. Jafnframt er þess krafist, að metin verði ógild uppsögn Sveins R. Eiríkssonar slökkviliðsstjóra svo og að stefnandi verði settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, þar á meðal með óskertum lífeyrisréttindum og aðstöðu til að hækka í starfi (tign) miðað við upphaflegan starfsaldur.

Við munnlegan málflutning hækkaði lögmaður stefnanda vaxtakröfu sína þannig, að krafist er greiðslu á kr. 913.156 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda. Til vara eru gerðar þær dómkröfur, að umkrafðar fébætur verði verulega lækkaðar.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefndu þær dómkröfur, að stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, þó þannig, að stefndu fallast á að greiða stefnanda kr. 30.433 vegna ógreidds orlofsfjár o. fl., og jafnframt er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda. Af hálfu stefndu var þá gerð varakrafa um, að dómkröfur stefnanda yrðu lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavextir virðast vera þeir, að haustið 1966 hafi stefnandi hafið starf sem slökkviliðsmaður hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar og því starfi hafi stefnandi gegnt þar til um mánaðamót ágúst og september 1972. Með bréfi, dags. 29. maí 1972, undirrituðu af Sveini R. Eiríkssyni slökkviliðsstjóra, var stefnanda sagt upp starfi frá og með 31. ágúst 1972. Í bréfi þessu var ekki

tilgreind ástæða fyrir uppsögn. Sveinn R. Eiríksson slökkviliðsstjóri ritaði stefnanda annað bréf, og var það dags. 30. ágúst 1972. Efni bréfsins var „framlenging á starfsuppsögn". Í bréfi þessu var stefnanda tilkynnt, að uppsagnartímabil stefnanda, sem ljúka átti 31. ágúst 1972, framlengdist til 7. september 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram bréf, dags. 29. maí 1972, svohljóðandi:

„Frá: Slökkviliðsstjóra Varnarliðsins, Keflavíkurflugvelli.
Til: Hr. Gunnars Jónssonar, slökkviliðsmanns, Slökkviliði Varnarliðsins, Keflavíkurflugvelli.
Efni: Starfsuppsögn.

1. Það tilkynnist hér með, að yður er sagt upp starfi slökkviliðsmanns frá og með 31. ágúst 1972.
2. Þess er óskað, að þér mætið á skrifstofu starfsmannahalds á síðasta vinnudegi yðar til að ganga frá málum varðandi lokauppgjör."

Hinn 27. júlí 1972 var stefnanda ritað svohljóðandi bréf:

From: Fire Chief.
To: Mr. Gunnar Jonsson, Firefighter "C" Shift.
Subj.: Letter of reprimand.

1. On 27 June 1972, you called the Station Captain on duty at the fire station and stated that you would not be in for duty the next day as scheduled but you did not request any type of leave. This type of reporting procedure is not in accordance with established procedures of reporting absenteeism. However, the reason for LWOP was sufficient, and leave would have been granted if requested.
2. On 13 July 1972, you did not arrive for duty as scheduled. No word was received by the management of the Fire Department regarding your condition or reason for absence. The next time you were scheduled for duty, on 16 July, you showed up 8 minutes late for duty. You did not bring in a doctor certificate or any explanation of your absence 13 July. On 22 July you finally brought in a doctor certificate for the 13 July, issued by dr. Arnbjörn Ólafsson 13 July 1972.
3. On 22 July 1972, you were assigned the duty of closing places of public assembly. The normal procedure is that the person performing this duty is in radio contact with the Fire Department during the entire inspection period, but you failed to do so. Furthermore, after you had been out of

contact for 45 minutes on a normal 10 to 15 minutes mission, causing delay in closing of other buildings, a fire officer was dispatched in another vehicle to look for you on the Station and finally found you in the Hobby Center, where it appears that you spent unnecessarily long time.

4. This letter is submitted in order to warn you that repetition of the above will not be tolerated and may result in immediate dismissal from your present position."

Á dskj. nr. 8 er bréf, dags. 18. ágúst 1972. Bréf þetta er undirritað af S. R. Eiríkssyni, M. Ólafssyni, H. Marteinssyni og H. Stefánssyni og er svohljóðandi:

„From: Fire Chief and Assistant Fire Chiefs NAVSTAKEF Fire Department.

To: Commanding Officer NAVSTAKEF.

Subj.: Mr. Gunnar Jonsson's termination; information, concerning. Encl: (1) through (9) copy of letters of reprimand, warning, incidents, termination, etc., concerning Mr. Gunnar Jonsson.

1. We the undersigned managers of the U.S. Naval Station, Keflavík Fire Department, are convinced that all the facts contained in enclosure (1) through (9) are more than enough evidents to support our previous decision of terminating Mr. Gunnar Jonsson from this Fire Department as of 31. Aug. 1972.
2. This letter is forwarded to you in order to, once again and hopefully for the last time, try to convince you of that we the undersigned, the Fire Chief and the three Assistant Fire Chiefs of your Fire Department are positively certain that the above termination action is necessary to maintain the vitally important mission and performance of all of the personnel within the Fire Department in the future.
3. Furthermore, we refuse to assign Mr. Jonsson to any position of responsibility in the Fire Department. His past and continuous performance has clearly indicated to us that he cannot be trusted to react properly and would, therefore, jeopardize the safety of other firefighters and personnel who depend upon the Fire Department for protection during any emergency situation."

Hinn 30. ágúst 1972 var stefnanda ritað bréf. Það er svohljóðandi:

„Framlenging á starfsuppsögn

1. Það tilkynnist yður hér með, að uppsagnartímabil yðar, sem ljúka átti 31. ágúst 1972, framlengist til 7. september 1972, óskið þér eftir að starfa áfram til þess tíma. Vaktir þær, sem á það tímabil falla, verða 2. september 1972 og 6. september 1972, og einungis er ætlast til, að þér mætið til starfa í slökkvistöðinni eftir því sem þörf krefur að mati yfirmanns yðar, sem mun boða yður símleiðis."

Hinn 26. október 1972 skrifaði stefnandi Guðna Jónssyni, starfsmannahaldi varnarliðsins, bréf, þar sem hann mótmælti starfsuppsögn og bréfi, dags. 18. ágúst 1972, sbr. dskj. nr. 8.

Í málinu hafa verið lögð fram nokkur læknisvottorð. Það elsta þeirra er dagsett 31. mars 1971 og er frá Jóni K. Jóhannssyni lækni, og efni vottorðsins er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Vegna endurtekinna fjarvista Gunnars Jónssonar, starfsmanns Slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, og sérstaklega vegna síðasta læknisvottorðs hans, sem er tæplega læsilegt (og fylgir hjálagt), var ég beðinn um að ræða við Gunnar og skoða hann.

Hr. Guðmundur Snorrason tilkynnti honum, að hann ætti að koma á stofuna til mín í þeim tilgangi. Hinn 23. mars hringdi hann á stofuna og vildi fá staðfestingu í símann á miðanum frá lækni hans. Ég sagði honum að koma til mín á stofuna, og hann lagði á. Föstudagskvöldið 26. mars hringdi Gunnar aftur til mín, hafði í hótunum, skammaðist og var áreitinn í orðum. Hann hélt því fram, að hann hefði tekið símtalið á segulband og ætti að geta haft það yfir fyrir alla málsaðila, ef hann óskaði.

Hann fékk tíma kl. 14 daginn eftir, en eftir að beðið hafði verið eftir honum í hálftíma, hringdi varaslökkviliðsstjórinn til mín og sagði mér, að Gunnar ætlaði ekki að mæta, með því „hann gæti ekki náð í lögmann sinn."

Í gær, hinn 30. mars, kom Gunnar loks á stofuna til mín í fylgd með hr. Hilmari Sölvasyni. Ég bað Hilmar Sölvason að bíða á biðstofunni, meðan ég skoðaði Gunnar Jónsson og talaði við hann, en Gunnar neitaði algjörlega skoðun, nema Hilmar Sölvason væri viðstaddur og fór burt að því búnu.

Ég er þeirrar yfirveguðu skoðunar, að Gunnar Jónsson þjáist af ranghugmyndum um ofsóknir og jafnframt leiti hann allra ráða og undanbragða til að vera fjarverandi og leika á „kerfið".

Líkamlega lítur hann mjög hraustlega út, en alvarlega verður að efast um, að hægt sé að hafa mann með þessa afstöðu í starfi."

Hinn 25. febrúar 1972 gaf Jón K. Jóhannsson læknir út eftirfarandi vottorð: „Gunnar Jónsson, slökkviliðsmaður, Njarðargötu

5, Keflavík, kom til mín í byrjun þessa mánaðar vegna lauss brjósks í h. hné. Fékk hann Cortison inngjöf í hnéliðinn, en hefur lítinn bata fengið. Síðan hef ég tvívegis heimsótt hann, er hann hefur verið frá vinnu, og í seinna skiptið þann 17. þ. m. ráðlagði ég honum eindregið að leita til sérfræðings í bæklunarsjúkdómum, sem væri eina ráðið til að fá varanlega lækningu á hnénu. Féllst Gunnar á þetta og kvaðst mundu fljótlega fara inn á Landspítala þessara erinda. Í símtali við Gunnar í gær tjáði hann mér hins vegar, að hann væri hættur við þetta í samráði við heimilislækni sinn, en ætlaði með fótinn í nudd, sem ég álít algjörlega tilgangslaust. Verður af þessu að draga í efa, hvort einlægur vilji sé fyrir hendi hjá Gunnari til þess að hraða meðferðinni, en í núverandi ástandi er hæpið, að hann geti uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru til atgervis slökkviliðsmanna."

Hinn 24. maí 1972 gaf Arnbjörn Ólafsson læknir út svofellt vottorð: „Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík, hefur verið óvinnufær undanfarna daga vegna taugaástands, sem ég taldi það alvarlegt, að ekki væri varlegt að láta hann sinna slökkviliðsstörfum, eins og hann var. Hann er nú til rannsóknar hjá sérfræðingi í taugasjúkdómum skv. mínu ráði."

Hinn 26. maí 1972 gaf Jón K. Jóhannsson læknir út eftirfarandi vottorð: „Vegna vottorðs Arnbjörns Ólafssonar um Gunnar Jónsson og geðheilsu hans upplýsist eftirfarandi: Ég hef í dag átt símtal við Þórð Möller, yfirlækni á Kleppi, og tjáði hann mér, að hann hefði fyrir tveimur dögum skoðað Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík, og ekki fundið neinn geðrænan sjúkdóm, er hindraði hann til vinnu í slökkviliði."

Hinn 29. maí 1972 gaf Arnbjörn Ólafsson út eftirfarandi vottorð: „Gunnar Jónsson, Njarðargötu 5, Keflavík. Ofanritaður var til rannsóknar í s.l. viku hjá sérfr. í taugasjúkdómum, og er hann talinn vinnufær frá og með deginum í dag. Ég ráðlagði Gunnari að hætta vinnu þann 17.5. 1972 um óákveðinn tíma."

Hinn 30. maí 1972 gaf Þórður Möller læknir út svohljóðandi vottorð. Vottorðið var stílað til Hallgríms Dalbergs, skrifstofustjóra í félagsmálaráðuneytinu, en vottorðið er svohljóðandi:

„Ég leyfi mér að senda yður stutta greinargerð um heilsufar Gunnars Jónssonar, slökkviliðsmanns á Keflavíkurflugvelli, einkanlega með tilliti til atburðar á vinnustað 17.5. 1972.

Skv. þeim upplýsingum, sem ég hef getað aflað mér með viðtali við hann, lækna suður frá og aðra, sem eitthvað hafa getað upplýst um málið, virðist mér eftirfarandi koma í ljós.

Gunnar hefir þegar lengi starfað á þessum vinnustað og hefir lengi verið nokkuð strítt með honum og yfirmanni hans, hugsanlega vegna ágreinings í félagsmálum. Hefir verið það mikil harka í þessum málum, að Gunnar hefir því miður gripið til áfengis um of til þess að létta á sér þessari streitu. Fjarvistir hans munu því hafa verið nokkuð meiri en venjulegt getur talist eða æskilegt.

Gunnar vill halda því fram, að þetta komi allt til af þeim járnaga, sem haldið er uppi í slökkviliðinu og það munu enda vera mun fleiri en hann, sem kvarta undan þeim aga og jafnvel hafa gefist upp á honum.

Eftir ástæðum er nokkuð vandséð, hver nauðsyn beri til slíks aga, hvort hann þjóni nokkrum öðrum tilgangi en sjálfum sér, og þá hvort lagfæring í þessum efnum sé vænlegri sú að breyta um aðferðir en að hrekja menn úr starfi með agabeitingu af þeirri hörkunni, sem einu sinni er íslendingum framandi, eða beinlínis víkja þeim úr starfi fyrir getsakir einar eða þá vegna veilu eða vandkvæða, sem rekja má að verulegu leyti til harkalegra aðferða.

Gunnar Jónsson tel ég fullkomlega með öllum mjalla og atburðir 17.5. 1972 aðeins tilkomna af tiltölulega skiljanlegri spennu, sem hann brestur snöggvast undan, og því hins vegar, að Gunnar er enginn járnkarl, sem þó á kröfu til þess að vera látinn njóta sannmælis, þó ekki sé meira."

Hinn 14. mars 1974 gaf Arnbjörn Ólafsson læknir út svofellt vottorð:

„Að gefnu tilefni hef ég kynnt mér að nýju vottorð mitt útgefið 24. maí 1972 varðandi Gunnar Jónsson, þá til heimilis að Njarðargötu 5 í Keflavík, með hliðsjón af framburði Sveins Eiríkssonar, slökkviliðsstjóra, á bæjarþingi R.víkur þann 12. febrúar 1974.

Vottorð mitt ber að skilja svo, að Gunnar hafi verið óvinnufær þann dag eins og á stóð, segir hins vegar ekki, að hann hafi verið haldinn geðveilu.

Í framhaldi af þessu hef ég kynnt mér bréf Þórðar Möller yfirlæknis, dags. 30. maí 1972, og er greinilegt, að yfirlæknirinn er á sama máli og ég um heilsufar Gunnars.

Ég hef ekki talið eða látið orð falla um, að Gunnar sé psyckopat."

Vegna máls þessa hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur, og hafa þá komið fyrir dóm stefnandi málsins, Gunnar Jónsson, Sveinn Rafn Eiríksson slökkviliðsstjóri, Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, Halldór Marteinsson aðstoðarslökkviliðsstjóri,

Haraldur Stefánsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Guðmundur Snorrason, ráðningarstjóri varnarliðsins, og Baldur Guðjónsson, ráðningarstjóri utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem kom fram við yfirheyrslur þessar.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi sem rétta aðiljaskýrslu á dskj. nr. 3, en þar segir svo m. a.: „Seint í nóvembermánuði 1966 réðst ég til starfa hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar sem slökkviliðsmaður. Ekki var krafist neinna sérstakra skilyrða til þess að hljóta starfið, að öðru leyti en því, að heilsan væri góð, hefði ökuréttindi og talaði eitthvað í ensku. Auðvitað var til þess ætlast, að ég hefði næga líkamsburði. Það skilyrði var auðvelt að uppfylla, því ég hafði árum saman stundað ýmiss konar byggingarvinnu, en þar að auki verið starfandi skáti í mörg ár. Ég komst því fljótt inn í starfið hjá slökkviliðinu, gekk þar allar tilskildar vaktir og að hverju því starfi, sem mér var falið. Allt var þetta undir venjulegu eftirliti yfirboðara minna og í nánu samstarfi við félaga mína. Aldrei var kvartað undan störfum mínum, eða mér veitt áminning af neinu tagi, né heldur ábending um smátt eða stórt, sem betur mætti fara í sambandi við vinnuna.

Mér kom því algjörlega á óvart, er mér barst uppsagnarbréf Sveins R. Eiríkssonar, slökkviliðsstjóra, dags. 29. maí 1972, enda var þar engin ástæða tilgreind. Í bréfinu var gengið út frá því, að ég skyldi láta af störfum í ágústlok 1972. Samkvæmt þessu hélt ég störfum áfram m. a. í því trausti, að uppsögn þessi kæmi aldrei til framkvæmda. Næst gerist það, að Sveinn R. Eiríksson sendi mér annað bréf, dags. 30. ágúst, um: „framlenging á starfsuppsögn", en samkvæmt bréfinu er mér tilkynnt, að uppsagnartímabilið, sem átti að ljúka 31. ágúst 1972, framlengdist til 7. september 1972. Jafnframt er gefið í skyn, að ég yrði boðaður á sérvaktir. Til þess kom þó ekki, en ég var að sjálfsögðu viðbúinn heima."

Fyrir dómi bar stefnandi, að þá er hann var ráðinn til starfa hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, hafi Guðmundur Snorrason ráðið stefnanda og tekið fram, að laun og kjör skyldu vera sambærileg við kjör slökkviliðsmanna í Reykjavík. Á þessu hafi nokkur misbrestur orðið og m. a. þess vegna hafi slökkviliðsmennirnir á Keflavíkurflugvelli stofnað starfsmannafélag slökkviliðsmanna, og minnti stefnanda, að félagið hafi verið stofnað á árinu 1968, en stefnandi hafi verið kosinn fyrsti formaður félagsins. Þá er

stefnandi var ráðinn, hafi ekkert verið á það minnst, að til uppsagnar gæti komið vegna þess, að varnarliðið færi af landinu, og aldrei hafi verið á þennan möguleika minnst, á meðan stefnandi gegndi starfi sínu á Keflavíkurflugvelli. Stefnandi tók fram, að þá er hann sótti um starf þetta, þá hafi hann gert það, þar sem þetta sé eitt tryggasta starfið á Keflavíkurflugvelli, en svo framarlega sem Keflavíkurflugvöllur sé rekinn sem flugvöllur þá hljóti að starfa þar slökkvilið, hvort sem varnarliðið sé hér á landi eða ekki.

Stefnandi sagðist halda, að hann hefði fengið uppsagnarbréfið á dskj. nr. 4, en það er dags. 29. maí 1972, sama dag og bréfið er dagsett, að minnsta kosti muni hann hafa fengið það fyrir mánaðamót maí-júní 1972. Eftir að stefnandi fékk bréf þetta, þá hafi hann reynt að fá ákvörðun slökkviliðsstjóra breytt og þess vegna talað við ýmsa aðilja, en hann hafi ekki óskað sérstaklega eftir því að fá framlengingu á uppsagnartímabilið um 7 daga, en tók fram, að hann teldi ástæðuna fyrir þessari 7 daga framlengingu vera til komna vegna óska utanríkisráðherra, sem hafi ætlað að kippa þessum málum í lag á þessum 7 dögum, þótt ekki hafi af því orðið, en stefnandi hafi átt samtöl við utanríkisráðherra vegna uppsagnarinnar. Enda þótt stefnandi hafi ekki óskað eftir þessari framlengingu, þá hafi hann verið viðbúinn heima, ef hann yrði kallaður á vaktir, en af því hafi ekki orðið.

Stefnandi sagði, að dskj. nr. 8 hafi komið í pósthólf stefnanda í pósthúsið í Keflavík. Ljósritið hafi verið í umslagi, merktu stefnanda, en ljósritinu hafi ekkert bréf fylgt og engar skýringar. Ekki mundi stefnandi, hvenær þetta var, en tók fram, að hann teldi sig hafa ærna ástæðu til að ætla, að efni þessa dómsskjals hafi farið víðar, en stefnandi hafi sótt um starf í Landsbankanum á Keflavíkurflugvelli og jafnframt hafi hann sótt um starf í slökkviliðinu í Hafnarfirði, en hvorugum umsóknunum hafi verið svarað, en um þessi störf hafi stefnandi sótt í mars og apríl 1973. Bæði þessi störf hafi verið auglýst til umsóknar, og sagði stefnandi, að hann minnti, að eftir að hann sendi umsókn sína um starf í slökkviliði Hafnarfjarðar, hafi tvisvar eða þrisvar verið auglýst eftir starfsmönnum. Jafnframt hafi stefnandi leitað eftir starfi á ýmsum stöðum í Keflavík, án þess að auglýst væri eftir starfsmönnum og án þess að þar mundi vera um vaktavinnu að ræða. Stefnandi taldi upp nokkur fyrirtæki, en allt þetta hafi verið án árangurs.

Stefnandi var spurður um ágreining milli hans og slökkviliðs-

stjóra. Þá benti stefnandi á Tímann og Alþýðublaðið frá 14. maí 1969 og Þjóðviljann frá 15. maí 1969, sbr. dskj. nr. 17—20, en þar er fjallað um ágreining slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjóra. Stefnandi sagði, að það, sem fram komi í blöðum þessum, muni vera upphafið að ágreiningi hans og slökkviliðsstjórans, en ágreiningur þessi hafi svo verið viðvarandi allan tímann, og taldi stefnandi sig hafa verið beittan hörku af slökkviliðsstjóra og sé það það, sem læknirinn muni eiga við í vottorði sínu. En harka slökkviliðsstjóra hafi beinst mest að þeim mönnum, sem stóðu framarlega í samtökum slökkviliðsmanna og kröfðust þess, að réttur starfsmanna væri virtur.

Stefnandi bar fyrir dómi 22. apríl sl., að hann væri nú með sjálfstæðan atvinnurekstur og ræki leirkeraiðju. Leirkeraiðju hafi kona stefnanda starfrækt að Njarðargötu 5, Keflavík, þá er stefnandi vann hjá slökkviliðinu, og hafi stefnandi gripið inn í störf í leirkeraiðjunni sem aukastarf, m. a. hafi hann séð um allt bókhald og pappírsvinnu vegna fyrirtækisins. Eftir að stefnanda var sagt upp í slökkviliðinu, hafi hann flutt til Hafnarfjarðar og hafið starfrækslu leirkeraiðjunnar í Hafnarfirði. Hafi hann flutt til Hafnarfjarðar frá Keflavík um miðjan október 1973. Leirkeraiðja þeirra hjóna hafi verið starfrækt í Keflavík til 1. júlí 1973 og opnuð í Hafnarfirði í byrjun október 1973. Stefnandi sagðist hafa verið tilneyddur að flytja frá Keflavík, þar sem hann hafi enga vinnu getað fengið þar, en starfið við leirkeraiðjuna sé nú eina starf stefnanda.

Nokkru áður en stefnanda barst uppsagnarbréfið, hafi það komið fram í einkaviðræðum stefnanda við Guðna Jónsson starfsmannastjóra og Guðmund Snorrason ráðningarstjóra, að stefnandi mundi geta fengið annað starf hjá varnarliðinu. Þeir Guðni og Guðmundur hafi ekki tilgreint ákveðið starf. Stefnandi hafi tekið fram, að hann hefði helst áhuga á vaktavinnu, svipað og hann hafi haft hjá slökkviliðinu, en vegna vinnu stefnanda við leirkeraiðju þeirra hjóna hafi hann helst viljað vinna vaktavinnu. Stefnandi hafi ekki sótt um annað starf hjá varnarliðinu, en ástæðan fyrir því hafi verið, að það hafi legið í loftinu, að uppsögn stefnanda úr slökkviliðinu yrði dregin til baka fyrir tilverknað tveggja nefndarmanna í varnarmálanefnd, þeirra Valtýs Guðjónssonar og Hallgríms Dalbergs. Stefnandi sagði, að þau störf, sem hann hafi sótt um, hafi hann ekki sótt um fyrr en á árinu 1973, eftir að hann hafi talið fullvíst, að uppsögnin yrði ekki dregin til baka.

Fyrir dómi bar Sveinn R. Eiríksson, slökkviliðsstjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að hann hefði verið slökkviliðsstjóri frá því í byrjun árs 1963.

Ástæður fyrir því, að stefnanda var sagt upp starfi, hafi verið vantraust slökkviliðsstjórans og annarra yfirmanna á stefnanda. Þetta vantraust hafi byggst á reynslu þeirra af stefnanda. Ástæður fyrir vantrausti á stefnanda eigi sér nokkuð langa sögu, um 2 ár, en þar hafi komið til mæting stefnanda til starfa, hegðun hans í starfi og agabrot. Nauðsynlegt sé vegna eðlis starfs slökkviliðsmanna, að starfsmenn beri fullt traust hver til annars. Stefnandi hafi sýnt mótþróa gegn stjórn slökkviliðsins og það hafi verið undir hælinn lagt, hvort hann hlýddi fyrirmælum yfirmanna eða ekki. Slökkviliðsmönnum beri að mæta til vinnu að jafnaði 2 daga í viku, um það bil þriðja hvern dag og séu vinnutímar þá 24 tímar samfellt. Það hafi oft komið fyrir, að stefnandi hafi ekki getað mætt þessa tvo daga, ýmist annan eða báða, en hafi verið í fullu fjöri aðra daga vikunnar. Stefnandi hafi alltaf komið með læknisvottorð vegna fjarveru sinnar. Vottorðin hafi flest öll verið frá Arnbirni Ólafssyni lækni.

Stefnandi hafi haft mikil áhrif á starfsanda slökkviliðsmanna til hins verra og hafi það verið ein af meginástæðunum fyrir uppsögninni. Stefnandi hafi tvímælalaust miðað að því að brjóta niður þær reglur og þann aga, sem var í slökkviliðinu. Flestir yfirmenn slökkviliðsins hafi kvartað yfir framkomu stefnanda og enginn þeirra hafi að síðustu viljað taka á sig þá ábyrgð að hafa stefnanda á sinni vakt.

Samstarfsmenn stefnanda í slökkviliðinu hafi skipst nokkuð í tvo hópa, misstóra að vísu, og muni þeim hópnum, sem fylgdi stefnanda að máli, hafa líkað vel að vinna með honum, en hinn hópurinn muni hafa viljað losna við hann, og taldi slökkviliðsstjórinn, að sá hópurinn hefði verið mun stærri. Slökkviliðsstjórinn tók fram, að síðan stefnandi hætti í slökkviliðinu, hafi þar ríkt betri andi og meiri ró og spekt.

Vegna þess, sem fram kemur á dskj. nr. 5 um atburði 17. maí 1972, þá sagði slökkviliðsstjórinn, að hann héldi, að hann muni, að þetta muni vera dagsetning af ákveðnum atburði, en hann hafi verið þannig, að um morguninn hafi stefnandi átt að mæta kl. 0800. Það hafi hann ekki gert og þá verið hringt heim til hans, en þar hafi verið sagt, að stefnandi væri á leið til vinnu, en ætlaði að koma við hjá lækni. Seinna, þá hafi stefnandi komið inn á skrifstofu til slökkviliðsstjórans og viljað fá að tala við slökkvi-

liðsstjórann, en hann hafi sagt, að hann gæti talað við stefnanda seinna, en á þessum tíma var slökkviliðsstjórinn með fund inni hjá sér. Um hálfri klukkustund síðar hafi Arnbjörn læknir komið inn á skrifstofu slökkviliðsstjórans og sagt, að hann yrði að tala við slökkviliðsstjórann. Læknirinn hafi svo sagt slökkviliðsstjóranum, að stefnandi væri alger „psykopat", hann væri brjálaður og hættulegur sér og öðrum. Slökkviliðsstjórinn hafi ekki viljað trúa þessu og spurt lækninn, hvernig hann gæti sagt um þetta. Ekki væri hann geðlæknir. Læknirinn hafi sagt, að þetta gæti hvert barn séð og hafi hann kallað á stefnanda inn. Hegðun stefnanda, þá er hann kom inn, hafi verið þannig, að annað hvort sé stefnandi mjög góður leikari eða hann hafi verið brjálaður. Læknirinn hafi bent slökkviliðsstjóranum á að losa sig við stefnanda úr slökkviliðinu. Slökkviliðsstjórinn hafi beðið lækninn um læknisvottorð og hafi læknirinn lofað því, en sagst þurfa að senda stefnanda til sérfræðings. Slökkviliðsstjórinn sagðist hafa kallað á Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóra og hafi slökkviliðsstjórinn beðið lækninn að endurtaka ummæli sín um stefnanda í áheyrn Magnúsar Ólafssonar og það hafi læknirinn gert.

Slökkviliðsstjórinn sagði, að hann sjálfur og stefnandi ásamt fleirum hafi verið helstu forgöngumenn að því, að starfsmannafélag var stofnað innan slökkviliðsins. Á meðan stefnandi var formaður starfsmannafélagsins, hafi samvinna slökkviliðsstjórans og stefnanda verið góð. Það hafi verið síðar, sem hún hafi versnað. Slökkviliðsstjórinn tók fram, að hann hafi ekki átt samvinnu á vinnustað við stefnanda, heldur hafi það verið undirmenn slökkviliðsstjórans, sem hafi kvartað við slökkviliðsstjórann um hegðun stefnanda. Slökkviliðsstjórinn kannaðist ekki við að hafa átt ágreining við stefnanda varðandi félagsleg málefni.

Á árinu 1969 hafi verið framkvæmd undirskriftasöfnun innan slökkviliðsins gegn slökkviliðsstjóranum og hafi stefnandi verið framkvæmdasamur í því máli ásamt 4—5 öðrum. Þessi undirskriftasöfnun hafi ekki haft áhrif á afstöðu slökkviliðsstjórans gagnvart stefnanda og áframhaldandi veru hans í slökkviliðinu. Einn eða tveir af þeim, sem stóðu að undirskriftasöfnuninni hafi hækkað í tign innan slökkviliðsins. Yfir 40 hafi skrifað undir og hafi margir þeirra hækkað í tign og hafi enginn verið látinn gjalda undirskriftanna. Þá er undirskriftum var safnað, muni hafa verið nokkur spenna á vinnustað, en spennuna taldi slökkviliðsstjórinn stafa af hegðun þeirra, sem unnu að undirskriftasöfnuninni. Flugvallarstjóri hafi svarað bréfinu á dskj. nr. 22 og þar

lýst skoðun sinni á starfi slökkviliðsstjórans og jafnframt boðið þeim, sem skrifuðu undir dskj. nr. 22, að sækja um önnur störf hjá varnarliðinu og bent þeim á að snúa sér til starfsmannahaldsins vegna þess. Enginn þeirra, sem skrifuðu undir plaggið, hafi snúið sér til starfsmannahaldsins til að sækja um önnur störf og flestir hafi þeir síðar sagt slökkviliðsstjóranum, að þeir hafi verið fengnir til að skrifa undir á fölskum forsendum. Hafi þeir beðið slökkviliðsstjórann afsökunar. Þeir, sem unnu að undirskriftasöfnuninni, hafi verið fyrir utan stefnanda Sigurjón Þórðarson, Hilmar Sölvason, Halldór Halldórsson og Garðar Gíslason. Eflaust hafa þeir verið fleiri, en slökkviliðsstjórinn kunni ekki að nafngreina þá. Sigurjón Þórðarson hafi verið látinn hætta hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Fyrir dómi bar Magnús Ólafsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi undirritað bréfið á dskj. nr. 8. Ekki hafi hann samið bréfið einn, en hann hafi verið með í ráðum um efni bréfsins. Magnús Ólafsson sagðist hafa skorast undan því að hafa stefnanda á sinni vakt. Hafi það hvort tveggja verið, að hann hafi sjálfur ekki viljað hafa stefnanda og verkstjórar hans hafi heldur ekki viljað hafa stefnanda. Ekki sagðist aðstoðarslökkviliðsstjórinn muna eftir því, hvort hann hafi óskað eftir þessu bréflega. Stefnandi hafi í nokkuð langan tíma ekki unnið undir stjórn aðstoðarslökkviliðsstjórans, en þegar stefnandi byrjaði svo á vakt hans, hafi orðið almenn óánægja hjá mönnum þeim, sem voru á vakt aðstoðarslökkviliðsstjórans, vegna mikilla fjarvista stefnanda. Á hverri vakt séu 19 menn og hafi hver þeirra ákveðnu starfi að gegna og vegna fjarvista stefnanda hafi orðið að breyta vinnulista yfir daginn og meira starf lent á ýmsum starfsmönnum. Með þessu hafi óánægja með stefnanda byrjað. Síðar hafi það komið til, að stefnandi hafi hringt í aðstoðarslökkviliðsstjórann og tilkynnt honum, að hann hafi fengið frí hjá slökkviliðsstjóra, en það hafi svo verið ósatt.

Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist muna eftir því, að eitt sinn hafi slökkviliðsstjóri kallað á hann inn á skrifstofu slökkviliðsstjóra, en þar hafi þá verið staddur Arnbjörn Ólafsson læknir og hafi læknirinn sagt að aðstoðarslökkviliðsstjóranum og slökkviliðsstjóranum viðstöddum, að stefnandi væri sjúkur, stórhættulegur sjálfum sér og öðrum og ekki væri forsvaranlegt að hafa hann í vinnu. Aðstoðarslökkviliðsstjórinn tók fram, að honum hafi virst læknirinn vera í mikilli geðshræringu, þegar hann sagði

þetta. Þetta allt hafi orðið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt.

Fyrir dómi bar Halldór Marteinsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi skrifað undir bréfið á dskj. nr. 8 og hafi hann átt sinn þátt í að semja bréfið. Halldór sagðist ekki hafa viljað hafa stefnanda á sinni vakt. Hafi hann ekki treyst sér til að taka ábyrgð á stefnanda vegna þess, sem á undan var gengið. Við störf í slökkviliðinu sé viss agi nauðsynlegur. Þessi agi hafi verið byggður upp á löngum tíma. Þegar hættuástand sé, þá verði þeir, sem stjórna, að geta látið framkvæma verkin, sem nauðsynleg eru, möglunarlaust og án spurninga. Í minni atriðum sé agi líka nauðsynlegur og sé þá lögð áhersla á mætingar. Stefnandi hafi illa getað sætt sig við þær reglur, sem þarna voru, og þær skyldur, sem lagðar voru á starfsmennina. Einnig hafi hátterni stefnanda orðið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjóri vildi ekki hafa hann á sinni vakt, enda hafi læknir verið búinn að taka fram, að stefnandi væri ekki heill á geðsmunum.

Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist þekkja plaggið á dskj. nr. 22 og sagðist telja plagg þetta ádeilu á sig um leið og það sé ádeila á slökkviliðsstjóra.

Fyrir dómi bar Haraldur Stefánsson aðstoðarslökkviliðsstjóri, að hann hafi undirritað bréfið á dskj. nr. 8 og hafi hann átt þátt í samningu bréfsins. Aðstoðarslökkviliðsstjórinn sagðist ekki hafa viljað hafa stefnanda á sinni vakt. Ástæðan fyrir því hafi verið nauðsyn mætinga og hann verði að geta treyst því, að starfsmenn mæti. Því hafi hann ekki getað treyst með stefnanda og það verið aðalástæðan fyrir því, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt, en ýmsar ástæður þar fyrir utan hafi legið til þess, að aðstoðarslökkviliðsstjórinn vildi ekki hafa stefnanda á sinni vakt. Fyrir löngu síðan hafi verið kurr á vinnustaðnum og hann hafi virst eiga rót sína að rekja til stefnanda, en þarna hafi orðið óánægja hjá starfsmönnum með að fara eftir settum reglum. Agi á þessum vinnustað sé nauðsynlegur vegna eðlis starfsins.

Fyrir dómi bar Guðmundur Snorrason, ráðningarstjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að stefnandi hafi verið ráðinn í slökkvilið varnarliðsins 17. september 1966. Sú ráðning hafi verið tímabundin og staðið til 15. október s. á. 21. október 1966 hafi stefnandi verið ráðinn til starfa hjá slökkviliðinu á nýjan leik og hafi starf hans hafist 22. október 1966. Í þetta skipti hafi verið

um ótímabundna ráðningu að ræða og hafi stefnandi verið ráðinn upp á þriggja mánaða uppsagnarfrest, eftir að hann hefði lokið umsömdu námskeiði fyrir slökkviliðsmenn og eftir að hafa unnið ákveðinn reynslutíma. Í janúar 1967 hafi stefnandi lokið námskeiðinu.

Ráðningarstjórinn sagðist hafa átt tal við stefnanda, áður en honum var ritað uppsagnarbréfið, og svo hafi ráðningarstjórinn átt tvo fundi með stefnanda og Guðna Jónssyni, meðan á uppsagnartímabilinu stóð, og hafi ráðningarstjórinn þá rætt um möguleika á að útvega stefnanda annað starf hjá varnarliðinu. Stefnandi hafi sagst ætla að athuga málið, en frá stefnanda hafi engin umsókn borist um annað starf hjá varnarliðinu.

Ráðningarstjórinn sagði, að við seinni ráðningu stefnanda, þegar rætt var um kaup og kjör, hafi stefnanda verið sagt, að kjör hans sem slökkviliðsmanns í slökkviliði varnarliðsins skyldu vera hliðstæð við kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar. Ráðningarstjórinn tók fram, að starfsmenn varnarliðsins gætu ekki notið sambærilegra kjara og opinberir starfsmenn, en kjörin skyldu vera hliðstæð. Ráðningarstjórinn sagði, að það muni vera rétt, að þá er varnarliðið ráði til sín slökkviliðsmann, sé það tekið fram, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg með starfsmenn sína. Í ráðningarbréfi slökkviliðsmanna sé talað um kjarasamninga Reykjavíkurborgar. Ráðningarstjórinn tók fram, að hann telji, að kjör starfsmanna varnarliðsins geti bara orðið hliðstæð kjörum starfsmanna Reykjavíkurborgar, en ekki eins.

Ráðningarstjórinn sagði, að almennt sé haft samband við hann og aðra í starfsmannastjórn starfsmannahalds varnarliðsins í sambandi við uppsagnir starfsmanna varnarliðsins og hafi verið haft samband við hann, áður en stefnanda var sagt upp störfum. Bréfaskriftir á milli starfsmanna slökkviliðsins eða slökkviliðsstjóra og starfsmannahaldsins séu til staðar innan starfsmannahalds varnarliðsins.

Ráðningarstjórinn sagði, að sér væri kunnugt um, að slökkviliðsstjóri hafi tvisvar ritað stefnanda áminningarbréf og hafi í fyrra bréfinu verið rætt um óstundvísi stefnanda. Í júlí 1972 hafi stefnanda verið ritað annað áminningarbréf.

Fyrir dómi bar Guðni Jónsson, starfsmannastjóri varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að kjör slökkviliðsmanna varnarliðsins ættu að vera miðuð við kjör slökkviliðsmanna í slökkviliði Reykja-

víkur. Kaupskrárnefnd starfi á vegum utanríkisráðuneytisins og ákvarði hún kaup og kjör starfsmanna varnarliðsins.

Starfsmannastjórinn tók fram, að varnarliðið geri ekki persónulega ráðningarsamninga við þá starfsmenn varnarliðsins, sem falli undir almenna kjarasamninga, sem kaupskrárnefnd hafi ákveðið, að skuli gilda um hlutaðeigandi starf. Allir íslenskir starfsmenn varnarliðsins falli undir ákvörðunarvald kaupskrárnefndar, en nefndin veiti stundum heimild til að gerður sé sérstakur ráðningarsamningur við starfsmann, sem gegnir starfi, sem ekki sé heildarsamningur um, en nefndin hafi samt vald til að ákveða kaup. Á flugvellinum sé ráðningarstofa varnarmáladeildar og þangað verði væntanlegir starfsmenn að snúa sér í upphafi. Frá ráðningarstofu þessari sé væntanlegum starfsmönnum vísað til skrifstofu starfsmannahaldsins. Ráðningarstofu þessari sé tilkynnt um uppsagnir starfsmanna. Baldur Guðjónsson stjórni skrifstofu þessari. Íslenskum yfirvöldum sé tilkynnt um uppsagnir og uppsagnir útskýrðar, en ekki sé óskað eftir samþykki íslenskra yfirvalda til uppsagna. Ekki sé venja að taka fram ástæðu fyrir uppsögn, þá er starfsmönnum sé sent uppsagnarbréf, nema ástæða sé eitthvert sérstakt afbrot í starfi, en því hafi ekki verið til að dreifa í þessu tilviki.

Starfsmannastjórinn sagði, að tilefni bréfsins á dskj. nr. 9 muni vera, að síðasta dag uppsagnarfrestsins hafi komið tilmæli frá íslenskum yfirvöldum um viku framlengingu á uppsagnarfrestinum. Vegna þessara tilmæla hafi bréfið verið skrifað. Ástæðan fyrir þessum tilmælum frá íslenskum yfirvöldum muni hafa verið, að þeir hafi ætlað að athuga málið betur á þessum tíma. Þessi framlenging hafi verið gerð í þágu stefnanda, en ekki varnarliðsins.

Starfsmannastjórinn sagði, að áður en stefnanda var ritað uppsagnarbréfið, hafi starfsmannastjórinn talað við stefnanda og sagt honum frá væntanlegri uppsögn og jafnframt spurt stefnanda að því, hvort hann vildi ekki eitthvert annað starf hjá varnarliðinu á flugvellinum. Það hafi stefnandi ekki viljað. Starfsmannastjórinn hafi ekki tilgreint eitthvert ákveðið starf í þessu samtali. Starfsmannastjórinn sagðist ekki vita, hvort starf í slökkviliðinu sé almennt eftirsóknarverðara en önnur störf á flugvellinum, en sumir starfshópar telji slökkviliðsstarfið eftirsóknarverðara en annað, vinnutími sé annar, slökkviliðsmenn vinni almennt tvo sólarhringa í viku. Starfsmannastjórinn sagðist telja víst, að hægt hefði verið að finna starf við hæfi stefnanda eins og honum var

boðið, áður en honum var sagt upp. Starfsmannastjórinn sagðist þekkja stefnanda að trúmennsku og góðri framkomu. Nýtt starf mundi hafa þýtt dagvinnu og að öllum líkindum hefði því ekki fylgt vaktavinnuálag, en starfsmannastjórinn sagðist reikna með, að ef stefnandi hefði viljað, hefði honum verið boðið skrifstofustarf.

Lífeyrissjóður slökkviliðsmanna varnarliðsins sé eign starfsmannanna. Varnarliðið greiði meira til sjóðsins en Reykjavíkurborg greiði til lífeyrissjóðs sinna starfsmanna. Jafnframt greiði varnarliðið í sjúkrasjóð og orlofssjóð starfsmanna, enn fremur sé slökkviliðsmönnum greidd launauppbót og séu greiðslur þessar til þess að jafna þann mismun, sem sé á kjörum slökkviliðsmanna varnarliðsins og slökkviliðs Reykjavíkur, sem hafi æviráðningu.

Starfsmannastjórinn sagðist hafa séð dskj. nr. 22, en tók fram, að plagg þetta hafi komið fram á þeim tíma, þegar ríkt hafi töluverð spenna í slökkviliði varnarliðsins. Það ástand, sem þá ríkti, sé alls ekki lengur fyrir hendi.

Fyrir dómi staðfesti Baldur Guðjónsson ráðningarstjóri álitsgerðina á dskj. nr. 30. Álitsgerðin er svohljóðandi:

„Ég hefi samkvæmt beiðni varnarmáladeildar reynt að gera mér grein fyrir ástæðum varnarliðsins á uppsögn Gunnars Jónssonar slökkviliðsmanns.

Hefi ég gert það með tvennum hætti, með viðtölum við einstaka slökkviliðsmenn og með því að fara yfir bréfaskriftir varnarliðsins varðandi mál þetta.

Í viðtölum við starfsmenn slökkviliðsins hefur það einna helst komið fram sem andmæli gegn Gunnari, að mætingar hans til vinnu séu ekki nægilega góðar. Meðal undirmanna slökkviliðsins virðist sú skoðun ríkjandi, að Gunnar sé ekki síður en margir aðrir starfsmenn slökkviliðsins fær um að vinna hvaða vinnu sem er innan slökkviliðsins, átöldu þeir það mjög, að Gunnar skuli hafa verið tekinn úr eðlilegri vinnu innan slökkviliðsins.

Meðal yfirmanna slökkviliðsins kom þessi skoðun einnig fram varðandi vinnuhæfni Gunnars, þau atriði er yfirmenn slökkviliðsins töldu einna verst, voru fjarvistir Gunnars frá vinnu og enn fremur, að um „agabrot" hefði verið að ræða hjá Gunnari, ekki fengust nánari skýringar á agabrotum Gunnars nema að til var greint, að Gunnar hefði neitað að hneppa einkennisjakka sínum og laga hálsbindi við „liðskönnun" á vaktaskiptum.

Sökum þess stutta tíma, er ég hefi haft til athugunar á máli

þessu, vil ég taka það fram, að æskilegra hefði verið að geta talað við fleiri starfsmenn slökkviliðsins og skilgreint nánar skoðanir manna.

Af bréfum frá varnarliðinu um mál þetta vekur bréf slökkviliðsstjóra og 3ja varaslökkviliðsstjóra, dags. 18. ágúst 1972, mesta athygli, því þar virðast koma í ljós ástæður varnarliðsins fyrir uppsögn Gunnars.

Í bréfi þessu er vitnað til bréfa, er send hafa verið til Gunnars, og einnig til yfirmanns stöðvarinnar, „Commanding Officer", varðandi hegðun Gunnars.

Í bréfi frá 13. júlí 1971 telur slökkviliðsstjórinn ástæðu til að ámæla Gunnari fyrir að hafa á árunum 1970—1971 mætt of seint til vinnu í fjögur skipti, samtals 4½ klst.

Næsta bréf frá slökkviliðsstjóra til Gunnars er dags. 27. júlí 1972. Þar er Gunnar áminntur fyrir að:

a) að hafa ekki beðið um frí þ. 27. júlí 1972, það kemur þó fram í áminningarbréfinu, að Gunnar hringdi til slökkvistöðvarinnar og tjáði vaktstjóra forföll vegna snögglegs andláts tengdaföður hans.
b) Þar er Gunnar áminntur fyrir að mæta ekki á vakt 13. júlí 1972 og láta ekki vita um fjarveru sína, einnig fyrir að mæta 8 mín. of seint til vinnu þ. 16. júlí og að skila ekki læknisvottorði fyrir veikindi sín þ. 13. júlí fyrr en 9 dögum eftir veikindi.
c) Í þessum lið er Gunnar áminntur fyrir að taka of langan tíma til þess að loka einni byggingu og ennfremur að vera ekki í talstöðvarsambandi við slökkvistöðina.

Í bréfi slökkviliðsstjóra til „Commanding Officer", dags. 16. ág. '72 upplýsir slökkviliðsstjóri, að Gunnar hafi ekki verið látinn vinna á eldvarnartækjum, „Fire apparatus", vegna fyrri geðframkomu, „psychopathic behavior", og þess vegna orðið slökkviliðinu að litlu gagni síðan, jafnframt getur slökkviliðsstjóri þess, að Gunnar hafi ekki sýnt neinar framfarir sem slökkviliðsmaður síðan hann fékk uppsagnarbréf sitt 29. maí 1972.

Vegna þessara ummæla slökkviliðsstjóra vaknar sú spurning, hvernig maður, sem tekinn er úr umferð sem virkur slökkviliðsmaður, geti á nokkurn máta sýnt framfarir í starfi.

Í öðrum lið bréfs þessa er gerð grein fyrir um $ 200.00 kostnaði, sem varnarliðið hafi orðið fyrir vegna meiðsla Gunnars við slökkviliðsæfingu með slökkviliðinu í Keflavík. Því er haldið

fram, að Gunnar hafi verið undir áhrifum áfengis, er umrætt atvik skeði, ekki eru þó færðar á það frekari sannanir.

Einnig er getið um, að Gunnar hafi beðið um 48 klst. frí til að fara á veiðar, ekki kemur fram í bréfi slökkviliðsstjóra, hvort slíkt leyfi hafi verið veitt, en hafi það verið gert, verður að teljast undarlegt að telja það til tíðinda eða ávirðinga, og enn furðulegra verður að teljast að minnast á slíkt, hafi leyfið ekki verið veitt.

Ég hefi hér dregið fram helstu atriði þessara bréfa, þar eð ég tel, að þar sé að finna helstu ástæður, er fram hafa komið frá varnarliðinu vegna uppsagnar Gunnars.

Að lokinni þeirri athugun virðist ekki óeðlilegt, að margir slökkviliðsmenn hafi nokkrar áhyggjur af atvinnuöryggi sínu, og telja margir, að ekki hafi komið það fram í máli Gunnars, er réttlæti uppsögn úr starfi, en komi hún til framkvæmda, mun það þýða, að hvenær sem er getur varnarliðið sagt upp slökkviliðsmanni „án ástæðu" með 3ja mánaða fyrirvara.

Trúnaðarmenn slökkviliðsins hafa gert nokkrar tilraunir til þess að fá úrskurð Kaupskrárnefndar um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli með tilliti til starfsmanna Reykjavíkurborgar við sömu störf. Hinn 28. júlí 1969 skrifaði þáverandi trúnaðarmaður slökkviliðs, Garðar Gíslason, Kaupskrárnefnd bréf um þetta efni og fleira, að sögn Garðars hefur því bréfi ekki verið svarað enn.

Það er ástæða til að benda á, að þegar varnarliðið ræður til sín ísl. slökkviliðsmann, er það tekið fram á ráðningarbréfi, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg við starfsmenn sína.

Á ensku er þetta orðað svo: Rights and privileges in accordance with the agreement between the City of Reykjavík and the Union of Reykjavík Municipal employees.

Varnarliðið virðist því líta svo á, þegar það ræður slökkviliðsmenn til starfa til sín, að þeir eigi að njóta sömu réttinda og starfsbræður þeirra í Reykjavík hafa.

Að lokum tel ég rétt að draga saman ástæður þær, er koma fram í bréfum varnarliðsins fyrir uppsögn Gunnars:

a) að koma 4 sinnum of seint til vinnu á árunum 1970—1971, samtals 4½ klst.

b) fyrir að biðja ekki sérstaklega um frí vegna andláts tengdaföður hans, en þó viðurkennt af varnarliðinu, að Gunnar

hafi hringt til slökkvistöðvar og tilgreint ástæður fyrir væntanlegri fjarveru.

c) fyrir að skila ekki læknisvottorði fyrr en 9 dögum eftir veikindi.

d) fyrir að vera um 30 mín of lengi að loka ákveðinni byggingu og að vera ekki í talstöðvarsambandi við slökkvistöð í 45 mín.

e) fyrir að valda varnarliðinu $ 200.00 útgjöldum vegna fjarveru frá störfum vegna meiðsla á hendi.

f) fyrir að biðja um 48 klst. frí frá störfum til fiskveiða (sem þó kemur ekki fram í bréfi varnarliðsins, hvort var veitt eða ekki)."

Ráðningarstjórinn sagðist ekki hafa verið beðinn um að semja álitsgerðina fyrr en uppsagnarfrestur stefnanda var liðinn. Hann tók fram, að hann vissi ekki betur en utanríkisráðherra hefði beðið um viku framlengingu á uppsagnarfresti stefnanda, en á þeim tíma hefði ráðningarstjórinn átt að vera búinn að skila álitsgerð sinni.

Í stefnu er því haldið fram, að uppsögn stefnanda hafi verið ólögmæt og tilefnislaus. Jafnframt að Sveinn R. Eiríksson slökkviliðsstjóri hafi ekki haft umboð til þess að undirrita uppsagnarbréfið á dskj. nr. 4 né bréfið á dskj. nr. 9 um framlengingu á starfsuppsögn, enda hafi Baldur Guðjónsson ráðningarstjóri, Langholti 15, Keflavík, ekki haft nein afskipti af þessari uppsögn.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1.	Laun og orlofsfé 1. sept. 1972 til 31. mars 1973	kr. 383.156
2.	Ógreitt orlofsfé o. fl. ca	— 30.000
3.	Miskabætur	— 500.000
		Kr. 913.156

Því er haldið fram í stefnu, að stefnandi hafi verið tekjulaus síðan 1. september 1972.

Krafan um miskabætur er rökstudd með því, að enginn viti, hvers vegna stefnanda hafi verið vikið úr starfi. Af þessu hljóti að spinnast alls konar orðrómur, sögusagnir og getgátur, er séu til þess fallnar að rýra mannorð stefnanda í vitund samborgaranna og valda honum miska. Jafnframt var vísað til dskj. nr. 8 og dskj. nr. 13, sem stefnandi telur, að hafi verið notuð og misnotuð af mönnum, sem stefndu beri ábyrgð á. En skjöl þessi séu til þess fallin að valda stefnanda miska, enda vafalaust til þess ætluð.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hann hafi í alla staði

verið fær um að gegna starfi sínu sem slökkviliðsmaður á þeim tíma, sem Sveinn R. Eiríksson vék honum úr starfi án samráðs við innlenda og erlenda yfirmenn sína.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að stefnandi hafi, þá er hann réðst til starfa í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, mátt reikna með, að um æviráðningu væri að ræða, þar sem slökkviliðið hljóti að verða starfrækt á Keflavíkurflugvelli svo lengi sem þar sé starfræktur flugvöllur, hvort sem varnarliðið fer eða ekki. Jafnframt er vísað til þess, að kaup og kjör stefnanda skyldu vera sambærileg við kaup og kjör starfsmanna í slökkviliði Reykjavíkur.

Við munnlegan málflutning voru kröfur stefnanda enn fremur rökstuddar með því, að uppsögnin á dskj. nr. 4 hafi verið undirrituð af umboðslausum manni og sama sé um bréfið á dskj. nr. 9. Jafnframt að þar sem ekki voru tilgreindar ástæður fyrir uppsögn í uppsagnarbréfinu, þá sé uppsögnin ólögmæt. Bréfið á dskj. nr. 9 hafi fellt fyrra bréfið úr gildi og hljóti þá að hefjast nýr uppsagnarfrestur.

Af hálfu stefndu eru kröfur rökstuddar með vísan til 4. tl. 6. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna, sbr. lög nr. 110/1951, en þar er fjallað um kjör þeirra manna íslenskra, er ráðast til starfa hjá her Bandaríkjanna, og segir þar m. a.: „Ráðningarkjör og vinnuskilyrði, einkum vinnulaun, launauppbætur og öryggisráðstafanir við vinnu, skulu fara að íslenskum lögum og venjum." Eigi sé fjallað sérstaklega um, með hverjum hætti skuli segja upp starfsmönnum, og eigi tiltekinn uppsagnarfrestur. Öllum landslýð hafi verið ljóst allt frá komu hers Bandaríkjanna til Íslands, að dvöl þess hers hafi verið hér háð mikilli óvissu. Sérstaklega megi ætla, að slíkt hafi verið ljóst þeim, er slíkan áhuga sýndu á málum hersins að ráðast í þjónustu hans. Engin íslensk stjórnvöld né bandarísk hafi nokkru sinni gefið í skyn, að her Bandaríkjanna hafi þá varanlegu stöðu vinnuveitenda hér á landi, er jafna mætti við höfuðborg landsins eða ríkissjóð Íslands. Hvorki varnarsamningurinn né ráðningarsamningar við íslenska starfsmenn hers Bandaríkjanna hafi nokkru sinni gert ráð fyrir sams konar varanlegum tengslum vinnuveitenda og launþega og tíðkist milli opinberra starfsmanna á Íslandi og vinnuveitenda þeirra. Öll ákvæði um æviráðningu til starfa hjá her Bandaríkjanna hafi verið í hrópandi mótsögn við margyfirlýsta stefnu stjórnvalda um, að dvöl erlends hers á Íslandi beri að skoða sem bráðabirgðaráðstöfun. Varnarsamningurinn tilgreini sérstaklega, að vinnu-

laun, launauppbætur og öryggisráðstafanir í vinnu muni fara að íslenskum lögum og venjum. Æviráðning í starf teljist til undantekninga, þegar litið sé á íslenskan vinnumarkað í heild. Hafi slík ráðningarform vakað fyrir aðiljum varnarsamningsins við gerð hans, hefðu ákvæði þess efnis án efa verið tilgreind í samningnum svo óeðlileg sem þau séu, miðað við fyrirhugaðan dvalartíma hersins hér á landi. Í reynd hafi það verið svo, að her Bandaríkjanna hafi miðað uppsagnarfrest af sinni hálfu við þær venjur eða samninga, sem algengastir séu milli vinnuveitenda og launþega í landinu. Þess megi geta, að lífeyrissjóður slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli sé ekki verðtryggður og hann sé séreignasjóður, sem þýði það, að einstakir sjóðmeðlimir geti fengið sinn hluta greiddan úr sjóðnum, þegar þeir láti af starfi. Reglur lífeyrissjóðsins víki einnig frá reglum lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar að því leyti, að vinnuveitandinn greiði í lífeyrissjóðinn 6% af öllum skattskyldum launum slökkviliðsmannanna og að þeir greiði sjálfir 4% af öllum skattskyldum launum sínum í sjóðinn.

Í stefnu sé frá því greint, að stefnandi hafi verið frá verki vegna veikinda samtals 1.71% af umsömdum og löglegum fjarvistum vegna veikinda á tímabilinu 22. nóvember 1966 til 31. ágúst 1972. Af þessu tilefni er tekið fram, að varnaraðili haldi því ekki fram, að uppsögn stefnanda byggist á óheimilum fjarvistum. Með bréfi Sveins R. Eiríkssonar slökkviliðsstjóra, dags. 29. maí 1972, hafi stefnanda verið sagt upp starfi frá og með 31. ágúst 1972 og engin ástæða hafi verið tilgreind. Varnaraðili líti svo á, að þessi uppsögn hafi verið fullkomlega heimil, án þess að neinar sérstakar ástæður hafi verið tilgreindar eða neinar sérstakar ástæður til uppsagnarinnar væru fyrir hendi. Hér sé um að ræða þriggja mánaða uppsagnarfrest, en það sé lengsti uppsagnarfrestur, sem tíðkaður sé í sambærilegum vinnusamböndum.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að bréf slökkviliðsstjóra, dags. 30. ágúst 1972, hafi einungis verið framlenging á uppsagnartímabili, enda óski stefnandi eftir að starfa lengur, eða til 7. september. Það liggi fyrir í málinu, að stefnandi óskaði ekki eftir þessu og hafi hann ekki unnið eftir 31. ágúst 1972. Orðalag bréfsins sé ótvírætt um það, að hér sé ekki um að ræða endurráðningu. Með vísan til framanritaðs skorti algerlega grundvöll fyrir fyrsta kröfulið í kröfugerð stefnanda.

Varðandi 2. kröfulið í stefnu, þ. e. a. s. ógreitt orlofsfé og fleira, ca kr. 30.000, tekur varnaraðili fram, að erfitt sé að meta þann kröfulið, þar sem hann sé ekki studdur neinum rökum. Hins vegar

muni verða lagt fram síðar í málinu yfirlit frá reikningshaldi slökkviliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem fram muni koma, hvað stefnandi eigi vangreitt í orlofi og fleiru, en hann hafi ekki fengist til að gera það upp, en engin ástæða virðist hafa verið til þess að höfða mál til innheimtu skv. þessum kröfulið.

Að því er varðar 3. kröfulið í stefnu, miskabætur að fjárhæð kr. 500.000, mótmæla stefndu algerlega, að nokkur fótur sé fyrir þeirri kröfu. Þar sem ekki sé um að ræða æviráðningarrétt í starfi slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli, komi það engum á óvart, þó uppsagnir eigi sér þar stað án nokkurar sérstakrar ástæðu og sé því fráleitt, að af uppsögn stefnanda hjá slökkviliðinu hafi hlotist að „spinnast alls konar orðrómur, sögusagnir og getgátur, er séu til þess fallnar að rýra mannorð hans í vitund samborgaranna og valda honum miska", eins og segir í stefnu. Einnig telja stefndu, að öll lagarök skorti til þess, að unnt sé að dæma miskabætur í þessu máli, enda sé hér ekki um að ræða meingjörð drýgða af illfýsi, sbr. 264. gr. hegningarlaganna nr. 19 frá 1940.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að skjalið á dskj. nr. 8 sé trúnaðarbréf, sem einungis hafi verið ætlað viðtakanda þess, en ekki öðrum. Skorað er á stefnanda að upplýsa, hvernig honum barst í hendur þetta trúnaðarbréf. Það sé augljóst, að slíkar persónulegar nótur, eins og dskj. nr. 8 er, hljóti að fara á milli yfirmanna í einstökum tilvikum og geti það ekki talist til miska, séu þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Dskj. nr. 13 sé álit læknis.

Af hálfu stefndu er þeirri kröfu stefnanda, að hann verði settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, alfarið mótmælt. Það hljóti að vera réttur vinnuveitandans í þessu tilviki að segja stefnanda upp störfum, hugsanlega að viðlagðri bótaábyrgð. Öll lagaskilyrði skorti til þess að skylda varnaraðilja til þess að koma stefnanda inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að ástæður fyrir uppsögn stefnanda hafi verið taugaveiklun stefnanda. En eins og fram kæmi af framlögðum læknisvottorðum, þá hafi taugaveiklun stefnanda verið slík, að fyllilega hafi réttlætt uppsögn, enda sýni læknisvottorðin, að óforsvaranlegt hafi verið að hafa stefnanda í slökkviliði eins og heilsu hans var háttað.

Af hálfu stefndu er aðild ekki vefengd.

Fullyrðingar stefnanda um umboðsskort slökkviliðsstjórans Sveins R. Eiríkssonar til þess að undirrita uppsagnarbréfið á dskj.

nr. 4 og bréfið á dskj. nr. 9 eru órökstuddar, og verður krafa stefnanda um, að uppsögnin verði metin ógild af þeim sökum, því ekki tekin til greina.

Þar sem telja verður það viðurkennda reglu, að vinnuveitanda sé ekki skylt að taka aftur í þjónustu sína mann, sem hann vill ekki hafa í sinni þjónustu, verður krafa stefnanda um að verða settur aftur inn í sitt fyrra starf hjá slökkviliði Keflavíkurflugvallar, þ. á m. með óskertum lífeyrisréttindum og aðstöðu til að hækka í starfi (tign) miðað við upphaflegan starfsaldur, ekki tekin til greina.

Þegar litið er til uppsagnarákvæða varnarsamningsins á milli Íslands og Bandaríkjanna, þá verður ekki talið, að varnarliðið hafi sömu varanlegu stöðu vinnuveitenda gagnvart starfsmönnum sínum og tíðkast á milli opinberra starfsmanna á Íslandi og vinnuveitenda þeirra.

Fram er komið, að þá er stefnandi réðst til starfa í slökkviliði varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, hafi honum verið sagt, að kjör hans skyldu vera hliðstæð við kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar, og jafnframt er fram komið, að þá er varnarliðið ræður til sín slökkviliðsmann, þá sé það tekið fram, að hann sé ráðinn með sömu réttindum og samið hafi verið um af Reykjavíkurborg við starfsmenn sína. Um kjör starfsmanna Reykjavíkurborgar fjallar reglugerð um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í kjörum starfsmanna felast fleiri ákvæði en ákvæði um laun, svo sem ákvæði um lausn, orlof, veikindadaga og fleira. Þar sem varnarsamningnum hefur ekki verið sagt upp, þá þykir með vísan til ofanritaðs að verða að leggja ákvæði reglugerðar þessarar til grundvallar við úrlausn ágreinings málsaðilja.

Eins og rakið hefur verið, eru ekki tilgreindar ástæður fyrir uppsögninni í uppsagnarbréfinu á dskj. nr. 4. Í 10. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar er kveðið á um það, að lausn skuli veita skriflega og jafnan greina orsakir, svo sem vegna umsóknar, heilsubrests, tiltekinna ávirðinga o. s. frv.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefndu, að ástæða fyrir uppsögn stefnanda hafi verið taugaástand stefnanda, og var í því sambandi vísað til framlagðra læknisvottorða.

Þegar litið er til V. kafla reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar, þá réttlætir taugaástand stefnanda, eins og því er lýst í skjölum málsins, ekki uppsögnina.

Það kom fram, þá er slökkviliðsstjórinn Sveinn R. Eiríksson kom fyrir dóm, að ástæða fyrir uppsögninni hafi verið vantraust slökkviliðsstjórans og annarra yfirmanna á stefnanda. Þetta vantraust hafi byggst á reynslu þeirra af stefnanda. Þar hafi komið til mæting stefnanda til starfa, hegðun hans í starfi og agabrot.

Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar um réttindi og skyldur starfsmanna Reykjavíkurborgar er fjallað um rétt til þess að veita starfsmanni lausn um stundarsakir vegna ýmiss konar ávirðinga, en réttur til þess að veita lausn um stundarsakir vegna upptalinna ávirðinga er því skilyrði bundinn, að áður skal veita starfsmanni áminningu og geta honum kost á að bæta ráð sitt.

Í skjölum málsins er einungis eitt áminningarbréf til stefnanda, það er dags. 27. júlí 1972, eða eftir að stefnanda hafði verið sagt upp.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þá telst uppsögn stefnanda á dskj. nr. 4 óréttmæt.

Fram er komið, að starfsmannastjóri og ráðningarstjóri varnarliðsins hafi sagt stefnanda, að hann mundi geta fengið annað ótiltekið starf hjá varnarliðinu. Jafnframt að stefnandi hafi ekki sótt um annað starf hjá varnarliðinu.

Þegar litið er til orðalags bréfsins á dskj. nr. 9, þá verður ekki talið, að það felli úr gildi uppsögnina á dskj. nr. 4, heldur aðeins að það framlengi þar greindan uppsagnarfrest.

Þegar litið er til framburðar Guðna Jónssonar, starfsmannastjóra varnarliðsins, um tilefni bréfsins á dskj. nr. 9 svo og framburðar Baldurs Guðjónssonar, ráðningarstjóra utanríkisráðuneytisins á Keflavíkurflugvelli, um sama efni, þá þykir bréf þetta hafa gefið stefnanda tilefni til að halda, að uppsögnin kynni að verða dregin til baka. Verður því ekki á þá skoðun fallist, að það, að stefnandi þáði ekki, að honum yrði útvegað annað ótiltekið starf hjá varnarliðinu, firri stefnanda rétti til bóta vegna uppsagnarinnar.

Verður nú tekin afstaða til hinna einstöku liða í dómkröfu stefnanda.

Um 1.

Með vísan til þess, er áður var sagt um, að bréfið á dskj. nr. 9 hafi gefið stefnanda tilefni til að halda, að uppsögnin yrði dregin til baka, og því er ómótmælt haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi verið tekjulaus frá 1. sept. 1972 og fram á árið 1973, þá þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda laun í 3 mánuði frá 1. sept.

1972, enda var því lýst yfir við munnlegan málflutning af hálfu stefndu, að stefnanda hafi einungis verið greidd laun til þess tíma. Við ákvörðun fjárhæðar þessa liðar er hafður til hliðsjónar útreikningur á dskj. nr. 38 og ákveðst kr. 158.384.21.

Um 2.

Fullyrðingum stefnanda um, að hann hafi sótt um ýmis störf, þar á meðal hjá slökkviliði Hafnarfjarðar, en umsóknum hans hafi ekki verið svarað, er ómótmælt. Þegar litið er til starfsaldurs stefnanda og með hliðsjón af málsatvikum í heild, þykir stefnandi eiga rétt til bóta úr hendi stefndu, og teljast þær hæfilega ákveðnar kr. 200.000.

Um 3.

Því hefur verið lýst yfir af hálfu stefndu, að stefnandi eigi inni hjá stefndu kr. 30.443.72 vegna ógreidds orlofs.

Niðurstaða málsins verður því samkvæmt framansögðu, að stefndu ber að greiða stefnanda samtals kr. 388.827.93 með vöxtum eins og krafist er, en vaxtakröfu stefnanda var ekki sérstaklega mótmælt.

Málskostnaður ákveðst kr. 75.000.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, utanríkisráðherra f. h. varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Gunnari Jónssyni, kr. 388.827.93 með 7% ársvöxtum frá 1. apríl 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 75.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. október 1977.

Nr. 153/1975. **Jónas Haraldsson og**
Guðný Jónsdóttir
(Hörður Einarsson hrl.)
gegn
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.).

Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. september s. á. Þeir gera þessar dómkröfur:

Að dæmt verði, að sala stefnda á 305 sterlingspundum til áfrýjenda hinn 26. ágúst 1974 með því skilyrði, að nefndur gjaldeyrir yrði greiddur á væntanlegu gengi, hafi verið ólögmæt, og að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða áfrýjendum 17.770 krónur með 13% ársvöxtum frá 26. ágúst 1974 til greiðsludags, en til vara með 13% ársvöxtum af 17.770 krónum frá 26. ágúst til 2. september 1974, en af 15.229 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafist sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en jafnframt lýst yfir, að hann geri ekki kröfu um málskostnað, ef þeir gallar þyki á málatilbúnaði áfrýjenda, að varði ómerkingu héraðsdóms.

Mál þetta var ekki lagt til sátta fyrir sáttamenn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 85/1936, en málið er eigi undanþegið sáttatilraun sáttamanna samkvæmt 2. og 3. mgr. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir um dómkröfur stefnda, á málskostnaður fyrir Hæstarétti að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 26. júní sl., hafa hjónin Jónas Haraldsson lögfræðingur og Guðný Jónasdóttir, bæði til heimilis að Birkimel 10 A, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 26. nóvember 1974, á hendur Landsbanka Íslands, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru:

1. Að dæmt verði, að sala stefnda á 305 £ til stefnenda hinn 26. ágúst 1974 með því skilyrði, að nefndur gjaldeyrir yrði greiddur á væntanlegu gengi, hafi verið ólögmæt.

2. Að stefnda verði dæmt að endurgreiða stefnendum 25% tryggingargjald það, er stefnendum var gert að greiða við gjaldeyriskaupin umfram síðasta skráða gengi, þ. e. a. s. kr. 17.770 ásamt 13% ársvöxtum frá 26. ágúst 1974 til greiðsludags.

3. Til vara er þess krafist, að stefnda verði gert að greiða stefnendum 13% ársvexti af kr. 17.770 frá 26. ágúst 1974 til 13. október 1974, en af kr. 15.229 frá þeim degi til greiðsludags.

4. Þá er málskostnaðar krafist að skaðlausu.

Af hálfu stefnda hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum stefnukröfum og dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda að mati réttarins.

Sáttatilraunir hafa reynst árangurslausar.

Málavextir eru þeir, að þann 26. ágúst 1974 keyptu stefnendur 305 £ af stefnda, Landsbanka Íslands. Af þessari upphæð voru £ 200 keypt á nafn Jónasar, en 105 £ á nafn Guðnýjar.

Ástæðan fyrir þessum gjaldeyriskaupum var sú, að stefnendur hugðust dveljast í London í vikutíma, og var brottför ákveðin þann 27. ágúst 1974. Seðlabanki Íslands hafði þann 21. ágúst 1974 gefið út svohljóðandi tilkynningu:

„Seðlabankinn hefur, að höfðu samráði við gjaldeyrisviðskiptabankana, ákveðið, að gengisskráning verði felld niður frá kl. 4 e. h. 21. ágúst 1974.

Ráðstöfun þessi er talin nauðsynleg vegna þess óvissuástands, sem skapazt hefur undanfarna daga og leitt hefur til þess, að skipuleg gjaldeyrisviðskipti geta ekki lengur farið fram.

Á meðan þetta ástand varir, munu gjaldeyrisviðskiptabankarnir, þegar brýn nauðsyn krefur, selja gjaldeyri með því skilyrði, að viðskipti, sem þannig fara fram, verði endanlega gerð upp á fyrsta opinbera gengi, sem skráð verður eftir að regluleg gjaldeyrisviðskipti hafa verið tekin upp á ný. Munu gjaldeyrisviðskiptabankarnir taka vegna slíkra viðskipta 25% tryggingarfé umfram síðasta gengi, sem skráð var".

Meðan svona stóð, afgreiddu gjaldeyrisviðskiptabankarnir ekki gjaldeyri til ferðamanna fyrr en daginn fyrir brottför. Stefnendum var við móttöku gjaldeyrisins gert að greiða: Jónasi kr. 46.610 og Guðnýju kr. 24.469. Voru fjárhæðir þessar miðaðar við það gengi, er skráð var þann 21. ágúst 1974. Samkvæmt gengisskrá þeirri, er þá gilti, var sölugengi sterlingspundsins kr. 229.60. Auk nefndra fjárhæða voru stefnendur krafin um 25% tryggingargjald umfram gengi, skráð 21. ágúst 1974, upp í væntanlega gengislækkun samkvæmt tilkynningu Seðlabankans, sem áður hefur verið nefnd. Var Jónasi þannig gert að greiða kr. 11.653, en Guðnýju kr. 6.117. Var þeim gert að skrifa undir yfirlýsingu, þar sem þau lýstu því yfir, að þau skuldbindu sig til að greiða Landsbanka Íslands í íslenskum krónum andvirði erlends gjaldeyris: Jónasi 200 £ og Guðnýju 105 £, sem þeim þar með væri afhentur á því gengi, sem skráð yrði, þegar gjaldeyrissala hefðist að nýju. Greiddu stefnendur þessar upphæðir með fyrirvara. Með bréfi, dagsettu þann sama dag, þ. e. 26. ágúst 1974, mótmæltu þau töku 25% tryggingarfjárins, áskildu sér rétt á endurgreiðslu og fóru fram á það við Landsbankann, að hann benti á þann lagalega rétt, sem þessi gjaldtaka styddist við.

Með bréfi bankans, dags. 5. september 1974, er bréfi stefnenda svarað og ákvörðun Seðlabankans um að skrá ekki gengi erlendrar myntar talin byggjast á heimildum í I. og V. kafla laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Jafnframt til þess vitnað, að það hafi orðið að samkomulagi með Seðlabankanum og gjaldeyrisviðskiptabönkunum að gefa fólki kost á að kaupa gjaldeyri gegn því, að það „deponeraði" um leið hugsanlegri hækkun á gjaldeyrinum, er gengisskráning hæfist á ný.

Stefnendur segja, að þar sem umræddur gjaldeyrir hafi ekki verið afhentur fyrr en daginn fyrir brottför og þar sem farseðlar höfðu þá þegar verið keyptir, hafi ekki verið annað mögulegt en að undirrita skuldbindingarskjal bankans, sem áður er greint.

Stefnendur færa þau rök fyrir kröfugerð sinni, að stefnda hafi verið óheimilt að selja gjaldeyri til stefnenda á væntanlegu gengi,

eins og hann gerði, þegar af þeirri ástæðu, að slíkt brjóti í bága við fortakslaus ákvæði laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sbr. 1. gr. laganna.

Þá telja stefnendur, að Seðlabankann hafi brostið vald til þess að ákveða að fella niður gengisskráningu hinn 21. ágúst 1974 án nokkurs samráðs við eða með samþykki ríkisstjórnarinnar eða bankamálaráðherra, sbr. lög nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands, sbr. 4. gr., 18. gr. og 24. gr. Til styrktar því, að svo hafi ekki verið gert, hafa stefnendur lagt fram ljósrit fréttar í dagblaðinu Vísi laugardaginn 24. ágúst 1974. Í nefndri fréttagrein kemur fram, að þáverandi viðskiptaráðherra, Lúðvík Jósepsson, telur, að ekki hafi verið haft samráð við ríkisstjórnina um niðurfellingu gengisskráningar og þar af leiðandi hafi enginn ríkisráðsfundur verið boðaður um málið. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri segir, sbr. nefnda fréttagrein, að gengisskráning hafi oft verið felld niður án samráðs við ríkisstjórn; hann muni reyndar ekki eftir því, að slíkt samráð hafi verið haft um niðurfellingu skráningar. Slíkt mál þurfi ekki að fara fyrir ríkisstjórn, en auðvitað hafi viðskiptaráðuneytið vitað um þessa ákvörðun fyrirfram.

Þá segja stefnendur með tilvísun til laga nr. 75/1974 um tímabundnar ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, sbr. 1. gr., að enn ríkari ástæða en ella hafi verið fyrir Seðlabankann að leita samráðs og samþykkis ríkisstjórnarinnar, eins og lög nr. 10/1961 geri ráð fyrir, þar sem lög nr. 75/1974 lögákveði verðstöðvun. Þannig hafi engar breytingar til hækkunar verið leyfðar, nema ríkisstjórnin gæfi til þess samþykki sitt.

Af hálfu stefnda er til þess vitnað, að Seðlabankinn greini í tilkynningunni 21. ágúst 1974 frá, hverjar ástæður lágu til niðurfellingar gengisskráningarinnar. Heimild Seðlabankans til að fella niður gengisskráningu sé að finna í I. og V. kafla laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands. Þá sé ráðstöfun þessi í samræmi við þær ráðstafanir, sem gerðar hafi verið í áratugi í sambandi við allar meiri háttar breytingar á stofngengi íslensku krónunnar. Hefur stefndi lagt fram skrá yfir niðurfellingu gengisskráningar í sambandi við gengisbreytingar. Skrá þessi er á dskj. nr. 18. Segir stefndi, að ljóst sé af þessu dómsskjali, að í öllum tilfellum hafi gengisskráning verið felld niður um lengri eða skemmri tíma, meðan aflað var þeirra heimilda, sem þurfti til að ákveða nýtt gengi. Hafi þetta ávallt verið framkvæmt af stjórnvöldum, þ. e. Seðlabankanum (Landsbankanum) og verið óátalið af hálfu þeirra, sem hafa eða höfðu endanlegt ákvörðunarvald um gengis-

skráningu, þ. e. Alþingis og ríkisstjórnar, enda séu heimildir bankans ótvíræðar.

Þá er til þess vitnað, að sérstakur samningur hafi verið gerður milli bankans og kaupenda gjaldeyris í hverju einstöku tilfelli á því tímabili, sem gengi var ekki skrásett. Lokauppgjör hafi átt að fara fram, þegar gengisskráning hæfist að nýju. Trygging að upphæð 25% af andvirði selds gjaldeyris miðað við síðasta skráð gengi hafi verið algert skilyrði fyrir gjaldeyrissölunni, þar sem bankinn hafi ekki getað keypt gjaldeyri til að mæta skuldbindingum vegna gjaldeyrissölu, fyrr en gengisskráning hæfist að nýju og gjaldeyrir þá keyptur á nýju gengi. Stefnendur hafi gert viðskiptasamninga við Landsbankann um að halda hann skaðlausan af hækkuninni, sem verða kynni á erlendum gjaldeyri og bankinn gat ekki útvegað á síðasta skráða gengi. Að því er gjaldeyrisviðskiptabankana varði þá sé það ljóst, að þeir hafi heimild, en enga skyldu, til sölu erlends gjaldeyris og geti þeir einhliða, ef ástæða þyki, hætt sölu hans eða krafist tryggingar fyrir því, að þeir skaðist ekki á þeirri gjaldeyrissölu. Í því tilfelli, sem hér um ræði, hafi ákvörðunin verið tekin af Seðlabankanum í samráði við viðskiptabankana og takmarkaðri gjaldeyrissölu gegn tryggingu verið haldið áfram með leyfi Seðlabankans. Ljóst sé því, að ef rétturinn telji tryggingu þessa vera verðtryggingu í skilningi laga nr. 71/1966 um verðtryggingu fjárskuldbindinga, séu skilyrði þeirra laga uppfyllt. Þegar endanlegt uppgjör hafi farið fram, hafi söluverð gjaldeyrisins verið miðað við þá verðhækkun, sem ríkisstjórnin hafði samþykkt, sem í raun og veru gilti, frá því að gengisskráningu var hætt, og geti sá verknaður ekki stangast á við lög nr. 75/1974 um lögákveðna verðstöðvun. Við endanlegt uppgjör á gjaldeyriskaupum stefnenda hafi komið í ljós, að hluti tryggingarfjárins átti að endurgreiðast, en stefnendur hafi ekki séð ástæðu til að veita því fé móttöku.

Samkvæmt ábendingu dómarans í þinghaldi 16. júní sl. aflaði stefndi vottorðs Seðlabanka Íslands. Í vottorði þessu segir m. a.:

„Viðskiptaráðuneytinu var kunnugt um ráðstöfun þess efnis, áður en ákvörðun var tekin, og hreyfði það engum athugasemdum við henni.

Jafnframt skal það upplýst, að ráðstöfun um að fella niður gengisskráninguna var rædd við forsætisráðherra, Ólaf Jóhannesson, og hafði hann ekkert við hana að athuga.

Loks skal það tekið fram, að Seðlabankinn telur sig ekki þurfa samþykki ríkisstjórnar til að fella niður gengisskráningu, og hef-

ur það ekki verið gert formlega í gildistíð laga nr. 10/1961. Hitt er annað mál, að frá gildistöku laganna hafa slíkar ákvarðanir ætíð verið kynntar ríkisstjórn, áður en þær tóku gildi".

Undir þetta rita Björn Tryggvason og Sigurgeir Jónsson.

Vottorði þessu fylgdi yfirlýsing fyrrverandi forssætisráðherra Ólafs Jóhannessonar. Hún hljóðar svo:

„Það staðfestist, að bankastjórn Seðlabankans hafði samráð við mig sem forsætisráðherra um niðurfellingu gengisskráningar hinn 21. ágúst 1974, og hafði ég ekki neitt við hana að athuga".

Álit dómsins.

Samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 10/1961 er það m. a. hlutverk Seðlabankans að kaupa og selja erlendan gjaldeyri, fara með gjaldeyrismál og hafa umsjón og eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum. Samkvæmt 26. gr. sömu laga ber bankastjórn Seðlabankans ábyrgð á rekstri hans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans, sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Bein ákvæði um stöðvun gjaldeyrisskráningar finnast ekki í lögunum. Í 18. gr. laganna, 1. mgr., eins og henni var breytt með lögum nr. 20/1962 og lögum nr. 103/1973, segir, að Seðlabankinn ákveði að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar stofngengi (pari) íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli. Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyfilegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis. Innan þessara marka skráir Seðlabankinn daglega kaup- og sölugengi þeirrar gjaldeyristegundar, sem þörf er á vegna almennra viðskipta. Þar sem 18. gr. mælir fyrir um frávik frá þeirri almennu reglu, sem fram kemur af 26. gr. og 3. tl. 3. gr. laganna, að Seðlabankinn fari með ákvörðunarvald í málefnum varðandi gengismál, verður að skýra ákvæðið þröngt, en af því þykir leiða, að Seðlabankinn þurfi ekki samþykki ríkisstjórnarinnar til að stöðva gjaldeyrisskráningu.

Í 4. gr. laga nr. 10/1961 segir: „Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar. Sé um verulegan ágreining við ríkisstjórnina að ræða, er Seðlabankastjórn rétt að lýsa honum opinberlega og skýra skoðanir sínar. Hún skal engu að síður telja það eitt meginhlutverk sitt að vinna að því, að sú stefna, sem ríkisstjórnin markar að lokum, nái tilgangi sínum". Í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands, var sagt, að valdsvið stjórnar bankans ætti að vera hliðstætt valdsviði bankastjórna

viðskiptabankanna. En með tilliti til þess, að margar ákvarðanir bankastjórnar Seðlabankans séu mjög mikilvægar fyrir þróun efnahagsmála í heild, sé gert ráð fyrir, að bankastjórnin hafi náið samráð við ríkisstjórnina annars vegar (sbr. 4. gr.) og bankaráð sem fulltrúa Alþingis hins vegar. Ákvörðun Seðlabanka Íslands frá 21. ágúst 1974 um að fella niður gengisskráningu og heimila viðskiptabönkunum vegna gjaldeyrisviðskipta að taka 25% tryggingarfé umfram síðasta skráða gengi, en eðli málsins samkvæmt mundi slík gjaldtaka ekki heimil án samþykkis Seðlabankans, verður að telja svo mikilvæga, að Seðlabankanum hafi borið samkvæmt réttum skilningi á 4. gr. laga 10/1961 að leita samráðs við ríkisstjórnina, áður en sú ákvörðun var tekin. Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, sem rakið er hér að framan, var viðskiptaráðuneytinu kunnugt um niðurfellingu gengisskráningarinnar, áður en hún var gerð, og hreyfði engum athugasemdum við henni. Jafnframt var niðurfelling gengisskráningarinnar rædd við þáverandi forsætisráðherra, og hefur hann staðfest, að samráð hafi verið haft við hann og hann ekkert haft við hana að athuga. Á þessum tíma höfðu kosningar til Alþingis ný farið fram, unnið var að myndun nýrrar ríkisstjórnar og þannig aðeins tímaspursmál, hvenær sú stjórn, sem að völdum sat, færi frá.

Þegar hér talin sjónarmið eru höfð í huga, þykja ákvæði 4. gr. laga nr. 10/1961 hafa verið uppfyllt. Önnur lagaákvæði, sem stefnendur hafa fært máli sínu til stuðnings, þykja ekki hafa staðið í vegi fyrir því, að stefndi tæki umdeilt 25% tryggingargjald umfram síðasta skráða gengi. Gjaldtaka þykir þannig hafa verið heimil. Ómótmælt er, að engin fyrirstaða hefur verið á því af hálfu stefnda að endurgreiða þann hluta tryggingarfjárins, sem í ljós kom, að endurgreiða átti að loknu endanlegu uppgjöri á gjaldeyriskaupum stefnenda. Stefnendur hafa í máli þessu ekki gert kröfur til þeirrar upphæðar. Þykir því ekki hér verða tekin afstaða til endurgreiðslunnar.

Niðurstaða málsins verður þannig sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnenda. Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Landsbanki Íslands, skal sýkn af kröfum stefnenda, Jónasar Haraldssonar og Guðnýjar Jónasdóttur.

Hvor aðili skal bera sinn kostnað af málinu.

Föstudaginn 14. október 1977.

Nr. 92/1974. **Fróðá h/f, eigandi jarðarinnar Fróðár,**
(Magnús Óskarsson hrl.)
gegn
Sigurði, Birni, Einari, Guðmundi og Úlfari Kristjónssonum, eigendum jarðarinnar Ytri-Bugs,
(Sigurður Ólason hrl.)
og dánarbúi Þorgilsar Þorgilssonar, eiganda jarðarinnar Innri-Bugs,
(Skúli J. Pálmason hrl.)
og Sigurður, Björn, Einar, Guðmundur og Úlfar Kristjónssynir
gegn
Fróðá h/f.

Gagnaöflun.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson og Lúðvík Ingvarsson prófessor.

Áður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt samkvæmt 58. gr. laga nr. 75/1973, sbr. 120. gr. laga nr. 85/1936, að veita aðiljum kost á að afla eftirtalinna gagna:

1. Uppdráttar af hinu umdeilda landsvæði, og sýni hann einnig allt Fróðárrif. Á hann sé markaður af sérfróðum manni kennileitið „engjaoddi“ eða „engjatangi“ á línunni vestari brúarstöpull gegnum hornmarksvörðu til sjávar, sbr. hæstaréttarskjal N. Enn fremur sé þar mörkuð lega Bugsóss samkvæmt „herforingjaráðskortinu frá 1910“ og „núverandi afrennsli Bugsvaðals ytri“ til sjávar. Þá séu markaðar á uppdráttinn endanlegar kröfur málsaðilja fyrir Hæstarétti.

2. Sérfræðilegra kannana á því, hvort Fróðá hafi átt rennsli um markaðan farveg gegnum Bugsvaðal ytri fyrir 1936, og verði árfarvegurinn markaður á uppdrátt samkvæmt 1. lið, ef könnunin leiðir í ljós, hvar hann hafi verið.

Enn fremur sé kannað sérfræðilega, hvort líkur séu á því, að innri jaðar Fróðárrifs hafi tekið breytingum, einkum á því svæði, þar sem punkturinn A1 er markaður á hæstaréttarskjali N.

3 Heildarmerkjaskrár „fyrir Fróðá með hjáleigum", sem vikið er að í dómi landamerkjadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 22. júní 1928.

4. Gagna um önnur atriði, sem gagnaöflun samkv. 1., 2. og 3. lið kann að veita efni til.

Ályktarorð:

Aðiljum veitist kostur á að afla framangreindra gagna.

Þriðjudaginn 18. október 1977.

Nr. 90/1977. **Jósafat Arngrímsson**
gegn
Ragnari Jónssyni.

Máli vísað frá Hæstarétti. Áfrýjunarheimild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Með stefnu 13. júní 1977 áfrýjaði áfrýjandi til Hæstaréttar úrskurði uppboðsréttar Keflavíkur, uppkveðnum 24. maí s. á., þar sem synjað var kröfu áfrýjanda um breytingu á uppboðsskilmálum vegna nauðungaruppboðs á 3. hæð fasteignarinnar Hafnargötu 31 í Keflavík.

Þegar mál þetta var þingfest á dómþingi Hæstaréttar 3. október sl., óskaði áfrýjandi eftir 4 mánaða fresti til ágripsgerðar.

Stefndi andmælti frestsbeiðninni, og hafa aðiljar ritað greinargerðir um þann ágreining. Við könnun máls þótti rétt

samkvæmt ákvæðum 43. gr. laga nr. 75/1973 að gefa þeim kost á að tjá sig sérstaklega um það, hvort bera hefði átt hinn áfrýjaða úrskurð undir Hæstarétt með kæru, en eigi með áfrýjun, svo sem gert var.

Áfrýjandi lýsti því yfir, að hann legði það á vald Hæstaréttar, hvort málið ætti að sæta áfrýjun eða kæru. Hann krafðist málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess, að Hæstiréttur „taki mál þetta til meðferðar, ef ástæða þykir, og dæmi réttarfarssektir og málskostnað í öllu þessu máli eins og það liggur nú fyrir".

Samkvæmt 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 sætir hinn áfrýjaði úrskurður kæru, sem lýsa bar innan þess frests, sem greinir í 22. gr. nefndra laga. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð áfrýjanda til Hæstaréttar eru óviðurkvæmileg harðyrði, og ber að víta hann fyrir þau.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jósafat Arngrímsson, greiði stefnda, Ragnari Jónssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Keflavíkur 24. maí 1977.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi, þann 17. maí sl., hefur uppboðsþoli, Jósafat Arngrímsson, gert þær kröfur, að uppboðsskilmálum vegna nauðungaruppboðs á eign hans, 3. hæð fasteignarinnar að Hafnargötu 31, Keflavík, verði breytt á eftirfarandi hátt:

„1) Að tilgreint verði í skilmálum, að uppboðsþola sé óskylt að sæta því, að væntanlegur uppboðskaupandi (eða sá, sem leiðir rétt sinn frá honum) fái að vild sinni umferðarrétt frá útidyrum verzlunarhússins upp á 3ju hæð hússins utan venjulegs verzlunartíma.

2) Að tilgreint verði í skilmálum, að uppboðsþola sé óskylt að hlíta því að fá væntanlegum uppboðskaupanda í hendur án endurgjalds hluta af jarðhæð og miðhæð fasteignarinnar til þess að skapa honum (eða mönnum á hans vegum) umferðarrétt upp á 3ju hæð hússins.
3) Að tilgreint verði í skilmálum, að uppboðsþola sé óskylt að hlíta því að afhenda væntanlegum uppboðskaupanda án endurgjalds tiltölulegan hluta af sameiginlegu anddyri á miðri jarðhæð hússins.
4) Að tilgreint verði í skilmálum, að væntanlegum uppboðskaupanda sé skylt að hlíta því, að gerður verði skiptasamningur um eignina við uppboðsþola, sbr. II. kafla laga nr. 59/1976, þar sem tekið verði tillit til allra framangreindra atriða."

Þá hefur uppboðsþoli krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda í þessum þætti málsins.

Uppboðsbeiðandi, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, hefur ekki fallist á framangreindar kröfur uppboðsþola og krefst þess, að 3. hæð fasteignarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, verði seld á nauðungaruppboði án frekari tafa. Þá hefur hann krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsþola í þessum þætti málsins.

Með bréfi, dagsettu 1. júní 1976, krafðist Kjartan Reynir Ólafsson hæstaréttarlögmaður þess, að 3. hæð fasteignarinnar að Hafnargötu 31 í Keflavík yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á veðskuld ásamt vöxtum og kostnaði. Með bréfi, dagsettu 5. júlí s. á., krafðist Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður þess, að sama eign yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á dómsskuldum að fjárhæð kr. 2.258.664 auk vaxta og kostnaðar. Með bréfi uppboðsbeiðanda fylgdu endurrit fjárnámsgerða úr fógetarétti Keflavíkur frá 30. júní 1976, þar sem gert var fjárnám í umræddri eign til tryggingar á greiðslu dómsskulda að fjárhæð kr. 758.664 og kr. 1.500.000. Var uppboðsbeiðni Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns sameinuð uppboði að kröfu Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, og var uppboðið auglýst í 47., 49. og 51. tbl. Lögbirtingablaðsins 1976 og uppboðið þingfest 3. september sl. Var þá mætt af hálfu uppboðsþola, og voru sýndar áfrýjunarstefnur vegna uppboðsheimilda Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns. Var þá málinu frestað um óákveðinn tíma, en þann 24. janúar 1977 lagði uppboðsbeiðandi fram dóma Hæstaréttar í viðkomandi málum. Í öðrum dómi Hæstaréttar var hin áfrýjaða fjárnámsgerð staðfest, en hinu málinu vísað frá Hæstarétti. Áfrýjaði

uppboðsþoli þá hinu síðarnefnda máli á ný, en útivistardómur gekk í Hæstarétti þann 2. febrúar sl. Í þriðja sinn var máli þessu áfrýjað, en aftur gekk útivistardómur í Hæstarétti þann 1. apríl sl.

Í réttarhaldi þann 8. mars sl. mætti uppboðsþoli og lagði fram bréf sitt til réttarins, þar sem krafist var breytinga á uppboðsskilmálum, og í næsta þinghaldi í málinu, 22. mars sl., lagði hann fram greinargerð sína, þar sem fyrrgreindra breytinga á uppboðsskilmálum var krafist. Lagði uppboðsbeiðandi fram greinargerð sína þann 19. apríl sl. og gerði þær kröfur, sem áður greinir, og lýsti uppboðsþoli gagnaöflun lokinni. Ákvað uppboðshaldari, að munnlegur málflutningur færi fram um þennan þátt málsins 11. maí sl., en vegna forfalla hans var ákveðið, að flutningur færi fram 17. maí sl. Að lokinni árangurslausri sáttatilraun uppboðshaldara var málið munnlega flutt og tekið til úrskurðar að því loknu.

Uppboðsþoli byggir kröfur sínar á því, að fasteignin nr. 31 við Hafnargötu í Keflavík sé þrílyft steinhús og sé starfrækt ein órofa verslunarheild á öllum þremur hæðum með sameiginlegum inngangi og stiga, sem gengur í gegnum miðju hússins. Telur hann með tilvísun til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 57/1949, að aðstaða uppboðsandlagsins og hagsmunir uppboðsþola réttlæti, að breytingar séu gerðar á uppboðsskilmálum á dskj. nr. 8 í samræmi við kröfur sínar. Hefur uppboðsþoli lagt áherslu á það, að breytingarkröfur sínar séu ekki of seint fram komnar, enda geri 1. mgr. 25. gr. laga nr. 57/1949 að hans mati ráð fyrir því, að unnt sé að krefjast breytinga á uppboðsskilmálum allt fram að því, að uppboð fari fram.

Uppboðsbeiðandi hefur lýst því yfir, að hann fallist ekki á umbeðnar breytingar á uppboðsskilmálum. Þá hefur uppboðsbeiðandi lýst þeirri skoðun sinni, að uppboðsskilmálar hafi þegar verið samdir, þegar hann gekk inn í uppboðið, og hafi hann því ekki átt þátt í samningu þeirra og sé því mál þetta sér óskylt, hvað þetta snerti. Þá hefur hann og bent á, að krafa þessi komi óeðlilega seint fram og sé einungis til þess gerð að tefja málið. Uppboðsbeiðandi hefur þá fært fram þau rök, að uppboðsþoli benti sjálfur á 3. hæð fasteignarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, til fjárnáms, og hafi hann þá mátt vita, að beðið yrði um sölu eignarinnar á nauðungaruppboði. Hafi uppboðsþola verið í sjálfsvald sett, hverja hæð fasteignarinnar hann benti á til fjárnáms, og verði hann því að sæta afleiðingum þess núna og geti ekki krafist

óvenjulegra uppboðsskilmála vegna staðsetningar uppboðsandlagsins. Þá hefur hann lagt áherslu á, að uppboðið fari sem allra fyrst fram.

Rétturinn lítur svo á, að kröfur uppboðsþola um breytingar á uppboðsskilmálum fari í bága við ákvæði 1. mgr. 15. gr. laga 57/1949, þar sem telja verður, að skilmálar samkvæmt kröfu uppboðsþola mundu mjög torvelda sölu eignarinnar. Þá verður einnig að taka tillit til þess, að uppboðsþoli benti sjálfur á uppboðsandlagið til fjárnáms, og mátti honum þá vera ljóst, hverjar afleiðingar hlytust af. Af þessum sökum svo og vegna þess, að uppboðsþoli hefur ekki fært fram nein knýjandi rök fyrir málaleitan sinni, verður niðurstaða réttarins sú, að uppboðsskilmálar á dskj. nr. 8 standi óbreyttir og fari fram uppboð á eigninni sjálfri að undangenginni auglýsingu í dagblaði fimmtudaginn 23. júní 1977 kl. 1100 fyrir hádegi.

Víta ber uppboðsþola fyrir óþarfa tafir á framvindu málsins svo og fyrir málatilbúnað hans fyrir uppboðsréttinum, þar sem hann hefur lagt fram í málinu allmörg gögn, sem ekki fæst séð, að komi sakarefninu við og hafa aðeins orðið til þess að gera málið ógreinilegt.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt, að uppboðsþoli greiði uppboðsbeiðanda málskostnað í þessum þætti málsins, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Jón Eysteinsson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Framangreindri kröfu uppboðsþola, Jósafats Arngrímssonar, um breytingar á uppboðsskilmálum er synjað, og skulu uppboðsskilmálar á dskj. nr. 8 óbreyttir standa.

Ákveðið er að sala á 3. hæð fasteignarinnar Hafnargötu 31, Keflavík, fari fram á eigninni sjálfri fimmtudaginn 23. júní 1977 kl. 1100 fyrir hádegi.

Uppboðsþoli, Jósafat Arngrímsson, greiði uppboðsbeiðanda, Ragnari Jónssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 40.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. október 1977.

Nr. 216/1976. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Jónssyni
(Guðrún Erlendsdóttir hrl.).

Ávana- og fíknilyf. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóminn kvað upp Arnar Guðmundsson, fulltrúi dómara í ávana- og fíkniefnamálum.

Ákæruefnum á hendur ákærða er réttilega lýst í hinum áfrýjaða dómi, og varða brotin við refsiákvæði þau, sem þar eru greind, en vísun til 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga er þó ofaukið. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald, en 14 daga gæsluvarðhaldsvist komi refsingu hans til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku svo og um greiðslu sakarkostnaðar ákærða eiga að vera óröskuð. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 50.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Jónsson, sæti 3 mánaða varðhaldi, en 14 daga gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingu hans til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar ákærða eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 28. nóvember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. okt., var höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 15. ágúst sl., á hendur:

1. Gesti Arnarsyni, Bugðulæk 11, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. apríl 1956.
2. Gunnari Jónssyni, Staðarbakka 16, Reykjavík, fæddum þar í borg 17. júlí 1953.
3. Oddi Guðjóni Péturssyni, Meistaravöllum 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 7. apríl 1956, og
4. Sigurgeir Arnarsyni, Laugarnesvegi 44, Reykjavík, fæddum þar í borg 24. janúar 1953, öllum fyrir að hafa brotið gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf með eftirgreindum hætti:

I.

„Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa fyrri hluta aprílmánaðar 1975 sammælst um að afla sér fíkniefna (kannabis) með innflutningi og síðan selja það hérlendis með hagnaði og lagt þannig fram fé í sameiningu, sem var andvirði danskra króna 7.600.00—7.800.00. Lögðu ákærðu Gunnar og Sigurgeir fram stærstu hlutina, en hinir minna. Talsverðu af fénu skiptu þeir hér á landi fyrir erlendan gjaldmiðil. Ennfremur buðu ákærðu stúlkunni Önnu Óskarsdóttur að leggja fram fé, og lagði hún fram ísl. kr. 22.000.00, en vissi að öðru leyti ekki um innflutnings og söluáform ákærðu. Ákærðu fengu smíðaða tvo stálhólka, hola að innan, sem ákærði Gunnar fór með ásamt fé þeirra utan flugleiðis 12. apríl 1975. Keypti hann síðan 500 grömm af kannabisefni í Kaupmannahöfn fyrir danskar kr. 10.50—10.75 hvert gramm, en fékk síðan kunningja sínum í Odense afgang peninganna til að kaupa viðbótarmagn og stálhólkana til að senda allt efnið í til Íslands. Sá sendi síðan 16. apríl hólkana með efninu í í trékassa, merktum Sigurgeir Arnarsyni. Sendingin var stöðvuð á tollpóststofu í Reykjavík, og reyndist efnið vera 654.4 grömm af hassi."

II.

„Ákærða Gunnari Jónssyni er gefið að sök að hafa keypt fyrir meðákærða Odd Guðjón 7.6 grömm af kannabisefni (hassi) í

Genf fyrir um 20 svissneska franka og sent honum efnið í bréfi til Íslands 31. maí 1975."

III.

„Ákærða Oddi Guðjóni Péturssyni er gefið að sök að hafa fengið meðákærða Gunnari í hendur allt að kr. 5.000.00 til kannabiskaupa erlendis og fengið þannig send frá honum 7.6 grömm af hassi í bréfi, sem póstlagt var í Genf 31. maí 1975. Sendingin var stöðvuð á tollpóststofu í Reykjavík."

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til að þola upptöku á hólkum þeim, sem fíkniefnið var flutt í til landsins, svo og á 654.4 grömmum af kannabisefni (hassi), sem hald var lagt á, í samræmi við fjárframlög hvers og eins til kaupanna, ennfremur ákærði Oddur Guðjón til að þola upptöku á 7.6 grömmum af kannabisefni (hassi), sem hald var lagt á, allt samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974, svo og verði ákærðu dæmdir til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærðu eru allir sakhæfir og hafa sætt refsingum hér á landi, nánar svo:

1. Gestur Arnarson:

1972 6/8 Vestmannaeyjar: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1975 3/1 Reykjavík: Ávana- og fíkn. Áminning fyrir brot á 3., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974.

2. Gunnar Jónsson:

1969 Reykjavík: Uppvís að brotum á 155. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1969 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1970 Reykjavík: Uppvís að brotum gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 26. ágúst 1970.

1971 Reykjavík: Sátt, 6.000 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 77/1970, sbr. reglugerð nr. 257/1969.

1974 9/5 Ávana- og fíkn. Sátt, 11.000 kr. sekt fyrir brot á 5. gr. og 6. gr. laga nr. 77/1970, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257/1969, sbr. að hluta 20. gr. hegningarl. með lögjöfnun.

1974 15/7 Reykjavík: Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot á 5. og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 24/3 1974.

1975 24/1 Ávana- og fíkn. Sátt, 25.000 kr. sekt fyrir brot gegn 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga 19/1940.

3. Oddur Guðjón Pétursson:

1974 22/5 Reykjavík: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 26., 37., 49. og 50. gr. umferðarlaga.

1975 6/1 Reykjavík: Ávana- og fíkn. Sátt, 38.000 kr. sekt fyrir brot á 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974.

4. Sigurgeir Arnarson:

1973 29/5 Reykjavík: Kærður fyrir brot á lögum nr. 77/1970. Sekt sérst. dómara, ávana- og fíkniefnamál.

1975 9/1 Reykjavík: Dómur: 40.000 kr. sekt fyrir brot á 3., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. 2. gr. hegningarlaga.

Málavextir.

Þann 23. apríl 1975 mætti ákærði Sigurgeir Arnarson á tollpóststofu í Reykjavík til að sækja pakka, sendan frá Odense, sem hann átti samkvæmt tilkynningu, er hann fékk í pósti fyrr um morguninn. Er afgreiðslumaður tollpóststofu ætlaði að afhenda ákærða Sigurgeir pakkann, en sá sagðist aðspurður ekki hafa faktúru, fengu tollverðir pakkann til nánari athugunar. Kom þá í ljós, að pakkinn, sem var tæp 20 kg að þyngd, hafði að geyma 2 stálsívalninga með hreyfanlegum haus, og í sívalningum þessum var brúnleitt efni, sem talið var kannabis. Ákærði Sigurgeir lýsti yfir því, að hann þekkti ekki tilgreindan sendanda, Kjeld Jensen, Mosegårdsvej 11, 5000, Odense, Danmark, og hafi ekki átt sendingar von, og létu tollverðir hann að svo búnu fara, en sögðust senda pakkann réttum aðiljum.

Upplýsingar bárust sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum, er gögn voru send þangað sama daginn, og var ákærði Sigurgeir þá kallaður til yfirheyrslu. Ekki kvaðst hann geta svarað neinum spurningum þennan pakka varðandi og ítrekaði, að hann þekkti ekki tilgreindan sendanda eða vissi fyrir víst um innihald pakkans. Hann viðurkenndi aðspurður að hafa farið til Odense í Danmörku sumarið 1973 og dvalist þar um 3 mánaða skeið og meðal

annars unnið hjá rafmagnsmótorafyrirtæki ásamt félaga sínum Gunnari Jónssyni. Þeir hafi nokkuð umgengist danska unglinga, en þá í svipinn mundi hann ekki nöfn þeirra og kvaðst ekki hafa skrifast á við neinn af þeim.

Strax og rannsókn máls þessa hófst, voru upplýsingar sendar dönskum lögregluyfirvöldum með fjarritaorðsendingu og óskað aðstoðar varðandi uppruna sendingar.

Að lokinni yfirheyrslu yfir ákærða Sigurgeir var hann látinn fara, enda taldi dómari ekki nægileg rök til gæsluvarðhaldsúrskurðar eins og mál bar að og enda höfðu þá engin svör borist frá dönskum lögregluyfirvöldum auk þess sem ákærði Gunnar Jónsson fannst ekki þrátt fyrir ítrekaða leit lögreglu.

Nokkrum dögum seinna, eða 29. apríl, mætti ákærði Sigurgeir enn í rétti og þá án boðunar og lagði fram bréf, sem hann hafði fengið hraðsent frá Kaupmannahöfn fyrr um daginn. Taldi hann bréfið, sem var póststimplað í Kaupmannahöfn 27. apríl, vera skýringu á sendingu þeirri, sem áður getur. Ákærði Sigurgeir sagðist kannast við sendanda bréfsins, Egon flatnæse, frá því í Odense 1973. Samkvæmt bréfi bað Egon þessi ákærða Sigurgeir að móttaka pakka og varðveita, þar til hann ásamt unnustu sinni millilenti hérlendis á leið til New York í júnímánuði. Jafnframt segir í bréfi, að ákærða Sigurgeir verði greiddur allur kostnaður, sem kunni af þessu að leiða. Ákærði Sigurgeir sagði bréf þetta það fyrsta og eina, sem hann hefði heyrt frá Egon áðurnefndum síðan 1973.

Þann 30. apríl náðist til ákærða Gunnars Jónssonar, og var hann yfirheyrður í dómi sem vitni. Kvaðst hann hafa haldið til Odense í nóv. 1972 og dvalist þar fram í sept. 1973 og meðal annars unnið á tímabilinu við framleiðslu rafmagnsmótora hjá fyrirtæki, sem heiti Trige-Ti-Tan. Sumarið 1973 hafi þar meðal annars starfað með sér kunningi og félagi, Sigurgeir Arnarson. Sagði hann þá Sigurgeir töluvert hafa verið samskiptum við danska unglinga og nafngreindi nokkra í því sambandi. Hann sagðist jafnframt hafa vitað, að Sigurgeir hefði þá skömmu áður fengið pakka frá Odense, og taldi ákærði Gunnar sig vita um innihald hans, en kvaðst enga skýringu geta gefið.

Næstu vikur hélt rannsókn málsins áfram og þá í samvinnu við dönsk lögregluyfirvöld. Samkvæmt gögnum frá þeim var tilgreindur sendandi, Kjeld Jensen, yfirheyrður af lögreglu í Odense, og kannaðist hann ekki við sendingu, og ekkert kom fram í framburði hans, sem ástæða var til að rengja. Í lok júlí bárust frá

Danmörku upplýsingar þess efnis, að vegna framburða starfsfólks í pósthúsi í Odense við rannsókn máls hefði Gunnar Jónsson, þá þar dveljandi, verið handtekinn og meðal annars játað sinn þátt í hasssendingu hingað til lands í stálsívalningum s. n. Jafnframt hefði hann nafngreint hlutdeildarmenn í því máli. Auk þess sagði, að ákærði Gunnar hafi lýst samskiptum sínum með fíkniefni við ýmsa danska unglinga. Samkvæmt upplýsingum ætluðu dönsk yfirvöld að senda ákærða Gunnar hingað til lands 7. ágúst. Þann dag var dómsrannsókn fram haldið hér fyrir dómi og þá yfirheyrðir þeir aðiljar, sem Gunnar hafði nafngreint í dönskum skýrslum.

Verða nú málavextir raktir samkvæmt sjálfstæðum framburðum aðilja.

Í byrjun apríl 1975 sammæltust ákærðu Gunnar Jónsson og Sigurgeir Arnarson um að flytja hingað til lands hassefni frá Danmörku og selja það hérlendis í hagnaðarskyni og þá til varnarliðsmanna á Keflavíkurflugvelli. Ákveðið var að renna til og bora hola að innan stálsívalninga og flytja efnið í þeim hingað til lands. Fengu þeir kunningja sinn Finnboga Kristinsson til að renna sívalningana. Verkið framkvæmdi Finnbogi í Stálhúsgögnum við Skúlagötu, en það fyrirtæki rekur faðir ákærða Gunnars. Aðiljum ber saman um, að Finnbogi hafi vitað, til hvers átti að nota sívalningana, en hann vildi ekki bora þá, og var það gert í vélsmiðjunni Héðni.

Ferð og innkaup voru fjármögnuð þannig, að ákærði Sigurgeir og Gunnar seldu hvor um sig 75 þúsund kr. víxil í Landsbanka Íslands og notuðu andvirðið til ferðar, en jafnframt lögðu þeir báðir eitthvað fram þar að auki. Telur ákærði Sigurgeir sig hafa bætt við 10—15 þúsund kr. Síðar var meðákærðu Oddi Guðjóni Péturssyni og Gesti Arnarsyni boðið að vera með í samskotum og jafnframt stúlkunni Önnu Óskarsdóttur. Ákærðu ber ekki saman um framlög hvers og eins til kaupanna. Ákærði Oddur kvaðst hafa lagt fram í mesta lagi um 30 þúsund kr. og þar af 100 $. Ákærði Sigurgeir, sem tók við framlögum aðilja, taldi, að ákærði Oddur hefði lagt fram 40—50 þúsund kr. og þar af helminginn í erlendum gjaldeyri. Ákærði Gunnar taldi, að ákærði Oddur hefði lagt fram 30—40 þúsund kr. Ákærði Gestur kvaðst hafa lagt fram 20 þúsund kr., en samkvæmt framburði ákærða Sigurgeirs vissi hann ekki nákvæmlega framlag ákærða Gests, en taldi það vera eitthvað minna en ákærða Odds. Anna kvaðst hafa

lagt fram kr. 22 þúsund, og er það samkvæmt því, sem ákærði Sigurgeir telur, en ekki kvaðst hún hafa átt allt þetta fé sjálf.

Tilgangur þessara hasskaupa var sem áður greinir að selja efnið í hagnaðarskyni, og samkvæmt framburðum aðilja hafa þeir ákærðu Sigurgeir, Gunnar og Oddur rætt slíkt og nánar, að efni skyldi selt á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gunnar sagði ákærða Odd hafa verið tilbúinn með kaupendur efnisins. Ákærði Oddur viðurkenndi að hafa ætlað fyrir sína hönd og hinna að sjá um sölu á ca helming efnisins á Keflavíkurflugvöll. Ekki kvaðst hann þekkja milliliði til slíkrar sölu, en taldi sig geta annast hana miðað við sögusagnir, sem hann hefði heyrt um menn, sem slíkt stunduðu. Ekki ber framburðum fyllilega saman um, hvort ákærði Gestur hafi tekið þátt í þessum umræðum um sölu efna, og hann hefur neitað að hafa ætlað að gera annað við sitt efni en nota það sjálfur. Áðurnefnd Anna naut þeirrar sérstöðu, að hún vissi ekki um samskotaaðilja aðra en Sigurgeir, og ekki vissi hún, hvernig eða hvaðan efnið kæmi.

Áður en ákærði Gunnar hélt utan til útvegunar efna, var mestu samskotafénu skipt yfir í erlendan gjaldeyri, og annaðist ákærði Oddur þau skipti með þeim hætti, að hann fékk kunningja sinn Róbert til að skipta eða öllu heldur lána 900 $ fyrir íslenskt fé. Ætlunin var að greiða Róbert aftur erlendan gjaldmiðil til baka.

Samkvæmt framburði ákærða Gunnars hélt hann flugleiðis til Kaupmannahafnar þann 12. apríl og þá með margnefnda stálsívalninga, en auk farmiða var hann með handa á milli 1.000 kr. danskar og 1.200 $. Síðarnefndri mynt skipti hann í tveimur bönkum í Kaupmannahöfn og var þá samtals með til ráðstöfunar 7.600—7.800 kr. danskar. Skömmu eftir komu til Kaupmannahafnar komst hann eftir ábendingu í kynni við danskan pilt, sem bjó í Christianiu með norskri stúlku. Nefndur piltur átti nóg af kannabisefnum, og segist ákærði Gunnar hafa séð í íbúð hans 8—10 kg. Ekki var efnið að sama skapi góð vara, en Gunnar keypti af honum 500 gr. og greiddi kr. 10.50 eða 10.75 danskar fyrir hvert gramm. Eftir innkaup dvaldist hann eina nótt í Kaupmannahöfn, nánar á Hótel Hebron, en hélt þarnæsta dag með sívalninga og efni til Odense og hitti þar danskan kunningja sinn, Jan Askov. Áður höfðu þeir ákærðu Gunnar og Sigurgeir samkvæmt framburði Sigurgeirs talið öruggara, að fíkniefni yrðu send til Íslands frá Odense, en ekki Kaupmannahöfn. Í Odense reyndu þeir ákærði Gunnar og Jan Askov ítrekað að kaupa viðbótarefnismagn,

en tókst ekki. Samkvæmt framburði ákærða Gunnars fór hann ferð þessa án vitundar foreldra og vildi því vera sem skemmstan tíma. Hélt hann því frá Odense 16. apríl og kom flugleiðis frá Kaupmannahöfn hingað til lands sama daginn. Áður fól hann fyrrnefndum Askov að ljúka erindi með því að kaupa viðbótarefnismagn, er nægði til að fylla sívalningana, ganga síðan frá þeim í trékassa með fölsuðu fylgibréfi og póstleggja á nafn Sigurgeirs Arnarsonar. Vegna efniskaupa og sendingarkostnaðar telur ákærði sig hafa látið Askov í té 2.500—3.000 kr. danskar, og fremur þó lægri töluna. Síðar kveðst ákærði hafa skrifað Askov og samkvæmt því beðið hann að senda sér afgang fjár til Frakklands. Hafi sér borist bréflega 750 kr. danskar frá Askov í lok maí.

Samkvæmt dönskum gögnum kemur fram, að Jan Askov var handtekinn og færður til yfirheyrslu 28. júlí 1975. Strax við fyrstu yfirheyrslu viðurkenndi hann hlutdeild sína í málinu, það er að hafa 16. apríl 1975 frá pósthúsi í Odense sent kassa, sem innihélt hass í stálsívalningum, til Sigurgeirs Arnarsonar og hafi allt verið gert samkvæmt tilmælum ákærða Gunnars Jónssonar. Jafnframt viðurkenndi Askov að hafa áður tekið við um 2.500 kr. dönskum frá Gunnari og keypt viðbótarefni til framsendingar.

Sem áður getur dvaldist ákærði Gunnar í Frakklandi í maímánuði, en þar var hann að heimsækja unnustu sína, sem var við nám. Á leiðinni þangað hafði hann komið við í Genf og keypti þar tæplega 10 gr. af hassi fyrir 20 svissneska franka og sendi efnið í pósti til meðákærða Odds Guðjóns Péturssonar þann 31. maí. Þetta gerði ákærði Gunnar samkvæmt tilmælum ákærða Odds, sem samkvæmt framburði ákærða Gunnars hafði látið hann fá 5.000 kr. til nefndra kaupa. Ákærði Oddur hefur viðurkennt að hafa látið ákærða Gunnar fá peninga til útvegunar hassefna, en telur fé þessi hafa verið milli 3 og 4 þúsund kr. Ákærði Oddur sagðist hafa vitað, að bréf hafi borist, en ekki sótt það vegna grunsemda um, að upp hefði komist. Svo var reyndar, þar sem bréf var stöðvað í pósti vegna grunsemda um innihald þess, en í dómi þann 7. ágúst opnaði ákærði Oddur bréfið samkvæmt beiðni dómara og viðurkenndi hlut sinn það varðandi. Bréfið reyndist innihalda brúnleitt efni, 7.6 gr að þyngd, og samkvæmt lykt og útliti er það talið kannabis.

Varðandi bréf það, sem áður getur og ákærði Sigurgeir færði í dóm 29. apríl, ber aðiljum saman um, að ákærði Gunnar hafi samið það bréf, en ákærði Sigurgeir fengið það hreinritað og ákærði Oddur fengið kunningja sinn, áðurnefndan Róbert, til að

póstleggja það í Kaupmannahönf, enda sá á þeim tíma verið á förum utan. Tilgangur þessa bréfs hafi eingöngu verið sá að villa um varðandi rannsókn málsins.

VARNARÁSTÆÐUR OG ÖNNUR GÖGN.

Efni í stálsívalningum var tvenns konar, og var sýni af hvoru um sig sent til Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands til efnagreiningar. Sýni voru merkt nr. 97 a og 97 b og vógu hvort um sig 0.4 gr. Matsgerðir eru undirritaðar af prófessor Þorkeli Jóhannessyni fyrir hönd Rannsóknastofu í lyfjafræði, og í matsgerð nr. 198, sem dagsett er 29. apríl 1975, segir svo:

„Rannsóknastofunni hefur borist til rannsóknar með tilliti til kannabis sýni merkt nr. 97 a, sbr. bréf lögreglustjórans í Rvík., sem dagsett er 25/4 1975.

Við smásjárskoðun mátti greina kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir kannabis sativa, og litarpróf fyrir kannabínólum gaf jákvæða svörun. Við gasgreiningu á súlu mátti ennfremur greina tetrahydrókannabínól.

Sýnið var þannig samkvæmt framansögðu kannabis.

Sýnið var allt notað við þessar rannsóknir."

Í matsgerð nr. 199, sem einnig er dagsett 29. apríl 1975, segir svo:

„Rannsóknastofunni hefur borist til rannsóknar með tilliti til kannabis sýni nr. 97 b, sbr. bréf lögreglustjórans í Rvík., sem dagsett er 25/4 1975.

Við smásjárskoðun mátti greina kirtilhár, sem einkennandi eru fyrir kannabis sativa. Litarpróf fyrir kannabínólum gaf jákvæða svörun, og við gasgreiningu á súlu mátti greina tetrahydrókannabínól.

Sýni var því samkvæmt framansögðu kannabis.

Sýnið var allt notað við rannsóknir þessar."

Samkvæmt fjarritaorðsendingu, sem barst 25. júlí 1975, kemur fram, að ákærði Gunnar Jónsson var handtekinn 23. júlí í Danmörku og úrskurðaður í gæsluvarðhald næsta dag. Þegar rannsókn var lokið þar og meðal annars á samskiptum hans með fíkniefni við danska unglinga, var hann látinn laus og framsendur hingað til lands þann 7. ágúst sl.

Í bréfi ríkissaksóknara til sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, er mál þetta var sent til dómsmeðferðar samkvæmt ákæru, segir meðal annars svo: „Hvað varðar Önnu Óskarsdóttur, þá er farið fram á, að hennar þáttur í málinu verði rannsakaður frekar,

þar sem enn liggur ekki fyrir frá hverjum hún tók við fé, sem hún lagði fram til hasskaupa Gunnars Jónssonar í Danmörku."

Sá þáttur málsins var rannsakaður frekar fyrir dómi, og að þeirri rannsókn lokinni þann 17. sept. féllst Anna Óskarsdóttir á að ljúka máli sínu með dómssátt í formi sektar. Jafnframt og sama dag féllst Jón Sturla Axelsson á að ljúka sínum þætti máls með dómssátt, en hann hafði lagt Önnu Óskarsdóttur til fé vegna kannabis útvegunar.

Efni það, sem var í stálsívalningunum, var tvenns konar sem áður greinir, og samkvæmt vigtun, sem framkvæmd var á skrifstofu ÁFD, reyndist önnur tegundin vera 615.4 gr, en hin 39 gr. Sem áður greinir voru samtals 0.8 gr send sem sýni til efnagreiningar.

Lögmaður allra ákærðu, Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður, gerir í skriflegri vörn eftirfarandi kröfur:

1. Að allir hinir ákærðu verði dæmdir í vægustu refsingu, sem lög heimila fyrir brot þau, sem þeir eru ákærðir fyrir og ef dæmd verður refsivist, að hún verði höfð skilorðsbundin.
2. Að tildæmdur verði málskostnaður að skaðlausu.

NIÐURSTÖÐUR.

Um ákærulið 1.

Sannað þykir með sjálfstæðum játningum allra ákærðu hvers um sig, Gests Arnarsonar, Gunnars Jónssonar, Odds Guðjóns Péturssonar og Sigurgeirs Arnarsonar, að þeir hafi sem í ákæru greinir sammælst í byrjun apríl 1975 um að afla sér kannabis með innflutningi frá Danmörku og þannig lagt fram í sameiningu fé, sem var andvirði danskra kr. 7.600 til 7.800 að meðtöldu framlagi Önnu Óskarsdóttur. Annað það, sem greinir í þessum ákærulið, telst nægilega sannað samkvæmt gögnum málsins, utan að gegn neitun ákærða Gests telst ekki sannað, að hann hafi ætlað sinn hluta efnismagns til sölu, og verður hann sýknaður af því ákæruatriði.

Um ákærulið 2.

Samkvæmt eigin framburði ákærða Gunnars Jónssonar, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telst nægilega sannað, að hann hafi keypt fyrir meðákærða Odd Guðjón 7.6 gr af kannabisefni í Genf fyrir um 20 svissneska franka og sent honum efnið í bréfi til Íslands 31. maí 1975.

Um ákærulið 3.

Samkvæmt eigin framburði ákærða Odds Guðjóns Pétursson, sem studdur er öðrum gögnum málsins, telst nægilega sannað, að hann hafi fengið meðákærða Gunnari í hendur fé til kannabiskaupa erlendis og fengið þannig send frá honum 7.6 gr af kannabis í bréfi, sem póstlagt var í Genf 31. maí 1975. Ekki þykir alveg nægilega sannað, að Oddur hafi afhent Gunnari nema 3.000 kr.

Að öllu ofangreindu athuguðu og virtu þykja allir ákærðu hafa brotið gegn 2. gr., sbr. 5. gr., sbr. einnig 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974, sbr. að nokkru 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og því hafa unnið til refsingar.

Við ákvörðun refsingar er meðal annars litið til þess, að um ítrekuð fíkniefnabrot er að ræða hjá öllum ákærðu og margítrekað hjá ákærða Gunnari Jónssyni, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Jafnframt er refsing ákærðu Gunnars Jónssonar og Odds Guðjóns Péturssonar ákveðin með hliðsjón af 77. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt ofansögðu telst refsing ákærðu hæfilega ákveðin þannig:

Ákærði Gestur Arnarson greiði kr. 60.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gunnar Jónsson sæti fangelsi í 50 daga. Sem áður greinir sætti ákærði Gunnar gæsluvarðhaldi í Danmörku vegna rannsóknar. Er samkvæmt 76. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 rétt, að vist þessi, samtals 14 dagar, verði dregin frá refsingu hans.

Ákærði Oddur Guðjón Pétursson greiði kr. 115.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurgeir Arnarson sæti fangelsi í 50 daga.

Krafist er, að ákærðu verði dæmdir til að þola upptöku á hólkum þeim, sem fíkniefni var flutt í til landsins, svo og á 654.4 gr af kannabis, sem hald var lagt á í samræmi við fjárframlög hvers og eins til kaupanna, og enn fremur að Oddur Guðjón Pétursson þoli upptöku á 7.6 gr af kannabis, sem hald var lagt á, allt skv. 5. gr. laga nr. 65/1974.

Með vísan til þess, sem áður getur um þyngd hassefna og að

0.8 gr fóru forgörðum við efnagreiningu, þykir rétt samkvæmt 5. gr. laga nr. 65/1974 að gera upptækt til ríkissjóðs eftirfarandi:

1) 653.6 gr af hassi.
2) 7.6 gr af meintu kannabis.
3) 2 stálhólkar.

Dæma ber ákærðu samkvæmt 141. gr. og 142. gr. laga nr. 74/1974 að greiða sakarkostnað þannig:

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 48.000.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Gestur Arnarson greiði í sekt kr. 60.000 til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Gunnar Jónsson sæti fangelsi í 50 daga. Til frádráttar refsingu komi gæsluvarðhaldsvist ákærða, 14 dagar.

Ákærði Oddur Guðjón Pétursson greiði í sekt kr. 115.000 til ríkissjóðs, og komi 30 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði Sigurgeir Arnarson sæti fangelsi í 50 daga.

Upptæk eru ríkissjóði til handa samtals 661.2 gr af kannabis og tveir stálhólkar.

Ákærðu greiði in solidum allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 48.000.

Föstudaginn 21. október 1977.

Nr. 148/1975. **Stakkholt h/f**
(Benedikt Sveinsson hrl.)
gegn
Höskuldi Magnússyni
og gagnsök
(Skúli J. Pálmason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 16. október 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. september s. á. Krefst félagið aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist lækkunar á kröfunum og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. mars 1976. Gagnáfrýjunarleyfi hafði verið veitt 9. mars 1976. Aðalkrafa gagnáfrýjanda er sú, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 2.795.952 krónur auk 7% ársvaxta frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvaxta frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst gagnáfrýjandi úr hendi aðaláfrýjanda 1.709.356 króna með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál í héraði.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Bjarna Þórðarsonar, cand. act., á örorkutjóni gagnáfrýjanda, og er skjalið dagsett 11. október 1977. Þar er verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps fundið á grundvelli ýmissa forsendna. M. a. er miðað við 7% ársvexti til 15. maí 1973, 9% til 15. júlí 1974 og 13% eftir það, 86.63% af meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna og það, að ekki sé tekið tillit til iðgjalds-

hluta útgerðarmanns til lífeyrissjóðs. Á þessum forsendum reiknast verðmæti vinnutekjutapsins 3.541.188 krónur. Hér fyrir dómi byggir gagnáfrýjandi á þessari tölu, en dómkrafa hans er fundin með því að lækka hana þannig: a) 20% vegna skattfrelsis örorkubóta, hagræðis eingreiðslu o. fl. (708.238 krónur). b) Greiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins (186.998 krónur). Þessi frádráttur nemur samtals 895.236 krónum, en þar á móti kemur til hækkunar miskabótakrafa (150.000 krónur). Með þessu móti fæst fjárhæð aðalkröfu, 2.795.952 krónur.

Ekki eru efni til að leyfa samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973 hækkun dómkrafna gagnáfrýjanda, eins og hann krefst.

Eins og lýst er í héraðsdómi, varð gagnáfrýjandi fyrir slysi um borð í m/b Matthildi, SH 67, þegar báturinn var að togveiðum á Breiðafirði snemma morguns 24. júlí 1969. Aðilja greinir á um það, hvort aðaláfrýjandi beri bótaábyrgð vegna slyssins.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómsmönnum, komst að þeirri niðurstöðu, að það hafi hvorki verið nauðsynlegur né eðlilegur útbúnaður að hafa fríholt (hjólbarða) á síðu bátsins til þess að hlífa honum við höggum og hnjaski af völdum toghlerans, heldur hafi það þvert á móti skapað hættu og valdið töfum við störf á skipinu. Á þessari niðurstöðu verður að byggja, enda hefur henni í engu verið hnekkt. Þá var það álit héraðsdóms, að stýrimaður, sem stjórnaði verki á þilfari, hafi ekki sýnt nægilega aðgæslu, og hið sama segir um vindumann. Þykir með sama hætti verða að leggja þetta til grundvallar hér í dómi. Af hálfu gagnáfrýjanda er því haldið fram, að vettlingur hans hafi fest í trollvír, sem hafi verið táinn. Í framburði Kristmundar Halldórssonar skipstjóra fyrir dómi 14. september 1973 segir, að við sjópróf það, sem fram fór sama dag og slysið varð, hafi vírarnir verið skoðaðir um borð í bátnum. Ekkert annað liggur fyrir um þessa könnun, en því hefur ekki verið mótmælt, að hún hafi farið fram. Verður aðaláfrýjanda því ekki gefin sök á, að ekki eru nú til gögn um ástand víranna. Er ósannað, að vírinn hafi verið táinn.

Þegar framanskráð er virt, þykir verða að leggja ábyrgð á slysinu á aðaláfrýjanda vegna hins ófullkomna útbúnaðar og þeirrar vangæslu, sem fyrr er lýst.

Þegar gagnáfrýjandi slasaðist, voru 6 menn um borð í m/b Matthildi. Sjópróf var haldið samdægurs, og gáfu þá 3 menn skýrslur, skipstjórinn, stýrimaður og 1. vélstjóri, sem var vindumaður, þegar slysið varð. Allir sögðu þessir menn, að gagnáfrýjandi hefði hrópað „hífa", rétt áður en hann slasaðist. Þessu neitaði gagnáfrýjandi í sjóprófi 4. október 1969. Í sjóprófi 8. mars 1970 ítrekuðu skipstjórinn og vélstjórinn fyrri framburði, og skipverji, sem ekki hafði gefið skýrslu á slysdegi, kvaðst „greinilega hafa heyrt, að Höskuldur hrópaði hífa". Eftir að mál þetta var höfðað, voru enn teknar skýrslur í dómi af skipstjóra, vélstjóra og gagnáfrýjanda 14. september 1973. Vélstjórinn (vindumaðurinn) vék þá einn að þessu atriði og sagði eins og áður, að gagnáfrýjandi hefði hrópað „hífa". Sjötti skipverjinn kom fyrir dóm 7. desember 1974. Hann kvaðst „ekki hafa heyrt Höskuld kalla neitt, hvorki „hífa" né neitt annað". Þegar allt þetta er virt, þykir verða að telja nægilega sannað, að gagnáfrýjandi hafi hrópað „hífa" til vindumannsins, meðan gagnáfrýjandi hafði enn hendur á trollvírunum skammt neðan við blökkina.

Af framanskráðu leiðir, að telja verður, að gagnáfrýjandi beri sjálfur nokkra sök á slysinu.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms um sakarskiptingu, og verður aðaláfrýjanda því dæmt að greiða gagnáfrýjanda 75% af tjóni hans.

Fyrir Hæstarétt hafa ekki verið lögð gögn um tekjur gagnáfrýjanda eftir slysið. Ágreiningur er þó ekki með aðiljum um áætlað vinnutekjutap að öðru leyti en því, að því var mótmælt af hálfu aðaláfrýjanda, að framangreind kröfuhækkun kæmist að fyrir Hæstarétti.

Rétt er að hafa hliðsjón af útreikningi Bjarna Þórðarsonar, cand. act., frá 11. október 1977. Þykir örorkutjón gagnáfrýjanda hæfilega metið 2.000.000 króna, þegar tillit hefur verið tekið til áðurnefndrar greiðslu frá Tryggingastofnun ríkisins, en miski 150.000 krónur. Samkvæmt þessu verður aðal-

áfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda 1.612.500 krónur.

Vaxtakrafa gagnáfrýjanda verður tekin til greina.

Gagnáfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 4. maí 1972. Í leyfisbréfinu segir, að honum sé veitt „gjafsókn fyrir undirrétti allt að kr. 20 þús.". Lagaheimild er ekki til að takmarka gjafsókn með þeim hætti sem hér var gert, sbr. XI. kafla laga nr. 85/1936, einkum 173. gr. Verður takmörkunin því metin sem óskráð.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um, að aðaláfrýjandi skuli greiða málskostnað í héraði að upphæð 230.000 krónur, og skal hann renna í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 190.000 krónur. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Stakkholt h/f, greiði gagnáfrýjanda, Höskuldi Magnússyni, 1.612.500 krónur með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði 230.000 krónur í málskostnað í héraði, og renni hann í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður gagnáfrýjanda í héraði greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Skúla J. Pálmasonar hæstaréttarlögmanns, 190.000 krónur. Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 250.000 krónur í málskosnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að fallast verði á það álit héraðsdóms, að hinn óvenjulegi útbúnaður, sem var

á m/b Matthildi, SH 67, til að verja skipið skemmdum af völdum toghlera, hafi getað valdið hættu og töfum við störf á skipinu. Á hitt er hins vegar að líta, að gagnáfrýjandi og stýrimaður höfðu lokið við að koma „fríholtinu“ milli toghlera og skipshliðar, þegar slysið varð. Tókst það án óhappa. Velta þá málsúrslit á því, hvort rétt hafi verið að verki staðið, þegar togvírinn var undinn inn að nýju.

Skipverji sá, sem stjórnaði vindu m/b Matthildar, fylgdist með því, að gagnáfrýjandi hélt um togvírinn, meðan „fríholtinu“ var komið fyrir milli toghlera og skipshliðar. Brýna nauðsyn bar til að vindumaður gætti þess vandlega, að gagnáfrýjandi hefði sleppt taki á vírnum, áður en tekið væri til við að draga togvírinn inn að nýju, sérstaklega þar sem gagnáfrýjandi hafði haft tak á vírnum rétt fyrir neðan blökkina. Verður að fallast á það, að skort hafi á næga aðgæslu af hálfu vindumanns í framangreindu tilliti. Ber aðaláfrýjandi fébótaábyrgð á því tjóni, sem af hlaust.

Á það er hins vegar að líta, svo sem greinir í atkvæði meiri hluta dómenda, að við það verður að miða, að gagnáfrýjandi hafi sjálfur gefið til kynna, að hefjast mætti handa um að vinda togvírinn inn að nýju, með því að kalla „hífa“. Átti gagnáfrýjandi því einnig sök á slysinu að verulegu leyti með fljótræði sínu, enda fellst ég á það með meiri hluta dómenda, að ekki séu nægar líkur að því leiddar, að hann hafi fest vettling sinn í togvírnum. Tel ég, eins og atvikum er háttað, að rétt sé, að aðaláfrýjandi bæti gagnáfrýjanda tjón hans að hálfu, en sjálfur beri hann það að hálfu.

Ég fellst á mat meiri hluta dómenda á tjóni gagnáfrýjanda. Einnig fellst ég á það, sem greinir í atkvæði þeirra um, að eigi hafi verið rétt að takmarka gjafsóknarleyfi gagnáfrýjanda fyrir héraðsdómi með þeim hætti sem gert var.

Samkvæmt framansögðu tel ég, að úrslit málsins eigi að verða þau, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 1.075.000 krónur með vöxtum svo sem krafist er. Þá greiði hann og málskostnað í héraði, 180.000 krónur, er renni í ríkissjóð, en málflutningslaun skipaðs talsmanns hans í héraði verði ákveðin 150.000 krónur. Málskostnaður fyrir

Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda verði 200.000 krónur.

Dómur sjó- og verslunardóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 28. desember 1974.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 7. desember 1974, hefur Höskuldur Magnússon sjómaður, Brautarholti 6, Ólafsvík, höfðað fyrir sjó- og verslunardómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með stefnu, útgefinni 20. júlí 1972, gegn Stakkholti h/f, Ólafsvík, og Tryggingamiðstöðinni h/f, Reykjavík, til réttargæslu, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.192.656 ásamt 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn í málinu 4. maí 1972.

Undir rekstri málsins og með samþykki lögmanns stefnda hefur stefnandi breytt og hækkað dómkröfur sínar, og eru þær við dómtöku málsins þær, að stefndi, Stakkholt h/f, verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.709.356 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, Stakkholt h/f, gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður, og til vara, að stefnukrafan verði lækkuð verulega. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar sjálfstæðar dómkröfur, og af hans hálfu eru ekki gerðar kröfur.

II.

Málavextir eru þessir:

Þann 24. júlí árið 1969 var v/s Matthildur, SH 67, frá Ólafsvík, 104 tonn brúttó að stærð, á togveiðum á Breiðafirði ca 20 sjómílur frá Ólafsvík á svonefndum Fláka. Skipið er eign stefnda, Stakkholts h/f, og áhöfn þess tryggð hjá réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni h/f. Sérstakt fríholt (bildekk) var haft á síðu skipsins, þegar hlerinn var tekinn, til þess að forða skipinu frá höggum af hleranum, en slitjárn (slitvörn) var ekki á hlið skipsins. Klukkan 0545 var verið að taka vörpuna inn. Veður var gott og sjólag gott. Stefnandi var við forgálgann ásamt stýri-

manni, Víkingi Halldórssyni. Þegar hlerinn kom upp, fylgdi fríholtið með. Hlerinn var því látinn síga aftur til þess að koma fríholtinu á milli hlera og skips. Þegar hlerinn var kominn niður undir sjó, reyndi stýrimaðurinn, að sögn stefnanda, að ýta hleranum frá með því að taka um vírinn og ýta honum út frá síðu skipsins. Stýrimaðurinn hafði þó ekki afl til þess einn, og kom stefnandi honum til hjálpar samkvæmt beiðni stýrimannsins, að sögn stefnanda. Með sameiginlegu átaki gátu þeir ýtt hleranum svo langt frá, að fríholtið féll niður á milli hlera og skips. Tak stefnanda um vírinn var fyrir ofan tak stýrimannsins og ca 2—3 fet frá blökkinni, og hélt hann um vírinn með hægri hendinni. Þegar aftur var hift upp, fylgdi hönd stefnanda með vírnum upp í blökkina með þeim afleiðingum, að þumalfingurinn laskaðist svo, að taka varð hann af hendinni síðar. Klukkan 0600 var lagt af stað til Ólafsvíkur og komið þangað um kl. 0830. Þá var þegar farið með stefnanda til læknis.

III.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því í fyrsta lagi, að búnaður skipsins hafi að ýmsu leyti verið ófullnægjandi til þeirra veiða, sem skipið stundaði. Enginn sérstakur búnaður hafi verið á byrðingi til varnar skemmdum af völdum toghlera, en þess í stað verið reynt að verja síðuna hnjaski með því að skjóta fríholti á milli skips og hlera, en slíkt hljóti að hafa í för með sér aukna hættu fyrir skipverja. Þá hafi togvírinn verið gallaður þannig, að vírtittir hafi staðið út úr honum, og hafi slysið átt sér stað með þeim hætti, að vettlingur stefnanda hafi fest í vírgöddunum og hafi hann ekki getað losað sig.

Í öðru lagi byggir stefnandi kröfur sínar á því, að vangæsla yfirmanna skipsins hafi verið meðvirkandi ástæða til slyssins. Vangæsla þessi hafi komið fram í því, að stýrimaðurinn hafi ekki mælt fyrir um annað vinnufyrirkomulag, er hann varð þess var, að ekki var allt með felldu við uppkomu hlerans, en vinnan hafi verið framkvæmd undir stjórn stýrimannsins. Enn fremur að vindumaðurinn hafi ekki sýnt þá árvekni og aðgæslu, sem honum bar, við starf sitt og slysið orsakast af því.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að óvarkárni stefnanda sé orsök slyssins, og hann beri því einn ábyrgð á tjóni sínu. Það hafi verið stefnandi, sem gaf fyrirmæli um að „hífa“, og þegar síðan var „hift“, lenti hönd stefnanda í blökkinni. Áhöfn skipsins eða búnaði þess sé því ekki um að kenna slys þetta.

Varakröfu sína, um verulega lækkun stefnufjárhæðar, byggir stefndi á því, að þó svo að stefndi verði talinn bera einhverja ábyrgð á slysinu, sé augljóst, að stefnandi eigi verulega sök á því sjálfur. Enn fremur beri að reikna með tekjum stefnanda samkvæmt skattframtölum þriggja síðustu ára við ákvörðun bótafjárhæðar og auk þess sé eðlilegt að reikna með 30%—40% lækkun vegna skattahagræðis og eingreiðslu.

IV.

Þegar slysið skeði, var skipstjórinn, Kristmundur Halldórsson, í stýrishúsi, 1. vélstjóri, Randver Alfonsson, við vinduna, stýrimaðurinn, Víkingur Halldórsson, hjá stefnanda við forgálgann. Pétur Bogason háseti við afturgálgann og Guðmundur Geirsson háseti framan við vinduna hjá vélstjóranum.

Allir framangreindir skipverjar hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslur í málinu.

Stefnandi skýrir frá málsatvikum á þá leið, að þegar slysið skeði, hafi hann verið með á höndunum nýja vettlinga, sem hann notaði nú í fyrsta sinni. Segir hann, að vettlingurinn hafi fest í vírnum þannig, að gaddur stakkst í gegnum hann, og hafi hann ekki með nokkru móti getað losað sig. Þó hafi ekki verið annað sýnilegt en að vírinn væri nýlegur og heill. Stefnandi segist hafa kallað „stopp, stopp", þegar hann fann, að hann var fastur, og gefið merki með því að veifa lausu hendinni aftur fyrir sig. Hann kveðst hafa tekið á af öllum kröftum við að reyna að losa sig og rembst svo við, að köll hans um stopp hafi e. t. v. ekki verið eins hávær og ella, enda virðist vindumaðurinn ekki hafa heyrt þau. Höndin lenti síðan flöt í blökkina og vírinn yfir greipina. Stefnandi æpti upp af sársaukanum, og var spilið þá stöðvað. Stefnandi kveðst aldrei hafa kallað „hífa".

Vitnið Kristmundur Halldórsson skipstjóri skýrir svo frá, að hann hafi verið í stýrishúsi, þegar hann heyrði stefnanda hrópa „hífa" og síðan reka upp vein. Hann kveðst ekki hafa séð, þegar slysið varð, og ekki hafa orðið þess var, að stefnandi festist í neinu, og hafi hann komið þegar í stað til sín eftir slysið og látið sig gera að sárinu til bráðabirgða. Vitnið kveðst ekki hafa orðið þess vart, að stefnandi gæfi merki með lausu hendinni aftur fyrir sig. Þá telur vitnið ólíklegt, að vírinn hafi verið gaddaður, því að hann hafi verið alveg nýr, eða aðeins nokkurra daga gamall, en alltaf geti þó komið gaddar á vír, jafnvel þó að hann sé nýr. Þá segir vitnið, að sami maður hafi alltaf verið við vinduna, stefn-

andi hafi yfirleitt verið við gálgann og tekið á móti og stýrimaðurinn hafi verið þar, sem þörf var á hverju sinni. Vitnið er stofnandi og hluthafi í Stakkholti h/f.

Vitnið Randver Viggó Alfonsson, 1. vélstjóri, skýrir svo frá, að það hafi stjórnað vindunni, þegar slysið varð. Stefnandi hafi staðið við fremri gálgann og snúið við sér baki. Vitnið telur sig hafa slakað af sjálfsdáðum, þegar það sá fríholtið koma upp fyrir borðstokkinn, en síðan híft aftur eftir fyrirskipun frá stefnanda, sem það kveðst hafa heyrt kalla „hífa". Vitnið kveðst hafa horft á stefnanda og hafi tak hans um vírinn verið ca 2 fet frá blökkinni og hafi það tekið nokkrar sekúndur að hífa þessi tvö fet. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda kalla „stopp, stopp" og ekki séð hann veifa hendinni til merkis um að stöðva vinduna. Þar eð stefnandi var á milli vitnisins og vírsins, kveðst vitnið ekki hafa séð, að stefnandi hélt um vírinn, fyrr en of seint og ekki tekið eftir neinu, fyrr en hönd stefnanda var alveg komin í blökkina. Vitnið tók eftir því, að stefnandi hafði strigavettlinga á höndum, er slysið varð. Vitnið segir, að það sé möguleiki á því, að stefnandi hafi fest sig í vírnum, þó að það sé hæpið, þar sem um nýjan vír var að ræða.

Við sjópróf þann 8. mars 1970 taldi vitnið, að það hefði verið eðlilegt, eins og á stóð, að ýta á vírana til þess að koma hleranum frá, en hins vegar hefði e. t. v. verið hægt að ná hleranum frá með því að fíra honum niður og snúa skipinu til stjórnborða. Í þinghaldi í þessu máli þann 14. september 1973 segir vitnið hins vegar, að það telji ekki gerlegt að ýta hleranum frá með því að ýta á vírinn, þar sem hlerinn sé það þungur, eða 700—800 kg. Hins vegar sé hægt að ýta hleranum frá, þegar hann sé kominn það hátt upp, að hægt sé að ná til hans beint. Þá segir vitnið, að venjulega sé aðeins einn maður við hlerann og hafi það að þessu sinni verið stefnandi, en stýrimaðurinn hafi komið honum til hjálpar til þess að koma hleranum frá, en vitnið kveðst ekki muna, hvort það var sérstaklega starf stefnanda að vera á hleranum.

Vitnið kveðst ekki vita til þess, að fríholt hafi verið notuð á sama hátt á skipum frá Ólafsvík, og segir, að hætt hafi verið við að nota fríholtið strax eftir slysið, en veit ekki hvers vegna. Vitnið kveðst ekki minnast þess, að skipverjar hafi kvartað undan því, að fríholtið væri notað, hins vegar hafi verið óþægilegt að hafa fríholtið í þessu tilfelli, þar sem gálginn sló ekki meira út en hann gerði, en það kveðst ekki geta sagt til um það, hvort það skapi hættu. Þá segir vitnið, að þetta hafi verið síldargálgi, en

ekki trollgálgi, en telur það ekki hafa verið verra til hífingar eða hættulegra. Skipt hafi verið um gálga árið eftir og þá settur trollgálgi á skipið. Það var hærri gálgi og settur til þess, að hægt væri að taka lengjuna inn í einu. Vitni þetta og Kristmundur Halldórsson skipstjóri og Víkingur Halldórsson stýrimaður eru systkinabörn.

Víkingur Halldórsson stýrimaður kveðst hafa staðið rétt hjá stefnanda, er slysið varð, en ekki fylgst með honum sérstaklega, enda haft nógu að sinna. Vitnið segir, að stefnandi hafi kallað „hífa" og varpan þá verið hífð nokkuð inn, en vindumaðurinn stöðvað vinduna, er hann sá, að hönd stefnanda var komin í blökkina. Vitnið telur, að stefnandi hljóti að hafa gripið í vírinn með hægri hendi og hafi hann verið með strigavettlinga á höndum. Togvírinn hafi verið nýr og ótáinn. Vitnið er stofnandi og hluthafi í Stakkholti h/f.

Pétur Bogason háseti var við afturgálgann, er slysið átti sér stað. Hann kveðst ekki hafa séð, hvað fram fór við forgálgann umrætt sinn, en kveðst greinilega hafa heyrt, að stefnandi hrópaði „hífa". Hann kveðst ekki hafa litið við, fyrr en hann heyrði sársaukavein stefnanda.

Vitnið Guðmundur Geirsson háseti stóð framan við vinduna hjá vélstjóranum, þegar slysið skeði. Hlerinn var að koma upp og lenti milli skipsins og fríholtsins. Stefnandi reyndi að ýta hleranum frá með vinstri hendinni og hélt um vírinn með hægri hendi sér til stuðnings. Þetta varaði í 3—4 mínútur. Enginn aðstoðaði stefnanda við þetta. Stýrimaðurinn stóð við forgálgann hjá stefnanda. Vitnið kveðst ekki hafa heyrt stefnanda kalla neitt, hvorki „hífa" né neitt annað. Um tvö fet hafi verið milli handarinnar og blakkarinnar, meðan stefnandi var að reyna að ýta hleranum frá. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir því, að stefnandi reyndi að losa höndina eða sleppa takinu, en allt í einu heyrði vitnið óp frá stefnanda og sá hann beygja sig niður og setja höndina undir sig. Þá var stefnandi laus úr blökkinni. Vitnið kveðst ekki vita til þess, að kvartað hafi verið undan því, að bíldekkið væri notað sem fríholt, og segir, að það hafi verið notað áfram eftir slysið. Vitnið segir, að venjulegur trollgálgi hafi verið á skipinu. Þá segir vitnið, að hægt hafi verið að stöðva vinduna með einu handtaki með því að færa til sveif. Þá segir vitnið, að hugsanlegt sé, að togvindur fari af stað sjálfkrafa, ef stjórnstönginni sé sleppt eða slakað á henni, en það viti ekki, hvort þessi vinda hafi verið þannig gerð. Enn fremur segir vitnið, að það hljóti að hafa verið aug-

ljóst öllum, sem á horfðu, að stefnandi hélt um vírinn. Vitnið segir, að hleranum hafi oft áður verið ýtt frá á þennan hátt, en einnig hafi verið hægt að slaka hleranum niður og hífa aftur og hafi það einnig oft verið gert. Vitnið kveðst ekki muna, hvort búið var að taka inn afturhlerann.

V.

Sama dag og stefnandi slasaðist var hann lagður inn á handlæknisdeild Landspítalans í Reykjavík til aðgerðar. Þann 24. janúar 1971 mat Stefán Guðnason læknir örorku stefnanda, og er örorkumatið svohljóðandi:

„*Örorkumat.*
Höskuldur Magnússon, f. 6/5 1927,
Brautarholti 6, Ólafsvík.
Sjóvinnuslys, 24. júlí 1969.

Slasaði var við vinnu sína á fiskiskipi úti á sjó, er hann lenti með hægri hönd milli vírs og blakkar og skaddaðist höndin. Þremur til fjórum klukkustundum síðar gerði héraðslæknirinn í Ólafsvík að meiðslum til bráðabirgða og bjó um höndina, en síðan var slasaði fluttur í Landspítala, IV-deild, og kom hann þangað samdægurs.

Slasaði dvaldi í því sjúkrahúsi vegna þessa slyss og afleiðinga þess, að því er virðist, fjórum sinnum: 24/7 til 22/8 1969, 8/12 til 22/12 1969, 23/3 til 31/3 1970 og 18/4 til 30/4 1970.

Fyrir liggur nú vottorð Árna Björnssonar læknis þar, dagsett 4/12 1970, svohljóðandi:

„Höskuldur Magnússon, f. 6/5 1927, til heimilis Brautarholti 6, Ólafsvík, var lagður inn á Handlækningadeild Landspítalans hinn 24/7 1969 vegna áverka á hægri hendi, sem hann hafði orðið fyrir að sögn, er hann lenti með höndina í togvindu á bát snemma morguns þann sama dag.

Við skoðun við komu á sjúkrahúsið er ástandi handarinnar lýst á eftirfarandi hátt: Alldjúpur tættur skurður er yfir þumalfingursþófanum, og liggur hann í boga upp greipina milli I. og II. fingurs og svo yfir á handarbakið ofanvert, en hinn endinn á skurðinum endar ofan á þumalfingrinum rétt við grunnliðinn. Skurðinum er haldið saman á tveimur stöðum með silkispottum. Slasaði getur lítillega beygt og rétt í carpometacarpal og metacarpophalangeallið þumalfingursins, en virðist ekki hafa tilfinningu lófamegin í þumalfingrinum frá góm allt að skurðinum, en ofanvert á fingrinum virðist tilfinning vera eðlileg. Hreyfingar í fing-

urliðum eru litlar, en skyn virðist óskert, þumalfingur er dálítið bláleitur.

Kom fram af þessari lýsingu, að þumalfingurinn var nær því slitinn af, en þó virtist vera eitthvert líf í honum til að byrja með. Sárið var hreinsað, og við það kom í ljós, að einnig var um að ræða brot á fingrinum. Brotinu var fest og sárið saumað, og gifs lagt á fingurinn. Þegar skipt var á sárinu þann 1/8 1969, var greinilegt, að drep mundi koma í hluta af fingrinum. Þann 15/8 varð að taka fingurinn mest allan í burtu vegna dreps. Þrem dögum síðar var gerður húðflutningur á sárið, sem þá var ógróið á þumalfingrinum, og slasaði útskrifaðist eftir það þann 22/8 1969.

Hinn 8/12 1969 kom hann inn á sjúkrahúsið aftur, að þessu sinni í þeim tilgangi að láta lengja þumalfingursstúfinn. Var það gert í tveimur atrennum, í fyrra skiptið hinn 10/12 1969 og í seinni atrennu þann 23/3 1970. Hann útskrifaðist þann 31/3 1970, en kom aftur inn þann 18/4, og hafði þá komið ígerð í hið nýflutta bein. Varð það til þess, að allverulegur hluti af því eyddist, en þó lengdist fingurstúfurinn hér um bil um 1 cm.

Slasaði útskrifaðist að þessu sinni þann 30/4 1970, og í niðurstöðu segir svo: Að á hausti komanda verður því að ákveða m. t. t. þess, hver starfshæfni handarinnar er, hvað gera skal. Kemur tvennt til greina, annarsvegar að sleppa öllum frekari aðgerðum, einkum m. t. t. þess, að slasaði virðist geta notað höndina allsæmilega eins og er, en hins vegar að lengja stúfinn, og mundi það þýða, að flytja yrði húð til dæmis frá hinum handleggnum, setja í hana bein, og síðan yrði að flytja eyju með tilfinningu í þennan þumalfingursstúf. Allar þessar aðgerðir mundu vafalaust taka nokkra mánuði, ef allt gengi eðlilega."

Um er að ræða 43 ára gamlan vélstjóra á fiskiskipi, sem missti mestallan hægri þumalfingur í slysi við sjóvinnu fyrir hálfu öðru ári. Hann dvaldi í Handlæknisdeild Landspítala af þessum sökum, samtals nær 9 vikur á árunum 1969 og 1970, til læknisaðgerða.

Slasaði var talinn óvinnufær frá slysdegi til 6/5 1970, og eftir það telst vinnugeta hans nokkuð skert varanlega.

Það þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

frá 24. júlí 1969 til 6. maí 1970 100%
eftir það í sex mánuði 50%
eftir það varanlega 25%."

Á grundvelli örorkumatsins hefur Bjarni Þórðarson, cand. act.,

reiknað út örorkutjón stefnanda þrisvar sinnum, og eru örorkutjónsútreikningarnir dagsettir 24. maí 1971, 28. ágúst 1973 og 18. nóvember 1974. Í útreikningi, dagsettum 24. maí 1971, segir m. a. svo:

„Höskuldur er sagður fæddur 6. maí 1927 og hefur samkvæmt því verið 42 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum (óstaðfestum) Höskulds árin 1967—1969 hafa vinnutekjur hans þrjú almanaksárin fyrir slysið verið sem hér segir:

Árið 1966 kr. 173.276.00
Árið 1967 — 218.539.00
Árið 1968 — 236.513.00

Tekna þessara aflaði Höskuldur að mestu leyti sem vélstjóri á fiskiskipum. Við áætlun framtíðarvinnutekna er venja að leggja til grundvallar vinnutekjur síðustu þriggja ára fyrir slysið. Hins vegar hafið þér óskað eftir, að einnig væri miðað við meðaltekjur sjómanna, þar sem Höskuldur hafi átt við nokkra vanheilsu að stríða árin fyrir slysið, sem nú hafi verið ráðin bót á.

I. Ég hefi umreiknað vinnutekjur Höskulds árin 1966 til 1968 til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á bolfiskverði til sjómanna. Meðaltal þannig umreiknaðra tekna þessara þriggja ára nota ég sem áætlaðar framtíðarvinnutekjur frá slysdegi. Eru þær sýndar í næstu töflu. Þar er einnig sýnt áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að það sé á hverjum tíma sami hundraðshluti af áætluðum vinnutekjum og örorkan er metin.

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 272.523.00	kr. 240.724.00
2. árið eftir slysið	— 344.869.00	— 107.838.00
síðan árlega	— 377.824.00	— 94.456.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 270.877.00
Vegna varanlegrar örorku	— 960.526.00
	Kr. 1.231.403.00

II. Á síðustu árum hafa orðið verulegar sveiflur á vinnutekjum sjómanna, og er því nokkrum erfiðleikum bundið að finna raunhæfan grundvöll fyrir áætlun meðaltekna þeirra í framtíðinni. Samkvæmt úrtaksathugunum Efnahagsstofnunarinnar voru meðalatvinnutekjur kvæntra sjómanna að meðaltali 18.7% hærri en meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna árin 1951—1960. Á árunum 1961—1966 voru þær 36.9% hærri að meðaltali, en árið 1967 verður hér veruleg lækkun á, og það ár eru þær 5.3% hærri og árið 1968 6.8% hærri. Árið 1969 hækka þær nokkuð miðað við tekjur verkamanna og voru þá 14.4% hærri.

Ég hefi hér áætlað meðaltekjur sjómanna frá ársbyrjun 1970 á tvo vegu. Í fyrsta lagi hefi ég umreiknað meðalatvinnutekjur kvæntra sjómanna árin 1965—1969 til kauplags á slysdegi og síðan eftir breytingum á verði bolfisks til sjómanna. Meðaltal þannig umreiknaðra meðalatvinnutekna þessara fimm ára áætla ég sem meðaltekjur sjómanna frá 1. janúar 1970. Í næstu töflu eru áætlaðar vinnutekjur Höskulds sýndar frá slysdegi, þar sem gert er ráð fyrir, að þær séu jafnháar meðaltekjum sjómanna, áætluðum eins og að framan greinir frá 1. jan. 1970 og frá slysdegi til þess tíma jafnháar meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna á árinu 1969. Þá er einnig sýnt vinnutekjutap áætlað á sama hátt og hér á undan:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 332.859.00	kr. 292.933.00
2. árið eftir slysið	— 432.985.00	— 135.390.00
síðan árlega	— 474.360.00	— 118.590.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 331.122.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.205.945.00
Samtals	kr. 1.537.067.00

Í öðru lagi hefi ég áætlað meðaltekjur á sama hátt og áður, nema að miðað er við meðaltal umreiknaðra meðalatvinnutekna sjómanna árin 1967—1969. Áætlaðar vinnutekjur Höskulds og áætlað vinnutekjutap á sömu forsendum og áður yrði þá:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekju-tap:
1. árið	kr. 305.266.00	kr. 270.695.00
2. árið	— 374.918.00	— 117.234.00
síðan árlega	— 410.744.00	— 102.686.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 292.016.00
Vegna varanlegrar örorku	— 1.023.425.00
Samtals	kr. 1.315.441.00

Til samanburðar vil ég benda á, að ég hefi áætlað meðalatvinnutekjur kvæntra verkamanna á kauplagi nú kr. 344.145.00 á ári (eru þá meðalatvinnutekjur áranna 1965—1969 umreiknaðar til kauplags nú). Áætlaðar meðaltekjur sjómanna miðað við 1965—1969 eru því 37.8% hærri, en þannig áætlaðar meðalatvinnutekjur verkamanna og meðaltekjur miðað við 1967—1969 eru 19.4% hærri.

Við útreikningana hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, og ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku samkvæmt sænskri reynslu."

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru byggðar á örorkutjónsútreikningnum frá 18. nóvember 1974, en hann hljóðar svo:

„Örorkutjón Höskulds Magnússonar.

Í bréfi, dags. 10. okt. sl., óskið þér, hr. hæstaréttarlögmaður, að ég reikni að nýju örorkutjón Höskulds Magnússonar, Ólafsvík, þar sem tekið sé tillit til kaupgjaldsbreytinga, síðan ég reiknaði örorkutjón hans 28. ágúst 1973, svo og vaxtabreytingar 16. maí 1973. Áður hafði ég reiknað örorkutjón hans 24. maí 1971.

Í útreikningi mínum 28. ágúst 1973 áætlaði ég Höskuldi framtíðarvinnutekjur sem sama hundraðshluta af meðalatvinnutekjum kvæntra sjómanna á hverjum tíma og vinnutekjur hans árin 1966—1968 voru af meðalatvinnutekjunum þau ár að meðaltali eða 86.63%. Nú liggja fyrir upplýsingar um þær meðalatvinnutekjur

til og með árinu 1973. Síðan er miðað við 122.9% af meðaltali umreiknaðra meðalatvinnutekna verkamanna árin 1969—1973, en á árunum 1964—1973 voru meðalatvinnutekjur sjómanna 22.9% hærri en meðalatvinnutekjur verkamanna að meðaltali.

Þannig áætlaðar vinnutekjur og vinnutekjutap áætlað eins og í fyrri útreikningum er sýnt í næstu töflu:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap:
1. árið eftir slysið	kr. 282.824.00	kr. 248.891.00
2. árið eftir slysið	— 360.903.00	— 108.365.00
3. árið eftir slysið	— 447.831.00	— 111.958.00
4. árið eftir slysið	— 628.165.00	— 157.041.00
5. árið eftir slysið	— 814.017.00	— 203.504.00
6. árið eftir slysið	— 1.011.711.00	— 252.928.00
síðan árlega	— 1.061.666.00	— 265.417.00

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Miðað við 7% vexti p. a.	Miðað við 9% vexti p. a.	7% til 15. maí '73 og 9% síðan
Vegna tímab. örorku	kr. 273.017.00	kr. 269.564.00	kr. 273.017.00
Vegna varanl. örorku	— 2.337.309.00	— 1.913.378.00	— 1.980.449.00
Samtals	kr. 2.610.326.00	kr. 2.182.942.00	kr. 2.253.466.00

Ef meðalatvinnutekjur sjómanna eru lagðar til grundvallar, hækkar verðmætið um 15,3%.

Ef gert er ráð fyrir, að iðgjaldshluta útgerðarmanns til lífeyrissjóðs sé bætt við áætlaðar vinnutekjur, reiknast mér verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps hækka um kr. 80.848.00, ef miðað er við 7% vexti p. a., og kr. 66.715.00 miðað við 9%. Er þá eins og áður miðað við iðgjaldsgreiðslu vegna vélstjóra allt árið.

Reiknigrundvöllur er hinn sami og í fyrri útreikningi, nema hér er miðað við 7% og 9% vexti p. a., en almennir innlánsvextir voru hækkaðir í 9% p. a. 16. maí 1973. Þeir voru aftur hækkaðir í 13% 16. júlí 1974, en hér hefur ekki verið tekið tillit til þess."

VI.

Dómkröfur sínar miðar stefnandi við þá reikningsútfærslu

tryggingafræðingsins, sem gerir ráð fyrir 9% framtíðarvöxtum, og sundurliðar hann kröfur sínar þannig:

1. Örorkutjón		kr. 2.182.942
÷ 20% frádráttur vegna skattfrelsis örorkubóta, hagræðis við eingreiðslu o .fl.	kr. 436.588	
Greitt af Tryggingastofnun ríkisins	— 186.998	— 623.586
		Kr. 1.559.356
2. Bætur vegna röskunar á stöðu og högum og vegna þjáninga og lýta		— 150.000
		Samtals kr. 1.709.356

Það er álit dómsins, að það hafi hvorki verið nauðsynlegur né eðlilegur útbúnaður að hafa fríholt á síðu skipsins til þess að hlífa því við höggum og hnjaski af völdum hlerans, heldur skapi það þvert á móti hættu og valdi töfum við störf á skipinu, og er hinum sérfróðu meðdómsmönnum ekki kunnugt um, að slíkur útbúnaður sé tíðkaður við togveiðar. Dómurinn lítur því svo á, að notkun fríholtsins á þann hátt, sem hér um ræðir, sé meginorsök slyssins. Einnig er það álit dómsins, að stýrimaðurinn, sem stjórnaði verki á þilfari, hafi ekki sýnt af sér nægilega aðgæslu við störf sín, t. d. með því að láta haga vinnunni á annan veg en gert var, þegar í ljós kom, að fríholtið var fyrir og dróst upp með hleranum. Þá megi einnig rekja orsakir slyssins til þess, að vindumaðurinn hafi sýnt óvarkárni við stjórn vindunnar með því að hífa vírinn inn, meðan stefnandi hafði ennþá tak á honum, og sérstaklega þar sem tak stefnanda á vírnum var aðeins 2—3 fet frá blökkinni, eins og vindumaðurinn m. a. hefur sjálfur lýst. Það er einnig álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að það taki svo örskamma stund að hífa togvíra 2—3 fet, að stefnandi hefði getað lent með höndina í blökkinni án þess að festast í vírnum. Það er því ekki ástæða til þess að vera með hugleiðingar út af því, hvort stefnandi hafi verið fastur í vírnum eða ekki, eða því, hvort hann hafi kallað hífa eða ekki. Yfirmenn skipsins eru þannig venslaðir innbyrðis og í þeim tengslum við útgerð skipsins, að varhugavert má telja að leggja mikið upp úr vitnisburði þeirra, og þó að vindumaðurinn telji sig hafa heyrt stefnanda kalla hífa, bar honum að gæta fyllstu varúðar, eins og aðstæður allar voru, og tengja vind-

una ekki dráttarafli, nema vera viss um, að hættulaust væri. Ábyrgð á slysinu, og þar með tjóni stefnanda, verður því að meginhluta að leggja á stefnda.

Á hinn bóginn ber á það að líta, að stefnandi virðist ekki hafa sýnt fyllstu aðgæslu við störf sín umrætt sinn, þar sem honum mátti vera ljós sú hætta, sem lá í því að halda um togvírinn svo nálægt blökkinni.

Niðurstaða dómsins er því sú, að skipta beri sök í máli þessu og beri stefndi Stakkholt h/f 3/4 hluta sakar, en stefnandi beri sjálfur ábyrgð á tjóni sínu að 1/4 hluta.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að leggja til grundvallar örorkutjónsútreikninga Bjarna Þórðarsonar tryggingafræðings frá 18. nóvember 1974, og þykir mega fallast á það með stefnanda, að rétt sé að miða við útreikning þann, sem gerir ráð fyrir 9% framtíðarvöxtum. Einnig þykir mega fallast á kröfu stefnanda um bætur vegna röskunar á stöðu og högum og vegna þjáninga og lýta. Kröfur stefnanda verða því teknar til greina að þessu leyti og stefndi Stakkholt h/f dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 1.282.017 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 230.000, þar af greiðist lögmanni stefnanda, Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni, hluti af talsmannslaunum, kr. 20.000, úr ríkissjóði. Við ákvörðun málskostnaðar er tekið tillit til útlagðs kostnaðar.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Pétri Ágústssyni og Sigurði Hreiðarssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Stefndi, Stakkholt h/f, greiði stefnanda, Höskuldi Magnússyni, kr. 1.282.017 með 7% ársvöxtum frá 24. júlí 1969 til 24. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 24. júlí 1974, og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 230.000, þar af greiðist lögmanni stefnanda, Skúla J. Pálmasyni hæstaréttarlögmanni, hluti af talsmannslaunum, kr. 20.000, úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. október 1977.

Nr. 181/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Óttari Hreinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 17. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili hefur gefið ósamhljóða vitnaskýrslur í opinberu máli, þar sem þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, eru ákærðir fyrir brot, sem mjög þung viðurlög liggja við. Vitnisburður varnaraðilja kann að hafa þýðingu í því máli. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 14. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur þess verið krafist, að Sigurður Ottar Hreinsson, Asparteigi 2, Mosfellssveit, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum.

Sigurður Óttar kom í gær fyrir sakadóm, og undir eiði lýsti hann yfir því, að hann hefði borið rangt vitni í málinu: Ákæru-

valdið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl. Hann hefur í dag fyrir dómi ítrekað, að framburður hans fyrir dómi í gær sé réttur.

Sigurður Óttar var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu vegna rannsóknar ofangreinds máls þann 13. og 14. desember 1976 svo og 24. janúar sl. svo og við meðferð málsins fyrir dómi þann 25. maí sl., en þá staðfesti hann framburð sinn með eiði.

Við yfirheyrslur þann 14. desember 1976, 24. janúar sl. og 25. maí sl. bar kærði m. a., að hann fyrri part vetrar 1974 hefði ekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur og komið við í Dráttarbrautinni í Keflavík að beiðni Kristjáns Viðars Viðarssonar, sem nú hefur verið ákærður ásamt öðrum fyrir að hafa orðið manni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóvember 1974.

Fyrir dómi í gær hefur Sigurður Óttar haldið því fram, að hann hafi alls ekki farið þessa ferð til Keflavíkur og fyrri framburður hans sé þannig í öllum meginatriðum rangur.

Hann heldur því enn fremur fram, að hann hafi verið beittur hótunum og ólögmætum aðferðum af hálfu þeirra lögreglumanna, sem með rannsókn málsins fóru, og af ótta við lögregluna hafi hann gefið ranga skýrslu fyrir dómi þann 25. maí sl.

Kærði, Sigurður Óttar, er þannig sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að ofan greinir, er sérstök ástæða til að ætla, að Sigurður Óttar kunni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum, ef hann verður látinn frjáls ferða sinna. Ber því samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarðhaldi, þó þannig, að hann sæti gæsluvarðhaldinu eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember n. k.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Óttar Hreinsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til kl. 1340 miðvikudaginn 9. nóvember n. k.

Mánudaginn 24. október 1977.

Nr. 182/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Óttari Hreinssyni.

Kærumál. Dómsrannsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 18. s. m. Hefur ríkissaksóknari heimilað honum kæru úrskurðarins. Stendur ákvæði 5. mgr. 12. gr. laga nr. 107/1976 því ekki í vegi.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn „verði úr gildi felldur og dæmt áfram á ætluðu broti“ sínu. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Ríkissaksóknari hefur ekki af sinni hálfu lýst kæru úrskurðarins til dómara málsins með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, en í greinargerð til Hæstaréttar 18. þ. m. er þess krafist af hans hálfu, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir sakadóm Reykjavíkur að heyja dómsrannsókn vegna rangs framburðar varnaraðilja.

Hinn 12. október 1977 kom Bragi Steinarsson, settur vararíkissaksóknari, fyrir rannsóknarlögreglustjóra ríkisins og gaf honum munnlega skýrslu um það, að sér hefði borist vitneskja um, að varnaraðili hefði staðhæft í viðtölum við nafngreinda menn, að hann hefði gefið rangar skýrslur við rannsókn sakadómsmálsins: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl., sem dómtekið hafði verið í sakadómi Reykjavíkur 7. s. m. Var framangreind skýrsla vararíkissaksóknara skráð sem kæra á hendur varnaraðilja um rangan framburð.

Rannsókn málsins hófst tafarlaust á því, að rannsóknar-

lögreglufulltrúi tók skýrslu af varnaraðilja. Skýrði varnaraðili þá svo frá, að eiðfestur framburður sinn í framangreindu sakadómsmáli 25. maí 1977 hefði verið í meginatriðum rangur svo og skýrslur sínar fyrir rannsóknarlögreglu 14. desember 1976 og 24. janúar 1977, en þær skýrslur hefði hann staðfest fyrir sakadómi í þinghaldinu 25. maí 1977. Hins vegar væri rétt sú skýrsla, sem hann gaf, er hann kom fyrst fyrir rannsóknarlögreglu hinn 13. desember 1976. Væri það því allt rangt, sem hann hefði síðar borið, að hann hefði eitt sinn, e. t. v. hinn 19. nóvember 1974, ekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur að beiðni Kristjáns Viðars Viðarssonar, en hann er ákærður í fyrrnefndu sakadómsmáli fyrir að hafa ásamt fleiri mönnum orðið manni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík að kvöldi þess dags.

Varnaraðili gaf þá skýringu á breyttum framburði sínum, að hann hefði gefið hinar röngu skýrslur vegna hótana rannsóknarmanna um beitingu gæsluvarðhalds.

Auk varnaraðilja voru tveir menn kvaddir fyrir rannsóknarlögreglu til skýrslugjafar sama dag vegna máls þessa.

Daginn eftir, hinn 13. s. m., var hið dómtekna sakadómsmál endurupptekið að kröfu vararíkissaksóknara með heimild í 136. gr. laga nr. 74/1974. Gaf þá varnaraðili nýja vitnaskýrslu fyrir dóminum. Tók hann aftur fyrri framburð. Var dómþingi síðan slitið, og verður ekki séð, hvort frekari dómsrannsókn hafi verið háð í því sakadómsmáli.

Þegar að loknu framangreindu dómþingi háði fulltrúi yfirsakadómara dómþing. Lágu þá frammi þær skýrslur rannsóknarlögreglu, sem teknar höfðu verið daginn áður, þingbók sakadóms úr hinu fyrra þinghaldi og fleiri gögn. Á dómþinginu voru mættir vararíkissaksóknari og rannsóknarlögreglustjóri ríkisins. Bar vararíkissaksóknari þar fram kröfu þá, sem greinir í hinum kærða úrskurði. Var nú dómþinginu frestað, en daginn eftir yfirheyrði sakadómarafulltrúinn varnaraðilja um málið. Kvað hann síðan upp sérstakan úrskurð um gæsluvarðhaldsvist varnaraðilja, en því næst hinn kærða úrskurð.

Fallast má á þá úrlausn héraðsdómara, að ekki séu efni til

að taka mál þetta til dómsrannsóknar að svo stöddu. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 14. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á dómþingi sakadóms Reykjavíkur í gærdag var svohljóðandi krafa borin fram munnlega af hálfu ákæruvaldsins: „Með vísan til þess, er fram hefur komið í þinghaldi sakadóms Reykjavíkur í dag í málinu: Ákæruvaldið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl., er þess krafist, að fram fari dómsrannsókn á ætluðu broti Sigurðar Óttars Hreinssonar, f. 25. mars 1956, á 142. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 vegna breyst framburðar hans fyrir dómi í dag.

Jafnframt er þess krafist, að Sigurði Óttari Hreinssyni verði með vísan til 1. tl. 67. gr. l. nr. 74/1974 gert að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins allt að 30 dögum".

Krafan um gæsluvarðhald hefur verið úrskurðuð sérstaklega nú í dag.

Samkvæmt lögum 74/1974, sbr. lög 107/1976, fer lögregla (rannsóknarlögregla) með frumrannsókn brotamála. Dómstólar fara ekki með rannsókn mála, nema samkvæmt 74. gr. laganna (sbr. þó niðurlagsákvæði 73. gr., sem á aðeins við utan Reykjavíkur). Dómsrannsókn fer fram eftir sérstakri beiðni ríkissaksóknara, þar sem gæta skal ýmissa formskilyrða (sbr. 2. og 3. mgr. 74. gr.). Dómsrannsókn skv. 74. gr. á einungis að fara fram að lokinni frumrannsókn, enda sé þá ekki hægt að taka ákvörðun um, hvort mál skuli höfða eða ekki.

Málefni það, sem hér er um að ræða, þ. e. rannsókn á hendur Sigurði Óttari Hreinssyni, sem sakaður er um rangan framburð fyrir dómi, er á byrjunarstigi og því ekki efni til dómsrannsóknar að svo stöddu. Þá hefur nefndra formskilyrða ekki verið gætt að fullu.

Er þannig ekki unnt að taka kröfuna til greina.

Úrskurðarorð:

Krafa um dómsrannsókn í framangreindu máli verður ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 25. október 1977.

Nr. 111/1975. **H/f Eimskipafélag Íslands**
(Hafsteinn Hafsteinsson hdl.)
gegn
Samvinnutryggingum g/t
(Jón Finnsson hrl.).

Farmflutningar. Farmskírteini. Flutningsábyrgð. Erlendar réttarreglur. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. september 1975. Krefst hann þess aðallega, að honum verði aðeins dæmt að greiða jafnvirði 500.00 bandaríkjadala í íslenskum krónum miðað við gengi á greiðsludegi, að málskostnaður í héraði falli niður og stefnda verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að honum verði aðeins dæmt að greiða jafnvirði 2.127.50 bandaríkjadala í íslenskum krónum miðað við gengi á greiðsludegi og að stefnda verði dæmt að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Áfrýjandi hefur lagt fram farmgjaldaskrá sína, er gilti á þeim tíma, sem hér um ræðir, um vörur, er hann flutti frá Norfolk

í Bandaríkjunum til Íslands. Þá hefur hann lagt fram reikning til farmeiganda frá 6. júlí 1973 vegna flutnings þessa. Reikningseiningar til ákvörðunar farmgjalds eru taldar 50.575 og einingargjald 33.00. Heildarfarmgjald er reiknað 1.668.98 bandaríkjadalir, sem síðan er breytt í íslenska mynt. Enn hefur áfrýjandi lagt fram „kredit-nótu", útgefna af sér 23. júlí 1973, þar sem hann telur, að farmgjald fyrir vöruflutningabifreið þá, sem um er fjallað í málinu, hafi átt að reiknast 189.20 bandaríkjadalir fyrir hverja smálest. Bifreiðin hafi vegið 4255 smálestir og heildarfarmgjaldið því átt að vera 805.05 bandaríkjadalir. Leiðréttir áfrýjandi síðan fyrri reikning í samræmi við þetta og færir farmeiganda mismuninn til tekna. Hefur stefndi í málflutningi viðurkennt, að mismunur þessi hafi til farmeiganda runnið. Þá hafa verið lögð fram gögn um allmarga erlenda dóma, þar sem fjallað er um takmörkun á ábyrgð farmflytjanda samkvæmt bandarískum lögum um vöruflutninga á sjó.

Aðalkrafa áfrýjanda er á því reist, að vöruflutningabifreið þá, sem málið fjallar um, beri að telja „package" í skilningi bandarísku laganna um vöruflutninga á sjó frá 1936 (U.S. Carriage of Goods by Sea Act 1936) 4. kafla (5) gr. Fari því ábyrgðarfjárhæðin ekki fram úr 500.00 bandaríkjadölum samtals. Á þetta verður ekki fallist. Vöruflutningabifreiðin var með öllu án umbúða eða annars umbúnaðar. Verður ekki talið, að það sé réttur skilningur á hinum bandarísku lögum, að slíkur farmur teljist „package". Er slík skýring ekki í samræmi við úrlausnir bandarískra dómstóla, þó að þær úrlausnir sýni, að skýring orðsins „package" hafi að öðru leyti valdið vafa.

Varakröfu sína byggir áfrýjandi á því, að ábyrgð hans takmarkist við 500.00 bandaríkjadali fyrir hverja einingu, sem farmgjald var reiknað eftir. Miðar hann kröfuna við, að farmgjaldið hafi endanlega verið reiknað eftir þyngd vöruflutningabifreiðarinnar í smálestum. Farmgjaldseiningar hafi samkvæmt því verið 4,255. Á þetta hafi viðtakandi bifreiðarinnar fallist með því að samþykkja leiðréttingu á farmgjaldi. Ábyrgð áfrýjanda sé því 4,255x500.00 bandaríkjadalir,

og kemur þá út varakrafan. Málsástæða þessi var ekki höfð uppi í héraði. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 hefur eigi verið fullnægt, og kemur hún því ekki til álita.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 200.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnda, Samvinnutryggingum g/t, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 1. ágúst 1975.

I.

Mál þetta var dómtekið 30. júlí sl. Það er höfðað með stefnu, birtri 26. mars 1974, og þingfest 5. apríl s. á. Stefndi fékk frest til skila á greinargerð, er lögð var fram í þinghaldi 31. maí þ. á. Fengu þá aðiljar málsins sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 18. október 1974. Hann tók það fyrst fyrir 6. febrúar 1975 og reyndi sættir með aðiljum, en án árangurs. Vitnaleiðslur fóru síðan fram 28. febrúar, 18. mars og 7. maí sl. Málið var fyrst dómtekið 19. júní sl., en endurupptekið 30. júní sl., dómtekið 4. júlí sl. og endurupptekið og dómtekið 30. júlí sl.

Stefnandi málsins er Samvinnutryggingar g/t í Reykjavík, en stefndi H/f Eimskipafélag Íslands, Reykjavík, og til réttargæslu The West of England Ship Owners Mutual Protection and Indemnity Association (Luxembourg) 1. Lloyds Avenue, London, E C 3N 3d D N.

Stefnandi krefst þess, að stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.552.397 með 9% ársvöxtum frá 21. desember 1973 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Þá krefst stefnandi viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Brúarfossi til trygg-

ingar öllum tildæmdum kröfum. Stefnandi gerir engar kröfur á hendur réttargæslustefnda, sem er ábyrgðartryggjandi stefnda.

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, verði sýknaður gegn greiðslu á jafnvirði $ 500 og að málskostnaður verði látinn falla niður. Af hálfu réttargæslustefnda eru engar sérstakar kröfur gerðar.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að 12. júlí 1973, er verið var að hífa í land úr m/s Brúarfossi vöruflutningabifreið af gerðinni GMC-Astra, vildi svo til, að vírstroffa, sem slegið var undir framenda bifreiðarinnar, slitnaði með þeim afleiðingum, að framendinn féll niður á hafnarbakkann og bifreiðin skemmdist.

Bifreiðin, sem var flutt inn af véladeild Sambands íslenskra samvinnufélaga, var tryggð í flutningi hjá stefnanda málsins.

Dómkvaddir matsmenn hafa metið tjón það, sem varð á bifreiðinni, á kr. 1.456.362. Fjárhæð þessa greiddi stefnandi hinn 21. desember 1973 innflytjanda auk þess sem hann greiddi allan kostnað við mat á bifreiðinni og sjópróf út af atvikinu.

Stefnandi heldur því fram, að samkvæmt 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga hafi stefnandi öðlast rétt vátryggða á hendur þeim, sem beri ábyrgð á tjóninu.

Stefnandi telur í ljós leitt, að orsök tjónsins hafi verið mistök starfsmanna stefnda. Of veik vírstroffa hafi verið notuð, óforsvaranlega frá henni gengið og ef til vill mistök í hífingu, en á þessu beri stefndi, sem bæði hafi annast flutning og uppskipun vörunnar, fébótaábyrgð.

Sjópróf út af tjóni því, sem hér um ræðir, fóru fram 16. júlí 1973, og svo sem áður er getið, fóru fram ítarlegar yfirheyrslur 28. febrúar, 18. mars og 7. maí 1975.

Í þinghaldi 30. júní sl. var svofelld bókun gerð: „Það er sammæli umboðsmanna aðilja að ráðstafa sakarefni á þann hátt, að málið verði einungis flutt og dæmt um aðra hluta en ábyrgðarþátt málsins, þ. e. umboðsmaður stefnda viðurkennir nú bótaskyldu, en þó aðeins upp að fjárhæð jafnvirði $ 500.“ Þar sem bótaskylda er þannig viðurkennd af hálfu stefnda í málinu, þykir eigi ástæða til þess að rekja sjópróf né framburði vitna.

Við flutning á umræddri vörubifreið var notað svokallað „Short Form Bill of Lading“. Í því segir m. a. svo:

„This short form Bill of Lading is issued for the Shipper's convenience and at his request instead of the Carrier's regular long

and short form Bill of Lading. Copies of the Carrier's regular long and short form Bill of Lading and the clauses presently being stamped or endorsed thereon are available from the Carrier on request.

All the terms and conditions of the Carrier's regular long and short form Bill of Lading, used in this service, including any clauses presently being stamped or endorsed thereon are incorporated with like force and effect as if they were written at length herein, and all such terms and conditions so incorporated by reference are agreed by Shipper to be binding and to govern the relations, whatever they may be, between all who are or may become parties to this Bill of Lading as fully as if this Bill of Lading had been prepared on the Carrier's regular long and short form Bill of Lading.

As used herein, the term „Carrier" means any and all carriers whether on land, sea or air on whose modes of conveyance the packages and goods described on the face hereof are carried. The term „service" means the service normally made available by the carrier for carriage of the said packages and goods.

If this Bill of Lading is issued in the United States, or provides for routing within the United States, it shall have effect subject to the provisions of the Bills of Lading Act; the U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936; the Shipping Act, 1916, and regulations thereunder; the Intercoastal Shipping Act, 1933, and regulations thereunder; the Interstate Commerce Act, and regulations thereunder; the Federal Aviation Act of 1958, and regulations thereunder; and the Warsaw Convention; as any such Act or convention may apply to the Bill of Lading contract of any one or more of the Carriers involved.

If this Bill of Lading is issued in Canada or provides for routing within Canada, it shall have effect subject to the provisions of the Water Carriage of Good Act, 1936 of the Dominion of Canada; The Canada Shipping Act (RSc 29, S. 1. Revised 1970); applicable General Orders of the Board of Transport Commissioners for Canada; the applicable provincial Laws governing surface transportation within Canada; and the Warsaw Convention; as any such Act, Order or convention may apply to the Bill of Lading contract of any one or more of the Carriers involved.

In the event this Bill of Lading is issued in one of the above mentioned countries and provides for routing through the other, it shall have effect subject to all of the above cited Acts, Orders,

and Convention, as any such Act, Order or Convention shall apply to the Bill of Lading contract of any one or more of the Carriers involved.

The Carrier's regular long and short form Bill of Lading may contain a number of provisions giving the Carrier certain rights and privileges and certain exceptions and immunities from and limitations of liability additional to those provided by these Acts and/or the Convention and may extend the benefit of its provisions to stevedores and others.

If required by the Carrier, a signed original Bill of Lading, duly endorsed, must be surrendered to the Carrier on delivery of the goods.

All agreements with respect to the above goods or packages are superseded hereby and none of the terms hereof shall be deemed waived except in writing by an authorized agent of the Carrier."

Framangreind tilvitnun hljóðar svo á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„Skemmra farmskírteini þetta er gefið út til þæginda fyrir afskipanda og samkvæmt beiðni hans í stað venjulegs lengra og skemmra farmskírteinis farmflytjanda. Afrit af venjulegu lengra og skemmra farmskírteini og ástimpluðum ákvæðum og framsölum fást hjá farmflytjanda skv. beiðni.

Allir skilmálar og skildagar venjulegs lengra og skemmra farmskírteinis farmflytjanda, sem í notkun er við þessa þjónustu, þ. á m. hverskyns ástimpluð ákvæði og framsöl, eru innifalin með ámóta gildi og ef þeirra væri að fullu getið í skjali þessu, og afskipandi fellst á, að allir skilmálar og skildagar, sem um getur, séu bindandi og að þeim lúti hverskyns samskipti milli allra þeirra, sem eru eða kunna að verða aðilar að farmskírteini þessu jafn fullkomlega og ef það væri ritað á eyðublað fyrir venjulegt lengra og skemmra farmskírteini.

Eins og orðið farmflytjandi er notað í skjali þessu, þýðir það sérhver farmflytjandi og þeir allir, hvort sem er á landi, sjó eða í lofti, sem flytja pakkana og vörurnar, er um getur á forsíðu skjalsins, með flutningstækjum sínum. Orðið þjónusta þýðir þjónusta, sem farmflytjandi lætur venjulega í té við flutning á greindum pökkum og vörum.

Ef farmskírteini þetta er gefið út í Bandaríkjunum eða gerir ráð fyrir (flutnings)leið innan Bandaríkjanna, hefur það gildi með tilliti til ákvæða farmskírteinalaganna; bandarískra laga um vöruflutninga á sjó frá 1936; siglingalaganna 1916 og reglugerða

samkvæmt þeim lögum; laga um strandferðasiglingar 1933 og reglugerða skv. þeim; laganna um innanríkisviðskipti og reglugerða samkvæmt þeim; loftferðalaga Bandaríkjanna frá 1958 og reglugerða samkvæmt þeim; og Varsjársamþykktarinnar; eftir því sem einhver laga þessara eða samþykktir kunna að eiga við um samning farmskírteinis varðandi einn eða fleiri farmflytjendur.

Ef farmskírteini þetta er gefið út í Kanada eða gerir ráð fyrir (flutnings)leið innan Kanada, hefur það gildi með tilliti til ákvæða laga sjálfstjórnarríkisins Kanada um vöruflutninga á sjó og vötnum 1936; siglingalaga Kanada (RSc 29, S.l. endursk. 1970): viðeigandi alm. tilskipana flutningsmálanefndar Kanada, viðeigandi laga einstakra fylkja um sjó- og vatnaflutninga innan Kanada; og Varsjársamþykktarinnar; eftir því sem einhver laga þessara, tilskipun eða samþykkt kunna að eiga við um samning farmskírteinisins varðandi einn eða fleiri farmflytjendur.

Ef farmskírteini þetta er gefið út í einu ofangreindra landa og gerir ráð fyrir (flutnings)leið um annað land, hefur það gildi með tilliti til allra ofangreindra laga, tilskipana og samþykktar eftir því sem einhver laganna, tilskipun eða samþykkt kunna að eiga við um samning farmskírteinisins varðandi einn eða fleiri farmflytjendur.

Venjulegt lengra og skemmra farmskírteini farmflytjanda kann að fela í sér mörg ákvæði, er veita farmflytjanda viss réttindi og forréttindi og vissar undanþágur, lausn undan ábyrgð og takmarkanir á henni, auk þeirra sem lög þessi og/eða samþykktir gera ráð fyrir og kunna að láta hagsbætur af ákvæðum sínum ná til hleðslumanna og annarra.

Krefjist farmflytjandi þess, verður að láta honum í té undirritað frumrit framselds farmskírteinis við afhendingu vörunnar.

Farmskírteini þetta gengur fyrir öllum samningum varðandi ofangreindar vörur eða pakka og ekki telst fallið frá neinum skilmálum þess nema fullgildur umboðsmaður farmflytjanda geri það skriflega."

Í þessu skemmra farmskírteini segir, að um sé að ræða flutning á „1 unboxed GMC chassis with cab". Í farmskírteininu er þungi bifreiðarinnar talinn 4.255 kg, en rúmmálið 2023 rúmfet. Á farmskírteininu kemur og fram, að flutningsgjald sé þannig reiknað: 2023 á 33.00 pr. 40 cf 1668.98 — þ. e. 2023 rúmfet á $ 33.00 pr. 40 rúmfet = $ 1668.98.

Í bréfi Eimskipafélags Íslands til lögmanns þess stefnda er að

þessum útreikningi vikið og sagt, að hann sé gerður fyrir misskilning af umboði H/f Eimskipafélags Íslands í Norfolk, en þetta sé taxti, sem gildi fyrir vörubíla. Hér hafi hins vegar verið um að ræða vörubílsgrind með húsi (chassis with cab) og eigi taxti að miðast við þyngd, en ekki rúmmál. Útreikningi hafi því verið breytt í samræmi við þetta, þannig að flutningsgjald reiknist $ 189.20 per tonn (1000 kg). Hafi flutningsgjaldið því verið 4.255 kg á $ 189.20 per tonn, eða $ 805.05.

Í málinu hefur verið lagt fram eyðublað (form) fyrir farmskírteini (Bill of Lading), sem merkt er H/f Eimskipafélagi Íslands, en sem ekki var notað í hér umræddu tilfelli, svo sem áður er fram komið. Fyrsti töluliður þessa farmskírteinis hljóðar svo:

„1. PARAMOUNT CLAUSE. All the terms, provisions and conditions of the Rules contained in the International Convention for the Unification of Certain Rules relating to Bills of Lading dated Bruxelles the 25th August 1924 (the „Hague Rules") shall apply to the contract in this Bill of Lading, but if in the country of shipment or delivery of the goods any special law has been enacted incorporating the rules of the said Convention, then all the terms, provisions and conditions of the said Convention with and subject to such modifications and additions, if any, as are imposed by such special law shall apply.

Nothing herein contained shall be deemed to be a surrender by the Carrier of any of his rights or immunities or an increase of any of his responsibilities under the said Rules or Enactments.

The Carrier is to be entitled to the benefit of all such privileges, rights and immunities as are contained in the said Rules or Enactments as if the same were herein specifically set out and if anything herein contained be inconsistent with the said Rules or Enactments it shall to the extent of such inconsistency and no further be null and void.

In addition this Bill of Lading shall have effect subject to all statutory limitations of, or exemptions from liability of carriers and/or ships and the terms and exceptions printed on page 1 and 2 of this Bill of Lading."

Framangreind tilvitnun er þannig á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„1 *Aðalskildagi.* Allir skilmálar og ákvæði í reglum alþjóðasamþykktarinnar um samræmingu á vissum reglum, sem varða farmskírteini, dags. 25. ágúst 1924 í Bruxelles (Haagreglurnar), skulu gilda um samning þann, sem farmskírteini þetta tekur til,

en hafi reglur téðrar samþykktar verið felldar inn í sérstök lög þess lands, sem varan kemur frá, skulu þær gilda með þeim breytingum og viðaukum, sem lögin kveða á um.

Ekkert í farmskírteini þessu telst afsal farmflytjanda á neinum réttindum eða undanþágum, og ekki heldur tekur hann á sig frekari ábyrgð samkvæmt téðum reglum eða lagaboðum.

Farmflytjandi nýtur góðs af öllum réttindum og undanþágum, sem í téðum reglum eða lagaboðum eru fólgnar, jafnt og þeirra væri sérstaklega getið, og séu einhver atriði í farmskírteininu í ósamræmi við reglur þær og lagaboð, sem um ræðir, skulu þau að engu höfð.

Enn fremur hefur farmskírteini þetta gildi með fyrirvara um fyrningar eða lausn farmflytjanda og/eða skips frá ábyrgð, og samkvæmt skilmálunum og því, sem undan er skilið og prentað á farmskírteini þetta, bls. 1 og 2 . . . . ."

Sjótti töluliður nefnds farmskírteinis hljóðar svo:

„Reception of the Goods.

a) The Receiver or his assigns must be ready to take delivery of the goods as soon as the vessel is ready to unload and as fast as she is able to discharge.

b) Receiver can not demand delivery of goods direct from ship without special agreement. The receiver shall accept unidentified loose goods in proportion to shortage in his goods of similar kind.

c) Valuable goods. If the value of any package, piece or customary freight or shipping unit of the goods exceeds the equivalence of U.S. $ 500.00 at port of shipment, such value shall be declared by the shipper before shipment and inserted in this Bill of Lading and freight in accordance with the carrier's tariff or any special agreement is paid thereon, such declared value shall be the agreed value, if such value shall not be so declared and inserted in this Bill of Lading and freight shall not be paid thereon, the shipper represents that the value is agreed to be the above mentioned amount and freight will be paid thereon accordingly, if such value is less than the above mentioned amount, the value of any such package, piece or unit to avoid uncertainty and difficulty in determining the market value in advance and in consideration of the freightrate charged, is agreed to be the invoice value.

d) Dangerous goods. Shipper shall not ship or send down for shipment any goods of an inflammable, explosive, poisonous or otherwise dangerous nature without written permission. If any

such goods be shipped or received, the Owners thereof shall be responsible for any and all fines, expenses, liabilities, loss, delay or damage sustained or incured by the carrier directly or indirectly either in respect of the ship or otherwise howsoever, or by the owners of the goods, and the Carrier shall have a lien upon the goods for and until payment of all the said sums, and such goods may be seized and destroyed by the Carrier, at any time without compensation being payable.

e) General local clause. Landing including lighterage and reception of the goods to be arranged by Carrier's agents for the risk and expense of the Shipper whether delivery is taken overside or on the quay.

If the goods are loaded or discharged in a roadstead lighterage to be for Shipper's account.

f) Heavy lifts. Any lift weighing over two (metric) tons gross must be declared in writing before shipment and the weight to be stated clearly on the package. Such lifts to be loaded and discharged at proprietor's risk and expense. The shipper and/or owner of the goods shall be responsible for damages or loss results to the carrier, ship, cargo lighters, cranes or hoisting tackle owing to incorrect weight or no weight having been declared.

g) Stowage. Goods stowed in poop, forecastle, deckhouse, shelterdeck, or other covered space commonly used in trade for the carriage of goods shall be deemed for all purposes to be stowed under deck.

h) Goods stowed in containers. Goods may be stowed by the Carrier or his Agents or servants in containers, and containers whether stowed as aforesaid or received in a stowed condition from the Shipper may be carried on or under deck without notice to the Shipper and if they are so carried the Hague Rules as incorporated herein shall be applicable notwithstanding carriage on or under deck and the goods and/or containers shall contribute in General Average whether carried on or under deck."

Þessi tilvitnun er þannig á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„6. *Mótttaka vörunnar.*

a) Vörumóttakandi eða umboðsmenn hans verða að vera við því búnir að veita vörunni móttöku strax og skipið er tilbúið til affermingar og jafnóðum og það getur affermt.

b) Vörumóttakandi getur ekki krafist afhendingar vöru beint úr skipi án sérstaks samkomulags. Vörumóttakanda ber að veita

viðtöku vörum, sem ekki er vitað, hver á, í hlutfalli við vöntun á hans vöru sömu tegundar.

c) *Verðmætar vörur.* Ef verðgildi einhvers pakka, stykkis, venjulegs farms eða einingar vörunnar fer fram úr jafngildi 500 bandaríkjadollara í fermingarhöfn, ber vörusendanda að telja það fram, áður en fermt er, og láta skrá á farmskírteini þetta ásamt flutningsgjaldi samkvæmt gjaldskrá farmflytjanda eða sérstaklega umsömdu gjaldi. Verðgildi það, sem talið er fram, skal vera umsamið verðgildi, en ef verðgildi þetta er ekki talið fram og skráð á farmskírteini þetta og flutningsgjald ekki greitt, fellst vörusendandi á, að verðgildið sé ofangreind upphæð og að flutningsgjald verði greitt samkvæmt því. Ef verðgildið er lægra en ofangreind upphæð, er fallist á, til að forðast óvissu og vandkvæði á að ákvarða markaðsverð fyrirfram, og með tilliti til flutningsgjaldsins, að verðgildi slíks pakka, stykkis, venjulegs farms eða einingar vörunnar sé upphæð vörureiknings.

d) *Hættulegar vörur.* Óheimilt er vörusendendum að skipa út eða senda til útskipunar eldfimar, sprengihættar, eitraðar eða á annan hátt hættulegar vörur án sérstaks leyfis. Ef slíkar vörur eru sendar eða þeim veitt móttaka, bera eigendur þeirra ábyrgð á öllum sektum, útgjöldum, bótaskyldum tjónum, töfum eða skemmdum, sem farmflytjandi eða eigendur annars varnings verða fyrir, beint eða óbeint, annað hvort að því er varðar skipið eða á einhvern annan hátt, og á farmflytjandi sjóveð í vörunum þar til allar téðar upphæðir hafa verið greiddar. Farmflytjanda er heimilt að kyrrsetja vöruna og eyðileggja hvenær sem er, án þess að bætur komi fyrir.

e) *Almennur staðarskildagi.* Umboðsmenn farmflytjanda sjá um löndun, þar með talinn flutningur með uppskipunarbátum, og móttöku vöru á ábyrgð og kostnað vörusendanda, hvort heldur afhending fer fram yfir skipshlið eða á hafnarbakka.

Ef varan er fermd eða affermd á skipalægi, er gjald fyrir uppskipunarbáta á reikning vörusendanda.

f) *Þung hlöss.* Öll hlöss, sem vega yfir tvær metrasmálestir, verður að telja fram skriflega fyrir fermingu og þungi skýrt tekinn fram á sendingunni. Ferming og afferming slíkra hlassa er á ábyrgð og kostnað eiganda. Vörusendandi og/eða eigandi vörunnar ber ábyrgð á skemmdum eða tjóni, sem farmflytjandi, skip, uppskipunarbátar, kranar eða lyftibúnaður verður fyrir, ef rangur þungi eða enginn hefur verið talinn fram.

g) *Hleðsla.* Vörur, sem komið hefur verið fyrir í skutlyftingu,

stafnlyftingu, þilfarshúsi, á hlífðarþilfari eða öðrum skýldum stöðum, þar sem vörur eru venjulega hafðar, teljast vera neðan þilja.

. . . . . ."

Þrettándi töluliður greinds farmskírteinis hljóðar svo:

„13. Settlement and assessment of claims. The place of setting claims under this Bill of Lading shall be at the Carrier's option. For partial loss or damage liability under this contract is to be calculated on a pro rata basis. The liability of the Carrier in case of loss, or damage to the goods in circumstances involving him in responsibility shall be calculated on, and shall in no case exceed, the Shipper's net invoice cost and disbursements, plus freight and insurance, or the certified market price at the port of discharge on the day of the vessel's reporting at the Custom House, less all charges saved, whichever shall be less.

Vessel is not responsible for the following:

a) Theft or robbery of any kind.

b) For leakage, breakage and other damages happening during the voyage.

c) For splits, breaks and chafage of lumber.

d) For unprotected pieces, glass, china, castings and other goods of brittle and fragile nature, breakage or injury thereto.

e) For any kind of merchandise whatsoever packed in paper (cement, sugar, flour, etc. included) and for any general cargo (furniture, textiles etc.) packed in jute cloth or similar packing. Packing in straw and old bags is unlawful.

f) For rusted iron and steel."

Þessi tilvitnun er þannig á íslensku í þýðingu löggilts skjalaþýðanda:

„13. *Uppgjör og mat tjóna.* Um vettvang tjónauppgjörs samkvæmt farmskírteini þessu fer að vali farmflytjanda. Tjón að hluta eða bótaskyldu að því er varðar skemmdir samkvæmt samningi þessum ber að reikna að réttu hlutfalli (pro rata). Bótaskyldu farmflytjanda, þegar um er að ræða tjón eða skemmdir á vörum við aðstæður, sem leiða af sér ábyrgð hans, skal miða við nettó kostnað samkvæmt vörureikningi vörusendanda og útgjöld hans og aldrei fara fram úr því, að viðbættum flutningskostnaði og vátryggingu, eða staðfest markaðsverð í affermingarhöfn dag þann, sem skipið er tollafgreitt, að frádregnum útgjaldasparnaði, hvort heldur nemur lægri upphæð.

Skipið ber ekki ábyrgð á eftirtöldu:

a) Hverskyns þjófnaði eða ráni.

b) Leka, broti og öðrum skemmdum, sem verða í sjóferðinni.

c) Þegar timbur klofnar, brotnar eða nuddast.

d) Óvernduðum stykkjum, gleri, postulíni, steyptum hlutum og öðrum stökkum og brothættum vörum, brotum eða skemmdum á þeim.

e) Hvers konar vörum í pappírsumbúðum (sement, sykur, hveitimjöl o. s. frv. þar með talið), stykkjavöru (húsgögn, vefnaðarvara o. s. frv.) í sekkjabasts- eða svipuðum umbúðum. Umbúðir úr hálmstrái og notuðum sekkjum eru ólöglegar.

f) Ryðguðu járni og stáli."

Í málinu hefur verið lögð fram íslensk þýðing löggilts skjalaþýðanda á svofelldu ákvæði (IV. kafli 5. gr.) the U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936.

„Section 4.

. . . . . .

(5) Neither the carrier nor the ship shall in any event be or become liable for any loss or damage to or in connection with the transportation of goods in an amount exceeding $ 500 per package lawful money of the United States or in case of goods not shipped in packages, per customary freight unit, or the equivalent of that sum in other currency, unless the nature and value of such goods have been declared by the shipper before shipment and inserted in the bill of lading. This declaration, if embodied in the bill of lading, shall be prima facie evidence, but shall not be conclusive on the carrier.

By agreement between the carrier, master, or agent of the carrier, and the shipper another maximum amount than the mentioned in this paragraph may be fixed: *Provided.* That such maximum shall not be less than the figure above named. In no event shall the carrier be liable for more than the amount of damage actually sustained.

Neither the carrier nor the ship shall be responsible in any event for loss or damage to or in connection with the transportation of the goods if the nature or value thereof has been knowingly and frauduently misstated by the shipper in the bill of lading."

Íslenska þýðingin er svohljóðandi:

„4. kafli.

. . . . . .

(5) Hvorki farmflytjandi né skipið skal í neinu tilfelli vera eða

verða ábyrgt fyrir neinu tjóni eða skemmdum við flutning á vörum eða í sambandi við hann að upphæð umfram $ 500 fyrir hvern pakka í lögmætum gjaldmiðli Bandaríkjanna eða, þegar um er að ræða vörur, sem ekki eru sendar í pökkum, fyrir hverja venjulega flutningseiningu (sic) eða jafngildi þeirrar upphæðar í öðrum gjaldeyri, nema afskipandi hafi áður en afskipun fór fram lýst eðli og verðgildi varningsins og þess sé getið í farmskírteininu. Ef yfirlýsing þessi er í farmskírteininu, er hún prima facie sönnun, en ekki endanleg fyrir farmflytjanda.

Með samkomulagi milli farmflytjanda, skipstjóra eða umboðsmanns farmflytjanda og afskipanda má ákvarða aðra hámarksupphæð en um getur í grein þessari, *að því tilskyldu*, að sú hámarksupphæð sé eigi lægri en ofangreind tala. Eigi skal farmflytjandi í neinu tilfelli bera ábyrgð á hærri upphæð en skemmdum, sem raunverulega hafa hlotist.

Hvorki farmflytjandi né skipið ber í neinu tilfelli ábyrgð á tjóni eða skemmdum við flutning á vörunum eða í sambandi við hann, ef afskipandi hefur vísvitandi og með sviksamlegum hætti greint rangt frá eðli eða verðgildi varnings í farmskírteininu."

III.

Af hálfu stefnanda er þess fyrst getið, að stefndi hafi ekki synjað fyrir fébótaábyrgð á umræddu tjóni, en telji, að ábyrgð þess sé takmörkuð við US $ 500 skv. 6. gr., c liðs, farmskírteinis stefnda.

Ákvæði þetta sé ekki prentað á það skírteinisform (Short Bill of Lading), sem notað hafi verið, en jafnvel þótt svo hefði verið, skipti það ekki máli um skaðabótaskyldu stefnda, heldur sé ákvæðinu ætlað að taka til þess, hvernig ákveða skuli farmgjald fyrir verðmiklar vörur.

Umrædd bifreið hafi ekki verið í umbúðum (kassa), en af því og tilgreiningu hennar í farmskírteini hafi farmflytjanda mátt vera ljóst, að hér hafi verið um verðmætan flutning að ræða, og eigi því ábyrgðatakmarkanir skv. farmskírteinisreglum ekki við hér.

Krafa um sjóveðrétt sé byggð á 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Stefnandi hefur sundurliðað stefnukröfu sína þannig:

1. Tryggingarbætur greiddar SÍS samkv. mati dómkvaddra matsmanna ..... kr. 1.456.362
2. Reikningur matsmanna ..... — 22.000
3. Reikningur Gunnars Guðmundssonar h/f vegna

	flutnings og tilfærslu á bifreið	kr.	10.966
4.	Reikningur Gunnars Gunnarssonar skoðunarmanns	—	6.500
5.	Reikningur Bifreiðaverkstæðisins Kambs vegna vinnu við athugun á tjóni	—	47.686
6.	Akstur á vél og gírkassa	—	2.008
7.	Kostnaður við sjópróf	—	6.875
		Kr.	1.552.397

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ljóst sé, að ábyrgð hans takmarkist „við $ 500 eða £ 100 skv. skilmálunum í farmskírteininu þ. á m. Haagreglunum“ (sic), sem gildi um skipti aðiljanna samkvæmt skírteininu. Hér sé um alþjóðlega reglu að ræða, sem stefnanda og sendanda bifreiðarinnar hafi að sjálfsögðu verið kunn, og allir þeir, sem sendi vöru sjóleiðis, verði að sætta sig við. Stefndi hafi boðið fram greiðslu samkvæmt þessum skilmálum og standi sú greiðsla til boða enn. Leiði af því, að málskostnaður eigi að falla niður.

Málflutning stefnda hér fyrir dómi verður að skilja svo, að hann byggi kröfu sína um takmarkaða ábyrgð bæði á 6. tl. prentaðra skilmála á farmskírteinisformi H/f Eimskipafélags Íslands og á Haagreglunum, eins og þær koma fram í U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936.

IV.

Stefnandi hefur öðlast rétt á hendur stefnda skv. 25. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga.

Stefndi hefur viðurkennt, að hann beri fébótaábyrgð á tjóni stefnanda, sbr. 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963, sbr. 8. gr. sömu laga, en heldur því fram, að fébótaábyrgð hans takmarkist við annað hvort US $ 500 eða £ 100.

Um flutning nefndrar vörubifreiðar var gefið út svonefnt skemmra farmskírteini (Short form Bill of Lading), og gildir það því um lögskipti aðilja skv. 141. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Í 4. gr. farmskírteinisins segir: „If this Bill of Lading is issued in the United States, or provides for routing within the United States, it shall have effect subject to the provisions of the Bills of Lading Act; the U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936; the Shipping Act, 1916, and regulations thereunder; the Intercoastal Shipping Act, 1933, and regulations thereunder; the Interstate

Commerce Act, and regulations thereunder; the Federal Aviation Act of 1958, and regulations thereunder; and the Warsaw Convention; as any such Act or convention may apply to the Bill of Lading contract of any one or more of the Carriers involved".

Farmskírteinið var gefið út í Norfolk í Virginía í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Þar af leiðir, að nefndar tilvísanir í 4. mgr. farmskírteinisins eiga hér við, þ. á m. tilvísunin í U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936, sem stefndi byggir á. Aðiljar málsins hafa þannig samið um, að um lögskipti þeirra gildi U.S. Carriage of Goods by Sea Act of 1936. Þegar af þeirri ástæðu verður að byggja dóminn á viðeigandi ákvæði í þeim lögum.

Svo sem áður getur segir m. a. í 5. gr. IV. kafla þeirra laga: „Neither the carrier nor the ship shall in any event be or become liable for any loss or damage to or in connection with the transportation of goods in an amount exceeding $ 500 per package lawful money of the United States, or in case of goods not shipped in packages, per customary freight unit, or the equivalent of that sum in other currency, unless the nature and value of such goods have been declared by the shipper before shipment and inserted in the bill of lading. This declaration, if embodied in the bill of lading, shall be prima facie evidence, but shall not be conclusive on the carrier . . . . ."

Telja verður, að umrædd bifreið sé ekki „package" í skilningi framangreinds ákvæðis. Í farmskírteininu er þess getið, að umræddur farmur sé „GMC chassis with cab" („nature"), þyngd sé 4255 kg (9382 pounds) og rúmmál 2023 ft^3. Hins vegar er verðgildis („value") umræddra farms ekki getið. Af þessu leiðir, að ábyrgð stefnda er takmörkuð við US $ 500 per „customary freight unit" skv. greindu lagaákvæði.

Í farmskírteininu er „freight unit" tilgreind sem 40 ft^3. Telja verður þessa einingu „customary freight unit" í skilningi nefnds lagaákvæðis, og verður hún því lögð til grundvallar útreikningi á hinni takmörkuðu ábyrgð.

Umrædd bifreið er í farmskírteininu talin 2023 ft^3, eða 2023/40 = 50.575 „freight units". Skaðabótaábyrgð stefnda, H/f Eimskipafélags Íslands, takmarkast því við US $ 500 x 50.575 = US $ 25.267.50.

Dómkrafa stefnanda er, að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.552.397, sem er lægri fjárhæð, og hefur þeirri fjárhæð ekki verið mótmælt tölulega af hálfu stefnda. Inni í greindri fjárhæð er talinn matskostnaður að upphæð kr. 22.000 og kostnaður við

sjópróf að fjárhæð kr. 6.875, en báðar þessar fjárhæðir teljast til málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður þá sú, að stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.523.522 ásamt vöxtum eins og krafist er, enda hefur vaxtakröfu ekki verið sérstaklega mótmælt.

Eftir þessari niðurstöðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, þar á meðal matskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 274.000.

Fyrir dæmdum fjárhæðum á stefnandi sjóveðrétt í m/s Brúarfossi skv. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963.

Dóm þennan kvað upp Björn Þ. Guðmundsson borgardómari ásamt meðdómsmönnunum Halldóri Sigurþórssyni skipstjóra og dr. Ragnari Ingimarssyni prófessor.

Dómsorð:

Framangreindur sjóveðréttur í m/s Brúarfossi er viðurkenndur.

Stefndi, H/f Eimskipafélag Íslands, greiði stefnanda, Samvinnutryggingum g/t, kr. 1.523.522 ásamt 9% ársvöxtum frá 21. desember 1973 til greiðsludags og kr. 274.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 26. október 1977.

Nr. 33/1976. **Fiskveiðasjóður Íslands**
(Axel Kristjánsson hrl.)
gegn
Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f
(Logi Guðbrandsson hrl.)
og Póst- og símamálastjórninni
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Úthlutun uppboðsandvirðis. Sjóveðréttur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 22. janúar 1976. Hann gerir þær dómkröfur á hendur stefnda Hraðfrystistöðinni h/f í Reykjavík, að synjað verði kröfu hans um, að greiddar verði af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, 100.022 krónur til Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og 961.778 krónur til Vélbátatryggingar Reykjaness. Á hendur stefnda Póst- og símamálastjórninni gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að krafa um ógoldin talstöðvargjöld að fjárhæð 111.423 krónur verði ekki tekin til greina við úthlutun uppboðsandvirðis nefnds báts. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi beggja stefndu.

Stefndi Póst- og símamálastjórnin krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hraðfrystistöðin í Reykjavík h/f krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

I. Um kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f:

Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefnda lúta að því, að hin-

um áfrýjaða úrskurði verði breytt á þann veg, að tilteknir aðiljar, aðrir en stefndi, verði sviptir þeim hluta af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, sem uppboðshaldari ákvað, að til þeirra skyldi renna. Aðiljum þessum hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt til að þola dóm um greint efni. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti að því er varðar þennan þátt þess.

Áfrýjandi hafði ástæðu til að bera úrlausn uppboðshaldara undir Hæstarétt. Samkvæmt framangreindum úrslitum verður þó ekki hjá því komist að dæma hann til að greiða stefnda Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 50.000 krónur.

II. Um kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Póst- og símamálastjórninni:

Talstöðvargjöld þau, sem þessi stefndi krefst að fá greidd af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, verða ekki álitin opinber gjöld, sem greiða beri af skipi. Átti stefndi þess vegna ekki sjóveðrétt í m/b Hannesi lóðs fyrir gjöldum þessum samkvæmt 1. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Er því ekki unnt að taka til greina kröfu hans um, að gjöld þessi verði greidd honum af uppboðsandvirði bátsins sem sjóveðkrafa.

Rétt er, að þessi stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 80.000 krónur.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu áfrýjanda, Fiskveiðasjóðs Íslands, á hendur stefnda Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f er vísað frá Hæstarétti.

Krafa stefnda Póst- og símamálastjórnarinnar um, að ógreidd talstöðvargjöld að fjárhæð 111.423 krónur verði greidd honum sem sjóveðréttarkrafa af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, er ekki tekin til greina.

Áfrýjandi greiði stefnda Hraðfrystistöðinni í Reykjavík h/f 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Póst og símamálastjórnin greiði áfrýjanda

80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Gullbringusýslu 27. nóvember 1975.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 28. október sl., hefur hæstbjóðandi, Hraðfrystistöð Reykjavíkur h/f, krafist þess, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, en þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Þá krefst hæstbjóðandi og málskostnaðar úr hendi varnaraðilja í málinu.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands eru þær kröfur gerðar, að uppboðskrafa sjóðsins verði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað.

Af hálfu Pósts og síma er sú krafa gerð, að frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa Pósts og síma verði greidd af uppboðsandvirðinu. Auk þess krefst Póstur og sími málskostnaðar sér til handa.

Með bréfi, dags. 30. apríl 1973, krafðist Kristinn Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður þess, að m/b Hannes lóðs, VE 7, yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkningar sjóveðkröfum að fjárhæð samtals kr. 58.713.20 auk vaxta og kostnaðar. Uppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, var síðan auglýst í 35., 38. og 41. tbl. Lögbirtingablaðsins 1973. Þar sem uppboðsþoli, Anton Hjörleifsson, var búsettur að Hlíðarvegi 20, Ytri-Njarðvík, var uppboðið þingfest í Hafnarfirði þann 6. júlí 1973, en Gullbringusýsla tilheyrði þá embætti sýslumanns og bæjarfógeta í Hafnarfirði. Ákveðin var síðan sala á eigninni sjálfri 2. ágúst 1973, en því uppboði var frestað.

Með bréfi, dags. 18. desember 1973, voru bæjarfógetanum í Keflavík send öll skjöl varðandi uppboð þetta. Var þar tekið fram, að með bréfinu fylgdu kröfulýsingar bæjarfógeta í Vestmanna-

eyjum, Pósts og síma og uppboðsbeiðni Brynjólfs Kjartanssonar héraðsdómslögmanns, Reykjavík, allt ásamt tilheyrandi fylgiskjölum, en skjöl þau höfðu þá ekki verið lögð fram. Að ákvörðun uppboðsréttar var ákveðin sala á bátnum þann 10. júlí 1974, en í því þinghaldi gengu allmargir aðiljar inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur, þ. e. a. s. bæjarfógetinn í Hafnarfirði vegna sjómannatryggingargjalda að fjárhæð kr. 43.873 auk kostnaðar og vaxta, Brynjólfur Kjartansson héraðsdómslögmaður vegna Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum vegna tryggingariðgjaldsskuldar að fjárhæð kr. 256.661 auk alls kostnaðar, Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður vegna Lárusar Gunnólfssonar og krafðist uppboðs til tryggingar skuldar að fjárhæð kr. 175.785 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Vélsmiðju Grindavíkur og krafðist greiðslu á kr. 61.193 auk vaxta og kostnaðar, Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður vegna Olíufélagsins Skeljungs h/f og krafðist greiðslu á kr. 470.682 auk vaxta og kostnaðar og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður vegna Jóns Sigvaldasonar og krafðist greiðslu á kr. 42.361 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess var lýst allmörgum kröfum í uppboðsandvirðið, þ. e. skipaskoðunargjöldum og skoðunargjöldum frá bæjarfógetanum í Vestmannaeyjum að fjárhæð kr. 17.539 auk vaxta og kostnaðar, Vélbátatrygging Reykjaness vegna tryggingariðgjaldsskulda að fjárhæð kr. 3.170.712 og Póstur og sími, talstöðvargjöld kr. 41.609.10. Ekki varð af sölu á bátnum 10. júlí 1974, þar sem báturinn var ekki á uppboðsstað, þegar uppboðið skyldi fara fram. Uppboðið var síðan auglýst að nýju, og fór fram sala á bátnum 26. júlí 1974 við skipið, þar sem það lá við bryggju í Ytri-Njarðvík. Á þessu uppboði var hæsta boð 100.000 krónur af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Ákveðið var að annað og síðasta uppboð skyldi fara fram 5. september 1974 kl. 1330. Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður hafði, er hér var komið, afturkallað uppboðsbeiðni sína, en Framkvæmdastofnun ríkisins hafði gerst uppboðsbeiðandi og krafðist sölu á bátnum vegna veðskuldar að fjárhæð kr. 75.000 auk vaxta og kostnaðar. Auk þess hafði Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður gerst uppboðsbeiðandi og krafðist sölu á bátnum til lúkningar veðskuldar að fjárhæð kr. 3.000.000 auk vaxta og kostnaðar. Er uppboðið skyldi fara fram, kom í ljós, að uppboðsandlagið, m/b Hannes lóðs, VE 7, var í Þorlákshöfn. Samkomulag varð um að fresta uppboðinu fyrst um sinn í óákveðinn tíma, þar til uppboðsbeiðendur hefðu tekið ákvörðun um, hvort senda skyldi uppboðsmálið til sýslumannsins

í Árnessýslu. Var nú málið næst tekið fyrir 10. janúar 1975 á reglulegu uppboðsþingi í Gullbringusýslu, og var því frestað að beiðni uppboðsbeiðenda til 9. maí 1975, er uppboðsbeiðendur kröfðust þess, að önnur og síðasta sala færi fram á bátnum. Báturinn var þá í Dráttarbraut Keflavíkur h/f í Keflavík, og var ákveðin önnur og síðasta sala á bátnum 19. júní 1975 kl. 1400, og fór uppboðið fram, eins og ákveðið hafði verið. Gengu þá inn í uppboðið sem uppboðsbeiðendur Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður vegna 5. og 6. veðréttarhafa í framangreindum báti, Fiskveiðasjóður Íslands sem 1. veðréttarhafi og Héðinn Finnbogason héraðsdómslögmaður vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Þá lýsti Dráttarbraut Keflavíkur h/f haldsréttarkröfu í m/b Hannes lóðs, VE 7, að fjárhæð kr. 580.514 auk vaxta og kostnaðar.

Eftir þeim uppboðskröfum, sem lágu frammi við uppboðið, útbjó uppboðshaldari lauslegt yfirlit, sem síðan var lagt fram af hæstbjóðanda sem dómsskjal í máli þessu og er þingmerkt nr. 79. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður var mættur á uppboði þessu, og hafði hann fengið framseldar kröfur þeirra Kristins Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns vegna Þorsteins Einarssonar og Þórarins Hauks Hallvarðssonar og kröfu Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns vegna Lárusar Gunnólfssonar, en kröfur þessar voru sjóveðréttarkröfur. Í þinghaldi þessu var það upplýst af viðstöddum, að tjónbætur frá vátryggingarfélögum mundu fylgja bátnum, að fjárhæð ca 7.500.000. Ekki var mætt við uppboðið af hálfu vátryggingarfélaganna. Að þessu loknu var óskað eftir boðum í eignina, og komu einungis fram tvö boð, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður bauð kr. 2.000.000 og Logi Guðbrandsson kr. 3.000.000 og krafðist útlagningar f. h. 5. og 6. veðréttarhafa. Uppboðshaldari tók sér allt að 14 daga frest til athugunar á framkomnum boðum.

Þegar að loknu uppboðsþingi sendi uppboðshaldari öllum þeim, er gert höfðu kröfur eða voru uppboðsbeiðendur, bréf, þar sem farið var fram á, að þeir upplýstu um uppboðskröfur sínar vegna nauðungarsölu á bátnum. Var farið fram á það, að upplýsingar yrðu veittar um kröfur þeirra til beinna fjárgreiðslna með vöxtum og kostnaði miðað við 10. júlí 1975. Allir uppboðsbeiðendur og kröfuhafar svöruðu þessu bréfi uppboðshaldara og lýstu þar kröfum sínum miðað við áðurnefndan dag. Vélbátatrygging Reykjaness tilkynnti uppboðshaldara með bréfi, dags. 7. júlí sl., að kröfu þeirra yrði skuldajafnað við tjónbætur, og lýsti því yfir, að „það yrði ekki krafist greiðslu frá embætti yðar.“ Samábyrgð

Íslands sendi eftirfarandi bréf, dagsett 30. júní 1975: „Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráðafúatjón á m.b. Hannesi lóðs, VE 7, og verður skuld sú, sem lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum."

Hinn 11. júlí 1975 mætti hæstbjóðandi í uppboðsrétti, og var þá boð hans í eignina samþykkt auk þess sem bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, og bréf Samábyrgðar Íslands, dags. 30. júní 1975, voru lögð fram og þingmerkt nr. 66 og 67. Var þá einnig lagt fram frumvarp að úthlutunargerð, þingmerkt nr. 68, en í því frumvarpi var ekki gert ráð fyrir greiðslu til Vélbátatryggingar Reykjaness og Samábyrgðar Íslands. Hæstbjóðandi greiddi í þinghaldi þessu 1/4 uppboðsandvirðisins, eða kr. 750.000, og kr. 89.920 í uppboðskostnað skv. uppboðsskilmálum. Frumvarp að úthlutunargerð var nú sent öllum uppboðsaðiljum og þeim gefinn frestur til að gera athugasemdir við frumvarpið til 22. júlí 1975, kl. 1400. Með bréfi dags. 16. júlí 1975, tilkynnti Logi Guðbrandsson hæstaréttarlögmaður f. h. hæstbjóðanda, að hann gerði athugasemdir við frumvarp að úthlutunargerð af uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7. Kvað hann í bréfi þessu það hafa komið fram, bæði fyrir uppboðið og á uppboðinu sjálfu, að gerðar hefðu verið kröfur af hendi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um iðgjöld af m/b Hannesi lóðs, VE 7. Kvað hæstbjóðandi þessarra iðgjalda ekki getið í frumvarpinu, og mótmælti hann því og krafðist þess, að þau yrðu greidd af uppboðsandvirðinu. Uppboðshaldari sendi nú öllum aðiljum uppboðsins athugasemdir hæstbjóðanda og óskaði þess, að þeir skiluðu greinargerð varðandi þær þriðjudaginn 12. ágúst 1975, kl. 1400. Þingað var í málinu þann dag, og skilaði þá hæstbjóðandi greinargerð. Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður skilaði og greinargerð fyrir hönd umbjóðenda sinna. Þá voru auk þess mættir Ólafur Stefánsson héraðsdómslögmaður, vegna Fiskveiðasjóðs Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins og Jón Tómasson skrifstofustjóri vegna Pósts og síma. Óskuðu þeir eftir fresti til að skila greinargerðum, og var þeim veittur frestur til þriðjudagsins 26. ágúst 1975. Þingað var í málinu 26. ágúst, og var þá lögð fram greinargerð af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands. Aðrir aðiljar uppboðsins höfðu óskað eftir frekari fresti til gagnaöflunar og framlagningar greinargerða, og var þá ákveðið að fresta málinu til 29. september 1975 vegna sumarleyfa. Er þingað var í málinu 6. október, var farið fram á frest af hálfu Sveinbjörns

Jónssonar hæstaréttarlögmanns sem lögmanns Pósts og síma, og var þá ákveðið að fresta málinu til föstudagsins 10. október. Enn fór Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður fram á frest, og var þá málinu frestað að hans ósk og með samþykki annarra uppboðsaðilja til 21. október sl., en þá var lögð fram greinargerð af hálfu Pósts og síma og ákveðið, að munnlegur málflutningur færi fram þriðjudaginn 28. október sl. Þriðjudaginn 28. október sl. fór síðan fram munnlegur málflutningur í málinu, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Hæstbjóðandi gerir, eins og áður segir, þær kröfur, að framkomnu frumvarpi til úthlutunargerðar á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, verði breytt á þann veg, að inn í frumvarpið verði teknar kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness um tryggingariðgjöld, þannig að þessar kröfur verði settar nr. 9 og 10 í frumvarpinu, en niður falli talstöðvargjöld Pósts og síma, Keflavík, og krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti. Hann telur, að kröfur vátryggingarfélaganna séu jafnréttháar og fái þau því greitt hlutfallslega af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi rökstyður þessar kröfur sínar með því, að við uppboðið hafi legið frammi yfirlit yfir gerðar kröfur í uppboðsandvirði bátsins og hafi framantaldar kröfur vátryggingarfélaganna þar verið taldar með. Hann telur það því hafa verið forsendu fyrir boði í bátinn, að þessar kröfur greiddust af uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur, að ef þessi krafa hans verði ekki tekin til greina, þá greiði hann auk þeirra þriggja milljóna króna, sem var boð hans, iðgjaldakröfur vátryggingarfélaganna að svo miklu leyti sem þær greiðast af uppboðsandvirðinu. Krefst hæstbjóðandi þess, að allar kröfur verði teknar með, sem gerðar hafi verið í uppboðsandvirði bátsins, en þær kröfur falli niður, sem uppboðsandvirðið hrekkur ekki til að greiða. Hann telur, að þeir aðiljar, þ. e. a. s. vátryggingarfélögin, sem taki raunverulega undir sjálfum sér kröfur sínar í bátinn, eigi engu að síður að vera teknir með sem aðiljar að uppboðsandvirði bátsins. Hann telur, að með því að greiða framangreindum aðiljum, þ. e. a. s. vátryggingarfélögunum, hafi hann staðið skil á hluta af uppboðsandvirðinu. Hann sé að vísu búinn að greiða allt uppboðsandvirðið, en hafi gert það með fyrirvara, eins og augljóst sé á því, að hann hafi skilað greinargerð varðandi þetta úrlausnarefni, áður en hann greiddi uppboðsandvirðið. Hann telur, að augljóst sé, að tjónbætur þær, er fylgdu bátnum, hafi verið seldar sem eins konar fylgifé bátsins. Vátryggingarfélögin hefðu orðið að skila því

fylgifé til hins nýja eiganda bátsins, en jafnframt haft rétt til að skuldajafna þeirri kröfu, sem þau höfðu í uppboðsandvirði bátsins við tjónbæturnar. Hann bendir og á til frekari stuðnings máli sínu, að við fasteignauppboð fái oft hluti af kröfu uppboðsbeiðanda að standa áfram veðtryggður í eign, en það þýði ekki, að uppboðsbeiðandi eða veðhafi falli frá kröfu sinni í uppboðsandvirðið, heldur leyfi hann aðeins uppboðskaupanda að taka við hinum áhvílandi veðum og séu kröfur hans taldar með, þegar úthlutað er uppboðsandvirðinu. Hæstbjóðandi telur því, að hann eigi eingöngu að greiða uppboðshaldara mismuninn á kr. 3.000.000 og því, sem tryggingarfélögin eiga að fá af uppboðsandvirði bátsins. Hæstbjóðandi mótmælir því ekki, að vátryggingarfélögin hafi skuldajafnaðarrétt á tjónbótum og iðgjaldskröfum sínum, en mótmælir því, að það hafi það í för með sér, að uppboðshaldarinn hafi meira fé til ráðstöfunar til annarra veðhafa. Auk þess telur hæstbjóðandi, að bréf Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, dags. 30. júní 1975, dskj. nr. 67, sé ekki yfirlýsing um það, að fallið verði frá kröfum þeirra í uppboðsandvirði bátsins, heldur hafi þar aðeins verið lýst yfir, að skuld sú, er þeir hafi lýst vegna nauðungaruppboðs á bátnum, yrði millifærð af tjónbótum. Með því telur hæstbjóðandi, að Samábyrgðin hafi eigi fallið frá kröfu sinni. Þá telur hæstbjóðandi, að bréf Vélbátatryggingar Reykjaness, dags. 7. júlí 1975, dskj. nr. 66, sé heldur ekki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirði nefnds báts, heldur sé því aðeins lýst yfir, að uppboðskrafan verði skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verði að greiða eigendum, og muni því ekki verða krafist greiðslu „frá embætti yðar," eins og segi í bréfinu. Telur hæstbjóðandi, að ljóst sé, að þetta sé hvorki yfirlýsing um það, að fallið sé frá kröfum í uppboðsandvirðið né að fallið sé frá lögveðrétti. Báðar þessar yfirlýsingar þýði það í raun og veru, að þessir aðiljar lýsi því yfir, að þeir muni taka undir sjálfum sér þessar uppboðskröfur.

Af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands voru gerðar þær kröfur, að uppboðskrafa sjóðsins yrði greidd af uppboðsandvirði skipsins, svo langt sem það hrekkur til, og að kröfu hæstbjóðanda verði synjað og sóknaraðilja, þ. e. a. s. hæstbjóðanda, verði gert að greiða Fiskveiðasjóði Íslands málskostnað. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að uppboðskrafa Pósts og síma vegna talstöðvargjalda væri lögveðskrafa, og þess krafist, að hún yrði tekin sem venjuleg lögtaksskuld, þar sem talstöðvargjöld væru ekki tryggð lögveðsrétti. Þá var því mótmælt af hálfu Fiskveiðasjóðs Íslands,

að boð hæstbjóðanda í greint skip hafi verið bundið þeirri forsendu, að iðgjaldakröfur vátryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Af hálfu Fiskveiðasjóðs var því haldið fram, að það sé fjarri lagi, að bjóðendur við uppboð geti borið það fyrir sig, að einhverjar tilteknar forsendur liggi að baki boðum þeirra, enda séu eignir, sem boðnar séu upp, í ákaflega misjöfnu ástandi og kröfur, sem lýst sé við uppboð, oft óvissar og skilyrtar. Sérstaklega var á það bent, að kröfur vátryggingarfélaganna hafi báðar verið dags. 5. júlí 1974, sbr. dskj. nr. 45 og 46, og hafi því hæstbjóðandi sem og aðrir aðiljar uppboðsins mátt gera ráð fyrir því, að kröfur þessar hefðu breyst. Það hafi og verið bókað á uppboðsþingi, að það væri upplýst, að tjónbætur fylgdu bátnum, að verðmæti nettó ca 7.500.000. Þá heldur hann því fram, að hæstbjóðandi sem og aðrir viðstaddir á uppboðinu hljóti að hafa verið búnir að ákveða það, hvað þeir vildu gefa fyrir umrætt skip, og mátti þeim þá á sama standa, hvernig uppboðsandvirðinu yrði úthlutað. Hæstbjóðandi hafi fengið tjónbæturnar og því hafi það ekki getað verið forsenda af hans hálfu, að kröfur vátryggingarfélaganna greiddust af uppboðsandvirðinu. Telur hann, að vátryggingarfélögin hafi fyllsta rétt til að skuldajafna vátryggingariðgjöldum við tjónbætur, enda sé það gert af öllum vátryggingarfélögum og sé hér um venjuhelgaðan rétt vátryggingarfélaganna að ræða og sjálfsagða viðskiptavenju. Hann telur skuldajafnaðarrétt í eðli sínu miklu áhrifameiri heldur en lögveðsrétt og það sé því eðlilegt, að vátryggingarfélögin hafi beitt þeim rétti í þessu tilviki. Þá bendir hann á 17. gr. laga nr. 25 frá 1929, þ. e. a. s. lög um gjaldþrotaskipti, og telur, að lögjafna megi frá þeirri lagagrein varðandi það tilvik, sem hér er fjallað um. Hann telur það því rétt af uppboðshaldara að hafa ekki tekið kröfur vátryggingarfélaganna inn í frumvarp að úthlutunargerð, þar sem kröfur þessar hafi báðar liðið undir lok, áður en boð hæstbjóðanda í bátinn var samþykkt 11. júlí sl., sbr. dskj. nr. 66 og 67. Hann telur, að yfirlýsingar þessar verði að telja til ákvæða, sem hafi skuldbundið hæstbjóðanda, þegar hann hafi séð þær í uppboðsréttinum 11. júlí sl. Þá bendir hann og á það, að ekki komi fram, að hæstbjóðandi hafi hreyft neinum andmælum á uppboðsþingi 11. júlí sl., er boð hans var samþykkt.

Af hálfu Pósts og síma var þess krafist, að frumvarp það að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem lagt hafi verið fram sem dskj. 68 í uppboðsrétti Gullbringusýslu 11. júlí sl., verði lagt til grundvallar, þ. e. a. s. að krafa skjólstæð-

ings hans, Pósts og síma, verði greidd honum af uppboðsandvirðinu. Auk þess krafðist Póstur og sími málskostnaðar. Af hálfu Pósts og síma er bent á það, að vátryggingarfélögin hafi verið búin að nota skuldajafnaðarrétt sinn, áður en til úthlutunar uppboðsandvirðisins kom. Skuldajafnaðarréttur þeirra sé ótvíræður, enda sé hann viðurkenndur af hæstbjóðanda. Vátryggingarfélögin hafi verið búin að lýsa því yfir, að kröfur þeirra væru greiddar og að þau gerðu engar kröfur í uppboðsandvirðið og því beri þeim ekki greiðsla af uppboðsandvirðinu. Það sé viðurkennt með bréfum þeirra, að þau hafi fengið greiðslu á kröfum sínum af tjónbótunum og þau hafi áður en boð hæstbjóðanda var samþykkt verið búin að skuldajafna þessari kröfu sinni við tjónbæturnar. Þeim hafi verið það fyllilega heimilt samkvæmt fastri venju og gildandi lögum. Þá telur Póstur og sími það óvefengt af hæstbjóðanda, að lögveðsréttur sé fyrir kröfu Pósts og síma. Henni fylgi ótvíræður lögtaksréttur og lögtak hafi þegar verið gert. Að því er varðar lögveðrétt telur hann, að hér sé um opinber gjöld að ræða og hægt sé að lögjafna við lög, er ákveði opinberum gjöldum lögveðrétt, og bendir sérstaklega á 216. gr. laga nr. 66/1963 um það, hvaða kröfur eigi sjóveðrétt í skipi og farmgjaldi. Þá mótmælti hann þeirri kröfu Fiskveiðasjóðs Íslands, að ekki væri lögveðréttur fyrir framangreindri kröfu sem of seint framkominni.

Samkvæmt 216. gr. laga nr. 66/1963 eiga sjóveðrétt í skipi „lestargjöld, vitagjöld, hafnargjöld og önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi".

Rétturinn lítur svo á, að telja verði talstöðvargjöld falla undir „önnur slík opinber gjöld, sem greiða ber af skipi", samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 216. gr. laga nr. 66/1963 og beri því þessum gjöldum sjóveðréttur í skipi. Af því leiðir, að talstöðvargjöldin ganga fyrir kröfum veðhafa í uppboðsandvirðið og kröfum vátryggingarfélaga vegna iðgjalda, en þær kröfur eru tryggðar lögveði samkv. sérstökum lögum.

Við framangreint annað og síðasta nauðungaruppboð á m/b Hannesi lóðs, VE 7, sem fram fór 19. júní sl., lá frammi krafa Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum um greiðslu á fúatryggingariðgjöldum af uppboðsandvirði bátsins, að fjárhæð kr. 329.693 auk vaxta og kostnaðar, og krafa Vélbátatryggingar Reykjaness um greiðslu iðgjaldsskuldar vegna framangreinds báts, að fjárhæð kr. 3.170.712, en bæði þessi kröfubréf voru dagsett 5. júlí 1974. Ekki var mætt af hálfu þessara aðilja uppboðsins við uppboðið sjálft og því engar frekari upplýsingar fyrirliggjandi um, hverjar end-

anlegar kröfur þeirra væru. Uppboðshaldari óskaði eftir því með bréfum, dagsettum 23. júní sl., að viðkomandi vátryggingarfélög gerðu grein fyrir kröfum sínum miðað við ákveðinn dag. Samábyrgð Íslands sendi þá uppboðsréttinum svohljóðandi bréf, dags. 30. júní 1975: „Vegna fyrirspurnar yðar í bréfi, dags. 23. þ. m., viljum vér upplýsa, að matsmenn Samábyrgðarinnar hafa nú metið bráðafúatjón á m.b. Hannesi lóðs VE 7 og verður skuld sú, er lýst var vegna nauðungaruppboðs á bátnum, millifærð af tjónbótum." Vélbátatrygging Reykjaness sendi uppboðsréttinum einnig bréf, dags. 7. júlí sl., svohljóðandi: „Hannes lóðs VE 7. Uppboðskrafa Vélbátatryggingar Reykjaness mun verða skuldajöfnuð af tjónbótum, sem félagið verður að greiða eigendum, og mun því ekki verða krafist greiðslu frá embætti yðar."

Kemur þá til álita, hvernig túlka beri framangreind bréf vátryggingarfélaganna.

Rétturinn telur, að tjónbætur þær, sem fylgdu bátnum, hafi verið fylgifé bátsins og beri því vátryggingarfélögunum að skila því fylgifé til næstbjóðanda, eftir að uppboðið hefur farið fram. Bréf vátryggingarfélaganna verða þá ekki skilin á annan hátt en þann, að þau séu yfirlýsingar þeirra um það, að þau hafi fengið greiddar kröfur sínar frá hæstbjóðanda. Verður því að telja, að greiðsla á vátryggingariðgjöldunum hafi verið greiðsla á hluta uppboðsandvirðisins. Af því leiðir, að taka ber til greina kröfur hæstbjóðanda, að tekinn verði inn í frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sá hluti af kröfum vátryggingarfélaganna, sem greiðist af uppboðsandvirðinu. Þar sem vátryggingarfélögin svöruðu bréfum uppboðshaldara, dags. 23. júní sl., þar sem óskað var eftir nánari upplýsingum um kröfur þeirra miðað við ákveðinn dag, á þann veg, að ekki varð af þeim bréfum ráðið, að kröfur þeirra hefðu breyst, lítur uppboðsrétturinn svo á, að miða verði við upphaflega kröfugerð vátryggingarfélaganna. Frumvarp að úthlutunargerð á uppboðsandvirði Hannesar lóðs, VE 7, verður því á þennan veg:

I. Forgangs- og lögveðskröfur, sem greiðast að fullu:		
1. Haldsréttarkrafa Dráttarbrautar Keflavíkur h/f	kr.	1.219.048
2. Skoðunar-, lesta- og vitagjöld 1973 til 1975	—	17.724
3. Aukaskoðun 14. 11. og 10. 12. 1973	—	3.050
4. Sjómannatryggingariðgjöld 1973 og 1974	—	195.697
5. Iðgjöld í lífeyrissjóð sjómanna	—	89.168
6. Talstöðvargjöld til Pósts og síma vegna Hannes-		

	ar lóðs, VE 7	kr.	111.423
7.	Sjóveðréttarkrafa Þorsteins Einarssonar	—	69.093
8.	Sjóveðréttarkrafa Þórarins Hauks Hallvarðssonar	—	36.878
9.	Sjóveðréttarkrafa Lárusar Gunnólfssonar	—	196.219
10.	Samhliða:		
	Upp í kröfu Vélbátatryggingar Reykjaness 90.58% af kr. 1.061.800	—	961.778
	Upp í kröfu Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, 9.42% af kr. 1.061.800	—	100.022
		Samtals kr.	3.000.000

II. Veðkröfur.

Eftirtaldar veðskuldir falla niður og skulu afmáðar úr veðmálabókum:

1. Krafa Fiskveiðasjóðs Íslands á 1. veðrétti samkvæmt veðbréfi, dagsettu 10. febrúar 1969, upphaflega að fjárhæð kr. 2.340.000.

Að öðru leyti verður frumvarpið eins og það var upphaflega lagt fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning úrskurðar þessa hefur dregist vegna gífurlegra anna dómarans við stjórnsýslu auk veikinda hans.

Þess skal getið, að málflutningur í máli þessu var geymdur á talvél og gat því dómarinn stuðst við þá upptöku eftir þörfum.

Jón Eysteinsson sýslumaður kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við úthlutun á uppboðsandvirði m/b Hannesar lóðs, VE 7, sem seldur var á nauðungaruppboði 19. júní 1975, skal krafa Pósts og síma um greiðslu talsíðvargjalda greiðast á undan kröfum veðhafa í framangreindan bát og á eftir þeirri kröfu, en á undan kröfum veðhafa skal greiðast upp í kröfur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum og Vélbátatryggingar Reykjaness í réttu hlutfalli við kröfur þeirra. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1977.

Nr. 231/1977. **Fagurhóll h/f**
gegn
Steingrími Kolbeinssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fagurhóll h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4 000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Steingrími Kolbeinssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafist ómaksbóta, 15.000 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1977.

Nr. 35/1977. **Ágúst Guðmundsson**
Ragnheiður Elín Ágústsdóttir
Sylvía Hildur Ágústsdóttir og
Guðmundur Einar Ágústsson
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni
og gagnsök.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Aðaláfrýjendur, Ágúst Guðmundsson, Ragnheiður Elín Ágústsdóttir, Sylvía Hildur Ágústsdóttir og Guðmundur Ein-

ar Ágústsson, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þau vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Gagnáfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1977.

Nr. 87/1977. **Hörður Gunnarsson og**
H/f Hörður Gunnarsson
gegn
Jóni Gunnari Zoëga.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Hörður Gunnarsson og H/f Hörður Gunnarsson, er eigi sækja dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1977.

Nr. 180/1977. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
gegn
Viðari Stefánssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 7. nóvember 1977.

Nr. 195/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Jóni Ómari Sigfússyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 30. f. m., sem barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. október 1977.

Ár 1977, laugardaginn 29. október var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá uppkveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Um kl. 1800 í gær handtóku lögreglumenn við komu til Keflavíkurflugvallar frá Luxemburg Jón Ómar Sigfússon sundlaugarvörð. Við líkamsleit fundust á nefndum Jóni, falin innan klæða, 113.7 gr af meintum hassefnum. Jón Ómar var yfirheyrður hér í dómi fyrir stundu og kvaðst þá sl. miðvikudag hafa haldið flugleiðis til Luxemburg, en neitaði að tilgreina erindi, hverja hann hitti ytra eða hvar hann þá dvaldist. Jón kvaðst hafa haldið utan með jafnvirði 38.000 ísl. kr. í belg. frönkum, kr. 50.000 í íslenskum peningum og jafnvirði 20.000 ísl. kr. í bandarískum dölum. Sl. fimmtudagskvöld kvaðst Jón Ómar af sér ókunnum aðilja í

Luxemburg hafa keypt hassefni fyrir 9.500 belg. franka, eða um 58.000 ísl. kr. af ofangreindu fé, og talið efnismagnið vera 100 gr og ætlað til eigin nota. Af flugfarmiða Jóns Ómars verður ráðið, og hann staðfesti að hafa haldið utan með eina töskú, 6 kg. að þyngd, en komið aftur hingað til lands skráður fyrir 4 töskum, samtals 34 kg. að þyngd. Við handtöku hafði Jón Ómar meðferðis eina töskú. Hann bar hér fyrir dómi, að hinar töskurnar 3 hefðu verið á vegum 11 ára pilts, er Jón Ómar hafi verið beðinn að líta til með í flugvél á leið hingað til lands.

Dómari hefur kynnt sér þær eftirgrennslanir lögreglu, að 11 ára sonur Kjartans Kjartansson fangavarðar hafi komið hingað til lands með nefndri flugvél, og eru lögreglumenn nú ásamt nefndum Kjartani Kjartanssyni að ræða við pilt og kanna farangur. Dómari hefur og kynnt sér lögregluyfirheyrslu yfir eiginkonu Jóns Ómars Sigfússonar. Lýsti hún þar sem mjög bágum fjárhag þeirra hjóna, kvaðst hafa vitað um ætlaða utanför Jóns Ómars, en ekki annað erindi hans en að kaupa nokkrar hljómplötur.

Verið er að rannsaka ætlað brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, og þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds. Guðmundur Gígja, yfirmaður lögregludeildar fíkniefnarannsókna, hefur borið fram kröfu um gæsluvarðhaldsúrskurð og talið brýna nauðsyn til bera í þágu rannsóknar.

Með vísan til ofanritaðs og 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að úrskurða Jón Ómar Sigfússon sundlaugarvörð, fæddan 23. mars 1950, til að sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Úrskurðarorð:

Jón Ómar Sigfússon, fæddur 23. mars 1950, til heimilis að Nökkvavogi 35, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 20 dögum.

Mánudaginn 7. nóvember 1977.

Nr. 193/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Lárusi Konráðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Hinn kærða úrskurð hefur kveðið upp Hjörtur O. Aðalsteinsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 28. f. m., sem barst Hæstarétti 31. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr ríkissjóði.

Frá ríkissaksóknara hefur engin greinargerð borist.

Samkvæmt upplýsingum í bréfi héraðsdómara, dags. 1. þ. m., fundust við húsleit á heimili varnaraðilja 10 hollensk gyllini, en ekki 30, svo sem í hinum kærða úrskurði greinir.

Í rannsókn máls þessa er varnaraðili skráður atvinnulaus, og verður ekki annað af henni ráðið en hann hafi a. m. k. undanfarið enga vinnu stundað. Hann gefur þá skýringu á þeim erlendu peninum, sem hann hafði meðferðis, er hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, að hann hafi undanfarna sex mánuði keypt þá af ýmsum ókunnum aðiljum og safnað þeim þannig saman. Hann hafi ætlað til Kanaríeyja um næstu jól, en þar sem hann hafi mánudaginn 24. f. m. eða þriðjudaginn 25. þess mánaðar fengið vitneskju um, að uppselt væri í jólaferðina, hafi hann keypt farmiða í þriggja vikna ferð til Kanaríeyja, en þangað mun hann og félagi hans, Jón Viðar Ágústsson, hafa verið að fara, er varnaraðili var handtekinn. Strax eftir að hann hafði keypt farmiðann, kveðst hann hafa farið í Landsbanka Íslands og keypt þar ferðagjaldeyri.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 28. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 28. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Á tímabilinu frá kl. 1330 sl. sunnudag til kl. 1945 sl. mánudag var farið inn í húsið Lambastekk 9 hér í borg og þaðan stolið kassa, sem innihélt tæplega 1.5 milljón íslenskra króna, 108 DM, 434—437 dollara, 1.550 D. kr., 1.500 N. kr., 380 hollensk gyllini og 300 peseta. Auk þessa voru í kassanum happdrættisskuldabréf og fleiri verðmæti.

Í þágu rannsóknar málsins var m. a. sett vakt á Keflavíkurflugvöll og fylgst með ferðum manna úr landi. Í fyrrakvöld var Lárus Konráðsson handtekinn þar, og fundust í fórum hans töluverð verðmæti í gjaldeyri, einmitt í þeim gjaldmiðlum, sem stolið var að Lambastekk 9.

Í dag hefur stöðugt verið unnið að rannsókn málsins, og komið hefur fram við yfirheyrslur, að þeir Lárus og Jón Viðar voru staddir í gleðskap í Breiðholtshverfi aðfaranótt sl. mánudags ásamt fleira fólki. Í dag var framkvæmd húsleit á heimili kærða, Lárusar, og fundust þar 30 hollensk gyllini. Kærði neitar sök.

Rannsókn máls þessa er enn á frumstigi, og þykir því nauðsynlegt með vísan til 1. tl. 67. gr. laga 74/1974, að Lárus Konráðsson sæti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember 1977. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXVI kafla almennra hegningarlaga, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldinu ekki til fyrirstöðu.

Úrskurðarorð:

Kærði, Lárus Konráðsson, skal sæta gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember 1977.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1977.

Nr. 13/1976. **Hreifi h/f**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
Aðalsteini Guðmundssyni og gagnsök
(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skiprúmssamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 21. janúar 1976. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 11. mars 1976. Hann krefst aðallega 1.138.873 króna frá aðaláfrýjanda með 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti og viðurkenningar á sjóveðrétti í m/s Héðni, ÞH 57, til tryggingar kröfum sínum. Til vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi var síðast lögskráður sem stýrimaður á m/s Héðin, ÞH 57, hinn 22. september 1972 á „síldveiðar með herpinót“ í Norðursjó. Áður en síldveiðum var lokið, var gagnáfrýjandi lögskráður úr skiprúmi í Hirtshals í Danmörku 8. nóvember 1972. Var um þetta samkomulag með gagnáfrýjanda og skipstjóranum, Maríusi Héðinssyni. Hvarf gagnáfrýjandi að því búnu heim til Íslands og hóf um sinn störf hjá Hringnót h/f, eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi. Við afskráninguna virðist hafa verið ætlast til þess, að þar með hyrfi gagnáfrýjandi úr skiprúmi sínu það sem eftir væri síldveiðitímans, en hins vegar hafi verið fastmæl-

um bundið, að hann ætti kost á stýrimannsstöðu, er skipið hæfi loðnuveiðar í janúar 1973.

Framangreint samkomulag gagnáfrýjanda og skipstjórans á m/s Héðni verður eigi skýrt svo, að aðaláfrýjandi hafi átt að bera áhættu af því, ef gagnáfrýjandi reyndist vegna veikinda ófær um að taka við stýrimannsstarfi á ný, er loðnuveiðar hæfust. Maríusi Héðinssyni skipstjóra var kunnugt um þau veikindi, sem gagnáfrýjanda höfðu borið að höndum, eftir að hann var skráður úr skiprúmi. Var skipstjóra því rétt að krafjast þess af gagnáfrýjanda, er hann vildi koma í skiprúm að nýju, að hann sannaði með læknisvottorði, að hann gæti heilsu sinnar vegna tekið við stýrimannsstarfi. Þar sem gagnáfrýjandi sinnti þessu ekki, var skipstjóra heimilt að líta svo á, að gagnáfrýjandi hefði ekki hlotið þann bata, að hann gæti gegnt stýrimannsstarfi. Samkvæmt þessu á gagnáfrýjandi eigi rétt til skaðabóta úr hendi aðaláfrýjanda fyrir uppsögn úr skiprúmi án uppsagnarfrests eða launa samkvæmt ákvæðum 32. gr., sbr. 18. gr. laga nr. 67/1963. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hreifi h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Aðalsteins Guðmundssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Hafnarfjarðar 19. desember 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 4. þ. m., hefur Aðalsteinn Guðmundsson stýrimaður, Laufvangi 8, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 17. apríl 1973, á hendur Hreifa h/f, Óseyrarbraut 9—11, Hafnarfirði.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 1.138.873 með 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk máls-

kostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Þá krefst stefnandi staðfestingar á sjóveðrétti í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu og að stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Málavextir.

Stefnandi, Aðalsteinn Guðmundsson, var fyrst lögskráður á m/s Héðin, ÞH 57, eign stefnda, Hreifa h/f, í janúar 1970. Síðast var hann afskráður úr skiprúmi hinn 8. nóvember 1972. Stefnandi var jafnan stýrimaður á skipinu. Hvert ár stundaði skipið mismunandi tegundir fiskveiða, en hlé urðu milli veiðitímabila. Voru þá skipverjar að jafnaði skráðir úr skiprúmi, en síðan lögskráðir að nýju, er haldið var til veiða. Milli veiðitímabila kveðst stefnandi ýmist hafa unnið við skipið eða verið í ólaunuðu leyfi í samráði við skipstjóra. Stefnandi kveðst jafnan hafa litið svo á, að hann væri bundinn ráðningarsamningi og talið, að ætlast væri til, að hann mætti til skips, þegar kallað væri eftir við upphaf nýs veiðitímabils.

Haustið 1972 var m/s Héðinn við síldveiðar í Norðursjó. Stefnandi var 1. stýrimaður, en 2. stýrimaður hét Sæmundur Helgason. Áður hafði maður að nafni Grímur Grímsson verið 2. stýrimaður á skipinu, en Sæmundur komið í hans stað sem afleysingastýrimaður og staðið til, að hann leysti Grím stýrimann af allt haustið. Þegar kom fram í nóvember, varð það að samkomulagi með stefnanda og skipstjóranum, að stefnandi færi heim til Íslands, en Grímur Grímsson yrði kallaður til að taka við stöðu hans sem 1. stýrimaður á skipinu. Segir stefnandi, að hvort tveggja hafi verið, að sig hafi langað í frí og að skipstjórinn, Marius Héðinsson, hafi boðið sér að taka frí á móti Grími. Stefnandi kveðst hafa farið úr skiprúmi hinn 10. nóvember í Hirtshals í Danmörku, en samkvæmt skipshafnarskrá var hann lögskráður úr skiprúmi hinn 8. nóvember.

Fyrirtækið Hringnót h/f starfrækir netaverkstæði í Hafnarfirði. Framkvæmdastjóri þess félags er Jón Ármann Héðinsson, sem einnig er framkvæmdastjóri stefnda, Hreifa h/f. Áður en stefnandi réðst sem stýrimaður á m/s Héðin, hafði hann unnið á netaverkstæðinu hjá Hringnót h/f, og eftir það vann hann oft milli úthalda hjá fyrirtækinu. Hann kveður þó ekkert hafa verið um það rætt, er hann réðst á skipið, að hann ynni hjá Hringnót

h/f í fríum, hann hafi ráðið sig að eigin frumkvæði í hvert einstakt skipti. Þegar stefnandi kom heim í nóvember 1972, hóf hann störf á verkstæði Hringnótar h/f, tók þar við starfi Gríms Grímssonar, sem starfað hafði á verkstæðinu frá því Sæmundur Helgason tók við stýrimannsstöðu hans á m/s Héðni. Stefnandi starfaði svo þarna á verkstæðinu þar til 11. eða 12. desember, er hann lagðist rúmfastur vegna verkjar í baki og var samkvæmt læknisráði frá vinnu þar til hinn 17. janúar 1973.

Jóhann Gunnar Þorbergsson, læknir á endurhæfingardeild Borgarspítalans, gaf svofellt vottorð undir rekstri máls þessa:

„Þ. 13. 12. '72 leitaði Aðalsteinn til mín og kvartaði um verki í mjóbaki. Verk lagði út í hæ. mjöðm, en ekki niður í ganglimi. Kvaðst Aðalsteinn hafa orðið óvinnufær vegna þessa sjúkdóms þ. 11. 12. sama ár. Sj. fékk lyf og var ráðlagt að taka sér hvíld frá vinnu fyrst um sinn. Ég skoðaði sj. alls 5 sinnum á tímabilinu frá 13. 12. '72 til og með 17. 1. '73. Þ. 16. 1. '73 var tekin rtg.mynd af mjóbaki (col. lumbosacralis). Sást þar, að liðbilið L:4-L:5 var nokkuð þröngt miðað við önnur. Sj. var þá orðinn verkjalaus í mjóbaki, og leiddi verk, sem fyrr, ekki niður í ganglimi. Var hann því talinn vinnufær frá og með 17. 1. '73, og fékk hann sama dag læknisvottorð I vegna umsóknar sinnar um sjúkradagpeninga.

Ég hef ekki haft Aðalstein til meðferðar síðan 17. 1. '73."

Í skriflegri aðiljayfirlýsingu, sem skipstjórinn, Marius Héðinsson, hefur lagt fram í málinu, segist honum svo frá:

„Ég talaði við Aðalstein, er við komum í höfn frá síldveiðum í Norðursjó rétt fyrir jólin, og sagðist hann þá varla geta hreyft sig vegna bakverkja. Ég sagði honum þá að reyna ekki að mæta til vinnu fyrr en fullfriskum. Við höfðum af og til samband í síma, og kvað Aðalsteinn jafnan svo á, að batinn gengi hægt og læknir hefði ekki úrskurðað, hvað væri að sér.

Um miðjan janúar hringi ég í Aðalstein og spyr um líðan hans. Þá segir hann, að hann bíði eftir myndum af bakinu og umsögn læknisins. Stuttu á eftir hringir svo Aðalsteinn og er mjög niðurdreginn. Hann segir lækninn úrskurða „brjósklos" í baki og yrði aðgerð ekki gerð að sinni. Læknirinn hefði bannað sér að reyna nokkuð á bakið og beygja bakið undir átaki. Þó hafi hann ekki bannað sér að vinna létta vinnu."

Stefnandi hefur lýst umræddum samtölum svo einnig í skriflegri aðiljayfirlýsingu:

„Um kl. 20.00 (hinn 17. 1.), er ég kom heim, hringdi ég til Maríusar, og er hann spurði mig, hvað myndin hefði leitt í ljós

og hvað læknirinn hefði sagt, sagði ég honum, að myndin hefði leitt í ljós svonefnt disklos, en jafnframt að ég kenndi mér einskis meins og væri algjörlega verkjalaus og læknirinn hefði úrskurðað mig vinnufæran með vottorði, er ég hefði undir höndum. Er ég hafði sagt Maríusi þetta, kvað hann af og frá, að ég færi með þeim út á sjó svona, eins og hann orðaði það, samt kvaðst hann ekki vilja ákveða það endanlega fyrr en hann hefði rætt við forstjóra Hreifa h/f, Jón Ármann Héðinsson, um þetta. Um kl. 11.00 daginn eftir hringdu svo þeir bræður til mín, gekk það samtal að mestu út á að sannfæra mig um, hversu mikill sjúklingur ég væri og voru ósparir á dæmisögur því til sönnunar og kváðu algert óráð fyrir mig að fara út á sjó með m/s Héðni. Jafnframt buðu þeir mér, Jón, vinnu á netaverkstæðinu Hringnót og Maríus meðmæli, ef ég vildi sækja um skipstjórastarf á öðrum bát. Ég sagði þeim, að ég vildi ekki missa af loðnuvertíðinni, enda teldi læknirinn mig vinnufæran, þó hann ráðlegði mér að fara varlega, meðan maður væri að venjast að vinna með þessu. Þeir vildu ekki heyra á þetta minnst, lauk þá þessu viðtali. Næstu daga fór ég að athuga, hvort hægt væri að meina mér plássins. Hafði ég samband við mitt stéttarfélag, og töldu þeir mig vera ráðinn á skipið, þar til uppsögn færi fram, og þá 3ja mánaða fullt kaup, ef af yrði. Þann 21. 1. '73 hringdi ég til Maríusar og varaði hann við afleiðingunum, ef hann vildi mig ekki um borð, kvaðst hann þá vilja fullgilda menn á skipið, en enga hálfdrættinga. Spurði ég hann, hvort hann gæti vefengt læknisvottorðið eða hvort hann væri betur dómbær á þetta en læknirinn, því svaraði hann ekki. Þá sagðist hann líka vera búinn að ráða annan mann á skipið. Ég benti Maríusi á það, að hann yrði þá að taka afleiðingunum af því, ef hann léti mig ekki halda plássinu. Síðar lét skipið úr höfn og hélt til loðnuveiða þann 23. jan. '73, án þess að skipstjóri eða forstjóri hefðu nokkurt samband við mig. Eftir það hafði ég nokkur skipti samband við forstjórann, og lét hann á sér skilja, að hann vildi ná sáttum, en síðar kvað hann sér þetta óviðkomandi og lýsti allri ábyrgð á hendur Maríusi."

Þegar skipstjórinn, Maríus Héðinsson, kom fyrir dóminn til yfirheyrslu hélt hann fast við, að stefnandi hefði neitað því, að hann hefði læknisvottorð, þegar þeir töluðu saman í síma að kvöldi hins 17. janúar. „Hann tók alveg fram, að hann hefði ekki læknisvottorð, alla tíð sem ég talaði við hann. Það var ekki fyrr en um vorið, í sambandi við stefnu, sem læknisvottorð kom fyrir mín augu eða eyru."

Við samprófun var stefnandi ítarlega spurður, hvort skipstjórinn, Maríus, hefði sett fram einhver skilyrði eða minnst á vottorð: „Ég held hann hafi orðað það þannig, að ég gæti komið, ef ég gæti komið með vottorð upp á það, að ég væri fullgildur maður. Ég sagðist efast um það, að slíkt vottorð fengi nokkur maður."

Svo sem fram kemur í yfirlýsingu Jóhanns G. Þorbergssonar læknis, sem áður er til vitnað, fékk stefnandi hjá honum hinn 17. janúar læknisvottorð I vegna umsóknar um sjúkradagpeninga, og í því vottorði er því lýst yfir, að stefnandi hafi orðið vinnufær sama dag. Við samprófun var stefnandi spurður, hvort honum hefði ekki dottið í hug að framvísa við skipstjórann eða framkvæmdastjórann nefndu læknisvottorði: „Það var ekki til þeirra. Eg taldi mér ekki bera skyldu til að framvísa læknisvottorði."

Svo sem áður er greint, auglýstu forsvarsmenn Hreifa h/f í útvarpinu lausa stöðu stýrimanns á m/s Héðni hinn 18. janúar 1973. Maríus skipstjóri kvað stefnanda þá hafa hringt og spurt, hvort þeir áttuðu sig á því, hvað þeir væru að gera. Hann kvaðst þá hafa sagt við stefnanda: „Ef þú kemur með læknisvottorð þá færðu plássið. Þá borgum við þessum manni, sem við erum búnir að ráða, eitthvað eða reynum að semja við hann, þar sem hann er ekki kominn um borð í skipið og er ennþá norður á Akureyri."

Stefnandi staðfesti, að skipstjórinn hefði sagt við sig í símtali, eftir að auglýst hafði verið, að hann gæti komið um borð og þeir mundu reyna að semja við hinn manninn: „Hann sló því fram, en sneri strax frá því aftur." „Allavega var vottorð ekki aðalatriðið, heldur það álit þeirra, að ég væri óvinnufær, og engin krafa kom fram um að sýna það."

Framburður Jóns Ármanns Héðinssonar fyrir dómi var efnislega mjög á sama veg og bróður hans, Maríusar skipstjóra. Hann kvaðst hafa rætt símleiðis við stefnanda og lagt áherslu á það, að hann kæmi með læknisvottorð, sem sýndi, að hann gæti farið á sjó sem fullgildur maður í hans stöðu. „Þegar við ræddum saman var hann ekki búinn að fá neitt læknisvottorð." Hann kvaðst ekki hafa séð sjúkradagpeningavottorðið frá 17. janúar 1973 fyrr en eftir þingfestingu máls þessa.

Eftir framkvæmdastjóranum var m. a. bókað:

„Mættur segir, að ef hann muni rétt, þá hafi stefnandi ekki treyst sér til að koma til vinnu við bátinn síðustu dagana fyrir skráningu, eins og venja sé um hluta af væntanlegri skipshöfn, fyrst og fremst yfirmenn."

Við samprófun, sem fór fram í beinu framhaldi af þessum um-

mælum framkvæmdastjórans, sagði stefnandi, að það hefði verið marg um talað milli sín og Maríusar, að hann kæmi til vinnu við bátinn, strax og hann væri orðinn vinnufær. Hins vegar kannaðist hann ekki við, að skipstjórinn hefði beðið sig um að koma til vinnu við bátinn á ákveðnum tíma eða ákveðnum degi. Stefnandi var þá spurður, hvort hann hafi verið vinnufær fyrr en 17. janúar. Hann vísaði til þess, að hann hefði verið undir læknishendi, frá sínu sjónarmiði væri hugsanlegt, að hann hefði fyrr getað farið að vinna við bátinn, en það hefði verið læknisins að dæma um það.

Frammi liggur í málinu umsókn stefnanda um sjúkradagpeninga, en margnefnt vottorð frá 17. janúar var fylgiskjal með þeirri umsókn. Umsóknin er dagsett 2. febrúar 1973. Þar tilgreinir stefnandi sjálfur Hringnót h/f sem vinnuveitanda sinn, er hann veiktist, og telur sig í umsókninni hafa verið ráðinn til starfa um óákveðinn tíma hjá því fyrirtæki, er hann varð óvinnufær. Stefnandi veitti viðtöku fyrirvaralaust hinn 16. febrúar 1973 kr. 10.115 frá Hringnót h/f sem greiðslu fyrir þá átta veikindadaga, sem hann átti rétt á greiðslu fyrir samkvæmt kjarasamningi.

Stefnandi hóf vinnu hjá Ísal hinn 7. febrúar 1973. Hann kvað gagngera læknisskoðun hafa farið fram á sér af hálfu Ísals, áður en hann hóf störf. Hann kvaðst hafa ráðið sig þar sem fullgildan mann og ekkert verið frá verki vegna baksins næstu mánuði. Hann kvaðst aðeins einu sinni, frá því hann lá greinda sjúkralegu, hafa fundið fyrir bakverk, líklega um ári eftir fyrstu veikindin, og þá fengið leyfi í nokkra daga. Spurður um, hvort hann hefði farið á sjóinn aftur, kvaðst hann hafa leyst af 1. stýrimann á Faxaborg, GK 40, einn mánuð sumarið 1973 við síldveiðar á Norðursjó og leyst sama mann af síðustu túrana á loðnunni á vertíðinni 1974, ráðið sig síðan sem 2. stýrimann á skipið, orðið síðan 1. stýrimaður, og þeirri stöðu gegndi stefnandi, er hann kom fyrir dóminn 11. desember 1974. Hann kvaðst þá hafa verið við síldveiðar í Norðursjónum síðustu sex mánuðina að frátöldum 1 mánuði, sem hann hefði verið í fríi. Hann kvaðst vera heilsugóður og engan veikindadag hafa tekið þennan tíma.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

„1. Þriggja mán. föst laun m. orlofsfé ..... kr. 3.184.89

2.	Tveggja mán. aflahl. m. orlofsfé	kr.	835.688.55
3.	Eins mán. aflahl. m. orl. áætlað	—	300.000.00

Samtals kr. 1.138.873.44"

Kröfur þessar byggir stefnandi á 2. mgr. 13. gr. laga nr. 67/1963, þar sem segir, að sé ekki öðruvísi um samið, skuli uppsagnarfrestur á skiprúmssamningum stýrimanna vera þrír mánuðir, svo og á ákvæðum 3. mgr. 14. gr. síldar- og loðnuveiðisamnings milli Landssambands íslenskra útvegsmanna og félaga innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands frá 31. desember 1971, þar sem segir, að uppsagnarfrestur stýrimanna skuli vera þrír mánuðir og skuli uppsögnin vera skrifleg af beggja hálfu. Stefnandi byggir þannig á því, að ráðningarsamningur hans hafi verið í fullu gildi, er nýr maður var ráðinn í skiprúm hans hinn 19. janúar 1973, og eigi hann samkvæmt framangreindum ákvæðum rétt til launa á uppsagnarfresti. Stefnandi telur sig hafa farið í ólaunað orlof, er hann var afskráður í nóvember 1972, og hafi hann átt að vera í því leyfi fram að loðnuvertíð. Bendir stefnandi í því sambandi m. a. á ákvæði 18. gr. áðurgreinds kjarasamnings, en í því samningsákvæði segir, að útgerðarmaður skuldbindi sig til að velja annan hvorn eftirtalinna kosta um orlof síldveiðisjómanna þeirra skipa, sem eru að veiðum í Norðursjó:

„1. Veita skipshöfn orlof í minnst 10 daga eftir að skipið hefur verið fjarverandi frá Íslandi í þrjá mánuði, með því að sigla skipinu í heimahöfn.

2. Greiða kr. 10.000.00 upp í ferðakostnað hvers áhafnarmanns, að meðtöldum tveimur afleysingarmönnum, sem fara til Íslands í orlof, enda verði orlofið tekið í samráði við útgerðarmann og skipstjóra."

Telur stefnandi, að á grundvelli þessa samningsákvæðis svo og með sérstöku samkomulagi við skipstjórann Maríus þá hafi hann farið í ólaunað orlof, án þess að ráðningarsamningi hans væri slitið. Sé þetta í samræmi við þær venjur, sem fylgt hafi verið á undanförnum árum, eftir að íslenskir síldveiðibátar fóru að stunda veiðar á fjarlægum miðum. Þá telur stefnandi, að yfirlýsingar forsvarsmanna hins stefnda félags beri ljóslega með sér, að þeir hafi litið svo á, að stefnandi væri ráðinn til áframhaldandi starfa á skipinu, skipstjórinn hafi sett sig í samband við stefnanda, strax eftir að hann kom heim, og óskað eftir því, að stefnandi kæmi til starfa, strax og hann yrði vinnufær. Stefnandi tel-

ur það atvik, að hann var lögskráður úr skiprúmi, engin áhrif hafa á tilvist eða gildi ráðningarsamnings síns. 5. gr. laga nr. 63/1961 um lögskráningu sjómanna mæli svo fyrir, að lögskrá skuli mann úr skiprúmi í hvert skipti, er vist hans á skipi lýkur, og telur stefnandi að ráðningarsamningar skipverja hefðu lítið gildi, ef sá skilningur væri réttur, að þeim væri jafnan slitið, er lögskráð væri úr skiprúmi. Þá gætu útgerðarmenn einhliða slitið skiprúmssamningi með því að afskrá skipverja úr skiprúmi, er þeir fara í leyfi eða vist þeirra lýkur með öðrum sambærilegum hætti, án þess að baka sér bótaskyldu með þeirri háttsemi. Telur stefnandi slíkan skilning andstæðan tilgangi sjómannalaga, laga um lögskráningu svo og nefnds kjarasamnings og almennri réttarvitund. Telur stefnandi, að með hliðsjón af öllu framansögðu beri stefndu sönnunarbyrði á þeirri staðhæfingu sinni, að afskráning stefnanda úr skiprúmi hafi jafngilt uppsögn af hans hálfu. Til vara byggir stefnandi á því, að nýr ráðningarsamningur hafi stofnast, þ. e. hann hafi verið ráðinn til þess að hefja störf á skipinu að nýju sem stýrimaður við upphaf nýs veiðitímabils.

Hið stefnda félag byggir sýknukröfu sína aðallega á því, að með skráningu stefnanda úr skiprúmi og með samkomulagi aðilja hafi ráðningarsamningi stefnanda verið slitið, er hann fór úr skiprúmi í Hirtshals hinn 10. nóvember 1972, en til vara á því, að uppsagnarfrestur stefnda eigi að miðast við 8. nóvember 1972 og hefði honum í síðasta lagi átt að ljúka hinn 8. febrúar 1973. Ef sú yrði niðurstaðan, sé kaupkrafan svo vanreifuð, að sýkna beri að svo stöddu. Til þrautavara byggir stefndi á því, að skipstjóranum hafi verið heimilt að víkja stefnanda úr skiprúmi hinn 17. janúar 1973, þar sem hann hafi verið óvinnufær sakir veikinda.

Til stuðnings aðalmálsástæðu sinni bendir stefndi á ákvæði í 5. gr. laga nr. 63/1961, þar sem segir, að lögskrá skuli menn úr skiprúmi í hvert sinn er vist manns á skipi lýkur. Stefndi telur, að þýðing afskráningar úr skiprúmi sé m. a. sú, að ráðningarsamningi útgerðarmanns og skipverja sé slitið. Vilji skipverji halda öðru fram, hvíli sönnunarbyrði á honum. Séu skipverjar leystir úr skiprúmi gegn vilja sínum, kunni þeir að eiga rétt til bóta, ef ekki sé gætt ákvæða sjómannalaga eða kjarasamninga um uppsagnarfrest. Í máli þessu sé engu líku til að dreifa. Viðurkennt sé, að stefnandi hafi verið afskráður af skipinu að eigin ósk og án þess að hann hafi gert nokkra athugasemd við afskráninguna. Stefndi telur það atvik, að stefnandi kostaði sjálfur ferð sína til Íslands, styðja þá skoðun, að ráðningarsamningi hans hafi þá ver-

ið slitið, og ekki beri að líta svo á, að stefnandi hafi verið að fara heim til Íslands í orlof eða ólaunað frí. Líklegt megi telja, að stefnandi hefði leitað til útgerðarinnar um a. m. k. hluta farareyris ef hann hefði talið ráðningarsamning enn vera í gildi milli sín og útgerðarinnar. Stefndi leggur áherslu á, að stefnandi hafi tekið upp störf hjá öðru fyrirtæki, fljótlega eftir að hann kom til landsins, ótímabundið, og án þess að geta um, að hann réði sig þar aðeins til ákveðins tíma. Þegar stefnandi veiktist, hafi hann tekið við launum fyrir veikindadaga frá Hringnót h/f. Í umsókn til Tryggingastofnunar ríkisins um sjúkradagpeninga, sem stefnandi hafi sjálfur samið og undirritað, tilgreini hann Hringnót h/f sem vinnuveitanda sinn, er hann veiktist, og geti þess, að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá fyrirtækinu um óákveðinn tíma. Í vottorði launagreiðanda, sem ritað sé á ofangreint umsóknareyðublað, staðfesti Jón Ármann Héðinsson, framkvæmdastjóri beggja fyrirtækjanna, Hringnótar h/f og Hreifa h/f, að upplýsingar stefnanda séu réttar og hann hafi verið starfsmaður Hringnótar h/f. Þessu vottorði svo og umsókninni sjálfri hafi stefnandi sjálfur framvísað við Tryggingastofnun ríkisins athugasemdalaust.

Stefndi telur, að í málflutningi stefnanda komi fram, að stefnandi vilji líta svo á, að það samband sé milli fyrirtækjanna Hreifa h/f og Hringnótar h/f, að nánast megi líta á þessi tvö fyrirtæki sem einn og sama aðiljann og þar af leiðandi geti hann litið svo á, að ráðningarsamningi sínum hafi aldrei verið slitið. Öllum slíkum hugmyndum mótmælir stefndi. Fyrirtæki þessi séu algerlega sjálfstæð og starfi hvort á sínu sviði og eigi reyndar ekki annað sameiginlegt en að forstjóri beggja fyrirtækjanna sé sami maðurinn og hluthafi í þeim báðum. Að öðru leyti sé ekki um sömu hluthafa að ræða.

Loks bendir stefndi á, að stefnandi gerði engar kröfur á hendur stefnda vegna veikindadaga sinna í desember 1972 og janúar 1973, en stefndi telur, að slíks hefði mátt vænta, ef stefnandi hefði talið stefnda vinnuveitanda sinn samkvæmt ráðningarsamningi á þessum tíma.

Allt þetta telur stefndi sýna, að með afskráningu stefnanda að hans eigin ósk hafi ráðningarsamningi hans verið slitið. Vilji stefnandi halda því fram, að þrátt fyrir afskráninguna hafi áfram verið í gildi ráðningarsamningur milli hans og stefnda, verði hann að sanna þá staðhæfingu sína. Slík sönnun hafi ekki komið fram og raunar bendi öll gögn málsins til hins gagnstæða. Vilji stefn-

andi á hinn bóginn halda því fram, að nýr ráðningarsamningur hafi stofnast, verði hann einnig að sanna það og jafnframt að veikindi stefnanda hafi ekki verið næg ástæða til riftunar eða ógildingar á slíkum meintum ráðningarsamningi.

Rök stefnda fyrir því, að sýkna beri að svo stöddu, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, eru einkum þau, að þá ætti að miða upphaf uppsagnarfrestsins við afskráningu hinn 8. nóvember 1972, þ. e. ef stefnandi yrði talinn eiga rétt til launa á uppsagnarfresti, þá eigi að miða upphaf uppsagnarfrestsins við nefndan dag. Uppsagnarfresturinn hefði þá verið liðinn hinn 8. febrúar 1972 og útilokað sé að dæma um hugsanlega bótafjárhæð á grundvelli kröfugerðar stefnanda, eins og hún nú liggur fyrir.

Loks telur stefndi, að þótt viðurkennd yrðu að fullu þau sjónarmið stefnanda, að honum hafi aldrei verið sagt upp ráðningarsamningi fyrr en 17. janúar 1973, væru samt ekki rök til að taka stefnukröfur hans til greina. Samkvæmt 32. gr. sjómannalaga hafi skipstjóri heimild til að víkja skipverja úr skiprúmi, ef hann er lengur en um stundarsakir ófær til vinnu sakir veikinda eða slysa. Í slíkum tilvikum fari réttur skipverjans til launa eftir ákvæðum 18. gr. sjómannalaga, en 3. mgr. þeirrar greinar veiti stýrimanni rétt á 2ja mánaða launum í slíkum tilvikum. Ljóst sé, að veikindi stefnanda hafi verið þess eðlis, að hann hafi ekki getað stundað venjuleg störf, hvað þá sjómannsstörf. Það hafi því einungis verið eðlileg og sjálfsögð skylda skipstjórans að krefjast þess, að stefnandi færði sönnur á heilbrigði sitt, áður en hann tæki við starfi að nýju á skipinu. Bendir stefndi í því sambandi á niðurlagsákvæði 10. gr. og 26. gr. sjómannalaga og mótmælir því harðlega, að stefnandi hafi nokkru sinni sýnt skipstjóra læknisvottorð um, að hann væri vinnufær, áður en m/s Héðinn hélt til loðnuveiða í janúar 1973. Einnig bendir stefndi á, að umrætt læknisvottorð hafi ekki verið ætlað vinnuveitanda, heldur einvörðungu fylgiskjal með umsókn um bætur til Tryggingastofnunar ríkisins. Sönnunargildi þess vottorðs sé því lítið. Sönnunargildi vottorðs þess, er samið var og lagt fram undir rekstri málsins, sé þaðan af minna, enda hafi læknir sá, er vottorðin gaf, ekki fengist til að koma fyrir dóm til þess að staðfesta vottorð sín eða svara spurningum varðandi veikindi stefnanda þrátt fyrir skrifleg tilmæli stefnda og margítrekaðar munnlegar beiðnir.

Stefndi mótmælti við munnlegan málflutning fjárhæð stefnukröfu sem allt of hárri. Sérstaklega mótmælti hann 2. og 3. lið stefnukröfu sem órökstuddum og allt of háum.

Álit réttarins.

Meðan stefnandi var á skipi stefnda, var aldrei gerður við hann sérstakur skriflegur ráðningarsamningur skv. 2. mgr. 11. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 að öðru leyti en því, að aðiljar undirrituðu skipshafnarskrá, þegar lögskráning fór fram, en skipshafnarskráin var færð í venjulegu hefðbundnu formi, þar sem þess er getið, á hvaða veiðar sé farið, og vísað til kjarasamnings viðkomandi stéttarfélags um kaup og kjör. Við lok hvers veiðitímabils, þegar stefnandi var afskráður, þá gengu aðiljar út frá því, að stefnandi mundi mæta og ætti að mæta til skips að nýju við upphaf nýs veiðitímabils. Það verður því að telja ósannað, að stefnandi hafi verið ráðinn til tiltekins tíma, ráðning hans var ótímabundin.

Á þeim tíma, sem hér um ræðir, var það orðin nokkuð almenn venja á fiskiskipaflotanum, að yfirmenn á skipum, sem stunduðu veiðar langtímum saman á fjarlægum miðum, ættu þess kost að fara í leyfi án launa hluta af veiðitímabilinu og fá mann í sinn stað, er skipstjóri eða útgerðarmaður samþykkti. Sést þessi venjumyndun m. a. á ákvæðum 18. gr. kjarasamnings stéttarfélaga aðilja máls þessa.

Gegn mótmælum stefnanda verður að telja ósannað, að ráðningarsamningi stefnanda hafi með samkomulagi verið slitið, er hann hélt heimleiðis í nóvember 1972 og var afskráður lögum samkvæmt.

Með vitund og vilja forsvarsmanna stefnda hafði stefnandi áður stundað launuð störf hjá tilteknu fyrirtæki, Hringnót h/f, milli þess sem hann sinnti stýrimannsstarfi á skipi stefnda. Þau störf tálmuðu því ekki, eins og á stóð og sambandi fyrirtækjanna var háttað, að stefnandi gæti staðið við ráðningarskyldur sínar gagnvart stefnda og mætt til skips, þegar kallað var.

Þegar stefnandi átti að mæta til undirbúningsvinnu við skipið í byrjun janúar 1973, var hann orðinn veikur af sjúkdómi, sem forsvarsmenn stefnda máttu ætla, að væri sérlega bagalegur fyrir stýrimann á aflaskipi, sem þarf að standa langar vaktir í vetrarveðrum og vera öðrum skipverjum fyrirmynd um dugnað og harðfylgi. Þrátt fyrir það gerði skipstjórinn stefnanda ekki skýra grein fyrir því, að hann hygðist neyta heimildar 32. gr. sjómannalaga til slita á ráðningarsamningnum, heldur var um það talað, að stefnandi kæmi til vinnu við skipið, þegar hann væri orðinn vinnufær.

Hinn 17. janúar var endanleg ákvörðun um val skipshafnar að komast í eindaga. Stefnandi og forsvarsmenn stefnda ræddust

við þann dag. Stefnandi bauð þá fram þjónustu sína skv. ráðningarsamningi sínum, en forsvarsmenn stefnda höfnuðu henni og auglýstu eftir nýjum manni. Stefnanda var rétt að líta svo á, að þar með væri ráðningarsamningi sínum slitið.

Kemur þá til álita, hvort um var að ræða uppsögn skv. 13. gr. sjómannalaganna með 3ja mánaða uppsagnarfresti eða hvort fyrir hendi var heimild til brottvikningar skv. 32. gr. sjómannalaganna og þá um að ræða rétt til 2ja mánaða launa skv. 2. mgr. (sic) 18. gr. sjómannalaga. Þegar málsaðiljar ræddust við, hafði stefnandi í höndum læknisvottorð. Hann framvísaði því þó ekki. „Það var ekki til þeirra. Ég taldi mér ekki skylt að framvísa læknisvottorði."

Samkvæmt 26. gr. sjómannalaganna er skipverja skylt að láta rannsaka heilsufar sitt, ef skipstjóri krefst þess, enda sé það gert skipverja að kostnaðarlausu. Með tilliti til hinna alvarlegu veikinda, sem stefnandi hafði átt við að stríða, svo og með tilliti til þess, að læknir hafði ráðlagt honum að fara vel með sig, þá bar honum að ósk stefnda að framvísa því læknisvottorði, sem hann hafði undir höndum, gegn greiðslu kostnaðar og eftir atvikum að hlíta því, að frekari gagna væri aflað um sjúkdóm hans. Telja verður, að synjun stefnanda í þessu efni hafi, eins og á stóð, skapað stefnda rétt til að neyta heimildar 32. gr. sjómannalaga til brottvikningar.

Samkvæmt þessu á stefnandi rétt til tveggja mánaða launa samkvæmt 18. gr. sjómannalaganna, og miðast upphaf þess tímabils við þann dag, þegar brottvikningarheimildar var neytt.

Stefndu mótmæltu kröfufjárhæð tölulega við munnlegan málflutning. Hvort tveggja er, að stefndu höfðu undir höndum og bar að leggja fram skýrslu um laun staðgengils, vildu þeir hnekkja kröfufjárhæðinni, svo og að mótmælin eru úr hófi seint fram komin.

Veikindi stefnanda reyndust ekki alvarlegri en svo, að hann gat tekið upp launuð störf í landi á nefndu tveggja mánaða tímabili, eða hinn 7. febrúar 1973. Eftir atvikum þykir það ekki eiga að valda því, að greiðslur til hans falli með öllu niður frá þeim degi, heldur eiga þær launagreiðslur fram til loka tveggja mánaða tímabilsins að koma til frádráttar.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 2/3 hluta stefnufjárhæðar, eða kr. 759.249 að frádregnum launum stefnanda fram til 23. mars, en stefnandi miðar sjálfur í kröfugerð uppsögn sína við 23. janúar. Samkvæmt gögnum málsins

nema laun stefnanda á þessu tveggja mánaða tímabili því sem næst kr. 70.000. Verða því tildæmdar kr. 689.248 ásamt vöxtum, eins og krafist er, og málskostnaði, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 90.000.

Viðurkenna ber, að stefnandi eigi sjóveðrétt í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir ofangreindum fjárhæðum.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt sjó- og verslunardómsmönnunum Guðmundi Guðmundssyni og Árna Sigurðssyni skipstjórum. Uppkvaðning dómsins hefur dregist um viku vegna tilfallandi sjúkrahússvistar annars meðdómandans.

Dómsorð:

Stefndi, Hreifi h/f, greiði stefnda, Aðalsteini Guðmundssyni, kr. 689.248 ásamt 7% ársvöxtum frá 23. mars 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 90.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Héðni, ÞH 57, fyrir framangreindum fjárhæðum.

Þriðjudaginn 8. nóvember 1977.

Nr. 74/1975. **Ólafur Gunnarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f** (Benedikt Blöndal hrl.) gegn **Guðmundi Ólafssyni** (Hörður Einarsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Skaðabótamál. Lögveð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 29. maí 1975. Krefjast þeir aðallega sýknu af kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfum hans, enda verði skipt sök á bifreiðaárekstri þeim, sem um er fjallað í málinu. Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Þegar virt eru atvik að árekstri þessum og afleiðingar hans svo og með hliðsjón af álitsgerð hinna dómkvöddu manna, sem rakin er í héraðsdómi og eigi hefur verið hnekkt, þykir mega leggja til grundvallar, að stefndi hafi ekið bifreið sinni, G 7603, allhratt í umrætt sinn og hraðar en leyft var á þessum tíma. Stefndi hefur lýst því, að hann hafi eigi orðið var við bifreiðina R 13612 fyrr en áreksturinn varð. Bendir það til þess, að hann hafi eigi beint svo athygli sinni að umferðinni sem honum bar. Samkvæmt þessu verður að telja stefnda eiga nokkra sök á árekstri þessum.

Með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi greinir, má á það fallast, að áfrýjandinn Ólafur eigi meginhluta sakar á árekstrinum.

Samkvæmt þessu er hæfilegt að telja stefnda eiga 1/4 hluta sakar og að hann verði að bera tjón sitt sjálfur að því leyti, en fái 3/4 hluta þess bætta úr hendi áfrýjanda, sbr. 68. gr. og 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Bótafjárhæðir samkvæmt hinum áfrýjaða dómi hafa engum andmælum sætt og verða því lagðar til grundvallar. Verður því áfrýjendum dæmt að greiða stefnda óskipt 144.000 krónur með vöxtum svo sem krafist er. Þá ber áfrýjendum að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 100.000 krónur.

Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 ber að taka til greina kröfu stefnda um lögveð í bifreiðinni R 13612 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Það athugast, að eigi var ástæða til að dæma mál þetta með samdómendum samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 200. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Áfrýjendur, Ólafur Gunnarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt stefnda, Guðmundi Ólafssyni, 144.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 31. ágúst 1973 til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi á lögveð í bifreiðinni R 13612 til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Svo sem greint er í héraðsdómi, sinnti áfrýjandi hvorki biðskyldu né gætti að umferð frá hægri, er hann ók inn á Rauðarárstíg, þar sem bifreið hans rakst á vinstri hlið bifreiðar stefnda, sem var ekið suður götuna á hægri vegarhelmingi. Að vísu verður að fallast á það með héraðsdómi, að líkur séu að því leiddar, að ökuhraði bifreiðar stefnda hafi verið yfir lögleyfðum hámarkshraða, er árekstur sá varð, er í málinu greinir. Þess er þó að gæta, að matsmaðurinn Þorvaldur Búason lét uppi það álit, er hann staðfesti matsgerð sína fyrir dómi, að eigi væri fullvíst, að ökuhraði bifreiða málsaðilja hefði verið innan þeirra marka, sem greinir í niðurstöðu matsmanna. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms teljum við, að áfrýjandi Ólafur hafi átt svo yfirgnæfandi sök á árekstrinum, að staðfesta beri héraðsdóminn, en áfrýjendur hafa lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að þeir andmæli ekki sérstaklega ákvæðum héraðsdóms um bótafjárhæðir eða vexti.

Þá ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem er hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

Samkvæmt þessu teljum við, að dómsorð eigi að hljóða svo:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Ólafur Gunnarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði stefnda, Guðmundi Ólafssyni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. apríl 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 14. f. m., er höfðað með stefnu, birtri 11. desember 1973.

Stefnandi málsins er Guðmundur Ólafsson sjómaður, nú til heimilis að Fellskjöri á Skagaströnd.

Stefndu eru Ólafur Gunnarsson, Skólavörðustíg 33, Reykjavík, og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, einnig í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndu verði in solidum dæmt að greiða honum kr. 550.300 með 9% ársvöxtum frá 31. ágúst 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt mati dómsins svo og að viðurkennt verði með dómi lögveð í bifreiðinni R 13612, fólksbifreið af gerðinni Volkswagen, árgerð 1965, til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefndu eru aðallega þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að sök verði skipt og kröfur stefnanda verði aðeins að hluta teknar til greina. Hvernig sem málið fer, er krafist málskostnaðar til stefndu úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómsins hafa eigi borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að nokkru eftir kl. 2000 föstudagskvöldið 31. ágúst 1973 varð árekstur milli bifreiðanna G 7603 og R 13612 á gatnamótum Flókagötu og Rauðarárstígs í Reykjavík með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar skemmdust.

Stefnandi ók í nefnt sinn bifreið sinni, G 7603, sem er fólksbifreið af gerðinni Fíat, árgerð 1968, suður Rauðarárstíg, en stefndi Ólafur ók bifreið sinni, R 13612, sem er Volkswagenfólksbifreið, árgerð 1965, vestur Flókagötu.

Tveir lögreglumenn fóru á staðinn. Gerði annar uppdrátt af vettvangi, og liggur sá uppdráttur frammi í málinu. Hinn lögreglumaðurinn skráði niður nokkur atriði varðandi áreksturinn. Í skýrslu lögreglumannsins segir m. a.: „Ekki náðist tal af ökumönnum bifreiðanna, en þeir voru báðir fluttir á slysadeild Borgarsjúkrahússins. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru: Á R 13612 var allt dældað að framan og sæti hægra megin bogið, einnig gírstöng í gólfi, og bæði ökuljósaker brotin, og bifreiðin er óökufær. Á bifreiðinni G 7603 var vinstri hlið öll rifin og dælduð, og bifreiðin var óökufær eða ónýt. Báðar bifreiðarnar voru fluttar af staðnum með aðstoð Vöku og eru geymdar þar. Ekki var vitað, hversu ökumenn voru slasaðir. Haft var samband við rannsóknarlögregluna, og komu á staðinn þeir Ragnar Vignir, sem ljósmyndaði vettvang, og Magnús Magnússon, sem tók að sér framhaldsrannsókn þessa máls. Einnig var haft samband við bifreiðaeftirlitsmann, sem kom og skoðaði bifreiðarnar.“ Þá segir í lögregluskýrslunni: „Yfirborð vegarins malbikað. Engin sjáanleg hemlaför. Dagsbirta, skýjað, blautt.“

Sex ljósmyndir, sem Ragnar Vignir tók af vettvangi, liggja frammi í málinu.

Í skýrslu bifreiðaeftirlitsmannsins, sem skoðaði bifreiðina G 7603, segir svo: „Við skoðun á slysstað kom í ljós, að bifreiðin var óökufær eftir áreksturinn. Hjólbarðar í lagi. Fóthemill veitti fast viðnám í fyrsta ástig, 6 cm frá gólfi. Handhemil var ekki hægt að prófa vegna skemmda á hurð. Rúður hreinar. Aðalljós í lagi. Rúðuþurkur, stefnuljós og flauta virkuðu ekki. Sennilega farið úr sambandi við högg, er mælaborð bílsins hafði fengið við áreksturinn. Bifreiðin var færð til aðalskoðunar 5. 6. 1973 og var þá í lagi.“

III.

Stefnandi gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. sept. 1973, og var þá fært til bókar „Mætta er birt skýrsla lögreglu um málið og sýndur uppdráttur af vettvangi. Kveðst hann ekki geta tjáð sig um þau gögn, þar sem hann muni ekki það vel eftir sér á staðnum. Skýrir hann svo frá: „Þegar þetta gerðist, var ég á rólegri keyrslu, en við fjögur, sem í bifreiðinni vorum, ætluðum í bíó kl. 2100. Ég hafði ekki litið neitt á hraðamælinn, svo ég get ekki borið annað um hraðann en það, að ég tel mig hafa ekið á eðlilegum hraða. Ég hafði ekki séð neitt til hinnar bifreiðarinnar fyrir áreksturinn, og vissi ég því ekki fyrr til en ég fékk mikið högg á

bifreiðina. Síðan sá ég vörubílspall framundan, og náði ég að grípa í stýrið og sveigja bifreiðina frá. Svo tókst mér að svissa af bifreiðinni, svo hún stöðvaðist. Þetta er það eina, sem ég man eftir að gerðist. Farþegarnir, sem með mér voru, hlutu ekki meiðsl, en ég hafði rekið höfuðið í, og hlaut ég skurð á enni, sem saumaður var saman á slysavarðstofunni. Auk þessa var ég marinn og aumur á nokkrum stöðum.""

Stefnandi hefur hér fyrir dómi hinn 27. september 1974 lýst ofangreinda skýrslu sína rétta. Jafnframt var fært til bókar: „Fyrir slysið ók stefnandi norður Snorrabraut og fram hjá Austurbæjarbíói, þar sem hann og farþegarnir huguðu að, hvort fjölmennt væri við kvikmyndahúsið, þangað sem þau ætluðu að fara kl. 2100. Ekki var stöðvað þar, en ekið austur Grettisgötu og beygt suður Rauðarárstíg, og var ætlunin að aka suður Rauðarárstíg og beygja til vesturs Miklubraut, þar sem áætlunin var að aka vestur á Holtsgötu, áður en farið yrði í kvikmyndahúsið. Stefnandi ók sem leið lá suður Rauðarárstíginn og heldur, að hann hafi ekið með um 40 km hraða miðað við klst. Hann minnir, að umferð hafi verið frekar lítil og ekkert sérstakt sé um aksturinn að segja eftir Rauðarárstígnum að slysstaðnum. Stefnandi telur, að hann hafi vankast við höggið, sem hann fékk við árekstur bifreiðanna, en hann kveðst þó hafa greint vörubílspallinn framundan. Stefnandi minnist þess ekki, að hann hafi hemlað bifreið sinni, og telur, að hann hafi ekki gert það. Stefnanda er bent á skýrslu vitnisins Guðmundu Jónsdóttur um það álit hennar, að báðar bifreiðarnar hafi verið á frekar mikilli ferð. Einnig er skýrsla vitnisins Páls Braga fyrir lögreglu lesin upp. Kveðst stefnandi halda fast við skýrslu sína um ökuhraðann. Farþeginn Guðleifur sat í framsæti hjá stefnanda, Vignir sat vinstra megin í aftursæti, en Ásta hægra megin í aftursæti, að því er stefnanda minnir. Stefnandi kveðst hafa ekið á hægri vegarhelmingi, þegar hann ók inn á gatnamótin, þar sem áreksturinn varð. „Ég haltraði til stefnda Ólafs eftir árekstrinn, og mér heyrðist hann tvítaka: „Ég virti ekki biðskylduna". Stefnandi segir, að hann rámi í það, að farþeginn Vignir hafi kallað eitthvað upp alveg um það leyti sem árekstur varð, en þó er þetta honum ekki skýrt í minni. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa aukið bensíngjöfina í því skyni að koma í veg fyrir árekstur, en hann tekur fram, að hægri fótur hans hafi eitthvað verið flæktur í fótstigum bifreiðarinnar, þegar hann fór út úr bifreiðinni eftir áreksturinn. Hann kveðst ekki muna, í hvaða ganghraðastigi bifreiðin var, þegar áreksturinn

varð, en telur líklegast, að bifreiðin hafi verið í öðru ganghraðastigi, en bifreiðin hefur fjögur ganghraðastig.“

Stefndi Ólafur Reimar Gunnarsson gaf svofellda skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 24. sept. 1973: „Ég var að koma af frímerkjasýningunni á Kjarvalsstöðum í umrætt sinn, og voru tvær systur mínar með mér í bifreiðinni. Þær sluppu báðar án teljandi meiðsla. Ég ók ekki hratt niður Flókagötuna, og ég hægði ferðina, þegar ég kom að Rauðarárstíg. Ég hafði yfirsýn suður eftir Rauðarárstígnum og sá þar enga umferð, en ég man ekki, hvort ég leit til hægri, en að minnsta kosti varð ég ekki var við neina umferð þeim megin frá og hélt því áfram inn á gatnamótin, ætlaði að halda áfram vestur Flókagötu. Næst man ég eftir mér, þar sem ég lá á gangstéttinni upp við steinvegg skammt frá bifreið minni. Hnakkapúði úr henni hafði verið settur undir höfuð mér, og einhver maður, sem kvaðst vera læknir, var að stumra yfir mér. Rétt á eftir kom sjúkrabifreið, og var ég þá fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Ég hafði fengið höfuðhögg og skurð á ennið hægra megin, sem búið var um þarna á deildinni, en síðan var ég látinn liggja þar í nokkrar klukkustundir til öryggis. Ég fékk að fara heim um nóttina, og heima fylgdist móðir mín með líðan minni. Daginn eftir var ég við rúmið, en næsta dag þar á eftir fór ég allra minna ferða og virtist þá búinn að jafna mig. Engin eftirköst hafa komið í ljós, skurðurinn á enninu er gróinn, en ör eftir hann mjög greinilegt.“

Stefndi Ólafur Reimar Gunnarsson gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 27. september 1974. Var þá m. a. fært til bókar: „Stefndi, sem er tvítugur í dag, kveðst nú sjálfur taka við málsvörn að því er hann varðar. Hann kveðst hafa gengist undir dómssátt í sakadómi Reykjavíkur út af ökuóhappi þessu, og undirgekkst hann að greiða kr. 3.000 í sekt til ríkissjóðs. Skýrsla stefnda fyrir rannsóknarlögreglu var lesin upp í réttinum og sýnd honum. Kveðst hann hafa undirritað skýrsluna og kveður þar rétt frá greint. Hann kveðst hafa tekið ökupróf 1971. Hann giskar á, að ökuhraði bifreiðar hans hafi verið 30 til 40 km, þegar hann ók niður Flókagötuna. Svo kveðst hann hafa hægt á sér við gatnamótin. Hann kveðst ekki hafa stöðvað við gatnamótin. Hann kveðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvort hann reyndi að hemla fyrir eða við áreksturinn, og hann kveðst ekki geta gert sér grein fyrir hraða bifreiðarinnar, þegar áreksturinn varð. Hann rámar í, að hann hafi fyrst orðið var við Fíatbifreiðina beint framundan.“

Vitnið Guðmunda Jónsdóttir, fædd 1959, gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 27. sept. 1973. Þar segir m. a.: „Ég var stödd á nyrðri gangstétt Flókagötu skammt fyrir vestan Rauðarárstíg í umrætt sinn og horfði upp eftir Flókagötunni. Ég var að líta eftir strætisvagni, sem ég átti von á, að kæmi á hverri stundu. Ég tók eftir rauðri VW-bifreið, sem kom niður Flókagötu, án þess þó að veita henni nokkra sérstaka athygli, fyrr en ég heyrði hvína í hemlum, en þá um leið sá ég græna bifreið birtast, sem var á leið suður Rauðarárstíg. Ég gat ekki greint, frá hvorri bifreiðinni hemlahljóðið kom, enda skipti engum togum, að árekstur varð. Mér fannst rauða bifreiðin lenda utan í þeirri grænu og snúast síðan í hringi, tvo að ég held, þar til hún stöðvaðist vestanverðu á Rauðarárstígnum, en ég sá ekki vel, hvernig það var, því garðveggur skyggði þar á. Hin bifreiðin þeyttist suður fyrir gatnamótin og hvarf mér bak við vegginn. Mér fannst báðar bifreiðarnar vera á frekar mikilli ferð."

Vitnið Guðmunda hefur hér fyrir dómi hinn 24. september 1974 skýrt svo frá: „Ég vann í Kjarvalshúsi og var að koma þaðan, þegar áreksturinn varð. Ég var ekki vel kunnug á þessum slóðum, en ég var að huga að strætisvagni til þess að komast heim til mín vestur í bæ. Ég mun því hafa snúið mér við og litið til baka upp eftir Flókagötunni, um það leyti sem áreksturinn varð, en ég man ekki nú nákvæmlega, hvar ég stóð þá. Ég gat ekki séð grænu bifreiðina, þar sem ég stóð, fyrr en hún kom inn á gatnamótin."

Vitnið Páll Bragi Kristjónsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni 5. okt. 1973. Er hún svohljóðandi: „Þegar umrætt slys varð, var ég á gangstéttinni norðan Flókagötu og austan Rauðarárstígs á móts við annað hús frá horni. Ég hafði lagt bifreið minni á stæðið við Kjarvalsstaði, og stóð hún vestast á stæðinu. Síðan gekk ég áleiðis norður yfir Flókagötuna, en er ég kom að henni, þá var Volkswagen-bifreiðin að nálgast, sú sem síðar lenti í slysinu. Ætlaði ég að stöðva og bíða, meðan hún færi fram hjá, en þá var dregið úr hraða hennar, og gekk ég því yfir götuna, en var svo að horfa niður á gatnamótin. Ég sá, að bifreiðinni var ekið inn á gatnamótin á rólegri ferð, en hiklaust, uns áreksturinn varð. Hina bifreiðina sá ég ekki fyrr en rétt áður en áreksturinn varð, þar sem hún kom inn á gatnamótin út undan húsinu, sem borið hafði á milli. Ég get ekki fullyrt neitt ákveðið um hraða hennar, en þó fannst mér hún fara nokkuð hratt miðað við aðstæður. Ég get þó ekkert fullyrt það atriði, en meðal annars dró ég þá ályktun af því, hve áreksturinn varð harður og hin bifreiðin snérist

snöggt við á götunni. Eftir árekstur inn var hraði Fíat-bifreiðarinnar aukinn mjög, svo sem ökumaður hennar stæði fast á bensíngjöfinni, og var hún nærri oltin, er hún fór út af götunni, og stöðvaðist hún ekki fyrr en langt frá. Mér virtist báðum bifreiðunum ekið fremur innarlega á götunni, en engin bifreið var að koma á móti hvorugri þeirra."

Vitnið Guðleifur Magnússon, farþegi í bifreið stefnanda, gaf hinn 27. sept. 1974 hér fyrir dómi svohljóðandi skýrslu: „Við keyptum miða í Austurbæjarbíó. Síðan ók stefnandi austur annað hvort Njálsgötu eða Grettisgötu og síðan suður Rauðarárstíg. Ég sat í framsæti hægra megin. Ég gætti ekki að því, hvað hraðamælir bifreiðarinnar sýndi. Ég tók ökupróf í júní 1973. Ég giska á, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið um 40 til 50 km miðað við klst., þegar árekstur inn varð. Ég man ekki, í hvaða ganghraðastigi bifreiðin var. Ég meiddist ekkert í árekstrinum. Stefnandi ók eftir réttum vegarhelmingi. Ég varð ekki var við, að stefnandi hemlaði, en ég held, að hinn bifreiðarstjórinn hafi reynt að hemla. Ég heyrði ískur í hemlum. Ég sá Volkswagen-bifreiðina rétt áður en hún lenti á okkur, en við árekstur inn virtist sem Fíat-bifreiðin tæki mikinn kipp og kastaðist til og þeyttist eftir veginum. Stefnandi náði rétt að sveigja frá vörubíl, sem stóð hægra megin á Rauðarárstígnum. Síðan fór Fíat-bifreiðin þvert yfir götuna og yfir gangstéttina og út á túnið. Mér virtist stefnandi vankast við árekstur inn, og mér fannst hraðinn aukast eftir árekstur inn. Ég hef skilið Guðmund þannig, að hann hafi ekki orðið hinnar bifreiðarinnar var, fyrr en rétt við árekstur inn. Ég tel mig hafa séð hina bifreiðina fyrr en stefnandi. Ég held, að ég hafi hrópað eitthvað upp, en þetta skeði svo snöggt. Það fauk í mig vegna þess, hvernig hinn ökumaðurinn ók á bifreiðina, sem ég var í. Ég fór til ökumannsins, sem lá á götunni, og tvítók hann: „Ég virti ekki biðskylduna.""

Vitnið Ásta Erlingsdóttir, fædd 1954, gaf eftirfarandi skýrslu hér fyrir dómi hinn 27. sept. 1974: „Ég tók ökupróf í maí 1973. Við keyptum miða í Austurbæjarbíó. Síðan ók stefnandi austur Njálsgötu og suður Rauðarárstíginn. Ég sat í aftursæti hægra megin. Mér fannst stefnandi aka á mjög eðlilegum hraða. Þegar við komum á gatnamótin, öskraði Vignir, sem sat vinstra megin í aftursætinu, upp: „Guðmundur, passaðu þig." Um leið skullu bílarnir saman. Ég vankaðist og man mjög lítið eftir því, sem þar næst gerðist, en ég varð vör við skarkala og brambolt. Ég giska á,

að ökuhraði Fíat-bifreiðarinnar hafi verið um 40 til 50 km miðað við klst."

Vitnið Vignir Sveinbjörnsson gaf eftirfarandi skýrslu hér fyrir dómi hinn 20. nóvember 1974: „Vitnið var farþegi í bifreiðinni G 7603 og sat í aftursæti vinstra megin. Vitnið segir, að stefnandi hafi ekið Grettisgötu og suður Rauðarárstíg, og telur, að ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið 40—50 km miðað við klst. Vitnið sá ekki til hraðamælis bifreiðarinnar. Vitnið segir aðspurt: „Þegar við nálguðumst hornið þarna, þá sá ég, hvar Volkswagen-bifreiðin kom á fleygiferð. Ég kallaði upp: „Passaðu þig Guðmundur," en í sömu andrá skullu bílarnir saman. Ég hafði hent mér niður í sætið, og þegar ég leit upp, þá sá ég, að Guðmundur hélt um höfuð sér, og bíllinn rann stjórnlaust í átt að vörubíl, sem var fram undan, svo að ég kallaði aftur. Þá leit Guðmundur upp og tók í stýrið og beygði til vinstri og stöðvaði bílinn uppi á túninu. Ég tók bílpróf í júní 1973. Eftir að bifreiðin stöðvaðist, fór ég að aðstoða farþega, sem einnig sat í aftursæti, Ástu Erlingsdóttur, sem mér virtist hafa fengið taugaáfall. Vitninu var kynnt skýrsla vitnisins Páls Braga Kristjónssonar fyrir lögreglu að því er varðar hraða bifreiðanna. Heldur vitnið fast við fyrri framburð sinn um hraðann."

IV.

Hinn 4. október 1974 voru dómkvaddir á bæjarþingi Reykjavíkur að beiðni lögmanns stefndu þeir Þorvaldur Búason eðlisfræðingur og Gunnar Björnsson vélaverkfræðingur til þess að meta hraða bifreiðanna G 7603 og R 13612, þegar árekstur varð.

Matsmenn skiluðu rækilegri álitsgerð, sem er dagsett 4. des. 1974. Hún skiptist í fjóra meginkafla, sem bera yfirskriftina: 1. Skriðþungavarðveisla. 2. Orkuvarðveisla. 3. Mat einstakra stærða í líkingunum (1)-(3). 4. Niðurstöður. Matsgerðin er hin vísindalegasta og hefur að geyma flókna stærðfræðilega útreikninga. Er eigi ástæða til að taka álitsgerð þessa upp í dóminn í heild, en í bréfi matsmanna, sem fylgdi álitsgerðinni, segir svo: „Undirritaðir hafa framkvæmt umbeðið mat dómsins, gengið á vettvang, dregið upp uppdrátt samkvæmt mælingum á vettvangi og ljósmyndum lögreglunnar af árekstursstað og skoðað bifreiðarnar G 7603 og R 13612. Niðurstöður okkar eru, að líklegasti hraði R 13612 hafi verið milli 32 og 45 km/h og G 7603 milli 52 og 63 km/h. Sjá ennfremur meðfylgjandi greinargerð, uppdrátt og ljósmynd."

Það skal tekið fram, að bifreiðin G 7603 var enn í geymslu hjá Björgunarfélaginu Vöku, þegar matið fór fram, og höfðu þá engar endurbætur eða lagfæringar verið gerðar á henni eftir skemmdirnar í árekstrinum.

Matsmaðurinn Þorvaldur Búason gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 17. janúar 1975. Var þá m. a. bókað: „Að sjálfsögðu athuguðum við vitnaleiðslur og skoðuðum bifreiðarnar. Eins og fram kom í vitnaleiðslum, er því haldið fram af vitnum, að Fiat-bifreiðin hafi aukið hraðann eftir áreksturinn. Við athugun á ástandi bifreiðarinnar getur það talist eðlilegt, að bifreiðastjórinn stigi á bensínið, þegar hann telur sig stíga á hemilinn, vegna þess að hurðin hefur dældast það mikið við áreksturinn, að ekki var rúm til annars. Ég tel hæpið, að Fiat-bifreiðin hefði getað frí hjólað frá árekstursstað og þar sem hún stöðvaðist. Það er hugsanlegt að hraðar liggi utan þeirra marka, sem segir í niðurstöðu, en við teljum það harla ólíklegt. Það er persónulegt álit mitt, að líkurnar séu 8 á móti 10, að hraðarnir liggi innan þeirra marka, sem í niðurstöðu greinir."

V.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefndi Ólafur beri alla sök á bifreiðaárekstri þeim, sem málið fjallar um, þar sem hann hafi ekki virt biðskyldu á gatnamótum Flókagötu og Rauðarárstígs, en bifreið stefnanda hafi verið ekið á eðlilegum hraða miðað við aðstæður. Ósannað sé með öllu, að stefnandi hafi ekið með ólöglegum hraða, en hámarkshraði ökutækja á Rauðarárstíg hafi verið 45 km/h. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að álitsgerð matsmanna, sem lýst er í næsta kafla á undan, hnekki ekki þeirri fullyrðingu, að hraði bifreiðar stefnanda hafi verið innan við 45 km/h, og er í því sambandi einnig vitnað til skýrslu matsmannsins Þorvalds Búasonar hér fyrir dómi um það álit hans, að líkurnar séu 8 á móti 10, að hraðarnir liggi innan þeirra marka, sem í niðurstöðu álitsgerðar matsmanna greinir. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að skýrsla stefnanda sjálfs og vætti þriggja vitna staðfesti, að stefnandi hafi ekið á hraða 40—50 km/h. Einnig er því haldið fram, að brot stefnanda Ólafs hafi verið svo alvarlegt, að lítils háttar brot stefnanda breyti því ekki, að leggja beri alla sök og þar með ábyrgð á stefnda Ólaf, sem hafi virt að vettugi þá lögboðnu skyldu að víkja fyrir ökutækjum, sem eftir Rauðarárstígnum fóru. Auk þess hafi stefndi Ólafur brotið þá megin-

reglu, sem skyldar menn til að víkja fyrir umferð, sem kemur frá hægri.

VI.

Aðalkrafa stefndu um sýknu er studd þeim rökum, að samkvæmt frásögn stefnda Ólafs og vitna hafi bifreiðinni R 13612 verið ekið rólega eða hægt. Við gatnamótin hafi Ólafur ekki orðið var neinnar umferðar á Rauðarárstíg og hafi Ólafur því haldið áfram inn á gatnamótin og ætlað yfir götuna, vestur Flókagötu, en árekstur þá orðið. Eftir frásögn vitnisins Guðmundu Jónsdóttur hafi bifreið stefnanda tekið svo rösklega í bifreið Ólafs, að hún snerist í hringi eftir Rauðarárstígnum, en þeyttist sjálf suður fyrir gatnamótin. Af uppdrætti lögreglunnar sjáist, að bifreið stefnanda stöðvaðist ekki fyrr en um það bil 75 metra frá þeim stað, þar sem hún rakst á bifreið stefnda Ólafs, og þá búin að fara yfir gangstétt og langan spöl upp eftir Miklatúni. Allt bendi þetta til þess, að stefnandi hafi ekið mjög hratt suður Rauðarárstíginn, og í sömu átt hnígi vitnisburður Páls Braga Kristjónssonar. Sjálfur segist stefnandi hafa ekið hægt, en sú frásögn fái ekki staðist, þegar litið sé til annarra gagna málsins. Skemmdirnar á bifreiðunum tali og sínu máli í þessu efni og allt bendi til þess, að því skipti hraðinn á bifreið stefnanda höfuðmáli. Stefnandi hafi því brotið gegn ákvæðum 49. og 50. gr. umferðarlaga. Stefndi Ólafur virðist að vísu hafa brotið gegn 48. gr. umferðarlaga, en þegar litið sé til aksturslags stefnanda, verði Ólafi ekki gefið það að sök og því sé sýknukrafan fram sett, að sök stefnanda sé svo yfirgnæfandi, að ekki beri að líta til smávægilegrar ógætni, sem stefndi Ólafur kunni að hafa sýnt.

Verði ekki fallist á ofangreind rök, er varakrafa stefndu á því byggð, að skipta beri sök, og er því haldið fram í því sambandi, að stefnandi beri höfuðsökina á tjóninu.

VII.

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður. Einnig liggja frammi ljósmyndir af vettvangi, svo sem fyrr er lýst.

Þegar stefndi Ólafur ók niður Flókagötuna til vesturs í nefnt sinn, hindraði hornhúsið, sem var honum á hægri hönd, útsýn norður eftir Rauðarárstígnum. Allaufguð tré í garði hornhúss þessa, þar á meðal eitt stórt, yst í horni lóðarinnar, byrgðu einnig útsýn til norðurs eftir götunni. Biðskyldumerki var við gatnamótin. Í 48. gr. umferðarlaganna segir m. a.:

„Vegur nýtur aðalbrautarréttar, ef vegur, sem að honum liggur, er við vegamótin merktur biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum, sbr. 65. og 66. gr.

Þar sem sett hefur verið biðskyldumerki, skal sá, sem kemur af hliðarvegi, skilyrðislaust víkja fyrir umferð þess vegar, sem hann ekur inn á eða yfir, hvort sem um aðalbraut er að ræða eða ekki. Hann skal í tæka tíð draga úr hraða og nema staðar, ef nauðsyn krefur. Skylt er að nema staðar, þegar ekki er fullkomið útsýn yfir veginn."

Stefndi Ólafur ók inn á Rauðarárstíginn án þess að stöðva, enda þótt hann hefði ekki útsýn til norðurs eftir götunni. Þá virðist hann heldur ekki hafa gætt að umferð þeim megin frá. Þessi akstursmáti var, eins og á stóð, háskalegur og brýnt brot á áðurnefndum ákvæðum 48. gr. umferðarlaganna.

Stefnandi virðist hafa ekið á vestari vegarhelmingi Rauðarárstígs, svo sem honum bar. Hafði stefndi Ólafur því ekið yfir eystri vegarhelming götunnar, þegar bifreið hans lenti á bifreið stefnanda.

Samkvæmt gögnum málsins virðist stefnandi að vísu hafa ekið nokkuð greitt, og eru líkur fyrir því, að hann hafi ekið á um eða yfir löglegan hámarkshraða, sem var 45 km/h á Rauðarárstígnum.

Þegar öll gögn málsins eru virt, þá verður þó að telja, að hinn stórkostlega gálausi akstur stefnda Ólafs hafi verið svo yfirgnæfandi, að eigi er ástæða til sakarskiptingar. Verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda því lögð óskipt á stefndu.

VIII.

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar nú þannig:

1)	Verðmæti bifreiðarinnar G 7603	kr. 240.000
2)	Miskabætur	— 50.000
3)	Afnotamissir bifreiðarinnar 31/8 1973 — 20/9 1974, 381 dagur, á kr. 600 pr. dag	— 228.600
4)	Vinnutap	— 20.000
5)	Geymslukostnaður bifreiðarinnar hjá Björgunarfélaginu Vöku h/f	— 61.700
		kr. 600.300
	Frá dregst væntanlegt söluverð bifreiðarinnar G 7603	— 50.000
		Samtals kr. 550.300

Verður nú afstaða tekin til einstakra kröfuliða.

Um 1.

Stefnandi hefur haldið því fram, að skemmdirnar á bifreið hans hafi verið svo miklar, að eigi hafi svarað kostnaði að gera við hana. Er þessu ekki sérstaklega mótmælt af hálfu stefndu. Stefnandi fékk matsmenn dómkvadda til að meta verðmæti bifreiðarinnar. Matsmennirnir Haraldur Þórðarson bifreiðasmíðameistari og Finnbogi Eyjólfsson bifvélavirkjameistari skiluðu matsgerð, sem dagsett er 28. nóvember 1973. Þar segir m. a.:

„Samkvæmt dómkvaðningu Emils Ágústssonar borgardómara, dagsettri 16. nóvember 1973, höfum við undirritaðir skoðað og metið bifreiðina G 7603, sem er af gerðinni Fiat 125, árgerð 1968, og fer hér á eftir niðurstaða okkar í samræmi við beiðni um gjörð þessa:

Verðmæti bifreiðarinnar þann 31. ágúst 1973 teljum við, að hafi verið 205.000.00, og er þá miðað við staðgreiðslu.

Í matinu er tekið tillit til þess, að bifreiðin var nýmáluð og að vélin hafði verið endurbyggð nýlega. Ekki var útvarp í bifreiðinni, þegar matið átti sér stað, og er því verðmæti hennar miðað við það. Hins vegar taldi matsbeiðandi, hr. Hörður Einarsson, hrl., að útvarp hefði verið í bifreiðinni þann 31. 8. 1973, en undirrituðum tókst ekki að staðreyna það. Matið fór fram mánudaginn 26. nóvember 1973 í bílageymslu Björgunarfélagsins Vöku h.f., að Stórhöfða 3, Reykjavík."

Stefnandi telur hins vegar, að mat hinna dómkvöddu matsmanna á verðmæti bifreiðar hans á slysdegi sé of lágt. Gerir hann kröfu til þess, að lagt verði til grundvallar í málinu, að verðmæti hennar hafi verið kr. 240.000. Einnig er því haldið fram af stefnanda hálfu, að matsfjárhæðin sé miðuð við staðgreiðslu, sem ekki hafi átt sér stað. Beri því að taka sérstaklega tillit til þess, að nú sé liðinn langur tími frá því að árekstur varð.

Af hálfu stefndu er á það bent, að stefnandi hafi ekki látið fara fram yfirmat á bifreiðinni og hann hafi engin rök leitt að því, að matsfjárhæðin sé röng. Verði því við hana að miða. Einnig eigi að draga frá verðmæti flaksins.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna hefur ekki verið hnekkt. Þykir verða að leggja hana til grundvallar að því er varðar verðmæti bifreiðarinnar.

Við hinn munnlega málflutning var því lýst yfir af hálfu aðilja, að verðmæti flaks bifreiðar stefnanda skyldi reiknað á kr. 50.000,

og ber að draga þá fjárhæð frá matsfjárhæðinni, kr. 205.000. Verður þessi kröfuliður tekinn til greina með kr. 155.000.

Um 2.

Stefnandi telur sig eiga rétt á miskabótum.

Stefndu hafa haldið því fram, að stefnandi hafi aðeins orðið fyrir lítils háttar meiðslum samkvæmt læknisvottorði, sem liggi fyrir í málinu. Hafa stefndu því mótmælt miskabótakröfunni, kr. 50.000, sem allt of hárri og út í hött.

Stefnandi var fluttur af slysstað á slysadeild Borgarspítalans. Í vottorði læknis spítalans segir m. a.:

„Hann skýrði svo frá, að hann hefði ekið bifreið sinni um Rauðarárstíg í Reykjavík, er önnur bifreið ók inn í hlið bifreiðar Guðmundar. Kvaðst hann við þetta hafa kastast til og hlotið högg á augabrún, en ekki misst meðvitund. Ekki hafði Guðmundur fram að færa kvartanir um annað en sár á augabrúninni, og við skoðun fundust engir áverkar eða áverkamerki aðrir en smá skurður ofanvert við vinstri augabrún.

Fyrrgreindur skurður var saumaður með tveimur saumum, og fór Guðmundur síðan af Slysadeildinni.

Hann kom síðan til saumatöku skv. áætlun þann 8/9. Saumarnir voru þá fjarlægðir, og er ekki neinna kvartanna þá getið eða frekari áverkaeinkenna."

Rétt þykir að taka miskabótakröfu stefnanda til greina með kr. 15.000.

Um 3.

Stefndu hafa mótmælt kröfu stefnanda um afnotamissi sem allt of hárri. Eðlilegt sé, að stefnandi fái nokkrar bætur vegna afnotamissis bifreiðar sinnar, á meðan hann var að afla sér nýrrar bifreiðar, og hefði honum átt að nægja ein vika til slíks.

Svo sem fyrr er lýst, hefur verið lagt til grundvallar í málinu, að bifreið stefnanda væri óbætandi. Rétt er, að stefndu bæti stefnanda afnotamissi bifreiðarinnar í nokkra daga, á meðan hann var að átta sig á því, hvernig hann ætti að bregðast við þeim vanda, sem hann komst í við eyðileggingu bílsins. Þykja bætur þær hæfilega ákveðnar kr. 12.000, og verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með þeirri fjárhæð, enda hefur stefnandi ekki sannað, að hann eigi rétt á frekari bótum fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

Um 4.

Stefnandi heldur því fram, að hann hafi orðið fyrir vinnutapi, þar sem hann hafi ekki getað unnið aukavinnu, eftir að hann missti bifreiðina. Um þetta segir hann í aðiljaskýrslu: „Ég var á þessum tíma bókbindari í prentsmiðjunni Leiftri, Höfðatúni 12 í Reykjavík. Ég notaði bifreið mína til þess að komast í og úr vinnu. Ég vann einnig við bókband öðruhverju á bókasafni Elliheimilisins Grundar við Hringbraut. Var sú vinna innt af hendi eftir venjulegan vinnutíma, og notaði ég bifreiðina til þess að komast á þennan vinnustað. Á þessum tíma bjó ég í Hafnarfirði. Eftir að ég missti bílinn, varð ég að fara á milli í strætisvagni Hafnarfjarðar. Varð ég þá að vakna fyrr og meiri tími fór þá í ferðir heldur en á meðan ég var með bifreiðina. Um leið varð ég að hætta við aukavinnu mína á Elliheimilinu vegna þeirra erfiðleika, sem ég átti í við að komast á milli staða."

Stefndu hafa mótmælt þessum kröfulið sem röngum, þar sem stefnandi hafi ekki fært fram næg rök fyrir kröfu sinni að þessu leyti.

Gegn mótmælum stefndu hefur stefnandi ekki sannað nægjanlega, að hann hafi orðið fyrir vinnutapi, vegna þess að hann missti bifreiðina. Er því ekki unnt að taka þennan kröfulið til greina.

Um 5.

Til stuðnings þessum kröfulið hefur stefnandi lagt fram reikning frá Björgunarfélaginu Vöku yfir geymslukostnað bifreiðarinnar. Á reikningi þessum kemur fram:

a.	Fíat bifreið sótt á Rauðarárstíg	kr. 1.000
b.	Bifreiðin geymd í 365 sólarhringa, kr. 100 fyrir hvern sólarhring	— 36.500
c.	Bifreiðin geymd í 179 sólarhringa til viðbótar, kr. 150 fyrir hvern sólarhring	— 26.850
		kr. 64.350

Stefndu hafa mótmælt kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið.

Bifreið stefnanda stórskemmdist í árekstrinum, og sjálfur var stefnandi fluttur á spítala. Var því eðlilegt, að bifreiðin væri flutt í bílgeymslu af árekstursstað. Verður flutningskostnaðurinn, kr. 1.000, því tekinn til greina. Vegna bótakröfu sinnar og með tilliti

til afstöðu stefndu til hennar var stefnanda nauðsynlegt að láta meta bifreiðina. Var því ekki óeðlilegt, eins og á stóð, að hann hefði bifreiðina í geymslu um skeið, á meðan gengið var frá matsgerð og kröfugerð var undirbúin. Eftir atvikum þykir rétt að taka til greina geymslukostnað í 90 daga, eða samtals kr. 9.000. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina með kr. 10.000, en gegn mótmælum stefndu er ósannað, að stefnandi eigi rétt á frekari geymslukostnaði.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 192.000 (155.000 + 15.000 + 12.000 + 10.000) með vöxtum eins og krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 13612 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Bent Jörgensen og Jan Jansen bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Gunnarsson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefnanda, Guðmundi Ólafssyni, kr. 192.000 með 9% ársvöxtum frá 31. ágúst 1973 til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á lögveð í bifreiðinni R 13612 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.

Miðvikudaginn 9. nóvember 1977.

Nr. 132/1975. **Kr. Kristjánsson h/f**
(Sveinn Snorrason hrl.)
gegn
Jónasi Guðlaugssyni og gagnsök
(Kristján Eiríksson hrl.).

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson og prófessor Sigurður Líndal.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. september 1975. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann aðallega málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að málskostnaður falli niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 26. september 1975. Krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms komu fyrir dóm þrír menn, er störfuðu hjá iðnaðardeild aðaláfrýjanda. Varðar vætti þeirra framleiðslu á tilteknum vörum á vegum deildarinnar, einstaka verkþætti og að nokkru rekstrargrundvöll. Eigi þykir efni til að rekja vitnaskýrslur þessar í einstökum atriðum.

Hér fyrir dómi eru aðiljar á einu máli um, að skuldir þær, er aðaláfrýjandi tókst á hendur að greiða vegna gagnáfrýjanda, hafi alls numið 6.202.217.73 krónum, en eigi 6.273.393.00 krónum, svo sem segir í héraðsdómi.

Staðfesta ber héraðsdóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Kr. Kristjánsson h/f, greiði gagnáfrýj-

anda, Jónasi Guðlaugssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jónas Guðlaugsson, Gnoðarvogi 64 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. maí 1971, á hendur Kr. Kristjánssyni h/f hér í borg og gert þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði gert að greiða kr. 1.726.607.28 með 7% ársvöxtum frá 29. janúar 1969 til 31. maí 1970 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða 2/10 hluta af kr. 1.726.607.28 með 7% ársvöxtum af kr. 172.660.72 frá 29. janúar 1969 til 31. maí 1970 og 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 345.321.44 frá þeim degi til greiðsludags og enn fremur verði stefnda gert að gefa út skuldabréf fyrir eftirstöðvum kaupverðs, kr. 1.381.286.44, er beri 7% ársvexti, sem reiknist frá 31. maí 1971, en skuldabréfið greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 8 árum frá 31. maí 1971 að telja með gjalddaga 31. maí ár hvert, í fyrsta sinni 31. maí 1972. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda. Við munnlegan flutning málsins var gerð breyting á kröfum stefnanda, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 1.726.607.00 með 7% ársvöxtum frá 29. maí 1969 til 31. maí 1970 og með 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 16. maí 1973 og 1.5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 2% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, en til vara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 841.520.00 með vöxtum eins og í aðalkröfu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati dómsins.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að skaðlausu.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. janúar 1969 gerðu stefnandi og Friðrik Kristjánsson fyrir hönd stefnda svohljóðandi samning:

„Við undirritaðir Jónas Guðlaugsson, Eikjuvogi 23, Reykjavík,

og Kr. Kristjánsson h.f., Suðurlandsbraut 2, Reykjavík, gerum með okkur eftirfarandi kaupsamning og samkomulag.

Kr. Kristjánsson h.f. kaupir af Jónasi Guðlaugssyni allar vélar, pressur, verkfæri, mót, stansa og annað tilheyrandi verksmiðjurekstri þeim, sem hann hefur rekið á Sauðárkróki síðastliðin 4 ár eða þar um bil, samkvæmt nánari skrá, sem síðar verður útbúin. Húseignin Sæmundargata 7 er ekki innifalin.

Kaupverð á ofanskráðu er kr. 8.000.000.00 — Átta milljónir og 00/100 — og mun Kr. Kristjánsson h.f. sjá um að taka yfir og greiða eða semja um greiðslu á öllum skuldum Jónasar, sem nánar verður getið um í sérsamningi, en skuldir þessar eru lauslega áætlaðar u. þ. b. kr. 6.500.000.00 til kr. 7.000.000.00 og verða ekki greiddar nema í samráði við Jónas og með hans samþykki.

Mismun á yfirteknum skuldum og ofanskráðu kaupverði mun Kr. Kristjánsson h.f. greiða Jónasi með skuldabréfi eða skuldabréfum, sem greiðast upp með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á næstu 10 árum, í fyrsta sinn ca. í maímánuði 1970. Það skal þó greinilega tekið fram, að samkomulag er milli aðila, að ofanskráður mismunur verður ekki greiddur, sýni það sig á næstu 12 mánuðum, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar sé ekki fyrir hendi, og verður nánar getið um þetta atriði í samningi, sem síðar verður gerður.

Samkomulag er um, að Jónas Guðlaugsson verði fastráðinn starfsmaður við verksmiðjurekstur Kr. Kristjánssonar h.f. frá og með 1. febrúar 1969, og verða mánaðarlaun hans eigi lægri en kr. 30.000.00, en sérstakur samningur verður og gerður um starfssvið Jónasar og skuldbindingar hans, hætti hann að starfa hjá fyrirtækinu.

Svo sem að framan er skráð, munu nákvæmari samningar verða gerðir um hin ýmsu atriði, en þar til mun samningur þessi verða skuldbindandi fyrir báða aðila.

Til staðfestingar framanskráðs rita báðir aðilar undir samning þennan, sem gerður er í tvíriti, og heldur hvor aðili sínu eintaki. Einnig var samkomulag um, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að Jónasi Guðlaugssyni verði gefinn kostur á að kaupa hlutabréf í Kr. Kristjánssyni h.f. að nafnverði ca. kr. 100.000.00".

Er vélar og búnaður verksmiðjunnar hafði verið fluttur til Reykjavíkur og hafði verið komið fyrir í húsnæði stefnda, hófst verksmiðjurekstur á vegum stefnda. Stefndi greiddi og tók að sér að greiða skuldir stefnanda, og er ágreiningslaust, að heildar-

fjárhæð þeirra greiðslna nemi kr. 6.273.393.00. Ekki varð af því, að gerðir væru samningar milli aðiljanna, svo sem ráð var fyrir gert í samningi þeirra frá 29. janúar 1969. Ekki gaf stefndi út skuldabréf, svo sem ráð var fyrir gert í sama samningi. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til fullnægingar á samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969.

Af hálfu stefnda hefur verið lagður fram rekstrarreikningur iðnaðardeildar fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. febrúar — 31. desember 1969 og efnahagsreikningur deildarinnar miðaður við 31. desember 1969. Eru reikningar þessir samdir af Bjarna Bjarnasyni, löggiltum endurskoðanda, og fylgja þeim athugasemdir hans. Eru reikningarnir og athugasemdirnar svohljóðandi:

„REKSTRARREIKNINGUR 1. FEBR. — 31. DES. 1969

GJÖLD

Hráefnanotkun:		
Keypt á árinu	kr. 1.757.134.90	
Birgðir í árslok	— 287.282.00	kr. 1.469.852.90
Vinnulaun		— 1.679.809.00
Vextir og bankakostnaður		— 531.254.23
Húsaleiga reiknuð Kr. Kristjánssyni h.f.		— 167.000.00
Þátttaka í skrifstofukostnaði Kr. Kr. h.f.		— 350.000.00
Rafmagn, hiti, ræsting		— 122.337.25
Auglýsingar og markaðskönnun		— 82.356.15
Tryggingar		— 92.806.00
Opinber gjöld		— 121.060.00
Reksturs- og hjálparefni v. framleiðslu		— 83.278.82
Viðhald húss og véla		— 59.302.55
Handverkfæri		— 12.802.00
Prentun, pappír		— 10.442.50
Lífeyrissjóður		— 9.324.00
Sjúkra- og slysakostnaður		— 5.508.00
Fyrningar:		
Vélar og áhöld	kr. 1.118.860.00	
Stofnkostnaður	— 31.197.00	
Innréttingar	— 70.055.00	
Innbú	— 920.00	— 1.221.062.00
		Kr. 6.018.195.40

Birgðir 31. 12. 1969:			
Fullunnar vörur	kr. 448.162.00		
Hálfunnar vörur	— 222.870.00	kr.	671.032.00
Framleiðslukostnaður 1969		kr.	5.347.163.40

TEKJUR:

Vörusala	kr.	4.996.963.50
Rekstrarhalli	—	350.199.90
Samtals	kr.	5.347.163.40

EFNAHAGSREIKNINGUR PR. 31. 12. 1969

EIGNIR:

Birgðir:			
Hráefni	kr. 267.282.00		
Hálfunnar vörur	— 222.870.00		
Fullunnar vörur	— 448.162.00	kr.	958.314.00
Fyrirfram greiddur kostnaður		kr.	114.230.00
Vélar og áhöld, kaupverð	kr. 6.713.157.00		
Fyrning, 16.2% í 11 mánuði	— 1.118.860.00	kr.	5.594.297.00
Innréttingar, kaupverð	kr. 467.239.32		
Fyrning, 20% í 9 mánuði	— 70.085.00	kr.	397.154.32
Stofnkostnaður, kostn.verð	kr. 207.960.35		
Fyrning, 20% í 9 mánuði	— 31.197.00	kr.	176.783.35
Innbú, kostn.verð	kr. 14.610.00		
Fyrning 12%	— 920.00	kr.	13.690.00
Höfuðstóll:			
Rekstrartap		kr.	350.199.90
Samtals		kr.	7.604.668.57

SKULDIR:

Iðnlánasjóður	kr.	2.243.006.00
Búnaðarbanki Íslands, Sauðárkróki	—	1.200.000.00

Handhafaskuldabréf	kr.	150.000.00
Steypustöðin h.f.	—	121.000.00
Gjaldheimtan í Reykjavík	—	73.446.00
Hitaveita Reykjavíkur	—	77.690.00
Samþykktir víxlar	—	1.056.345.74
Yfirdráttur hlr. Búnaðarbanki Íslands	—	968.207.92
Ógreiddur kostnaður og áfallnir ógjaldf. vextir	—	222.584.00
Opinber gjöld	—	121.060.00
Kr. Kristjánsson h.f.	—	1.371.328.91
	Samtals kr.	7.604.668.57

Athugasemdir við ársreikning Fikk 1969

Meðfylgjandi rekstrarreikningur er saminn skv. bókhaldi Kr. Kristjánssonar h.f. þar sem iðnaðardeildin Fikk er færð sem sérstök deild. Rekstrarreikningur sýnir rekstur frá byrjun febrúar/marz til ársloka. Vakin skal athygli á eftirfarandi atriðum.

1. Vinnulaun fastra starfsmanna eru gjaldfærð frá því er þeir hófu störf við deildina til áramóta.

2. Vextir og bankakostnaður. Tilfærðir eru vextir af lánsfé, söluvíxlum, yfirdrætti á hlaupareikningi, sem eingöngu er notaður af deildinni, rekstrarfé frá Kr. Kristjánsson h.f., 9½% af áætlaðri 1. milljón í 10 mánuði. Fyrirfram greiddir vextir eru vegna víxla til lengri tíma.

3. Opinber gjöld eru tilfærð eins og þau voru á lögð 1970.

4. Húsaleiga er reiknuð Kr. Kristjánsson h.f. til tekna. 400 m^2 @ Kr. 50.00 í 10 mánuði. Kr. 167.000.00.

5. Þátttaka í skrifstofukostnaði Kr. Kristjánsson h.f. kr. 350.000.00 — er vegna ýmissa skrifstofu- og stjórnaraðstoðar, sem deildin fékk.

6. Birgðir eru metnar skv. meðfylgjandi birgðalistum starfsmanna Fikk. Afskrift birgða er ákvörðuð af forstjóra Kr. Kr. h.f.

7. Fyrningar:

Vélar og áhöld eru fyrnd um 20% p. a. Fyrningatími er frá 1. 3. Örðugt er að segja til um endingatíma slíkra véla, sem að auki eru keyptar gamlar. V. stofnkostnaður, þ. e. kostnaður vegna flutnings véla og uppsetningu og fl., er fyrndur um 20%. Starfi fyrirtækið styttri tíma í þeim rekstri, sem skapað hefur stofnkostnaðinn, ber að fyrna hann á þeim tíma.

Sama máli gildir að verulegu leyti um innréttingar húsnæðis, ef þær verða ekki nýttar í húsnæði með breyttum rekstri. Inn-

réttingar eru fyrntar með hliðsjón af því, að núverandi húsnæði væri ekki til langframa (5 ár).“

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að rétt eftir 1. febrúar 1970, þ. e. eftir að tími sá hafi verið liðinn, sem hann hafi talið, að ætti að skera úr um rekstrargrundvöll fyrirtækisins, hafi hann spurt Friðrik Kristjánsson, hvort fyrirtækið hefði borið sig. Hafi Friðrik svarað, að hagnaður hefði orðið kr. 200.000.00 til kr. 300.000.00. Stefnandi kveðst hafa spurt Friðrik þess sama nokkru síðar og hafi Friðrik þá svarað, að hagnaður hefði orðið kr. 300.000.00 til kr. 400.000.00. Kveðst stefnandi hafa krafist að fá greiddan mismun þann, sem um var samið, en Friðrik hafi svarað, að ekki væri hægt að ganga frá þessu fyrr en bókhald fyrirtækisins lægi fyrir endanlega. Stefnandi kveður Friðrik hafa mælst til þess, að hann ynni áfram að nokkrum verkefnum, sem hann hafi annað hvort verið byrjaður á eða hafði þegar fengið hugmynd að. Kveður hann sér hafa verið lofað uppgjöri á skuldabréfunum og hafi það átt að miðast við það, að hann lyki ákveðnum verkefnum, sem hann hafi annað hvort verið byrjaður á eða verið búinn að fá hugmynd að. Stefnandi kveður verkefni þessi hafa verið framlengingarhólk fyrir 5/8” rafmagnsrör, ljúka við lamir, sem byrjað hafi verið á, og ljúka við uppfinningu á hljóðkút, sem unnt átti að vera að nota við flestar gerðir bifreiða. Kveðst stefnandi hafa lokið við framlengingarhólkinn og hljóðkútinn. Hann kveður tæknifræðing hafa tekið fram fyrir hendur sér við smíði lamanna og hafi hann því hætt afskiptum af smíði þeirra. Kveðst stefnandi hafa unnið að verkefnum þessum í sumarleyfi starfsfólksins sumarið 1970 og þá lagt á sig mikla vinnu og erfiði til að flýta uppgjörinu við stefnda. Hann kveður framlengingarhólkinn hafa verið tilbúinn til framleiðslu, þegar starfsfólkið kom úr sumarleyfi og um hálfum mánuði síðar hafi hljóðkúturinn verið tilbúinn. Að þessu loknu kveðst stefnandi hafa óskað eftir, að uppgjör færi fram, og hafi hann í því sambandi snúið sér til þáverandi lögfræðings síns, Knúts Bruun. Stefnandi kveðst nú hafa sagt tæknifræðingi þeim, sem ráðinn hafði verið verksmiðjustjóri, að hann ætlaði í sumarleyfi og óskaði eftir að verða ekki ónáðaður á meðan. Kveður hann tæknifræðinginn hafa sagt Friðrik Kristjánssyni frá þessu, er þá hafi sagt, að stefnandi hefði lofað að smíða stansa fyrir hljóðkútinn og koma honum á markað. Stefnandi kveður það aldrei hafa verið ætlunina, að hann þyrfti

að ljúka þessu í einni lotu, og kveðst aldrei hafa lofað því. Kveðst hann hafa verið búinn að ráðgera það við vélsmið, sem þarna vann, að hann héldi áfram starfinu við hljóðkútinn, á meðan hann, þ. e. stefnandi, færi í sumarleyfi, en Friðrik Kristjánssyni hafi ekki verið kunnugt um þetta. Stefnandi kveðst nú hafa rætt við lögfræðing sinn og hafi verið ætlunin að ganga frá uppgjöri daginn eftir, en er hann ræddi þá við lögfræðinginn, hafi hann sagt Friðrik Kristjánsson neita að ganga frá uppgjöri á þeirri forsendu, að hann, þ. e. stefnandi, ætlaði að fara í sumarleyfi og vildi ekki láta ónáða sig á meðan. Stefnandi kveður Friðrik hafa verið að fara til útlanda, en er hann kom aftur, kveðst stefnandi hafa rætt við hann og spurt, hvort ekki ætti að ganga frá uppgjöri. Hann kveður Friðrik hafa svarað, að hann væri ekki reiðubúinn til þess, en það mætti athuga það á næsta ári. Stefnandi kveðst nú hafa verið búinn að bíða lengi eftir uppgjöri og kveðst hafa sagt Friðrik, að hann, þ. e. stefnandi, starfaði ekki lengur hjá fyrirtækinu. Stefnandi kveðst ekki hafa séð rekstrarreikninga þá, sem stefndi hefur lagt fram í málinu, fyrr en undir rekstri máls þessa og kveður aldrei hafa verið borið undir sig eitt eða neitt í sambandi við þá. Hann kveður verksmiðjunni hafa verið komið fyrir í húsnæði, sem ekki hafi verið fullnýtt fyrir bifreiðasölu, og hafi sá hluti verið góður, en þó mátt vera dálítið stærri. Hann kveður skjal það, sem af hálfu stefnda sé sagt kostnaðaráætlun, sem gerð hafi verið áður en verksmiðjan hóf rekstur, ekki hafa verið borið undir sig. Stefnandi kveðst aldrei mundu hafa samþykkt þá fjárhæð, sem er þátttaka í skrifstofukostnaði stefnda, kr. 350.000.00.

Friðrik Kristjánsson, framkvæmdastjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að um áramótin 1968—1969 hafi hann auglýst eftir kaupum á iðnfyrirtæki, en hugmyndin hafi verið sú að steypa slíkum rekstri saman við rekstur stefnda, sem fyrir var, en þar sé um að ræða umfangsmikla verslun með bifreiðar. Hafi ætlunin verið m. a. að skapa meiri festu og öryggi í rekstri fyrirtækisins og gera það óháðara þeim hagsveiflum, sem orðið hefðu undanfarinn áratug, en fyrir slíkum sveiflum sé innflutningur bifreiða mjög viðkvæmur. Friðrik kveður nú greinda auglýsingu hafa birst í Morgunblaðinu skömmu eftir áramót 1968—1969. Meðal þeirra, sem svöruðu auglýsingunni, hafi verið stefnandi máls þessa og hafi þeir fljótlega ræðst við. Friðrik kveður stefnanda hafa skýrt sér frá því, að hann væri með verksmiðjurekstur á Sauðárkróki og hafi hann í því sambandi lagt mikla áherslu á framleiðslu

hljóðkúta, sem þegar væru hannaðir. Hafi stefnandi sagt, að ekki vantaði nema herslumun til að hefja framleiðslu á þeim fyrir íslenskan markað og mundu þeir fyllilega standast samkeppni við erlenda framleiðslu, bæði hvað snerti gæði og verð. Friðrik kveður stefnanda hafa látið sér í té eintak af 10. tbl. Alþýðumannsins á Akureyri frá 1968, sem haft hafi að geyma m. a. heilsíðugrein um stefnanda og fyrirtæki hans og framleiðslu á Sauðárkróki. Friðrik kveður stefnanda hafa skýrt sér frá því, að fyrirtæki hans ætti í fjárhagsörðugleikum, allmargar fjárnáms- og uppboðskröfur væru á fyrirtækinu og væri hótað nauðungarsölu á eignum þess vegna þeirra skulda. Friðrik kveður stefnanda hafa tjáð sér, að erfiðleikar fyrirtækisins stöfuðu eingöngu af skilningsleysi bankastofnana og yfirvalda og hefði fyrirtækið af þessum sökum orðið að stöðva rekstur sinn um nokkra mánuði. Friðrik kveður stefnanda hins vegar hafa staðhæft, að rekstur fyrirtækisins væri arðbær og það mundi skila hagnaði, ef hann fengi vinnufrið fyrir skuldheimtumönnum og nægilegt fé til hráefnakaupa. Til staðfestingar á þessu kveður Friðrik stefnanda hafa lagt fram skrá, er hann hafi sagt sýna árlega markaðsþörf og árlega framleiðslu fyrirtækisins undanfarin ár. Kveður Friðrik stefnanda hafa sagt, að markaður væri tryggður fyrir þessar vörur, en auk þess væri unnt að auka framleiðsluna, án þess að bæta þyrfti við nýjum vélum, enda væru þegar hannaðir ýmsir munir og ekki vantaði nema herslumun, til að unnt væri að hefja framleiðslu, og þyrfti aðeins nokkurt fjármagn til hráefnakaupa til þeirrar framleiðslu. Friðrik kveður stefnanda einnig hafa talið markað fyrir þær vörur vísan. Friðrik kveðst hafa óskað eftir að fá að sjá bókhaldsgögn verksmiðjunnar, en stefnandi hafi talið tormerki á því, sem sé þau væru í geymslu í kössum og væru því ekki aðgengileg. Friðrik kveðst ekki hafa séð ástæðu til að vefengja staðhæfingar stefnanda, þótt hann gæti ekki stutt þær með upplýsingum úr bókhaldi sínu. Hins vegar kveðst Friðrik hafa fengið staðfestingu á því, að pantanir hefðu verið gerðar á allmiklu magni framleiðslunnar og sambærilegar við þær upplýsingar, sem höfðu verið gefnar. Hluti af þessum vörum hafi átt að greiðast með gjaldfresti í 9 mánuði, en það hafi einmitt gefið til kynna, að stórkaupmaður sá, sem hafi pantað þann hluta, hygðist selja allt það magn á einu ári og að það síðast, sem þannig væri selt, seldist gegn þriggja mánaða víxli, svo sem títt mun vera í viðskiptum stórkaupmanna og kaupmanna. Á grundvelli þessara upplýsinga kveðst Friðrik ásamt stefnda hafa gert áætlun um

rekstur verksmiðjunnar og hafi þeir í því sambandi aflað sér upplýsinga um verðhækkanir, sem orðið höfðu frá því stefnandi hafði framleitt þessar vörur síðast, og um verð á sambærilegum hlutum og hafi þeir reynt að mynda sér skoðun um eðlilegt markaðsverð í samráði við söluaðilja. Áður en gengið var frá samningi aðiljanna, kveðst Friðrik hafa fengið vélaverkfræðing til að framkvæma skoðun á vélum í verksmiðju stefnanda og meta verðgildi þeirra. Mat verkfræðingsins hafi verið mun lægra en það, sem greinir í samningi aðiljanna, en Friðrik kveðst hafa bent stefnanda á, að ef leggja ætti til grundvallar mat verkfræðingsins, þá mundi kaupverðið ekki verða hærra en um það bil kr. 6.500.000.00, en hins vegar hafi þeir gert sér grein fyrir því, að sú fjárhæð væri um það bil nægileg til að greiða gjaldfallnar skuldir stefnanda og mundi þá ekkert af söluandvirðinu renna til stefnanda sjálfs. Friðrik kveður það hafa verið álit sitt, að rekstrarmöguleikar verksmiðjunnar hlytu að byggjast algerlega á starfskrafti stefnanda og þess vegna yrði nauðsynlegt að skapa honum þá aðstöðu, að hann yrði ánægður og eygði einhverja hagnaðarvon, ef rekstur-inn gengi vel. Með hliðsjón af þessu og í stað þess að þrátta um verð kveðst hann hafa ákveðið að samþykkja verðtilboð stefnanda með ákveðnum skilyrðum. Friðrik kveðst hafa skýrt stefnanda frá því, að þeim væri báðum ljóst, að gagntilboð frá hendi stefnda væri eðlilegt og mætti í því reikna með verulegri lækkun. Af þeim pöntunum, sem fyrir lægju hjá verksmiðjunni, mætti sjá, að nægileg verkefni væru fyrst um sinn, eftir að verksmiðjan færi af stað aftur, en það, sem mestu máli skipti í þessu efni, væru þó möguleikar til framtíðarreksturs og þess vegna væri áhætta stefnda í því fólgin, að upplýsingar stefnanda um framtíðarsölumöguleika á framleiðsluvörum verksmiðjunnar reyndust réttar. Hins vegar væri áhætta stefnanda í þessu efni engin, þar sem hann með þessu móti tapaði aðeins væntanlegum söluhagnaði, gengi frá viðskiptunum sem skuldlaus maður, en ekki sem gjaldþrota, eins og fyrirsjáanlegt væri þá. Af þessum ástæðum kveðst Friðrik hafa lagt til, að það væri skilyrði fyrir kaupunum, að þeir gerðu samkomulag um það, að sá mismunur, sem kæmi fram á yfirteknum skuldum og kr. 8.000.000.00, yrði ekki greiddur, nema það sýndi sig að ári liðnu, þ. e. eftir að verksmiðjan hefði starfað í eitt ár, eða sem sé þegar búið væri að framleiða og afgreiða þær pantanir, sem þá lágu fyrir, að þær upplýsingar um rekstrargrundvöllinn, sem stefnandi hafði gefið, væru réttar og að grundvöllurinn fyrir arðbærum rekstri væri fyrir

hendi. Ef sá grundvöllur væri fyrir hendi, skyldi sóknaraðili fá mismuninn á yfirteknum skuldum og kr. 8.000.000.00 greiddan á tíu árum, en ef það sýndi sig, að ekki væri grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar, þá skyldi stefnandi enga frekari greiðslu fá, enda hefði stefndi þá þegar tapað of miklu á fyrirtækinu með yfirtöku skuldanna og greiðslu þeirra. Friðrik kveður stefnanda hafa fundist þetta mjög heiðarlegt tilboð og hafi hann ítrekað, að ef þær upplýsingar, sem hann hefði gefið, væru ekki réttar og ef hann gæti ekki rekið fyrirtækið með hagnaði, þegar hann þyrfti ekki að hafa áhyggjur af fjárhag þess, þá hefði hann ekki neinn áhuga á að fá mismuninn greiddan, því skellur stefnda yrði nógu stór. Friðrik kveður sér hafa þótt þetta sanngjarnt af hálfu stefnanda og kveður það hafa styrkt sig í þeirri trú, að upplýsingar þær, sem stefnandi hafði gefið, væru réttar. Með þessum skilningi kveður Friðrik svo samning aðilja hafa verið undirritaðan hinn 29. janúar 1969. Skömmu síðar kveður Friðrik undirbúning hafa hafist að flutningi vélanna frá Sauðárkróki og hafi verið gert ráð fyrir, að verksmiðjan gæti þegar tekið til starfa hér í borg, enda hafi húsnæði fyrir hana þegar verið tilbúið. Friðrik kveður hins vegar hafa komið í ljós, að yfirfara þurfti vélarnar, en hann og stefnandi hafi verið sammála um það, að þær þyrftu að vera í fullkomnu lagi, þegar reksturinn hæfist. Hafi verið reiknað með því, að vélarnar yrðu tilbúnar til að framleiðsla gæti hafist innan tveggja mánaða, en ekki hafi þó verið unnt að hefja framleiðslu fyrr en hinn 2. júní 1969. Friðrik kveður í fyrstu hafa verið unnið að því að framleiða þær vörutegundir, sem stefnandi hafði áður framleitt á Sauðárkróki og þegar höfðu verið pantaðar hjá honum, en hann hafði ekki getað sinnt að framleiða. Sú framleiðsla hafi staðið fram eftir árinu, og þar sem þær vörur höfðu nánast verið seldar hafi verið vitað, að ekki yrði tap á rekstrinum, á meðan væri verið að framleiða upp í þær pantanir. Friðrik kveður stefnanda hafa þurft að ganga endanlega frá tæknilegum búnaði, til þess að unnt væri að hefja framleiðslu á vörum þeim, sem stefnandi hafði sýnt honum og áttu að tryggja áframhaldandi rekstur. Kveður hann stefnanda jafnan hafa skýrt sér frá því, að það tæki nánast engan tíma að ganga frá þessu. Hins vegar hafi orðið dráttur á því, að stefnandi kæmi þessu í verk þrátt fyrir ábendingar og tilmæli sín. Friðrik kveður það hafa sýnt sig í ársbyrjun 1970, að þær upplýsingar um eftirspurn og markað fyrir vörurnar, sem stefnandi hefði gefið, væru á engum rökum reistar, þar sem hann hefði reiknað með hliðstæð-

um pöntunum á hinum sömu munum og á árinu á undan á grundvelli upplýsinga stefnanda. Kveðst Friðrik hafa lagt á það mikla áherslu, að stefnandi lyki við það, sem á vantaði, til þess að unnt væri að hefja framleiðslu á þeim munum, sem stefnandi hafði sýnt og voru með í kaupum aðiljanna. Friðrik kveðst einnig hafa skýrt stefnanda frá því, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar áfram væri ekki fyrir hendi eins og þá stæði, en hann væri hins vegar reiðubúinn til að fresta úttektinni á grundvellinum, þangað til stefnandi hefði lokið þeim tæknilega undirbúningi, sem nauðsynlegur var til að hefja framleiðslu á hinum nýju munum. Kveðst Friðrik hafa lagt á það ríka áherslu, að stefnandi hraðaði þessum undirbúningi sem mest. Friðrik kveður nú hættu hafa verið á því, að stefndi tapaði öllu því fé, sem hann hafði þegar greitt lánardrottnum stefnanda. Til þess að draga úr þessu tapi hafi hann viljað treysta á stefnanda og freista þess, að hann lyki við undirbúning sinn, þannig að hægt væri að hefja framleiðslu á nýjum munum án tafar. Af þeirri ástæðu kveðst Friðrik hafa lýst sig reiðubúinn til að hefja samningaviðræður um áframhaldandi rekstur og uppgjör á kaupverði, enda væri þá unnt að finna grundvöll að arðbærum rekstri. Friðrik kveður þá stefnanda hafa átt nokkra fundi um þetta sumarið 1970 og hafi þá verið gerð drög að samningi og skuldabréfi, sem hafi verið hugsuð sem grundvöllur að framhaldi viðræðna þeirra. Friðrik kveður stefnanda nú hafa verið orðinn lausari við störf sín hjá fyrirtækinu, enda muni hann jafnframt samtímis hafa verið byrjaður á einhverri iðju í eigin húsnæði. Um það leyti sem starfsfólk verksmiðjunnar fór í sumarleyfi 1970, kveður Friðrik stefnanda hafa unnið að undirbúningsstörfum, til þess að unnt yrði að hefja hina nýju framleiðslu, þegar starfsfólkið kæmi úr sumarleyfi. Friðrik kveðst þá sjálfur hafa verið að fara í leyfi og kveðst hafa lagt á það ríka áherslu við stefnanda, að það brygðist ekki lengur, að lokið yrði þessu undirbúningsstarfi, áður en starfsfólkið kæmi úr sumarleyfi. Friðrik kveður það svo hafa gerst, að stefnandi hafi fyrirvaralaust hlaupist úr starfi sínu hjá stefnda, en honum hafi verið greidd laun til loka septembermánaðar 1970. Hann kveður ekki hafa orðið af samningum milli aðiljanna, en stefnandi hafi vitað fullvel, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar hafi þá enginn verið.

Vitnið Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, hefur gert nánari grein fyrir rekstrarreikningi fyrir tímabilið 1. febrúar til 31. desember 1969. Hann kveður vinnulaun kr. 1.679.000.00 ein-

göngu vera vinnulaun fastra starfsmanna, en ekki aðkeypta vinnu við uppsetningu véla eða rafmagnskapla. Bjarni kveður iðnaðardeildina ekki hafa verið sjálfstæðan skattaðilja, en sé verið að kanna rekstrarafkomu eins eða fleiri þátta fyrirtækis, sé nauðsynlegt að taka tillit til þeirra opinberu gjalda, sem þeim verði gert að bera. Þótt ekki sé vitað á uppgjörsdegi, hver álagning opinberra gjalda verði, þá sé hægt að áætla þessi gjöld, sem séu óháð tekjum og eingöngu bundin við þann rekstur, sem kunnur sé. Það, að fyrirtæki hafi ekki þá venju að áætla til gjalda þessi gjöld, sýnist ekki vera góð reikningsskilavenja, en skattayfirvöld heimili ekki, að gjöld þessi séu færð til frádráttar fyrr en á árinu, sem þau séu lögð á. Gjöld þessi kveður Bjarni vera aðstöðugjald, iðnlánasjóðsgjald, lífeyristryggingargjald vegna launa, slysatryggingargjald vegna launa og atvinnuleysistryggingargjald. Hann kveður tvo fyrstu liði gjaldanna hafa numið 1.4% af brúttótekjum og geri það um það bil kr. 70.000.00, en hinir liðirnir nemi þá kr. 51.000.00. Varðandi viðhald húss og véla kveðst Bjarni telja, að þar sé að lang mestu leyti um að ræða viðgerðir á vélum, þar sem standsetning húsnæðisins eigi að færast á eignalið að öllu leyti. Hins vegar kveður hann það reynslu sína, að þó að um leiguhúsnæði sé að ræða, þá verði leigjandi oft á tíðum að taka á sig ýmiss konar smærra viðhald húsnæðis, aðallega innanhúss. Varðandi fyrningu á hráefnisbirgðum hefur Bjarni skýrt svo frá, að hann hafi ekki framkvæmt talningu birgða og ekki heldur metið birgðir, en hann hafi samþykkt, að þetta væri eðlilegt mat. Hann kveðst telja það góða reikningsskilavenju að ofmeta aldrei birgðir. Hins vegar fari mat eftir ýmsu, svo sem notkunarmöguleikum, breytingu á markaði, geymslurýrnun o. fl. Hann kveður sér virðast 20% fyrningu á hráefnisbirgðum ekki óhæfilega, en þetta sé mat þeirra, sem það framkvæmi. Varðandi fyrningu á fullunnum og hálfunnum vörum framleiddum á því ári kveður Bjarni menn verða að gera sér grein fyrir, hvað sé verið að fyrna. Talningarverð þessara birgða muni hafa verið svokallað framleiðsluverð eða söluverð til heildsala, en það megi sundurliða þannig: Óbeinn kostnaður, og innan hans séu húsnæðiskostnaður, rafmagnskostnaður, vélanotkun, skrifstofukostnaður, framleiðslustjórn o. fl. Í annan stað sé um að ræða beinan kostnað, sem greinist í efniskostnað og vinnulaun. Í þriðja lagi komi sölukostnaður, sem greinist í vinnulaun, vaxtakostnað og birgðakostnað. Í fjórða lagi sé svo ágóði. Með tilliti til góðrar reikningsskilavenju um mat á birgðum kveður Bjarni augljóst, að nauðsynlegt sé að af-

skrifa verð birgða, þó ekki sé nema vegna tveggja síðustu liðanna í upptalningu þeirri, sem hann hefur rakið, þ. e. að ógætilegt sé að meta til eigna væntanlegan hagnað. Hann kveður sér finnast eðlilegt mat vera sá tilkostnaður, sem í verðmyndunina fari. Síðan verði að taka tillit til annarra sjónarmiða, svo sem hráefnis, markaðshorfa og sölumöguleika. Bjarni kveður sumt af framleiðsluvörum fyrirtækisins frá árinu 1969 hafa verið óseldar 1973. Bjarni kveður í ljós hafa verið komið, er hann samdi reikninginn, sem muni hafa verið í júlí 1971, að hætt hafi verið að nota margt af því, sem keypt hafði verið. Það segi sig sjálft, að ef ekki séu notkunarmöguleikar fyrir slíkar vélar, þá beri að afskrifa þær, ef ekki sé unnt að koma þeim í verð. Hann kveður fyrningu véla hafa verið orðið hærri, því að á árinu hafi verið afskrifuð sem ónothæf eina aðalvélin, sem hafi verið keypt og metin var á kr. 1.800.000.00, svokölluð stútavél. Þetta hafi ekki stafað af því, að vélin hafi verið óstarfhæf eða ónýt, heldur vegna breyttra framleiðsluhátta. Af þessu megi sjá, hversu vandgerð sé ákvörðun um fyrningu á slíkum vélum. Varðandi fyrningu á rekstrar- og efnahagsreikningi hefur Bjarni skýrt svo frá, að þegar finna eigi réttasta niðurstöðu á rekstri, megi ekki blanda saman leyfilegum fyrningum til skatts og þeim fyrningum, sem réttar þykja í rekstri. Á árinu 1969 kveður hann í gildi hafa verið reglugerð nr. 79/1966 um skattafyrningar, þar sem hámarksfyrning iðnaðarvéla sé 18%. Hann kveður fyrningarprósentu rekstrarreiknings áranna 1969 og 1970 ekki vera samkvæmt reglugerð þessari, heldur séu þær ákveðnar eftir mati.

Þá hefur komið fram bréf Bjarna Bjarnasonar, þar sem nánari grein er gerð fyrir launum tímabilið 1. febrúar til 31. desember 1969. Kemur þar fram, að ekki liggi fyrir nein gögn um það, við hvað starfsfólkið hafi starfað, en sýnilegt sé, að framleiðsla hafi byrjað af krafti í júnímánuði. Þá komi fram, að kostnaður við rafmagnskapal sé ekki innifalinn í vinnulaunum. Kveður Bjarni sér hafa verið tjáð, að störf stefnanda og Ellerts Guðmundssonar í febrúar/maí hafi verið fólgin í flutningi á vélum og efni frá Sauðárkróki til Reykjavíkur, uppsetningu véla í Reykjavík, lagfæringu og viðhaldi véla og undirbúningi að framleiðslu svo og skipulagningu nýrra viðfangsefna. Þá kemur og fram í bréfi þessu sundurliðun á viðhaldi húss og véla.

Vitnið Knútur Bruun hæstaréttarlögmaður hefur skýrt svo frá, að er það hafi fyrst haft afskipti af málefni aðiljanna, hafi legið fyrir samningur þeirra um kaup stefnda á vélum stefnanda. Kveð-

ur vitnið næstu afskipti sín af málinu hafa verið þau, að það hafi fyrir hönd stefnanda reynt að koma á samningum um endanlegt uppgjör á þeim grundvelli, að greiddur yrði mismunur á yfirteknum skuldum og umsömdu kaupverði. Hafi verið haldnir margir fundir, þar sem það og Friðrik Kristjánsson og stundum stefnandi hafi rætt við. Kveður vitnið hafa komið fram í viðræðunum, að fyrirtækið hafi verið rekið með tapi, þó fyrst í stað hafi verið einhver hagnaður. Vitnið kveður stefnanda hafa gert ágreining varðandi þetta og hafi ekki fengist botn í þetta. Vitnið kveður viðræður hafa komist á það stig, að Friðrik hafi fallist á að gera upp mismun á yfirteknum skuldum og kaupverði gegn því, að stefnandi lyki við hönnun á þremur hlutum til framleiðslu. Hafi hlutir þessir verið hurðarlamir, sem þegar hafi verið byrjað að framleiða, rafmagnstengihólkur og hljóðkútur í bifreiðar. Kveður vitnið viðræður sínar hafa komist á það stig, að Friðrik hafi fallist á að gera þetta upp með útgáfu skuldabréfs að fjárhæð ríflega kr. 1.700.000.00, og hafi það verið þrátt fyrir það þótt Friðrik teldi stefnanda ekki hafa lokið við hönnun greindra hluta. Vitnið kveður stefnanda hafa samþykkt að ljúka málinu með þessum hætti. Vitnið kveður Friðrik nú hafa farið til útlanda, en kveður hann áður hafa hringt til sín og sagt sér, að þar sem stefnandi hefði ákveðið einhliða að fara í sumarleyfi, sæi hann ekki ástæðu til að ganga frá málinu að svo stöddu. Kveður vitnið töluvert ósamkomulag hafa verið milli stefnanda og Friðriks, er hér var komið. Vitnið kveður búið hafa verið að útbúa til undirskriftar skuldabréf að fjárhæð rúmlega kr. 1.700.000.00 og á síðasta stigi hafi legið fyrir uppköst að tveimur skjölum, afsali og samningi. Kveður vitnið stefnanda ekki hafa talið sig geta skrifað undir skjölin, þar sem hann hafi talið ákvæði, sem fjallað hafi um ráðningu hans hjá fyrirtækinu og hagnýtingu hugverka hans, að undanteknum framangreindum lögnum, framlengingarhólki og hljóðkút, fráleit.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að samkvæmt kaupsamningi aðiljanna hafi stefndi keypt verðmæti þau, sem þar eru tilgreind, og hafi umsamið söluandvirði verið kr. 8.000.000.00. Fjárhæð þessa hafi átt að greiða með þeim hætti, að stefndi tæki á sig skuldir, sem stöfuðu af verksmiðjurekstri stefnanda á Sauðárkróki, og semdi við lánadrottna stefnanda um þær. Þessu samningsákvæði hafi stefndi fullnægt og hafi hann greitt alls vegna stefnanda í þessu skyni kr. 6.273.393.00. Mismuninn á þessari fjárhæð og kr. 8.000.000.00 hafi stefndi átt að greiða með því að

gefa út til stefnanda skuldabréf til tíu ára með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta, er greiðast skyldu í fyrsta sinni í maí 1970, en sá fyrirvari hafi verið um greiðslu þessa, að hún skyldi ekki innt af hendi, nema það sýndi sig á næstu tólf mánuðum frá gerð samningsins, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri fyrir hendi. Er aðalkrafa stefnanda byggð á því, að rekstur verksmiðjunnar hafi verið arðbær á þeim tólf mánuðum, sem um er rætt í samningi aðiljanna, og hafi stefndi í ágústmánuði 1970 látið gera drög að samningi um áframhaldandi samstarf stefnanda og stefnda um störf hans við verksmiðjuna. Einnig hafi stefndi látið útbúa skuldabréf það, sem hann hafi átt að gefa út samkvæmt samningi aðiljanna. Hins vegar hafi nýi samningurinn aldrei verið undirritaður og hafi það stafað af því, að stefnandi hafi ekki getað unað ýmsum ákvæðum samningsins, sem hann hafi ekki getað fengið leiðrétt, og ekki hafi stefndi gefið út skuldabréfið. Af þessu hafi svo leitt, að stefnandi hafi hætt starfi sínu hjá stefnda. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að þar sem stefndi hafi hvorki gefið út skuldabréfið samkvæmt samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969 né innt af hendi greiðslur gjaldfallinna afborgana og vaxta, sem hann hafi átt að inna af hendi samkvæmt því, sé um svo verulegar vanefndir að ræða, að stefnanda sé heimilt að krefja stefnda um alla fjárhæð skuldabréfsins.

Að því er varðar rekstrarreikning fyrir tímabilið 1. febrúar 1969 til 31. desember 1969, sem af hálfu stefnda hefur verið lagður fram í máli þessu fyrir iðnaðardeild stefnda og út af fyrir sig er ekki ágreiningur um, að taki til þess rekstrar, sem fjallað er um í máli þessu, hafa komið fram mótmæli af hálfu stefnanda, sem nú verða rakin: Því er haldið fram, að vinnulaunaliður sé of hár og ekki í samræmi við uppgjörsvenjur, m. a. komi ekki fram, hvort undir þennan lið séu felld vinnulaun, sem raunverulega eigi að teljast til stofnkostnaðar, svo sem vinnulaun við flutning véla frá Sauðárkróki til Reykjavíkur. Þá er því haldið fram, að vextir, bankakostnaður og skrifstofukostnaður séu áætlaðir liðir, sem séu of háir. Þá er því haldið fram, að opinber gjöld hafi ekki áhrif á mat á því, hvort fyrirtækið sé arðbært, og því eigi ekki að taka hér með opinber gjöld. Þá er því haldið fram, að liðurinn „Viðhald húss og véla" eigi ekki við rök að styðjast, er meta eigi arðbæri fyrirtækisins, því leigusali eigi að sjá um slíkt viðhald, en eigi hafi komið til viðhald á vélum þeim, sem komu frá stefnanda. Þá er því haldið fram, að öll fyrning sé frekleg og 20% afskrift af hráefni sé óheimil og óraunveruleg. Er á það bent, að

reikningur þessi sé saminn til uppgjörs opinberra gjalda, en gefi ekki rétta mynd af arðbæri fyrirtækisins. Er því haldið fram, að reikningurinn sé ekki settur upp samkvæmt uppgjörsreglum, sé ekki trúverðugur og verði stefndi að bera allan halla af skorti sannana á réttmæti bókhaldsins. Er því haldið fram, að ljóst hafi verið í janúar 1970, að fyrirtækið var arðbært og því beri stefnda að greiða aðalkröfu stefnanda.

Varakrafa stefnanda er byggð á því, að samningur aðiljanna hafi tekið til þess, að stefndi tæki að sér greiðslu veðskulda, sem hvíldu á eign stefnanda að Sæmundargötu 7 á Sauðárkróki. Þegar svo annar keypti þá eign og tók að sér veðskuldirnar, þá hafi lækkað sú fjárhæð, sem gert hafi verið ráð fyrir, að stefndi tæki að sér, og því beri stefnda að greiða þennan mismun. Er því haldið fram, að þetta hafi Friðrik Kristjánsson viðurkennt í rannsókn þeirri, sem fram hafi farið í sakadómi varðandi þetta atriði. Er því haldið fram, að varakröfu þessa sé heimilt að hafa uppi á grundvelli 113. gr. laga nr. 85/1936.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að það hafi komið í ljós, að skilyrði þau, sem sett hafi verið í samning aðiljanna frá 29. janúar 1969 fyrir því, að stefndi greiddi meira en hann hafði þegar gert með því að yfirtaka skuldir stefnanda, voru ekki fyrir hendi. Er því haldið fram, að það hafi sýnt sig í ársbyrjun 1970, að upplýsingar þær, sem stefnandi hafði gefið um markað fyrir framleiðsluvörur, væru ekki á rökum reistar, en fyrirsvarsmaður stefnda hafi á grundvelli upplýsinga stefnanda reiknað með hliðstæðum pöntunum á sömu vörum og árið áður. Því hafi verið lögð á það rík áhersla við stefnanda, að hann lyki við það, sem á vantaði, til að hefja framleiðslu á munum þeim, sem hann hafði sýnt fyrirsvarsmanni stefnda og voru með í kaupunum. Jafnframt hafi stefnanda verið skýrt frá því, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi eins og væri, en hins vegar væri fyrirsvarsmaður stefnda reiðubúinn til að fresta úttekt á rekstrargrundvelli, þar til stefnandi hefði lokið undirbúningi að framleiðslu hinna nýju muna, en jafnframt hafi verið lögð rík áhersla á, að þessum undirbúningi yrði hraðað. Er því haldið fram, að á þessum grundvelli hafi fyrirsvarsmaður stefnda lýst sig reiðubúinn til að ræða við stefnanda um áframhald á rekstrinum og uppgjör á kaupverði, enda væri þá unnt að finna grundvöll fyrir arðbærum rekstri. Hafi þeir átt nokkra fundi sumarið 1970 og hafi þá verið gerð drög að tveimur samningum milli aðilja og skuldabréfi. Hins vegar hafi stefnandi hlaupist fyrirvaralaust úr

starfi og hafi því ekki orðið af frekari samningum, en stefnandi hafi þá vitað, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri enginn.

Er því haldið fram af hálfu stefnda, að ársreikningar fyrir árin 1969 og 1970 séu hlutlægir, enda byggðir á uppgjöri til skatts, og sýni þeir, að rekstur verksmiðjunnar hafi ekki verið arðbær. Er á það bent í þessu sambandi, að flutningskostnaður og kostnaður við að setja niður vélar séu ekki taldir með. Þá er því haldið fram, að fyrning áhalda og véla sé eðlileg. Einnig er því haldið fram, að opinber gjöld hljóti að hafa áhrif á arðsemi fyrirtækis.

Samkvæmt samningi aðiljanna frá 29. janúar 1969 var um það samið, að kaupverð hins selda skyldi vera kr. 8.000.000.00. Skyldi stefndi greiða það með því að taka á sig og greiða eða semja um greiðslu á öllum skuldum stefnanda, sem áætlaðar voru 6.500.000.00 til kr. 7.000.000.00, en þær skyldu nánar greindar í sérsamningi aðiljanna. Ekki skyldu þó skuldirnar greiddar nema í samráði og með samþykki stefnanda. Mismun kaupverðsins, þ. e. kr. 8.000.000.00, og þeirra skulda, sem stefndi tók á sig, skyldi hann greiða stefnanda með skuldabréfi eða skuldabréfum, sem skyldu greiðast með jöfnum greiðslum afborgana og vaxta á næstu 10 árum, í fyrsta sinni í maímánuði 1970. Greiðsla mismunar kaupverðs og skulda stefnanda, sem stefndi tók á sig, skyldi þó ekki fara fram, ef það sýndi sig á næstu 12 mánuðum, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi, en nánar skyldi kveðið á um þetta í samningi, er síðar skyldi gerður. Samkvæmt samningi aðiljanna var og ákveðið, að stefnandi skyldi verða fastráðinn starfsmaður við verksmiðjurekstur stefnda, en sérstakur samningur skyldi gerður um starfssvið hans og skuldbindingar. Samkvæmt þessu var í samningi aðiljanna gert ráð fyrir þremur sérstökum samningum í tengslum við aðalsamninginn, þ. e. samningi um það, hverjar skuldir stefndi tæki að sér, þrátt fyrir orðalag samningsins „öllum skuldum". Einnig er gert ráð fyrir sérstökum samningi um, hvernig rekstur verksmiðjunnar yrði metinn, og að lokum var gert ráð fyrir samningi um starfssvið og skuldbindingar stefnanda. Var eðlilegt og nauðsynlegt að gera þessa samninga fljótlega eftir gerð aðalsamningsins til að skapa traustan grundvöll fyrir samskipti aðiljanna. Samningurinn var gerður 29. janúar 1969 og því eðlilegast að líta svo á, að fljótlega eftir mánaðamót janúar og febrúar 1970 yrði skorið úr um það, hvort grundvöllur væri fyrir arðbærum

rekstri verksmiðjunnar, enda var gert ráð fyrir fyrstu greiðslum af skuldabréfum í „ca. maímánuði 1970". Ekki voru samningar þessir þó gerðir. Ekki er fram komið, að stefndi hafi látið fara fram uppgjör á rekstrargrundvelli verksmiðjunnar í árslok 1969, en ársreikningur fyrir árið 1969, sem lagður hefur verið fram í málinu, var ekki saminn fyrr en undir rekstri málsins. Ekki er heldur fram komið, að stefndi hafi látið fara fram uppgjör á rekstri verksmiðjunnar um mánaðamót janúar og febrúar 1970. Ársreikningur fyrir árið 1969 sýnir að vísu rekstrarhalla, sem nemur kr. 350.199.90. Eru nokkrir liðir reikningsins byggðir á mati fyrirsvarsmanna stefnda, en fjárhæðir liða þessara geta ráðið úrslitum um það, hvort reikningurinn sýni rekstrarhagnað eða ekki. Þykir reikningurinn ekki sýna ótvírætt, að verksmiðjureksturinn hafi við lok ársins 1969 verið óarðbær. Niðurstöðutölur ársreiknings fyrir árið 1970 verða ekki lagðar til grundvallar um það, hvort reksturinn hafi verið arðbær um mánaðamót janúar og febrúar það ár. Samkvæmt þessu er ekki í ljós leitt, að það hafi sýnt sig á næstu 12 mánuðum eftir að aðiljarnir gerðu samning sinn, að grundvöllur fyrir arðbærum rekstri verksmiðjunnar væri ekki fyrir hendi. Hafa því ekki verið færðar sönnur að skilyrði því, sem gat leyst stefnda undan greiðslu á mismun skulda þeirra, sem hann tók á sig, og kaupverðsins, kr. 8.000.000.00. Er ágreiningslaust, að stefndi hafi tekið á sig að greiða í þessu sambandi kr. 6.273.393.00. Þykir stefnandi því eiga rétt á að krefja stefnda um greiðslu mismunar þessarar fjárhæðar og kaupverðsins, kr. 8.000.000.00, eða kr. 1.726.607.00, svo sem krafið er um í málinu. Hafa ekki verið færðar sönnur að því, að vanefndir hafi orðið á vinnuframlagi stefnanda í þágu stefnda, er geti firrt stefnanda rétti til fjárhæðar þessarar. Verður að líta svo á, að slíkar vanefndir hafi orðið af hálfu stefnda á samningi aðiljanna, að stefnanda sé nú rétt að krefja um greiðslu fjárhæðarinnar með þeim hætti sem gert er í máli þessu.

Verða úrslit málsins því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnnada kr. 1.726.607.00 ásamt vöxtum, sem reiknast 7% ársvextir frá 29. janúar 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvextir frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 250.000.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Guðmundi Skaftasyni, löggildum endurskoðanda, og Markúsi Sveinssyni framkvæmdastjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Kr. Kristjánsson h/f, greiði stefnanda, Jónasi Guðlaugssyni, kr. 1.726.607.00 með 7% ársvöxtum frá 29. janúar 1969 til 18. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1977.

Nr. 222/1976. **Sonja Kristinsson**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Ragnari Steinbergssyni
(sjálfur).

Fasteignasala.

Dómur Hæstaréttar.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari í Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. nóvember 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 28. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum „hæfilega þóknun að mati Hæstaréttar". Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi leitaði til fasteignasölu stefnda í því skyni, að hún útvegaði honum kaupanda að húseign hans. Þykir sannað, að kaupin hafi komist á fyrir tilstilli fasteignasölunnar, þótt annar aðili sæi um endanlega samningsgerð. Á stefndi

rétt á þóknun fyrir þessi störf úr hendi áfrýjanda. Þykir hún hæfilega ákveðin 40.000 krónur, sem áfrýjanda verður dæmt að greiða stefnda með 13% ársvöxtum frá 27. júní 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sonja Kristinsson, greiði stefnda, Ragnari Steinbergssyni, 40.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 27. júní 1975 til greiðsludags og 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 22. júní 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júní sl., hefur Ragnar Steinbergsson hæstaréttarlögmaður, Geislagötu 5, Akureyri, höfðað fyrir aukadómþingi Eyjafjarðarsýslu með stefnu, útgefinni 26. júní 1975, á hendur Sonju Kristinsson, Ytra-Felli, Hrafnagilshreppi, Eyjafjarðarsýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum venjuleg sölulaun vegna Grundargerðis 6 C, Akureyri, kr. 76.000 ásamt 16% ársvöxtum af þeirri upphæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt taxta LMFÍ eða mati dómara.

Til vara krefst stefnandi upphæðar að mati dómsins ásamt sömu vöxtum og málskostnaðar.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að henni verði dæmdur málskostnaður samkvæmt mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur ekki borið árangur.

Stefnandi kveður málavexti þá, að um vorið 1975 hafi eiginmaður stefndu, Jón Kristinsson bóndi, leitað til fasteignasölu sinnar og óskað eftir, að fasteignasalan reyndi að selja raðhús í smíðum að Grundargerði 6 C, Akureyri. Raðhúsið var á nafni eiginkonu hans, stefndu, en Jón kom fram fyrir hennar hönd.

Raðhús þetta hafði verið í sölu og var áfram hjá nokkrum öðrum fasteignasölum á Akureyri, en þau hjón höfðu fest kaup á einbýlishúsi og voru komin í erfiðleika með greiðslur.

Jón Kristinsson sneri sér til sölustjóra stefnanda, Kristins

Steinssonar byggingameistara með þessa beiðni, og mun þar hafa ráðið nokkru um ábending seljanda einbýlishúss þess, sem þau hjón höfðu fest kaup á. Jón Kristinsson afhenti Kristni Steinssyni lykla að raðhúsinu, til þess að hann gæti sýnt það væntanlegum kaupendum. Fasteignasala stefnanda útvegaði mjög fljótlega áhugasaman kaupanda, Baldvin Björnsson trésmið, Skarðshlíð 9 J, Akureyri, og gerði hann tilboð í húsið, sem var kr. 200.000 lægra en seljandi hafði sett upp, eða kr. 3.800.000, og setti fram greiðsluhugmyndir. Stefnda og Jón Kristinsson komu saman á fasteignasölu stefnanda, þar sem boð kaupanda var rætt og þeirra hugmyndir settar fram. Síðan var rætt við Baldvin af sölustjóra stefnanda og samningar tókust.

Örfáum dögum síðar var kaupandinn, Baldvin Björnsson, boðaður af Jóni Kristinssyni til samningsgerðar á skrifstofu Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, Akureyri. Mun það að vísu hafa verið gert án samráðs við lögmanninn, sem ekki var tiltækur á þeim tíma. Þegar Baldvin Björnsson lét í ljós undrun sína á þessu og spurðist fyrir um, hvers vegna stefnandi gerði ekki samningana, þar sem hann hefði eingöngu rætt við stefnanda um þessi kaup, svaraði Jón því til, að mun ódýrara væri fyrir sig, að Ásmundur gerði samningana, enda væri hann sinn lögfræðingur.

Baldvin Björnsson lét stefnanda vita af þessum ráðstöfunum, og stefnandi skýrði Ásmundi S. Jóhannssyni héraðsdómslögmanni frá aðdragandanum.

Jón Kristinsson boðaði Baldvin Björnsson aftur á fund Ásmundar, og ráðlagði stefnandi Baldvin að fara til undirritunar samninganna. Jón Kristinsson undirritaði þá af hálfu seljanda.

Samningarnir voru tilbúnir til undirskriftar, þegar kaupandi kom, og var söluverð þar tilgreint kr. 3.200.000 eða kr. 600.000 lægra en fasteignasala stefnanda hafði annast samninga um munnlega.

Í vitnaskýrslu Jóns Kristinssonar, eiginmanns stefndu, er undirritaði kaupsamninginn af hennar hálfu, hér fyrir dómi segir, að þau hjónin hafi haft íbúðina Grundargerði 6 C á söluskrá hjá tveim fasteignasölum á Akureyri, þeim Ásmundi S. Jóhannssyni héraðsdómslögmanni og Steindóri Gunnarssyni, cand. jur.

Lítil hreyfing hafi verið á fasteignasölu fyrri hluta ársins 1975, en er líða tók á veturinn, hafi kunningi Jóns, Stefán Steinar Stefánsson byggingameistari, komið til hans og kvaðst vita til þess,

að Kristinn Steinsson, sölustjóri stefnanda, væri með mann á sínum snærum, sem vantaði íbúð. Þau hjónin, stefnda og Jón, hafi farið til Kristins og afhent honum lykil að íbúðinni Grundargerði 6 C til að sýna hana Baldvin Björnssyni trésmið, Akureyri. Baldvin hafi ákveðið að festa kaup í íbúðinni og hefði kaupsamningur síðan verið gerður með þeim Baldvin og Jóni, sem kom fram af hálfu stefndu, á skrifstofu Ásmundar S. Jóhannssonar, eins og frá er greint í stefnu.

Í vitnaskýrslu skýrir Kristinn Steinsson sölustjóri svo frá, að Baldvin Björnsson hafi leitað til fasteignasölu stefnanda vorið 1975 og kvaðst hafa áhuga á að skipta á íbúð sinni og íbúð í raðhúsi. Voru þessi atriði öll skráð niður. Nokkru seinna kom Stefán Stefánsson á skrifstofu til Kristins og kvaðst vita um íbúð, sem væri í sölu hjá fasteignasölum, við Grundargerði, en erfiðlega gengi að selja hana. Eigendur sagði hann vera Jón Heiðar Kristinsson eða konu hans. Sagði Kristinn Stefáni þá frá því, að fasteignasala stefnanda hefði hugsanlega kaupanda að slíku húsnæði, þannig að ef Jón leitaði til þeirra, þá yrðu möguleikar á sölu fyrir hann athugaðir. Jón kom daginn eftir til fundar við Kristin og bað hann um að selja raðhús þeirra hjóna. Varð Kristinn við þeirri ósk og fékk lykil að húsinu afhentan til þess að geta sýnt það væntanlegum kaupendum.

Hafði Kristinn síðan samband við Baldvin Björnsson. Eftir að Baldvin hafði skoðað húsið, var farið að ganga frá greiðslufyrirkomulagi. Síðan voru fundir með Kristni, Jóni og stefndu á skrifstofu fasteignasölunnar og rætt um þau mál.

Skyndilega boðar Jón Baldvin til fundar við sig á annarri fasteignasölu til undirritunar samninga á þeirri forsendu, að það sé ódýrara fyrir sig, en Baldvin skýrði Kristni frá því framferði hans.

Í vitnaskýrslu Baldvins Björnssonar skýrir hann svo frá, að vorið 1975 hafi hann rætt við Kristin Steinsson, sem honum var kunnugt um, að væri sölustjóri fasteignasölu stefnanda, um, að hann hefði áhuga á því að kaupa raðhús í smíðum. Stuttu síðar hefði Kristinn tilkynnt honum, að hann hefði slíkt hús í sölu, sem hann taldi, að hentaði Baldvin. Baldvin hafi síðan farið með Kristni og skoðað húsið og hafi Kristinn þá haft lykla að því. Hafi Kristinn síðan haft milligöngu milli Baldvins og Jóns, sem kom fram sem seljandi fyrir hönd stefndu um sölu á íbúðinni. Endanlegt verð hennar var ákveðið kr. 3.800.000, og jafnframt

var fyrirkomulag útborgunar ákveðið. Þegar undirrita átti samningana, var Baldvin síðan boðaður á skrifstofu Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, eins og frá er greint hér að framan.

Hér fyrir dómi skýrði vitnið Kristinn Steinsson frá því, að Jón hafi fyrst komið að máli við sig heima hjá sér og síðar hafi þau hjón komið á skrifstofuna til sín. Sagði vitnið, að Jón hafi oftar komið heim til sín út af málum þessum auk símasambands þeirra á milli. Þegar hjónin, stefnda og Jón, komu á skrifstofuna, hafi legið fyrir frumtilboð frá Baldvin.

Fyrir dómi kvaðst umboðsmaður stefndu, Jón H. Kristinsson, ekki minnast þess að hafa haft samband við Kristin nema í tvö skipti. Hann kveðst ekki muna, hvort frumtilboð hafi borist frá Baldvin á fundi þeim, sem hann átti með Kristni á skrifstofu stefnanda. Hann neitaði því að hafa beðið Kristin um að selja íbúðina, heldur hafi hann boðið honum hana til kaups og kveðst ekki muna, hvenær Kristinn skilaði honum aftur lyklunum að íbúðinni. Jón kvaðst heldur ekki minnast þess, að Baldvin hafi verið í skrifstofu stefnanda, þegar þau hjón komu þar.

Stefnda, Sonja Kristinsson, skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hún hafi einu sinni verið á skrifstofu stefnanda ásamt manni sínum til fundar við Kristin Steinsson og þá hafi Baldvin ekki verið viðstaddur. Stefnda kvaðst ekki minnast þess, að fyrir hafi legið frumtilboð um íbúðina í það skipti. Hún kvað fund þennan hafa verið haldinn vegna sölu á íbúðinni, en kvaðst ekki muna, um hvað hefði verið rætt.

Vitnið Stefán Steinar Stefánsson byggingameistari skýrði svo frá hér fyrir dómi, að hann hafi átt viðræður við Kristin Steinsson og hafi Kristinn þá spurt sig, hvort Jón H. Kristinsson væri búinn að selja íbúð sína Grundargerði 6 C. Þar eð vitnið kvað það ekki vera, hafi Kristinn sagst hafa kaupanda að íbúðinni. Kvaðst vitnið þá hafa haft samband við Jón og skýrt honum frá því. Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að Kristinn hafi skýrt sér frá því, hver kaupandinn væri, og hann hafi ekki skýrt Jóni frá því.

Vitnið Baldvin Björnsson skýrði frá því hér fyrir dómi, að hann hefði ekki hitt stefndu eða mann hennar á skrifstofu stefnanda. Vitnið kvaðst hafa afhent Kristni Steinssyni skriflegt frumtilboð í íbúð stefndu, áður en viðræður fóru fram milli hans og eiginmanns stefndu. Segir vitnið Kristin hafa skýrt sér frá því, að tilboðinu hafi verið hafnað. Síðan hefði vitnið rætt við Jón Kristinsson og gert honum aftur tilboð munnlega og samningar síðan tek-

ist. Vitnið kveðst oft hafa rætt við Kristin um íbúðarkaupin, þar sem þeir hefðu unnið saman á þessum tíma.

Málssókn er á því reist, að stofnast hafi gildur kaupsamningur milli stefndu og Baldvins Björnssonar fyrir milligöngu fasteignasölu stefnanda. Fasteignasala stefnanda hafi útvegað áhugasaman kaupanda að íbúð stefndu og hefðu greiðsluhugmyndir verið settar fram á skrifstofu stefnanda. Stuttu síðar hafi kaupsamningur verið undirritaður á skrifstofu Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns. Telur stefnandi sig hafa unnið til fullra sölulauna, en þau séu 2% af kr. 3.800.000, eða kr. 76.000. Einnig krefst hann 16% ársvaxta af þeirri upphæð frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að bindandi kaupsamningur hafi komist á milli hennar og Baldvins Björnssonar án nokkurrar milligöngu stefnanda. Kristinn Steinsson, starfsmaður stefnanda, hafi boðið Baldvin Björnssyni að útvega honum húseign til kaups og unnið í hans þjónustu. Húseignin hafi verið auglýst hjá tveimur fasteignasölum á Akureyri, en ekki hjá stefnanda, sem ekkert hefði gert til að koma henni á framfæri. Stefnandi hefði ekki látið stefndu neina vinnu í té, og er vitnað í 6. gr. laga nr. 47/1938 um þóknun fasteignasala. Stefnandi eigi e. t. v. rétt á þóknun úr hendi kaupanda, fyrir aðstoð honum veitta, skv. gjaldskrá LMFÍ.

Upplýst er, að stefndu var útvegaður kaupandi að húseigninni Grundargerði 6 C af Kristni Steinssyni, sem er sölustjóri fasteignasölu stefnanda. Á skrifstofu fasteignasölunnar kom stefnda og eiginmaður hennar til fundar við Kristin, sem kom á framfæri við þau tilboði frá Baldvin Björnssyni, sem áður hafði skoðað húseignina í fylgd með Kristni, sem hafði lykla að henni undir höndum frá stefndu.

Af framanskráðu er ljóst, að kaupin komust á fyrir milligöngu og tilstuðlan starfsmanns stefnanda, og var sú þjónusta veitt að beiðni eiginmanns stefndu. Ber stefnanda því þóknun fyrir þjónustu sína, sem telst hæfileg kr. 60.000 ásamt 16% ársvöxtum frá birtingu stefnu 27. júní 1975.

Rétt þykir, að hvor aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefnda, Sonja Kristinsson, greiði stefnanda, Ragnari Steinbergssyni, kr. 60.000 ásamt 16% ársvöxtum frá 27. júní 1975 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá lögbirtingu hans.

Fimmtudaginn 10. nóvember 1977.

Nr. 191/1977. **Hreppsnefnd Þverárhrepps f. h. hreppsins**
gegn
Benedikt Axelssyni
Elínborgu Ólafsdóttur
Jóni Kristjánssyni og
Margréti Björnsdóttur
vegna jarðarinnar Miðhóps
og til réttargæslu
Rannveigu Ingimundardóttur,
eiganda Þingeyrasels, og
oddvita Þorkelshólshrepps f. h. hreppsins.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn áfrýjaða dóm kváðu upp Jón Ísberg sýslumaður í Húnavatnssýslu ásamt meðdómsmönnunum Pétri Sigurðssyni hreppstjóra og Sveini Sveinssyni oddvita.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 22. ágúst 1977, sem barst Hæstarétti 28. október sl.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdóm að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefndu, og þeir hafa engar kröfur gert.

Í héraðsstefnu segir, að kröfur sóknaraðilja séu, að viðurkennt verði með dómi, að „íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um land jarðarinnar Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlið, og sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins . . .". Ekki kemur glögglega fram, hvort hér er einungis átt við umferð um Miðhópsland, sbr. orðin „sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins . . ." Er stefnan því ekki í samræmi við 88. gr. laga nr. 85/1936.

Í héraðsdómi segir, að girðing sú, sem við sögu kemur í málinu, hafi á sínum tíma verið gerð af eiganda Miðhóps, en hún hafi síðar verið afhent upprekstrarfélögum þriggja hreppa. Gögn málsins eru óljós um, hverjir eigi og hafi umráð girðingar þeirrar, sem hið umdeilda hlið er á. Er því ekki unnt að taka afstöðu til samaðildar varnarmegin í málinu. Veldur þessi vanreifun því ein sér, að dómur verður ekki lagður á málið.

Í héraði var lagt fram ágrip hæstaréttarmálsins nr. 193/1974. Í dómi Hæstaréttar í því máli 15. mars sl. var tekið fram, að athugavert væri, að af hálfu Þverárhrepps (sóknaraðilja í þessu máli) hefðu verið lögð fram mörg bréf og greinargerðir, sem geymdu skriflegan málflutning. Engu að síður voru öll þessi gögn lögð fram á ný í héraði í máli því, sem hér er til úrlausnar, og enn fremur greinargerðir lögmanna aðilja fyrir Hæstarétti í fyrra málinu. Var með því brotið gegn 105. gr. laga nr. 85/1936.

Af framanskráðu leiðir, að staðfesta ber hinn kærða frávísunardóm að niðurstöðu til. Er brýnt, að vandað sé til undirbúnings dómsmáls um ágreiningsefni það, sem mál þetta snýst um, þar sem um er að ræða gamalt deiluefni, sem velkst hefur hjá lögreglu og dómstólum í mörg ár, án þess að efnisúrlausn fengist.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðiljum 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, hreppsnefnd Þverárhrepps f. h. hreppsins, greiði varnaraðiljum, Benedikt Axelssyni, Elínborgu Ólafsdóttur, Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur, 30.000 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur áreiðar- og vettvangsdóms Húnavatnssýslu 15. júlí 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. júní sl., var höfðað fyrir áreiðar- og vettvangsdómi Húnavatnssýslu með stefnu, útgefinni 30. mars sl., af hreppsnefnd Þverárhrepps gegn Benedikt Axelssyni, bónda og eiganda hálflendu jarðarinnar Miðhóps, og til réttargæslu eigendum hinnar hálflendunnar, þeim Jóni Kristjánssyni og Margréti Björnsdóttur, Köldukinn, eiganda Þingeyrasels, Rannveigu Ingimundardóttur, Víðimel 66, Reykjavík, svo og oddvita Þorkelshólshrepps. Við þingfestingu málsins varð samkomulag með aðiljum á þann veg, að kona Benedikts Axelssonar, Elínborg Ólafsdóttir, varð einnig beinn aðili málsins svo og hjónin Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, eða allir skráðir eigendur Miðhóps.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að staðfest verði með dómi, að íbúum Þverárhrepps sé heimil umferð með búfénað um land jarðarinnar Miðhóps, þar á meðal um svokallað Miðhópshlið og sem leið liggur fram á afréttarlönd hreppsins, Haukagilsheiði, Lambatungur og Kornsártungur og loks Fremrihlíð. Enn fremur er krafist málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati og ákvörðun dómsins.

Varnaraðiljar gera þær dómkröfur, að þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hendi hans.

Sátt var reynd með aðiljum, en án árangurs.

Málavextir eru sem nú skal greina:

Skömmu eftir síðustu aldamót keypti sveitarsjóður Þverárhrepps 1/4 hluta í Haukagilsheiði, 1/8 í Lambatungum og 1/8 í Kornsártungum.

Fljótlega ráku einn og einn hreppsbúi hross sín þarna á afrétt, en almennt mun það ekki hafa orðið fyrr en rétt fyrir 1930. Þessir rekstrar munu hafa farið um Enniskot og austur fyrir Víðidalsfjall og fram Þingeyraselsland.

Land Þingeyrasels liggur vestan Gljúfurár, austan undir og í

Víðidalsfjalli, næst fyrir framan Miðhópsland. Jörðin Miðhóp á land upp í fjallið og að austan fram að Hólagilslæk. Hrossarekstrar þessir urðu því að fara um Miðhópsland.

Fyrir alllöngu girti þáverandi eigandi Miðhóps úr Hólagilslæk og niður í Gljúfurá. Mun höfuðástæðan hafa verið ágangur búfjár, er líða tók á sumarið. Á þessa girðingu var sett hlið, en um umferðarrétt um hlið þetta snýst þetta mál og þá um leið um umferðarrétt um Miðhópsland. Um það bil 100—120 ha af Miðhópslandi eru framan umræddrar girðingar.

Þessi girðing hefur fyrir mörgum árum verið afhent upprekstrarfélögum Ás- og Sveinsstaðahreppa og Þorkelshólshrepps, og standa þau straum af viðhaldskostnaði.

Deilur hófust þegar milli 1930 og 1940 um þessa rekstrarleið og náðu hámarki, er fógetaréttur Húnavatnssýslu synjaði um opnun Miðhópshliðs með úrskurði 9. júlí 1945, en því hafði verið læst með lás. Þessum úrskurði áfrýjaði fulltrúi Þverhreppinga, en mótaðiljar í því máli voru hreppsnefnd Þorkelshólshrepps og eigandi Miðhóps.

Endalok þess máls urðu þau, að hæstaréttarstefna, sem út hafði verið gefin, var dregin til baka, er samkomulag náðist milli oddvita Þorkelshólshrepps og fulltrúa Þverárhrepps um þessa rekstrarleið, og gilti sá samningur í 10 ár. Þegar honum hafði verið sagt upp, hófust deilurnar á ný.

Árið 1962 kæra oddvitar Ás- og Sveinsstaðahreppa nokkra Þverhreppinga fyrir að reka þessa leið og telja það brot á fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu, en þar eru ákvæði um, að fjallskilastjórnir geti ákvarðað rekstrarleið búpenings á afrétt, og þá gengið út frá því, að Þingeyraselsland sé í Austur-Húnavatnssýslu, eða a. m. k. það land falli undir gildissvið fjallskilareglugerðarinnar. Þetta mál var tekið fyrir í sakadómi og sent ríkissaksóknara, en hann taldi ekki þörf frekari aðgerða, og málið féll þar með niður.

Nú dró ekki til stórtíðinda næsta áratuginn, en upp úr 1971 hófst sama sagan á ný. Nú stóðu að þessum aðgerðum hreppsnefndir allra þriggja hreppanna, Ás- og Sveinsstaða- og Þorkelshólshreppa. Þau átök enduðu á þann veg, að fógetaréttur synjaði um opnun Miðhópshliðs með úrskurði 13. ágúst 1974. Þeim úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem úrskurður fógetaréttar hlaut þá staðfestingu, að ekki væri slík nauðsyn til skjótrar opnunar hliðsins, að eigi mætti bíða álits áreiðar- og vettvangsdóms, sem um slík mál ætti að fjalla. Þess vegna er mál þetta höfðað.

Aðalkrafa stefnenda er, að rekstrarleiðin fram austan Víðidalsfjalls um Miðhóps- og Þingeyraselsland verði viðurkennd sem alfaraleið, sem ekki sé hægt að loka, en aðalrök þeirra aðilja, sem mótmælt hafa, eru, að slíkir rekstrar styggi fé og þvæli lömb undan, svo og vilja upprekstrarfélög Ás- og Sveinsstaðahreppa fylgjast með tölu þeirra hrossa, sem rekin eru, en fjöldi þeirra var ákveðinn 1940, en þá var gerð ítala í þessi lönd, sem Þverhreppingar reka í.

Án þess að taka að svo komnu máli afstöðu til þess, hvort hér sé um alfaraleið að ræða eða ekki eða hvort Þverhreppingar hafi unnið hefð á þessari leið, þá vekur dómur athygli á, að því aðeins er sett hlið á girðingar, að um þau þurfi að fara. Ef loka á slíku hliði, þarf því að gæta ákvæða girðingarlaga og vegalaga. Samkvæmt ákvæðum vegalaga verður sá, sem loka vill hliði eða girða yfir veg eða stíg, að fá leyfi viðkomandi sveitarstjórnar, en leyfi hennar eða synjun er hægt að áfrýja til vegamálastjóra.

Í þessu máli hefur þessa ekki verið gætt. Stefndi Benedikt Axelsson hefur ótvírætt látið í ljós vilja sinn að loka hliðinu, en eigendur hálflendunnar, stefndu Jón Kristjánsson og Margrét Björnsdóttir, hafa ekki tjáð sig um þetta atriði. Þá lýsir oddviti Þorkelshólshrepps því yfir í bréfi til oddvita Þverárhrepps, dags. 6. nóv. 1974, að hreppsnefnd Þorkelshólshrepps hafi enga samþykkt gert um lokun Miðhópshliðs, en bendir hins vegar á, að á sameiginlegum fundi hreppsnefnda Þorkelshóls-, Ás- og Sveinsstaðahreppa 1971 hafi verið samþykkt að læsa hliðinu. Hér verður ekki lagður dómur á bindandi gildi samþykktar þessara þriggja hreppa, en aðeins bent á, að oddviti Þorkelshólshrepps virðist líta svo á, að það hafi ekki verið bindandi samþykkt fyrir hreppsnefnd hans.

Vegamálastjóri bendir á þetta í bréfi sínu til lögmanns stefnanda, dags. 21. jan. 1976, að ekki sé unnt að taka afstöðu til deilunnar, vegna þess að fyrir liggi ekki ákveðin afstaða hreppsnefndar Þorkelshólshrepps.

Þá hefur hreppsnefndum Ás- og Sveinsstaðahreppa ekki verið stefnt sem aðiljum. Nú hafa þær haldið því fram, að Þingeyraselsland sé í Austur-Húnavatnssýslu, eða a. m. k. að fjallskilareglugerð Austur-Húnavatnssýslu gildi þar og því hafi þær vald til þess að ákveða rekstrarleið um landið.

Án þess að taka efnislega afstöðu um þetta atriði bendir dómurinn á, að þessar hreppsnefndir hafa verið einna skelleggastar í að hindra umferð um þetta land og Þverhreppingum því engu minni

nauðsyn að fá efnisdóm um rétt sinn, ef til er, til yfirferðar um Þingeyraselsland en Miðhópsland.

Að vísu var eiganda Þingeyraselslands stefnt, en hún lætur málið afskiptalaust, enda hefur afnotum af þessu landi verið hagað sem og hverju öðru afréttarlandi síðustu áratugina.

Af framanrituðu sést, að allmikið vantar á, að málið hafi fengið þann undirbúning, að hægt sé að kveða upp efnisdóm í því. Verður því að vísa málinu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 14. nóvember 1977.

Nr. 32/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ómari Ægissyni og
Kristjáni Árnasyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Bifreiðar. Nytjastuldur. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Atferli beggja hinna ákærðu, það er þeir eru sakaðir um í ákæruskjali 16. október 1975, er réttilega fært til refsiákvæða í hinum áfrýjaða dómi. Í úrlausn héraðsdómara um háttsemi ákærða Ómars, þá er ákæruskjal 24. nóvember s. á.

tekur til, felst, að dómarinn telur ákærða sekan m. a. um að hafa reynt að aka bifreiðinni R 40511 undir áhrifum áfengis. Atferli hans varðar við 1. málsgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, 2. málsgr., sbr. 4. málsgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. málsgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga með lögjöfnun.

Við ákvörðun refsingar ákærða Ómars ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að virða sakarefni þau, sem um er fjallað í dómum sakadóms Reykjavíkur 28. september og 11. desember 1973. Þykir refsing ákærða Ómars hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ákvæði héraðsdóms um skaðabótagreiðslu hans og ökuleyfissviptingu ber að staðfesta.

Refsing ákærða Kristjáns þykir hæfilega ákveðin tveggja mánaða varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar, og falla skal hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða Ómars Ægissonar, um greiðslu skaðabóta og ökuleyfissviptingu eiga að vera óröskuð.

Ákærði Kristján Árnason sæti tveggja mánaða varðhaldi, en fullnustu refsingarinnar skal fresta, og falla skal hún niður að liðnum 2 árum frá uppsögn dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 30. desember 1975.

Ár 1975, þriðjudaginn 30. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 953-954/1975: Ákæruvaldið gegn Ómari Ægissyni og Kristjáni Árnasyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er höfðað af hálfu ríkissaksóknara á hendur ákærðu, Ómari Ægissyni sjómanni, Skúlagötu 64, Reykjavík, fæddum þar í borg 29. janúar 1956, og Kristjáni Árnasyni sjómanni, Fannarfelli 2, Reykjavík, fæddum þar í borg 12. september 1955.

Er málið höfðað með tveim ákæruskjölum.

Með ákæru, dagsettri 16. október sl., er mál höfðað gegn ákærðu báðum „fyrir að taka í heimildarleysi, aðfaranótt laugardagsins 14. júní 1975, bifreiðina R 21217 á bifreiðastæði við Hátún 6 í Reykjavík og halda síðan á brott í henni.

Ákærða Ómari er ennfremur gefið að sök að aka áðurnefndri bifreið í framhaldi af tökunni, undir áhrifum áfengis, þar til akstrinum lauk á Rjúpnahæð.

Telst þessi háttsemi beggja varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956, og háttsemi ákærða Ómars ennfremur við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og ákærði Ómar ennfremur til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga."

Þá er mál höfðað með ákæru, dagsettri 24. nóvember sl., gegn ákærða Ómari einum „fyrir að reyna að stela bifreiðinni R 40511,

aðfaranótt laugardagsins 24. maí 1975, við Vífilsstaðahæli, en ákærði, sem var undir áhrifum áfengis, hugðist síðan aka bifreiðinni til Reykjavíkur, en lögreglumenn hindruðu ákærða í fyrirætlan sinni, er hann hafði klippt í sundur rafmagnsþræði við kveikjulás og hugðist gangsetja vél bifreiðarinnar.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956 og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, allt samanber 20. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Ákæra dagsett 16. október 1975.

Aðfaranótt laugardagsins 14. júní sl. voru þrír lögreglumenn í Reykjavík á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Klukkan 0415 voru þeir staddir á veginum, sem liggur sunnan megin í Rjúpnahæð. Þeir veittu þá athygli bifreiðinni R 21217, sem var þar á veginum, og var maður að ýta bifreiðinni, en annar maður sat í farþegasæti bifreiðarinnar. Við athugun reyndist vél bifreiðarinnar vera heit.

Lögreglumennirnir höfðu tal af mönnunum, ákærðu Ómari Ægissyni og Kristjáni Árnasyni, og kom þá í ljós, að hvorugur þeirra var eigandi bifreiðarinnar, og gátu þeir ekki skýrt frá því, hver það væri. Ákærðu voru því fluttir á lögreglustöðina við Hverfisgötu og yfirheyrðir þar af varðstjóra.

Ákærði Kristján, sem hafði verið að ýta bifreiðinni, skýrði svo frá, að ákærði Ómar hefði einn ekið bifreiðinni, en sjálfur kvaðst hann hvorki hafa réttindi né kunnáttu til þess. Hann kvað þá hafa fengið bifreiðina að láni hjá manni, sem hann vissi ekki nafn á, en þeir hafi hitt hann utan við samkomuhúsið Röðul. Þar hefði hann afhent þeim lyklakippu og sagt þar vera lykla að bifreiðinni, en hún væri við Hátún 6. Þar hafi þeir svo tekið umrædda bifreið og hafi einn lykill á kippunni gengið að dyralæsingu bifreiðarinnar, en kveikjuláslykillinn hafi verið í hanskahólfinu. Ákærði Kristján var með lyklakippuna, og voru hún og kveikjuláslykillinn tekin af ákærðu. Samkvæmt skýrslu lögreglunnar virtist ákærði Kristján lítils háttar undir áhrifum áfengis.

Ákærði Ómar var einnig yfirheyrður af varðstjóra, og var frásögn hans að öllu leyti samhljóða frásögn ákærða Kristjáns. Hann viðurkenndi jafnframt akstur bifreiðarinnar og kvað ákærða Kristján hvergi hafa komið þar nærri. Samkvæmt skýrslu varðstjórans lagði talsverða áfengislykt frá vitum ákærða Ómars, og þá var hann rjóður í andliti og augu vot og blóðhlaupin.

Að yfirheyrslu lokinni var ákærði Ómar fluttur á slysadeild Borgarspítalans og honum tekið þar blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 0515 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hans 1.65‰.

Eigandi bifreiðarinnar R 21217, Haraldur Eggertsson rafvirki, Hátúni 6 í Reykjavík, 64 ára að aldri, hefur staðfest fyrir dómi, að bifreið hans hafi verið horfin að morgni laugardagsins 14. júní sl. af stað þeim á bifreiðastæði við Hátún 6, þar sem hann hafði skilið hana eftir læsta kvöldið áður. Hafði varalykill að kveikjulásnum verið í hanskahólfinu.

Þegar Haraldur tók við bifreiðinni, var hún nokkuð skemmd. Læsing að hurð ökumanns var skemmd, og gat Haraldur ekki notað læsinguna og varð að kaupa nýja. Þá varð Haraldur að kaupa nýjan hurðarhún að hurð ökumanns, þar sem hann hafði verið hálfvegis snúinn af. Loks höfðu rafmagnsþræðir í háspennukeflinu verið rifnir úr sambandi, og skemmdir urðu á vélarhlíf bifreiðarinnar, þar sem festingarjárnin höfðu verið slitin úr sambandi.

Segir Haraldur vafalaust, að þeir, sem tóku bifreiðina, hafi gert það með því að opna hana með einhverjum lykli, sem þó hafi ekki passað, og skemmt læsinguna. Ekki hefur verið upplýst, hvar lykillinn var fenginn, sem notaður var til þess að opna bifreiðina með.

Haraldur gerir ekki skaðabótakröfu í málinu.

Verður nú rakið það, sem fram er komið í málinu samkvæmt framburði ákærðu hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi.

Ákærðu voru báðir í samkomuhúsinu Röðli að kvöldi föstudagsins 13. júní sl. og drukku þar nokkur glös af áfengisblöndu, og voru báðir undir áhrifum áfengis, þegar þeir yfirgáfu samkomuhúsið um nóttina, að sögn ákærða Kristjáns klukkan 0100. Fyrir utan samkomuhúsið segjast ákærðu hafa hitt pilt um nóttina. Segja þeir piltinn hafa boðið þeim áðurgreinda bifreið, sem hann hafi sagst eiga, og hafi hann gengið með þeim niður á bifreiðastæðið og bent þeim þar á bifreiðina. Jafnframt lét hann þá hafa lykla, sem hann sagði, að gengju að bifreiðinni. Segja

ákærðu, að greiðlega hafi gengið að opna bifreiðina, en hana opnuðu ákærðu með lykli, sem var á lyklakippu, sem pilturinn lét þá hafa. Samt segir ákærði Ómar, að húnninn að hurð ökumanns hafi farið í sundur, þegar tekið var í hann. Ákærði Kristján kveðst þó vefengja, að þeir hafi snúið í sundur hurðarhún á bifreiðinni.

Ekkert var minnst á það, hvar skila skyldi bifreiðinni og lyklunum eða hvar ákærðu skyldu hitta piltinn. Taldi ákærði Kristján, að þeir ættu að skilja bifreiðina eftir á sama stað og lyklana inni í henni.

Ákærði Ómar segir, að pilturinn hafi verið dökkhærður, síðhærður með hár niður á axlir og gleraugu. Vegna ölvunar sinnar gerir hann sér ekki grein fyrir því, hvort pilturinn hafi verið hár eða lágur eða hvernig hann hafi verið klæddur, og telur hann útilokað, að hann geti þekkt piltinn aftur, þó að hann sæi hann.

Ákærði Kristján kveðst ekki vita, hvað pilturinn heiti, en segir, að hann hafi verið ljóshærður með stutt hár og gleraugu og frekar lágvaxinn, en þó ekki mjög lágur. Telur ákærði, að hann hafi verið um 170 cm á hæð. Telur ákærði óvíst, að hann mundi bera kennsl á piltinn, þó að hann sæi hann afur, og veit engin ráð til að hafa upp á honum. Þá gat ákærði ekki upplýst um klæðaburð piltsins.

Ákærði Ómar ræsti bifreiðina með svisslykli, sem var í hanskahólfi bifreiðarinnar. Hann ók bifreiðinni síðan svo til beinustu leið upp í Breiðholt og þaðan upp á Rjúpnahæð, en þar drap vél bifreiðarinnar á sér, og þar voru ákærðu handteknir síðar um nóttina, eins og þegar er fram komið, en þeir höfðu þá um nokkra stund verið að reyna að koma bifreiðinni í gang án árangurs. Við þessar tilraunir höfðu þeir m. a. opnað vélarhús bifreiðarinnar og athugað ýmsar leiðslur þar í því skyni að kanna, hvort einhver þeirra væri laus.

Ákærði Ómar kveðst hafa fundið töluvert til áfengisáhrifa við akstur bifreiðarinnar, en ekki hafði hann áfengi meðferðis í bifreiðinni og neytti því ekki áfengis eftir að akstri lauk.

Með eigin framburði ákærðu, sem studdur er framburði eiganda bifreiðarinnar R 21217, er sannað, að ákærðu tóku og notuðu bifreiðina greinda nótt án heimildar hans, svo sem í ákæru er rakið. Sú frásögn ákærðu, að einhver piltur, sem þeir vita engin deili á, hafi afhent þeim lykla og bent þeim á bifreiðina og sagt, að þeir mættu aka henni, er ákaflega ósennileg. Þá er ósammála framburður ákærðu um háralag piltsins og skemmdir þær,

sem urðu á bifreiðinni af völdum ákærðu, þegar þeir voru að komast inn í hana, ekki til fallið að styrkja þessa ósennilegu sögu þeirra. Verður því ekki á hana fallist, enda með öllu fráleitt að hugsa sér, að bifreiðar séu boðnar til afnota að næturlagi með þessum hætti ókunnugum mönnum, og hlaut ákærðu að vera þetta ljóst.

Þá er sannað með eigin játningu Ómars, sem er í samræmi við niðurstöðu alkóhólrannsóknar og önnur gögn málsins, að hann ók bifreiðinni, svo sem í ákæru er rakið, undir áhrifum áfengis.

Með heimildarlausri töku bifreiðarinnar hafa ákærðu báðir brotið gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 20/1956. Með ölvunarakstrinum hefur ákærði Ómar auk þess brotið gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákæra dagsett 24. nóvember 1975.

Aðfaranótt laugardagsins 24. maí sl. voru tveir lögreglumenn úr Hafnarfirði á eftirlitsferð í lögreglubifreið. Klukkan 0445 voru þeir staddir við Vífilsstaðahæli og veittu þá athygli manni, sem var að sniglast í kringum Volkswagen bifreiðina R 40511, sem stóð þar á bifreiðastæði. Þegar lögreglumennirnir urðu varir við manninn, var vélarhlíf bifreiðarinnar opin og maðurinn að fást við eitthvað þar. Hann settist inn í bifreiðina, þegar hann varð lögreglumannanna var.

Lögreglumennirnir höfðu tal af manninum, en það var ákærði Ómar. Þeir sáu þá, að hann var undir áhrifum áfengis. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði ætlað að taka bifreiðina í heimildarleysi og aka á henni til Reykjavíkur. Var ákærði búinn að klippa í sundur rafþræði frá kveikjulás.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina í Hafnarfirði og jafnframt fenginn læknir til þess að taka úr honum blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Var það gert klukkan 0630 um morguninn. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.02‰.

Ákærði var síðan yfirheyrður næsta dag af rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og endurtók þá það, sem hann hafði sagt lögreglunni um nóttina.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi síðla nætur aðfaranótt laugardagsins 24. maí sl. verið drukkinn að flækjast í nánd við Vífilsstaðahæli. Hafði ákærði verið við áfengisdrykkju kvöldið áður. Ákærði kom að Volkswagen fólksbifreið,

sem stóð á bifreiðastæði við Vífilsstaðahæli. Hann hugðist taka bifreiðina í heimildarleysi og aka henni til Reykjavíkur þrátt fyrir ölvun sína. Í því skyni opnaði ákærði vélarhús bifreiðarinnar og klippti í sundur rafþræði við kveikjulás og hugðist þannig gangsetja bifreiðina með því að tengja beint. Til verksins notaði ákærði töng, sem hann hafði fundið í bifreiðinni, en hún var ólæst. Áður en ákærði kom bifreiðinni í gang, kom lögreglan og handtók hann. Ákærði var ekki með áfengi meðferðis og neytti því ekki áfengis eftir að hann hóf að fást við bifreiðina og fyrir handtöku.

Eigandi bifreiðarinnar R 40511, Ólafur Oddgeir Sigurðsson kaupmaður, Mávahlíð 15 í Reykjavík, hefur lagt fram í málinu reikning að fjárhæð 6.350 krónur vegna viðgerðar á skemmdum þeim, sem ákærði olli með broti sínu. Hefur ákærði samþykkt kröfuna, og verjandi hans hefur ekki mótmælt henni.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða er sannað, að hann hafi greint sinn gert tilraun til heimildarlausrar töku bifreiðarinnar R 40511. Með því hefur hann brotið gegn 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, allt sbr. 20. gr. hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

Samkvæmt sakavottorðum ákærðu hafa þeir sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði Ómar:

1972 Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 23/3 1972.

1973 25/5 Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1973 25/5 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 155. gr., 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.

1973 17/8 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga.

1973 28/9 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

1973 11/12 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 248. gr. og 259. gr. hegningarlaga.

Ákærði Kristján:

1972 1/8 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot á 217. gr. og 244. gr. hegningarlaga.

Niðurstöður.

Ákærði Ómar hefur með greindri háttsemi sinni rofið skilorð það, sem honum var sett í dóminum frá 11. desember 1973. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að ákvarða honum nú í einu lagi refsingu fyrir fyrri brot hans og brot þau, sem mál þetta fjallar um. Þykir refsing hans með hliðsjón af því og 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði Kristján stóðst skilorð dómsins frá 1. ágúst 1972. Með hliðsjón af því og að ákærði hefur aldrei áður hlotið óskilorðsbundna refsingu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Svipta ber ákærða Ómar ökuréttindum, svo sem krafist er í ákærunum og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta hann ökuréttindum í 3 ár frá 28. júlí 1975 að telja, en þann dag var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða.

Eins og áður greinir, hefur ákærði Ómar samþykkt skaðabótakröfu Ólafs Oddgeirs Sigurðssonar að fjárhæð 6.350 krónur, og verjandi hans hefur ekki mótmælt henni. Kröfunni þykir vera í hóf stillt, hún er nægilega rökstudd og samþykki ákærða er fyrir hendi. Þykir því bera að taka kröfuna til greina og dæma ákærða til þess að greiða hana.

Loks ber að dæma ákærðu samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað óskipt, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eiríkssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði Ómar Ægisson sæti fangelsi í 1 ár og ákærði Kristján Árnason sæti varðhaldi í 45 daga.

Ákærði Ómar er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 28. júlí 1975 að telja.

Ákærði Ómar greiði Ólafi Oddgeir Sigurðssyni 6.350 krónur í skaðabætur.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristjáns Eirikssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1977.

Nr. 111/1977. **Ármannsfell h/f**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
Tollstjóranum í Reykjavík
(Sigurður Ólason hrl.).

Áfrýjunarfrestur. Áfrýjunarleyfi. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 26. október 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Með úrskurði Hæstaréttar hinn 3. júní 1977 var það mál fellt niður að kröfu stefnda. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju hinn 1. júlí 1977 með skírskotun til heimildar í 36. gr. laga nr. 75/1973. Eru dómkröfur hans þær, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um framgang hins umbeðna uppboðs. Þá krefst hann og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Er dómsmálaráðuneytið veitti leyfi til áfrýjunar hins áfrýjaða uppboðsréttarúrskurðar 26. október 1976, voru meira en þrír mánuðir liðnir frá uppkvaðningu úrskurðarins. Brast ráðuneytið því lagaheimild til að veita áfrýjunarleyfið, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949 og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Verður því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Ármannsfell h/f, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, 80.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Reykjavíkur 21. júlí 1976.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur gert þær réttarkröfur, að steypumót, eign Ármannsfells h/f, Grettisgötu 56 hér í borg, verði seld á nauðungaruppboði til lúkningar ógreiddum aðflutningsgjöldum að upphæð kr. 2.889.084 með 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 11. júlí 1975 til greiðsludags auk kostnaðar við uppboðið. Þá er þess krafist, að gerðarþoli verði úrskurðaður til þess að greiða málskostnað vegna uppboðsréttarmáls þessa.

Gerðarþoli, Ármannsfell h/f, krefst þess, að synjað verði um uppboðið og enn fremur að gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór þann 22. júní sl. Uppkvaðning úrskurðar hefur dregist nokkuð vegna ýmislegs annríkis réttarins.

Forsaga þessa uppboðsréttarmáls er sú, að gerðarþoli, Ármannsfell h/f, flutti á sl. sumri inn frá firmanu Hünnebeck í Þýskalandi vöru, er þannig er lýst á vörureikningi, rskj. 7: „Wall forms for fabrication of concrete walls and ceilings complete for work at Funahöfdi 19 . . .“.

Aðflutningsskýrsla er gerð þann 10. júlí 1975 og undirrituð af Ármanni Ó. Ármannssyni f. h. gerðarþola. Varan er 58 kassar og knippi, brúttóþyngd er 31.692 kgr. FOB-verð er 83.879.99 DM, þ. e. kr. 5.469.646 á gengi DM. 6.520.80, flutningsgjald er kr. 535.796 og vátryggingarkostnaður kr. 64.060. Er tollverð þannig kr. 6.069.502. Vörulýsing er á þessa leið: „Steinsteypumót til framleiðslu húseininga“, og í skýrslunni er varan flokkuð undir tollskrárnúmer 84.60.00. Nettóþyngd er tilfærð 31.542 kgr. Er varan afgreidd þannig, að aðflutningsgjald reiknast ekki, en aftur á móti 11% sölugjald af tollverðinu, þ. e. kr. 667.645.

Í dálki fyrir athugasemdir hefur Ármann Ó. Ármannsson skrif-

að: „Lýsi því hér með yfir, að vara þessi notast til verksmiðjuframleiðslu húsa og eigin notkunar".

Var sölugjaldið greitt og varan afhent gerðarþola þann 11. júlí 1975.

Fyrir liggur í málinu athugasemd ríkisendurskoðunar, rskj. 3. Þar segir, að vara þessi muni hafa verið ranglega tollflokkuð undir 84.60.00 í stað 73.21.09 og hafi tollur því væntanlega átt að vera 30% og sölugjald 22% í stað 11%. Auk þess vanti stimplun um endurskoðun á aðflutningsskýrslu.

Voru síðan sendir 2 tollgæslumenn og 1 fulltrúi í ríkisendurskoðun til þess að skoða hér umrædda vöru. Þeir skiluðu síðan skýrslu um þessa skoðun, og er þar látið svo um mælt, að þessi steypumót hafi fundist í uppslætti fyrir byggingu á lóð Landspítalans. Álit þessara skoðunarmanna er það, að þessi mót eigi að tollflokkast undir 73.21.09. Í viðbótarskýrslu þeirra, sem gefin er þann 17. maí þ. á., segir síðan: „Mót þessi eru flekar, sem gerðir eru úr römmum, smíðuðum úr stálprófílum. Inn í þessa ramma eru felldar og festar plötur úr vatnsþolnum krossviði. Flekar þessir eru tengdir saman hlið við hlið eða hver ofan á annan, með ýmsum festingum og tengibúnaði úr stáli, sem er talinn á vörureikningi frá Hünnebeck Gmbh., dags. 20. 6. 1975. Á römmum flekanna er búnaður, sem gerir kleift að festa vinnupalla utan á mótin, er þau hafa verið sett upp.

Slíkir pallar hafa verið fluttir inn af Ármannsfelli h/f. Innflytjandi tollflokkaði þá í tnr. 84.60.00. Tollflokkun þessari var breytt að kröfu tollstjóraembættisins í tnr. 73.21.09 og tollur greiddur samkvæmt því, samanber tollafgreiðslunúmer 61897/1975.

Að okkar áliti ber að samtolla þessa vöru í tnr. 73.21.09, sbr. alm. reglur um túlkun tollskrárákvæða, gr. 3 b og c, og ennfremur skýringar við Brüsseltollskrána, í 73.21, 1. og 2. málsgrein".

Það er komið fram í málinu, að tollstjóri hefur með bréfi til gerðarþola, dags. 16. desember 1975, krafist greiðslu á ógreiddum aðflutningsgjöldum, kr. 2.889.084, og hefur gerðarþoli svarað því bréfi þann 29. desember s. á. og kannast ekki við neina skuld. Tollstjóri ítrekar kröfu sína þann 5. janúar þ. á.

Uppboðsbeiðni er dagsett þann 2. febrúar 1976. Mótmæli bárust gegn framgangi uppboðs, áður en uppboðsauglýsing yrði gefin út. Var uppboðsréttarmál þetta tekið fyrir þann 2. apríl, og hafa komið fram greinargerðir aðilja svo og nokkur gögn. Var málið munnlega flutt þann 5. maí, en síðar endurupptekið, að tilhlutan

gerðarbeiðanda, til frekari gagnaöflunar. Kom þá fram bréf gerðarbeiðanda til fjármálaráðuneytisins svo og úrskurður ráðuneytisins um tollflokkun, þar sem staðfest er sú breyting tollflokks, sem hér að framan er sagt frá, að gerðarbeiðandi ákvað. Er hann á þessa leið: „Ráðuneytið hefur móttekið erindi yðar, herra tollstjóri, dags. 11. þ. m., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er úrskurðar um tollflokkun vörusendingar, sem Byggingafélagið Ármannsfell h/f flutti til landsins og fékk tollafgreidda 11. júlí 1975.

Samkvæmt vörureikningum nr. 92378 og 92379 frá Hünnebeck Gmbh í Vestur-Þýskalandi, dags. 20. júní 1975, er hér annars vegar um að ræða „WALL FORMS FOR FABRICATION OF CONCRETE WALLS AND CEILINGS COMPLETE FOR WORK AT FUNAHÖFÐI 19 . . . . .", og hins vegar „PLYWOOD FOR FABRICATION OF CONCRETE CEILINGS COMPLETE FOR WORK . . . . .", samtals að verðmæti DM. 83.879.99, en á aðflutningsskýrslu innflytjanda er vara þessi nefnd „steinsteypumót til framleiðslu húseininga".

Til svars erindinu tekur ráðuneytið fram, að samkvæmt skýrslu tollgæslunnar, dags. 11. des. 1975, var ofangreind vara skoðuð af tveimur tollgæslumönnum ásamt fulltrúa ríkisendurskoðunar. Af nefndri skýrslu má ráða, að varan sé aðallega úr stáli og krossviði. Uppistöður og langbönd eru sögð vera úr stálprofíl og stálpípum, festingar allar úr stáli, en klæðning úr þykkum krossviði. Að öðru leyti er eigi að finna frekari lýsingu á vörunni, og taldi ráðuneytið af þeim sökum áskilnaði 3. mgr. 33. gr. tollskrárlaga eigi fullnægt. Var því óskað eftir frekari upplýsingum um gerð og samsetningu vörunnar.

Með viðbótarskýrslu tollgæslunnar, dags. 17. þ. m., hefur að mati ráðuneytisins borist ítarlegri og fullnægjandi vörulýsing. Af þeirri vörulýsingu svo og fyrrgreindum vörureikningum hins erlenda fyrirtækis er ljóst, að hér er um að ræða vöru af hliðstæðri gerð og ráðuneytið hefur þegar úrskurðað um tollflokkun á með bréfi, dags. 24. nóv. 1975.

Í nefndu bréfi voru SBG METRIFORM SYSTEM (A UNIVERSAL FORMWORK SYSTEM FOR WALLS AND SOFFITS) eða svonefnd kerfismót úrskurðuð í tollskrárnúmer 73.21.09, en um lýsingu á þeirri vöru vísast til hjálagðs myndabæklings.

Við ákvörðun um tollflokkun á síðastgreindri vöru þótti rétt að hafa til hliðsjónar auk skýringa sjálfra tollskrárlaga athugasemdir og skilgreiningar í skýringaritum Brüsseltollskrárinnar, þar sem fram kemur, að sérstaklega tilsniðið efni til uppsláttar

skuli falla undir tnr. 73.21 og falli þar af leiðandi eigi undir tnr. 84.60. Jafnframt var með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1975, leitað umsagnar danskra tollyfirvalda um tollflokkunina. Í svarbréfi Direktoratet for Toldvæsenet, dags. 13. nóv. s. á., kom fram það álit danskra tollyfirvalda, að tollflokka bæri vöru þessa í tnr. 73.21. Mun fyrrgreindur úrskurður ráðuneytisins vera í fullu samræmi við tollflokkun sambærilegra vara á Norðurlöndum.

Með skírskotun til framanritaðs úrskurðar ráðuneytið samkvæmt 33. gr. laga nr. 6/1974 um tollskrá o. fl., að vara sú, sem ágreiningur hefur risið um, fellur undir tnr. 73.21.09.

Að lokum telur ráðuneytið rétt að benda á, að hinn 2. sept. 1975 var flutt til landsins vörusending með m/s LANGÁ af sama innflytjanda, sem hann lýsti á aðflutningsskýrslu (innf. nr. 60952-05.09.75) sem „hlutar í steinsteypumót til framleiðslu húseininga". Jafnframt var tekið fram á aðflutningsskýrslu, að hluta þessa hefði vantað í sendingu móta til framleiðslu húseininga, er tollafgreidd var 11. júlí s. á. Vegna athugasemda og frekari aðgerða viðkomandi tollyfirvalds gerði innflytjandi nýja aðflutningsskýrslu og breytti á henni fyrrgreindri vörulýsingu í „Stillansundirstöður" og greiddi án nokkurs fyrirvara hinn 11. sept. 1975 toll af sendingunni samkvæmt tnr. 73.21.09, sbr. afgr. nr. 61897/1975."

Uppboðskrafan, kr. 2.889.084, sundurliðast þannig: tollur kr. 1.820.851 og söluskattur kr. 1.068.233. Þá er krafist dráttarvaxta frá og með afhendingardegi, sem var 11. júlí 1975.

Málsútlistun gerðarbeiðanda hefst á því, að gerðarþoli hafi gefið rangar upplýsingar þann 10. júlí 1975, er hann leysti hina innfluttu vöru úr tolli, og þær upplýsingar hafi valdið því, hversu til tókst. Gerðarþoli hafi látið í veðri vaka, að aðeins hafi verið um að ræða „steinsteypumót til framleiðslu húseininga", og hafi það verið skráð eftir fyrirsögn starfsmanns gerðarþola, sem hafi að auki skráð eigin hendi á aðflutningsskýrslu, að vöruna skyldi nota til „verksmiðjuframleiðslu húsa o. fl.". Samkvæmt skoðunargerð hafi komið í ljós, að mótin voru notuð sem tíðkanleg steypumót við uppslátt húsa. Mikil áhersla liggi á því, er ákveða skuli tollflokk, hvernig faktisk not vörunnar verði, og liggi nú fyrir, að flekar þessir séu hæfir til þess að vera almenn steypumót, en henti ekki frekar til verksmiðjuframleiðslu en hverjir aðrir hlutir, og það verði a. m. k. ekki séð, að höfuðtilgangurinn sé verksmiðjuframleiðsla.

Nú liggi fyrir bindandi úrskurður fjármálaráðuneytisins skv.

33. gr. laga 6/1974, þar sem tollskrárbreyting frá 84. kafla til 73.21.09 hafi verið staðfest. Er vísað til þessa úrskurðar og rökstuðnings hans.

Nú hafi gerðarþoli reynst ófáanlegur til að greiða þessa fjárhæð að kröfu gerðarbeiðanda og sé því neytt úrræða 54. gr. laga nr. 59/1969, sem mæli svo fyrir, að hinar gjaldskyldu vörur skuli vera að veði fyrir aðflutningsgjöldum og haldist sá veðréttur, þótt vörur hafi verið afhentar innflytjanda, en verði skil ekki gerð, megi án undangenginnar aðfarar selja vörurnar á uppboði til lúkningar skuldinni ásamt dráttarvöxtum og kostnaði.

Því er haldið fram af hálfu gerðarþola, að vara sú, er um er að ræða í þessu máli, hafi verið fullnaðarafgreidd til hans þann 11. júlí 1975, enda allar upplýsingar um hana til reiðu, og jafnvel myndir af henni. Við afhendinguna hafi veðréttur sá, er 54. gr. laga nr. 59/1969 tiltekur og gerðarbeiðandi hafði, meðan hann hélt vörunni, fallið niður. Eftir það hafi engin heimild verið til að endurskoða hið ákveðna og greidda gjald, a. m. k. geti slík endurskoðun ekki vakið upp veðrétt þann, er féll niður, er gerðarþoli fékk vöruna. Áminnst 54. gr. eigi aðeins við, ef vara sé afgreidd án eðlilegrar tollmeðferðar eða ef álögð gjöld greiðast ekki, svo sem ef innstæðulaus tékki hafi verið notaður til að ná vörunni. Úrskurður fjármálaráðuneytis skv. 33. gr. tollskrárlaga breyti engu um innheimtuaðstöðu gerðarbeiðanda, þar eð telja verði, að gert sé ráð fyrir, að slíkur úrskurður gangi, meðan gerðarbeiðandi hafi vöruna undir höndum. Raunar hafi vara þessi verið rétt flokkuð undir 84. kafla tollskrár, en undir það falli steypumót fyrir steinsteypu skv. beinni lýsingu undirflokks 60.00 og sé ekki fyrir hendi neinn sá tollflokkur, er betur falli að vörunni. Hér sé um að ræða tæki til mannvirkjagerðar, er tekin séu burtu að lokinni notkun, en alls ekki mannvirki, þannig að 73.21.09 geti átt við. Það sé að sjálfsögðu notkunargildið, sem eigi að segja fyrir um tollflokkun, en ekki efni það, sem varan er gerð úr. Ekki eigi að skipta máli, þó að nota megi vöruna til uppsláttar við hús jafnframt verksmiðjuframleiðslu og sé fjarstæða að láta það ráða tollflokkun, þó svo hafi hist á, er skoðunarmenn gerðarbeiðanda bar að, að mótin voru í þann mund notuð til uppsláttar við hús. En gerðarþoli hafi alla aðstöðu til að nota þau til verksmiðjuframleiðslu að Funahöfða 19 og hafi gert það með góðum árangri.

Í 33. gr. laga nr. 6/1974 segir, að rísi ágreiningur um það, hvort tiltekin vara skuli fremur teljast til eins en annars tollskrárnúm-

ers, skuli fjármálaráðherra skera úr þeim ágreiningi og sé sá úrskurður fullnaðarúrskurður í málinu. Nú liggur slíkur úrskurður fyrir í máli þessu, og er hann á þá leið, að hér umrædd vara falli undir tollskrárnúmerið 73.21.09. Það hefur ekki komið fram í máli þessu, að ráðuneytið hafi við þessa sína úrlausn beitt röngum aðferðum eða að mat þess hafi ekki verið efnislegt, og ekki þykir heldur unnt að fallast á það, að slíks úrskurðar hafi þurft að afla, meðan varan var í umráðum gerðarbeiðanda. Með tilliti til 54. gr. laga 59/1969, sem segir, að þar greint veð haldist, enda þótt vara hafi verið afhent innflytjanda, verður ekki talið, að um hafi verið að ræða fullnaðarafhendingu vörunnar þann 11. júlí 1975, þannig að veð þetta félli niður.

Verður ekki annað fyrir hendi en að fallast á framkomna uppboðskröfu gerðarbeiðanda til lúkningar kr. 2.889.084 og til lúkningar dráttarvöxtum, sem rétt þykir, að reiknist frá dagsetningu kröfubréfs gerðarbeiðanda þann 16. desember 1975 til greiðsludags, og kostnaði við uppboðið.

Rétt þykir, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Uppboð fer fram skv. kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð til lúkningar kr. 2.889.084 ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. desember 1975 til greiðsludags auk kostnaðar við uppboðið.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. nóvember 1977.

Nr. 196/1977. **Guðbjörn Guðjónsson**
gegn
Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni
f. h. Metro Shipping & Finance Ltd.

Kærumál. Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í g lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 6. október 1977, sem Hæstarétti barst 9. nóvember s. á. Krefst hann þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að varnaraðilja verði gert að setja sóknaraðilja málskostnaðartryggingu að fjárhæð 1.974.32 ensk sterlingspund „innan þess tíma, sem Hæstiréttur kynni að vilja tiltaka, en að málinu skuli ella vísað frá héraðsdóminum.“ Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Þess verður eigi krafist, að trygging samkvæmt 183. gr. laga nr. 85/1936 fyrir greiðslu málskostnaðar vegna máls, sem rekið er fyrir íslenskum dómi, sé sett í erlendum gjaldmiðli. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir þessum málalokum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst 30.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Guðbjörn Guðjónsson, greiði varnaraðilja, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., kærumálskostnað, 30.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verslunardóms Reykjavíkur

28. september 1977.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í gær, höfðaði Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., F. S. Tapia, C. Avda Justo, Arosemana no 3-80, Panama City, Panama, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. sept. sl., gegn Guðbirni Guðjónssyni, Digranesvegi 89, Kópavogi, til greiðslu skuldar að fjárhæð £ 8.592.60 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá 12. maí 1975 til 20. nóvember 1976, en með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefnandi segir hina umstefndu skuld vera skv. gerðardómi, uppkveðnum 12. maí 1975 í Glasgow, Skotlandi, í gerðardómsmálinu milli Metro Shipping & Finance Ltd. og Heildverslunar Guðbjörns Guðjónssonar, Reykjavík. Gerðardómur þessi hafi verið til kvaddur skv. 16. gr. farmsamnings þessara aðilja, dags. 14. mars 1972 í Reykjavík, en skv. honum hafi tveir menn, þó ekki lögfræðingar, átt að ráða til lykta ágreiningi aðilja um allt, er snerti túlkun farmsamningsins. Er deila reis milli þeirra um uppgjör skv. farmsamningnum, hafi málinu verið skotið til gerðardóms og hafi hann kveðið upp úrskurð sinn fyrrnefndan dag, 12. maí 1975. Gerðardómurinn hafi unnið eftir „The Arbitration Act (Scotland) 1894". Með gerðardóminum hafi Heildverslun Guðbjörns Guðjónssonar verið gert að greiða stefnanda þessa máls £ 5.399.49 með 8.5% vöxtum p. a. frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975, eða £ 1.353.00, þóknun gerðardómsmanna, £ 625.00, og þar við bætist málskostnaður, £ 1.215.00, eða samtals £ 8.592.60, sem sé stefnukrafan. Stefndi, sem sé einkaeigandi heildverslunarinnar, hafi ekki fengist til þess að greiða skuld sína og sé málshöfðun því nauðsynleg til þess að fá aðfararhæfa kröfu.

Við þingfestingu máls þessa 16. sept. sl. var sótt þing af hálfu stefnda. Umboðsmaður stefnda krafðist þess, að stefnandi legði fram málskostnaðartryggingu samkvæmt 183. gr. laga nr. 85 frá 1936. Hinn 23. þ. m. var málið tekið fyrir. Lögmaður stefnanda lagði fram ábyrgðaryfirlýsingu, þar sem Landsbanki Íslands ábyrgist skilvísa og skaðlausa greiðslu á málskostnaði, er firmað

Metro Shipping & Finance S. A. kann að verða gert að greiða Guðbirni Guðjónssyni, heildverslun, Síðumúla 22, Reykjavík, samkvæmt dómi í máli þessu. Hámarksfjárhæð ábyrgðarinnar er kr. 500.000. Þá er lögmaður stefnanda hafði lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu þessa, krafðist lögmaður stefnda þess, að lögmaður stefnanda legði fram málskostnaðartryggingu í sterlingspundum, ekki lægri fjárhæð en £ 1.974.32, sbr. dskj. nr. 8, sem er áætlun lögmannsins um málskostnað. Um rökstuðning fyrir útreikningi sínum vísaði lögmaður stefnda til 5. gr. b og 3. tl. í taxta LMFÍ. Lögmaður stefnanda neitar kröfu stefnda um að leggja fram málskostnaðartryggingu í sterlingspundum. Lögmaðurinn kveðst tilbúinn með vísan til dskj. nr. 8 að hækka málskostnaðartrygginguna í kr. 750.000. Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar við fyrirtöku málsins 23. þ. m., en þar sem meðdómendur höfðu þá ekki verið tilkvaddir, var málið endurupptekið í gær til þess að gefa lögmönnum aðilja kost á að tjá sig um ágreiningsatriðið fyrir fullskipuðum sjó- og verslunardómi.

Lögmaður stefnda krafðist þess, að stefnandi, sem sé fyrirtæki, búsett í Panama, setti tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Lögmaðurinn kvaðst á dskj. nr. 8 hafa reiknað út málskostnað eins og hann geti hæstur orðið. Lögmaðurinn vísaði um rökstuðning fyrir útreikningi sínum til taxta LMFÍ, 5. gr., 1. tl. b, og 3. tl. sömu greinar. Lögmaðurinn krafðist þess, að málskostnaðartryggingin yrði sett í sterlingspundum, þ. e. í sama gjaldmiðli og stefnukröfur. Lögmaðurinn rökstuddi þessa kröfu sína með því, að búast mætti við hækkun á gengi sterlingspundsins gagnvart íslenskum krónum á þeim tíma, sem muni líða, þar til dómur gengur.

Lögmaður stefnanda kvaðst þegar hafa lagt fram tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar, allt að fjárhæð kr. 500.000, og taldi lögmaðurinn þetta fullnægjandi tryggingu, þegar litið sé til stefnukröfunnar. Lögmaðurinn lýsti yfir, að hann væri enn fús til þess að hækka tryggginguna í kr. 750.000. Lögmaðurinn mótmælti því að setja tryggingu í sterlingspundum og benti á í því sambandi, að ef til kæmi, þá yrði málskostnaður tildæmdur í íslenskum krónum.

Ágreiningsatriði þetta var tekið til úrskurðar að kröfu lögmannanna.

Ekki er vitað til, að aðiljar búsettir á Íslandi séu undanþegnir því að setja málskostnaðartryggingu í Panama. Undanþága 2. mgr. 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 kemur hér því ekki til greina, og ber því samkvæmt 183. gr. laga nr. 85 frá 1936 að taka kröfu

umboðsmanns stefnda um málskostnaðartryggingu til greina, enda hefur kröfunni sem slíkri ekki verið mótmælt, heldur einungis því, að málskostnaðartryggingin eigi að vera í sterlingspundum. Eins og að framan er rakið, hefur lögmaður stefnanda þegar lagt fram ábyrgðaryfirlýsingu vegna málskostnaðar, allt að fjárhæð kr. 500.000, og lýst yfir, að hann sé fús að hækka ábyrgðaryfirlýsinguna í kr. 750.000.

Lögmaður stefnda þykir ekki hafa rökstutt þá kröfu sína, að málskostnaðartrygging sé í sterlingspundum. Ef til kemur, þá verður stefnda tildæmdur málskostnaður í íslenskum krónum, en ekki í sterlingspundum. Í þessu sambandi er og á það að líta, að í dómasafni Hæstaréttar má sjá þó nokkra úrskurði um málskostnaðartryggingu, sem ákveðin hefur verið í íslenskum krónum, þar á meðal í Hrd. XLII, bls. 559.

Eftir atvikum þykir rétt, að lögmaður stefnanda hækki málskostnaðartryggingu sína um kr. 250.000, og ber lögmanni stefnanda að setja hana föstudaginn 14. okt. n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Úrskurð þennan kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari og Guðmundur Hjaltason skipstjóri.

Úrskurðarorð:

Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmaður f. h. Metro Shipping & Finance setji Guðbirni Guðjónssyni kr. 250.000 viðbótartryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar hinn 14. okt. n. k., en þá verður mál þetta tekið fyrir á reglulegu dómþingi.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 129/1976. M
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
K
(Örn Clausen hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 24. júní 1976. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvarnarleyfi hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. febrúar 1977.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, sem renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

Það athugast, að áfrýjandi er samkvæmt gögnum máls skráður í prestþjónustubók faðir barns þess, sem málið fjallar um, eftir einhliða skýrslu stefndu og að áfrýjanda fornspurðum.

Um mál þetta hefur verið fjallað á bæjarþingi Reykjavíkur og á aukadómþingi Þingeyjarsýslu. Hefur orðið aðfinnsluverður dráttur á rekstri málsins.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. mars 1976.

Ár 1976, fimmtudaginn 25. mars, er á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 8/1976: K gegn M, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, ..., fædd 29. mars 1953, ól 26. desember 1972 meybarn, sem í skírninni hlaut nafnið B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, iðnnema, þá til heimilis . . . . . hér í borg, fæddan 24. febrúar 1951 í Reykjavík, varnaraðilja málsins, sem ekki hefur við faðernið viljað kannast, og höfðaði sóknaraðili mál þetta á hendur honum á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 26. október 1973.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær kröfur gerðar í málinu:

1) Að varnaraðili verði dæmdur faðir stúlkunnar B.
2) Að varnaraðili greiði meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 17 ára aldurs.
3) Að varnaraðili greiði fæðingarstyrk samkvæmt 73. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971.

Til vara er krafist fyllingareiðs.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili hefur fyrir sitt leyti ekki viljað fallast á kröfu sóknaraðilja, að hann sé faðir stúlkunnar B.

Á aukadómþingi Þingeyjarsýslu, sem háð var á Húsavík 26. október 1973, skýrði sóknaraðili svo frá, að hún hafi kynnst varnaraðilja á dansleik í veitingahúsinu Klúbbnum hér í borg 18. mars 1972, er hún var þar stödd með bróður sínum, A, og vinkonu sinni, D. Að dansleik loknum fóru málsaðiljar heim til varnaraðilja, sem bjó að . . . . . Málsaðiljar fóru þar inn í herbergi og höfðu þar fullkomnar samfarir.

Sóknaraðili skýrði enn fremur svo frá, að hinn 24., 25. og 29.

mars og 3. apríl 1972 hefðu málsaðiljar haft samfarir heima hjá varnaraðilja. Sóknaraðili sagði samfarirnar hafa verið fullkomnar í öll skiptin. Ekki kvaðst sóknaraðili hafa haft samfarir við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins.

Að sögn sóknaraðilja hafði hún síðast á klæðum fyrir fæðingu barnsins 5. til 10. mars 1972, en áður hafði hún haft reglulegar tíðir. Hún sagði barnið hafa verið fullburða við fæðinguna.

Sóknaraðili kvaðst hafa tilkynnt varnaraðilja um haustið 1972, að hún væri ófrísk eftir hann, og hefði henni skilist á honum, að hann viðurkenndi faðernið, en eftir að barnið fæddist, hefði hann óskað eftir, að þau færu öll í blóðflokkarannsókn. Þegar niðurstaða hennar lá fyrir, hefði hann samt ekki viljað gangast við barninu.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 12. nóvember 1973 kvaðst varnaraðili, þá búsettur að . . . . . hér í borg, ekki vilja viðurkenna, að hann væri faðir dóttur sóknaraðilja, B. Hins vegar viðurkenndi hann að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma barnsins, en taldi sig geta sýnt fram á, að sóknaraðili hefði verið með fleiri karlmönnum á þessum tíma.

Varnaraðili kvaðst ekki muna, hvenær hann kynntist sóknaraðilja, en það hefði verið í veitingahúsinu Klúbbnum og vel mætti vera, að það hefði verið 18. mars 1972. Varnaraðili kvaðst hafa haft samfarir við sóknaraðilja heima hjá sér að . . . . . ., eftir að áðurgreindum dansleik lauk í Klúbbnum. Einnig kvaðst varnaraðili hafa haft samfarir við stúlkuna í 2—3 skipti á næstu tveim vikum og síðan ekki söguna meir.

Er varnaraðili var spurður um, hvað hann hefði fyrir sér í því, að sóknaraðili hefði haft samfarir við fleiri en hann á getnaðartíma barnsins, upplýsti hann, að E, sem hefði verið sambýliskona hans frá 20. apríl 1973, hefði hitt hann inni í Klúbb, skömmu eftir að varnaraðili hafði síðast samfarir við sóknaraðilja, eða viku til hálfum mánuði seinna. Þá þekktust E og varnaraðili lítið. E sagði honum, að hún hefði skömmu áður hitt sóknaraðilja í fylgd með einhverjum pilti, og sagði sóknaraðili E, að hún hefði haft samfarir við 6—7 stráka, eftir að hún var með varnaraðilja og mætti E ekki upplýsa varnaraðilja um það. Varnaraðili taldi E og sóknaraðilja hafa þekkst lítið á þessum tíma. Ekki gat varnaraðili bent á neinn annan en E sem heimildarmann að mökum sóknaraðilja við aðra karlmenn.

Varnaraðili kvaðst ekki hafa séð dóttur sóknaraðilja, en 7 mánuðum eftir að málsaðiljar voru saman, hringdi sóknaraðili í varn-

aráðilja og tjáði honum, að hún væri barnshafandi, komin 7 mánuði á leið, og væri hann faðirinn.

Að lokum var varnaraðilja lesinn framburður sóknaraðilja um kynni þeirra, og kvaðst varnaraðili ekki gera neinar sérstakar at hugasemdir við þann framburð, þar sem hann myndi málavexti ekki svo glögglega.

8. maí 1974 kom fyrir dóminn E, gullsmiður, ..., fædd 25. janúar 1951 í Reykjavík. Eftir að hún hafði verið áminnt um sannsögli, var hún spurð, hvort hún hefði einhverja vitneskju um, að sóknaraðili hefði haft samfarir við fleiri en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins B. E kvaðst ekki hafa aðra vitneskju um það en frá sóknaraðilja sjálfum í einu samtali við hana, en þær hittust í veitingahúsinu Klúbbnum. Þá var sóknaraðili eitthvað undir áhrifum áfengis og var enginn áheyrandi að samtali þeirra. Spurði sóknaraðili E, hvort hún hefði séð varnaraðilja. E kvað svo ekki vera. Þá sagðist sóknaraðili hafa verið með einum 7 strákum, án þess að varnaraðili vissi af því, og bað E að segja varnaraðilja ekki frá því. Ekki tiltók sóknaraðili, á hvaða tímum hún hefði verið með þessum piltum. Síðan gengu þær upp á efri hæð veitingahússins, þar sem sóknaraðili kvaðst hafa borð. Þar gekk sóknaraðili að einu borðinu og settist í kjöltu á einhverjum pilti þar. Er þetta samtal átti sér stað, voru E og varnaraðili kunnug í gegnum sameiginlegan kunningjahóp, án þess að nokkuð væri á milli þeirra, en sóknaraðilja kannaðist vitnið aðeins við þannig, að hún hafði hitt hana með varnaraðilja í sameiginlegum kunningjahópi einu sinni áður. Í það heila hitti E sóknaraðilja ekki nema í 3—4 skipti.

E skýrði svo frá á bæjarþinginu, að hún og varnaraðili hefðu opinberað trúlofun sína 20. apríl 1973 og tekið upp sambúð um svipað leyti.

Með bréfi dómarans, dagsettu 4. júní 1974, til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu óskaði hann eftir, að frekari dómsskýrsla yrði tekin af sóknaraðilja á grundvelli þess, sem fram hefði komið í málinu hér syðra.

14. september 1974 kom sóknaraðili á ný fyrir dóm á Húsavík. Eftir að henni hafði verið kynntur framburður varnaraðilja, mótmælti hún því algerlega að hafa haft samfarir við aðra karlmenn en varnaraðilja á hugsanlegum getnaðartíma barnsins. Síðan var henni kynntur framburður E. Þá kvaðst sóknaraðili muna eftir að hafa hitt E í Klúbbnum, en kvaðst ekki muna eftir því að hafa haft orð á, að hún „hefði verið með sjö öðrum strákum, án þess

að M vissi af því", a. m. k. fullyrti sóknaraðili, að hún hefði ekki sagst hafa haft samfarir við aðra menn en M. Greint sinn kvaðst sóknaraðili hafa verið með kunningjafólki sínu í Klúbbnum og vera kunni, að hún hafi sest í kjöltu pilts, sem sat við borðið, enda minnti hana, að þröngt hefði verið við þetta borð. Sóknaraðili kvaðst aldrei hafa haft samfarir við þennan pilt.

Á bæjarþingi Reykjavíkur 3. desember 1974 óskaði Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, sem varnaraðili var þá búinn að ráða sér sem umboðsmann í málinu, að eftirfarandi atriði yrðu rannsökuð, áður en málið yrði flutt:

1. Sóknaraðili yrði spurð um, hvenær hún hefði haft samfarir við aðra karlmenn síðast áður og fyrst eftir að hún hafði samfarir við varnaraðilja.

2. Upplýst yrði, hvort barnið hefði verið fullburða við fæðingu, hver hefði verið þyngd þess og stærð, með vottorði frá viðkomandi fæðingarheimili eða ljósmóður.

3. Aflað yrði vottorðs sérfræðings um hugsanlegan getnaðartíma barnsins.

Dómarinn sendi málið enn norður á Húsavík með bréfi til sýslumanns Þingeyjarsýslu 11. desember 1974 með ósk um frekari rannsókn.

19. desember sl. kom sóknaraðili enn fyrir aukadómþing Þingeyjarsýslu. Sóknaraðili kvaðst hafa haft síðast samfarir við aðra karlmenn, áður en hún hafði samfarirnar við varnaraðilja, í nóvember 1971 við strák úr Hafnarfirði, sem hún hitti á dansleik í Þórscafé í Reykjavík. Þá kvaðst sóknaraðili hafa haft fyrst samfarir við aðra karlmenn, eftir að hafa haft samfarirnar við varnaraðilja, 20. júní 1972 við F frá . . . . ., með heimilisfang á Sauðárkróki, er þinghaldið var háð.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum og barninu, og varð niðurstaða hennar sem hér greinir:

	ABO	MNSs	Rh						Kell		Fy		P_1	Hp
			C	D	E	c	e	Cw	K	k	a	b		
K . . . . ., f. 29/3 1953	A_1	Mss	+	+	—	—	+	—	—		+		+	2-2
B, s. st., f. 26/12 1972	A_1	MNss	+	+	—	—	+	—	—		+		+	2-1
M . . . . ., Reykjavík, f. 24/2 1951	O	Nss	+	+	—	—	+	—	+	+	—		+	1-1

Samkvæmt álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., frá 16. apríl 1973 samræmist niðurstaða blóðflokkarannsóknar þessarar því, að varnaraðili geti verið faðir barns sóknaraðilja.

Álitsgerð borgarlæknis, dagsett 9. janúar f. á., um hugsanlegan getnaðartíma barnsins er svohljóðandi:

„Þér hafið, herra sakadómari, með bréfi dags. 25. nóvember sl., óskað álitsgerðar minnar um líklegastan getnaðartíma barns þess, sem barnsfaðernismálið: K gegn M er risið af.

Af ljósriti fæðingartilkynningar, sem aflað var frá sjúkrahúsi Húsavíkur, dagsett 27. desember 1972, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barns er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 19. mars til 10. apríl 1972.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 12. febrúar til 20. apríl 1972. Samkvæmt sömu töflum eru 792‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. mars til 10. apríl 1972".

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð Árna Ársælssonar, yfirlæknis við heilsugæslustöðina á Húsavík, dagsett 1. janúar sl., og er það svohljóðandi:

„Samkvæmt ósk yðar, herra sýslumaður, er í dag gefið eftirfarandi vottorð varðandi barnsfaðernismál K . . . . . gegn M . . . . ., Reykjavík, og er stuðst við mæðraskrá K ásamt sjúkradagbók hennar í Sjúkrahúsi Húsavíkur.

K . . . . . fæddi þann 26/12 1972 lifandi stúlku eftir tíðindalausa meðgöngu. Þyngd barnsins var 3070 gr. og lengd 50 cm. Barnið var þannig fullburða við fæðingu.

Samkvæmt mæðraskránni hafði K haft tíðablæðingar með reglub. millibili og tíðabil 28—30 dagar. Seinustu tíðir voru þann 10/3 1972. Ekki er hægt að segja með neinni nákvæmni, hvenær getnaður hafi átt sér stað, en samkvæmt þessum upplýsingum tel ég líklegast, að það hafi skeð einhvern tíman milli 17/3 1972 og 1/4 1972, og er þá reiknað með konceptionsoptimum þann 24/3 1972 plús mínus 7 dagar."

Þar sem varnaraðili hefur viðurkennt að hafa haft samfarir við sóknaraðilja á getnaðartíma framangreinds barns hennar, og þar sem hvorki er komið fram í máli þessu, að hún hafi haft samfarir við aðra karlmenn á þessu tímabili né slíkt líklegt, ber að taka kröfur hennar til greina og dæma varnaraðilja föður að barninu,

sbr. 212. gr. laga nr. 85/1936, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá ber að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar. Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 8.335 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 15.000. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 23.335 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 26. desember 1972 og skírt var B, og greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 23.335, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflutningsþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 15.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 177/1976. **M**

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

K

(Örn Clausen hrl.).

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björns Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. sept-

ember 1976. Krefst hann þess, að hann verði aðeins dæmdur meðlagsskyldur með barninu B og að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en stefnda fékk gjafvörn hér fyrir dómi með bréfi dómsmálaráðuneytis 19. apríl 1977.

Eftir uppsögu héraðsdóms kom stefnda fyrir dóm og lýsti kynnum sínum af G þeim, sem getið er um í héraðsdómi. Engin deili kvaðst hún kunna á manni þessum. Hún hafi hitt hann á skemmtistað í Reykjavík. Hún hafi verið ein síns liðs, og eigi taldi hún mann þennan hafa verið í fylgd með neinu fólki, sem hún þekkti. Hún kveður þau tvö hafa farið í hús það, sem maðurinn bjó í, og þar hafi hún ekki orðið vör við neitt fólk. Stefnda kveðst ekki geta sagt, hvar í Hlíðahverfi í Reykjavík hús þetta sé. Hún staðhæfir, að þau G hafi hist og haft samfarir „eftir 17. júní, en varnaraðili (stefnda) man ekki, hvort það var fyrsta eða önnur helgi þar frá. Þetta hafi annað hvort verið á föstudags- eða laugardagskvöldi . . . . .".

Samkvæmt þessari skýrslu stefndu, sem leggja verður til grundvallar dómi í málinu, hafa samfarir þær, sem skýrslan tekur til, átt sér stað í síðasta lagi aðfaranótt 27. júní 1971. Samkvæmt bréfum borgarlæknisins í Reykjavík 22. mars og 28. júní 1976, sem greind eru í héraðsdómi, er barnið getið í fyrsta lagi 28. júní 1971. Er þetta áréttað í bréfi borgarlæknis 22. nóvember 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt. Segir þar enn fremur m. a.: „Í dreifingartöflum þeim, sem notaðar eru til útreikninga á getnaðartíma barna eftir hæð og þyngd þeirra við fæðingu, má sjá, að líkurnar til, að umrætt barn sé getið 28. júní og 6 næstu daga þar á eftir, eru einn af þúsundi".

Samkvæmt bréfi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur 21. nóvember 1977, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, kom stefnda „í mæðraskoðun í fyrsta skipti 22. desember 1971. Samkvæmt spjaldskrá voru tíðir hjá henni seinast þ. 6. ágúst '71. Samkvæmt því væntir hún fæðingar um miðjan maí '72".

Með vísan til gagna þeirra, sem hér hafa verið reifuð, og

að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, M, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, er renni í ríkissjóð. Gjafvarnarkostnaður stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1976.

Ár 1976, mánudaginn 12. júlí, er á bæjarþingi Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 14/1976: K gegn M, sem tekið var til dóms 28. f. m.

Sóknaraðili í máli þessu, K, ... hér í borg, fædd 28. apríl 1949 í Reykjavík, ól 14. maí 1972 meybarn, sem skírt var 8. mars 1973 B. Föður að barni þessu hefur hún lýst M, ..., fæddan 19. maí 1935 í Reykjavík, varnaraðilja málsins, sem ekki hefur við faðernið viljað kannast, og höfðaði sóknaraðili því mál þetta á hendur honum í bæjarþinginu 30. janúar sl.

Af hálfu sóknaraðilja eru þær kröfur gerðar í málinu:

1. Að varnaraðili verði dæmdur faðir stúlkunnar B.
2. Að varnaraðili greiði meðlag með barninu frá fæðingu til fullnaðs 17 ára aldurs.
3. Að varnaraðili greiði fæðingarstyrk að svo miklu leyti sem hann er ekki greiddur af Tryggingastofnun ríkisins.

Til vara er krafist fyllingareiðs.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Varnaraðili hefur fyrir sitt leyti ekki viljað fallast á kröfur sóknaraðilja og gert þá kröfu aðallega, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að skaðlausu að mati dómsins, en til vara, að hann verði einungis dæmdur meðlagsskyldur og málskostnaður falli niður.

Sama dag og mál þetta var höfðað komu málsaðiljar í dóminn og gáfu skýrslur um kynni sín.

Sóknaraðili kvaðst hafa hafið störf á skrifstofu hjá fyrirtækinu D í júní 1965 og starfað þar til ársloka 1974. Varnaraðili starfaði einnig á sömu skrifstofu. Starfsfólk skrifstofunnar skemmti sér saman sem hópur, bæði á árshátíðum og við önnur tækifæri, svo og áttu starfsmennirnir saman sumarbústað.

Í eitt skipti höfðu málsaðiljar samfarir saman, og var það hinn 20. ágúst 1971 á þáverandi heimili sóknaraðilja að . . . . . Að sögn sóknaraðilja voru ekki gerðar neinar ráðstafanir til að hindra getnað. Síðustu blæðingar fyrir þessar samfarir byrjuðu 6. s. m.

Er sóknaraðili varð þess áskynja, að hún var ófrísk, skýrði hún varnaraðilja frá því, og tók hann því illa. Var þetta í októbermánuði, og urðu þessi viðbrögð varnaraðilja til þess, að sóknaraðili var búin að taka þá ákvörðun í desember „að eiga barnið ein“ og skrifaði því varnaraðilja og tjáði honum, að hún hefði misreiknað sig og hann ætti ekki barnið, þótt svo hefði þó verið. Eftir að barnið var fætt, kvaðst sóknaraðili hafa séð, að þetta gengi ekki, og ákvað að gera hreint fyrir sínum dyrum. Kvaðst hún hafa farið að ganga á varnaraðilja, sem virtist ekki taka því mjög illa, en kvað þetta taka sinn tíma, og vildi hann sjá, hvort telpan líktist sér. Sóknaraðili kom með telpuna á vinnustað málsaðilja, og sá varnaraðili hana nokkrum sinnum. Eftir að sóknaraðili hætti að vinna á sama stað og varnaraðili, kvaðst hún hafa farið að ganga fastara á varnaraðilja, þar til hann kvað upp úr með það, að hann teldi sig ekki geta átt stúlkuna, þar sem honum fannst hún ekki líkjast sér. Sóknaraðili kvaðst þá ekki hafa átt annars úrkosti en leita eftir meðlagsúrskurði og er það bar ekki árangur, að höfða mál þetta.

Aðspurð um hugsanlegar samfarir við aðra en varnaraðilja frá því um miðjan júní og þar til um miðjan október sama ár sagði sóknaraðili, að hún hefði aðeins haft samfarir við mann í júnímánuði 1971.

Varnaraðili kvaðst eitt sinn hafa haft samfarir við sóknaraðilja hinn 20. ágúst 1971, og áttu þessar samfarir sér stað að . . . . .

Varnaraðili kveðst ekki vilja kannast við faðerni barnsins, þar sem hann teldi sig hafa ástæðu til að ætla, að sóknaraðili hefði verið með öðrum karlmanni á svipuðum tíma, og nefndi í því sambandi einhvern E.

Sóknaraðili sagði þá, að hér væri um að ræða E . . . . ., sem hún hefði kynnst, er hún var í 1. bekk gagnfræðaskóla, og hefði haldið vináttu við æ síðan. Við E kvaðst sóknaraðili síðast hafa haft samfarir árið 1970, en samband þeirra blessaðist ekki af persónulegum ástæðum hans. Sóknaraðili kvaðst hafa skýrt E frá því, er hún varð barnshafandi, og jafnframt hver væri faðirinn. E bauð henni þá, að hún mætti kenna honum barnið, ef hún lenti í vandræðum. Sóknaraðili gekk í hjúskap með E til málamynda 12. mars 1973. Fengu þau skilnað að borði og sæng í desember 1973 og lögskilnað ári síðar. Aldrei bjuggu þau saman, og til hjónabandsins var stofnað í því skyni, að sóknaraðili fengi út skyldusparnað sinn.

25. febrúar sl. kom framangreindur E . . . . ., fæddur 27. júlí 1949 í Reykjavík, fyrir dóm sem vitni.

Vitnið kvaðst hafa þekkt sóknaraðilja frá því þau voru bæði í 1. bekk í gagnfræðaskóla. Vitnið dvaldist í Bandaríkjunum í árstíma á árunum 1968—1969. Eftir að hann kom heim aftur, tókst náinn kunningsskapur með vitninu og sóknaraðilja. Höfðu þau samfarir á árinu 1970 og ef til vill mjög snemma á árinu 1971, eða í mánuðunum janúar, febrúar og mars, í alsíðasta lagi, en þá slitnaði upp úr sambandi þeirra.

Eftir að sóknaraðili hafði alið barn sitt, gengu hún og vitnið til málamynda í hjúskap á árinu 1973 án þess þó að búa saman eða hafa samfarir. Tilefni þessa hjúskapar var það, að sóknaraðili þurfti að ná út skyldusparnaði sínum, og var síðan meiningin, að þau skildu fljótlega aftur, en það dróst nokkuð, þar sem sóknaraðili hafði týnt einni sparimerkjabókinni, sem þurfti að ógilda.

Vitnið sagði, að þótt slitnað hefði upp úr hinu nána sambandi milli aðilja í kringum áramótin 1970—1971, hefði haldist góður kunningsskapur á milli þeirra, og fékk vitnið m. a. að læra heima hjá henni, þar sem hann átti heima uppi í Breiðholti og eyður voru milli tíma hjá honum í Háskólanum.

Vitninu var minnisstætt, að í ágústmánuði 1971, er hann var nýkominn frá Skotlandi og var í heimsókn hjá sóknaraðilja (sic). Einnig var þar vinkona hennar F. Fram kom hjá stúlkunum, að til stæði að efna til gleðskapar og von væri á varnaraðilja. Næsta dag sagði sóknaraðili vitninu í stórum dráttum, hvað gerst hafði

um kvöldið og hún hefði tekið „sjens", þar sem hún hefði ekki verið á pillunni, og þar að auki minnti vitnið, að hún hafi sagst vera á hættulegu tímabili. Síðar kom fram hjá sóknaraðilja, að hún hefði orðið ófrísk þetta kvöld, og hefur hún alla tíð sagt vitninu, að varnaraðili væri faðir barnsins.

Aðspurt hvort það hafi nokkurn tíma komið fram hjá sóknaraðilja, hvers vegna svo dróst hjá henni að gera gangskör að því að feðra barnið, sagði vitnið, að fram hefði komið hjá henni, að hún hefði verið hrifin af varnaraðilja og verið hálf ráðvillt, þar sem hún vildi ekki koma honum í vandræði, þar eð hann væri kvæntur og hún kannaðist auk þess við konu hans.

Nokkru eftir að barnið var fætt, ekki gat vitnið sagt um, hvort það var nokkrum vikum eða mánuðum, kom fram hjá sóknaraðilja, að hún hefði rætt við varnaraðilja, og sagði sóknaraðili, að hann hefði tekið sér vel og lofað að styðja hana fjárhagslega síðar, en hann hefði átt bágt með það á þeim tíma.

Vitnið sagði, að sér væri ókunnugt um, að sóknaraðili hefði haft samfarir við aðra karlmenn frá því þau höfðu síðast samfarir og þar til hún hafði samfarir við varnaraðilja, enda hefði hún verið íhaldssöm og lítið staðið í karlamálum.

Vitnið sagði, að sóknaraðili hefði haft miklar áhyggjur af því, áður en hún fór á fæðingardeildina, að hún þyrfti að gefa upp nafn barnsföður, og kvaðst vitnið þá hafa heimilað henni að benda á sig sem slíkan og vera kunni, að vitnið hafi einnig heimilað henni að gefa sig upp sem barnsföður til frambúðar.

Vitnið kvaðst ekki minnast þess, að sóknaraðili hefði skýrt sér frá samförum við aðra karlmenn en varnaraðilja.

Vitnið kvaðst hafa verið erlendis frá því seint í júní og fram í byrjun ágúst 1971.

Eftir að vitnið hafði vikið frá, var sóknaraðili spurð um mann þann, sem hún hafði samfarir við í júnímánuði 1971. Sóknaraðili sagði, að hér hefði verið um að ræða mann, sem hún hitti á dansleik og hefði ekki þekkt áður. Maðurinn heitir G. Ekki vissi sóknaraðili, hvers son hann var, hvar hann átti heima eða hvar hann vann. Samfarirnar fóru fram heima hjá manninum, einhvers staðar í Hlíðahverfi. Sóknaraðili kvaðst vera öldungis viss um, að hún hefði haft samfarir við framangreindan G í júní, þar sem hún hefði þá verið á pillunni, en hætt á henni í júlímánuði. Tók sóknaraðili fram af þessu tilefni, að hún hefði fengið pilluna hjá Jónasi Bjarnasyni við tíðaverkjum og hefði hún átt að taka hana í 3 mánuði í senn og hvíla sig á henni í einn mánuð.

Í þessu þinghaldi óskaði varnaraðili að taka fram, að áður en að hann hafði hafið samfarirnar við sóknaraðilja, hefði hann spurt hana, hvort hún væri á pillunni, og neitaði hún því. Varnaraðili kvaðst því hafa gripið til þeirra ráðstafana, sem tiltækar voru, þ. e. a. s. að hafa rofnar samfarir.

Í þinghaldi 23. f .m. var sóknaraðili enn spurð um mann þann, sem hún hafði samfarir við í júnímánuði 1971, og kvaðst hún ekki geta gefið frekari upplýsingar um hann.

Blóðflokkarannsókn fór fram á málsaðiljum, barninu og E, og varð niðurstaða hennar sem hér greinir:

	ABO	MNSs	Rh							Kell	Fy		P_1	Hp	Jk a	Lu a	Le a	Sf.	Bf.	
			C	D	E	c	e	Cw	Du	K	k	a	b							
K . . . . ., Reykjavík, f. 28/4 1949	A_2	MNSs	+	+	+	+	+	—		—	+	+	—	1-0	+	—	—	BC	SS
B, s. st. f 14/5 1972	O	MNss	—	+	+	+	—	—		—	+	—	+	2-0	+	—	—	BC	SS
M . . . . ., Reykjavík, f. 19/5 1935	O	MSs	+	+	+	+	+	—		—	+	—	+	2-1	+	—	—	B	SS
E . . . . ., Reykjavík, f. 27/7 1949	O	MSs	—	—	—	+	+	—	—	—	—	+	—	1-1	—		+	B	SS

Álitsgerð Ólafs Bjarnasonar prófessors, dr. med., dagsett 17. maí sl. um blóðflokkarannsóknina er svohljóðandi: „Samkvæmt niðurstöðu þessarar rannsóknar getur E ekki verið faðir B dóttur K, þar eð eiginleikinn Hp-2, sem finnst í blóði telpunnar, er hvorki fyrir hendi í blóði móður hennar né E, auk þess sem telpan og E eru andstætt arfhrein með tilliti til eiginleikanna E og e. Hins vegar samrýmist niðurstaða rannsóknarinnar því, að M sé faðir telpunnar.

Auk þess sem að ofan segir er E einnig útilokaður skv. 1. erfðareglu á P-kerfi og skv. 2. erfðareglu á Fy-kerfi."

Borgarlæknir segir í álitsgerð, dagsettri 22. mars sl., um hugsanlegan getnaðartíma barnsins: „Þér hafið, herra sakadómari, með bréfi, dags. 27. f. m., óskað álitsgerðar minnar um hugsanlegan getnaðartíma barns þess, sem barnsfaðernismálið: K gegn M er risið af.

Af vottorði ljósmóður, dags. 2. mars 1976, má ráða, að barnið hafi verið fullburða, er það fæddist. Meðal meðgöngutími fullburða barna er talinn vera 271 dagur, með 11 daga misvísun til eða frá. Samkvæmt því ættu mestar líkur að vera til, að umrætt barn sé getið á tímabilinu 3. ágúst til 25. ágúst 1971.

Sé höfð hliðsjón af þyngd barnsins og lengd við fæðingu, getur það samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu 28. júlí til 15. október 1971. Samkvæmt sömu töflum eru 885‰ líkur til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. júlí til 3. september 1971."

Í bréfi frá borgarlækni, dagsettu 28. f. m., segir: „Í texta álitsgerðar minnar til yðar, dags. 22. mars s.l., vegna barnsfaðernismálsins K gegn M er stafvilla, sem ég óska að leiðrétta. Í næstneðstu málsgrein álitsgerðarinnar stendur „samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir á tímabilinu 28. júlí til 15. október 1971," en skal vera „samkvæmt dreifingartöflum F. J. Linder's, Málmey, verið komið undir einhvern tíma á tímabilinu *28. júní* til 15. október 1971."

Í máli þessu eru málsaðiljar sammála um, að þau hafi haft samfarir saman 20. ágúst 1971. Samkvæmt álitsgerð borgarlæknis er líklegasti getnaðartími barnsins á tímabilinu 3. ágúst til 25. ágúst 1971. Í sömu álitsgerð segir, að 885‰ líkur séu til, að barnið sé getið á tímabilinu 17. júlí til 3. september 1971. Loks segir borgarlæknir, að ýtrasti hugsanlegi getnaðartími sé á tímabilinu 28. júní til 15. október 1971. Sóknaraðili hefur skýrt frá því, að hún hafi haft samfarir við einhvern G í júnímánuði 1971 án þess að geta tilgreint það nánar. Fræðilega er möguleiki á, að slíkt hafi átt sér stað 28., 29. eða 30. júní, þannig að 3 dagar liggja innan ýtrasta hugsanlega getnaðartíma, en þó er ekki líklegra, að hún hafi haft samfarirnar við G þessa daga fremur en hina daga mánaðarins. Miðað við þær upplýsingar, sem liggja fyrir í málinu, verður ekki talið „líklegt" í skilningi 212. gr. laga um meðferð einkamála nr. 85/1936, að sóknaraðili hafi haft samfarir við fleiri en varnaraðilja á getnaðartímanum. Er þetta er virt, enda ekki hægt í barnsfaðernismáli að leggja framburð um rofnar samfarir til grundvallar, ber að taka kröfur sóknaraðilja til greina og dæma varnaraðilja föður að barninu samkvæmt lagagreininni, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði.

Þá ber að dæma varnaraðilja til greiðslu málskostnaðar. Úr ríkissjóði hafa þegar verið greiddar kr. 22.595 vegna máls þessa. Enn fremur verður greidd úr ríkissjóði þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000. Ber samkvæmt þessu að dæma varnaraðilja til að greiða kr. 52.595 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Varnaraðili, M, skal teljast faðir óskilgetins meybarns, sem sóknaraðili, K, ól 14. maí 1972 og skírt var B 8. mars 1973, greiða með því meðlag frá fæðingu þess til fullnaðs 17 ára aldurs og fjárhæð samkvæmt 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, hvort tveggja samkvæmt yfirvaldsúrskurði. Þá greiði varnaraðili málskostnað, kr. 52.595, til ríkissjóðs, og er þar innifalin málflutningsþóknun talsmanns sóknaraðilja, Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð kr. 30.000.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1977.

Nr. 106/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ólafi Kristni Pálmasyni
(Jón Hjaltason hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi, og eru brot þar réttilega heimfærð til refsiákvæða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði. Eftir atvikum þykir mega skilorðsbinda refsingu ákærða þannig, að fresta skuli fullnustu hennar og hún falla niður að þrem árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og vaxta af þeim að öðru leyti en því, að vextir verða ekki

dæmdir af afsagnarkostnaði, samtals 2.900 krónur (kr. 1.450x2), vegna þeirra tveggja 100.000 króna víxla, er greinir í héraðsdómi.

Þá er ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda hans, 40.000 krónur.

Það athugast, að í niðurstöðum héraðsdóms, B. I. og B. II., er getið um sölu 100.000 króna „tékka" og notkun „tékka" að sömu fjárhæð. Í tilvikum þessum báðum var um víxil að ræða, en ekki tékka.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 8 mánuði, en fullnustu refsingar skal frestað og hún niður falla að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og vaxta af þeim eiga að vera óröskuð að öðru leyti en því, að vextir reiknast ekki af afsagnarkostnaði, 2.900 krónum, tveggja 100.000 króna víxla.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 40.000 krónur, og málsvarnaralaun skipaðs verjanda síns, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1977.

Ár 1977, þriðjudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnssyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 118/1977:

Ákæruvaldið gegn Ólafi Kristni Pálmasyni, sem tekið var til dóms (sic).

Með ákæru, dags. 27. f. m., hefur opinbert mál verið höfðað gegn *Ólafi Kristni Pálmasyni*, Ólafsvík, fæddum 19. apríl 1957 í Vestmannaeyjum, „fyrir skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa falsað nafnritanir Harðar Sigurjónssonar sem útgefanda á víxil að upphæð kr. 80.000, útgefinn 10. maí 1976, með gjalddaga 10. júlí sama árs, sem ákærði hafði sjálfur samþykkt og seldi Útvegsbanka Íslands í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

Þá hefur annað opinbert mál verið höfðað gegn ákærða, Ólafi Kristni Pálmasyni, með ákæru, dags. 7. þ. m., „fyrir eftirtalin hegningarlagabrot.

I.

Skjalafals og fjársvik með því að selja hinn 3. júní 1976 í Háaleitisútibúi Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð kr. 100.000, er ákærði hafði sama dag heimildarlaust gefið út í nafni Árna Sigurvinssonar, Krossi, V-Barðastrandarsýslu, en samþykkt til greiðslu 3. september 1976 með nafninu Kristinn Eyjólfsson, Eskihlíð 16, Rvk., þ. e. síðara nafni sínu og fyrra nafni föður síns, en þau nöfn notar ákærði ekki, nota síðan andvirði víxilsins til stofnunar ávísanareiknings nr. 2354-1 við Búnaðarbanka Íslands og gefa út eftirtaldar ávísanir á þann reikning með nafninu Kristinn Eyjólfsson:

1. Nr. 302097, kr. 10.000, gefin út 14. júní 1976 til handhafa. Framseld með nafninu Kristinn Eyjólfsson, Eskihlíð 16, í útibúi Búnaðarbanka Íslands við Hlemm.
2. Nr. 302099, kr. 1.200, gefin út 15. júní 1976 til Bæjarnestis. Notuð til greiðslu í Bæjarnesti.
3. Nr. 302601, kr. 30.000, gefin út 15. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eskihlíð 16, nafnnúmer 6681-2042, í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands.
4. Nr. 302605, kr. 1.000, gefin út 15. júní 1976 til Bæjarnestis. Notuð til greiðslu í Bæjarnesti.
5. Nr. 302608, kr. 300, gefin út 16. júní 1976 til handhafa. Notuð til greiðslu í verzluninni Tvistur, Lokastíg 28.
6. Nr. 302613, kr. 700, gefin út 17. júní 1976 til Bæjarnestis og notuð til greiðslu þar.

7. Nr. 302617, kr. 15.000, gefin út 17. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eskihlíð 16, sími 22948, í Melaútibúi Búnaðarbanka Íslands.
8. Nr. 302618, kr. 20.000, gefin út 18. júní 1976 til Ólafs Pálmasonar. Framseld með nafninu Ólafur Pálmason, Eskihlíð 16, sími 22948, í Búnaðarbanka Íslands við Hlemm.
9 Nr. 302623, kr. 2.000, gefin út 21. júní 1976 til Bæjarnestis og notuð til greiðslu þar.

Þykir ákærði með framangreindri háttsemi hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Skjalafals, framið í Reykjavík 10. júní 1976, með því að selja Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð kr. 100.000, er ákærði hafði heimildarlaust gefið út í nafni Samsonar Samsonarsonar, Hvammsvík, Kjós, en samþykkt til greiðslu 11. júlí 1976 með eigin nafni.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

Mál þessi hafa verið sameinuð og rekin sem eitt mál.

Eftirfarandi fjárkröfur hafa verið hafðar uppi á hendur ákærða í máli þessu:

1) Útvegsbanki Íslands: 80.000 kr. ásamt 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 10. júlí 1976 til greiðsludags, auk þess málskostnaður skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

2) Búnaðarbanki Íslands: 100.000 kr., afsagnarkostnaður 1.450 kr. og dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð frá 3. sept. til 20. nóv. 1976 og frá þeim degi 2½% dráttarvextir til greiðsludags svo og sakarkostnaður..

Sami banki: 100.000 kr., afsagnarkostnaður 1.450 kr. og 2% mánaðarvextir frá 11. júlí 1976 til greiðsludags svo og sakarkostnaður.

3) Búnaðarbanki Íslands, Austurbæjarútibú: 10.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 14. júní 1976 til greiðsludags.

4) Sigurveig Lúðvíksdóttir, Barðaströnd 43, Seltjarnarnesi: 4.900 kr.

5) Sveinn Jónsson, Frakkastíg 12: 300 kr.

Málsatvik.

A. (Ákæra 27. jan. sl.). Í maí sl. seldi ákærði Útvegsbanka Íslands víxil að fjárhæð 80.000 kr. Víxill þessi er dagsettur 10. maí, með gjalddaga 10. júlí, samþykkjandi Kristinn Pálmason og útgefandi og framseljandi Hörður Sigurjónsson, Álftahólum 4. Ákærði hefur kannast við það, að hann hafi í heimildarleysi ritað nafn Harðar á víxil þennan, en hann þekkir Hörð nokkuð. Þá notaði ákærði síðara nafn sitt (Kristinn), en sleppti Ólafsnafninu, sem hann annars notar ávallt.

Ákærði kveðst hafa gert sér vonir um, að hann gæti greitt víxilinn á gjalddaga, þannig að ekki kæmist upp um falsið, en sú von hafi brugðist. Víxillinn er ennþá ógreiddur.

B. (Ákæra 7. febrúar).

I. Í júnímánuði f. á. seldi ákærði Búnaðarbanka Íslands víxil að fjárhæð 100.000 kr. Víxillinn er dags. 3. júní, með gjalddaga 3. sept., samþykkjandi Kristinn Eyjólfsson, en útgefandi og framseljandi Árni Sigurvinsson, Krossi, Barðastrandarsýslu. Ákærði kannast við, að hann hafi ritað víxil þennan að öllu leyti. Við ritun á nafni samþykkjanda hafi hann notað síðara nafn sitt og einnig síðara nafn föður síns, en ákærði notar almennt Ólafsnafnið og ritar nafn sitt Ólafur Pálmason eða Ólafur Kristinn Pálmason. Sem útgefanda tilgreindi ákærði í heimildarleysi frænda sinn Árna Sigurvinsson. Ákærði lét andvirði víxilsins ganga til stofnunar á ávísanareikningi í Háaleitisútibúi Búnaðarbankans. Gaf hann þá einnig upp nafnið Kristinn Eyjólfsson. Hann kveðst hafa fengið sér þrjú tékkahefti. Er það í samræmi við yfirlit yfir reikninginn, sem sýnir, að alls hafi 71 tékki verið greiddur út af reikningnum að fjárhæð samtals 256.800 kr. Innlegg á reikninginn hefur verið 95.510 kr. (væntanlega víxilfjárhæðin að frádregnum forvöxtum). Tékkar að fjárhæð 161.400 kr. eru færðir til baka á reikningnum, væntanlega innheimtir hjá framseljendum. Þegar sú fjárhæð og innleggið er dregið frá heildarfjárhæð tékkanna, kemur út innstæða á reikningnum, 110 kr., og er það í samræmi við yfirlitið.

Eins og áður er lýst, tekur ákæra einungis til 9 tékka, sem fram hafa komið í málinu. Er þeim öllum rétt lýst í ákærunni. Þeir eru að sjálfsögðu allir undirritaðir nafninu Kristinn Eyjólfsson. Tékkana notaði ákærði alla í staðgreiðsluviðskiptum, sem rétt er lýst í ákærunni.

Meðan á rannsókn stóð, greiddi ákærði Austurbæjarútibúi Búnaðarbankans bætur fyrir annan tékkann, sem hann seldi þar,

20.000 kr. (ákærul. I. 8.) og Melaútibúi Búnaðarbankans 45.000 kr. (ákærul. I. 3. og 7.).

II. Í júnímánuði 1976 notaði ákærði 100.000 króna víxil, samþykktan af ákærða sjálfum, en talinn útgefinn og framseldan af Samson Samsonarsyni, Hvammsvík, Kjós, til þess að framlengja eldri víxilskuld við bankann. Er sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum, að ákærði hafði falsað nafn Samsonar, sem hann kveður vera tengdaföður sinn, á víxil þennan.

Niðurstöður.

A. Með notkun 80.000 kr. víxils með falsaðri nafnritun (Hörður Sigurjónsson) hefur ákærði unnið til refsingar skv. 155. gr. alm. hegningarlaga.

B.I. Sama ákvæði hefur ákærði brotið með því að selja Búnaðarbankanum 100.000 kr. tékka (sic) með nafnritununum Kristinn Eyjólfsson og Árni Sigurvinsson. Um fyrri nafnritunina er þess að gæta, að um fölsun er að ræða, þótt ákærði noti þar síðara nafn sitt og fyrra nafn föður, þar sem hann ritar nafn sitt annars ekki með þeim hætti, og er ljóst, að nafnið ritaði hann þannig í blekkingarskyni. Sömuleiðis eru allir tékkar þeir, sem taldir eru í 1.—9. lið, undirritaðir á sama hátt og teljast því falsaðir. Notkun þeirra varðar þannig einnig við 155. gr. hegnl. og þá ekki jafnframt við 248. gr. (155. gr. tæmir sök).

B.II. Notkun 100.000 króna tékka (sic) með falsaðri nafnritun Samsonar Samsonarsonar varðar einnig við 155. gr. hegnl.

Samkvæmt vottorði sakaskrár hefur ákærði ekki sætt neinum kærum né refsingum fyrr, nema einni sekt fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af 77. gr. alm. hegnl. ákveðin fangelsi 6 mánuði. Enda þótt ákærði eigi ekki brotaferil að baki, eru þó ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna, og kemur hvort tveggja til, að brot ákærða eru stórfelld og hann hefur einungis að litlu leyti bætt tjón af brotunum.

Kröfur þær, sem lýst hefur verið og ákærði hefur samþykkt allar, verða teknar til greina, nema hvað málskostnaður verður ekki dæmdur.

Þá verður ákærði dæmdur til þess að greiða kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Kristinn Pálmason, sæti fangelsi 6 mánuði.

Ákærði greiði:

1. Útvegsbanka Íslands 80.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 10. júlí 1976 til greiðsludags.

2. Búnaðarbanka Íslands 100.000 kr. og afsagnarkostnað, 1.450 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 3. sept. til 20. nóv. 1976, en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim tíma til greiðsludags, enn fremur 100.000 kr. og afsagnarkostnað, 1.450 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 11. júlí 1976 til greiðsludags.

3. Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi, 10.000 kr. ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 14. júní 1976 til greiðsludags.

4. Sigurveigu Lúðvíksdóttur 4.900 kr.

5. Sveini Jónssyni 300 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar.

Föstudaginn 25. nóvember 1977.

Nr. 112/1976. **Garðar Víborg**
(sjálfur)
gegn
Bjarna Helgasyni
Birni Stefánssyni
Hreggviði Jónssyni
Jónatan Þórmundssyni
Ólafi Ingólfssyni
Stefáni Skarphéðinssyni
Unnari Stefánssyni
Þorsteini Sæmundssyni
Þorvaldi Búasyni
Þór Vilhjálmssyni
Ragnari Ingimarssyni og
Valdimar J. Magnússyni
og gagnsök
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sýknað af refsikröfu og kröfu um miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. júní 1976 og gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjenda og þeir dæmdir til þess að greiða honum óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. júní 1976. Dómkröfur þeirra eru þessar:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd dauð og ómerk,

2. að aðaláfrýjandi verði dæmdur í hæfilega refsingu fyrir ummælin,

3. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða hverjum gagnáfrýjanda 50.000 kr. í miskabætur auk 9% ársvaxta frá 31. jan. 1974 til greiðsludags,

4. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega 25.000 kr. til að kosta birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að sjá um birtingu dóms þessa í heild í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dómsins,

6. að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ummæli þau, sem átalin eru, birtust í 3. og 4. tbl. blaðsins Nýs lands, er út komu 24. og 31. janúar 1974. Aðaláfrýjandi er tilgreindur ábyrgðarmaður blaðsins, og ber hann ábyrgð á því efni blaðsins, þar sem höfundur er ekki nafngreindur. Ummælin eru tilgreind í hinum áfrýjaða dómi, og verður vitnað til þeirra hér á eftir á sama hátt og þar.

I. Með ummælum þessum verður ekki talið, að neinu því sé dróttað að gagnáfrýjendum, er verða mundi virðingu þeirra til hnekkis, og eigi þykja ummælin heldur móðgandi fyrir þá né sett fram á óviðurkvæmilegan hátt. Verður aðaláfrýjanda því hvorki dæmd refsing fyrir þau né heldur verða ummælin ómerkt.

II.A. 1—2. Fréttatilkynning sú, sem hér er um að ræða, er gefin út í nafni framkvæmdastjórnar Frjálslynda flokksins og undir henni stendur: Lúðvík Jónsson, ritari. Þykir höfundur þannig tilgreindur, og ber aðaláfrýjandi því ekki ábyrgð á ummælunum skv. 15. gr. laga 57/1956.

II.B. Ekki verður talið, að ummæli þessi feli í sér refsiverðar aðdróttanir né móðganir í garð gagnáfrýjenda, og verður aðaláfrýjanda því ekki dæmd refsing fyrir þau. Setningin: „Það virðist vera meginsjónarmið þessara manna að sjálfstæði Íslands og öryggi sé bezt borgið með því að sýna í hvívetna auðmýkt gagnvart hinum engilsaxnesku stórveld-

um og undirlægjuhátturinn sé helzta haldreipi Íslendinga til að halda reisn sinni sem sjálfstæð þjóð", þykir hins vegar að orðalagi óviðurkvæmileg, og ber að ómerkja hana skv. 1. mgr. 241. gr. alm. hegnl.

II.C. Ummæli þessi eru í grein, sem ber fyrirsögnina: „Við erum ekki til viðræðu um áframhaldandi dvöl hers í landinu". Neðan við greinina stendur: „Kaflar úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur á baráttufundi Samtaka herstöðvaandstæðinga í Háskólabíói á sunnudaginn". Greininni fylgir mynd af ræðumanni.

Í málinu er það komið fram, að ræðumaður, Inga Birna Jónsdóttir, lét Nýju landi í té handrit af ræðu sinni og leyfði, að hún yrði birt í blaðinu í heild eða hlutar hennar. Við birtingu hefur ræðan verið stytt á þann veg, að úr henni hafa verið felldir kaflar, en eigi er um það deilt, að þeir kaflar ræðunnar, sem birtir eru, séu orðrétt tilfærðir.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst, að höfundur að ummælum þessum sé nægilega nafngreindur, og ber aðaláfrýjandi því ekki ábyrgð á ummælunum, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956.

Þar sem niðurstaðan er sú, að aðaláfrýjandi hafi ekki gerst sekur um refsiverða meingerð gagnvart gagnáfrýjendum, verður krafa þeirra um miskabætur ekki tekin til greina né heldur krafa þeirra um greiðslu 25.000 kr. til að kosta birtingu dómsins.

Hins vegar ber skv. 22. gr. laga 57/1956 að taka til greina kröfu gagnáfrýjenda um, að dómur Hæstaréttar í málinu verði í heild birtur í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Rétt þykir að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum sameiginlega 60.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Nýs lands, sem út kemur eftir birtingu dóms þessa.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum sameiginlega 60.000 kr. í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1975.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 17. nóvember sl., hafa Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi 2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B. A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson prófessor, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi, höfðað með stefnu, birtri 20. júní 1974, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn Garðari Víborg, ábyrgðarmanni blaðsins „Nýs lands", Langholtsvegi 134, Reykjavík, vegna ummæla, sem birtust í 3. og 4. tbl. 6. árgangs blaðsins „Nýs lands" 1974, svo sem síðar verður rakið.

Ummæli þau í blaði þessu, sem stefnendur telja ærumeiðandi fyrir sig og stefnt er út af, eru þau, er nú skal greina:

„I. Í 3. tölublaði, er út kom 24. janúar 1974. Ummæli, er birtust í grein (leiðara) á bls. 3, en fyrirsögn greinarinnar er „Varnarmálin". Ummælin eru þessi: „ . . . . . Er ágengi þessara manna og smekkleysi slíkt, að þeir leita jafnvel eftir stuðningsmönnum sínum með því að fara inn í barnaskóla landsins, opinberar stofnanir og sjúkrahús. Mun sjálfstæðisbarátta af þessu tagi vera eindæmi í sögu þjóðarinnar."

II. Í 4. tölublaði, er út kom 31. janúar 1974. Hér er um að ræða þrjár greinar í þessu tölublaði:

A. Fréttagrein á forsíðu, er ber fyrirsögnina „Óþjóðholl starfsemi".

1. Fyrirsögnin „Óþjóðholl starfsemi".

2. „ . . . . . óþjóðholla starfsemi, ósamboðna fullvalda þjóð."

B. Grein á bls. 3 (leiðari), er ber fyrirsögnina: „Mengun hugarfarsins".

1. Fyrirsögnin „Mengun hugarfarsins".

2. „ . . . . . sumir þeirra, sem standa nú fyrir samtökunum Varið land, létu einnig heyra til sín í sambandi við landhelgisdeiluna við Breta og vildu þar ganga lengst til samninga við þá og gera lítið úr baráttu Íslendinga fyrir útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Það virðist vera meginsjónarmið þessara manna, að sjálfstæði Íslands og öryggi sé bezt borgið með því að sýna í hvívetna auðmýkt gagnvart hinum engilsaxnesku stórveldum og undirlægjuhátturinn sé helzta haldreipi Íslendinga til að halda reisn sinni sem sjálfstæð þjóð."

C. Kafli úr ræðu á bls. 5, sem ber yfirskriftina: „Við erum ekki til viðræðu um áframhaldandi dvöl hers í landinu". „ . . . . . Það hefur a. m. k. aldrei gerzt fyrr svo að ég viti, að fólk betli skriflega yfir sig erlendan her. Þeir, sem nú biðja þjóðina að skrifa undir betliskjalið verða án mikils vafa dæmdir af blöðum sögunnar sem landssölumenn . . . . ."

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur á hendur stefnda:

„*að* framangreind ummæli og tilgreindar fyrirsagnir verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að dæmd verði þyngsta refsing á hendur stefnda fyrir ummælin, sem 234., 235. og 236. gr. laga nr. 19/1940 heimila.

að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda fyrir sig kr. 50.000,00 í miskabætur samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, auk 9% ársvaxta frá 31. janúar 1974 til greiðsludags.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000,00 í kostnað við birtingu forsendna og niðurstöðu væntanlegs dóms í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

að stefnda verði gert að sjá um, að væntanlegur dómur verði birtur í heild í 1. eða 2. tölublaði „Nýs lands", er út kemur eftir birtingu dómsins. L. 57/56, 22. gr.

að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega málskostnað að mati dómara að skaðlausu."

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda og þeim gert að greiða honum málskostnað in solidum eða pro rata að mati dómsins. Upphaflega hafði stefndi gert þá kröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en hann hefur fallið frá þeirri kröfu.

Sáttaumleitanir hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnendur lýsa málavöxtum svo í stefnu:

„Um miðjan janúar efndu nokkrir Íslendingar til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa, auk lögmannanna Harðar Einarssonar og Óttars Yngvasonar. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Var öllum íslenzkum þegnum, er náðu tvítugs aldri 1. marz 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

> „Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Til að skipuleggja undirskriftasöfnunina var opnuð skrifstofa, þar sem kostur gafst á að undirrita yfirlýsinguna og fá undirskriftalista og upplýsingar. Þar var og tekið við fjárframlögum þeirra, er vildu taka þátt í kostnaði við rekstur skrifstofunnar. Boðað var, að undirskriftasöfnunin myndi standa yfir til 20. febrúar 1974 og ætlunin væri að áskorunin ásamt nöfnum áskorenda yrði afhent forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eigi síðar en 1. marz.

Helztu ástæður tilgreindar fyrir undirskriftasöfnuninni voru þessar:

„Við viljum, að Íslendingar taki áfram fullan þátt í samstarfi vestrænna lýðræðisþjóða, og er það undirstaða skoðana okkar á varnarmálum.

Hér á landi þurfa að vera traustar varnir.

Varnir landsins eru bæði beint í þágu Íslendinga, annarra þjóða við Norður-Atlantshaf, ekki sízt Norðmanna, og í þágu varnarsamtaka Vesturlanda, sem eru trygging þess, að Ísland haldi frelsi og sjálfstæði.

Varnarlaust Ísland myndi veikja stöðu vestrænna ríkja í tilraunum þeirra til að ná samningum um að draga úr vígbúnaði.

Nú er innan og utan ríkisstjórnar Íslands unnið af kappi að því, að varnarliðið fari úr landi, og sumir reyna jafnvel að koma fram úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu.

Við teljum fulla ástæðu til, að fram komi, að íslenzkur almenningur krefst þess, að við tökum áfram þátt í samstarfi innan At-

lantshafsbandalagsins og álítur ótímabært að vísa varnarliðinu á brott."

Árangur af frumkvæði forgöngumanna „VARINS LANDS" varð næsta mikill, því að alls rituðu 55.522 atkvæðisbærir Íslendingar undir áðurgreinda áskorun til ríkisstjórnar og Alþingis.

Frá upphafi var lögð á það áherzla, að undirskriftalistar yrðu einungis afhentir ábyrgum aðilum, og var haldin skrá yfir viðtakendur listanna. Var því að söfnun undirskrifta lokinni unnt að rekja, hver hefði haft hvern lista undir höndum. Til að fyrirbyggja, að undirskriftir manna, er rituðu nöfn sín tvívegis, væru að lokum tvítaldar, var gerð tölvuskrá eftir heimilisföngum. Komu þá fram 549 tvíritanir. Voru stimplaðar athugasemdir þar að lútandi á listana, og viðkomandi nöfn voru aðeins talin einu sinni við lokatalningu. Undirskriftir Reykvíkinga, Hafnfirðinga, Keflvíkinga, Akureyringa og Kópavogsbúa voru bornar saman við íbúaskrár og síðan voru settar athugasemdir við nöfn þeirra, sem ekki höfðu náð 20 ára aldri 1. marz 1974. Voru 448 nöfn felld niður við lokatalningu af þessu tilefni. Meiri hluti allra nafna á listunum var ennfremur borinn saman við nafnaskrá og kannað, hvort til væru menn með nöfnum, sem á listunum voru, á þeim stöðum, sem gefnir voru upp. Komu þá fram örfá fölsk nöfn, sem strikuð voru út. Nokkrir tugir manna, sem bera nöfn af erlendum uppruna, rituðu á undirskriftalistana, en ekki var unnt að kanna til hlítar, hvort þeir höfðu allir öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt.

Undirskriftalistarnir voru afhentir forsætisráðherra og forseta Sameinaðs Alþingis eins og boðað hafði verið við upphaf undirskriftanna. Fór afhendingin fram í Alþingishúsinu í síðari hluta marz. Dróst afhendingin nokkuð frá því, sem upphaflega hafði verið ákveðið, þar eð frágangur undirskriftalistanna reyndist tímafrekari en ætlað hafði verið.

Umrædd undirskriftasöfnun hafði eigi fyrr hafizt en hatröm blaðaskrif tóku að beinast að henni og forgöngumönnum hennar. Meðal þeirra blaða, sem hér áttu hlut að var „NÝTT LAND"."

Stefndi hefur bætt við þessa málavaxtalýsingu. Hann segir í greinargerð sinni:

„Skv. sóknargögnum efndu stefnendur, tólf að tölu, svo og tveir nafngreindir lögmenn í Reykjavík, til samvinnu um miðjan janúar 1974 undir nafninu „VARIÐ LAND". Á vegum þessara fjórtán manna hafi verið undirbúin undirskriftasöfnun til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkja

Norður-Ameríku og brottvísun varnarliðs af Íslandi. Hafi almenningi verið boðið að skrifa undir yfirlýsingu, sem fjórtánmenningarnir sömdu. Yfirlýsing þessi er tekin orðrétt uppí stefnu á dskj. nr. 1.

Í yfirlýsingu þessari er STAÐHÆFT, að áform ríkisstjórnar og Alþingis um uppsögn varnarsamningsins og brottvísun bandarísks herliðs af Íslandi muni skerða öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar, ef þau verði framkvæmd.

Stórfelldur ágreiningur hefur verið með þjóðinni um setu erlends herliðs á íslenzku landi og hefur mál þetta borið hæst allra ágreiningsmála frá 1951. Með fyrrgreindri yfirlýsingu, sem fjórtánmenningarnir hugðust fá sem flesta til að undirrita, var því beinlínis haldið fram, að þeir, sem andstæðir væru setu erlends hers á Íslandi, þ. á m. ríkisstjórn Íslands og meiri hluti alþingismanna svo og sá hluti þjóðarinnar, sem fylgdi stefnu síðustu ríkisstjórnar og vill þar af leiðandi segja upp gildandi varnarsamningi við Bandaríkin og afnám herstöðva á Íslandi, stefni að því að skerða öryggi Íslands og sjálfstæði.

Í yfirlýsingunni er því fólgin ásökun á hendur andstæðingum hersetu á Íslandi um landráð í skilningi X. kafla alm. hgl.

Svo sem fjórtánmenningarnir máttu og hlutu að vita vakti efni yfirlýsingar þessarar, sem birt var opinberlega á blaðamannafundi í janúar 1974, kröftug andsvör og gremju.

Skoðanaandstæðingar þeirra reyndu í upphafi að fá talsmenn „Varins lands“ til að ræða ágreiningsmálin á opinberum vettvangi, en án árangurs, þar sem talsmenn „Varins lands“ vildu ekki ræða varnarmál Íslands við aðra en stuðningsmenn sína, sbr. m. a. dskj. nr. 5. Andstæðingar hersetu á Íslandi gripu þá til þess ráðs að svara kröftuglega fyrir sín sjónarmið í blaðagreinum og ráðast á þá afstöðu til framtíðar Íslands, sem hersetins lands, sem fram kemur í greindri yfirlýsingu. Var almenn skoðun andstæðinga hersetu, að aldrei fyrr hefði það hent að óskað væri staðfestingar þjóðar á því að hún liti svo á, að *áform* um brottför erlends herliðs úr landi þjóðarinnar væru *ótímabær* og bæri að leggja á hilluna. Við athugun á stjórnmálaumræðu þeirri, sem fór í kjölfar undirskriftasöfnunar kemur í ljós, að þátttakendum var heitt í hamsi og var oft vegið þungt að skoðunum talsmanna „Varins lands“ í ræðu og hafði það veruleg áhrif á, að svo virtist sem veruleg óbilgirni væri sýnd við öflun undirskrifta og snerist deilan m. a. um framkvæmd. Þá kom og í ljós að margir andstöðumenn töldu niðurlægingu þjóðarinnar hina mestu í allri sögu

hennar og töldu að með undirskriftasöfnun þessari væri stefnt að því að koma þjóðinni í þá afstöðu, sem hún hefði komist í og hún hefði samþykkt kröfu Bandaríkja Norður-Ameríku 1945 um ævarandi hersetu á þremur svæðum á landi hér. Af þessum ótta um framtíðina mótuðust mjög skrif og ummæli þeirra, sem þátt tóku í deilunum og var margt í geðshræringu sagt.

Út af umræðu þessari hafa sprottið fjölmörg meiðyrðamál, þar sem stefnendur eru 12 af 14 mönnum, sem undirbjuggu undirskriftasöfnun „Varins lands", en svo virðist, sem þeir hafi tekið til sín sérhver styggjandi ummæli um þá stefnu í varnarmálum, að leggja bæri áform um brottför erlends herliðs niður."

III.

Röksemdir málsaðilja:

Stefnendur hafa þetta að segja um ummælin:

„Um I.

Það fer ekki milli mála, að ummæli þessi beinast að stefnendum. Með þeim eru stefnendur vændir um að hafa beitt ósæmilegum aðferðum við söfnun undirskrifta þeirra, er áður getur. Þá er og farið móðgandi ummælum um frumkvæði þeirra í niðurlagi hinna tilvitnuðu orða, er ærumeiðandi þykja. Stefnendur telja þessi ummæli í heild fela í sér móðgun og aðdróttun í þeirra garð og að þau varði við 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. A. 1.

Efni fréttagreinarinnar ber þess órækan vott, að fyrirsögnin á við undirskriftasöfnun þá, er að framan getur. Fyrirsögnin er móðgandi og að því leyti brot á 234. gr. laga nr. 19/1940. Auk þess felur hún í sér aðdróttun um, að stefnendur hafi með frumkvæði sínu að gefa landsmönnum kost á að láta í ljós vilja sinn um varnarmál ríkisins beitt sér fyrir starfsemi skaðlegri hagsmunum þjóðarinnar. Telja stefnendur þessa aðdróttun refsiverða samkvæmt 235. gr. sömu laga.

Um II. A. 2.

Stefnendur telja að hér eigi hið sama við og rakið er undir II. A. 1 hér að framan.

Um II. B. 1.

Stefnendur telja, að fyrirsögn þessi beinist m. a. að þeim. Telja

þeir, að í fyrirsögninni felist móðgun og aðdróttun og að hún varði við 234. gr. og 235. gr laga nr. 19/1940.

Um II. B. 2.

Hér er því haldið fram, að a. m. k. sumir stefnenda hafi viljað ganga mun lengra en aðrir landsmenn almennt til móts við Breta í samningaumleitunum í landhelgisdeilu ríkjanna vegna útfærslu í 50 sjómílur, svo og að þeir hafi forsmáð baráttu Íslendinga í því máli. Þá eru þeir vændir um auðmýkt gagnvart tilgreindum stórveldum og þeim gerðar upp skoðanir á því, hvernig Íslendingar eigi að halda við lýði sjálfstæði sínu, skoðanir, sem væru hverjum Íslendingi til vansæmdar. Er hér að sjálfsögðu um algjörlega rakalausar dylgjur að tefla.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi og að í þeim felist ósæmilegar aðdróttanir og að ummælin í heild varði við 234. gr. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Um II. C.

Stefnendur telja ummæli þessi móðgandi. Auk móðgunar felist í orðinu „landssölumenn" aðdróttun um landráð, sem er mjög alvarlegur refsiverður verknaður. Telja stefnendur, að síðasttalda orðið í ummælunum varði við 236. gr. eða til vara 235 gr. laga nr. 19/1940, en ummælin að öðru leyti við 234. gr. laganna.

Fyrirsagnir þær, sem að framan greinir, og ummælin, sem átalin eru, birtust ekki í greinum, sem nafngreindar voru. Ber því ábyrgðarmaður „Nýs lands" á þeim tíma, er ummælin birtust í blaðinu alla ábyrgð á þeim samkvæmt 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Stefndi var ábyrgðarmaður blaðsins."

Bótakröfu sína rökstyðja stefnendur í greinargerð með tilvitnun til 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 og segja síðan: „Ærumeiðingar eru almennt fallnar til að valda þeim miska, sem fyrir þeim verða. Svo er og með þau ærumeiðandi ummæli, sem hér eru til álita. Veitzt var með hrakyrðum að stefnendum vegna forgöngu þeirra að könnun á viðhorfi Íslendinga til varna landsins. Full ástæða er til að taka hart á slíkum skrifum með því að dæma þeim refsingu, sem ábyrgð ber á slíkum skrifum, og ríflegar bætur þeim, sem hin ærumeiðandi skrif beinast að. Það á fremur að hamla gegn slíkum tjáningarhætti, sem flestum er hvimleiður, með virkum viðurlögum, heldur en að skapa honum skjól til að skáka í með of vægum refsingum og fébótum."

Stefndi gerir svofelldar athugasemdir við umstefnd ummæli í greinargerð sinni:

„Ummælin eru rifin úr samhengi og þurfa að skoðast í ljósi þess. Við ummæli er rétt að gera þessar athugasemdir:

I. Ummæli þessi eru úr ritstjórnargrein, sem fjallar um varnarmálin og stöðu þeirra almennt. Er óverulega vikið að framkvæmd undirskriftasöfnunar hreyfingar er nefnist „Varið land". Hvergi er minnst á stefnendur þessa máls í leiðaranum og hann á því aðeins við stefnendur að þeir lýsi því fyrir dómi, að þeirra (sic) hafi hagað söfnun sinni eins og þar er lýst eða lýsi því yfir að engir aðrir en þeir hafi borið undirskriftalista manna á meðal en það fær reyndar ekki staðist. Að því verki unnu hundruð manna. Lýst er aðferð þeirra starfsmanna „Varins lands" að leita inná barnaskóla, opinberar stofnanir og sjúkrahús landsins. Er hér um einfalda lýsingu á staðreyndum að ræða. Segir síðan, að sjálfstæðisbarátta af þessu tagi muni vera einsdæmi í sögu þjóðarinnar. Stefnendur telji, að þessi ummæli séu móðgandi um frumkvæði þeirra. Hvorki er minnst á stefnendur né frumkvæði þeirra og er erfitt að skilja hvers vegna stefnendur gera kröfu til að þessi ummæli fjalli um þá. Mun væntanlega hver þeirra um sig gera grein fyrir ástæðu þess við aðilaskýrslugjöf. Ummæli þessi veita að sjálfsögðu stefnendum engan rétt til að krefjast ómerkingar, refsingar bóta eða annars.

II A1.

Þetta er frétt um samþykkt, sem framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins gerði á fundi 29. 1. 1974. Fréttin er undirrituð og ber því að sýkna umbj. m. vegna aðildarskorts auk þess sem hún fjallar á engan hátt um stefnendur þessa máls eða frumkvæði þeirra heldur undirskriftasöfnunina, sem gengur undir nafninu „Varið land" og sagt er í stefnu að í henni hafi tekið þátt 55.522 atkvæðisbærir íslendingar. Eigi verður með nokkru móti séð á hvern hátt stefnendur geta komist að þeirri niðurstöðu að álit framkvæmdanefndar í stjórnmálaflokki, sem hefur að stefnumarkmiði brottför erlends herliðs af Íslandi sé aðdróttun í garð þeirra og meiðandi fyrir æru þeirra.

II. A2. Sjá um II. A1 hér að framan.

II. B1. Hin umstefndu ummæli eru úr ritstjórnargrein, sem ber fyrirsögnina „Mengun hugarfarsins". Í henni er fjallað um varnarmálin allt frá 1945, en fyrst og fremst um tímabilið frá 1951 og áhrif af 23 ára dvöl erlends herliðs í landinu á þjóðina, en áhrif

þessi eru nefnd „mengun hugarfarsins“ er þetta öllum ljóst sem lesa greinina í heild, en samt sem áður telja stefnendur að þeir verði að taka á sig ábyrgðina á áhrifum 23 ára hersetu í landinu. Greinin birtist 31. 1. 1974 eða u. þ. b. hálfum mánuði eftir að stefnendur kynntu „Varið land“. Engan rökstuðning er að finna fyrir því hversvegna stefnendur telja að umtal um mengun hugarfarsins sé tengt þeim, enda þótt þau séu fyrirsögn greinar, sem fjallar um langt tímabil í nútímasögu okkar og þar sem spjótunum er beint að verkalýðshreyfingunni og samvinnuhreyfingunni. Væntanlega munu stefnendur skýra þetta nánar í aðilaskýrslum fyrir dómi og að því búnu verður unnt að taka afstöðu til skýringar þeirra.

Um II B2.

Í setningu í síðastgreindri ritstjórnargrein er fjallað um „suma þeirra, sem standa nú fyrir samtökunum „Varið land“. Eins og áður getur liggja ekki fyrir upplýsingar um það hverjir stóðu fyrir samtökunum „Varið land“ um 31. jan. 1974, en þá töldu a. m. k. margir fleiri en stefnendur sig í þeirra hópi. Ummæli þeirra fjalla örugglega ekki um alla stefnendur og geta þeir ekki gert sameiginlega refsi- og ómerkingarkröfur svo og bótakröfur hver í sínu lagi í þessu máli. Telji einhverjir stefnenda ummæli þessi eiga við sig, þá verða þeir að gæta réttar síns í sérstöku máli, þar sem þeir sanna aðild sína. Ef stefnendur falla ekki frá kröfum sínum skv. þessum lið er skorað á þá þeirra, sem byggja kröfur sínar á þessum ummælum að sýna frammá, að þau megi heimfæra upp á þá þannig að ærumeiðandi sé.

Um ummæli almennt er þar að segja að í þeim kemur fram pólitísk túlkun leiðarahöfundar á afstöðu vissra afla í ísl. þjóðfélagi til Bretlands og Bandaríkjanna. Þessi afstaða er alkunn og hefur verið til umræðu í áratugi í ísl. stjórnmálum. Ætla verður að orðin „auðmýkt“ og „undirlægjuháttur“ í textanum valdi einhverjum stefnenda ama, en ekki verður séð að þeir þurfi allir að taka þessi orð til sín. Ítrekað er að þeir sem stóðu fyrir samtökunum „Varið land“ voru á þessum tíma fleiri en stefnendur.

IIC.

Ummæli þessi eru úr ræðu, sem Inga Birna Jónsdóttir hélt á fundi í Háskólabíói, þar sem þúsundir voru. Kemur skýrt fram að ummælin séu úr þessari ræðu og ber því að sýkna umbj. m. vegna aðildarskorts. Ummælin fjalla ekki um stefnendur og skal enn

ítrekað að hundruð manna unnu að söfnun undirskrifta. Í ummælum segir ræðumaður að hún viti ekki til að fyrr hafi fólk undirritað skjal, þess efnis, að erlendur her búi í landi þess og hún telur, að þeir sem biðja um undirskriftirnar verði síðar kallaðir landssölumenn. Hið fyrrnefnda er staðhæfing, sem örugglega meiðir ekki æru stefnenda. Hið síðara er tilraun ræðumanns til að spá. Ekki er neinum landráðum dróttað að stefnendum þessa máls."

Stefndi mótmælir því síðan, að greind ummæli séu í nafnlausum eða ómerktum greinum, og telur það hrakið hér að ofan.

IV.

Stefndi hefur lagt fram tvö vottorð. Fyrra vottorðið er þess efnis, að unglingspiltur hafi komið á skrifstofu verðlagsstjóra og boðið mönnum að rita nöfn sín á undirskriftalista „Varins lands". Hið síðara er þess efnis, að starfsmaður á Landspítalanum hafi boðið öðrum starfsmönnum þar að undirrita slíka lista. Af hálfu stefnenda sæta vottorð þessi ekki andmælum.

Umfangsmiklar yfirheyrslur hafa farið fram. Allflestir stefnenda hafa komið fyrir dóminn. Kom fram, að nokkrir þeirra gegna eða hafa gegnt trúnaðarstöðum fyrir stjórnmálaflokka. Þá kom fram, að sumir þeirra hafa tekið þátt í opinberri umræðu um varnarmálin. Sumir þeirra nefndu dæmi þess, að þeir hefðu orðið fyrir aðkasti vegna skrifa „Nýs lands" o. fl. um undirskriftasöfnunina, sbr. t. d. dómsskj. nr. 13.

Stefndi hefur komið fyrir dóm. Fram kom m. a., að fréttagrein á forsíðu fjórða tbl. „Nýs lands", er út kom 31. janúar 1974 og stefnt er fyrir undir lið II. í stefnu, er tillaga, sem borin var fram á framkvæmdastjórnarfundi Frjálslynda flokksins og er undirrituð af ritara. Stefndi var ekki í framkvæmdastjórn. Yfirskrift fréttarinnar er tekin úr efni hennar.

Þá kom fram, að leiðari í sama tbl., sem ber yfirskriftina „Mengun hugarfarsins", er skrifaður af tilefni erindis „um daginn og veginn" í Ríkisútvarpinu. Erindið var flutt af einum stefnenda, Þorsteini Sæmundssyni, og fjallaði að sögn stefnda um landhelgisdeiluna við Breta.

Þá skýrði stefndi svo frá, að kafli úr ræðu á bls. 5 í þessu sama tbl., en stefnt er vegna ummæla úr þessum kafla, sé tekinn beint upp úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur. Ræðu þessa flutti hún í Háskólabíói, og kvaðst stefndi hafa fengið ræðuna afhenta eftir fundinn og stytt hana vegna rúmleysis í blaðinu. Engu hafi verið

breytt, ræðan sé orðrétt prentuð að undanskildum smákafla, sem dreginn hafi verið út. Þess vegna sé sagt í blaðinu, að um sé að ræða kafla úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur. Inga Birna Jónsdóttir hefur komið fyrir dóm og staðfest frásögn stefnda.

Ekki þykir ástæða til að taka annað og meira upp úr yfirheyrslum í dóm þennan.

V.

Álit dómsins.

Aðild.

Stefnendur gengust fyrir og stjórnuðu framkvæmd undirskriftasöfnunar undir kjörorðinu „Varið land", en því er ekki mótmælt af stefnda, að undirskriftasöfnun þessi hafi verið tilefni umstefndra ummæla, sem birtust í 3. og 4. tbl. 6. árgangs blaðsins „Nýs lands" 1974. Með hliðsjón hér af verður að telja, að stefnendur eigi þegar af þessum ástæðum aðild að máli þessu.

Almennt.

Í 72. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Hver maður á rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei í lög leiða."

Í öllum meiðyrðamálum er það viðfangsefnið, hversu langt menn mega ganga í tjáningu sinni, án þess að þeir verði beittir þeim viðurlögum, sem hegningarlög mæla fyrir um. Við þetta mat verður að gæta ýmissa sjónarmiða, svo sem að opinberri umræðu séu ekki settar óþarfar skorður, upplýsingaskyldu og gagnrýnisskyldu fjölmiðla séu ekki sett of þröng mörk, eðli umræðunnar og hverjar tjáningarvenjur gilda um slíka umræðu. Þá verður að gæta þess, að umræðan sé málefnaleg og standist almennar velsæmiskröfur.

Allt frá því er Alþingi samþykkti, að Ísland gerðist aðili að Norður-Atlantshafssamningnum 30. mars 1949 og gerður var á grundvelli hans varnarsamningur við Bandaríkin 1951 (eins og segir í upphafi þess samnings), hefur þessi varnarsamningur verið eitt aðalátakamál íslenskra stjórnmála. Umræðan hefur oft verið óvægin og á stundum fremur háð á tilfinninga- en málefnagrundvelli. Mörg óviðurkvæmileg ummæli hafa fallið á báða bóga. Í þessari umræðu hafa ákveðin orð verið notuð um dvöl herliðsins, og er orðnotkunin oft lýsandi fyrir skoðun höfundar á dvöl herliðsins.

Aðstandendur „Varins lands", sem sumir hverjir höfðu áður

tekið þátt í stjórnmálaátökum og látið til sín heyra á opinberum vettvangi, einmitt um dvöl bandaríska herliðsins á Keflavíkurflugvelli, hófu að safna undirskriftum um áframhaldandi dvöl liðsins að gefnu tilefni af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem túlka mátti sem upphaf endurskoðunar samningsins um herdvölina. Þeir máttu vita, að framtak þeirra hlyti ámæli andstæðinga herdvalarinnar.

Í máli þessu þykir ekki verða horft fram hjá áralangri umræðu um dvöl hersins, þeim aðstæðum, sem urðu stefnendum hvatning til undirskriftasöfnunarinnar, og að söfnunin setur aðstandendur hennar í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Þá ber þess að geta, að vestræn lýðræðisríki byggja stjórnskipun sína á þeim grunni, að gert sé út um stærri mál annað hvort af þingi, kjörnu leynilegri kostningu, eða með leynilegri þjóðaratkvæðagreiðslu. Undirskriftasafnanir hafa á síðari árum rutt sér mjög til rúms hérlendis og hafa reynst máttugt baráttutæki. Almennt verður þó að viðurkenna, að almennar undirskriftasafnanir séu yfirleitt í nokkurri andstöðu við þá meginreglu, sem lýst er hér að ofan, og hafi í sér fólgnar ýmsar hættur. Framkvæmd þeirra er oft til þess fallin að valda persónulegum óþægindum og árekstrum manna á meðal. Þótt annað sé ekki fram komið en stefnendur hafi reynt að vanda framkvæmd undirskriftasöfnunar sinnar, gefur það auga leið, að eftirlit þeirra með söfnuninni gat aldrei verið fullkomið, og slík almenn undirskriftasöfnun í viðkvæmu deilumáli var sem slík fallin til að valda ófriði.

Þá er enn til þess að taka, að þegar um stjórnmálaátök er að ræða sem hér, eru ummæli, enda þótt talin séu varða við hegningarlög, síður til þess fallin að meiða þann, sem þeim er beint að. Jafnvel má orða, að ummælin geti haft þveröfug áhrif.

Ofangreind sjónarmið þykja leiða til þess, að stefnendur verði, eins og hér stendur á, að þola harkalegri umræðu en venjulegt má teljast.

Stefnendur hafa látið að því liggja, að um skipuleg ærumeiðandi skrif um þá hafi verið að ræða, þar sem á sama tíma og grein stefnda birtist, birtist fjöldi áþekkra greina í öðrum blöðum. Þótt rétt sé, að á þessum tíma hafi birst margar greinar í dagblöðum og vikublöðum um undirskriftasöfnunina, þykir ósannað, að um skipulögð skrif hafi verið að ræða.

Ummælin.

Ummæli þau, sem urðu tilefni málssóknar stefnenda, birtust í

3. og 4. tbl. „Nýs lands“ 1974. Tölublöð þessi hafa verið lögð fram. Stefndi er þar tilgreindur sem ábyrgðarmaður. Hann ber sem slíkur, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956, ábyrgð á efni, sem enginn hefur kennt sér með nafngreiningu, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hér að framan hafa stefnendur, sem stóðu fyrir undirskriftunum, verið taldir geta höfðað mál út af meintum meiðyrðum vegna undirskriftasöfnunar „Varins lands“. Þótt stefnenda sé ekki persónulega getið, verða flest hérgreind ummæli ekki öðruvísi skilin en að aðallega sé átt við þá og aðra forgöngumenn „Varins lands“.

Rétt þykir að fjalla um hver af umstefndum ummælum sérstaklega:

I. Hér er um að ræða ummæli, sem birtust í ómerktum leiðara í 3. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 24. janúar 1974. Því er ekki neitað af stefnendum, að hugsanlegra undirskrifenda hafi verið leitað á þeim stofnunum, sem getið er um í greininni. Greinin lýsir ákveðinni skoðun á hegðun þeirra, sem söfnuðu undirskriftum að yfirlýsingunni „Varið land“, skoðun, sem greinarhöfundur setur að vísu harkalega fram, en með hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum, sem getið er hér að framan, verður það ekki látið varða stefnda ábyrgð.

II. A. Hér er um að ræða fréttagrein, sem birtist á forsíðu 4. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 31. janúar 1974. Greinin ber yfirskriftina „Óþjóðholl starfsemi“. Af greininni má ráða, að hún er fréttatilkynning frá framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins, og hún er undirrituð af ritara hennar, Lúðvík Jónssyni. Í 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er kveðið á um, hver beri ábyrgð á efni blaða sem „Nýs lands“. Segir, að höfundur beri refsi- og fébótaábyrgð á efni rits, hafi hann nafngreint sig. Ábyrgð útgefanda og ritstjóra kemur hins vegar til greina, þegar enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig. Þegar ákvæði þessarar greinar eru skoðuð, verður að telja, að eins og hér háttar til, hafi framkvæmdastjórn Frjálslynda flokksins nafngreint sig sem höfund þessarar fréttatilkynningar og komi því ekki til ábyrgð stefnda á efni hennar. Fyrirsögn greinarinnar er hins vegar augljóslega blaðsins, þótt hún sé dregin út úr fréttatilkynningunni. Fyrirsögnin ein sér, slitin úr samhengi við texta fréttatilkynningarinnar, þykir samt ekki þannig vaxin, að þörf sé á að ómerkja hana.

B. Hér er um að ræða ómerktan leiðara, sem birtist í 4. tbl. „Nýs lands“, sem út kom 31. janúar 1974.

Hér er stefnt út af fyrirsögn leiðarans „Mengun hugarfarsins“

og kafla innan úr miðri grein. Rétt þykir að taka þetta tvennt fyrir í einu lagi, þar sem í kaflanum er m. a. lagt út af því, sem höfundur kallar „Mengun hugarfarsins". Fyrirsögninni og orðalagi kaflans þykir þannig háttað, að rétt sé, að hvort tveggja skuli ómerkt, sbr. 1. mgr. 241. gr. laga 19/1940. Hins vegar þykir ekki með tilvísun til þeirra almennu sjónarmiða, sem sett hafa verið fram hér að framan, ástæða til að refsa fyrir þessi ummæli.

C. Hér er stefnt út af kafla úr ræðu Ingu Birnu Jónsdóttur, sem birtist í 4. tbl. „Nýs lands", sem út kom 31. janúar 1974. Greinin ber það með sér, að um er að tefla kafla úr þessari ræðu. Hins vegar er ræðan ekki undirrituð af höfundi og ber ekki með sér, hvort hún er orðrétt birt eða um sé að ræða endursögn blaðamanns. Ætla má, að tilgangur ákvæða 15. greinar laga nr. 57/1956 um prentrétt sé m. a., að sá, sem telur sig meiddan af efni í þar töldu riti, þurfi ekki mikla leit að þeim, sem ábyrgð ber á efni ritsins. Að þessu athuguðu þykir stefndi verða gerður ábyrgur fyrir efni umstefnds kafla, sbr. 3. mgr. 15. gr. laga nr. 57/1956. Hér er veist að öllum þeim, sem söfnuðu undirskriftum á vegum „Varins lands", en ekki stefnendum sem forgöngumönnum eingöngu. Rétt þykir með tilvísun til 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940 að ómerkja umstefndan kafla í heild sinni. Þótt kaflinn sé gífuryrtur, þykir ekki ástæða til að beita stefnda refsingu. Rök fyrir því eru m. a., að umstefnd ummæli eru miðuð við alla, sem söfnuðu undirskriftum, og einnig að af samhengi þessa kafla við aðra kafla ræðunnar sést, að með ummælunum er ræðumaður að leggja út af ákveðnum rituðum texta.

Bótakrafa.

Ummæli þau, sem stefnt er út af, beinast að stefnendum sem aðstandendum „Varins lands" og þannig að athöfnum þeirra, sem telja verður til stjórnmálastarfsemi. Óþægindi þau, sem þeir hafa talið sig hafa orðið fyrir, eru þess eðlis, að erfitt er að ákveða, hvort þau eru tilkomin vegna skrifa stefnda eða almennt af stjórnmálastarfsemi þeirra. Af þessum ástæðum og annars með hliðsjón af því, sem segir í almennum athugasemdum hér að framan, þykir stefnendum ekki verða dæmdar bætur í máli þessu.

Með tilvísun til þeirra röksemda, sem greinir í almennum athugasemdum hér að framan, þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnenda um kr. 25.000 til þess að standast kostnað af birtingu dóms samkv. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar þykir rétt, að stefndi sjái um birtingu forsendna og niðurlags

dóms þessa í 1. eða 2. tbl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins, sbr. 22. gr. laga nr. 57/1956.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði stefnendum óskipt kr. 45.000 í málskostnað.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ummæli, sem birtust í 4. tbl. „Nýs lands“ 1974 og talin eru í stefnu undir II. B. og C., skulu dauð og ómerk.

Stefnda, Garðari Víborg, skal skylt að sjá um, að forsendur og niðurlag dóms þessa verði birt í 1. eða 2. tbl. „Nýs lands“, sem út kemur eftir lögbirtingu dóms þessa. Stefndi, Garðar Víborg, skal greiða stefnendum, Bjarna Helgasyni, Birni Stefánssyni, Hreggviði Jónssyni, Jónatan Þórmundssyni, Ólafi Ingólfssyni, Stefáni Skarphéðinssyni, Unnari Stefánssyni, Þorsteini Sæmundssyni, Þorvaldi Búasyni, Þór Vilhjálmssyni, Ragnari Ingimarssyni og Valdimar J. Magnússyni, óskipt kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 28. nóvember 1977.

Nr. 9/1976. **Aðalheiður Tryggvadóttir**
(Vilhjálmur Árnason hrl.)
gegn
Agnari Tryggvasyni
Helgu Tryggvadóttur og
Ólafi St. Sigurðssyni setuskiptaráðanda
f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar
(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Erfðamál. Skipti. Óskilgetin börn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 9. janúar 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hún þess, að dánarbú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur, sem bjuggu á Smiðjustíg 4 í Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta skv. 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og að viðurkenndur verði erfðaréttur sinn í dánarbúi Tryggva Siggeirssonar. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu.

Stefndu gera þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Aðalheiður Tryggvadóttir, greiði stefndu, Agnari Tryggvasyni, Helgu Tryggvadóttur og Ólafi St. Sigurðssyni setuskiptaráðanda f. h. dánarbús Tryggva Siggeirssonar, málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 7. október 1975.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 29. f. m. að loknum munnlegum málflutningi, gerir sóknaraðili, Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavík, þær dómkröfur, að dánarbú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur, sem bjuggu að Smiðjustíg 4, Reykjavík, verði tekið til opinberra skipta skv. 4. gr. skiptalaga nr. 3/1878 og að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson, föður hennar, við arfskipti dánarbúsins til jafns við varnaraðilja, hjónabandsbörn hans. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum.

Varnaraðiljar, Helga Tryggvadóttir, Smiðjustíg 4, Reykjavík, og Agnar Grétar Tryggvason, Hnúki, Klofningshreppi, Dalasýslu, gera þær dómkröfur, að erfðaaðild sóknaraðilja í dánarbú Tryggva

Siggeirssonar verði vísað á bug sem rangri og ósannaðri og jafnframt verði synjað kröfu sóknaraðilja um opinber skipti dánarbús Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur. Þá krefjast varnaraðiljar málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja að mati dómsins.

Tildrög máls þessa eru þau, að með bréfi til skiptaráðanda í Reykjavík, dags. 18. ágúst 1969, óskaði Vilhjálmur Árnason hæstaréttarlögmaður eftir því f. h. sóknaraðilja, að dánarbú föður hennar, Tryggva Siggeirssonar, Smiðjustíg 4, Reykjavík, yrði tekið til skipta samkvæmt 4. gr. skiptalaga nr. 3 frá 1878, eins og segir í bréfinu.

Ofangreind beiðni var tekin fyrir í þinghaldi 23. september 1969, og lagði sóknaraðili þá fram greinargerð og nokkur önnur skjöl. Af hálfu dánarbúsins var sótt þing og því lýst yfir af lögmanni þess, „að þar sem engar sannanir séu fyrir því hér í réttinum, að frú Aðalheiður, sem telur sig Tryggvadóttur, eigi rétt á nokkrum arfi úr þessu dánarbúi, þá krefjist hann þess, að málinu verði vísað frá skiptaréttinum og jafnframt málskostnaðar."

Þar sem upp var kominn ágreiningur um kröfu sóknaraðilja var ákveðið að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls til úrlausnar honum. Var varnaraðili talinn dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Að framlagðri greinargerð af hálfu varnaraðilja og aðiljaskýrslu sóknaraðilja var frávísunarkrafan sótt og varin og henni hafnað með úrskurði, uppkveðnum 30. janúar 1970. Þar sem þeim úrskurði var eigi skotið til Hæstaréttar, gekk málið áfram til frekari meðferðar. Eftir allviðamikla gagnaöflun, þ. á m. aðilja- og vitnayfirheyrslur, var málið tekið til munnlegs flutnings 17. apríl 1972. Úrskurður var upp kveðinn 6. maí 1972 og var á þá leið, að kröfu sóknaraðilja var synjað og málskostnaður felldur niður. Sóknaraðili vildi ekki una úrskurðinum og áfrýjaði til Hæstaréttar. Með dómi Hæstaréttar 14. mars 1974 var hinn áfrýjaði úrskurður felldur úr gildi. Segir svo m. a. í dómi Hæstaréttar: „Samkvæmt gögnum máls og úrskurði skiptaráðanda er varnaraðili um framangreinda kröfu áfrýjanda dánarbú Tryggva Siggeirssonar. Ekki verður séð, að skiptaráðandi hafi kannað það sérstaklega, hver væri afstaða einstakra erfingja Tryggva til arfskröfu áfrýjanda. Verður m. a. ekki ráðið af gögnum málsins, að erfinginn Agnar Tryggvason hafi nokkru sinni verið inntur eftir viðhorfi sínu til erfðatilkalls áfrýjanda. Þeir erfingjar í búinu, sem mótmæla vildu kröfum áfrýjanda, áttu að réttu lagi að vera varnaraðiljar í máli þessu. Viðhorf þeirra var ekki kannað á viðhlít-

andi hátt, svo sem áður segir. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi."

Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, lést 14. mars 1967. Ekkja hans, Lára Guðlaugsdóttir, fékk hinn 19. september 1967 leyfi til setu í óskiptu búi með tveimur fjárráða börnum þeirra, varnaraðiljum málsins. Lára andaðist 17. mars 1972.

Eftir uppkvaðningu ofannefnds dóms Hæstaréttar var boðað til skiptafundar í dánarbúi Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur hinn 17. maí 1974. Sóttu fundinn umboðsmenn málsaðilja og gerðu kröfur í sömu átt og greint er hér í upphafi. Var ákveðið að stofna til sérstaks skiptaréttarmáls í því horfi, sem mál þetta nú er í. Með úrskurði þennan sama dag vék Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti sæti í málinu ex officio. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 14. júní 1974, var undirritaður skipaður setuskiptaráðandi í málinu.

Af hálfu aðilja hafa verið lögð fram öll þau sömu skjöl og áður voru lögð fram, þ. á m. endurrit aðilja- og vitnaleiðslna, svo og til viðbótar endurrit þinghalda frá því úrskurðurinn var upp kveðinn hinn 6. maí 1972. Undir rekstri málsins nú hafa aðiljar sjálfir lýst viðhorfi sínu til málsins fyrir dómi.

Verður nú lýst málavöxtum og málsútlistun aðilja samkvæmt skjölum og gögnum málsins.

Sóknaraðili kveður það vera höfuðatriði málflutnings síns, eins og málið sé hér lagt fyrir, að sanna eigi rétt barns til föðurarfs, feðraðs í fullu samræmi við löggjöf síns tíma, þ. e. N. L. 6-13-5.

Málavexti kveður sóknaraðili þessa: Lilja Brandsdóttir, Grettisgötu 8 í Reykjavík, fædd 22. maí 1889 í Króki í Hraungerðishreppi, eignaðist hinn 10. nóvember 1912 dóttur, sem skírð var af presti fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík hinn 24. febr. 1913 og fékk nafnið Aðalheiður. Við skírnina lýsti Lilja föður að barninu Tryggva Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík, fæddan 19. júní 1892, og var faðernið bókað þannig í prestþjónustubókina. Síðan hefur Aðalheiður ávallt nefnt sig og verið nefnd af öðrum Tryggvadóttir, þar á meðal í manntölum öllum og nú í þjóðskrá skv. lögum nr. 54/1962. Tryggvi Siggeirsson andaðist 14. mars 1967 og lét eftir sig ekkju, Láru Guðlaugsdóttur, og hjónabandsbörn. Lára fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 19. september 1967 ásamt börnum sínum, Helgu og Agnari, varnaraðiljum málsins. Hún andaðist 17. mars 1972.

Í málinu liggur fyrir svohljóðandi aðiljaskýrsla sóknaraðilja:

„Ég hefi frá öndverðu talið það sjálfsagt mál og engum vafa

undirorpið, að faðir minn væri Tryggvi Siggeirsson, Laugavegi 13, Reykjavík. Var það fyrst eftir að hann féll frá, að mér varð ljóst, að mótmæli kynnu að verða höfð uppi í því sambandi. Því hugkvæmdist hvorki mér né öðrum að gera ráðstafanir, er gerðu slík mótmæli óhugsandi. Hefði þær ráðstafanir þurft að gera, meðan viðkomandi aðilar voru enn á lífi.

Frá því ég man fyrst eftir, voru þau föðurforeldrar mínir, Siggeir Torfason og Helga Torfason, mér ákaflega góð, og var ég ætíð velkomin á heimili þeirra. Þau sendu mér alltaf jóla- og afmælisgjafir.

Þegar spanska veikin 1918 lagði móður mína fárveika í rúmið, kom Helga, amma mín, á hverjum degi til þess að hlúa að henni, og þakka ég henni, að móðir mín komst á fætur aftur.

Ég get einnig getið þess, að eftir að ég stálpaðist, var það um langan tíma, að ég fór á hverjum sunnudegi til frændfólks míns á Laugavegi 13 og dvaldist þar eftirmiðdaginn allan.

Mörg fleiri dæmi gæti ég rakið, sem sýna, að ég var tekin sem ein af fjölskyldunni.

Því hefi ég drepið á þessi atriði, að það e. t. v. skýrir hvers vegna ég var aldrei í vafa um faðerni mitt og tel sjálfsagt mál, að faðir minn, Tryggvi Siggeirsson, hafi alla tíð vitað, að ég var skírð og skrifuð hans dóttir."

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið lagt fram fæðingarvottorð og skírnarvottorð úr Fríkirkjubók og endurrit fréttaklausu úr Morgunblaðinu. Þessi skjöl hljóða svo:

„Nr. 17 10/11 1912. Aðalheiður. Móðir Lilja Brandsdóttir, Grettisgötu 8, hún 23 ára. Lýstur faðir Tryggvi Siggeirsson verslunarmaður, Laugavegi 13. Ljósmóðir Jóhanna Þorsteinsdóttir. Skírnarvottar: Sveinn Einarsson, Kristján Snorrason."

„Fæðingarvottorð: Hér með vottast, að Aðalheiður Tryggvadóttir er fædd 10. nóv. 1912, skírð 24. febrúar 1913. Fæðingarstaður, Reykjavík. Foreldrar Tryggvi Siggeirsson og Lilja Brandsdóttir."

„Morgunblaðið, 20. júní 1936.

Hjúskapur. Í dag verða gefin saman í hjónaband af síra Árna Sigurðssyni ungfrú Aðalheiður Tryggvadóttir, Siggeirssonar kaupmanns, og Dagbjartur Bjarnason, Grímssonar frá Stokkseyri. Heimili ungu brúðhjónanna verður á Barónsstíg 59".

Í málinu liggja fyrir vitnaskýrslur ýmissa manna, og verður nú rakið það helsta úr þeim.

Ásbjörn Ólafsson stórkaupmaður hefur borið vitni í málinu.

Samkvæmt framlögðu vottorði hans lýsir hann því yfir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson, Smiðjustíg 4, Reykjavík, hafi alltaf vitað, að Aðalheiður Tryggvadóttir, Barónsstíg 59, Reykjavik, hafi skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni ber hann, að hann hafi þekkt Tryggva Siggeirsson frá því, að hann var ungur, og tekur fram, að móðir hans og Helga Torfason, móðir Tryggva, hafi verið aldavinkonur og hafi hann og fjölskylda hans átt heima á Grettisgötu 26, en hin fjölskyldan á Laugavegi 13. Varðandi kynni hans af sóknaraðilja ber Ásbjörn, að Jón Grímsson, sem nú vinni hjá honum, sé stjúpfaðir hennar og hafi hann gifst móður stúlkunnar, þegar stúlkan var ung, og hafi verið náinn kunningsskapur milli fjölskyldu hans og fjölskyldu Jóns og hafi hann vitað, að stúlkan væri kölluð Tryggvadóttir og væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Þá kvað Ásbjörn, að Tryggvi heitinn hafi sjálfur látið í ljós, svo hann heyrði, að sóknaraðili væri dóttir hans, og skýrði frá eftirfarandi: „Eitt sinn sat hann og Tryggvi heitinn á veitingastað hér í bæ og voru að drekka úr einni vínflösku. Kom þá framangreindur Jón Grímsson til þeirra og var að leita að honum. Sagði Tryggvi þá sem svo: Blessaður gefðu honum að smakka á víninu og bjóddu honum að setjast, því hann hefur alltaf verið svo góður við stelpuna mína.“ Viðtal þetta kvað hann hafa farið fram fyrir um 30 árum. Einnig ber Ásbjörn, að hann hafi heyrt, að Helga Torfason hafi alltaf greitt meðlag með Aðalheiði. Ekki kvaðst hann hafa vitað um, hvort Tryggvi og Aðalheiður hafi umgengist hvort annað né hvort Lára, eiginkona Tryggva, hafi umgengist Aðalheiði.

Siggeir Einarsson, Grettisgötu 92 hér í borg, hefur einnig gefið vottorð um, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að sóknaraðili hafi skrifað sig dóttur hans. Í vitnaskýrslu sinni sagði Siggeir, að árið 1923 hafi hann búið í sama húsi og fjölskylda Aðalheiðar að Njálsgötu 4 um eins árs skeið og hafi hún þá verið 11 ára gömul og hafi hann þekkt hana síðan og að stúlkan hafi alltaf verið kölluð Aðalheiður Tryggva, og kvaðst hann hafa vitað, að hún væri kennd við Tryggva Siggeirsson. Ekki kvaðst hann vita til, að stúlkan hafi verið nefnd svo, þegar nefndur Tryggvi hafi verið viðstaddur, og vissi ekki til, að hann hafi komið inn á heimili Aðalheiðar. Þá kvaðst Siggeir hafa vitað til, að Aðalheiður hafi fengið jóla- og afmælisgjafir frá Helgu Torfason, Laugavegi 13, og hafi verið talað um, að gjafirnar væru frá ömmu stúlkunnar. Siggeir hafði vitneskju þessa aðeins af frásögn heimilisfólksins. Loks kvaðst hann eitt sinn hafa spurt Tryggva

heitinn um, hvort hann væri faðir Aðalheiðar, en hann hafi ekki svarað því neinu.

Árni Tómasson hreppstjóri, Stokkseyri, hefur vottað, að hann hafi þekkt Lilju Brandsdóttur og dóttur hennar, Aðalheiði Tryggvadóttur, og að hann hafi aldrei heyrt annað en að Aðalheiður væri dóttir Tryggva Siggeirssonar verslunarmanns hjá Kristjáni Siggeirssyni. Í vitnaskýrslu sagði Árni, að Kristján Siggeirsson, bróðir Tryggva, hafi verið á sumrum á Reyðarvatni í Rangárvallahreppi, þegar hann var unglingur, en Tryggvi hafi verið á Barkastöðum í Fljótshlíð á sumrum. Reyðarvatn var þá heimili vitnisins og fjölskyldu hans. Árni kvaðst síðan hafa þekkt þessa bræður og að hann komi oft til Kristjáns, þegar hann sé hér á ferð. Þá kvað hann Lilju Brandsdóttur hafa verið kaupakonu á Reyðarvatni, þegar hún hafi verið ung stúlka, en þá hafi hann verið farinn að heiman. Þá skýrði Árni svo frá, að Lilja Brandsdóttir hafi verið til heimilis í Hraunprýði árið 1913, en þá var hann á Stórahrauni í Eyrarbakkahreppi, og kynntist hann Lilju þá og hafi þekkt hana síðan. Þá sagði hann, að Reyðarvatnsfólkið hafi að jafnaði gist hjá Helgu og Siggeir Torfasyni. Aðspurður kvaðst Árni ekki hafa heyrt neinn af fjölskyldu Tryggva tala um, svo að hann heyrði, að Aðalheiður væri dóttir Tryggva. Hins vegar kvaðst hann hafa heyrt, að Helga, móðir Tryggva, hafi greitt meðlag með Aðalheiði.

Í málinu liggur fyrir bréf frá Ágúst Þorvaldssyni bónda, fyrrum alþingismanni, til sóknaraðilja. Þar kemur fram, að Ágúst var uppalinn að nokkru leyti hjá móðurforeldrum sóknaraðilja á Eyrarbakka og var þar til ársins 1916, en þá fluttu hjónin til Reykjavíkur, og fór Ágúst þá frá þeim. Þá segir þar:

„Veturinn 1911—12 var hún (þ. e. Lilja Brandsdóttir) í Reykjavík. Ekki þori ég að fullyrða neitt um það, hvar hún var þar, hvort það var hjá Siggeir Torfasyni kaupmanni eða annarsstaðar, en á þessum vetri varð hún þunguð og síðan komst þú í heiminn. Föður að barni sínu nefndi hún Tryggva Siggeirsson, kaupmanns Torfasonar, en hann mun þá hafa verið piltur um tvítugt. Það minnir mig, að ég heyrði, að Tryggvi hafi verið tregur til að gangast við faðerni barnsins fyrst, en þó mun hann þegar á herti hafa viðurkennt að vera faðir þinn.“ Einnig segir þar:

„Flest af því, sem gerðist í lífi mínu á þessum árum, er nú fallið í gleymsku hjá mér, en þó man ég glöggt, að Helga, móðir Tryggva Siggeirssonar, kom í Hraunprýði til þess að finna þig og færa þér einhverjar gjafir, og stundum komu til þín sendingar frá henni,

sem vöktu gleði og voru vel þegnar á fátæku heimili. Varla hefði Helga sýnt þér slíka ræktarsemi, ef hún hefði talið leika vafa á um það, að þú væri sonardóttir hennar. Til þess liggur sérstök ástæða, sem ekki kemur þessu máli við, hvað mér er alltaf vel í minni, þegar Helga kom til okkar í Hraunprýði á Eyrarbakka og sé hana jafnan fyrir mér: þéttvaxna fyrirmannlega og skörulega konu komna að því er mér finnst nokkuð yfir miðjan aldur. Man ég, að þessi heimsókn Helgu var Guðnýju ömmu þinni til gleði og að hún var mjög þakklát fyrir þá umhyggju og ræktarsemi, er heimsókn þessi bar vott um, en þá var það ekki lítil fyrirhöfn og óþægindi fyrir roskna konu að ferðast frá Reykjavík til Eyrarbakka.

Aldrei heyrði ég nokkurn mann halda því fram, að móðir þín, sú mikla sæmdarkona, hefði rangfeðrað þig. Slíkt held ég, að allir, sem hana þekktu, hefðu talið óhugsandi."

Loks segir Ágúst í bréfinu, að hann viti ekki, hvort faðir sóknaraðilja, Tryggvi Siggeirsson, eins og það er orðað, hafi greitt hluta uppeldiskostnaðar hennar, en vísar henni til Jóns Grímssonar, stjúpa hennar, þar um. Þetta bréf hefur Ágúst staðfest fyrir dóminum.

Ofannefndur Jón Grímsson hefur staðfest eftirfarandi vottorð.

„Ég undirritaður Jón Grímsson, stjúpfaðir Aðalheiðar Tryggvadóttur, lýsi því yfir, að þau hjónin Helga og Siggeir Torfason, Laugavegi 13, Reykjavík, greiddu meðlag með nefndri Aðalheiði og sýndu henni og móður hennar, Lilju Brandsdóttur, sérstaka velvild og umhyggju, sem þau meðal annars sýndu í verki með því að koma í fermingarveislu Aðalheiðar og gefa henni veglega gjöf."

Í staðfestu vottorði Hróbjarts Bjarnasonar, mágs sóknaraðilja, segir, að hann telji, að Tryggvi Siggeirsson hafi alltaf vitað, að Aðalheiður hafi skrifað sig dóttur hans. Þá segir m. a. í vitnaskýrslu hans, að þeir Tryggvi hafi verið góðir kunningjar og í samtölum þeirra aldrei komið annað fram en að Aðalheiður væri dóttir hans og hafi Tryggvi sagt honum, að hann hefði lifað með Lilju Brandsdóttur, og kveðst Hróbjartur hafa tekið það þannig, að þá hefði Aðalheiður getað verið getin.

Hjalti Geir Kristjánsson framkvæmdastjóri hefur borið vitni í málinu. Hann er bróðursonur Tryggva Siggeirssonar. Í skýrslu hans segir m. a., að hann og sóknaraðili séu málkunnug og að hann hafi litið á hana sem frænku sína. Segir hann, að þetta hafi verið álitið innan sinnar fjölskyldu og hafi verið talað um, að Aðal-

heiður líktist í þessa fjölskyldu og þá sérstaklega fjölskyldu Tryggva heitins.

Sigríður Siggeirsdóttir og Lára Siggeirsdóttir, systur Tryggva Siggeirssonar, hafa gefið skýrslur fyrir dóminum. Þeim ber saman um það, að Tryggvi hafi aldrei viljað gangast við faðerni Aðalheiðar og ekki borgað neitt meðlag með henni. Segjast þær báðar hafa álitið, að Tryggvi væri faðir hennar og litið á hana sem bróðurdóttur sína.

Í málinu liggja fyrir aðiljaskýrslur af hálfu beggja varnaraðilja og vitnaskýrslur af hendi Láru Guðlaugsdóttur, móður þeirra, og Láru Þorsteinsdóttur, eiginkonu Agnars Tryggvasonar.

Enginn þeirra sagðist þekkja sóknaraðilja neitt eða yfirleitt hafa vitað nokkuð um hana, fyrr en þá eftir að Tryggvi var látinn, og aldrei hafði hún komið á heimili Tryggva, og Helga bar, að hún vissi ekki til, að sóknaraðili hafi nokkurn tíma komið á heimili Siggeirs Torfasonar og Helgu Torfason á Laugavegi 13. Frú Lára sagði, að maður hennar hefði aldrei minnst á það, að hann ætti óskilgetið barn, og aldrei hafi verið á það minnst á þeirra heimili, enda hefði hann ekki greitt meðlag með neinu slíku barni.

Í málinu hefur af hendi sóknaraðilja verið lagt fram póstkort, stílað til hennar, undirritað þín amma, svo og ljósrit úr reikningum Fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík frá árunum 1912 og 13, þar sem nafn Helgu Torfason, móður Tryggva Siggeirssonar, er undirritað. Sóknaraðili hefur með framlagningu þessara skjala og greinargerðar um rithendur á þeim viljað færa rök að því, að Helga Torfason hafi viðurkennt sóknaraðilja sem barnabarn sitt, og hefur í því skyni leitast við að sanna, að Helga hafi skrifað á nefnt póstkort. Í þeim tilgangi fékk sóknaraðili dómkvadda tvo skoðunar- og matsmenn 26. nóvember 1970, en þeir skiluðu engu áliti, þar sem þeir töldu rithandarsýnishornin ekki nægileg. Þá leitaði sóknaraðili til tveggja sérfræðinga í Bretlandi. Skýrslur sérfræðinga þessara liggja fyrir í málinu. Í niðurlagi fyrri skýrslunnar segir svo í þýðingu: „Einstök atriði eru borin saman, og heildarathugun sýndi, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna og úr ljósritum, en ekki frumritum, þá var hægt að láta í ljós skoðun á því, hver höfundur væri, og fer hún hér á eftir. Skoðun mín er sú, að enda þótt úr mjög takmörkuðu efni væri að vinna, hafi rithandarsýnishornið einnig verið skrifað af þeim, sem undirskrifaði nafnið Helga Torfason á sérstakt skjal."

Í síðari skýrslunni segir svo í þýðingu: „Háður því, sem áður

greinir, hef ég gert nauðsynlegan samanburð, og að mínu viti eru allsterkar líkur fyrir því, að rithendurnar tvær séu hin venjulega rithönd sömu persónunnar."

Eins og að framan greinir, er þungamiðja málsútlistunar sóknaraðilja sú, að hún hafi verið löglega feðruð samkvæmt gildandi löggjöf á sínum tíma og því beri sér arfur eftir föður sinn, Tryggva Siggeirsson, sbr. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962.

Fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna hafi gilt hér á landi um feðrun barna, fæddra utan hjónabands, ákvæði 13. kap. í 6. bók N. L. frá 15. apríl 1687, sbr. konungsbréf 2. maí 1732. Aðalákvæðið sé í N. L. 6-13-5, sem sé tengt næstu grein á undan, en þar segi svo í hinni íslensku útgáfu laganna:

„Sama er og ef maður leggst með annarri mey eða ekkju, sem áður hefur ekki fengið lauslætisorð. Ef hann þrætir fyrir að hafa gjört það og hún getur eigi sannað það upp á hann, þá skal bera það af sér með eiði."

Eins og sjá megi, sé hér ekki gerð nein krafa um formsönnun. Þvert á móti felist í tilvitnuðu ákvæði, að barn skuli talið feðrað, ef lýstur barnsfaðir, vitandi um faðernislýsinguna, mótmælir henni ekki beinlínis. Ef hann hins vegar beri fram mótmæli, þá verði barnsmóðir að færa sönnur á sitt mál í barnsfaðernismáli, en bregðist henni það, þá skuli dæma hinum lýsta barnsföður synjunareið.

Sóknaraðili vísar til framlagðra gagna og vitnaskýrslna og telur lögfulla sönnun fram komna um það, að Tryggvi Siggeirsson hafi frá öndverðu vitað um, að hann var lýstur faðir hennar. Þessu hafi hann aldrei mótmælt á nokkurn hátt eða vísað á bug. Þvert á móti hafi hann beinlínis staðfest þetta, eins og fram komi í málsgögnum.

Kveður sóknaraðili, að samkvæmt því, sem nú sé rakið, sé vafalaust, að henni beri erfðaréttur eftir Tryggva Siggeirsson, föður sinn, sbr. 1. tl. 1. gr. erfðalaga nr. 8/1962, en samkvæmt því sé nú það skilyrði fyrir erfðarétti óskilgetins barns eftir föður, að það sé feðrað með þeim hætti, sem segi í löggjöf um óskilgetin börn. Beri ótvírætt að túlka þetta þannig, að átt sé við löggjöf þá, er gilti, þegar barn var feðrað.

Varnaraðiljar vísa algerlega á bug staðhæfingum og túlkun sóknaraðilja varðandi gildandi réttarreglur um feðrun barna, fæddra utan hjónabands, á þeim tíma, sem hér um ræðir, þ. e. fyrir gildistöku laga nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskil-

getinna barna. Telja þeir fráleitt, að lögmæt feðrun, sem hafa skyldi einhverja lögverkan, væri óformbundin með þeim hætti, sem hér sé fram haldið.

Þeir benda á, að hin tilvitnuðu ákvæði í N. L. 6-13-5 séu áframhald af næstu grein á undan og fjalli ákvæðin um rétt konu til að krefjast hjúskapar af manni, sem hefur lagst með henni. Í fyrri greininni sé gert ráð fyrir því, að verknaðurinn sé viðurkenndur eða sannaður, en þar sem yfirleitt sé örðugt um sönnun í slíkum málum, þá sé í síðari greininni sú sönnunarregla, að maður skuli teljast sekur, nema hann beri af sér með eiði. Þessi síðari grein hafi verið notuð í faðernismálum per analogiam. Lagagreinin hafi að vísu engar leiðbeiningar að geyma um, hvernig staðið skuli að slíkum málum. Þó sé þar gert ráð fyrir, að konan beri sök á manninn og á þann hátt, að hann geti viðurkennt eða borið af sér þannig, að sannanlegt sé. Neiti hann sökinni, þá synji hann fyrir með eiði. Sé ljóst, að slík eiðvinning geti ekki hafa farið fram nema fyrir dómi.

Varnaraðiljar vísa til þess, að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum megi fullyrða, að Lilja Brandsdóttir, móðir sóknaraðilja, hafi aldrei skorað á Tryggva Siggeirsson að viðurkenna faðerni hennar í samræmi við gildandi lög á sínum tíma og því hafi honum ekki gefist kostur á eða tilefni til að synja fyrir faðernið með eiði. Verði því að álíta, að móðir sóknaraðilja hafi ekki treyst sér til að fara í barnsfaðernismál. Megi reyndar telja málsútlistun sóknaraðilja viðurkenningu þessa, þar sem leitast sé við að sanna með vitnaskýrslum, að það hafi verið almennt álitið og viðurkennt í fjölskyldu Tryggva, að sóknaraðili væri dóttir hans, en hins vegar játað, að það væri ekki sannanlegt, hvort Tryggvi hefði nokkurn tíma gengist við eða synjað fyrir faðernið. Verði því að telja sannað, að sóknaraðili hafi ekki verið formlega feðruð, hvorki í gildistíð N. L. 13-6-5 né síðar. Beri því að vísa á bug erfðatilkalli hennar.

Forsendur og niðurstaða.

Með erfðalögum nr. 8/1962 öðluðust öll óskilgetin börn óskoraðan erfðarétt eftir föður og föðurfrændur og gagnkvæmt, enda væri barn feðrað samkvæmt fyrirmælum í löggjöf um óskilgetin börn, sbr. 1. tl. 1. gr. erfðalaganna.

Fallast má á þá skoðun sóknaraðilja, sem reyndar er ekki sérstaklega mótmælt, að í tilvitnaðri lagagrein sé átt við þess konar löggjöf á hverjum tíma, þ. e. þegar feðrun fer fram. Er því hér til úrlausnar, hvort lögmæt feðrun sóknaraðilja hafi verið gerð

eftir reglum þeim, er giltu í tíð N. L. 13-6-5, þar sem ekki er fram komið né staðhæft, að feðrun hafi farið fram eftir yngri löggjöf.

Af ýmsum gögnum verður ráðið, t. d. Hrd. I, bls. 46, að skilyrði fyrir lögmætri feðrun óskilgetins barns eftir reglum N. L. 13-6-5 væri skýlaus játning barnsföður eða dómur. Verður því ekki talið, eins og sóknaraðili heldur fram, að feðrun, sem eitthvert gildi og áhrif hefði að lögum í tíð nefndra réttarreglna, gæti farið fram á þann hátt, sem hér um ræðir. Getur engu hér um breytt, þótt telja verði sannað, að sóknaraðili hafi almennt af kunnugum, og þ. á m. af fjölskyldu Tryggva Siggeirssonar, verið talin dóttir hans og leiddar hafi verið að því yfirgnæfandi líkur, að Tryggva hljóti að hafa verið um þetta kunnugt. Það er ekki sannað, að Tryggvi Siggeirsson hafi nokkurn tíma gengist við faðerni sóknaraðilja, hvorki beint né óbeint, t. d. með greiðslu meðlags, enda ekkert fram komið um, að kröfum í þá átt hafi nokkurn tíma formlega og opinberlega verið að honum beint.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður ekki talið, að faðerni sóknaraðilja hafi verið staðreynt með þeim hætti, sem átt er við í 1. tl. 1. gr. erfðalaganna nr. 8/1962. Er því ekki unnt að játa henni erfðarétti eftir Tryggva Siggeirsson, og ber því að hafna öllum dómkröfum hennar.

Með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Ólafur St. Sigurðsson setuskiptaráðandi kvað upp úrskurð þennan.

Ályktunarorð:

Krafa sóknaraðilja, Aðalheiðar Tryggvadóttur, um, að dánarbú hjónanna Tryggva Siggeirssonar og Láru Guðlaugsdóttur verði tekið til opinberra skipta og að viðurkenndur verði erfðaréttur hennar eftir Tryggva Siggeirsson, er ekki tekin til greina.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 28. nóvember 1977.

Nr. 197/1977. **Björn Haraldsson**
Erla Haraldsdóttir og
Kristín Haraldsdóttir
gegn
Þorvaldi Guðmundssyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Kærumál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Með kæru 3. október 1977, sem barst Hæstarétti 9. nóvember s. á., hafa sóknaraðiljar með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið til Hæstaréttar frávísunardómi bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðnum 20. september 1977. Krefjast þeir þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á kröfur sóknaraðilja. Þeir krefjast og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms þykir mega staðfesta hann.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 6. apríl 1967. Lögðu sóknaraðiljar þá fram í dómi stefnu, sáttakæru og afrit af bréfi lögmanns síns til varnaraðilja, dags. 18. mars 1967. Önnur skjöl, er vörðuðu málatilbúnað þeirra, komu ekki fram í þinghaldi þessu, þar á meðal eigi greinargerð um málsatvik samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936. Fengu sóknaraðiljar þá frest og síðar framhaldsfresti til að rita greinargerð sína. Var hún loks lögð fram í þinghaldi 11. maí 1967. Í því þinghaldi fékk varnaraðili tveggja vikna frest til að rita greinargerð. Var sá frestur síðar framlengdur alls fjórum sinnum, uns varnaraðili lagði fram greinargerð og nokkur önnur skjöl í þinghaldi 29. júní 1967. Fengu umboðsmenn aðilja þessu næst sameiginlegan frest til öflunar gagna til 14. septem-

ber 1967 og síðar marga framhaldsfresti, uns málinu var enn frestað í sama skyni á reglulegu bæjarþingi hinn 10. apríl 1969, en nú um óákveðinn tíma. Höfðu umboðsmenn aðilja, er hér var komið, engra gagna aflað, síðan umboðsmaður varnaraðilja lagði fram greinargerð sína, svo sem fyrr segir, og eigi sést, að þeir hafi verið að því inntir af þeim fulltrúum yfirborgardómarans í Reykjavík, er þingað höfðu í málinu, hver þörf væri á margendurtekinni framlengingu gagnaöflunarfrests.

Er málinu hafði verið frestað hinn 10. apríl 1969, var ekkert aðhafst í því í nær 8 ár, svo að séð verði, að öðru leyti en því, að fram er komið, að hinn 15. september 1969 var Valgarði Kristjánssyni borgardómara falið það til meðferðar. Var það fyrst hinn 24. janúar 1977, að málið var tekið fyrir að nýju, og var þá enn frestað til gagnaöflunar til 9. febrúar 1977. Í þinghaldi þann dag lagði umboðsmaður sóknaraðilja loks fram tvö dómsskjöl. Enn var málið tekið fyrir 24. s. m. og aftur hinn 1. mars 1977. Kom þá einn sóknaraðilja fyrir dóm til skýrslugjafar svo og varnaraðili. Var málinu því næst frestað til 4. apríl og þá aftur til 10. maí, nú til munnlegs málflutnings að því er skráð er í þingbók. Þeim málflutningi var þó frestað, og fór hann ekki fram fyrr en 16. maí. Var málið þá dómtekið. Hinn 20. september hafði dómur eigi enn verið kveðinn upp, og var málið þá endurupptekið og málflutningur látinn fara fram að nýju.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, hefur orðið óhæfilegur dráttur á meðferð máls þessa fyrir bæjarþinginu. Umboðsmaður sóknaraðilja, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður, lagði ekki fram við þingfestingu greinargerð sína um málsatvik eða þau skjöl, er hann reisti málatilbúnað sinn á, svo sem vera átti samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936. Frestir þeir, er umboðsmaður varnaraðilja fékk til að rita greinargerð af sinni hendi, voru ríflegir, og gagnaöflunarfrestir, er umboðsmenn aðilja fengu á hinum reglulegu bæjarþingum, en notuðu ekki, voru úr hófi margir. En sérstaklega er þó átöluverður sá stórfelldi dráttur, sem varð á meðferð málsins, eftir að dómari sá, er kvað upp héraðsdóminn, Valgarður

Kristjánsson borgardómari, fékk það til meðferðar. Verður að víta hann harðlega fyrir meðferð sína á málinu. Þá ber og að víta umboðsmann sóknaraðilja, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmann, fyrir þarflausan drátt málsins. Lögmaður sá, er fór með málið af hendi varnaraðilja í öndverðu, er nú látinn, og ekki sést af skjölum máls, hvenær núverandi umboðsmaður varnaraðilja fékk það til meðferðar. Verður hann ekki látinn sæta aðfinnslum vegna framangreinds dráttar á meðferð málsins.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1977.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hafa þau Björn Haraldsson, Erla Haraldsdóttir, Kristín Haraldsdóttir, öll til heimilis í Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með sáttakæru, birtri 29. mars 1967, gegn Þorvaldi Guðmundssyni forstjóra, til heimilis að Háuhlíð 12 hér í borg, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 192.055.33 auk 8% ársvaxta frá 1. apríl 1963 til greiðsludags og innheimtulauna eftir lágmarksgjaldskrá LMFÍ og alls kostnaðar af sáttatilrauninni. Í stefnu á dskj. nr. 1, dagsettri 4. apríl 1967, eru hinar sömu dómkröfur gerðar, en þess er getið, að til frádráttar stefnukröfunum komi kr. 8.400.00, sem stefndi hafi greitt inn til Landsbanka Íslands hinn 29. mars á nafn lögmanns stefnenda.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnenda vaxtakröfu breytt þannig, að krafist var 8% ársvaxta frá 1. apríl 1963 til 16. maí 1973, 9% ársvarta frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnenda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Stefnendur kveða skuld þessa vera ógreidda húsaleigu eftir húsnæði, sem stefndi hafi haft á leigu í húsum stefnenda, Austurstræti 22 og 24, til 1. apríl 1963, svo og ógreiddur rafmagns- og hitakostnaður. Húsaleiguna kveða stefnendur vera fyrir tímabilið 1. febrúar 1962 til 1. apríl 1963. Hafi leigufjárhæðin verið kr. 6.250.00 á mánuði, eða alls fyrir tímabilið kr. 87.500.00. Þá hafi

stefndi ekki greitt hitakostnað fyrir húsnæðið og rafmagnskostnaður sé einnig ógreiddur. Samkvæmt upplýsingum frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hafi rafmagnsnotkun stefnda frá því 27. júní 1953 til 10. október 1961 numið alls kr. 50.805.33, en bækur Rafmagnsveitu Reykjavíkur um notkun fyrir þann tíma hafi ekki verið tiltækar og hafi því orðið að áætla rafmagnsnotkun stefnda fyrir hinn leigutímann svo og hitanotkun hans fyrir allt leigutímabilið. Sé sú fjárhæð alls kr. 53.750.00 og megi teljast mjög í hóf stillt.

Einn stefnenda, Kristín Haraldsdóttir, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og m. a. skýrt svo frá, að hún hafi orðið eigandi að hinu umrædda húsnæði við lát foreldra sinna á árunum 1949—1950. Kveður hún húsnæðið þá ekki hafa verið í leigu. Hún segir sig minna, að það hafi verið fljótlega upp úr árinu 1950, sem Þorvaldur Guðmundsson hafi tekið húsnæðið á leigu. Hún kveður það rétt vera, sem kom í greinargerð stefnda í máli þessu, að Árni bróðir hennar hafi fyrst í stað verið umráðamaður húsnæðis þessa, en hvenær hann hafi hætt að vera það, kveðst hún ekki muna með vissu, en það hafi þó verið löngu fyrir 1960, og telur hún, að það hafi verið 1954 eða 1955 og eftir það hafi hann ekkert haft með húsnæðið að gera. Þá kveður hún það rétt vera, að stefndi, Þorvaldur Guðmundsson, hafi haft afnot umrædds húsnæðis til 1. apríl 1963. Lýsir hún húsnæðinu þannig, að um hafi verið að ræða búð með símaklefa í einu horninu og þar inn af hafi verið herbergi með vaski og heitu og köldu vatni og úr því hafi verið gengið út á baklóð. Auk þess hafi verið herbergi, sem gengið hafi verið í af baklóðinni, og minnir hana, að þar hafi verið vaskur með rennandi vatni. Auk þess hafi verið aðgangur að snyrtingu, sem gengið hafi verið inn í af baklóðinni. Þá segir hún og, að kynding hafi verið í húsnæðinu. Hún segir, að Þorvaldur, þ. e. stefndi, hafi aldrei greitt rafmagnsreikninga fyrir þann tíma, sem hann leigði umrætt húsnæði, og það stafað af því, að leigutaki að húsnæði nr. 22, sem sé sambyggt við nr. 24, hafi greitt alla rafmagnsreikninga fyrir hvort tveggja húsnæðið vegna þess, að honum hafi ekki verið kunnugt um, að hann var að greiða að hluta fyrir annan aðilja. Hún segir sér vera kunnugt um, að í leiguskilmálum hafi stefndi átt að annast viðhald eignarinnar. Auk þess segir hún, að úttekt eins af systkinum sínum hafi átt að ganga upp í leiguna, en hins vegar kveðst hún ekkert hafa haft með fjármálin að gera og því ekki geta skýrt þetta í nánari einstökum atriðum. Kveður hún það hafa verið lögfræðing þeirra systkinanna, Jón Bjarnason

hæstaréttarlögmann, sem hafi haft með fjármálin að gera. Þá segir hún, að þegar komið hafi í ljós framangreind mistök við greiðslu rafmagnsreikninga, hafi eigendur húsnæðisins endurgreitt þann hluta, sem tilheyrði húsnæðinu nr. 24 og um ræðir í máli þessu.

Stefndi, Þorvaldur Guðmundsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og m. a. skýrt svo frá, að hann hafi byrjað starfsemi í umræddu leiguhúsnæði 6. maí 1950. Kveðst hann hafa samið um leigu á húsnæðinu upphaflega við þá feðga Harald Árnason og Árna son hans. Kveður hann það hafa tekið rúmt hálft ár að fá leyfi til þeirrar starfsemi, sem hann rak í húsnæðinu, þ. e. pylsubar auk mjólkur- og blaðasölu. Hann kveðst ekki minnast þess, að neinir skriflegir samningar hafi verið gerðir um leiguna. Hann kveðst ekki muna nákvæmlega nú, hver leigukjörin voru, en hann hafi tekið við húsnæðinu og standsett það á sinn kostnað og séð um viðhald á því að öllu leyti. Hann tekur fram, að fullt samkomulag hafi alltaf verið milli sín og fyrri umráðamanns húsnæðisins, enda hafi húsaleigan alltaf verið greidd skilvíslega og hafi engir samningar verið gerðir með nýjum eigendum, eða hann kveðst ekki minnast þess. Stefndi segir, að þau hafi orðið lok leigu sinnar á umræddu húsnæði, að Jón Bjarnason hafi komið til sín upp í Lido og beðið sig að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að rýma húsnæðið, á þeim forsendum, að lóðin, sem húsnæðið stæði á, tilheyrði ekki sama arfshluta og sjálft húsið og hafi hann farið fram á þetta til þess að leysa innbyrðis fjölskylduvandamál. Stefndi kveðst hafa samþykkt þetta þegar í stað, þar sem fjölskyldan hafi öll verið sér að góðu kunn. Hann kveður þetta vera eina samningsplaggið, sem hann hafi skrifað undir vegna umræddrar leigu. Ekki kveðst hann muna, hve langur fyrirvari honum hafi verið veittur til að rýma húsnæðið, en hann hafi verið mjög stuttur. Hann kveðst ekki muna nú, hvort húsaleigugreiðslur voru inntar af hendi mánaðarlega eða á annan hátt á fyrri leiguárum hans í húsnæðinu, en þær hafi alltaf verið skilvíslega af hendi inntar og aldrei neinn ágreiningur risið út af þeim. Stefndi kveðst ekki minnast þess, að honum hafi einhvern tíma fyrr en að framan greinir verið sagt upp leigu á umræddu húsnæði, og hann kveðst ekki minnast þess nú, hvort ljós og hiti hafi verið innifalið í leigunni fyrir húsnæðið, en út af þessum atvikum hafi aldrei orðið neinn ágreiningur fyrr en nú. Ekki kveðst hann minnast þess, að eitthvert af börnum Haralds Árnasonar hafi verið í reikningsviðskiptum hjá sér. Stefndi kveðst telja lýsingu eins

stefnendanna á leiguhúsnæðinu hér að framan rétta í aðalatriðum, en tekur fram, að herbergi það, sem talað er um, að hafi verið úr portinu, væri miklu frekar hægt að kalla skáp heldur en herbergi, því það hafi aðeins verið rúmur metri að breidd og rúmir tveir metrar á lengd. Hann kveðst ekki minnast þess, að skáp þessum hafi nokkuð verið breytt, á meðan leigutími hans stóð. Stefndi kveðst telja, að búðin hafi verið um 14 m^2 að stærð, en kveðst þó ekki muna það með vissu. Stefndi kveðst ekki geta gefið skýringu á mismunandi nöfnum á reikningum Rafmagnsveitu Reykjavíkur á dskj. nr. 11 til 15. Hann tekur fram, að hann hafi borgað alla reikninga, sem sér hafi borist út af umræddu leiguhúsnæði, og aldrei orðið neinn ágreiningur út af því. Hann telur sig aldrei hafa verið í skuld við leigusala á leigutímanum, hvorki um rafmagnskostnað né annað.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að húsaleigufjárhæð sú, sem þeir krefja stefnda um, hafi verið kr. 6.250.00 á mánuði fyrir tímabilið 1. febrúar 1962 til 1. apríl 1963, eða samtals kr. 87.500.00 fyrir allt tímabilið, sem stefndi hafi ekki staðið skil á. Kröfu sína um rafmagns- og hitakostnaðinn reisa þeir hins vegar á yfirliti frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur um rafmagnskostnað stefnda fyrir tímabilið 27. júní 1953 til 10. október 1961, samtals að fjárhæð kr. 50.805.33, en fyrir hinn leigutímann, sem stefnendur tilgreina ekki nánar, áætla þeir rafmagnskostnað svo og hitakostnað fyrir allt leigutímabilið, kr. 53.750.00, þannig að krafan um rafmagns- og hitakostnað verður samtals kr. 104.555.33, sem stefnendur kveða stefnda ekki hafa greitt.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að umsamin húsaleiga hafi verið kr. 7.200.00 á ári fyrir húsnæði það, sem um ræðir í málinu, samkvæmt munnlegum leigusamningi og mótmælir því, að svo stórkostleg hækkun, sem stefnendur halda fram, hafi nokkru sinni verið samþykkt af honum, enda hafi stefnendur engan grundvöll lagt fyrir þessari kröfu sinni. Heldur stefndi því fram, að leigan hafi áfram átt að vera hin sama, eða kr. 7.200.00 á ári, út leigutímabilið og í samræmi við það hafi hann deponerað á nafn lögmanns stefnenda húsaleiguskuld sinni, kr. 8.400.00, fyrir tímabilið 1. febrúar 1962 til 1. apríl 1963 í Landsbanka Íslands í Reykjavík hinn 29. mars 1967. Kveðst hann því hafa að fullu greitt stefnendum alla þá húsaleigu, sem þeir hafi átt kröfu á úr sinni hendi. Að því er varðar rafmagns- og hitakostnað mótmælir stefndi þeim kröfum og telur þær að fullu greiddar fyrir löngu. Kveðst hann hafa greitt allan sinn rafmagns- og hitakostnað sam-

tímis húsaleigu, enda fráleitt að álykta, að hann hefði komist upp með að greiða eigi fyrir rafmagn og hita allan þennan tíma. Þá bendir stefndi á, að allar kröfur stefnenda á hendur sér, stofnaðar fyrir 29. mars 1963, séu fyrndar samkv. 3. gr. laga nr. 14/1905. Enn fremur sé áætlun stefnenda um hita- og að nokkru rafmagnskostnað fyrir leigutímann svo mjög vanreifuð, að ekki sé með nokkru móti hægt að fallast á hana. Hins vegar kveðst stefndi viðurkenna að skulda stefnendum rafmagn og hita fyrir tímabilið 13 .október 1962 til 1. apríl 1963 og kveðst reiðubúinn að greiða þá skuld, þegar stefnendur leggi fram rafmagns- og hitareikning fyrir þetta tímabil.

Eins og að framan er rakið, snýst mál þetta annars vegar um húsaleiguskuld fyrir tímabilið 1. febrúar 1962 til 1. apríl 1962, en hins vegar um skuld vegna rafmagns- og hitakostnaðar fyrir allt leigutímabilið, sem er frá því á árinu 1950 til 1. apríl 1963, að því er ráðið verður af gögnum málsins. Rétt þykir, eins og mál þetta er vaxið, að taka fyrst til athugunar kröfu stefnenda um rafmagns- og hitakostnaðinn, en eins og þeir halda fram, nemur hún samtals kr. 104.555.33, og er því einnig áður lýst, að stefnendur reisa þessa kröfu sína að verulegu leyti á áætlun, sem ekki er á neinn hátt rökstudd og mótmælt er af stefnda. Stefnendur hafa ekki lagt fram reikninga fyrir þessum kröfulið sínum, nema aðeins tvo frá árinu 1961 auk áðurgreinds yfirlits Rafmagnsveitu Reykjavíkur um rafmagnskostnað samkvæmt mæli A. 8201240 fyrir tímabilið 27. maí 1953 til 10. október 1961, en það mun vera mælir sá, sem mældi rafmagnsnotkun stefnda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir kröfuliður þessi svo mjög vanreifaður, að eigi verði efnisdómur á hann lagður, og því ekki hjá því komist að vísa honum frá dómi ex officio.

Afstaða til málskostnaðarkröfu verður tekin við væntanlegan efnisdóm í málinu.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu stefnenda um rafmagns- og hitakostnað, að fjárhæð kr. 104.555.33, er vísað frá dómi ex officio.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1977.

Nr. 219/1974. **Bergþóra Jónsdóttir og Halldór Jónsson, eigendur jarðarinnar Stekkholts,**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Birni Sigurðssyni, eiganda jarðarinnar Úthlíðar II, Sigurði Jónssyni, eiganda jarðarinnar Úthlíðar I,
(Sigurður Ólason hrl.)
og Hauki Þórðarsyni og Steinari Þórðarsyni, eigendum jarðarinnar Hrauntúns
(Hjörtur Torfason hrl.).

Landskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. desember 1974, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. nóvember s. á. Krefjast þeir þess, að felld verði úr gildi yfirlandskiptagerð á Úthlíðartorfu, það er jörðunum Úthlíð, Stekkholti og Hrauntúni, 15. maí 1965 og að ákveðið verði, að við ný skipti verði tekin til skipta sameiginlegt land norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnahöfða". Þá krefjast áfrýjendur málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi stefndu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjendur, sem höfðu gjafsókn í héraði, fengu gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 28. febrúar 1977.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi áfrýjenda, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál. Stefndu Björn, Sigurður og Steinar, sem höfðu gjafvörn í héraði, fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfum dómsmálaráðu-

neytisins, Björn 11. nóvember 1977, Sigurður 28. febrúar 1977 og Steinar 20. apríl 1977.

Með úrskurði Hæstaréttar 3. mars 1977 var aðiljum máls þessa gefinn kostur á að afla gagna um tiltekin atriði. Af því tilefni hafa aðiljar, aðrir en áfrýjandi Bergþóra Jónsdóttir og stefndi Sigurður Jónsson, gefið skýrslur fyrir dómi, og lögð hefur verið fram skrifleg yfirlýsing þess síðarnefnda. Einn yfirlandskiptamanna, Einar J. Helgason, Holtakotum, og ábúandi Miðhúsa, Sighvatur Árnason, hafa komið fyrir dóm til skýrslugjafar. Nokkur önnur gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Áfrýjendur hafa fyrir Hæstarétti fært fram eftirtaldar ástæður, sem þeir telja, að eigi að valda því, að fella beri yfirlandskiptagerðina úr gildi:

1. Svo sem greint er í hinum áfrýjaða dómi, halda áfrýjendur því fram, að landskiptin hefðu átt að taka til mun stærra lands en landskiptamenn tóku til skipta. Hefði átt að skipta öllu sameiginlegu landi Úthlíðartorfunnar norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnahöfða". Stefndu telja, að skipt hafi verið öllu því landi, sem skylt sé að skipta samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1941. Yfirlandskiptanefnd tekur fram í skiptagerð sinni 15. maí 1965, að eigi sé fært að skipta landi Úthlíðartorfu lengra til norðurs en hún gerði, þar sem land þar fyrir norðan verði ekki nýtt til vetrarbeitar vegna fjarlægðar frá byggð. Hefur ekki verið sýnt fram á, að svo hafi verið gert. Ekki hafa verið lögð fram nein gögn, er sýni, að heimaland í skilningi 1. gr. nefndra laga nái lengra til norðurs en land það, sem skipt var. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á, að landskiptamönnum hafi borið að taka stærra land til skipta en þeir gerðu. Verður landskiptagerðin eigi felld úr gildi á þessum forsendum.

2. Áfrýjendur telja, að landskiptin hafi ekki verið miðuð við rétt merki milli Úthlíðartorfunnar og jarðarinnar Miðhúsa í svonefndum Kálfársporðum.

Tvær ár, Innri Kálfá og Fremri Kálfá, falla í Brúará. Eru Kálfársporðar þar á milli. Samkvæmt landamerkjabréfi jarð-

arinnar Úthlíðar ásamt Stekkholti og Hrauntúni er landamerkjum milli jarðanna lýst svo, að þau séu „frá Djáknasteini sjónhending í Fögrubrekku miðja fyrir norðan Hrúthagasel út á Kálfá stefnu í Arnarhól, sem ræður fram í Brúará". Á uppdrætti þeim, sem yfirlandskiptanefnd hefur látið gera af hinu skipta landi, er merkjalínan dregin úr Djáknasteini um Fögrubrekku að Brúará í beina stefnu á Arnarhól. Fellur þá hluti af Kálfársporðum vestan og utan marka þess lands, sem Úthlíð fékk í sinn hlut. Áfrýjandi Halldór Jónsson hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann telji fullvíst, að Innri Kálfá ráði merkjum í Brúará, þannig að Innri Kálfársporður tilheyri Úthlíðartorfu. Hann kveðst einnig hafa heyrt, að svæðið milli Kálfánna vestan línunnar tilheyri Úthlíðartorfu, en vill þó eigi fullyrða, að svo sé. Stefndu hafa allir lýst yfir því, að báðir Kálfársporðar tilheyri Miðhúsum. Vitnið Sighvatur Arnórsson í Miðhúsum telur merkin rétt sýnd á uppdrætti yfirlandskiptamanna að Innri Kálfá. Hins vegar telur hann geta verið álitamál, hvort merkjalínan sé rétt dregin frá Innri Kálfá í Brúará eða hvort hún eigi að fylgja Innri Kálfá. Þetta hafi aldrei komið til tals og sé um svo lítið svæði að ræða, að ekki skipti máli. Sér finnist þó ef til vill réttara, að línan fylgi Innri Kálfá, eða hann hafi frekar gert ráð fyrir því.

Í yfirlandskiptagerðinni segir, að Úthlíð fái land, „sem takmarkast af þinglesnum landamerkjum Úthlíðartorfu og Miðhúsa að suðvestan . . . . .". Af þessum orðum virðist ótvírætt, að yfirlandskiptanefnd hefur haft í hyggju, að merki hins úrskipta lands Úthlíðar að suðvestan væru hin sömu og merki Miðhúsa og Úthlíðartorfu og ekkert óskipt land yrði þar á milli.

Áfrýjandi Halldór Jónsson hefur, eins og áður segir, lýst því fyrir dómi, að hann vilji eigi fullyrða, að svæðið milli Kálfánna, Fremri Kálfársporður, tilheyri Úthlíðartorfu, og það er samhljóða álit annarra þeirra, sem um það hafa borið, að þetta svæði tilheyri Miðhúsum. Verður hér við það að miða, að svo sé. Getur þá ágreiningurinn aðeins varðað Innri Kálfársporð. Samkvæmt yfirlýsingum málsaðilja er þar um

að ræða tvo til þrjá hektara lands, að miklu leyti ógróið. Verður ekki talið, að það hefði haft áhrif á landskiptalínur, þótt yfirlandskiptamenn hefðu talið, að Innri Kálfársporður tilheyrði Úthlíðartorfu. Verður yfirlandskiptagerðin því eigi felld úr gildi af þessum sökum.

3. Af hálfu áfrýjenda er því haldið fram, að sú ákvörðun yfirlandskiptanefndar að marka Stekkholti ekki ákveðna braut til fjárrekstrar um lönd Hrauntúns og Úthlíðar fái ekki staðist.

Yfirlandskiptamaðurinn Einar J. Helgason í Holtakotum hefur komið fyrir dóm. Hann hefur skýrt svo frá, að ákvæði yfirlandskiptagerðarinnar um upprekstrarleið frá Stekkholti hafi hann skilið og skilji svo, að þar sé átt við, „að leyfi væri til umferðar með fé og hesta eftir þeirri leið, sem farin hafi verið og sé raunar farin enn frá Hrauntúni um Hellisgötu inn á Miðfellsflatir". Aðrir landskiptamenn hafa ekki komið fyrir dóm eða látið uppi álit sitt um þetta, en þrír þeirra eru látnir og einn farinn að heilsu.

Stefndu Björn og Sigurður hafa lýst yfir því, að hin hefðbundna upprekstrarleið Stekkholts ofan Andalækjar sé frjáls og óhindruð upp með Andalæk, um bílfært hlið við Andalækjarbrú á Kóngsveg og eftir honum á Hellisgötu inn að Miðfelli. Hefur stefndi Björn staðfest þessa yfirlýsingu sína fyrir dómi og merkt leið þá, sem að framan getur, á uppdrátt. Þá hefur stefndi Björn bent á aðra rekstrarleið, sem til greina geti komið.

Stefndu Haukur og Steinar hafa komið fyrir dóm. Telja þeir leiðir þær, sem stefndi Björn hefur bent á, vel nothæfar og eðlilegar til upprekstrar.

Hinn 22. júlí 1976 afsöluðu stefndu Haukur og Steinar nokkrum rétti yfir skóglendi Hrauntúns til Skógræktar ríkisins. Hefur Skógræktin lýst yfir því, að girðingar hennar muni ekki á nokkurn hátt torvelda upprekstur fjár frá öðrum bæjum í sveitinni.

Þá hafa þeir Sighvatur Arnórsson, Miðhúsum, og Hárlaugur Ingvarsson, Hlíðartúni, gefið vottorð þess efnis, að rekstrarleiðin frá Stekkholti upp með Andalæk í óskipta land-

ið innan við Miðfell sé opin allri umferð. Við Andalækjarbrú sé eitt hlið, sem allir geti opnað, og um aðrar tálmanir sé ekki að ræða á leiðinni. Vottorð þetta hefur Sighvatur staðfest fyrir dómi.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, segir í yfirlandskiptagerðinni, að ábúandi Stekkholts hafi rétt til „fjárrekstrar yfir skipt lönd, enda valdi slíkur fjárrekstur eigi tjóni á hinu úrskipta landi . . . . .“. Ljóst er, að áfrýjendur eiga rétt á að koma búfé sínu að og frá hinu óskipta landi, en fallast verður á þá niðurstöðu héraðsdóms, að þessi réttur sé nægilega tryggður Stekkholti, eins og hann er orðaður í yfirlandskiptagerðinni. Verður skiptagerðin eigi felld úr gildi af þessum sökum.

4. Áfrýjendur telja auk þess, sem nú er greint, að þeir gallar séu á landskiptagerðinni, að óskipta landið liggi svo fjarri Stekkholti, að ógerningur sé að nýta það nema til sumarbeitar. Auk þess sé Stekkholtsland alveg einangrað frá því. Ekki verður fallist á, að yfirlandskiptagerðin sé haldin neinum þeim ágöllum að þessu eða öðru leyti, að það eigi að valda ógildingu hennar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknar- og gjafvarnarkostnað eru staðfest.

Dæma ber áfrýjendur óskipt til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 220.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og 75.000 krónur til stefnda Hauks Þórðarsonar.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu Björns, Sigurðar og Steinars greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra Björns og Sigurðar, 140.000 krónur, og skipaðs talsmanns stefnda Steinars, 70.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Bergþóra Jónsdóttir og Halldór Jónsson, greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, 220.000 krónur, sem renni í ríkissjóð, og 75.000 krónur til Hauks Þórðarsonar.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjenda, þar með talin málsóknarlaun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Allur gjafvarnarkostnaður stefnda Björns Sigurðssonar, Sigurðar Jónssonar og Steinars Þórðarsonar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns þeirra Björns og Sigurðar, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, 140.000 krónur, og skipaðs talsmanns stefnda Steinars, Hjartar Torfasonar hæstaréttarlögmanns, 70.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 26. júlí 1974

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 17. þ. m., var upphaflega höfðað af föður sóknaraðilja, Jóni heitnum Jónassyni, bónda í Stekkholti, Biskupstungnahreppi, með stefnu, útgefinni 9. nóvember 1970 og þingfestri hinn 8. janúar 1971, á hendur þeim Sigurði Jónssyni, bónda og eiganda að Úthlíð I í Biskupstungum, og þeim Hauki Þórðarsyni, lækni að Reykjalundi, og Steinari Þórðarsyni verslunarmanni, báðum til heimilis að Bergþórugötu 15, Reykjavík, eigendum jarðarinnar Hrauntúns í Biskupstungum.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að Jón heitinn Jónasson, faðir þeirra, hafi höfðað mál þetta í þeirra umboði, en þau Bergþóra og Halldór voru orðnir eigendur að jörðinni Stekkholti, er mál þetta var höfðað, og eru bæði búsett þar. Faðir þeirra andaðist hinn 18. desember 1972. Eftir það tóku þau systkinin við sóknaraðild málsins.

Á dómþingi hinn 10. september 1973 gerðist Björn Sigurðsson, eigandi Úthlíðar II, Biskupstungum, varnaraðili, óstefndur, við hlið föður síns, Sigurðar Jónssonar, eiganda Úthlíðar I.

Reynt hefur verið að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir:

Hin svokallaða Úthlíðartorfa í Biskupstungum var áður í óskiptri sameign jarðanna Úthlíðar (að 60 hundraðshlutum), Stekkholts (að 22 hundraðshlutum) og Hrauntúns (að 18 hundraðshlutum). Dagana 23. og 27. september 1951 fóru fram landskipti milli téðra jarða. Í landskiptanefndinni voru eftirtaldir menn: Erlendur Björnsson hreppstjóri, Skúli Gunnlaugsson úttektarmaður og Rögnvaldur Guðjónsson, sem var oddamaður. Við skiptin var farið eftir jarðamati frá árinu 1922. Ekki þykir ástæða til að lengja dóminn með því að rekja þessi landskipti hér. Jón heitinn Jónasson, þáverandi eigandi Stekkholts, vildi ekki una þessum landskiptum og óskaði yfirlandskipta.

Með bréfi, dags. 12. maí 1952, skipaði sýslumaðurinn í Árnessýslu eftirtalda menn í yfirlandskiptanefndina:

Einar J. Helgason bónda, Holtakotum,
Pál Diðriksson bónda, Búrfelli,
Guðmund Guðmundsson bónda, Efri Brú,
Teit Eyjólfsson bónda, Eyvindartungu, og
Þorstein Sigurðsson bónda, Vatnsleysu,

er skipaður var formaður yfirlandskiptanefndarinnar.

Mjög mikill dráttur varð á framkvæmd yfirlandskiptanna, og varð þeim eigi lokið fyrr en hinn 15. maí 1965. Í yfirlandskiptagerðinni segir svo um þennan drátt: „Upphaflega áfrýjaði Jón Jónasson þessum landskiptum til yfirskipta vegna þess, að hann taldi, að ábúðar- og eignarjörð sín Stekkholt hefði fengið mikils til of lítið af Stekkholtsmýri, og mun hafa gert kröfu til að fá hana alla í sinn hlut.

Þegar nefndin kom saman til skipta 18. maí 1956, gerði Jón Jónasson þá kröfu, að öllu landi Úthlíðartorfunnar væri skipt. Nefndin neitaði því á þeim forsendum, að hún hefði ekki leyfi lögum samkvæmt að skipta stærra landi en skiptanefnd við undirskipti hefði tekið til skipta, en enginn ágreiningur var gerður af eigendum áðurnefndra jarða um þá landstærð, sem þá var tekin til skipta.

Yfirlandskiptanefndin hafði hugsað sér að ljúka skiptunum svo að segja í einni lotu, en að morgni hins 19. maí kom tilkynning frá sýslumanni til formanns yfirskiptanefndar um, að skiptunum skyldi frestað um óákveðinn tíma.

Málið lá svo niðri af allra hálfu til 31. október 1961, svo sem

fyrr greinir. Var nefndin sammála um það, að nauðsynlegt væri að athuga undirskiptin fræðilega, svo sem frekast væri kostur, til þess að fá úr því skorið, hvort jarðirnar, hver og ein, hefðu fengið við skiptin rétt verðmætis- og hundraðshlutföll, en þau eru: Úthlíð 60 hundraðshlutar, Stekkholt 22 hundraðshlutar og Hrauntún 18 hundraðshlutar samkvæmt fasteignamati frá 1922.

Samkvæmt ákvörðun nefndarinnar fór formaður hennar á fund Pálma Einarssonar, landnámsstjóra, og falaðist eftir, að hann léti nefndinni í té fræðilega aðstoð. Varð hann við þeim tilmælum, og hafa Sigurður Sigvaldason, verkfræðingur, og Stefán Sigfússon, búfræðikandidat, starfsmenn hjá landnámi ríkisins, unnið að verkinu meira og minna. Hinn 28. júní 1962 ferðaðist Sigurður um allt hið úrskipta land til að kynna sér landið, gróðurfar þess og legu svo og aðstöðu alla gagnvart hverri jörð, sem skiptin náðu til. Um haustið voru svo línur mældar á Stekkholtsmýri til leiðréttingar á loftmyndum og kort teiknað. Kom þá í ljós, að mjög skorti á, að rétt væri skipt, svo og að Úthlíð fékk aðeins um 40 hundraðshluta, Stekkholt aftur á móti um 36 hundraðshluta og Hrauntún um 24 hundraðshluta miðað við landstærð.

Að þessari niðurstöðu fenginni fór formaður yfirskiptanefndar til sýslumanns Árnessýslu og tjáði honum, að sér virtist ógerningur að breyta skiptunum, þannig að hver jörð fengi sín réttu hundraðshlutföll, nema með því móti að skerða svo mjög heimaland Stekkholts, þ. e. Stekkholtsmýri, að jörðin yrði lítt byggileg. Eina ráðið, til þess að Stekkholt gæti haldið úrskiptu mýrlendi, er, að taka þyrfti upp framhaldsundirskipti, þar sem bætt væri við svo miklu hraunlendi, sem nægði til þess, að rétt eignahlutföll kæmu á hverja jörð. Sýslumaður féllst á að fara þessa leið, og með bréfi, dagsettu 10. nóvember 1961, skipaði hann Benedikt Bogason verkfræðing, Reykjavík, ásamt úttektarmönnum hreppsins þeim Erlendi Björnssyni, hreppstjóra, Vatnsleysu, og Skúla Gunnlaugssyni, oddvita, Bræðratungu, til að framkvæma framhaldsundirskipti. Þeim skiptum var að fullu lokið 17. júlí 1963.

Rétt þykir hér að vitna í niðurlag téðrar framhaldslandskiptagerðar, en þar segir svo: „Við skiptin var notast við loftmyndir í skala nálægt 1:5000 af hluta svæðisins, kort eftir loftmyndum í skala 1:20000 frá bandaríska hernum og landakort frá Landmælingum Íslands í skala 1:50000. Farið var eftir jarðamati frá 1922.

Skiptanefndin lítur svo á, að samkvæmt 1. gr. landskiptalaga beri henni ekki að skipta öðru landi en því, sem notað er jöfnum höndum til vetrarbeitar. Nefndin ákvað því að skipta landi sunn-

an beinnar línu, sem dregin er þá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará, þar sem Kinnargil kemur í hana. Land þetta takmarkast af mörkum hins áður skipta lands frá 27. sept. 1951 að austan og sunnan. Að vestan ráða landamerki torfunnar.

Mörk milli jarða á landi þessu ákvarðast þannig: Úthlíð fær land sunnan beinnar línu, sem dregin er úr horninu, sem Hrauntúnsmörk og Úthlíðarmörk koma saman norðan Brúntjarnar í skiptum frá 27. sept. 1951 í vörðu, sem hlaðin verður í áðurnefndum norðurmörkum 880 m frá Brúará á móts við Kinnargil. Síðan ræður norðurlína þessi 880 m í Brúará.

Hrauntún fær þríhyrnu næst fyrir norðan, sem að sunnan takmarkast af áðurnefndri markalínu Úthlíðar, að norðan beinni línu, sem dregin er úr vörðu 1080 m norður frá áðurnefndu hornmarki Úthlíðar skammt norðan Brúntjarnar í áðurnefnda vörðu 880 m frá Brúará. Þriðja hliðin í þríhyrningnum eru þessir 1080 m, sem takmarka landið að austan.

Stekkholt fær síðan þríhyrnu norðan Hrauntúns — þríhyrnunnar að norðurmarkalínunni, sem getið er í upphafi. Stekkholti skal tryggð opin umferðarleið á þessa spildu sína.

Skiptanefnd telur sig ekki hafa heimild til að fara neitt ofan í fyrri undirskiptin frá 27. sept. 1951 og leiðrétta ágalla, sem talið er, að sé á þeim."

Að loknu þessu innskoti verður nú tekið orðrétt upp úr yfirlandskiptagerðinni til loka hennar: „Í haust og vetur hefur svo verið unnið að undirbúningi yfirskipta hjá Landnámi ríkisins í samráði við formann nefndarinnar með kortagerð og tillögum, hvernig hagkvæmast og réttast megi skipta, þannig að hver jörð beri það úr býtum, sem henni ber, bæði hvað landstærð og landgæði snertir svo og legu landsins til hagkvæmrar nýtingar fyrir hverja jörð.

Eru þessar tillögur lagðar nú á þessum fundi til álits og umsagnar allrar nefndarinnar.

Í byrjun fundar lagði formaður fram bréf frá Ólafi Þorgrímssyni, hæstaréttarlögmanni, umboðsmanni Jóns Jónassonar, Stekkholti, sem fylgir málsskjölunum.

Svo sem bréf þetta ber með sér, er hér borin fram sú krafa, að enn verði hafin framhaldsundirskipti. Nefndin lítur svo á, að engin ástæða sé til þess að efna til framhaldsskipta, þar sem nú er nóg land fyrir hendi til að ná hagkvæmum og réttlátum skiptum.

Í landskiptalögum nr. 46 frá 27. júní 1941 segir í 1. gr.: „Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru

eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar, o. s. frv."

Yfirlandskiptanefndin er sammála undirskiptanefndinni frá 1963, að samkvæmt þessari grein sé eigi fært að skipta Úthlíðartorfu lengra en norður að Miðfelli eða nánar tiltekið að línu, sem dregin er frá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili, því að land norðan nefndrar línu verður ekki nýtt til vetrarbeitar, að dómi yfirlandskiptanefndar, vegna fjarlægðar frá byggð. Einnig að þessu athuguðu tekur yfirlandskiptanefndin ekki til greina kröfu Ólafs Þorgrímssonar, hæstaréttarlögmanns, um framhaldsundirskipti.

Á fundinum mættu og þeir Haukur og Steinar Þórðarsynir, eigendur Hrauntúns, svo og Sigurður Jónsson og Björn Sigurðsson, eigendur og ábúendur Úthlíðar. Þar sem Jón Jónasson, eigandi Stekkholts, mætti ekki, þá fór formaður yfirlandskiptanefndar ásamt tveimur nefndarmönnum til fundar við hann að Stekkholti, og gerði hann þar grein fyrir máli sínu.

Við yfirlandskiptin var að mestu notast við loftmyndir og kort, gert eftir loftmyndum, svo og kort landmælinga Íslands í mælikvarða 1:50000.

Af landi því, sem tekið var til undirskipta 23. sept. 1951, var gerð loftmynd í mælikv. ca. 1:5000, og síðan var gerð loftmynd í mælikv. ca. 1:10000 af öllu landi torfunnar, sem tekið var til yfirskipta 1965. Allar landstærðir voru mældar upp af slíkum myndum, og er yfirskiptanefndinni ljóst, að slík uppmæling er ekki nákvæm, en þar sem skiptin byggjast ekki eingöngu á landstærð, heldur einnig á gróðurfari og búskaparaðstöðu, telur nefndin og ráðunautar hennar, að loftmyndirnar séu innan þeirra nákvæmnismarka, sem krefjast verður við slíkt mat.

dómsorð:

1. Land Úthlíðartorfu neðan Andalækjar (Stekkholtsmýri). Úthlíð fær land allt vestan línu, sem dregin er úr viki í vestara Arnarholtsvatni (punktur A) milli Austurhlíðarítaks og vestari Hrauntúnstanga í vestasta stein í grjótbrún ofan Faxakeldu (punktur B) þ. e. hin fornu engjamörk Hrauntúns og Úthlíðar. Þaðan ræður bein lína í vörðu við Andalæk á Svartabakka (punktur C). Að öðru leyti takmarkast landspilda þessi af þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða. Einnig fær Úthlíð afmarkaða landspildu til umferðar meðfram Andalæk (brotin lína frá C til

D). Af landi þessu telst um það bil 1/3 úr ha ræktað, en í lélegu ástandi. Eigendur Úthlíðar skulu greiða eiganda Stekkholts kr. 1.500.00 fyrir ræktun þessa. Einnig ber eigendum Úthlíðar að setja upp girðingu Stekkholtsmegin spildunnar eftir vörðum þeim, sem þegar hafa verið settar upp.

Allt land annað úr Úthlíðartorfu neðan Andalækjar og austan línunnar A-B-C tilheyrir Stekkholti.

2. Land Úthlíðartorfu ofan Andalækjar, sem til skipta kom.

Úthlíð fær land, sem takmarkast af þinglesnum landamerkjum Úthlíðartorfu og Miðhúsa að suðvestan (frá Andalæk (punktur D) um Djákna, Fögrubrekku og í Brúará (punktur L). Brúará ræður merkjum að vestan að vörðu gegnt Kinnargili (punktur K). Að norðan frá punkti K ræður bein lína í vörðu vestan Miðfells (punktur H). Frá punkti H ræður brotin lína um Brúntjörn (punktur G), Skyggnisklett (punktur F) að vörðu við Andalæk á Breiðanesi (punktur E). Andalækur ræður merkjum milli E og D.

Hrauntún fær land allt, sem takmarkast að vestan af brotnu línunni E, F, G og H, að norðan af beinni línu frá punkti H um vörðu í Miðfelli ofan Skjónulautar (punkt I) í Hnífagil (punkt J). Að austan og sunnan ráða þinglesin landamerki aðliggjandi jarða (Dalsmynnis og Austurhlíðar) frá punkti J við Hnífagil að vörðu við Andalæk á Breiðanesi (punktur E).

3. Öll landamerki, sem hér um ræðir, eru teiknuð af starfsmönnum Landnáms ríkisins inn á kort, gert eftir loftmyndum. Hornmerki eru nefnd bókstöfum þeim, sem vitnað er í hér að framan. Eitt eintak verður afhent sýsluskrifstofunni á Selfossi og málsaðilar fá sitt eintakið hver.

4. Allt annað land Úthlíðartorfu er óskipt sameign, og hefur ábúandi Stekkholts rétt til fjárrekstrar yfir skipt lönd, enda valdi slíkur fjárrekstur eigi tjóni á hinu úrskipta landi.

Einnig eru óskipt öll hlunnindi, svo sem veiði, vatnsafl og vatn til áveitu og neyzlu.

5. Kostnað af yfirskiptum þessum greiði aðilar að tiltölu við eignarhlutföll jarðanna, þ. e. Úthlíð 60%, Stekkholt 22% og Hrauntún 18% af heildarkostnaði."

Ekki vildi Jón heitinn Jónasson, þáverandi eigandi Stekkholts, heldur una við þessi yfirlandskipti og höfðaði því mál þetta, svo sem rakið er í upphafi dóms þessa.

Dómkröfur sóknaraðilja eru þær, að framangreind yfirlandskiptagerð á Úthlíðartorfunni, dags. 15. maí 1965, verði ógild með dómi réttarins. Jafnframt krefjast sóknaraðiljar þess, að við ný

skipti á Úthlíðartorfunni verði lagt fyrir skiptamenn, í samræmi við kröfu lögmanns stefnanda, áður en landskiptum lauk, að tekið verði til skipta allt land Úthlíðartorfunnar, þ. e. jarðanna Stekkholts, Hrauntúns og Úthlíðar, sameiginlega landið, eins og það var áður en skipti voru framkvæmd, norður að línu, „sem hugsast dregin austan frá Fari norðan Miðfells, beina línu vestur í Bröttuskriðu í Högnhöfða."

Þá krefjast sóknaraðiljar málskostnaðar úr hendi varnaraðilja in solidum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en sóknaraðiljum var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. júní 1970 og 5. febrúar 1971.

Dómkröfur varnaraðilja eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum sóknaraðilja og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr þeirra hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en allir varnaraðiljar, nema Haukur Þórðarson, hafa fengið gjafvarnarleyfi með bréfum frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 5. apríl 1971 og 15. mars 1972.

Sóknaraðiljar rökstyðja ógildingarkröfu sína á yfirlandskiptunum með eftirfarandi hætti:

1. Að ekki hafi verið gætt réttra sjónarmiða við matið. Tekinn sé stór hluti af mýrlendi, sem liggi á tiltölulega einangruðu svæði að bænum Stekkholti, og land þetta afhent Úthlíð til eignar án nokkurra röksemda. Hins vegar séu ekki að finna í matsgerðinni lýsingar á því, að Úthlíð eigi nóg af auðræktanlegu landi nær bæ þeirrar jarðar.

2. Þá sé yfirlandskiptum þannig hagað, að það litla land, sem Stekkholti sé ætlað til eignar út úr skiptunum, sé alveg aðskilið frá því, sem eftir er af óskiptu og sameiginlegu landi jarðanna, með því að landamerkjalína ein sé látin skipta milli landanna, Miðhúsa og Úthlíðar, en ekki ætluð nokkur spilda þar á milli til umferðar fyrir ábúanda Stekkholts.

3. Þá telja sóknaraðiljar, að meðferð landskiptamálsins hafi á allan hátt verið þannig, að hún ein ætti að nægja til þess, að gerðin verði úr gildi felld. Landskiptin séu talin hefjast 23. september árið 1951 og lokið með skiptagerð 27. sama mánaðar. Þeirri skiptagerð hafi Jón heitinn Jónasson áfrýjað innan tilskilins frests til yfirlandskiptanefndar. Sú nefnd virðist ekki koma saman til að vinna að skiptunum fyrr en 18. maí 1956 og næsti fundur sé haldinn 31. október 1961. Skiptagerðin sjálf sé svo eigi dagsett fyrr en 15. maí 1965. Á þessum langa starfstíma nefndarinnar verði sýslumaður við tilmælum nefndarmanna um það að tilnefna þrjá

menn til að framkvæma svonefnd framhaldsundirskipti. Virðist þessi ráðstöfun hafa verið gerð án nokkurs samráðs við Jón heitinn Jónasson. Í þessum framhaldsskiptum hafi verið tekin tiltölulega lítil sneið af hinu óskipta landi til skipta, en hið sameiginlega land sé gífurlega mikið að víðáttu. Kröfum Jóns um það, að fram færu ný framhaldsskipti, áður en yfirlandskiptanefnd felldi sinn úrskurð, hafi verið hafnað á þeim forsendum, að nú væri nóg land fyrir hendi til að ná hagkvæmum og réttlátum skiptum. En þetta hafi þó leitt til, að stór hluti af Stekkholtsmýrinni hafi verið tekinn undan jörðinni.

4. Að endingu er því haldið fram af hálfu sóknaraðilja, að með yfirlandskiptunum hafi ábúandi Stekkholts algerlega verið útilokaður frá að brynna búpeningi í Andalæk, en aðgangur að því vatnsbóli sé nauðsynlegur í þurrkum. Þá er það að lokum fullyrt af hálfu sóknaraðilja, að með skiptunum hafi aðstaða til búrekstrar í Stekkholti versnað stórlega. Hafi það komið fram bæði í meiri fóðurgjöf og minni fallþunga dilka.

Þeir Úthlíðarbændur, varnaraðiljarnir Björn Sigurðsson og Sigurður Jónsson, byggja sýknukröfu sína á því, að þeir séu nú búnir að venjast og sætta sig við þessi landskipti og hafi hagað sér eftir þeim, enda verði einhver að vera endir allrar þrætu, það mundi þess vegna valda nýju umróti og e. t. v. ófyrirsjáanlegum breytingum, ef farið yrði að skipta enn einu sinni, og engan veginn víst, að menn yrðu ánægðari með hin nýju skipti. Þá benda þessir stefndu á það, að sérfróðir menn hafi fjallað um skiptin (mælingar o. fl.) og að skiptin séu hvorki haldin formlegum né efnislegum göllum, er ómerkingu geti valdið. Er öllum staðhæfingum sóknaraðilja í þá átt mótmælt sérstaklega.

Stefndu Haukur og Steinar Þórðarsynir, eigendur Hrauntúns, reisa sýknukröfu sína á því, að af hálfu sóknaraðilja séu engin haldbær rök færð fyrir því, að þörf sé á að ógilda sex ára gamla yfirlandskiptagerð hinna færustu manna, er vissulega hafi gert sitt besta til að ná réttlátum landskiptum. Í skjóli gjafsóknarinnar sé nú að ástæðulausu verið að ýfa upp gömul sárindi. Endurskipting landsins sé engin trygging fyrir því, að aðiljar yrðu ánægðari, en hins vegar yrðu ný landskipti geysilega kostnaðarsöm.

Þá benda stefndu á það, að Hrauntún hafi við skiptin látið talsvert svæði af hendi í „mýrlendinu“, raunar eina land Hrauntúns þar. Þetta hafi verið gert til að meira land kæmi til skipta milli Úthlíðar og Stekkholts. Hrauntún hafi í staðinn fengið annað

land, sem sennilega hafi verið stærra að flatarmáli, en það sé talið óræktanlegt.

Óhjákvæmilegt hafi verið annað en að land það, sem Stekkholt hafi fengið við skiptin, hafi verið aðskilið frá því, sem eftir var óskipt. En samkvæmt yfirlandskiptagerðinni sé Stekkholti heimill fjárrekstur um hin skiptu lönd Hrauntúns og Úthlíðar.

Þá benda þessir stefndu á það, að framhaldsskiptin, sem fram fóru árið 1963, hafi ekki verið gerð að þeirra beiðni. Þeir telja fráleita þá kröfu sóknaraðiljanna að skipta óskiptu landi langt upp í óbyggðir, enda verði það land ekki notað jöfnum höndum til vetrarbeitar, svo sem tilskilið sé í 1. gr. landskiptalaganna nr. 46 27. júní 1941.

Að endingu mótmæla þessir stefndu því, að sóknaraðiljum sé með yfirlandskiptunum meinaður aðgangur að Andalæk til brynningar búpenings. Yfirlandskiptagerðin beri einmitt hið gagnstæða með sér. Séu því fullyrðingar sóknaraðilja um versnandi búskaparaðstöðu af téðum ástæðum út í hött.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið vakin athygli á því, að kröfugerð sóknaraðilja sé óljós að því er varðar norðurmörk þess landssvæðis, er þau krefjast skipta á.

Niðurstaða dómsins.

Dómendur hafa gert áreið á vettvang með lögmönnum og aðiljunum Halldóri Jónssyni og Birni Sigurðssyni.

Af þeirri vettvangsskoðun er ekki unnt að fallast á það með sóknaraðiljum, að jörðin Stekkholt hafi orðið afskipt við yfirlandskiptin frá 15. maí 1965. Við þau skipti fær Stekkholtið meginhluta Stekkholtsmýrarinnar, allt land í samhengi, svo sem fyrir er mælt í 10. gr., 1. mgr., landskiptalaga nr. 46 27. júní 1941. Þetta land er allt nærliggjandi jarðarhúsum. Það er að mestum hluta ræktanlegt með framræslu, nema syðst í mýrarfenjunum. Af hálfu sóknaraðilja er því ekki haldið fram, að Stekkholt hafi hlutfallslega fengið minna út úr skiptunum en því bar (22%).

Dómurinn telur, að það hafi verið rétt aðferð að láta framkvæma framhaldsundirskipti, svo sem gert var, áður en yfirlandskiptanefndin lauk skiptum sínum, þar sem yfirlandskiptanefndir starfa sem eins konar áfrýjunarstig gagnvart gerðum landskiptanefnda. Hefði þessi málsmeðferð ekki verið viðhöfð, hefði yfirlandskiptanefndin að minnsta kosti að hluta fjallað um landskiptin sem undirlandskiptanefnd. Þessi málsmeðferð leiðir því eigi til ógildingar yfirlandskiptanna.

Í 1. mgr. 1. gr. landskiptalaganna segir m. a.: „Eftir lögum þessum geta komið til skipta eða endurskipta að nokkru eða öllu leyti heimalönd sveitajarða og afréttarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar . . . . .“

Það var álit þeirrar nefndar, er lauk framhaldsskiptunum 17. júlí 1963, og var það staðfest af yfirlandskiptanefndinni, að Úthlíðartorfan norðan línu, sem dregin er frá „vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili“, verði ekki nýtt til vetrarbeitar vegna fjarlægðar frá byggð. Dómurinn telur, að sóknaraðiljar hafi ekki sýnt fram á það, að þetta hafi verið rangt mat hjá landskiptanefndunum. Það varðar því eigi ógildingu yfirlandskiptanna, þótt Úthlíðartorfunni hafi ekki verið skipt lengra norður heldur en gert var.

Hitt er vissulega aðfinnsluvert, hversu lengi skiptin drógust í meðförum yfirlandskiptanefndarinnar, en rétturinn getur ekki fallist á það með sóknaraðiljum, að það eitt valdi ógildingu skiptanna.

Ekki telur rétturinn það heldur eiga að valda ógildingu yfirlandskiptanna, þótt Stekkholti hafi ekki verið mörkuð nákvæm braut til fjárrekstra um lönd Hrauntúns og Úthlíðar, þar sem dómurinn telur þennan rétt nægilega tryggðan Stekkholti með þeim hætti, sem hann er orðaður í yfirlandskiptagerðinni.

Það er röng staðhæfing af hálfu sóknaraðilja, að með yfirlandskiptunum sé þeim algerlega meinað að brynna búpeningi í Andalæk, því að það er einungis í þeim hluta lækjarins, sem lendir vestan merkjaskurðar, sem grafinn hefur verið í Stekkholtsmýrinni til að skilja sundur hin úrskiptu lönd Stekkholts og Úthlíðar.

Við munnlegan flutning málsins lagði lögmaður sóknaraðilja ríka áherslu á það, að tilvísunarfornafnið „sem“ í setningunni „sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar“ í 1. gr. landskiptalaganna vísaði eingöngu til orðsins „afréttarlönd“ í setningunni á undan, en ekki til orðanna „heimalönd sveitajarða“, þess vegna hafi yfirlandskiptanefndinni borið að taka landið fyrir norðan línuna „frá vörðu ofan Skjónulautar í Brúará gegnt Kinnargili“ einnig til skipta, svo sem sóknaraðiljar hafi krafist. Það hafi eigi verið gert og þess vegna eigi að ógilda yfirlandskiptin.

Rétturinn getur ekki fallist á þennan skilning lögmannsins, þar sem telja verður, að við túlkun þessa ákvæðis liggi höfuðáherslan á orðinu vetrarbeit og að það eigi við bæði orðin „heimalönd“ og „afréttarlönd“, því að engin skynsamleg rök eru fyrir því, að

skipta beri heimalandi „norður fyrir vetrarbeitarmörk", en ekki afrétti.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telur dómurinn, að margnefnd yfirlandskipti frá 15. maí 1965 séu hvorki haldin formlegum né efnislegum annmörkum, er valda eigi ómerkingu þeirra. Ber því að sýkna varnaraðilja af öllum kröfum sóknaraðilja í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að fella málskostnað niður.

Málskostnaður sóknaraðilja ákveðst kr. 190.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðilja, þeirra Björns Sigurðssonar og Sigurðar Jónssonar, ákveðst kr. 190.000 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðiljans Steinars Þórðarsonar ákveðst kr. 105.000 og greiðist úr ríkissjóði.

Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 75.000 í talsmannslaun.

Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Hauki Hafstað framkvæmdastjóra og Magnúsi Thoroddsen borgardómara.

Dómsorð:

Varnaraðiljar, Björn Sigurðsson, Sigurður Jónsson, Haukur Þórðarson og Steinar Þórðarson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum sóknaraðilja, Bergþóru Jónsdóttur og Halldórs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður sóknaraðilja, kr. 190.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Páli S. Pálssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðilja Björns Sigurðssonar og Sigurðar Jónssonar, kr. 190.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni þeirra, Sigurði Ólasyni hæstaréttarlögmanni, kr. 150.000 í talsmannslaun.

Málskostnaður varnaraðiljans Steinars Þórðarsonar, kr. 105.000, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Jóni Magnússyni hæstaréttarlögmanni, kr. 75.000 í talsmannslaun.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1977.

Nr. 62/1975. **Elís Gunnarsson, eigandi Vatnabúða,**
(Sigurður Ólason hrl.)
gegn
Þorkeli Gunnarssyni, eiganda Akurtraða,
og gagnsök
(Páll S. Pálsson hrl.).

Landamerkjamál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. maí 1975. Krefst hann þess, að landamerki jarðanna Vatnabúða með Móabúð og Akurtraða verði ákveðin lína úr Flyðrum (A) í vörðu á Vörðuleiti (B) í jarðfall (C) í Mýrnamót (D) og þaðan í Þvereyri (E) samkvæmt uppdrætti Þórðar Gunnars Sigurjónssonar, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. ágúst 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. ágúst 1975. Krefst hann þess aðallega, að landamerki nefndra jarða verði ákveðin bein lína frá Flyðrum (A) í stað merktan F á uppdrætti Þórðar Gunnars Sigurjónssonar. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal uppdráttur Þórðar Gunnars Sigurjónssonar héraðsráðunauts, þar sem markaðar eru kröfulínur aðilja og merkjalína héraðsdóms. Enn fremur yfirlýsing tveggja eigenda Móabúðar 14. nóvember 1977, þeirra Gísla Kristjánssonar og Kristjáns Kristjánssonar, þar sem segir, að þeir hafi fylgst með kröfugerð og öllum gangi máls í landamerkjamálinu, en áfrýjandi hafi verið í fyrirsvari fyrir báðar jarðirnar. Eigendur Móabúðar hafa ekki sótt dómþing í máli

þessu, og ekki verður séð, að héraðsdómari hafi kvatt þá á dómþing til að lýsa kröfum sínum, sbr. 8. gr. landamerkjalaga nr. 41/1919. Bætir framangreind yfirlýsing tveggja eigenda Móabúðar ekki úr þessum annmarka. Þá var nauðsyn á, að vitni gengju á merki og bentu á kennileiti, eftir því sem kostur var, sbr. 10. gr. nefndra laga.

Vegna framangreindra annmarka á málsmeðferð verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Landamerkjadómur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

5. mars 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 5. mars 1975, er tekið til landamerkjadómsmeðferðar og þingfest þann 26. september 1973 samkvæmt beiðni Elísar Gunnarssonar, eiganda Vatnabúða og ábúanda Vatnabúða og Móabúðar, til ákvörðunar og dóms um landamerki milli jarðanna Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) annars vegar og Akurtraða hins vegar, en eigandi og ábúandi þeirrar jarðar er Þorkell Gunnarsson. Eigendur Móabúðar eru Gísli, Jón og Kristján Kristjánssynir, Grundarfirði. Allar jarðirnar eru í Eyrarsveit, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu.

Mál þetta var áður dómtekið þann 14. október 1974 að loknum munnlegum málflutningi, en var enduruppteki til munnlegs málflutnings að nýju þann 5. mars 1975 og dómtekið sama dag.

I.

Í landamerkjaskrá fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu segir svo um landamerki framangreindra jarða:

„ B. Á milli Akurtraða og Vatnabúðapláss: Úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn, sjónhending í Mýrnamót og upp í jarðfall eða lág, sem liggur fyrir norðan Gerðahamra, þaðan upp í vörðu-

leyti, svo beint upp í fjallið, upp í kletta þá, sem kallaðir eru „Fliðrur“, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Þannig gjört, sett og samþykkt með allra hlutaðeiganda undirskrift að Akurtröðum 4. janúar 1915.

Ásm. Sigurðsson — Jón Lárusson
Kjartan Ólafsson — Finnur Jónsson
(ábúandi á Þórdísarstöðum) — (ábúandi á Akurtröðum)
Kristján Þorleifsson
(umboðsmaður jarðanna).“

Í málinu hefur verið lögð fram loftljósmynd af deilusvæðinu, og hafa málsaðiljar markað kröfur sínar inn á hana. Sóknaraðili, Elís Gunnarsson, telur landamerkin vera um brotnu línuna A (Flyðrur) B (Vörðuleiti) C (jarðfall eða lág) D (Mýrnamót) E (Þvereyri).

Varnaraðili, Þorkell Gunnarsson, telur landamerkin beina línu milli punkta A (Flyðrur) og F (Mýrnamót).

Aðiljar hafa ekki krafist málskostnaðar.

II.

Vettvangsganga fór fram þann 12. október 1974.

Landslagi á deilusvæðinu er svo háttað, að tiltölulega stutt vegalengd er milli fjalls og fjöru. Útfiri er allmikið fyrir landinu, og á fjöru koma upp úr sjó steinar, sker og eyrar. Næst sjó eru grasigrónir sjávarbakkar, en að baki þeim er mýrlent land og gamlar mógrafir, sitt hvorum megin við rima eða bala, sem rís nokkuð hærra en landið beggja vegna og nær fram á sjávarbakka. Vestan við rimann, Akurtraðamegin, kallast Akurtraðagrafir, en austan við hann Grænugrafir. Landið hækkar upp frá mýrlendinu, og þar nokkru ofar er alllangt klettabelti. Land þetta er allt gróið og eins landið upp frá klettunum, en er ofar dregur og nær fjallinu, minnkar gróðurinn, og tekur þá við aflíðandi grjótmelur, sem nær upp að fjallsrótum.

III.

Enginn ágreiningur er milli málsaðilja um örnefnin Flyðrur og Vörðuleiti. Hins vegar greinir þá á um örnefnin Þvereyri, Mýrnamót, jarðfall eða lág og Gerðahamra.

Sóknaraðili heldur því fram, að eyri sú, sem lengst nær í sjó fram á fjöru, sé hin umdeilda Þvereyri. Vestan við rimann, sem áður getur og skilur Akurtraðagrafir og Grænugrafir, er dálítið mýrarsvæði, sem kallast Bolli, og vestan við hann er mjó land-

ræma lítið eitt hærri en mýrarnar beggja vegna. Sóknaraðili heldur því fram, að þessi landræma sé hin svokölluðu Mýrnamót, jarðfall eða lág sé lægð eða flöt upp við klettana þar beint upp af og Vörðuleiti, þar sem hæst ber á grjótmelnum.

Varnaraðili heldur því fram, að hin raunverulega Þvereyri sé nú að miklu leyti komin undir sjó vegna landsigs og landbrots af völdum sjávar og það, sem nú komi úr sjó á fjöru, sé aðeins lítill hluti hinnar upphaflegu Þvereyrar. Þá heldur varnaraðili því fram, að Mýrnamót séu um áðurnefndan rima eða bala milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, jarðfall eða lág sé lægð norðaustur af áðurnefndu klettabelti og vörðuleiti sé ekki ákveðið örnefni, heldur sé það samheiti á öllu svæðinu (grjótmelnum) framan við fjallið.

Sóknaraðili rökstyður kröfur sínar með því, að enginn ágreiningur sé um örnefnin Þvereyri og Flyðrur og séu þeir punktar því gefnir. Landamerkjakennileiti á milli þeirra tveggja lýsi sér best sjálf. Mýrnamót hljóti að vera milli Bolla og Akurtraðagrafa, ef Þvereyri er endamerki, en væri riminn endamerki eða Balasteinninn í fjörunni, væru Mýrnamót uppi í miðjum rimanum, en það fái ekki staðist. Jarðfall eða lág sé upp við Gerðahamra beint upp af Mýrnamótum, enda sé ekkert annað jarðfall til í Gerðahömrum, nema þá helst heima við Akurtraðahúsin. Á Vörðuleiti hljóti merkjalínan að vera á háleitinu, þaðan sem sést nokkurn veginn jafnt til tveggja átta, þ. e. til Vatnabúðapláss annars vegar og Norður-Bár, Naustáls, Þórdísarstaða og Akurtraða hins vegar.

Varnaraðili rökstyður kröfur sinar með því, að Þvereyri (Þurreyri) sú, sem getið er um í landamerkjalýsingunni frá 4. janúar 1915, sé nú horfin vegna landbrots og sker það, sem nú í dag gangi undir nafninu Þvereyri og er umflotið nema um háfjöru, sé að engum líkindum hin forna Þvereyri, heldur hafi hún verið þar, sem nú eru sker nokkur, sem nær eru landi og austar. Skoðun sína á því, að Mýrnamót séu riminn eða balinn milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, byggir varnaraðili á því, að riminn skipti mýrinni, sem liggur ofan við sjávarbakkann, og að eftir honum hafi búpeningur umgetinna jarða runnið til og frá sjó um aldir, enda liggi mýrarnar báðum megin undir vatni og ís frá haustnóttum og fram á vor ár hvert. Þá rökstyður hann kröfur sínar með því, að gegnum tún Akurtraða gangi klettabelti, sem heiti Gerðahamrar. Milli þessara hamra séu víða smálægðir. Fyrir norðaustan síðasta hamarinn sé allmikil lág, sem hann telji vera hið umgetna jarðfall, og upp af því sé vörðuleitið og þar beint upp

af Flyðrur. Þar með sé komið að endamarki og séu þá öll framangreind kennileiti í beinni línu.

IV.

Fjögur vitni hafa komið fyrir dóm í málinu.

Gísli Kristjánsson, Hamrahlíð 5, Grundarfirði, 46 ára að aldri, er einn af eigendum Móabúðar. Hann er skyldur báðum málsaðiljum, sóknaraðilja að öðrum og þriðja, en fjarskyldari varnaraðilja.

Þetta vitni er fætt í Móabúð og uppalið þar til 17 ára aldurs. Það kveðst þekkja vel örnefnið Þvereyri eða Þurreyri og segir, að það sé eyri sú, sem gengur þvert út frá landinu og sjáist vel á ljósmyndunum, dskj. 7 og 8. Á miðri eyrinni sé steinn og sé hann endapunktur merkjanna. Steinn þessi fari síðast í kaf við flæðar og komi fyrst úr sjó við útfall. Mýrnamót eða Mýrnamæti segir vitnið, að sé upp af Þvereyrinni á milli svokallaðs Bolla og Akurtraðagrafa. Vitnið kannast ekki við „jarðfall eða lág", og Gerðahamra kannast það við sem „Akurtraðastapa", og Vörðuleiti kannast það við sem „leiti". Vitnið segist ekki vera í neinum vafa um Þvereyri, Mýrnamót og Flyðrur og segist hafa heyrt, að landamerkin væru bein lína. Þá segist vitnið kannast við örnefnið Rima sem heiti á landinu milli Bolla og Grænugrafa. Vitnið kveðst kannast við Lambakróarlaut, en kannast ekki við hana sem „jarðfall" eða landamerkjakennileiti, enda sé hún inni í Móabúðarlandi. Enn fremur segir vitnið, að Akurtraðagrafir og Grænugrafir hafi farið alveg á kaf, þegar mikið vatn safnaðist þar fyrir á vetrum. Vatnsmagnið hafi verið mjög breytilegt, en þegar mest var, fór fé frá báðum bæjunum, Akurtröðum og Móabúð, um Rimann bæði til og frá fjörunni. Annars fór féð hvar sem var um grafirnar eða þar sem land var upp úr hverju sinni. Þá segir vitnið, að landamerkjabréf hafi alltaf verið til í Móabúð.

Gunnar Guðmundsson, 80 ára að aldri, til heimilis að Akurtröðum, er faðir varnaraðilja málsins.

Vitnið kom að Akurtröðum árið 1922 og bjó þar þangað til fyrir nokkrum árum. Það segir, að enginn ágreiningur hafi verið um landamerki milli Akurtraða og Móabúðar fyrr en fyrir nokkrum árum. Vitnið kveðst ekki vita með vissu, hvar sé Þvereyri, en Mýrnamót séu riminn milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa, upp af svokölluðum „Balasteini", sem þar er í fjörunni. Vitnið kveðst hafa heyrt getgátur um, að þar fram af hafi áður fyrr verið eyri fram í sjóinn. Þá segir vitnið, að eyri sú, sem þar er fyrir utan

og sjór fellur yfir á flóði, geti vel verið Þvereyri. Jarðfall eða lág, sem getið er í landamerkjalýsingunni, segir vitnið, að sé við endann á Gerðahömrum og eigi orðalagið í landamerkjalýsingunni „fyrir norðan Gerðahamra“ við það, enda sé jarðfallið norðaustan við hamrana. Vitnið kannast við örnefnið Bolla, sem sé austast í Akurtraðagröfum, og segist á síðustu árum hafa heyrt, að Mýrnamót væru vestan við Bollann. Enn fremur segir vitnið, að Ingimundur Gíslason, sem bjó á Vatnabúðum, hafi í samráði við Akurtraðamenn sléttað landið og ræktað, þar sem nú er Bollinn, og náði ræktunin upp í hallann við Rimann. Kristján Jónsson, sem þá bjó í Móabúð, hafði þá orð á því, að þetta væri í Móabúðarlandi, en sagðist láta það afskiptalaust, þar sem Ingimundur ætti í hlut. Vitnið kveðst telja, að þetta hafi verið í Akurtraðalandi. Vitnið kveðst alla tíð hafa verið leiguliði á Akurtröðum, en eigendur jarðarinnar hafi verið Þorkell Jónsson og Sigurður Stefánsson og hafi þeir sagt sér til um landamerki og hafi þau verið upp Rimann og í stefnu á Flyðrur. Þá segir vitnið, að eyrin fram með Akurtraðalandi sé kölluð Langasker.

Guðjón Elísson, 77 ára að aldri, til heimilis að Grundargötu 29, Grundarfirði, er móðurbróðir sóknaraðilja og þremenningur við varnaraðilja.

Þetta vitni er fætt í Móabúð og uppalið í Oddsbúð og Vatnabúðum og dvaldist í Vatnabúðaplássi til ársins 1926.

Vitnið segist þekkja örnefnið Þvereyri og sé það eyrin, sem liggur út frá landinu og kemur úr sjó á hverri fjöru. Mýrnamót segir vitnið, að séu vestan við Bollann, á bakkanum milli Bollans og Akurtraðagrafa. Þá segir vitnið, að bein lína frá Þvereyri í Flyðrur liggi um Mýrnamót og sé sú beina lína landamerki milli jarðanna Akurtraða og Móabúðar. Vitnið kannast ekki við, að jarðfall eða lág eða vörðuleiti séu landamerkjakennileiti, en afrennsslislægðin frá Lambakróarlaut sé „jarðfall“ það, sem átt er við í landamerkjalýsingunni, annað jarðfall sé ekki til á þessu svæði.

Landamerki þessi segir vitnið, að Kristján Þorleifsson hafi sýnt föður vitnisins og Kristjáni Jónssyni, móðurbróður þess, árið 1915, en þeir keyptu þá Vatnabúðir og Móabúð, en Kristján Þorleifsson var hreppstjóri Eyrarsveitar og umboðsmaður jarðanna, sem voru kirkjujarðir.

Sigurður Valdimar Stefánsson, 76 ára að aldri, til heimilis að Þórdísarstöðum í Eyrarsveit, kom að Akurtröðum sem barn á

þriðja ári og ólst þar upp og dvaldist þar fram að þrítugsaldri. Vitnið er föðurbróðir sóknaraðilja.

Vitnið kannast við Þvereyri sem landamerkjakennileiti, og fari hún í kaf við flæðar. Framarlega á eyrinni er stór steinn, sem vitnið segist hafa heyrt, að væri endamark landamerkjanna. Vitnið segir, að Mýrnamót séu sitt hvorum megin við balann eða rimann, sem liggur milli Akurtraðagrafa og Grænugrafa. Vitnið kannast við örnefnið Bolla, sem það segir, að sé utan við rimann og í landi Akurtraða. Þegar vitnið eignaðist Akurtraðir að hálfu á móti Þorkeli Jónssyni árið 1922 eða 1923, kom Kristján Jónsson, eigandi Móabúðar, og vildi fá landamerkjunum breytt þannig, að þau lægju utan við Bollann, en því var neitað. Síðan taldi Kristján og eftir hann synir hans, að landamerkin væru þar. En vitnið segir, að landamerkin hafi legið upp svo til miðjan rimann og beint upp í Flyðrur. Landamerki þessi setti Kristján Þorleifsson hreppstjóri, og um þau var aldrei neinn ágreiningur. Vitnið var viðstatt, þegar landamerkin voru sett, ásamt þeim Kristjáni Jónssyni í Móabúð og Finni Jónssyni, Akurtröðum, og hreyfði enginn andmælum af þeim, sem hlut áttu að máli. Vitnið var þá á unga aldri, varla meira en 10 ára að aldri. Vitnið kveðst ekki kannast við Gerðahamra og ekki jarðfall eða lág, nema ef það væri það, sem nú er kallað Lambakróarlaut. Vörðuleiti segir vitnið að sé það, sem kallast dys, en það sé ekki landamerkjakennileiti. Vitnið kveðst aldrei hafa átt eintak af landamerkjabréfi Akurtraða og Móabúðar. Þá segir vitnið, að landamerkjalínan á landi hafi verið bein lína upp rimann og í Flyðrur, en línan frá Þvereyri og að landi hafi ekki verið í beinu framhaldi af þeirri línu. Þegar Kristján Þorleifsson setti landamerkin, stakk hann upp nokkra hnausa og gerði litla vörðu á balanum (rimanum), sem átti að sýna merkin. Þessi varða sást lengi, en vitnið veit ekki, hvort hún er sjáanleg ennþá. Nokkuð langt er síðan vitnið sá þessa vörðu síðast, en þá var hún orðin nánast þúfa. Fleiri þúfur voru þar í kring, en þessi var stærst og nokkuð sérstök.

V.

Eins og fram kemur í vitnaframburðum og rakið hefur verið hér að framan, greinir vitnin allverulega á um hin ýmsu kennileiti og örnefni, sem nefnd eru í landamerkjaskrá jarðanna. Þrjú vitni eru sammála um það, hvar Þvereyri sé, en eitt vitnið kveðst ekki vita með vissu, hvar hún sé. Vitnin greinir verulega á um,

hvar Mýrnamót séu, og verður samkvæmt framburðum þeirra eða öðrum gögnum málsins ekki hægt að ákvarða, hvar þau séu. Sama er að segja um „jarðfall eða lág“ og „vörðuleiti“. Eins og til háttar á deilusvæðinu er ekki nema um eitt klettabelti að ræða, sem gæti verið Gerðahamrar, og eru það klettar þeir, sem liggja óreglulega í norðaustur/suðvestur um tún Akurtraða og þar austur fyrir.

Ályktun dómsins er því sú, að neðri Þvereyri (Þurreyri) sé eyri sú, sem lengst nær í sjó fram um fjöru, en að önnur landamerkjakennileiti verði ekki örugglega fundin, nema Flyðrur, sem enginn ágreiningur er um, hvar séu. Þá eru dómendur sammála um það, að eins og landslagi er háttað á deilusvæðinu, sé eðlilegast, að landamerkin séu sem beinust, og hefur sú skoðun stuðning í framburði tveggja vitna.

Niðurstaða dómsins er því sú, að landamerki jarðanna Akurtraða annars vegar og Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) hins vegar skuli vera bein lína úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn sjónhending upp í fjallið í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Málskostnaðar er ekki krafist og dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, ásamt meðdómsmönnunum Erlendi Halldórssyni bónda, Dal, Miklaholtshreppi, og Jóni Ásgeirssyni, fyrrverandi bónda, Stykkishólmi.

Dómsorð:

Landamerki jarðanna Akurtraða annars vegar og Vatnabúða og Móabúðar (Vatnabúðapláss) hins vegar skulu vera bein lína úr neðri Þvereyri (Þurreyri) við sjóinn sjónhending upp í fjallið í kletta þá, sem kallaðir eru Flyðrur, fyrir austan Garðahlíðarmúla.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 1. desember 1977.

Nr. 34/1976. **Rammi h/f**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Birgi Jónassyni
og gagnsök.
(Örn Clausen hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 16. febrúar 1976. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, „að sök verði skipt í málinu og kröfur gagnáfrýjanda aðeins að hluta teknar til greina". Þá er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. febrúar 1976. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér samtals 2.538.490 krónur með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti hefur gagnáfrýjandi uppi hærri fjárkröfur en í héraði. Er ekki efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að leggja óskipta bótaábyrgð á aðaláfrýjanda vegna tjóns þess, er gagnáfrýjandi hlaut við vinnu í þágu hans hinn 22. janúar 1971.

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur hinn 17. mars 1976 áætlað að nýju tjón gagnáfrýjanda vegna varanlegrar örorku hans. Er hinn nýi útreikningur reistur á tvenns konar forsendum. Eru annars vegar lagðir til grundvallar 7%

ársvextir frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% ársvextir til frambúðar, en hins vegar sömu vextir og við fyrri aðferð til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvextir til frambúðar. Í báðum tilvikum eru lagðar til grundvallar dánarlíkur íslenskra karla samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu. Við hinn nýja útreikning er tekið tillit til hækkana á launatöxtum og að samið hafi verið um „þrepahækkanir fram í tímann fyrir flesta launþega . . . . .". Örorkutjónið, þannig reiknað, telst honum vera að verðmæti 2.751.546 krónur, ef byggt er á fyrri forsendum, en 2.155.587 krónur, ef miðað er við síðari forsendurnar.

Örorkubætur til gagnáfrýjanda þykja hæfilega ákveðnar 1.400.000 krónur, og hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, er gagnáfrýjandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins og aðaláfrýjanda. Bætur fyrir þjáningar og lýti þykja hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Ber samkvæmt því að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda samtals 1.650.000 krónur með vöxtum, eins og krafist hefur verið, og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 500.000 krónur.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Rammi h/f, greiði gagnáfrýjanda, Birgi Jónassyni, 1.650.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 500.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. desember 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 28. f. m., hefur Birgir Jónasson, Faxabraut 27, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 5. júní 1973, á hendur Ramma h/f, Ytri Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 2.413.214 auk 7% ársvaxta af kr. 2.132.445 frá 22. janúar 1971 til 1. maí 1973 og

9% ársvaxta frá þeim dagi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, allt að frádregnum kr. 269.269.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi hans, til vara, að stefnandi verði látinn bera meginhluta tjóns síns og verði málskostnaður þá látinn falla niður, en til þrautavara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæslu, en stefndi hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu. Á hendur félaginu eru ekki gerðar kröfur, og af þess hálfu eru ekki heldur gerðar kröfur í málinu.

Málavextir eru þeir, að hinn 22. janúar 1971, er stefnandi var að saga timbur í vélsög á vinnustað stefnda, þar sem hann starfaði, hrökk aðskotahlutur í hægra auga hans. Strax eftir slysið var stefnandi fluttur til læknis í Keflavík, en síðan til læknis í Reykjavík. Lögreglunni í Keflavík var fljótlega tilkynnt slysið, og kom lögreglumaður á vettvang. Í skýrslu lögreglumannsins, Hauks Guðmundssonar, kemur fram, að enginn sjónarvottur hafi verið að slysinu, en verkstjórinn, Júlíus Gunnarsson, hafi sagt stefnanda hafa fengið flís í augað, er hann var að vinna við ristisög á verkstæðinu, og hefði vökvi runnið úr auganu. Hinn 24. febrúar 1971 gaf stefnandi skýrslu fyrir lögreglunni í Keflavík. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið að vinna við að rista við í þar til gerðri ristisög, er hann hefði skyndilega fengið aðskotahlut í hægra augað. Ekki kvað hann sjónarvotta hafa verið að atburðinum. Stefnandi kvaðst hafa farið tafarlaust til verkstjórans, Júlíusar Gunnarssonar, sem hefði flutt sig til Arnbjörns Ólafssonar, læknis í Keflavík. Hefði læknirinn skoðað augað, en síðan sent hann á Landakotsspítalann, þar sem Haukur Þorleifsson læknir hafi gert athuganir og framkvæmt aðgerðir á auganu, en það hafi að lokum verið fjarlægt. Hann kvað hlífðargleraugu venjulega ekki notuð við vél þá, sem hann var að vinna við. Öryggiseftirlit ríkisins framkvæmdi rannsókn út af atburði þessum, og er fram komin skýrsla stofnunarinnar um slysið. Hefur skýrslan að geyma svohljóðandi frásögn Einars Gunnarssonar, framleiðslustjóra stefnda: „Slasaði hafði fengið það verkefni að saga niður úrgangsefni í millilegg í hurðir. Þegar slasaði hafði sagað ca. 77 cm inn í eina spýtuna, skellur einhver hlutur í auga hans og orsakar slysið. Eftir öllum ummerkjum að dæma virðist

slasaði hafa unnið réttilega við sögina, eins og hans er vandi. Slasaða var strax komið undir læknishendur.“ Þá hefur skýrslan að geyma svohljóðandi frásögn stefnanda sjálfs: „Ég undirritaður hef unnið hjá Gluggaverksmiðjunni Ramma h.f., Ytri-Njarðvík, frá júní 1969, sem iðnverkamaður. Slysdaginn þann 22/1 1971 var mér meðal annars falið að rista niður úrgangsefni í millilegg í hurðir. Þetta verk vann ég í hjólsög, sem ég var þaulkunnugur. Þegar ég er búinn að saga ca. 70—80 cm inn í einn plankann, þá þýtur skyndilega einhver hlutur úr plankanum í auga mér, úr sagarfarinu, og orsakar slysið. Ég stöðvaði vélina strax og tilkynnti verkstjóra, hvað komið hefði fyrir, var mér þá strax komið undir læknishendur. Ég tel vinnuaðstöðu góða á verkstæðinu.“ Umsögn Garðars Halldórssonar öryggiseftirlitsmanns um slysið er síðan svohljóðandi: „Hjólsögin er staðsett á annarri hæð verkstæðisins, en þar er, sem og annars staðar í fyrirtækinu, góð vinnuaðstaða. Í hjólsöginni var 16” blað, og efni, sem slasaði var að saga, var 11,6x5,3x225 cm úrgangstimbur. Við athugun á sagarfarinu, sem var ca. 77 cm að lengd, var ekki hægt að sjá, hvaða hlutur muni hafa þeytzt í auga slasaða. Hjólsöginni fylgir framdrif, sem virkar sem hlíf yfir sagarblaðið. Ef ekki er hægt að nota framdrifið, verður að gæta sérstakrar varúðar við sögina og nota hlífðargleraugu eða annan hlífðarbúnað, og hlífðargleraugu sá ég á verkstæðinu 26/1 við rannsókn slyssins.“

Þegar eftir slysið var stefnandi fluttur til Arnbjörns Ólafssonar, læknis í Keflavík, en Arnbjörn sendi hann síðan á Landakotsspítalann í Reykjavík. Í vottorði Hauks Þorleifssonar læknis segir svo um ástand stefnanda og meðferð þá, sem hann hlaut í sjúkrahúsinu:

„38 ára gamall maður, innlagður acut vegna perforationar á hægra auga 22. janúar. Hafði hann verið að saga timbur, er hann fékk högg á augað. Saga hans var svo eindregin í þá átt, að hann hefði fengið kvist í augað, að ekki var gerð Rtg.myndun þá, heldur saumað saman cornea sárið primert með 12 sporum. Mikil erting hélzt í auganu þrátt fyrir kröftuga steriod og antibiotica meðferð. Enn fremur mikil erting í hinu auganu. Var þá gerð Rtg.-myndun, sem sýndi mjög Rtg.þéttan blett 2 x 5 mm í auganu 5 mm aftan við limbus í hálf 6 meridanum. Var þá gerð exploration með magnet, en ekki vottaði fyrir magnetiskum áhrifum. Vegna hættu af sympatiskum opthalmitis var augað enucleerað og sent í histologiska rannsókn. Svar hefur ekki enn borizt.

Eftir enucleation heilsaðist honum vel, bólga rann af auganu

fljótt, og hann þoldi strax að horfa með hinu auganu. Við útskrift líður honum vel. Búinn að fá prothesu og vinstra augað algjörlega eðlilegt."

Á framangreint vottorð hefur síðan verið skráð eftirfarandi:

„Niðurstaða svar frá R.H.:

CORPUS ALIENUM OCULI DX.
ET HÆMORHAGIA CUM
ABLATIO RETINAE.

.....

Viðbót við bréf:
Corp. al. var gljáandi málmflís,
ekki magnetisk."

Hér fyrir dómi hefur stefnandi skýrt svo frá, að hann sé verkamaður og hafi starfað á verkstæði stefnda frá því í júnímánuði 1969. Fyrir þann tíma kveðst hann ekki hafa unnið verkstæðisvinnu, en kveðst hafa unnið við trésmíðar í byggingavinnu. Á verkstæði stefnda kveðst hann hafa unnið alls konar vinnu, sem þar var um að ræða. Hafi aðallega verið unnin vélavinna, en lítið hafi verið gert af því að setja saman hluti. Hann kveðst oft áður hafa unnið við vél þá, sem slysið varð við. Er slysið varð, kveðst hann hafa unnið við að saga niður úrgangstimbur, sem átt hafi að nota sem millilegg í hurðir. Hann kveður lista þann, sem hann var að saga niður, hafa verið karmastykki og hafi verið í því fúinn kvistur. Hafi þetta því verið úrgangstimbur, sem nota hafi átt í hurðarmillilegg. Hann kveður carbid-blöð vera notuð í söginni og kveður aðeins hægt að saga með einum hraða. Hann kveður nokkuð gott bit hafa verið í blaðinu í söginni og kveðst ekki hafa tekið eftir, hvort því hafi verið áfátt. Stefnandi kveður sér hafa verið sýnt í upphafi starfs síns, hvernig hann ætti að standa við vélina, en ekki hafi hann fengið önnur fyrirmæli eða leiðbeiningar. Er slysið varð, kveðst hann hafa staðið við vélina eins og honum var leiðbeint um. Hann hafi staðið við borðið og ýtt listanum frá sér eftir borðinu á móti snúningshraða sagarblaðsins. Ekki kveður hann neitt hafa verið á borðinu til að halda listanum niðri. Kveðst hann hafa ýtt ofan á listann með vinstri hendinni, en ýtt honum áfram með þeirri hægri. Ekki kveður hann hlíf hafa verið til á verkstæðinu til að hafa yfir sagarblaðinu. Á verkstæðinu kveður hann hafa verið til tvö framdrif, sem hægt hafi verið að nota við þessa sög, afréttara og fræsara á verkstæðinu, en annað framdrifið hafi verið bilað og hafi hitt verið flutt á milli tækjanna og hafi það verið í notkun við fræsara, þegar slysið varð. Á

verkstæðinu kveður hann hafa verið til ein öryggisgleraugu, sem hann hafi átt sjálfur. Hann kveður þetta vera lítil gleraugu úr plasti og hafi hann reynt að nota þau, þegar hann var að vinna við fræsara, en móða hafi viljað setjast innan á þau og hafi hann ekki getað notað þau. Kveðst hann telja, að gleraugun séu ætluð til útivinnu, en ekki innivinnu. Ekki kveður hann annan útbúnað hafa verið til á verkstæðinu til að hlífa andlitinu. Stefnandi kveðst hafa farið að vinna á verkstæðinu að nýju eftir slysið og hafi þá verið keyptir (andlitsskermar) öryggishjálmar eða hlífar, sem hlífi andlitinu. Eftir slysið kveðst hann að mestu hafa unnið á skrifstofu fyrirtækisins, en aðeins að litlu leyti við framleiðslu.

Vitnið Júlíus Gunnarsson, verkstjóri á trésmíðaverkstæði stefnda, sem er trésmiður að mennt, kveðst hafa starfað um sex ára skeið að gluggasmíði hjá stefnda. Júlíus kveðst hafa verið staddur á verkstæðinu, er slysið varð. Hann kveðst hafa verið að segja öðrum manni til, þegar slysið varð, og því snúið baki í vél þá, sem stefnandi vann við, en það hafi verið ristisög. Hann kveður stefnanda hafa komið til sín og haldið fyrir augað og hafi hann séð vökva renna niður kinn stefnanda. Kveðst hann hafa farið strax með stefnanda til læknis. Júlíus kveður stefnanda hafa verið að vinna við efni úr furu, sem búið hafi verið að vinna í glugga, en það komi oft fyrir, að hlutir, sem skemmist í framleiðslu, séu ristir niður í millilegg. Júlíus kveðst telja víst, að ekki hafi áður verið búið að negla í efni það, sem stefnandi var að vinna úr. Hann kveðst ekki geta sagt um, hvort einhverjir aðskotahlutir kunni að hafa verið í efninu. Júlíus kveðst hafa orðið var við aðskotahluti í timbri, sem unnið var úr á verkstæðinu, og hafi komið fyrir, að í timbri væru byssukúlur, högl og sprengjubrot. Hafi byssukúlurnar verið úr kopar eða með koparhúð, höglin úr blýi og sprengjubrotin úr einhverju mjög hörðu. Kveðst Júlíus eiga í fórum sínum aðskotahluti, sem verið hafi í timbri. Júlíus, sem hefur kynnt sér lista þann, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð, kveðst telja, að göt á listanum séu eftir bor. Júlíus kveður öryggishlíf hafa verið til á verkstæðinu til notkunar við vélina, en hún hafi verið stór og klunnaleg og hafi hún aldrei verið notuð, á meðan hann starfaði þar. Hlífin hafi verið það stór um sig, að þegar búið hafi verið að setja hana á vélina, hafi menn ekki séð sagarblaðið. Júlíus kveður Einar Gunnarsson framleiðslustjóra einu sinni hafa tekið hlífina og borið hana við, en þeim hafi ekki litist á að nota hana, því þá hafi ekki verið hægt að sjá sagarblaðið. Júlíus kveðst hafa athugað sagarblaðið, sem var

í söginni, þegar slysið varð, og hafi það verið í meðalgóðu ástandi. Við svona vinnu séu alltaf notuð carbid-blöð, en tennur á þeim vilji brotna og þá fari blaðið að bíta illa og þá séu þau send til viðgerðar í Reykjavík. Júlíus kveður tennur hafa verið byrjaðar að brotna í blaði því, sem í vélinni var. Hann kveðst ekki vera viss um það, hvort nýtt brot var á blaðinu. Oft sé erfitt að segja til um það, hvort brot sé nýtt eða gamalt, nema það sé því eldra. Júlíus kveður plastgleraugu hafa verið til á verkstæðinu, þegar slysið varð, og hafi stefnandi átt þau sjálfur, en ekki hafi verið til annar slíkur útbúnaður. Eftir slysið hafi svo verið keyptir hlífðarhjálmar fyrir andlit, þ. e. höfuðspöng með plasthlíf.

Fram er komin í málinu skýrsla Öryggiseftirlits ríkisins um skoðun á verkstæði stefnda, dags. 30. apríl 1970. Kemur þar fram, að engin athugasemd hafi verið gerð. Þá er komin fram skýrsla sömu stofnunar um skoðun á verkstæði stefnanda, dags. 26. janúar 1971. Samkvæmt skýrslunni var gerð ein athugasemd um ástand og búnað, svohljóðandi: „Hafa hlífðargler við smergelskífur." Var jafnframt mælt fyrir um það í skýrslunni, að bætt skyldi úr þessu ástandi strax. Stofnunin fékk til athugunar gleraugu þau, sem stefnandi átti á vinnustaðnum og lögð hafa verið fram í þessu máli. Umsögn stofnunarinnar, sem dagsett er 17. desember 1974, er svohljóðandi: „Umsögn um öryggisgleraugu, sýnd undirrituðum 16. desember 1974: Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um framleiðanda og prófun frá viðurkenndri prófunarstöð á glerjunum, getur eftirlitið ekki viðurkennt gleraugun sem slík, nema prófun fari fram. Varðandi hvort gleraugu séu óhentug vegna móðumyndunar, tel ég, að þau séu sambærileg að því leyti og viðurkennd öryggisgleraugu."

Viðarlisti sá, sem stefnandi var að vinna við, er slysið varð, hefur verið lagður fram í máli þessu. Var Rannsóknastofnun iðnaðarins fengin til að rannsaka listann. Umsögn stofnunarinnar um rannsóknina, dags. 3. nóvember 1975, er svohljóðandi:

„1. Röntgenmyndun.

Beðið var um að athuga, hvort málmagnir gætu leynst inni í bitanum.

Gerð var tilraun til röntgenmyndunar á bitanum. Rekinn var nagli í bitann og einnig stráð á hann karbíðdufti fyrir myndun. Hvort tveggja kom fram á röntgenmynd. Naglinn, karbíðduftið og prufumyndin fylgja hér með.

Tíu röntgenmyndir (10 x 48 cm) voru teknar af bitanum. Málmagnir komu ekki fram í neinni þeirra.

2. Útlitsskoðun.

Korn sjást í lakki á bitanum. Nokkur þeirra eru merkt með rauðum hringjum. Taka ber fram, að korn á tveimur svæðum, sem merkt eru með tölunni 1, eru karbíðduft frá prufumyndun.

Smásjárskoðun bendir til, að kornin séu lífræn, t. d. harpix, og hafi verið í lakkinu eða sest í það við lökkunina. Þetta var ekki rannsakað nánar, enda er eðlilegast að gera samanburð á þessum kornum og korni því, sem deilt er um."

Af hálfu stefnanda var því lýst yfir við munnlegan flutning málsins, að frá hendi Rannsóknastofu Háskólans lægju ekki fyrir frekari upplýsingar um málmflísina í auga stefnanda og ekki væri unnt að rannsaka hana frekar, þar sem hún væri nú glötuð.

Krafa stefnanda er byggð á því, að aðskotahlutur sá, sem olli tjóni á auga hans, hafi komið úr blaði sagar þeirrar, sem hann vann við, enda séu allar líkur, sem bendi til þess. Hafi ástand blaðsins og sagarinnar verið ófullnægjandi. Einnig hafi verkstjórn verið áfátt og skort hafi á öryggisbúnað starfsmanna. Því beri stefndi sem vinnuveitandi fébótaábyrgð á tjóni stefnanda af völdum slyssins. Er því haldið fram, að sagarblaðið, sem var í vélinni, hafi verið orðið slitið og hafi kvarnast úr því. Þá hafi framdrif, sem nota átti við vélina, verið bilað, en hlíf, sem nota hafi átt við vélina, hafi verið of þung í meðförum og hafi almennt ekki verið notuð. Er því haldið fram, að það hafi verið venja að láta starfsmenn nota vélina án hlífðarbúnaðar, en það sé andstætt ákvæðum 16. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952. Því er og haldið fram, að starfsmönnum stefnda hafi ekki verið séð fyrir hlífðarbúnaði fyrir augu til notkunar við vinnu vélar á verkstæðinu. Er því haldið fram, að öll þessi atriði megi rekja til skorts á verkstjórn á vinnustaðnum, en á því atriði beri stefndi ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum. Er því og haldið fram, að hér sé um að ræða atvinnurekstur, sem noti vélar, er hver fyrir sig sé hættuleg. Því sé um að ræða hættulegan atvinnurekstur. Því verði stefndi að bera ríkari ábyrgð en ella. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að honum verði ekki gefin sök á slysinu. Hann hafi unnið starf sitt með óaðfinnanlegum hætti við þær aðstæður, sem honum voru skapaðar af stefnda. Er því haldið fram, að hlífðargleraugu þau, sem hann átti á vinnustaðnum, hafi verið ætluð til útivinnu og hafi verið ónothæf við starf

það, sem hann var að vinna, en auk þess hafi þau ekki verið nógu traust til að koma í veg fyrir slysið. Það hafi því verið venja, að stefnandi notaði gleraugun ekki við starf þetta. Er á það bent, að eftir slysið hafi Öryggiseftirlit ríkisins mælt fyrir um annars konar hlífðarbúnað.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að orsakir slyssins verði eingöngu raktar til skorts á aðgæslu hjá stefnanda sjálfum, og því verði hann að bera tjón sitt sjálfur. Er því haldið fram, að ekki sé í ljós leitt, að aðskotahlutur sá, sem skaust í auga stefnanda, hafi komið úr sagarblaðinu og verði stefnandi að bera hallann af því. Er því haldið fram, að öryggisbúnaði og aðbúnaði á vinnustað hafi ekki í neinu verið áfátt. Ekki sé heldur um það að ræða, að vinna við vél þá, sem slysið varð við, eða atvinnurekstur stefnda í heild sé hættulegur. Er því haldið fram, að slysið verði ekki rakið til bilunar eða galla á söginni og ekki verði það heldur rakið til þess, að efni það, sem stefnandi var að vinna við, hafi verið varhugavert. Er á það bent, að Öryggiseftirlit ríkisins hafi síðast framkvæmt skoðun á vinnustaðnum, áður en slysið varð, hinn 26. janúar 1971 og hafi þá ekki komið fram athugasemd um annað en það, að hlífðargleraugu skyldu höfð við smergelskífur. Við skoðun, sem framkvæmd hafi verið eftir slysið, hafi ekki verið gefin nein fyrirmæli um úrbætur við sögina og ekki hafi verið gefin fyrirmæli um notkun hlífðarhjálms. Er því og haldið fram, að hlífðarhjálmur hefði ekki komið í veg fyrir slysið. Þá er á það bent, að stefnandi hafi lengi verið búinn að vinna trésmíðastörf og hafi hann verið gerkunnugur aðstæðum á vinnustað og búnaði og notkun umræddrar vélar. Hann hafi því átt að vita, hvenær þörf var fyrir sérstakan búnað, sem vélinni fylgdi, þ. e. framdrif og hlíf. Geti hann ekki sakað aðra um vanrækslu þá, sem hann hafi sjálfur sýnt í því efni. Þá er á það bent, að stefnandi hafi sjálfur átt öryggisgleraugu á vinnustaðnum og hafi honum borið að nota þau við umrætt starf, en vanræksla í því efni verði að meta honum til sakar. Er því og haldið fram, að það verði einnig að meta stefnanda til sakar, að hann hafi ekki bent verkstjóranum á, ef hann taldi öryggisgleraugu vanta á vinnustaðinn, en það hafi stefnanda borið að gera skv. 6. gr. laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952.

Ekki er unnt að fallast á það með stefnanda, að starfsemi sú, sem stefndi rekur, sé svo hættuleg eða einstakar vélar á verkstæðinu séu svo hættulegar, að um sé að ræða hættulegan atvinnurekstur samkvæmt reglum skaðabótaréttarins.

Júlíus Gunnarsson, verkstjóri stefnda, hefur skýrt svo frá, að hann hafi orðið var við aðskotahluti í timbri, sem unnið var úr á verkstæði stefnda. Hafi komið fyrir, að í timbrinu væru högl, byssukúlur og sprengjubrot. Einnig kveður hann tennur í carbidblöðum, sem notuð eru í umræddri sög, vilja brotna. Auga stefnanda með aðskotahlutnum í var sent til rannsóknar í Rannsóknastofu Háskólans, og var niðurstaða rannsóknar þar sú, að hlutur þessi hefði verið „gljáandi málmflís ekki magnetisk." Svo sem ál gefur carbidstál ekki segulsvörun. Ekki liggja fyrir óyggjandi upplýsingar um það, hvaðan málmflísin kom, sem lenti í auga stefnanda með fyrrgreindum afleiðingum. Það er álit dómsins, að hvort sem hún hafi verið úr mjúkum eða hörðum málmi, þá hafi hún annað hvort komið úr óþekktum hlut í sagarfarinu í viðarlistanum og verið þeytt í augað af sagarblaðinu eða að hún hafi komið úr sagarblaðinu sjálfu. Telur dómurinn yfirgnæfandi líkur fyrir því, að málmflísin hafi komið úr einni tönn sagarblaðsins, enda útiloka upplýsingar þær, sem fyrir liggja, ekki, að málmflísin geti verið úr carbidstáli. Þegar virt er vitneskja sú, sem fyrirsvarsmenn stefnda höfðu um hættueiginleika vélarinnar samkvæmt framburði Júlíusar Gunnarssonar, þá bar þeim að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af notkun vélarinnar. Bar þeim að sjá um, að nothæfar hlífar væru á vélinni eða að starfsmenn fengju til afnota fullnægjandi búnað til hlífðar augum. Engar hlífar voru á vélinni, og verður ekki annað ráðið af framburði Júlíusar en að vélin hafi almennt verið notuð án hlífðarbúnaðar. Þá er og fram komið, að á verkstæðinu var ekki annar hlífðarbúnaður fyrir augu en ein gleraugu úr plasti, sem stefnandi átti sjálfur. Stefnandi taldi gleraugu þessi óþægileg við vinnu á verkstæðinu og notaði þau ekki, svo sem hann hefur skýrt frá. Gleraugu þessi hafa verið lögð fram í málinu. Það er álit dómsins, að gleraugu þessi séu ekki hentug sem hlífðargleraugu við innivinnu sökum lélegrar loftræstingar og hættu á móðumyndun. Auk þess er plastið fyrir augunum matt og rispað, og skerða gleraugun sjón þess, sem notar þau. Verður að telja, að kostur hafi verið betri hlífðarbúnaðar, og bar fyrirsvarsmönnum stefnda að sjá um, að hann væri tiltækur. Verður það því ekki metið stefnanda til sakar, þótt hann notaði ekki gleraugun við starf sitt í umrætt sinn. Þá þykir það ekki heldur verða metið stefnanda til sakar, þótt hann benti fyrirsvarsmönnum stefnda ekki á þennan skort á öryggisbúnaði við vélina, þar sem almennt virðist hafa verið ætlast til og látið viðgangast, að starfs-

menn ynnu við vélina við þessar aðstæður. Af hálfu stefnda hefur ekki verið sýnt fram á önnur atvik, er ættu að leiða til þess, að stefnanda verði gert að bera tjón sitt að einhverju leyti sjálfur. Verður að líta svo á, að umrætt slys og tjón það, sem af því varð fyrir stefnanda, verði rakið til atvika, sem stefndi ber ábyrgð á sem vinnuveitandi stefnanda. Verður fébótaábyrgð á tjóni stefnanda að öllu leyti lögð á stefnda. Þykir það ekki eiga breyta neinu um niðurstöðu þessa, þótt ekki hafi verið gerðar athugasemdir af hálfu starfsmanna Öryggiseftirlits ríkisins varðandi búnað vélar þessarar við athuganir, áður en slys þetta varð.

Verður nú afstaða tekin til fjárhæðar dómkröfu stefnanda, en hún er sundurliðuð þannig:

1. Bætur fyrir örorkutjón			kr. 1.801.714
2. Útlagður kostnaður:			
Greitt Stefáni Guðnasyni fyrir örorkumat	kr. 2.000		
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjónsútreikning 11. maí 1971	— 4.000		
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjónsútreikning	— 3.000		
Greitt Þóri Bergssyni fyrir örorkutjónsútreikning 10. mars 1972	— 2.500	—	11.500
3. Miskabætur		—	600.000
		Samtals kr.	2.413.214

Kemur og fram í kröfugerð stefnanda, að frá þessari fjárhæð eigi að draga greiðslur þær, sem stefnandi hafi fengið, en þær séu þessar: dagpeningar frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 2.646, eingreiðsla örorkubóta frá sömu stofnun, kr. 238.960, og laun frá stefnda fyrstu fjórar vikurnar eftir slysið, kr. 27.663. Kemur þá fram fjárhæðin kr. 2.143.945.

Um 1. Stefán Guðnason læknir hefur metið örorku stefnanda af völdum slyssins. Í örorkumati læknisins, dags. 28. apríl 1971, segir svo um grundvöll þess og niðurstöðu:

„Slasaði var að vinna í trésmiðju við hjólsög, er flís hrökk í auga hans. Hann fór strax til Arnbjörns Ólafssonar, læknis í Keflavík, sem sendi hann þegar í stað í Landakotsspítala í Reykjavík.

Fyrir liggur vottorð Harðar Þorleifssonar augnlæknis, Reykjavík, dags. 12/3 1971, svohljóðandi:

„Ég undirritaður hef stundað Birgi Jónasson, Faxabraut 27, Keflavík, vegna augnslyss, sem hann hlaut þ. 22/1 1971, er hann var að saga timbur í vélsög á vinnustað. Mjög mikill áverki var á hægra auga, hornhimnan rifin þversum, augasteinn tættur og málmflís, sem var ál, náðist ekki.

Jókst erting í auganu til muna í annarri viku legunnar, en lá á Landakotsspítala 22/1—16/2 1971.

Þegar svo stendur á, er hinu auganu mikil hætta búin, og var hægra augað þess vegna fjarlægt 9/2 1971. Fannst álflísin á fyrirframáætluðum stað, innkýld í augnvegginn að innanverðu. Jafnframt var mikil blæðing inni í auganu og nethimnan laus.

Honum heilsaðist vel eftir augntökuna, en var óvinnufær til febrúarloka.“

Ályktun: Um er að ræða 38 ára gamlan trésmið, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmum 3 mánuðum með þeim afleiðingum, að hann missti hægra auga sitt.

Slasaði lá í Landakotsspítala 22/1 til 16/2 1971. Taka varð úr honum hægra augað 9/2 1971 vegna afleiðinga slyssins.

Slasaði var óvinnufær og fékk slysadagpeninga frá Slysadeildinni hér í rúman mánuð, eða frá 22/1 til 28/2 1971.

Ekki eru horfur á breyttu ástandi, og þykir því tímabært að meta nú þá örorku, tímabundna og varanlega, sem slasaði telst hafa hlotið vegna afleiðinga þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú greinir:

Frá 22/2 1971 til 28/2 1971 100%
Eftir það varanlega 25%.“

Á grundvelli örorkumats þessa hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað verðmæti taps áætlaðra vinnutekna stefnanda. Um grundvöll útreikningsins að öðru leyti og niðurstöðu segir svo í bréfi Þóris, dags. 11. maí 1971:

„Aldur.

Birgir er sagður fæddur 11. apríl 1933 og hefur því verið 37 ára á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattaframtölum Birgis árin 1969—1971 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1968 kr. 243.913.00
— 1969 — 241.232.21
— 1970 — 334.103.90

Birgir er trésmiður og hefur aflað þessara tekna sem slíkur. Ég hefi því umreiknað þær til kauplags nú samkvæmt breytingum á vinnutaxta trésmiða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar á næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega vinnutekjutapið sé 25% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 25%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap: v/tímab. ör.	v/varanl. ör.
1. árið eftir slysið	kr. 359.919.00	kr. 25.955.00	kr. 89.980.00
síðan árlega	— 359.919.00		— 89.980.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti þannig áætlaðs vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

vegna tímabundinnar örorku kr. 25.889.00
vegna varanlegrar örorku — 1.090.369.00

Samtals kr. 1.116.258.00

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir á rétt á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins.
3. Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Þórir hefur einng reiknað verðmæti taps áætlaðra vinnutekna stefnanda þrisvar síðar, síðast 10. mars 1975. Um grundvöll þessa útreiknings, að því leyti sem hann víkur frá grundvelli hins fyrsta útreiknings, og niðurstöðu hans segir svo í bréfi Þóris:

„Ég hef reiknað þetta tjón þrívegis áður, síðast með útreikningi dagsettum 16. marz 1973. Síðan hafa launataxtar trésmiða hækkað mjög mikið. Hins vegar hafa almennir vextir af spariinnlánum hækkað tvisvar. Einnig eru nú fyrir hendi nýjar íslenzkar eftirlifendatöflur. Það verður því að reikna tjónið algjörlega að nýju . . . . .

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum Birgis árin 1969—1971 hafa vinnutekjur hans þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið verið:

Árið 1968 kr. 243.913.00
— 1969 — 241.232.21
— 1970 — 334.103.90

Birgir er trésmiður og hefur aflað þessara tekna sem slíkur. Ég hef því umreiknað þær til kauplags nú samkvæmt breytingum á vinnutaxta trésmiða.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 25% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sé sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 25%:

	Áætlaðar vinnutekjur	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 367.975	kr. 25.955	kr. 91.994
2. — — —	— 447.127		— 111.782
3. — — —	— 562.372		— 140.593
4. — — —	— 818.438		— 204.610
5. — — —	— 915.880		— 228.970
Síðan árlega	— 924.193		— 231.048

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikning á verðmæti vinnutekjutaps hef ég notað tvær mismunandi forsendur um vexti.

Aðferð I: Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II: Notaðir eru sömu vextir og í aðferð I til 15. júlí 1974 og síðan 13% p. a. til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 25.889	kr. 25.889
Vegna varanlegrar örorku	— 2.104.468	— 1.689.041
Samtals	kr. 2.130.357	kr. 1.714.930

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir kann að hafa fengið greitt frá atvinnurekanda fyrst eftir slysið.
2. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Birgir á rétt á að fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins.

3. Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Áður hefur verið rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur íslenzkra karla samkvæmt reynslu áranna 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Þórir Bergsson hefur gert nánari grein fyrir grundvelli þessa útreiknings síns með bréfi, dags. 15. apríl 1975. Segir þar svo:

„Að gefnu tilefni vil ég undirritaður geta þess, að við umreikning tekna Birgis Jónassonar vegna slyss 22. janúar 1971 notaði ég breytingar á taxta trésmiða, þar sem hann vann sem trésmiður á trésmiðataxta, þegar slysið varð.

Það skal tekið fram, að ef notaður hefði verið taxti aðstoðarmanna iðnaðarmanna, hefði niðurstaða orðið mjög lík, en þó sennilega aðeins hærri varðandi varanlega örorku vegna láglaunabóta, er gilda frá 1. október s.l."

Fjárhæð þessa liðar dómkröfu stefnanda er byggð á fyrsta útreikningi Þóris Bergssonar, en því er jafnframt haldið fram, að ljóst sé af síðasta útreikningnum, að tapað verðmæti áætlaðra vinnutekna stefnanda sé hærra en hér er krafist. Því beri að taka kröfulið þennan til greina að fullu, þótt tekið sé tillit til greiðslna þeirra, sem stefnandi hefur fengið, og til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Af hálfu stefnda er fjárhæð þessa kröfuliðar mótmælt sem of hárri. Er á það bent, að stefnandi hafi haldið óskertum vinnutekjum eftir slysið og hann hafi haldið áfram starfi hjá stefnda. Einnig beri að draga frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og stefnda svo og greiðslur, sem hann kunni að hafa fengið úr samningsbundinni slysatryggingu. Þá er því haldið fram, að lækka beri fjárhæð þessa með tilliti til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis bóta sem þessara. Að lokum er því haldið fram, að miskasjónarmiða gæti mjög við læknisfræðilegt mat á örorku og beri að taka tillit til þess til lækkunar bóta samkvæmt þessum lið.

Leggja verður til grundvallar, að örorkumat Stefáns Guðnasonar sé mat á skertu aflahæfi stefnanda, byggt á læknisfræðilegum grundvelli. Þegar virt er það, sem hér hefur verið rakið um grundvöll kröfuliðar þessa, þykja bætur samkvæmt honum hæfilega ákveðnar kr. 1.100.000. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur þær, sem stefnandi hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins

og stefnda, og tekið tillit til hagræðis af eingreiðslu bóta og skattfrelsis þeirra. Ekki er komið fram, að stefnandi hafi keypt sérstaka slysatryggingu.

Um 2. Fjárhæð kröfuliðar þessa er byggð á framlögðum gögnum og hefur ekki sætt ákveðnum tölulegum andmælum, en af hálfu stefnda er talið, að kostnaður þessi falli undir málskostnað. Þykir því rétt að taka tillit til þessa kröfuliðar við ákvörðun málskostnaðar.

Um 3. Kröfuliður þessi er byggður á því, að af völdum slyssins hafi stefnandi hlotið mikinn og varanlegan áverka, er valdið hafi honum miklum sársauka, lýtum og varanlegum óþægindum og eigi hann rétt á sérstökum bótum af þeim sökum og sé fjárhæðinni í hóf stillt. Af hálfu stefnda er fjárhæðinni mótmælt sem allt of hárri. Hér að framan hefur verið lýst afleiðingum slyssins. Er ljóst, að stefnandi hefur orðið fyrir miklu áfalli. Hefur hann hlotið varanleg lýti og óþægindi. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 400.000.

Samkvæmt þessu verða úrslit málsins þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.500.000, þ. e. kr. 1.100.000 + 400.000, með vöxtum, sem ákveðast 7% ársvextir frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 290.000, þar með talinn kostnaður samkvæmt 2. kröfulið dómkrafna stefnanda og annar útlagður kostnaður undir rekstri málsins.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Gunnari H. Bjarnasyni verkfræðingi og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Rammi h/f, greiði stefnanda, Birgi Jónassyni, kr. 1.500.000 með 7% ársvöxtum frá 22. janúar 1971 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 290.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 2. desember 1977.

Nr. 48/1977. **Á. H. Magnússon & Co**
gegn
Magnúsi Thorlacius hæstaréttarlögmanni
f. h. P. Rogan skiptaráðanda vegna
Pennington Export-Import Ltd.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Á. H. Magnússon & Co, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 4.000 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Laugardaginn 3. desember 1977.

Nr. 38/1975. **Auður Jónsdóttir**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Sigurgísla Árnasyni
og gagnsök.
(Logi Guðbrandsson hrl.).

Fasteign. Verksamningur. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. mars 1975. Krefst hún þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 790.701 krónu með 7% ársvöxtum

frá 1. nóvember 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 8. september 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 3. s. m., og krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða sér 214.906.64 krónur með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973, en með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 11.000 krónum með vöxtum af þeirri fjárhæð, eins og greint var. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I. **Um kröfu gagnáfrýjanda, sem um er fjallað í aðalsök í héraði.**

Krafa þessi, 214.907 krónur, er vegna ógoldinna eftirstöðva af verkkaupi gagnáfrýjanda vegna smíði hússins nr. 11 við Sunnuveg. Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt kröfuna rétta, og verður hún tekin til greina, svo sem héraðsdómur hefur gert. Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt hér fyrir dómi, að framangreind krafa hans eigi að lækka um 11.000 krónur vegna gagnkrafna, sem aðaláfrýjandi eigi á hann. Verður að því vikið, er rætt verður um gagnsök í héraði.

II. **Um kröfur aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda, sem um er fjallað í gagnsök í héraði.**

Hér fyrir dómi hefur aðaláfrýjandi sundurliðað kröfur sínar á hendur gagnáfrýjanda á sama hátt og í héraði, þó með þeim breytingum, sem nú verða greindar: Hann hefur fallið frá 2. kröfulið um bætur að fjárhæð 3.000 krónur vegna leka á vegg í anddyri svo og 10. kröfulið um bætur að fjárhæð 4.000 krónur vegna kostnaðar við rúður í útihurð, en hvorugan þennan lið tók héraðsdómur til greina. Enn fremur lækkar hann 5. kröfulið um bætur vegna frágangs lóðar úr 15.000 krónum í 5.000 krónur, og er það einnig til samræmis við úrlausn héraðsdóms. Samtals hefur aðaláfrýjandi því lækkað gagnkröfur sínar um 17.000 krónur, eða úr 1.022.608 krónum í 1.005.608 krónur. Frá þeirri fjárhæð dregur aðaláfrýjandi

síðan hinar ógreiddu eftirstöðvar verkkaups samkvæmt því, er að framan var greint. Kemur þá út dómkrafa hans fyrir Hæstarétti, 790.701 króna.

Gagnáfrýjandi hefur viðurkennt hér fyrir dómi, að sér beri að greiða aðaláfrýjanda bætur samkvæmt 1. kröfulið hans, 3.000 krónur, samkvæmt 3. kröfulið, 3.500 krónur, og samkvæmt 8. kröfulið, 4.500 krónur, eða samtals 11.000 krónur. Að öðru leyti andmælir hann kröfum aðaláfrýjanda.

Um 1., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 11. kröfulið aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um þessa kröfuliði, en 2. og 10. kröfuliður koma ekki til álita fyrir Hæstarétti, þar sem aðaláfrýjandi hefur fallið frá þeim, eins og greint var.

Um 12. kröfulið aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi bar sem verktaki ábyrgð á rangri framkvæmd þess verks, sem hann tók að sér að vinna fyrir aðaláfrýjanda, einnig að því er tekur til verkþátta, sem undirverktökum var ætlað að leysa af hendi. Það var að vísu fyrir tilstuðlan eiginmanns aðaláfrýjanda, og að því er ætla verður án sérstaks samráðs við gagnáfrýjanda, að Baldur Bergsteinsson gerðist múrarameistari að húsinu í stað Páls Þorsteinssonar, áður en verk það var unnið, sem þessi kröfuliður er sprottinn af. Gagnáfrýjandi hreyfði þó engum athugasemdum við þeirri ráðstöfun, svo að séð verði, eða gerði fyrirvara um ábyrgð sína. Hann galt múrurum þeim, sem þetta verk unnu, kaup fyrir vinnu sína, og hann krefur aðaláfrýjanda um fulla greiðslu samkvæmt verksamningi, þ. á m. fyrir þennan verkþátt eins og aðra, sem verksamningur tók til. Verður að telja, að hann hafi fallist á ráðstöfun þessa. Með skírskotun til matsgerðar þeirra Ögmundar Jónssonar verkfræðings og Árna Guðmundssonar múrarameistara verður við það að miða, að þétting á þak-kverkum hafi ekki verið rétt framkvæmd. Ber gagnáfrýjandi ábyrgð á þessum mistökum gagnvart aðaláfrýjanda, en um ábyrgð Baldurs Bergsteinssonar eða annarra verður ekki fjallað í máli þessu.

Í héraðsdómi greinir, hvernig gagnáfrýjandi reiknar fjárhæð þá, er hann krefur aðaláfrýjanda um samkvæmt þessum kröfulið. Matsgerð þeirra Ögmundar Jónssonar og Árna Guðmundssonar þykir verða að skilja svo, að matsmenn telji ekki hafa borið nauðsyn til að brjóta upp þak-kverkarnar allar þrátt fyrir þá missmíð, sem á þeim var, og héraðsdómur gengur ekki gegn því áliti. Er rétt, eins og hér stendur á, að færa þennan kröfulið niður eftir álitum og taka hann til greina með 180.000 krónum.

Um 14. kröfulið aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta þá úrlausn hans, að aðaláfrýjanda beri bætur vegna þeirrar missmíði, sem hér er um fjallað. Mati héraðsdóms á tjóni gagnáfrýjanda hefur ekki verið hnekkt, og verður látið við það sitja.

Um 13. og 15. kröfulið aðaláfrýjanda.

Úrlausn héraðsdóms um þessa kröfuliði ber að staðfesta.

Um 16. kröfulið aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi krafðist þess í bréfi til gagnáfrýjanda 1. september 1970, að hann lyki verkinu og bætti úr nokkrum göllum, sem komið hefðu fram. Er úttekt verksins fór fram hinn 27. nóvember 1970, gerði aðaláfrýjandi þó engan fyrirvara um, að hún mundi hafa uppi kröfur á hendur gagnáfrýjanda um greiðslu fébóta vegna dráttar af hendi hans á framkvæmd verksins. Verður ekki séð, að aðaláfrýjandi hafi gagngert krafið gagnáfrýjanda um greiðslu samkvæmt févítisákvæði verksamningsins fyrr en í gagnstefnu til héraðsdóms, er út var gefin 18. ágúst 1972. Þykir þetta tómlæti aðaláfrýjanda hafa veitt gagnáfrýjanda ástæðu til að ætla, að hún hygðist ekki hafa uppi fjárkröfur vegna seinkunar, sem á því varð, að hann lyki verkinu. Verður fallist á niðurstöðu héraðsdóms um þennan kröfulið.

Samkvæmt framangreindu verða kröfur aðaláfrýjanda í gagnsök í héraði teknar til greina með 401.000 krónum

(13.500 + 3.500 + 7.000 + 5.000 + 6.000 + 3.000 + 9.000 + 7.500 + 6.500 + 180.000 + 160.000 krónur). Frá þeirri fjárhæð ber að draga hinar ógoldnu eftirstöðvar verkkaups gagnáfrýjanda, 214.907 krónur, samkvæmt því, er greinir um aðalsök í héraði. Verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda mismuninn, 186.093 krónur með 7% ársvöxtum frá birtingardegi gagnstefnu í héraði, 5. september 1972, til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en við málflutning fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu aðilja, að ekki væru gerðar kröfur um, að vextir yrðu dæmdir af þeim fjárhæðum, sem skuldajafna mætti.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 260.000 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sigurgísli Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Auði Jónsdóttur, 186.093 krónur með 7% ársvöxtum frá 5. september 1972 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 260.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. janúar 1975.

I.

Mál þetta var tekið til dóms 16. f. m.

Upphaflega er málið höfðað af Sigurgísla Árnasyni húsasmíðameistara, Brautarlandi 15, Reykjavík, með stefnu, birtri 19. október 1971, gegn Auði Jónsdóttur, Sunnuvegi 11, Reykjavík.

Með gagnstefnu, birtri 5. september 1972, höfðaði Auður Jónsdóttir, hér á eftir nefnd gagnstefnandi, gagnsök gegn Sigurgísla Árnasyni, hér á eftir nefndur aðalstefnandi, og með stefnu, birtri 8. janúar 1974, höfðaði gagnstefnandi framhaldssök í gagnsök gegn aðalstefnanda.

Dómkröfur aðalstefnanda í aðalsök eru nú þær, að gagnstefnanda verði dæmt að greiða honum kr. 214.906.64 með 7% ársvöxt-

um frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Í aðalsök eru dómkröfur gagnstefnanda þær, að skuldajafnað verði við kröfu aðalstefnanda í aðalsök kr. 214.906.64 jafnhárri gagnkröfu gagnstefnanda í gagnsök og framhaldssök, en sýknað verði af vaxtakröfu og málskostnaðarkröfu aðalstefnanda.

Dómkröfur gagnstefnanda í gagnsök og framhaldssök eru nú þær, að aðalstefnanda verði dæmt að greiða gagnstefnanda kr. 807.701.00 með 7% ársvöxtum frá 1. nóv. 1969 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í gagnsök og framhaldssök. Í gagnsök og framhaldssök krefst aðalstefnandi sýknu og málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda.

Aðalstefnandi hefur stefnt múrarameisturunum Páli Þorsteinssyni, Hjálmholti 6, og Baldri Bergsteinssyni, Stórageröi 27, svo og firmanu Byggingarefni h/f, öllum í Reykjavík, til þess að gæta réttar síns í málinu, en ekki gert kröfur á hendur þeim. Réttargæslustefndi Byggingarefni h/f hefur ekki látið sækja dómþing í málinu. Réttargæslustefndu Páll og Baldur hafa sótt þing í málinu, en síðar féll þingsókn af þeirra hálfu niður. Þessir réttargæslustefndu hafa ekki gert neinar kröfur í málinu.

Sáttaumleitanir dómsins hafa ekki borið árangur.

II.
AÐALSÖK

Málavextir eru þeir, að með verksamningi, sem dagsettur er 8. júlí 1969, tókst aðalstefnandi, sem er húsasmíðameistari, á hendur að reisa fyrir gagnstefnanda fyrsta áfanga einbýlishúss á lóðinni nr. 11 við Sunnuveg í Reykjavík á grundvelli arkitektteikninga Vífils Magnússonar og Þóris Baldvinssonar arkitekts og útboðslýsingar Gunnars H. Pálssonar verkfræðings og Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts.

Verkið var samkvæmt útboðslýsingu í stórum dráttum þetta:

a) Grafa fyrir húsinu, lögnum í grunni og utanhúss.
b) Steypa húsið upp.
c) Leggja allar lagnir í grunn og tengja vatn og frárennsli við götuæðar.
d) Ganga fullkomlega frá þaki að utan ásamt þakrennum og niðurföllum.
e) Múrhúða húsið að utan og hlaða skrautsteinum á kamínureykháf utan- og innanhúss.
f) Smíða og setja í glugga og úti- og anddyrishurðir og glerja.

g) Fylla að húsinu með viðeigandi fyllingarefni.
h) Ganga frá einangrun og þéttingu á svalir.

Samkvæmt verksamningi skyldi aðalstefnandi leggja til allt efni og alla vinnu, að því undanskyldu, að gagnstefnandi skyldi leggja til allt gler í glugga, allt steypustyrktarstál og raflögn í húsið.

Í verksamningnum segir m. a.:

„3. grein.

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verksala kr. 1.447.000.00, og eru allar greiðslur inntar af hendi af Þóri Helgasyni, Skeiðarvogi 7, Reykjavík. Eins og tekið er fram í útboðs- og vinnulýsingu, verða engar verðbreytingar teknar til greina.

4. grein.

Umsamið samningsverð skv. 3. grein innir verkkaupi af höndum sem hér segir:

1)	Þegar undirbúningsframkvæmd er lokið, mótatimbur komið á byggingarstað og grunnur grafinn	kr.	150.000.00
2)	Þegar undirstöður hafa verið steyptar	—	100.000.00
3)	Þegar steypu á kjallara er lokið	—	150.000.00
4)	Þegar plata yfir kjallara hefur verið steypt	—	80.000.00
5)	Þegar gluggar eru komnir á byggingarstað	—	90.000.00
6)	Þegar steypu á 1. hæð er lokið	—	225.000.00
7)	Þegar frágangi á svölum er lokið	—	40.000.00
8)	Þegar frágangi á þaki er lokið	—	149.650.00
9)	Þegar múrhúðun og hleðslu skrautsteina er lokið	—	150.000.00
10)	Þegar glerjun og frágangi hurða er lokið	—	80.000.00
11)	Þegar lokið er frárennslislögn	—	80.000.00
12)	Þegar frágangi er lokið inni	—	40.000.00
13)	Þegar frágangi er lokið úti	—	40.000.00
14)	Eftirstöðvar þegar verkinu er lokið og úttekt hefur farið fram	—	72.350.00
		Samtals kr.	1.447.000.00

7. grein.

Verkið skal vera traust og áferðargott og öll vinna og efni vandað til hins ýtrasta. Öll vinna, sem krefst fagþekkingar, skal unnin

af þaulreyndum þar til menntuðum mönnum, og á þetta ekki aðeins við um þá vinnu, sem sérstaklega er nefnd í útboðs- og vinnulýsingu að unnin skuli af nákvæmni og vandvirkni. Skal verksali haga ráðningu starfsmanna með tilliti til þessa. Verkkaupi eða eftirlitsmenn hans geta hafnað efni eða unnu verki, sem ekki er að þeim gæðum, sem þessi samningur áskilur, og getur verksali ekki borið það fyrir sig, að verkkaupi eða eftirlitsmenn hans hafi fylgzt með framkvæmdum. Þegar verksali ræður undirverktaka, skal verksali leita viðurkenningar verkkaupa á undirverktaka, en í engu breytist ábyrgð verksala á samningsskyldum gagnvart verkkaupa. Í útboðs- og vinnulýsingu er getið um efni og hluti, sem samþykkjast skulu af verkkaupa áður en verksali festir kaup á þeim.

8. grein.

. . . . . Að verkinu loknu skal verksali skila húsinu hreinu að innan, flytja burtu allan úrgang og rusl úr byggingunni og af byggingarstað og fylla að húsinu og ganga frá vinnustaðnum (lóð) í nokkurn veginn réttar hæðir skv. útlitsteikningu af húsi eins og segir í útboðs- og vinnulýsingu.

9. grein.

Verði verkið ekki unnið skv. uppdráttum og útboðs- og vinnulýsingu svo og ef eitthvað er van- eða ógert af hálfu verksala, þegar aðalúttekt fer fram, hefur verkkaupi rétt til þess að taka til sín af tryggingu skv. 13. grein þessa samnings upphæð, sem svarar kostnaði við að ljúka því, sem ógert er, eða lagfæra það, sem ábótavant kann að vera, og nota tryggingarféð til lagfæringar á þeim göllum, sem fram kunna að koma á tryggingartímabilinu, enda hafi verksala áður verið gefinn kostur á að bæta úr göllunum.

10. grein.

Hefja skal byggingarframkvæmdir nú þegar, og skuldbindur verksali sig til að hafa lokið verkinu eigi síðar en 1. nóv. 1969. Verði verkinu eigi lokið 1. nóvember 1969, skal verksali greiða verkkaupa kr. 1.000.00 — eitt þúsund krónur — í sekt fyrir hvern dag, sem byggingartími dregst á langinn. Verksali getur krafist framlengingar á fresti, og nær sú framlenging skilafrests aðeins til múrhúðunar og hleðslu skrautsteina á kamínustromp utanhúss, og er framlengingin háð því, að veður hamli nefndu verki að dómi beggja aðila. Ákvæði þetta er breyting frá því, sem segir í útboðs-

og vinnulýsingu, bls. 3, grein 7. Þegar kveða skal á um, hvort verksali eða verkkaupi geri það, sem unnt er til að efna skuldbindingar sínar, ber að taka til greina tafir vegna verkfalla, verkbanna, náttúruhamfara, stríðsráðstöfunar eða annarra óviðráðanlegra atvika. Nú vill verksali bera fyrir sig, að töf, sem orðið hefur á framkvæmd verksins, stafi af ástæðum, sem hann ber ekki ábyrgð á, og skal hann þá strax tilkynna verkkaupa það bréflega.

12. grein.

..... Alla galla, sem fram kunna að koma á verkinu innan eins árs frá því að verksali hefur lokið verkinu að fullu og um er að kenna ófullnægjandi frágangi eða efni, skal verksali bæta að fullu, enda setji hann fyrir því þá tryggingu, sem verkkaupi tekur gilda. Bæti verksali ekki úr galla svo fljótt sem auðið er eða verði ekki náð til hans í tæka tíð, má verkkaupi láta framkvæma viðgerð á kostnað verksala. Þá getur verkkaupi eftir almennum reglum krafist skaðabóta fyrir tjón vegna galla á verkinu, ef það verður ekki talið bætt að fullu með lagfæringu á gallanum. Komi gallar í ljós á verkinu eftir lok ábyrgðartímans, ber verksala að svara skaðabótum, ef þeir sannanlega stafa af hvers kyns slæmum vinnubrögðum hans eða starfsmanna hans.

13. grein.

Til tryggingar því, að verksali efni allar skyldur sínar skv. samningi þessum, afhendir hann verkkaupa bankatryggingu að upphæð kr. 217.000.00. ..... Auk þess hefur verkkaupi tryggingu í þeim fjárhæðum, sem standa kunna ógreiddar af samningsverðinu."

Aðalstefnandi virðist hafa lokið við að steypa húsið upp og setja þakið á fyrir 2. október 1969, en þann dag mun þakið hafa verið tekið út af byggingaryfirvöldum. Múrhúðun að utan dróst fram á árið 1970, og lauk aðalstefnandi ekki við verkið að fullu fyrr en 27. nóvember 1970, en þá var verkið tekið út.

Aðalstefnandi skýrir svo frá, að gagnstefnandi hafi aðeins greitt kr. 1.245.000.00 af því fé, kr. 1.447.000.00, sem gagnstefnandi hafi átt að greiða fyrir verkið. Standi því eftir kr. 201.385.00, sem gagnstefnandi skuldi. Aðalstefnandi kveðst auk þess hafa lagt aukalega til efni og unnið við húsið umfram það, sem felist í fjárhæðinni kr. 1.447.000.00. Þessi aukavinna og efni nemi samtals kr. 13.521.64. Samtals skuldi gagnstefnandi því kr. 214.906.64

(201.385.00 + 13.521.64). Í aðalsökinni gerir aðalstefnandi kröfur til þess, að gagnstefnanda verði dæmt að greiða þessa fjárhæð ásamt vöxtum frá úttektardegi og auk þess málskostnað að skaðlausu.

Gagnstefnandi mótmælti í fyrstu undir rekstri málsins fjárhæðinni kr. 13.521.64 sem of hárri. Í þinghaldi 21. febrúar 1974 var því hins vegar lýst yfir af hálfu gagnstefnanda, að fallið væri frá þeim mótmælum, og jafnframt var því lýst yfir, að fjárhæð aðalsakar, kr. 214.906.64, sætti ekki andmælum. Af hálfu gagnstefnanda er því hins vegar haldið fram, að sýkna eigi gagnstefnanda af kröfu þessari í aðalsök, þar sem krafan eigi að koma til frádráttar á kröfum gagnstefnanda í gagnsök. Á það hefur aðalstefnandi ekki viljað fallast.

Með hliðsjón af málavöxtum þykir rétt að afgreiða aðalsök sérstaklega. Ber gagnstefnanda að greiða aðalstefnanda í aðalsök kr. 214.906.64 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í aðalsök, sem ákveðst kr. 40.000.

III.
GAGNSÖK OG FRAMHALDSGAGNSÖK

Af hálfu gagnstefnanda er frá því skýrt, að stórlega hafi á það skort, að aðalstefnandi stæði við samningsskyldur sínar gagnvart gagnstefnanda. Bæði hafi verið um stórkostlegan afhendingardrátt að ræða og mjög verulega galla. Samkvæmt 10. gr. verksamningsins hafi verki stefnanda átt að vera fulllokið hinn 1. nóvember 1969. Því hafi þó farið fjarri, að svo yrði.

Hinn 1. september 1970 ritaði lögmaður gagnstefnanda bréf til aðalstefnanda. Þar segir m. a., að allar útihurðir vanti svo og anddyrishurð, ólokið sé frágangi svala, ólokið sé frágangi lóðar, á vanti, að frágangi þaks sé lokið, múrverki utanhúss sé ekki fullokið, bæta þurfi til fullnaðar úr verulegum leka með þaki, loftræstingu undir þakskeggi sé ábótavant og frágangi gluggakarma sé ábótavant. Var skorað á aðalstefnanda að ljúka verkinu innan 10 daga. Jafnframt var gagnstefnanda áskilinn allur réttur vegna vanefnda aðalstefnanda.

Af hálfu gagnstefnanda er skýrt svo frá, að hinn 27. nóvember 1970 hafi verið talið, að verkinu væri að mestu lokið. Fór og úttekt fram á verkinu þann dag. Aðalstefnandi mætti sjálfur við úttektargerðina, en af hálfu gagnstefnanda mættu Gunnar H. Páls-

son verkfræðingur og Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt. Undirrituðu þeir allir gerðina, sem er svohljóðandi:

„Úttekt á verki Sigurgísla Árnasonar á Sunnuvegi 11 í Reykjavík hefur farið fram og eftirfarandi athugasemdir gerðar:

1. Fylla að norðurvegg á svefnálmu upp í pússningamörk.
2. Skipta um rúður í grilli í anddyri vegna yfirstærðar þeirra, sem settar voru í. Gler ekki innifalið.
3. Gera þarf við múrverk við bílskúrsdyr og við hraunáferð yfir svaladyrum og á skásúlu að vestan.
4. Stækka inntak fyrir loftrás yfir grilli í útidyrum (Bora gat)".

Gagnstefnandi skýrir svo frá, að verulegir gallar hafi fljótlega komið í ljós á verki aðalstefnanda. Með bréfi, dagsettu 5. febrúar 1971, óskaði lögmaður gagnstefnanda eftir dómkvaðningu matsmanna. Hinn 22. febrúar 1971 voru dómkvaddir þeir Ögmundur Jónsson verkfræðingur og Árni Guðmundsson múrarameistari til að meta hið umbeðna, og skiluðu þeir matsgerð, sem dagsett er 14. maí 1972. Þar segir m. a.:

„Í matsbeiðninni er þess óskað, að kostnaðarþáttur matsins sé sérstaklega sundurliðaður, lið fyrir lið. Skilja matsmenn þetta svo, að matsliðirnir 1—7 (incl.) skuli metnir hver um sig. Ýmis atriði hafa bætzt við, eins og matsbeiðnin raunar gerir ráð fyrir. Þessi atriði verða felld undir sundurliðun matsbeiðninnar eftir því, sem bezt þykir við eiga, en einnig nýjum liðum aukið við.

1. matsliður: „Leki er með útihurð".

Illa er gengið frá þéttingu meðfram körmum útihurðar og þils. Sömuleiðis er opið inn að gyrði undir þili. Þéttinguna þarf að endurnýja.

Útihurðin hefur undizt nokkuð (verpzt inn á við ofan við handfang). Þéttiræmur hafa slitnað svo mikið, að sumsstaðar sér út með hurðinni. Taka þarf úr hurðarfalsinum þannig, að hurðin falli vel að. Síðan þarf að endurnýja þéttilista. Þess skal getið, að útihurðir verpast mjög oft, þó að öll vinnubrögð við þær séu í góðu lagi. Raka- og hitamunur úti og inni valda því.

Áferð á úti- og anddyrishurð ásamt panelveggjum er ekki nægilega góð.

Kostnaður við þennan matslið er metinn á kr. 13.500.00.

Hvað handfangi viðvíkur (sjá Nr. 7 og Nr. 8) sjáum við ekki ástæðu til mats.

2. matsliður: „Leki er á vegg í anddyri (bakvegg reykháfs)".

Eins og getið er um hér að framan, er búið að gera við þennan

leka. Gögn um kostnað munu liggja fyrir og því ekki tilefni til mats.

Talið er, að óeðlilegur leki sé um reykopið niður í arininn. Af „arkitektónískum" ástæðum er reykháfsflöturinn að ofan óvenjulega stór og lagður skrautsteinum. Matsmenn telja, að eðlilegt hefði verið að múra lága brík meðfram opinu, sem ekki þurfti að vera til lýta, en hefti vatnsrennslið. Fyrirmæli um þetta sjást ekki á teikningum eða lýsingum.

Ekkert er metið til peninga vegna 2. matsliðar.

3. matsliður: „Leki með glerjum í gluggum í stofu".

Eins og áður er greint, hafa matsmenn ekki fundið þennan leka.

Sá leki með gluggapósti, sem matsmenn sáu þ. 31. 8. 1971, telja þeir, að sé óverulegur. Eðlilegt er, að eftir langa þurrka komi slíkt fyrir.

Ekki tilefni til mats.

4. matsliður: „Leki er undir glugga í stofu. Glugginn er ekki steyptur í að neðanverðu."

Í Nr. 6 segir (bls. 15): „Allir gluggar steypist inn."

Í Nr. 5 er þétting smærri glugga nákvæmlega sýnd á sérmynd 8, en sérmynd 11, sem á við stærri gluggana, sýnir ekki þéttinguna.

Áður er skýrt frá því, að nú fannst enginn leki, en vinstra megin virðist aðeins þéttað með tjörusvampi. Hægra megin varð ekki betur séð en þéttingin væri eðlileg. Taka þarf tjörusvampinn burtu og ganga frá þéttingu eins og við aðra glugga. Kostnaður er metinn á kr. 3.500.00.

5. matsliður: „Leki er inn á gólf í barnaherberginu á suðurhlið. Veggir þar gegnsósa af raka."

Þegar er búið að gefa lýsingu á orsökum lekans. Það var galli á framkvæmd þéttingarinnar, þ. e. holrúmið innan við rappnetið, sem olli lekanum. Ummerki þess, að hönnun þéttingarinnar sé áfátt, hafa ekki komið fram og því ekki tilefni til að leggja til breytingu á henni við endurbætur. Þó verður að taka tillit til hinna breyttu aðstæðna. Við endurnýjun þéttiblikksins verður að laga smíði þess eftir stærð úrtaksins (sbr. hér að framan). Einnig verður að gæta þess, að blikkið veiti vatni, án þess að valda tjóni, út fyrir vegginn, ef til óhappa skyldi koma. Einnig leggjum við til að nota galvaníserað vírnet í stað rappnets.

Metinn verður kostnaður við að brjóta upp, ganga frá til bráðabirgða (þetta verk hefur þegar verið unnið), endurnýja þétting-

una í margumræddri kverk og siliconbera; að sjálfsögðu bæði efni og vinna. Kostnaður metinn á kr. 27.000.00.

Hér hefur aðeins verið rætt um kverkina þar, sem lekinn kom fram. Í ljós kom, að víðar er holt bak við rappnetið. Einnig fellur „svuntan" illa að þar, sem þéttingin er þvert á báru. Hér er um óvandvirkni að ræða, en einskis leka hefur þó enn orðið vart af þessum sökum (að undanskildum áðurnefndum leka).

Það er kunnugt, að mjög er hætt við skemmdum þar, sem þakjárn skeytist við steyptan og múrhúðaðan vegg. Matsmenn hafa enn ekki af reynslu kynnzt frágangi, sem ekki væri viðhaldsfrekur. Meginatriði er að gera þegar í stað við skemmdir, sem fram koma. — Eins og er, sjást ekki merki um skemmdir nema í kverkinni yfir bóndaherbergi og ekki vísbendingar um, að þær séu á næstu grösum. Við teljum því ekki knýjandi nauðsyn til að endurnýja allar þéttingarnar að svo stöddu og jafnvel vissa áhættu tengda slíkri aðgerð, t. d. brot á steinsteypubrúnum. Tillaga matsmanna er því sú, að siliconbera ofan við bárujárnið til vatnsvarnar og hafa nánar gætur á, hvernig þéttingin hefst við. Í óvandvirkni framkvæmdanna felst mjög aukin hætta á skemmdum og meiri viðhaldskostnaði. Matsmenn hafa því, auk siliconburðarins, metið bætur vegna þessarar áhættu. Hæfilegt mat telst kr. 80.000.00.

Viðgerðir, aðallega málning í bóndaherbergi, á millivegg og teppi (ásamt filti) í barnaherbergi höfum við metið á kr. 7.000.00.

Við sjáum ekki ástæðu til að ætla, að einangrun hafi spillzt til langframa né að vatnsleiðslur hafi skemmzt.

Samanlagt mat við þennan lið kr. 114.000.00.

6. matsliður: „Frágangur lóðar er ófullnægjandi."

Kostnað við það, sem á vantar á samningsbundinn frágang lóðar, teljum við hæfilega metinn á kr. 15.000.00.

7. matsliður: „Ýmsir hnökrar á múrverki utanhúss".

Ekki þykir ástæða til að rekja hvert atriði í göllum múrhúðunar, en teljum hæfilegt að meta úrbætur í heild á kr. 6.000.00.

Skulu nú metin þau atriði, sem ekki er talið henta að fella undir matsliði matsbeiðninnar.

I. Svalahurð.

Við teljum, að endurnýja þurfi þéttingu meðfram körmum svalahurðar og glugga við hlið hennar. Kostnaður er metinn á kr. 3.000.00.

Skv. Nr. 8 var glerlisti við svalahurð ekki talinn skemmdur við

úttekt. Við getum ekki tekið afstöðu til ágreinings um þetta atriði.

Fúga á spjaldi við svalahurð að utan er ekki sýnd á sérteikningu 18 á Nr. 5.

II. Negling á þakjárni ofan við bónda- og barnaherbergi og endurnýjun einstakra nagla annars staðar.

Naglarnir eru lausir á þaki yfir bónda- og barnaherbergi. Þá þarf að draga úr og setja skrúfaða nagla með undirlagsskífum í staðinn. Auka þarf neglinguna þannig, að á 1,0 m breiðri randræmu með svölum og upp með suðausturhlið verði 18 naglar á m^2, og á horninu, 1,0 m á hvorn veg, 24 naglar á m^2. Kostnaður metinn alls á kr. 9.000.00.

III. Rúður í „grilli" ofan við útihurð.

Rúðurnar eru of stórar.

Kostnað við að taka þær úr og setja í nýjar af réttri stærð teljum við hæfilega metinn á kr. 7.500.00. Kostnaðarverð rúðanna sjálfra er þar ekki meðtalið.

IV. Rúður í útihurð.

Rúðurnar eru gallaðar. Kostnað við að endurnýja þær, efni og vinna, teljum við hæfilega metinn á kr. 4.000.00.

V. Þétting með svalavegg.

Höggva verður upp múr og múra að nýju með galvaníseruðu múrhúðarneti. Kostnaður metinn á kr. 6.500.00."

Samkvæmt beiðni gagnstefnanda voru hinn 27. september 1972 dómkvaddir tveir matsmenn, verkfræðingarnir dr. Ragnar Ingimarsson og Ríkarður R. Steinbergsson, til að meta galla á þaki yfir fjölskylduherbergi. Skiluðu þeir matsgerð, sem er dagsett 26. júní 1973. Í matsgerðinni segir m. a.: „Við skoðun kom í ljós, að rakaskemmdir hafa orðið í norðaustur horni fjölskylduherbergis upp við loft ca 10 cm niður eftir horninu. Einnig kom í ljós, að töluverð rakamerki voru í barnaherbergi, sem liggur að fjölskylduherberginu. Rakamerki þessi voru niður við gólf meðfram suður- og austur veggjum og náðu allt að 30 cm inn á gólfið. Beinar skemmdir í þessu herbergi hafa ekki orðið aðrar en hrúðurmyndun á veggjum, niður við gólf á umræddu svæði. Teppi er á gólfinu, og hefur það ekki skemmzt. Við skoðun á svalagólfi, sem

myndar jafnfram þak yfir fjölskylduherbergi kom í ljós, að flísar (asbest), sem mynda slitlag á svölunum, voru víða skekktar og var holt undir þeim. Ekki var við skoðunina hægt að gera sér grein fyrir orsökum rakaskemmda þeirra, sem fyrr eru nefndar. . . . . .

Laugardaginn 23. júní, að morgni, fóru matsmenn enn á vettvang. Þeir höfðu tilkynnt Byggingarefni h.f. um vettvangsgöngu, og mætti Eyþór Ólafsson að Sunnubraut 11 vegna þess. Skoðun beindist fyrst að frágangi á pappalögn við suðurvegg á svefnálmu. Múr var höggvinn frá þéttiskinnu, sem virtist vera úr áli, og kom ekkert fram, sem benti til, að frágangi væri áfátt að því er þéttingu snerti. Aftur á móti kom í ljós, að flísar voru aðeins límdar að hluta, og var auðvelt að losa sumar upp. Sérstök athugun fór fram á austurvegg hússins, utanverðum, við norð-austur horn svalanna. Við múrhögg kom í ljós, að steinsteypan og múrhúðun var óvenjulega rök, sem benti til, að nokkuð stöðugt rakastreymi ætti sér stað að þessum byggingarhluta. Við múrhöggið komu í ljós smásprungur í steinsteypu austurveggjarins. Við teljum þessar sprungur ekki geta verið orsök leka, enda var yfir þeim sterk og ósprungin múrhúðun. Aftur á móti gætu þessar sprungur hjálpað til að dreifa raka um vegginn. Í lok skoðunar (Eyþór var þá farinn) var ákveðið að taka upp flísar og málmkant á austurhlið svala. Var þetta gert á rúmum 1 m kafla síðar um daginn. Kom nú í ljós, að vatn hafði komizt inn í svalagólfið. Frágangur á brún svalanna er sýndur á meðfylgjandi skissu (matsskjal nr. 1). Var ljóst, að vatn hafði komizt niður milli efsta pappalags og eirskinnu, síðan undir eirskinnuna og niður á steypta vegginn, undir neðri pappalögn og í bil milli veggbrúnar og einangrunar. Eirskinnan virtist víða vera laus við pappalögin, og vatn átti því greiða leið fyrir hana. Ljóst var, að einangrunin var orðin ónýt næst veggbrúninni, hefur hún molnað niður vegna frostverkana. Rauf var milli einangrunar og veggbrúnar, og á vatn greiða leið þar um inn að suðurvegg svefnherbergisálmunnar. Við athugun á járnateikningu er ljóst, að komist vatn að steypuskilum veggjar og svala (eftir fyrrgreindri leið), á það greiða leið meðfram gólfi í barnaherbergi og getur jafnframt sogast (með háræðakrafti) inn á loft fjölskylduherbergis.

Niðurstöður matsmanna:

Við teljum, að með ofangreindu sé að fullu skýrð orsök rakaskemmda á barna- og fjölskylduherbergi. Verði það, sem áfátt er,

lagfært, er ekki að vænta frekari skemmda í nefndum herbergjum.

Matsmenn telja, að nauðsynlegt verði að taka upp flísalögn á svalagólfinu, þar sem ljóst er, að mikill hluti flísanna er ekki að fullu límdur á köntum, og kemst vatn því undir þær og því viðbúið, að með samverkun frosts og vatns muni þær losna smátt og smátt og skekkjast.

Við endurbætur teljum við nauðsynlegt að fjarlægja allar flísar af svalagólfinu svo og málmþynnu við brún. Viðbúið er, að endurnýja þurfi hluta af einangrun, efra lagi næst veggbrún. Við fjarlægingu flísa er viðbúið, að efsta pappalagið skemmist, og verður því að ganga út frá, að nauðsynlegt verði að jafna það með asfaltmassa, áður en nýtt lag er lagt. Þegar efsta pappalag hefur verið endurlagt (Sikoral-Al), verði lagðar flísar ofan á pappann, þannig að undir þær komist ekki vatn.

Við erum þeirrar skoðunar, að frágangur á svalakanti skuli vera með öðrum hætti en nú er. Teljum við nauðsynlegt að pappalögin séu vel límd við veggkantinn og nái að minnsta kosti eitt lagið niður á vegginn. Við teljum einnig nauðsynlegt að tryggja samlímingu eirþynnunnar og pappalaganna betur en gert hefur verið.

Skemmdir, sem orðið hafa innanhúss, teljum við það litlar, að nægja muni að spartla þær og blettmála.

Nokkrar viðgerðir á múrhúðun og málningu þarf að gera vegna athugana matsmanna.

Kostnað við viðgerðir og endurbætur í samræmi við ofangreint metum við eftirfarandi:

Viðgerð á svalagólfi:

Við teljum, að unnt verði að ná hluta af flísum óskemmdum af svalagólfinu, en nauðsynlegt verði að fjarlægja allar flísarnar af gólfinu. Við áætlum, að helming flísanna megi nota aftur, eftir að þær þær hafa verið hreinsaðar. Við áætlum jafnframt, að mjög lítið þurfi að endurnýja af einangrun (frauðgleri) og nota megi eirþynnur á ný. Við höfum reiknað með endurbótum á pappalögn við veggbrúnir, lagfæringu undir efsta pappalag (eftir að flísar hafa verið teknar af) og endurlagningu þess pappalags og flísa. Kostnaður telst hæfilega metinn kr. 56.400.00, þar af efni kr. 23.400.00 og vinna kr.

33.000.00 ..... kr. 56.400.00

Málun og lýtabætur innanhúss:
Við teljum, að kostnaður við viðgerðir innanhúss svo og bætur vegna lýta sé hæfilega metinn kr. 3.000.00 ..... kr. 3.000.00

Viðgerðir á múrhúð:
Við teljum, að viðgerðir á suðurvegg við svalagólf svo og vegna athugana matsmanna séu hæfilega metnar á kr. 2.500.00 ..... kr. 2.500.00

Samtals kr. 61.900.00
10% ófyrirséð — 6.200.00

Alls kr. 68.100.00"

Hinn 18. júlí 1973 voru matsmennirnir dr. Ragnar Ingimarsson og Ríkarður Steinbergsson dómkvaddir til að endurskoða fyrra mat og framkvæma nýtt mat. Skiluðu þeir matsgerð (viðbót), sem dagsett er 7. janúar 1974. Er sú matsgerð svohljóðandi: „Hinn 26. júní 1973 skiluðum við undirritaðir matsgerð í matsmálinu nr. 78/1972. Matsgerðin var samin vegna dómkvaðningar Bjarna K. Bjarnasonar, borgardómara, dags. 27. sept. 1972.

Niðurstöðum matsmanna í nefndu matsmáli er lýst á bls. 4—5 í matsgerðinni. Að því er lítur að viðgerð svalagólfs, var gert ráð fyrir, að aðeins þyrfti að endurnýja óverulegan hluta af einangrun þess, lagfæra kantfrágang, endurnýja pappalögn og hluta af flísum.

Þegar viðgerð á þessu þaki hófst, voru matsmenn tilkallaðir, þar eð í ljós kom, að skemmdir voru mun umfangsmeiri en álitið hafði verið. Þannig kom í ljós, að pappalög höfðu víðast losnað frá frauðglereinangrun, vatn var komið undir einangrun mjög víða og einangrunarefnið sjálft var mikið brotið. Mátti heita, að vatn lægi yfir mestan hluta steyptu plötunnar. Það vakti athygli skoðunarmanna, að vatnshalli var fenginn á svalagólfið með því að sneiða til frauðglerplöturnar fremur en að steypa gólfplötuna með halla. Vegna fjarvistar gat aðeins annar matsmanna mætt við skoðun.

Þá kom í ljós, að þéttilisti úr málmi, sem komið er fyrir í kverk við húsvegg, var ekki felldur inn í vegginn, eins og venja er,

heldur illa negldur í steinvegginn, áður en múrað hafði verið. Þéttiefni var þó undir listanum. Við skoðun á þeim asbestflísum, sem losaðar höfðu verið af svalagólfinu, varð ljóst, að þær höfðu orðið fyrir það miklu hnjaski, að þær yrðu ekki endurnotaðar.

Þegar þessar skemmdir komu í ljós, var ekki um annað að ræða en hreinsa algjörlega ofan af steyptu plötunni og byggja upp svalagólfið á ný.

Með hliðsjón af ofangreindu höfum við metið þann viðbótarkostnað, sem samfara er hinum auknu viðgerðum. Reiknum við nú með, að flísar, pappi og einangrun verði fjarlægt ofan af steyptu plötunni, allri. Síðan verði þakið einangrað og frágengið í samræmi við upphaflega verklýsingu með þeim undantekningum, sem nefndar eru í upphaflegri matsgerð.

Kostnað umfram þann, sem fram kemur í fyrri matsgerð, teljum við hæfilega metinn á verðlagi í júní 1973:

Vegna viðgerða á svalagólfi (viðbót):	
Fjarlæging á pappa og einangrun, hreinsun svalaplötu, lögn á nýju frauðgleri, lögn á tveim pappalögum, innfelling kverklista og viðbótarflísar. Efni kr. 62.400.00 og vinna kr. 52.600.00 ..	kr. 115.000.00
Viðgerðir utanhúss (viðbót):	
Aukin múr- og málningarvinna kr. 6.000.00	kr. 6.000.00
Samtals	kr. 121.000.00
5% ófyrirséð	— 6.000.00
Viðbótarkostnaður metinn	kr. 127.000.00
Kostnaður samkvæmt mati frá 26/6/73	— 68.100.00
Alls	kr. 195.100.00“

Aðalstefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi hinn 24. apríl 1974. Var þá m. a. fært til bókar: „Aðalstefnandi kveðst hafa ráðið Pál Þorsteinsson til að vera múrarameistara á húsinu við það verk sem aðalstefnandi tók að sér. Hann kveðst hins vegar ekki hafa fengið vitneskju um, að skipt var um múrarameistara á húsinu 17. mars 1970, fyrr en þau skipti höfðu farið fram. Álítur aðalstefnandi, að eiginmaður gagnstefnanda, Þórir Helgason, hafi annast þessa breytingu á múrarameistara hússins. Aðalstefnandi

telur, að hann hafi fengið vitneskju um hinn nýja múrarameistara, skömmu eftir að skiptin fóru fram. Hann segir, að Páll Þorsteinsson hafi í raun haft verkstjórn á hendi við að taka á móti steypunni, þegar húsið var steypt, og annast almennt starf múrarameistara við uppsteypuna. Múrhúðun utanhúss önnuðust múrarar múrarameistarans Baldurs Bergsteinssonar. Múrarar þessir önnuðust múrhúðun innanhúss undir verkstjórn Baldurs og án þess að mætti hefði nokkur afskipti af múrhúðun innanhúss eða ráðningu þeirra við það verk. Þegar múrarar þessir höfðu lokið við að múrhúða innanhúss, varð samkomulag um það milli mætta, Baldurs og Þóris, að þessir sömu múrarar múrhúðuðu húsið að utan. Mætti segir, að hann hafi orðið að bíða dálítið eftir því, að múrararnir lykju við að múrhúða innanhúss og gætu byrjað að múrhúða að utan. Einnig hafi verið verkfall í júnímánuði, allsherjarverkfall, að áliti mætta, sem einnig hafi leitt til þess, að töf varð á því, að múrhúðun utanhúss gæti haldið áfram. Verkfall þetta hafi staðið í rúman mánuð, en tafir af völdum þess, að múrarar Baldurs Bergsteinssonar voru upptéknir í innanhúss múrhúðun og vegna þess, að skipt hafði verið um múrarameistara, hafi verið um tveir og hálfur mánuður. Skýrir mætti þetta þannig, að ef ekki hefði verið skipt um múrarameistara að honum fornspurðum, hefði Páll Þorsteinsson getað byrjað á að múrhúða utanhúss um miðjan mars 1970. Mætti kveðst hafa greitt múrurunum, sem múrhúðuðu að utan, kaup fyrir vinnu sína beint. Þóknun í peningum greiddi mætti Baldri ekki, en hann kveðst þess í stað hafa annast lagfæringu á múrverki innanhúss fyrir Baldur og séð um að standa skil á opinberum gjöldum vegna starfsmannanna. Hafi verið um einhverja verkstjórn á múrverkinu utanhúss að ræða, muni Baldur hafa annast þá verkstjórn, en mætti, sem á þessum tíma var ekki mikið við húsið, varð ekki mikið var við Baldur, en telur, að múrararnir geti upplýst það betur. Mætti kveðst hafa ætlast til þess, að Páll Þorsteinsson yrði múrarameistari á húsinu, á meðan mætti var að ljúka verkinu, sem hann tók að sér samkvæmt verksamningnum. Segir mætti, að það sé hans álit, að Baldur Bergsteinsson beri sem múrarameistari ábyrgð á göllum á múrhúðun utanhúss og innan. Mætti tekur fram, að Páll Þorsteinsson hafi byrjað á múrhúðun utanhúss haustið 1969 og hafi starfsmenn unnið þar tvo daga, en þurft að hætta verkinu vegna veðurs. Í þessu sambandi vísar mætti til 10. gr. verksamningsins, sem heimili framlengingu skilafrests á múrhúðun. Mætti tekur fram, að verkkaupi hafi átt að leggja til

allt gler í glugga. Það hafi ekki komið á byggingarstað fyrr en í febrúar 1970. Þórir Helgason hafi borið fram þá ósk, að glerið yrði ekki sett í glugga, fyrr en múrhúðun utanhúss væri lokið. Mætti man nú ekki nákvæmlega, hvenær múrhúðun var lokið. Þegar múrhúðun var lokið, var eftir að setja í glerið, útihurðir og ganga frá svölum. Mætti tekur fram, að í 7. tl. útboðs- og vinnulýsingar sé gert ráð fyrir, að grjót á kamínustromp skyldi vera Drápuhlíðargrjót, sem afgreiðast skyldi frá sölustað í Reykjavík eða Kópavogi. Slíkt grjót hafi verið til í Reykjavík og lítils háttar í Kópavogi. Verkkaupi hafnaði því grjóti vegna þess, að Þórir taldi, að ekki væri réttur litur á því grjóti. Varð það til þess, að mætti lagði upp í leiðangur vestur að Drápuhlíðarfjalli og náði þar í grjót, og hafði mætti þá fengið nákvæma lýsingu verkkaupa á þeim lit á grjóti, sem verkkaupi gat fellt sig við. Mætti kostaði flutninginn á grjótinu og vinnu við að koma því á byggingarstað. Hann kveðst hafa haft aukakostnað af því að verða sjálfur að ná í grjót, sem verkkaupi gat fellt sig við. Mætti áætlar, að aukakostnaður við að sækja grjótið vestur hafi numið um kr. 10.000.00 miðað við verðlag á þeim tíma. Grjótið kom á byggingarstað í byrjun júlí og var sett á í framhaldi af múrhúðun utanhúss. Mætti tekur fram í sambandi við smíði á gluggum, að verkkaupi hafi verið mjög vandlátur á smíði þeirra og hafi hann orðið að þrísmíða suma gluggana, og urðu verulegar tafir á verkinu vegna þessara aðfinnslna verkkaupa, sem mætti kveðst hafa bætt úr, þar til verkkaupi hafi verið ánægður með efni og smíði. Trésmiðja Árna og Þorsteins á Selfossi annaðist smíði glugganna. Hafði mætti einnig gert samning við þessa trésmiðju um smíði útidyrahurðanna, en verkkaupi gerði kröfu um það, að annar aðili smíðaði útihurðirnar vegna fyrri reynslu verkkaupa á smíði glugganna, enda þótt Þórir Helgason hafi eindregið mælt með því í upphafi, að Trésmiðja Árna og Þorsteins önnuðust smíðar á þessum hlutum. Varð mætti þá að gera samning við annað verkstæði við að smíða útihurðir og karma. Olli það töfum á verkinu og aukakostnaði. Þegar útihurðir og karmar komu, byrjuðu aðfinnslur verkkaupa á ný, og varð mætti að láta smíða sumt af þeim tvisvar, og hafði þetta í för með sér mikinn aukakostnað. Mætti telur, að aðfinnslur verkkaupa hafi ekki verið réttmætar, en hann kveðst hafa leitast við að gera verkkaupa til hæfis og því látið endursmíða hlutina. Mætti segir, að þegar úttekt fór fram 27. nóvember 1970, hafi verið svo áliðið vetrar, að ekki hafi verið unnt þá að fylla að norðurvegg og einnig útilokað að gera

við múrverk, sbr. 3. tl. í úttektargerð, hafi þessi verk þá ekki verið unnin strax. Mætti kveðst hafa látið bora gat skv. 4. tl. úttektar, en ekki skipt um rúður, þar sem verkkaupi hafi ekki útvegað gler skv. 2. tl. úttektarinnar. Rætt var um við úttektina, að múrverkið samkvæmt 3. tl. yrði verðlagt á einhverja lága fjárhæð, 1.200.00—1.800.00 kr. Hins vegar hafi verið umdeilt, hvort mætti ætti að fylla að norðurvegg skv. 1. tl. úttektar. Hann kynnir sér uppdráttinn, dskj. nr. 44, og segir, að sá uppdráttur hafi fylgt með útboðsgögnum, þegar verksamningur var gerður, og eftir þessum uppdrætti hafi hann átt að fara skv. 8. gr. verksamningsins. Þegar til þess kom að jafna lóðina, hafi Þórir hins vegar komið með nýja teikningu af lóðinni og óskað þess, að mætti jafnaði út lóðina eftir þeirri teikningu. Kveðst mætti hafa fallist á að fara eftir hinni nýju breytingu og talið sér það skylt skv. 5. gr. verksamningsins. Kostnaður við þessa breytingu hafi þó verið smávægilegur, en mætti telur, að hann hafi gengið frá lóðinni svo sem síðari teikningin gerði ráð fyrir. Þá teikningu hefur mætti ekki undir höndum. Hann segir, að aðeins eitt eintak af henni hafi verið til staðar og hafi Þórir fengið það aftur. Mætti tekur fram, að hann hafi gengið frá lóðinni nokkurn veginn í réttar hæðir, sbr. 8. gr. verksamningsins, skv. hinni nýju teikningu. Jöfnun lóðarinnar fór fram í september eða október 1970. Mætti kveðst ekki hafa krafið verkkaupa um sérstakt endurgjald vegna breytingarinnar. Mætti telur sig ekki hafa vanefnt þann hluta verksins, sem varðar jöfnun lóðar. Mætti tekur fram, að hann hafi orðið að setja plast til bráðabirgða í glugga, vegna þess að glerið, sem verkkaupi hafi átt að leggja til, kom ekki fyrr en í febrúar, eins og fyrr segir. Þetta hafði í för með sér verulegan aukakostnað. Mætti kveðst nú hafa kynnt sér, hvenær múrverki lauk, og hafi öllu múrverki verið lokið um miðjan ágúst nema múrverki í kringum hurðir. Hann tekur fram, að þegar kom að áætluðum skildegi skv. verksamningi, hafi hann rætt við Þóri um skil á verkinu. Hafi Þórir þá lýst því yfir, að hann mundi ekki beita dagsektum skv. samningi, vegna þess að tafirnar væru með þeim hætti, að dagsektir ættu ekki við, enda væru sumar tafirnar vegna þess, að verkkaupi hafi ekki getað lagt til það efni, sem honum bar, á réttum tíma. Þegar kom fram á árið 1970, var mætta ljóst, að verkið yrði kostnaðarsamara heldur en verksamningurinn hljóðar upp á og verkkaupi hafi heldur ekki staðið í skilum með greiðslur, sem samið var um. Hafi þetta leitt til þess, að verkið dróst meira en ella hefði orðið. Mætti segir, að frá

kverkum hafi verið gengið, svo sem gert hafi verið ráð fyrir á teikningu, nema kverkinni yfir húsbóndaherbergi. Þeirri kverk hafi verið breytt samkvæmt ósk verkkaupa þannig, að þakið var lækkað, eftir að búið var að steypa sperrur í. Lækkunin var þó aðeins gerð að framan og þar með aukinn hallinn. Mætta minnir, að þessi síðastgreinda breyting hafi verið gerð í ágúst eða september 1969. Þórir vann sjálfur að þessari breytingu með frænda sínum, sem ekki var fagmaður, en mætti hjálpaði þeim við breytinguna. Mætti kveðst ekki hafa viljað samþykkja þessa breytingu nema með leyfi verkfræðingsins, Gunnars Pálssonar, sem hafi samþykkt breytinguna, en verkfræðingurinn hafi tekið fram, að þá væri æskilegt að stytta sperruna, sem lá að veggnum, þannig að hún stæði ekki framundan þakbrúninni, en engin endanleg ákvörðun var tekin um þetta, þegar um þetta var rætt. Mætti kveðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar matið á dskj. nr. 37 fór fram. Mætti kveðst hafa fengið Byggingarefni h.f. til þess að ganga frá svölum og hafi verið um það samið, að þetta fyrirtæki annaðist frágang í samræmi við 9. gr. í útboðslýsingu. Menn frá þessu fyrirtæki hafi byrjað á fráganginum, en fyrirtækið reyndist ekki hafa nægan mannskap til þess að ljúka verkinu og réð mætti menn til þess að klára verkið, og tók Þorsteinn Oddsson að sér að vinna það, sem eftir var af verkinu, undir verkstjórn Sigvalda Jóhannssonar, verkstjóra Byggingarefnis h.f. Segir mætti, að ábyrgðaryfirlýsingin á dskj. nr. 42 hafi verið gefin út, eftir að verkstjórinn Sigvaldi hafði tekið verkið út. Segir mætti, að Þóri hafi verið kunnugt um ábyrgðaryfirlýsingu þessa."

Gagnstefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi 24. apríl 1974. Var þá m. a. fært til bókar: „Mætta kveðst á sínum tíma hafa beðið aðalstefnanda að flýta verkinu, þegar tafir urðu á því af hálfu aðalstefnanda. Það kveðst hún hafa gert í munnlegum samtölum við aðalstefnanda. Hún kveðst ekki sjálf hafa gefið aðalstefnanda kost á að bæta úr göllum, sem fram komu á verkinu, en telur, að eiginmaður hennar hafi komið með slík tilmæli fram við aðalstefnanda. Hún segir, að eiginmaður hennar hafi haft veg og vanda af byggingarframkvæmdunum fyrir þau hjón og í einstökum atriðum sé hann því málinu kunnugri en mætta. Hún segir, að Þórir hafi ráðið múrarameistara á húsið, og hafði hún engin afskipti persónulega af því. Mætta er spurð um ástand hússins í dag að því er galla varðar. Hún segir, að ekki sé enn búið að ganga frá svölum á ný og enn sé raki í útveggjum suðurherbergja, sem sennilega stafi frá svölunum. Í mikilli rigningartíð flæði vatn inn

með útidyrahurð, þannig að mottan fyrir innan gegnblotni. Einnig segir hún, að borið hafi á því, að vatn kæmi með spjöldum, sem eru fyrir neðan opnanleg fög í stofu og fjölskylduherbergi, en mætta veit ekki, hvort þessi galli hefur verið tekinn inn í málið. Þá segir hún, að nú sé leki í lofti í anddyri hússins. Síðastgreindur leki hafi komið fram síðastliðið sumar. Þá hafi verið gert við það, sem talið var orsök lekans, en mætta getur nú ekki gert nákvæma grein fyrir þeirri viðgerð. Ekki fyrir löngu síðan hafi lekinn tekið sig upp aftur, og heldur mætta, að lekinn komi ekki nú fram á sama stað. Fleiri kvartanir kveðst mætta ekki hafa nú um galla, sem rekja megi til galla á verki aðalstefnanda. Upplesið, játað rétt bókað með þeirri athugasemd, að mætta kveðst hafa verið viðstödd, þegar Þórir bað aðalstefnanda að bæta úr göllum á verkinu, en áður hafi Þórir hringt til aðalstefnanda og beðið hann um að koma og líta á lekastaðina. Aðalstefnandi hafi komið og þá hafi Þórir gefið honum kost á að bæta úr göllunum og beðið hann um það. Mætta telur, að síðastgreint samtal hafi farið fram í byrjun janúar 1971".

Þórir Helgason læknir, eiginmaður gagnstefnanda, hefur gefið skýrslur hér fyrir dómi. Fyrsta skýrslan var gefin 24. apríl 1974. Var þá m. a. fært til bókar: „Fyrir mætta er lesið úr skýrslu aðalstefnanda, þar sem segir: „Hann tekur fram, að þegar kom að áætluðum skiladegi samkvæmt verksamningi" og áfram. Er mætti spurður um samtal þetta. Mætti svarar: „Ég man ekki til þess, að ég hafi nokkurn tíma rætt þessi mál við aðalstefnanda, og bæti því við, að á þessum tíma hefði mér aldrei dottið í hug að beita verksala dagsektum. Það kom mér ekki til hugar fyrr en síðar, þegar verksali hafði brugðist gjörsamlega skyldum sínum. Að ég hafi ekki hugsað mér að beita dagsektum á þessum tíma, eins og ég nefni, nægir að nefna, að 12. desember 1969 greiddi ég verksala stóran hluta þeirrar fjárhæðar, sem ég skyldi ekki greiða fyrr en verki hans væri að fullu lokið og úttekt hefði farið fram. Þetta gerði ég að hans beiðni, því hann taldi sér þetta mjög mikilsvert. Ég leitaði til Gunnars M. Guðmundssonar í september 1970, og þá hafði ég ekki gert fyrirvara um dagsektir. Ég tók ákvörðun um að krefjast dagsekta í samráði við hann. Vegna þess dráttar, sem varð á því, að aðalstefnandi skilaði verkinu af sér, urðum við hjón húsnæðislaus frá 1. júní 1970 til 20. desember s. á. Í fjóra mánuði af þessum tíma bjuggum við í sumarhúsi í Mosfellssveit, símalausu. Síðara tímabilið þurfti ég og fjölskylda mín að búa í einu herbergi hjá vinafólki okkar. Ég tek þetta fram

vegna þess, að stór hluti af starfi mínu felst í gæsluvöktum, þar sem ég verð að vera til reiðu allan sólarhringinn. Á þessu tímabili gat ég ekki sinnt þessu starfi mínu og varð fyrir launatapi af þessum sökum. Ég tók ákvörðun um að skipta um múrarameistara á húsinu, eftir að Páll Þorsteinsson hafði neitað að taka að sér að múrhúða húsið að innan. Hann gaf mér í fyrstu svolitlar vonir og kom með mér á byggingarstað, en svaraði mér síðan neitandi nokkrum dögum síðar. Ég hafði ekki samráð við aðalstefnanda um þessa breytingu, en áður en breytingin varð, kom þetta til tals við aðalstefnanda í símtali. Múrhúðun innanhúss var boðin út, og endirinn varð, að Baldur tók að sér verkið, enda þótt hann byði ekki sjálfur í verkið. Ég tel, að múrhúðun hússins að utan hefði verið framkvæmanleg allan októbermánuð 1969 að undanskildum einum degi, sem kann að hafa verið vafasamur vegna frosts. Ég tel, að múrhúðun í október hafi ekki verið framkvæmd vegna þess, að múrarar Páls Þorsteinssonar hafi þá ekki viljað vinna utanhúss, þar sem þeir höfðu betri vinnu inni. Þetta síðasta hef ég eftir Sigurgísla sjálfum. Síðast í októbermánuði tókst aðalstefnanda að skrapa saman múrara, ég held ég hafi séð þrjá, og byrjuðu þeir að rappa, en urðu að hætta, vegna þess að veður spilltist um það leyti. Ég kannast ekki við að hafa beðið aðalstefnanda um að jafna lóð skv. teikningu Vífils Magnússonar, arkitekts, sem er auðkennd J 3, en aðalstefnandi fékk að sjá þá teikningu. Ég þori ekki að segja um, hvort mismunur var á teikningunum með tilliti til útjöfnunar lóðarinnar. Ég sýndi aðalstefnanda hina nýju teikningu af lóðinni í því skyni, ef ekki væri um að ræða verulegt aukaverk fyrir aðalstefnanda, að fara eftir teikningunni. Ég vil, að það komi fram, að ég óskaði ekki eftir neinni aukavinnu í sambandi við hina nýju J 3 teikningu. Ég þurfti að fá fimm bíla af mold, og var moldinni ekið í hjólbörum norður fyrir húsið, þar sem ekki var hægt að koma öðrum tækjum. Ég vann sjálfur við að aka moldinni og hef gert grein fyrir þeirri vinnu á fskj. með dskj. nr. 49. Í síðari hluta desembermánaðar eða í byrjun janúar 1971 kom aðalstefnandi með menn og gerði bráðabirgðalagfæringu undir stofugluggum, sem fólgin var í því að setja þankítti undir annan gluggann, en tjöruhamplista undir hinn. Einnig framkvæmdi hann einhverjar þéttingar með sperru yfir húsbóndaherbergi, þar sem leki hafði komið fram. Sigurgísli hugsaði sér að fá tiltekinn mann til þess að smíða glugga og tilgreindi hann. Hafði ég engar mótbárur gegn því. Síðar breytti Sigurgísli þessu og ákvað að skipta við Trésmiðju Þorsteins og

Árna á Selfossi. Var ég ánægður yfir því, en bar ekki fram neinar óskir um það. Ég taldi, að Sigurgísli væri að gera mér greiða óumbeðinn með þessari breytingu. Þegar gluggarnir komu voru þeir þannig, að rifur voru í viðnum í sumum hæðarstykkjum og sumum póstum. Skarphéðinn Jóhannsson, arkitekt, sem teiknaði gluggana dæmdi þá óhæfa. Voru það nokkur stykki. Trésmiðjan skipti fljótlega um hina gölluðu glugga eða öllu heldur þau stykki, sem gölluð voru í gluggunum, en ennþá voru stykki í gluggum gölluð, og þurfti nú enn að lagfæra nokkra glugga. Skarpnéðinn, sem áður hafði haft góða reynslu af þessari trésmiðju, ráðlagði mér að fá annan til þess að smíða útihurðir skv. heimild minni í útboðs- og vinnulýsingu. Ein misfella var sérlega slæm á útihurð og var fólgin í því, að nokkra centimetra vantaði upp á, að útidyrakarmurinn næði milli veggja. Það lagfærði verkstæðið, sem smíðaði hurðina, en ég kannast ekki við, að aðrar lagfæringar hafi verið gerðar á útihurðum eða körmum. Ég get ekki svarað því, hvort líta beri á kröfulið að fjárhæð kr. 200.000.00 sem dagsektir eða almennar skaðabætur vegna dráttar á verkinu. Ég skrifaði niður dagála varðandi byggingarframkvæmdir, m. a.: „Mánaðamót apríl/maí. Hvet Sigurgísla til að hefja framkvæmdir á ný og ljúka þeim hið fyrsta. Sigurgísli kvaðst ráðgera að ráða minn múrara Gísla til útipússningar. Gísli þá hvergi nærri búinn inni. Ég sagði Gísla vandvirkan, en benti á, að við þetta myndi verkið dragast verulega. Sigurgísli sagði Pál múrara ekki hafa áhuga. Loks hófst framkvæmd á vegum Sigurgísla. Gísli tók að sér að pússa að utan. Unnið var í 3 daga. Þá hófst verkfall verkamanna. Við það misstu þeir handlangara sinn og verk stöðvaðist. Aftur hófst vinna 4 dögum eftir að verkfallinu lauk. Unnið að pússningu utanhúss í júlí, en gripið í smáverk innanhúss. Sigurgísli ræður tvo nýja smiði til að glerja.“ Það er rétt, að ég óskaði þess, að húsið yrði ekki glerjað, fyrr en múrhúðun utanhúss væri lokið.““

Kröfur sínar í gagnsök og framhaldsgagnsök sundurliðar gagnstefnandi nú þannig:

1.	Leki með útihurð	kr.	13.500.00
2.	Leki á vegg í anddyri	—	3.000.00
3.	Leki undir gluggum í stofu	—	3.500.00
4.	Leki inn á gólf í barnaherbergi	—	7.000.00
5.	Frágangur lóðar	—	15.000.00
6.	Hnökrar á múrverki utanhúss	—	6.000.00

7.	Þétting meðfram körmum, svalahurð o. fl. ..	kr.	3.000.00
8.	Negling á þakjárni	—	9.000.00
9.	Kostnaður vegna ísetningar á rúðum	—	7.500.00
10.	Kostnaður við rúður í útihurð	—	4.000.00
11.	Þétting með svalavegg	—	6.500.00
12.	Viðgerð á kverkum	—	449.307.70
13.	Matskostnaður fyrra mats	—	52.000.00
14.	Tjón skv. matsgerð R. S. og R. I. dskj. 37"2 ..	—	195.100.00
15.	Matskostnaður seinna mats	—	48.200.00
		kr.	822.607.70
16.	Afhendingardráttur, sbr. dskj. nr. 13 bls. 4 ..	—	200.000.00
	Samtals kröfur	kr.	1.022.607.00
	Frá dregst krafa aðalstefnanda í aðalsök, sbr. dskj. nr. 13, bls. 5—6, og dómsskj. nr. 14	—	214.907.00
	Samtals nema því kröfur gagnstefnanda	kr.	807.701.00

Dómendur hafa farið á vettvang og kynnt sér aðstæður.

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða í kröfum gagnstefnanda:

1. kröfuliður. „Leki með útihurð".

Að því er þennan kröfulið varðar vísar gagnstefnandi alfarið til matsgerðar þeirra Ögmundar Jónssonar og Árna Guðmundssonar, sem áður hefur verið rakin.

Af hálfu aðalstefnanda er viðurkennt, að frágangur útihurðar hafi ekki verið nógu góður. Vinding á hurð og afleiðing af því sé hins vegar ekki á ábyrgð gagnstefnanda. Áferðargallar stafi af skorti á viðhaldi. Niðurstöðu þessa matsliðar er mótmælt sem allt of hárri.

Fallast ber á með gagnstefnanda, að í ofangreindri matsgerð sé næg grein gerð á þeim göllum, sem um er fjallað í þessum matslið. Stefndi hefur ekki hnekkt matsgerð þessa kröfuliðs, og verður hann því tekinn til greina að fullu með kr. 13.500.00.

Um 3. kröfulið. „Leki undir gluggum í stofu".

Gagnstefnandi vísar til 4. matsliðar í matsgerð þeirra Árna og Ögmundar varðandi þennan kröfulið.

Aðalstefnandi hefur ekki andmælt þessum kröfulið sérstaklega.

Þessi kröfuliður gagnstefnanda telst sannaður, og verður hann tekinn til greina að fullu með kr. 3.500.00.

Um kröfulið 5. „Frágangur lóðar".

Gagnstefnandi heldur því fram, að aðalstefnandi hafi ekki gengið frá lóðinni eins og honum hafi borið og krefur aðalstefnanda um kr. 15.000.00 í bætur með vísan til 6. tl. matsgerðar þeirra Árna og Ögmundar.

Aðalstefnandi mótmælir þessum kröfulið sem röngum og bendir m. a. á, að í matsgerðinni komi ekkert fram um galla á þessum hluta verksins eða í hverju hann sé fólginn. Einnig bendir aðalstefnandi á, að matsmenn hafi samkvæmt skýrslum sínum hér fyrir dómi lýst því, að þeir hafi við mat á þessum lið haft m. a. hliðsjón af teikningu merktri J 3, sem þeir hafi ekki átt að fara eftir við mat sitt.

Samkvæmt málflutningi aðilja virðist ekki vera ágreiningur um það, að matsmenn hafi ekki átt að leggja teikninguna J 3 til grundvallar mati sínu um jöfnun lóðar. Samkvæmt skýrslum matsmanna hér fyrir dómi lögðu þeir teikningu hins vegar til grundvallar mati sínu að meira eða minna leyti. Er því ekki unnt að leggja álitsgerð matsmanna um þetta atriði til grundvallar.

Svo sem fyrr er frá greint, var við úttektargerðina tekið fram: „Fylla að norðurvegg á svefnálmu upp í pússningamörk". Aðalstefnandi undirritaði úttektina án nokkurs fyrirvara. Með hliðsjón af skýrslu hans um úttektargerðina og eftir atvikum málsins að öðru leyti þykir aðalstefnandi eiga að greiða gagnstefnanda bætur vegna fyllingar að norðurvegg. Þykja þær bætur hæfilega ákveðnar kr. 5.000.00. Með því að gagnstefnandi hefur ekki sannað, að aðalstefnandi standi í óbættum sökum öðrum út af lóðarstandsetningunni, verður þessi kröfuliður tekinn til greina með þessari fjárhæð.

Um kröfulið 6. „Hnökrar á múrv. utanhúss".

Um þetta atriði vísar gagnstefnandi til 7. matsliðar í matsgerð Árna og Ögmundar.

Aðalstefnandi mótmælir þessum kröfulið á þeim forsendum, að í matsgerð komi ekkert fram um galla þennan eða í hverju hann sé fólginn.

Þegar úttektargerð fór fram, undirritaði aðalstefnandi gerðina án nokkurs fyrirvara. Í úttektargerðinni segir m. a.: „Gera þarf við múrverk við bílskúrsdyr og við hraunáferð yfir svaladyrum

og skásúlu að vestan.“ Þegar þetta er virt svo og skýrsla aðalstefnanda, sem áður er rakin um þetta atriði, verður að líta svo á, að með fyrirvaralausri undirskrift sinni undir úttektargerðina og með skýrslu sinni hafi aðalstefnandi viðurkennt ábyrgð sína á þessum múrhúðunargöllum. Með hliðsjón af þessu og með vísan til matsgerðarinnar þykir bera að taka þennan kröfulið til greina að fullu með kr. 6.000.00, enda þykir sú málsástæða aðalstefnanda, sem kom fram við hinn munnlega málflutning varðandi múrhúðun almennt, ekki eiga við hér, eins og á stendur, en hún verður síðar rædd.

Um kröfulið 7. „Þétting meðfram körmum svalahurðar“.

Gagnstefnandi rökstyður þennan kröfulið með vísan til matsgerðar þeirra Árna og Ögmundar.

Aðalstefnandi hefur mótmælt þessum lið á þann veg, að hér sé um að ræða viðhald, sem húseigandi verði sjálfur að kosta.

Með vísan til matsgerðarinnar og með því að aðalstefnandi hefur ekki sannað, að hér sé um viðhaldsatriði að ræða, verður kröfuliður þessi, kr. 3.000.00, tekinn til greina.

Um kröfulið 8. „Negling á þakjárni“.

Aðalstefnandi hefur viðurkennt, að negling á þakjárni hefði mátt vera meiri, en fjárhæð þessa matsliðar mótmælir aðalstefnandi sem of hárri.

Með skírskotun til áðurgreindrar matsgerðar þykir gagnstefnandi hafa gert næga grein fyrir þessum kröfulið, og verður hann því tekinn til greina að fullu með kr. 9.000.00.

Um kröfulið 9. „Kostnaður v/ísetningar á rúðum“.

Hér er um að ræða rúður í „grilli“ ofan við útihurð.

Þessum matslið hefur aðalstefnandi mótmælt á þann veg, að rúður þessar hafi gagnstefnandi átt að útvega.

Samkvæmt mati matsmanna voru rúðurnar, sem gagnstefnandi útvegaði, of stórar. Telja verður, að það hafi verið mistök af hálfu aðalstefnanda að láta í rúður, sem ekki voru af réttri stærð. Verður þessi kröfuliður því tekinn til greina að fullu með kr. 7.500.00.

Um kröfulið 10. „Kostnaður við rúður í útihurð“.

Matsmenn segja, að rúður þessar séu gallaðar. Kostnaður við að endurnýja þær, efni og vinna, meta þeir á kr. 4.000.00.

Gagnstefnandi átti að útvega þessar rúður. Fallast ber á það

með aðalstefnanda, að hann beri ekki ábyrgð á þessum göllum, enda er ósannað, að gallarnir stafi af handvömm starfsmanna aðalstefnanda við ísetningu glersins. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Um kröfulið 12. „Viðgerð á kverkum".

Að því er varðar viðgerðir á kverkum bendir gagnstefnandi á, að matsmenn hafi metið kostnað við fullnaðarúrbætur fyrir viðgerð á 3.90 metrum af kverkum steyptra þakbita á kr. 27.000.00 og auk þess kr. 80.000.00 til viðbótar á kverkunum að öðru leyti. Þetta telur gagnstefnandi allt of lágar bætur fyrir gallana á þessari vansmíði hússins, enda séu allar kverkarnar svo gallaðar, að gera þurfi við þær. Úr því að viðgerð á áðurnefndum kafla, sem sé 3.90 m á lengd, kosti samkvæmt mati matsmanna kr. 27.000.00, þá muni viðgerð á öllum kverkunum, 64.90 metrum, kosta alls kr. 449.307.70. Gerir gagnstefnandi kröfu til þess, að þessi fjárhæð verði tildæmd varðandi gallana á kverkunum. Skírskotar gagnstefnandi m. a. til vottorðs Rannsóknastofu iðnaðarins, dómsskjals nr. 24, þar sem fram komi það álit, að nauðsynlegt sé að endurbæta kverkarnar.

Aðalstefnandi hefur mótmælt öllum þessum þremur bótaliðum sem röngum og sér óviðkomandi.

Við hinn munnlega málflutning var af hálfu aðalstefnanda höfð uppi sú málsástæða varðandi alla þá galla, sem kynnu að vera á múrhúðun hússins, að gagnstefnandi eða eiginmaður hennar hafi skipt um múrarameistara, sem aðalstefnandi hafði valið til að sjá um múrverk samkvæmt verksamningnum, án nokkurs samráðs við aðalstefnanda. Með þessu hafi gagnstefnandi firrt aðalstefnanda allri ábyrgð á múrgöllum, sem unnir voru undir stjórn hins nýja múrarameistara. Þessari málsástæðu var ekki mótmælt sem of seint fram kominni. Auk þess var því haldið fram, að hönnun kverkanna hafi verið röng, svo að þess hafi vart verið að vænta, að verkið yrði nokkurn tíma gallalaust.

Hönnun kverkanna var af hálfu starfsmanna gagnstefnanda með þeim hætti, að mikla vandvirkni þurfti til að ganga tryggilega frá þeim. Eiginmaður gagnstefnanda, Þórir Helgason, sem hafði veg og vanda af byggingarframkvæmdum fyrir gagnstefnanda, vék Páli Þorsteinssyni múrarameistara frá sem meistara yfir því múrverki, sem Páll hafði tekist á hendur að framkvæma fyrir aðalstefnanda á grundvelli verksamningsins og útboðsins. Eigi er í ljós leitt af hálfu gagnstefnanda, að gallar hafi verið á

því múrverki, sem unnið var, á meðan Páll var múrarameistari á húsinu. Múrarameistari sá, sem Þórir valdi f. h. gagnstefnanda án nokkurs samráðs við aðalstefnanda, sinnti ekki að eigin sögn því nauðsynlega eftirliti, sem hið vandasama múrverk krafðist. Aðalstefnandi var ekki fagmaður í múriðninni. Þegar þetta er virt svo og verksamningurinn og útboðs- og vinnulýsingin, sem hann var byggður á, verður ábyrgð á þeim göllum, sem hér er fjallað um og koma undir kröfulið 12, ekki lögð á aðalstefnanda þegar af þessum ástæðum, en auk þess er þess að geta, að gagnstefnandi hefur alls ekki sannað, að allar kverkarnar hafi verið svo gallaðar sem gagnstefnandi vill vera láta. Í því sambandi má og vitna til skýrslu gagnstefnanda hér fyrir dómi 24. apríl 1974 og yfirlýsingar Þóris Helgasonar á vettvangi 17. desember sl., þar sem þau lýstu því yfir, að enginn leki ætti sér stað, sem rekja mætti til missmíða á kverkum, en Þórir hafði þá að vísu endurbætt hluta af kverkunum með mikilli vinnu. Að því er varðar matsliðinn kr. 27.000.00 þá ber að hafa í huga, að sá galli átti rætur sínar að rekja til breytingar, sem gerð var á þakinu, eftir að húsið var steypt. Sú breyting var gerð eftir kröfu verkkaupa. Þessi húshluti snýr í suðaustur og þar með á móti aðalrigningarátt. Sökum þess að breytingin er gerð, eftir að húsið var steypt, gat brugðið til beggja vona um, að breytingin tækist, svo að ekki læki.

Um kröfulið nr. 2. „Leki á vegg í anddyri".

Gagnstefnandi heldur því fram, að kostnaður við að stemma stigu við leka í anddyri hafi numið kr. 3.000.00, og gerir hann kröfu um þá fjárhæð, þar sem matsmennirnir Árni og Ögmundur hafi ekki metið þennan galla.

Aðalstefnandi hefur mótmælt þessum kröfulið, bæði vegna þess að hér sé um að ræða gallaða múrhúðun, sem hann beri ekki ábyrgð á, og einnig megi rekja gallann til þess, að hönnun á reykháfi hafi verið ábótavant.

Með vísan til matsgerðar Ögmundar og Árna má á það fallast með aðalstefnanda, að hönnun reykháfsins að ofan hafi í þessu atriði verið áfátt. Með því að hér kann einnig að vera um mistök við múrhúðun að ræða, ber með vísan til þess, sem áður er sagt um múrhúðun kverka, að sýkna af þessum kröfulið.

Um kröfuliði nr. 13 og 15. Matskostnaður.

Samkvæmt 5. tl. 175. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einka-

mála í héraði telst matskostnaður til málskostnaðar. Verður afstaða til þessara kröfuliða því tekin við ákvörðun málskostnaðar.

Um kröfuliði nr. 14, 4 og 11. Þak yfir fjölskylduherbergi, þ. e. svalagólf. „Leki inn á gólf í barnaherbergi" og „þétting með svalavegg".

Í II. kafla hér að framan eru teknir upp kaflar úr tveim matsgerðum matsmannanna Ragnars Ingimarssonar og Ríkarðs Steinbergssonar. Gagnstefnandi leggur síðari matsgerð matsmanna til grundvallar kröfu sinni um bætur samkvæmt þessum kröfulið.

Aðalstefnandi hefur mótmælt þessum kröfuliðum sem röngum og ósönnuðum. Sérstaklega hefur aðalstefnandi mótmælt síðari matsgerð þeirra Ragnars og Ríkarðs með þeim rökum, að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur eða gæta hagsmuna sinna, þegar síðara matið fór fram. Þá bendir aðalstefnandi á, að í matsgerðum þessum miði matsmenn við, að breytt verði frágangi þaks og svalagólfs frá því, sem tilgreint er í verklýsingu. Aðalstefnandi kveðst ekki hafa ákveðið fyrirkomulag þetta, heldur sé það ákveðið í verklýsingu. Beri hann því ekki ábyrgð á, að fyrirkomulag þetta hafi ekki verið nothæft, en nú sé fram komið, að hönnun svalagólfsins hafi ekki verið nógu góð. Eins og fram komi í verklýsingu hafi verið til þess ætlast, að vinna við frágang á svölum skyldi framkvæmd af mönnum frá framleiðanda efna þeirra, sem notuð voru, og á þeirra ábyrgð. Þetta hafi verið gert og séu gallar þessir því á ábyrgð fyrirtækisins Byggingarefnis h/f, réttargæslustefnda í málinu. Aðalstefnandi tekur og fram, að húsið hafi verið afhent gagnstefnanda í nóvember 1970. Þegar síðara matið var undirritað, hafi verið liðið á þriðja ár frá afhendingardegi. Við því sé að búast, að ýmislegt geti gengið úr lagi á þeim tíma, og sé engin leið að leggja ábyrgð á aðalstefnanda út af hverri þeirri bilun, sem fram komi á húsinu. Þá hefur aðalstefnandi til vara haft uppi þá málsástæðu almennt, að í stað bóta komi til greina að dæma aðeins afslátt að tiltölu. Hefur dómurinn við afgreiðslu þeirra kröfuliða, sem afgreiddir hafa verið hér að framan, haft þessa málsástæðu í huga. Aðalstefnandi mótmælir þeirri fullyrðingu matsmanna, að ekki hafi verið vatnshalli á plötunni, sem rangri, enda hafi matsmenn ekki kannað þetta atriði sjálfstætt.

Hér fyrir dómi hinn 14. júní 1974 var matsmaðurinn Ragnar Ingimarsson m. a. að því spurður, hvort svalagólfið hafi verið illa hannað eða hvort handverki hafi verið áfátt. Matsmaðurinn svar-

aði m. a.: „Það er skoðun matsmanna, að hönnun hefði mátt vera betri. Ég vil þó bæta því við sem skoðun minni, að með óaðfinnanlegum vinnubrögðum við frágang svalagólfsins í samræmi við teikningar og verklýsingu hefði átt að vera hægt að koma í veg fyrir leka niður úr gólfinu. Það er skoðun mín, að í stað þess að mynda halla með tilskurði einangrunarinnar hefði verið eðlilegra, að hann hefði verið myndaður með mismikilli ílögn plötunnar, þegar hún var steypt. Ég tel ekki, að þetta hefði haft áhrif á það, hvort þakið, þ. e. svalagólfið, hefði lekið eða ekki."

Sama dag voru sömu spurningar lagðar fyrir matsmanninn Ríkarð Steinbergsson, sem svaraði: „Ég mundi segja, að þessi frágangur, sem sýndur er á teikningunni, dskj. nr. 55, sé í samræmi við þær reglur, sem framleiðendur þakpappa mæla með. En ef dæma á um þessi tvö atriði, kemur einnig til álita, hvort ekki geti verið um galla á frauðglerinu að ræða. Ég tel, að augljósir gallar séu á framkvæmd verksins bæði við frágang á handriði og þéttingu við húsvegg svo og við límingu eða lögn á flísum, þ. e. gólfflísum. Varðandi hönnunina vil ég segja það, að frágangur á kanti er ógreinilega sýndur á teikningu á dskj. nr. 55, en ég minnist ekki að hafa séð aðra teikningu af þessum byggingarhluta. Flísarnar voru límdar þannig niður, að ekki var asfalt undir þeim öllum, þannig að vatn hafði komist undir sumar flísarnar og annað hvort sprengt þær upp sjálfar eða pappalögnina, sem var undir þeim, frá frauðglerinu. Ég tel, að það hafi verið galli að sneiða frauðglerplöturnar og mynda halla með því. Það rétta var að fara eftir verklýsingu, dskj. nr. 38, 9. tl., bls. 17. Ég tel, að þessi aðferð við að mynda halla hafi þó engin áhrif haft á sjálfan lekann. Frauðgler á ekki að vera vatnsdrægt, en það sýnishorn, sem við sáum þarna, virtist vera vatnsdrægt. Við nánari athugun á teikningunni á dskj. nr. 55 tel ég, að tvö eintommu lög af frauðgleri séu óvenjuleg. Ég held, að svo þunnt frauðgler sé ekki á markaðnum. Neðra lagið á frauðglerinu var jafnþykkt, en hallinn var tekinn í efra laginu. Við sáum ekki plötuna, þ. e. steyptu plötuna, undir einangruninni, þar sem asfaltlag var ofan á henni, þegar við skoðuðum hana. Vatnshallinn, sem átti að vera, er það lítill, að hann er ekki greinanlegur nema með mælingu. Við drógum þá ályktun, að ekki hefði verið steyptur halli á plötuna, þar sem vatnshalli var myndaður í frauðglerinu sjálfu. Sú aðferð að einangra svalagólf þetta án loftræstingar er byggð á því trausti, að frauðglerið hleypi ekki í gegn um sig loftgufum innan úr íbúðinni að neðan. Nú virtist mér frauðglerið ekki vera rakaþétt, og

er því hugsanlegt, að loftgufur úr íbúðinni undir svölunum hafi getað komist upp gegnum steyptu plötuna og upp í frauðglerið og myndað þar vatnsþéttingu. Hins vegar vil ég taka skýrt fram, að við sáum beina lekastaði við kant svalagólfsins. Með því að loftræsta svalagólfið, sem var erfitt, eins og á stóð þarna, minnkar lekahættan verulega."

Svo sem fyrr er lýst, hafa matsmennirnir Ragnar og Ríkarður tekið fram í síðari matsgerðinni: „Vegna fjarvistar gat aðeins annar matsmanna mætt við skoðun." Þá er ekkert fram komið, sem bendir til þess, að aðalstefnanda hafi verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við síðari matsgerðina. Þá hirti lögmaður gagnstefnanda eða gagnstefnandi ekki um að kveðja fyrirsvarsmenn Byggingarefnis h/f til matsins. Eru því svo veigamiklir gallar á matsgerð þessari, að hún verður ekki lögð til grundvallar þessum kröfulið, svo sem gagnstefnandi hefur krafist.

Þegar dómendur fóru á vettvang 17. desember sl., var búið að skipta um einangrun á svalagólfi. Hafði verið sett frauðplasteinangrun í stað frauðglersins og lagðar flísar ofan á, en loftað undir. Var þetta bráðabirgðaviðgerð að sögn Þóris Helgasonar, sem mætti við skoðunina. Þessi viðgerð er í verulegum atriðum frábrugðin þeirri hönnun, sem gerð var upphaflega. Búið var að fjarlægja allt frauðgler og annað það, sem tilheyrði hinni upphaflegu smíð. Gátu dómendur því hvorki kynnt sér efni né frágang hins upphaflega verks. Gegn mótmælum gagnstefnanda þykir aðalstefnandi ekki hafa sannað, að svo veigamiklir ágallar séu á hönnun svalagólfsins, að ekki hefði mátt ganga tryggilega frá því, ef ýtrustu vandvirkni hefði verið gætt. Dómurinn telur hæfilegt að taka kröfulið 14, þ. e. bætur fyrir vansmíð á svalagólfi, til greina með kr. 160.000.00, enda ber aðalstefnandi ábyrgð á vansmíð þessari, þó Byggingarefni h/f kunni að bera ábyrgð einnig. Þá verður heldur ekki á það fallist með aðalstefnanda, að hér sé um að ræða kostnað vegna viðhalds. Einnig ber að taka til greina kröfuliði nr. 4 og 11, þar sem rekja má það tjón til vansmíðar á svalagólfinu. Verða þeir kröfuliðir því teknir til greina að fullu með kr. 13.500.00 (7.000.00 + 6.500.00).

Um kröfulið 16. Afhendingardráttur.

Í greinargerð hefur lögmaður gagnstefnanda rökstutt þennan kröfulið svo: „Samkvæmt 10. gr. verksamnings aðilanna bar verksala að greiða verkkaupa kr. 1.000.00 á dag í févíti hvern dag, sem umsamin afhending hússins drægist á langinn. Sá dráttur varð í

fulla 13 mánuði. Umbj. m. varð fyrir stórkostlegu fjártjóni vegna vanefnda stefnanda. Þetta tjón skýrir sig að flestu leyti sjálft. Umbj. m. varð fyrir leigutapi. Ótaldar eru ferðir umbj. m. og eiginmanns hennar að rekast í því við stefnanda og starfsmenn hans, að verkinu miðaði. Þá er mikið óhagræði og tjón, sem umbj. m. hafa orðið fyrir vegna framkominna galla. Ég tel vægilega farið í mat bóta til umbj. m. fyrir afhendingardrátt, svo stórkostlegur sem hann varð, kr. 200.000.00."

Af hálfu aðalstefnanda er viðurkennt, að afhending verksins hafi dregist fram yfir umsaminn tíma. Aðalstefnandi mótmælir því hins vegar, að sá dráttur hafi verið honum að kenna. Gler í glugga, sem gagnstefnandi hafi átt að útvega, hafi ekki komið á vinnustað fyrr en í febrúar 1970 og það hafi ekki verið sett í gluggana fyrr en um vorið eftir beiðni gagnstefnanda. Útimúrverki hafi ekki orðið lokið á tilsettum tíma vegna veðurs og skrautsteinar á arinskorstein hafi ekki verið fáanlegir í þeim lit, sem gagnstefnanda líkaði. Hafi af þessum sökum orðið að samkomulagi milli aðalstefnanda og Þóris Helgasonar í umboði gagnstefnanda að beita ekki dagsektum og sé samningur þess efnis í samræmi við ákv. 10. gr. verksamningsins. Önnur atvik hafi einnig valdið drætti, t. d. smíð glugga, en eftir sérstakri kröfu gagnstefnanda hafi þeir verið smíðaðir annars staðar en aðalstefnandi hafi ætlað. Þegar þeir svo komu á staðinn, hafi gagnstefnandi verið óánægður með þá og hafi orðið að smíða þá alla aftur, suma allt að þrívegis. Sömu sögu hafi verið að segja um útihurðir. Þá hafi gagnstefnandi látið framkvæma breytingu á þaki hússins, sem valdið hafi miklum töfum. Sé skemmst frá því að segja, að auk þessa hafi gagnstefnandi og eiginmaður hennar tafið verkið með stöðugri afskiptasemi af verkinu. Sé augljóst, að óeðlilegt sé að krefja verksala um dagsektir. Gagnstefnandi hafi heldur ekki sannað neitt tjón af drættinum og væri bersýnilega ósanngjarnt að leggja dagsektir á verksala, sbr. 35. gr. laga nr. 7/1936. Þá hefur verið á það bent af hálfu aðalstefnanda, að samkvæmt verklýsingu og verksamningi séu allar skyldur lagðar á aðalstefnanda, sem hafi haft marga sérfræðinga sér við hönd, en aðalstefnandi hins vegar engan (sic). Engum heilvita manni hefði dottið í hug, að aðalstefnandi gæti lokið verkinu fyrir hinn tilsetta tíma. Húsið hafi þó verið uppsteypt og þak hafi verið komið á 2. október 1969, en þann dag hafi þakið verið tekið út. Veður hafi hins vegar hamlað því, að múrhúðun gæti farið fram haustið 1969. Aðalstefnandi hafi og mátt fresta múrhúðun. Hinn 17. mars

1970 hafi gagnstefnandi skipt um múrarameistara. Páll, sem var byrjaður á múrhúðun um haustið, hefði getað haldið því áfram síðari hluta marsmánaðar, ef gagnstefnandi hefði ekki vikið honum frá. Einnig beri að hafa í huga, að gagnstefnandi hafi ekki staðið í skilum með greiðslur, enda þótt tryggingarfé væri enn bundið í viðkomandi banka, sem aðalstefnandi setti.

Samkvæmt málflutningi aðilja má telja, að húsið hafi verið uppsteypt og þak á komið 2. okt. 1969. Múrarameistarinn Páll Þorsteinsson skýrir svo frá, að þegar lokið var uppsteypu hússins, hafi verið orðið það áliðið hausts, að ekki hafi verið veðrátta til múrhúðunar eða frágangs utanhúss. Fallast má á með aðalstefnanda, að skilafrestur á verkinu öllu hafi verið mjög stuttur og að því er múrhúðun varðar tæpast raunhæfur, eins og allt var í pottinn búið. Þá er upplýst, að glerið, sem gagnstefnandi átti að leggja til, var ekki tilbúið til afhendingar fyrr en í febrúar 1970. Gagnstefnandi skipti um múrarameistara 17. mars 1970 án samráðs við aðalstefnanda, og samkvæmt upplýsingum lögmanns gagnstefnanda lét gagnstefnandi múrarameistarann, sem við tók, réttargæslustefnda Baldur Bergsteinsson, hefjast handa um einangrun og múrhúðun innanhúss fyrri hluta þess mánaðar, þ. e. áður en hafist var handa um múrhúðun utanhúss. Þá tafði verkfall sumarið 1970 múrverkið. Gagnstefnandi sætti sig ekki við það Drápuhlíðargrjót, sem var á markaði á höfuðborgarsvæðinu, og varð aðalstefnandi að gera sér ferð vestur á Snæfellsnes til að afla grjóts, sem gagnstefnandi gat unað við. Þegar úttekt fór fram, voru aðeins gerðar lítils háttar athugasemdir við verk aðalstefnanda. Ekki greiddi gagnstefnandi þó aðalstefnanda það fé, sem um ræðir í aðalsök, og hélt auk þess tryggingarfé því, sem aðalstefnandi hafði sett í banka. Gegn mótmælum gagnstefnanda hefur aðalstefnandi að vísu ekki sannað, að komist hafi á samkomulag um, að gagnstefnandi félli frá dagsektum. Samkvæmt skýrslu Þóris Helgasonar hvarflaði það þó ekki að honum í desember 1969 að krefja aðalstefnanda um dagsektir, og þegar úttekt fór fram, var enginn fyrirvari gerður um dagsektir eða skaðabætur vegna afhendingardráttar. Samkvæmt málflutningi gagnstefnanda verður að ætla, að krafa gagnstefnanda sé skaðabætur fremur en beinar dagsektir, enda þótt þetta komi ekki skýrt fram. Eigi eru þó efni til að vísa þessum kröfulið frá vegna vanreifunar. Þegar það er virt, sem að framan er rakið, svo og að gagnstefnandi hófst handa um múrverk innanhúss í fyrri hluta marsmánaðar 1970 og tók þar með að hluta við hinu umsamda og með hliðsjón af mála-

vöxtum að öðru leyti, þykir gagnstefnandi ekki hafa sannað, að aðalstefnanda sé skylt að greiða honum skaðabætur vegna þess dráttar, sem varð á verkinu. Verður þessi kröfuliður því ekki tekinn til greina.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verða kröfur gagnstefnanda í gagnsök og framhaldsgagnsök teknar til greina með kr. 221.000.00 (13.500.00 + 3.500.00 + 5.000.00 + 6.000.00 + 3.000.00 + 9.000.00 + 7.500.00 + 150.000.00 + 7.000.00 + 6.500.00). Ber aðalstefnanda að greiða gagnstefnanda ofangreinda fjárhæð með vöxtum, sem rétt þykir að reikna 7% ársvexti frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973, og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber aðalstefnanda að greiða gagnstefnanda málskostnað í gagnsökum, sem ákveðst kr. 125.000, og er þá tekið tillit til alls kostnaðar við fyrsta matið og hálfs kostnaðar við síðari tvö mötin.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Diðrik Helgasyni múrarameistara og Óttari P. Halldórssyni byggingarverkfræðingi.

Dómsorð:

Í aðalsök greiði gagnstefnandi, Auður Jónsdóttir, aðalstefnstefnanda, Sigurgísla Árnasyni, kr. 214.907.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað.

Í gagnsök greiði aðalstefnandi gagnstefnanda kr. 221.000.00 með 7% ársvöxtum frá 27. nóvember 1970 til 16. maí 1973 og með 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 125.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desember 1977.

Nr. 162/1976. **Magnús Eiríksson**
(Jón E. Ragnarsson hrl.)
gegn
Stefáni Baldurssyni og
Bergþóru Bachmann
(enginn).

Áfrýjun. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. september 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. ágúst 1976. Hann gerir þær dómkröfur á hendur stefnda Stefáni, að héraðsdómur verði staðfestur að því er hann varðar og sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir Hæstarétti. Dómkröfur áfrýjanda á hendur stefndu Bergþóru eru þær, „að hún sé dæmd til að greiða dómkröfuna, sem gerð var á hendur henni í héraði, þ. e. að henni sé gert að greiða hina dæmdu kröfu á hendur Stefáni in solidum með honum, svo og að henni sé gert að greiða sérstaklega málskostnað til áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara in solidum með Stefáni."

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm. Málið hefur því verið flutt skriflega samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjandi máls þessa er Magnús Eiríksson, Þingvöllum, Árnessýslu, og áfrýjunarleyfi dómsmálaráðuneytis er gefið út honum til handa. Hann var eigi málsaðili í héraði, heldur Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmaður. Ekki hefur verið sýnt fram á nein þau atvik, er heimili áfrýjanda áfrýjun héraðsdóms. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. apríl 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 20. apríl 1976, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 8. apríl sl., af Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, Túngötu 5, Reykjavík, gegn Stefáni Baldurssyni, Grettisgötu 77, Reykjavík, og Bergþóru Bachmann, Háagerði 81, Reykjavík, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 105.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 35.000 frá 1. september 1975 til 1. október s. á., en af kr. 70.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 105.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.347 í banka- og afsagnarkostnað og málskostnaðar samkv. gjaldskrá LMFÍ og aukatekjulögum.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera skv. 3 víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 35.000, útgefnum af stefndu, Bergþóru Bachmann, 26. mars 1975, en samþykktum af stefnda, Stefáni Baldurssyni, til greiðslu í Búnaðarbanka Íslands, Reykjavík, þann 1. september 1975, 1. október s. á., og 1. nóvember s. á. Víxlarnir séu framseldir eyðuframsali. Víxlarnir hafi verið afsagðir 3. september, 3. október og 4. nóvember 1975. Ítrekuð greiðslutilmæli hafi ekki borið árangur.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Framlagðir víxlar á dskj. nr. 3 til 5 bera allir með sér, að greiðslustaður þeirra hefur verið Búnaðarbanki Íslands, Reykjavík, og þar sem annað er ekki tilgreint, verður að líta svo á, að átt sé við aðalbankann. Samkvæmt viðfestum afsagnarnótum á víxlunum hafa 2 víxlanna verið afsagðir í Búnaðarbanka Íslands, Hlemmi, en 1 víxillinn í Búnaðarbanka Íslands, Austurbæjarútibúi. Hefur því afsögn ekki farið fram á réttum stað, og verður því þegar af þeim sökum að sýkna útgefanda víxlanna, stefndu Bergþóru Bachmann, af kröfum stefnanda í máli þessu. Að öðru leyti verða kröfur stefnanda teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.600.

Dóminn kvað upp Sigríður Ólafsdóttir.

Dómsorð:

Stefnda, Bergþóra Bachmann, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, í máli þessu.

Stefndi, Stefán Baldursson, greiði stefnanda, Jóni E. Ragn-

arssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 105.000 með 2% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 35.000 frá 1. september 1975 til 1. október s. á., en af kr. 70.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 105.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 1.347 í banka- og afsagnarkostnað og kr. 23.600 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. desember 1977.

Nr. 12/1977. **Jón Baldursson**
(Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
OY Inter Viso A/B
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Áskorunarmál. Áfrýjunarstefna. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr og Björn Sveinbjörnsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. janúar 1977. Í greinargerð fyrir Hæstarétti hefur hann gert þær dómkröfur, að hinum áfrýjaða „dómi" verði hrundið og málinu vísað frá héraðsdómi. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða „dóms" og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Axel Einarsson hæstaréttarlögmaður f. h. OY Inter Viso A/B höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, áritaðri 17. september 1976 af Hólmfríði Snæbjörnsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara, á hendur áfrýjanda til greiðslu 7.907.32 finnskra marka með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. ágúst 1975 til greiðsludags svo og málskostnaðar. Málið var þingfest á bæjarþinginu 28. október 1976. Áfrýjandi sótti ekki þing. Hinn

29. s. m. voru stefnukröfurnar lýstar aðfararhæfar með áritun á stefnu samkvæmt 10. gr. laga nr. 49/1968. Málskostnaður var ákveðinn 51.600 krónur.

Í áfrýjunarstefnu lýsir áfrýjandi dómkröfum sínum svo, að hann krefjist þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði með eða án heimvísunar hrundið og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati Hæstaréttar". Með hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar séu dómkröfur áfrýjanda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Baldursson, greiði stefnda, OY inter Viso A/B, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1977.

Nr. 86/1976. **Bjarndís Eygló Indriðadóttir**
(Gunnar Sæmundsson hdl.)
gegn
Blindravinafélagi Íslands og gagnsök
(Jón Bjarnason hrl.).

Vinnusamningur. Kaupgjaldsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1976. Hún krefst þess í aðalsök, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 332.063 krónur með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags. Í gagnsök gerir hún þær dómkröfur, að henni verði aðeins dæmt skylt að greiða gagnáfrýjanda 66.000 krónur, er komi til skuldajafnaðar við þær kröfur, sem hún hefur uppi í aðalsök.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 28. apríl 1976. Hann gerir þessar dómkröfur: Í aðalsök: Aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðaláfrýjanda, en til vara, að honum verði aðeins dæmt skylt að greiða aðaláfrýjanda 70.169 krónur. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í aðalsök, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Í gagnsök krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 282.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Verði sýknukrafa gagnáfrýjanda í aðalsökinni tekin til greina, gerir hann þó í gagnsökinni aðeins kröfu um málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en fellur frá kröfum sínum að öðru leyti.

I. Fyrir Hæstarétti hefur aðaláfrýjandi haldið því fram, að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 88/1971 hafi henni ekki verið skylt að vinna í dagvinnu hjá gagnáfrýjanda fleiri vinnustundir en 40 í viku hverri. Hafi þá sú vinna ein mátt teljast dagvinna, sem unnin hafi verið á tímanum frá kl. 0800 til 1700 frá mánudegi til föstudags að báðum dögum meðtöldum. Leiði þetta af því, að sá tími hafi verið hinn umsamdi dagvinnutími í kjarasamningum Verkakvennafélagsins Framsóknar og Vinnuveitendasambands Íslands 21. ágúst 1970 og 12. apríl 1972, er að þessu leyti hafi gilt um ráðningarsamning aðaláfrýjanda. Hafi sú skipan verið óhjákvæmi-

leg í skiptum málsaðilja, sbr. nefnda 1. mgr. 2. gr. svo og 2. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1971. Samkvæmt þessu hafi gagnáfrýjanda borið að greiða eftirvinnu- eða næturvinnuálag á alla vinnu aðaláfrýjanda eftir kl. 1700, en það hafi verið 3 stundir á dag.

Á þetta verður ekki fallist. Í fyrsta lagi sést ekki af þeim útdrætti úr kjarasamningnum frá 21. ágúst 1970, sem frammi liggur í málinu og í gildi var á fyrsta hluta starfstíma aðaláfrýjanda, hvenær dags dagvinna hefjist eða eigi að ljúka. En hvað sem því líður, verður að líta svo á samkvæmt því, sem fram er komið í málinu um hið sérstaka eðli þess starfs, er aðaláfrýjandi gegndi, að starf hennar hafi fallið undir ákvæði d liðs 1. mgr. 1. gr. fyrrgreindra laga. Áttu hin ófrávíkjanlegu ákvæði þeirra því ekki við í lögskiptum aðilja. Er framangreind röksemd aðaláfrýjanda fyrir kröfum sínum um launaviðbót vegna eftir- og næturvinnu því ekki tæk.

Héraðsdómari hefur talið, að 7. gr. laga nr. 80/1938 hafi ekki skotið loku fyrir það, að málsaðiljar gætu vikið frá framangreindum kjarasamningum í skiptum sínum, svo gilt væri. Verður á þetta að fallast, þar sem hvorugur þeirra var aðili að samningum þessum eða félagi í félögum þeim, sem að þeim stóðu.

II. Um kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök.

Kröfur þessar sundurliðar áfrýjandi á sama hátt og hún gerði í héraði.

Með skírskotun til raka héraðsdóms svo og þess, sem greint var undir I hér að framan, verður krafa hennar um vangoldin laun vegna yfir- og næturvinnu ekki tekin til greina.

Á það verður að vísu fallist með héraðsdómara, að aðaláfrýjandi hafi átt rétt á nokkurri hækkun launa í maímánuði 1972 vegna nýs kjarasamnings, er launagreiðslur skyldu miðaðar við. Hún tók þó við launum sínum fyrir þann mánuð án fyrirvara. Frá og með júnímánuði og allt til loka starfstímans voru henni og greidd nokkru hærri laun en skylt var. Hreyfði hún engum athugasemdum út af því, að maílaunin hefðu verið vangoldin, fyrr en eftir að hún hætti störfum hjá

gagnáfrýjanda. Eru ekki efni til að sinna þeirri kröfu aðaláfrýjanda, sem hér er um fjallað.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður látið sitja við úrlausn hans um kröfur aðaláfrýjanda vegna vinnu á frídögum og hátíðisdögum svo og vegna vinnu hjá gagnáfrýjanda í janúar 1973.

III. Um kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök.

Stjórnarformaður gagnáfrýjanda hefur greint frá því, að það hafi verið ýmist, að ráðskonur á heimili gagnáfrýjanda á Bjarkargötu 8 hefðu ókeypis fæði eða ekki. Ekki hefur þó verið sýnt fram á dæmi þess, að ráðskonur þar hafi verið látnar greiða sérstaklega fyrir fæði sitt, aðrar en ráðskona sú, er kom í stað aðaláfrýjanda í ágúst og hálfan september 1972. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með vísan til forsendna héraðsdóms verður hafnað kröfu gagnáfrýjanda vegna fæðiskostnaðar aðaláfrýjanda sjálfrar.

Aðaláfrýjandi hefur viðurkennt, að sér beri að greiða fyrir fæði sambúðarmanns síns og barns. Ekki virðist ágreiningur um, að dvöl þeirra á Bjarkargötu 8 á vegum aðaláfrýjanda hafi numið 320 dögum. Þegar virtar eru þær upplýsingar um fæðiskostnað vistmanna á heimili gagnáfrýjanda, sem fram eru komnar í málinu, þykir krafa gagnáfrýjanda, sú er hér greinir, hærri en sanngjarnt megi telja. Þykir rétt að taka þennan lið til greina með 96.000 krónum.

Úrlausn héraðsdómara um kröfu gagnáfrýjanda um greiðslu fyrir húsnæði, ljós, hita, ræstingu o. fl. verður staðfest.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verða kröfur aðaláfrýjanda í aðalsök teknar til greina með 112.489 krónum. Kröfur gagnáfrýjanda í gagnsök verða teknar til greina með 96.000 krónum. Er fjárhæðum þessum hefur verið skuldajafnað, svo sem krafist er, standa eftir 16.489 krónur, sem ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá

þeim degi til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest, en málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Blindravinafélag Íslands, greiði aðaláfrýjanda, Bjarndísi Eygló Indriðadóttur, 16.489 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 25.000 krónur í málskostnað í héraði.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 7. janúar sl., hefur Bjarndís Eygló Indriðadóttir, Sunnuvegi 3, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 10. apríl 1974, gegn Blindravinafélagi Íslands, Ingólfsstræti 16, Reykjavík, til greiðslu vangoldinna vinnulauna á tímabilinu frá 1. janúar 1972 og fram í janúar 1973 að fjárhæð kr. 332.063.50 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 1½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð og brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi kröfur sínar í aðalsök um 50 aura.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur aðallega að verða sýknaður af kröfum stefnanda í aðalsök, en til ýtrustu vara, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 70.169.40. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður stefnda ýtrustu varakröfu sinni á þann veg, að stefnda verði einungis gert að greiða stefnanda kr. 70.169.00.

Með stefnu, birtri 16. maí 1974, höfðaði stefndi gagnsök á hendur stefnanda. Í gagnsök gerir Blindravinafélag Íslands þær dómkröfur, að gagnstefnda, Bjarndísi Eygló Indriðadóttur, verði gert að greiða félaginu kr. 282.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. janúar 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning breytti lögmaður gagnstefnanda kröfum sínum á þá leið, að krefjast 13% ársvaxta af dómkröfunni frá 16. júlí 1974 til greiðsludags.

Í gagnsök gerði gagnstefnda þær dómkröfur að verða sýknuð af öllum kröfum gagnstefnanda gegn greiðslu á kr. 66.000.00, sem komi til skuldajafnaðar við kröfu gagnstefndu í aðalsök. Lögmaðurinn mótmælti því, að gagnstefnandi fái komið að hækkun á vaxtakröfu sinni.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Málavöxtum lýsir stefnandi svo, að á tímabilinu 1. janúar 1972 og fram í janúar 1973 hafi stefnandi starfað sem ráðskona á Blindraheimilinu að Bjarkargötu 8 hér í borg, sem hið stefnda félag starfræki. Stefnandi hafi tekið laun skv. kjarasamningi Vinnuveitendasambands Íslands o. fl. annars vegar og Verkakvennafélagsins Framsóknar o. fl. hins vegar um kaup og kjör starfsstúlkna í mötuneytum, en þó þannig, að hún hafi aðeins fengið greidd föst mánaðarlaun, en hvorki vinnu á frídögum, hátíðisdögum né eftir- og næturvinnu. Stefnandi telji daglegan vinnutíma sinn að jafnaði hafa numið 11 klukkustundum og sé það lagt til grundvallar kröfugerðinni.

Á tímabilinu 1. janúar til 31. maí 1972 hafi stefnandi tekið föst laun skv. þeim taxta, sem gilti sem byrjunarlaun matráðskvenna (verkstjóra), að viðbættri verðlagsuppbót og 4% grunnkaupshækkun, sem samið var um í samningum ASÍ og Vinnuveitendasambandsins í desember 1971. Hún hafi þó ekki fengið greidda hækkun þá, sem varð með samningnum á dskj. nr. 6, fyrsta mánuðinn, sem greitt var eftir honum, þ. e. maímánuð. Frá 1. júní 1972 hafi stefnandi tekið laun samkvæmt taxta matráðskvenna (verkstjóra) eftir 2 ára starf.

Í útreikningnum á dskj. nr. 3 sé gengið út frá skökku tímakaupi mánuðina janúar til maí 1972 og einnig við útreikning launa fyrir hátíðisdaga og valdi þetta því, að upphafleg kröfugerð hafi verið nokkru lægri en stefnukrafan. Þetta sé leiðrétt af lögmanni stefnanda á dskj. nr. 4. Tímakaup skv. samningi Verkakvennafélagsins Framsóknar sé eins og í öllum þorra kjarasamninga verka-

manna, fundið með því að deila í mánaðarkaup með 173.33. Kaup það, sem þá komi út, sé dagvinnukaup, en eftirvinnukaup sé síðan með 40% álagi og næturvinnukaup með 80% álagi.

Af hálfu stefnanda hafa verið lögð fram sem dskj. nr. 3 og 4 útreikningar á kröfu stefnanda og leiðrétting á útreikningunum. Samkvæmt því, sem fram kemur á þessum dómsskjölum, sundurliðast stefnukrafan þannig:

Janúar			
Mánaðarlaun			21.695.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	125/20		8.012.80
60 tímar eftirvinna	175/30	10.518.00	
30 tímar næturvinna	225/40	6.762.00	17.280.00
			46.987.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.695.00
		Eftirstöðvar	25.292.80
Febrúar			
Mánaðarlaun			21.695.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	125/20		8.012.80
56 tímar eftirvinna	175/30	9.816.80	
28 tímar næturvinna	225/40	6.311.20	16.128.00
			45.835.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.695.00
		Eftirstöðvar	24.140.80
Mars			
Mánaðarlaun			21.879.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	126/20		8.076.80
56 tímar eftirvinna	176/70	10.248.60	
29 tímar næturvinna	227/20	6.588.80	16.837.40
			46.793.20
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
		Eftirstöðvar	24.914.20
Apríl			
Mánaðarlaun			21.879.00

8 frídagar, 64 tímar dagvinna	126/20		8.076.80
54 tímar eftirvinna	176/70	9.541.80	
27 tímar næturvinna	227/20	6.134.40	15.676.20
			45.632.00
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
		Eftirstöðvar	23.753.00

Maí

Mánaðarlaun			23.074.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	133/10		8.518.40
54 tímar eftirvinna	186/30	10.060.20	
27 tímar næturvinna	239/60	6.469.20	16.529.40
			48.121.80
÷ greidd mánaðarlaun			21.879.00
		Eftirstöðvar	26.242.80

Júní

Mánaðarlaun			26.678.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	153/90		9.849.60
58 tímar eftirvinna	215/50	12.499.00	
29 tímar næturvinna	277/00	8.033.00	20.532.00
			57.059.60
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	30.381.60

Júlí

Mánaðarlaun			26.678.00
8 frídagar, 64 tímar dagvinna	153/90		9.849.60
62 tímar eftirvinna	215/50	13.361.00	
31 tími næturvinna	277/00	8.587.00	21.948.00
			58.475.60
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	31.797.60

Ágúst			
Mánaðarlaun			26.678.00
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	0
September			
Mánaðarlaun			26.678.00
2 frídagar, 16 tímar dagvinna	153/90		2.462.40
40 tímar eftirvinna	215/50	8.620.00	
20 tímar næturvinna	277/00	5.540.00	14.160.00
			43.300.40
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	16.622.40
Október			
Mánaðarlaun			26.678.00
46 tímar eftirvinna	215/50	9.913.00	
23 tímar næturvinna	277/00	6.371.00	16.284.00
			42.962.00
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	16.284.00
Nóvember			
Mánaðarlaun			26.678.00
44 tímar eftirvinna	215/50	9.482.00	
22 tímar næturvinna	277/00	6.094.00	15.576.00
			42.254.00
÷ greidd mánaðarlaun			26.678.00
		Eftirstöðvar	15.576.00
Desember			
Mánaðarlaun			26.678.00
40 tímar eftirvinna	215/50	8.620.00	
20 tímar næturvinna	277/00	5.540.00	14.160.00
			40.838.00

÷ greidd mánaðarlaun	26.678.00
Eftirstöðvar	14.160.00

Helgidagar, þ. e. a. s. nýjársdagur, skírdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, annar páskadagur, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstigningardagur, hvítasunnudagur, annar hvítasunnudagur, 17. júní, 1/2 aðfangadagur, jóladagur, annar jóladagur, 1/2 gamlársdagur.

14 dagar: 154 tímar

11 tímar	225/40	2.479.40
55 tímar	227/20	12.496.00
44 tímar	239/60	10.542.40
44 tímar	277/00	12.188.00
Samtals kr.		37.705.80

Janúar 1973			
1/3 mánaðar			8.880.00
2 frídagar, 16 tímar	153/90		2.462.40
16 tímar eftirvinna	215/50	3.448.00	
8 tímar næturvinna	277/00	2.216.00	
11 tímar helgidagav. (1. jan.)	277/00	3.047.00	8.711.00
			20.053.40
8.33% orlof á 20.053.40			1.671.00
		Eftirstöðvar	21.724.40

Samantekt:		
Vinna á frídögum	62.859.20	
Orlof 8.33%	5.236.10	68.059.30
Yfirvinna	184.841.00	
Orlof 8.33%	15.397.20	200.238.20
Vinna á hátíðisdögum	37.705.80	
Orlof 8.33%	3.140.80	40.846.60
Laun í janúar 1973 með orlofi		21.724.40
Vangreidd mánaðarlaun í maí 1972		1.195.00
		332.063.50

Greidd laun 1972 kr. 295.773.00.

Af hálfu stefnda er málavöxtum lýst á þá leið, að eins og fram komi í stefnu, hafi stefnandi ráðist sem ráðskona á heimili stefnda að Bjarkargötu 8 hér í borg frá 1. janúar 1972 að telja og hafi ráðningartími verið óákveðinn. Mjög óvenjulega hafi staðið á um hagi stefnanda til umræddS starfs, þar eð hún hafi ekki einungis haft með sér mann, heldur og dóttur, er þá mun hafa verið þriggja ára gömul.

Að vísu hafi það aldrei skeð í sögu heimilisins, að sem fylgifiskur starfskrafts kæmi heil fjölskylda, næstum jafnstór vistmönnum heimilisins, en þeir hafi á þessum tíma verið 4—5, en hér hafi jafnframt staðið svo á, að árið 1972 hafi hafist 40 stunda vinnuvika og hafi þá orðið 2 frídagar í hverri viku. Hafi því orðið að samkomulagi, að stefnandi tæki föst mánaðarlaun, byrjunarlaun matráðskonu, samkvæmt samningi, dags. 21. ágúst 1970 (dskj. nr. 5), sem í upphafi hefðu numið kr. 19.249.00, en voru orðin kr. 21.695.00 vegna vísitöluhækkana. Fyrir aðra vinnu en þá, sem mánaðarlaunin tóku til, svo sem frídagana og helgidaga, hafi stefnandi fengið fæði, húsnæði, ljós, hita og ræstingu fyrir sig og fjölskyldu sína. Í upphafi hafi stefnandi fengið eina góða stofu fyrir sig og nokkru síðar aðra. Auk þessa hafi stefnandi haft afnot af eldhúsi heimilisins og borðstofu fyrir sig og fjölskyldu sína svo og gesti, en þarna hafi verið heimili stefnanda og fjölskyldu hennar allan þann tíma, er hún starfaði hjá stefnda. Loks hafi stefnandi haft aðgang og afnot af öllum tækjum heimilisins og gögnum til þvotta, þjónustu og frágangs á fatnaði fjölskyldu sinnar.

Samkvæmt þessu samkomulagi hafi stefnandi fengið greidd laun fyrir janúar til og með maí 1972, eins og fram komi af dskj. nr. 9. Hinn 1. júní 1972 hafi gengið í gildi nýir kauptaxtar, en þá hafi orðið þau mistök hjá starfsfólki stefnda, að stefnandi hafi fengið greidd laun skv. öðrum starfsflokki, þ. e. eftir tveggja ára starf. Þannig hafi stefnandi fengið fyrir júní greiddar kr. 26.678.00 í stað 25.652.00, sem hún hafi átt að fá sem byrjunarlaunin, sem um hafði samist. Þessum mistökum hafi starfsfólk stefnda ekki áttað sig á fyrr en um áramót, er tekin voru saman laun stefnanda allt árið.

Launamunur þessi hafi numið kr. 1.026.00 fyrir hvern mánuð, eða alls fyrir tímabilið júní—desember 1972 kr. 7.182.00 og hafi stefnandi því ekki fengið greidd laun fyrir þá fáu daga, sem hún vann í janúar 1973, þar eð hún hafi þá þegar fengið greitt meir

en um hafi verið samið og hafi stefndi talið rétt, að það gengi upp.

Að því er varðar orlof stefnanda er tekið fram, að stefnandi hafi óskað þess sérstaklega að fá frí allan ágúst og hluta af september 1972, og telji stefndi, að þar sé innifalið allt orlof stefnanda og meira í því frii.

Virðist því augljóst, að stefnandi hafi þegar að fullu fengið allt umsamið kaup sitt greitt miðað við þau kjör, sem um hafi samist með aðiljum.

Eins og fram komi af dskj. nr. 9, hafi stefnandi tekið fyrirvaralaust við kaupgreiðslum allan tímann og hafi aldrei hreyft neinum andmælum gegn kaupgreiðslunum eða athugasemdum. Ekki hafi hún heldur boðið fram greiðslu fyrir húsnæði, mat eða önnur hlunnindi, sem hún og fjölskylda hennar fékk hjá stefnda, og sé ómögulegt að líta á eða skýra þessa framkomu á annan hátt en þann, að hún viðurkenni og samþykki þau ráðningarkjör, sem stefndi segi, að um hafi samist.

Varakrafa stefnda er byggð á því, að kröfugerð stefnanda sé í verulegum atriðum röng.

Stefnandi segi, að daglegur vinnutími sinn hafi verið 11 klukkustundir að jafnaði. Ekki hafi stefnandi leitt nein rök að þessari staðhæfingu sinni, og er því eindregið andmælt, að stefnandi hafi unnið nokkuð umfram löglegan dagvinnutíma. Allt frá því að heimilið að Bjarkargötu var stofnað, hafi engin af þeim ráðskonum, sem starfað hafi hjá stefnda, fengið greidda eftirvinnu og hafi heimilisreksturinn þó verið í sama sniði og var á starfstíma stefnanda. Starfið sé líka í sjálfu sér ekki tímafrekt, enda eingöngu fólgið í aðdrætti matfanga, matartilbúningi, þjónustu, þvotti og frágangi á honum. Allan tímann, einnig starfstíma stefnanda, hafi félagið haft sérstakan starfsmann til þess að sjá um ræstingu á öllu húsnæðinu, þar á meðal húsnæðinu, sem stefnandi fékk til afnota. Starfsmann þennan hafi stefnandi mátt, sem hún og hafi gert, biðja um að vinna, ef þörf var, störf, sem hún sjálf taldi sig ekki geta unnið í dagvinnutíma sínum.

Þegar þess sé gætt, hversu fáir vistmenn voru, verði ekki séð, að nein þörf hafi verið á yfirvinnu hjá stefnanda, auk þess sem telja verði útilokað, að hún, sem bæði hafi haft fyrir manni að sjá og sérstaklega hafi þurft að gæta ungbarns allan daginn, sem hafi verið á þeim aldri, er ríkrar gæslu þurfi við, hafi getað lagt fram 11 vinnustundir að jafnaði dag hvern. Auk þessa hefði slík yfirvinna af hennar hálfu verið óheimil með öllu, þar eð hag-

kvæmara hefði verið fyrir stefnda, að slík vinna, ef þörf væri, hefði verið unnin af fyrrgreindum starfsmanni, þar eð sú vinna hefði að sjálfsögðu reiknast á dagvinnukaupi og auk þess á lægri kauptaxta en stefnanda var. En mikilvægast sé þó í þessu sambandi það, að samkvæmt samkomulagi og ráðningarkjörum stefnanda hafi ekki átt að vera um neina yfirvinnu að ræða. Stefndi hafi því enga ástæðu haft til þess að fylgjast með vinnutíma stefnanda og hafi ekki gert það. Sú framkoma stefnanda að taka allt ráðningartímabilið athugasemdalaust við kaupi, sem byggt sé á dagvinnu eingöngu, en koma síðan í lok ráðningartímans með háar kröfur um greiðslu fyrir eftirvinnu og næturvinnu, sé svo furðuleg og andstæð öllum réttum reglum í viðskiptum samningsaðilja, að augljóst sé, að ekki sé unnt að verða við slíkum kröfum. Stefndi sé algerlega varnarlaus í slíku tilviki og mætti alveg eins hugsa sér, að í svipuðum tilvikum væri eðlilegur svefntími dreginn frá sólarhringnum, en afgangurinn síðan talinn til jafnaðarlegs vinnutíma.

Þann tíma, sem stefnandi var í fríi í ágúst og september 1972, hafi verið fengin önnur ráðskona í hennar stað og hafi sú ráðskona engan reikning gert um yfirvinnu allt það tímabil, eins og sjá megi af dskj. nr. 10. Sama sé um konu þá, sem tekið hafi við af stefnanda. Þar sé heldur engin krafa um yfirvinnu, eins og fram komi af dskj. nr. 11. Báðar þessar konur hafi þó unnið nákvæmlega sömu störf hjá stefnda sem stefnandi. Sýni þetta best réttmæti kröfu stefnanda um yfirvinnu.

Varakrafa stefnda er byggð á eftirfarandi:

Fyrir tímabilið janúar — júlí 1972 reikni stefnandi sér 56 frídaga. Í stað þessara frídaga hafi stefnandi fengið að eigin ósk frí frá störfum allan ágúst og hluta september, eða alls 41 frídag. Lækki því krafa stefnanda um frídaga úr 56 í 15, eða samtals 120 dagvinnustundir, sem nemi alls kr. 14.736.00. Allri eftir- og næturvinnu fyrir þetta tímabil er eindregið andmælt, svo sem getur í sambandi við aðalkröfu.

Í september 1972 reikni stefnandi sér tvo frídaga, samtals 16 dagvinnustundir, og nemi þær samtals kr. 2.462.40, en allri eftirvinnu og næturvinnu er andmælt fyrir þennan mánuð svo og fyrir mánuðina október, nóvember og desember 1972.

Helgidaga kveði stefnandi hafa verið 14 á árinu 1972, en samkvæmt samningnum á dskj. nr. 5 og 6 sé hvorki talað um aðfangadag né gamlársdag sem helgidag og verði því að telja, að einungis 13 helgidaga eigi að telja á árinu, eða samtals 104 vinnu-

stundir, sem nemi samtals kr. 24.832.00. Er hér enn sem fyrr mótmælt allri vinnu umfram 8 stundir á dag.

Stefnandi hafi sagt starfi sínu lausu frá og með 1. janúar 1973 að telja. Sú vinna, sem unnin hafi verið eftir það, verði einungis reiknuð sem tímavinna lausráðins aðilja. Af þessu leiði að sjálfsögðu, að enga frídaga beri að reikna fyrir þá fáu daga, sem stefnandi hafi unnið í janúar 1973. Að sjálfsögðu beri stefnanda helgidagavinna fyrir 1. janúar, þ. e. fyrir 8 klukkustunda vinnu, en síðan einungis dagvinnukaup fyrir 40 stunda vinnuviku.

Stefndi telur laun stefnanda að fullu uppgerð fyrir þetta tímabil með þeirri ofgreiðslu, sem átt hafi sér stað fyrir mánuðina júní—desember 1972. Engin breyting hafi þá átt sér stað um ráðningarkjör stefnanda og hafi hún eftir sem áður átt að hafa í laun byrjunarlaun ráðskonu, en ekki laun eftir 2 ára starf. Sé því sá mismunur, sem stafi af mistökum hjá starfsfólki stefnda að sjálfsögðu endurkræfur og megi nota hann til greiðslu á janúarvinnu stefnanda.

Allri yfirvinnu umfram 40 stunda vinnuviku er andmælt í þessu sambandi. Þegar þetta sé virt og þess gætt, sem segi í aðalkröfu um mat, húsnæði o. fl. fyrir stefnanda og fjölskyldu hennar, sé ljóst, að hún hafi þegar fengið fyllilega greitt fyrir vinnustundir sínar í janúar.

Samkvæmt öllu framansögðu kæmi því til greina að álíta, að stefnandi ætti inni hjá stefnda kr. 14.736.00, kr. 2.462.40 og kr. 24.832.00, eða samtals kr. 42.030.40, en orlofsfé af þessum fjárhæðum sé kr. 3.501.10. Miðað við þennan útreikning mætti líta svo á, að stefnandi ætti þá inni orlofsfé af greiddum launum á árinu 1972 að meðtalinni skekkjunni, sem fyrr greinir, kr. 295.733.00 og nemi orlofsfé af þeirri fjárhæð kr. 24.637.90. Allar þessar fjárhæðir nemi því samtals kr. 70.169.40, en þá skuldi stefnandi stefnda jafnframt fyrir fæði, húsnæði, hita, rafmagn, ræstingu og annað, sem greinir í aðalkröfu.

Kröfur gagnstefnanda í gagnsök eru á því byggðar, að þann tíma, sem gagnstefnda vann fyrir gagnstefnanda, hafi gagnstefnandi látið gagnstefndu, manni hennar og dóttur í té fæði, húsnæði, ljós, hita, ræstingu o. fl.

Gagnstefnandi krefur gagnstefndu fyrir 320 fæðisdaga, kr. 200.00 á dag fyrir gagnstefndu, kr. 100.00 á dag fyrir barn hennar og kr. 300.00 á dag fyrir mann hennar, eða samtals kr. 600.00 á dag fyrir alla fjölskylduna í 320 daga, eða kr. 192.000.00. Fyrir húsnæði, hita, ljós, ræstingu o. fl. krefur gagnstefnandi um kr.

7.500.00 á mánuði, eða fyrir allt árið alls kr. 90.000.00. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 282.000.00, sem er stefnukrafan í gagnsök.

Af hálfu gagnstefnanda er því haldið fram, að þær kr. 200.00, sem gagnstefnda er krafin um fyrir fæði daglega, sé sama fjárhæð og staðgengli hennar hafi verið gert að greiða í ágúst og september 1972, er gagnstefnda var í fríi. Helmings þess kostnaðar er krafist fyrir barnið, en kr. 300.00 á dag fyrir manninn.

Í gagnsök er af hálfu gagnstefndu kröfunni um fæðiskostnað gagnstefndu alfarið mótmælt, en hún nemi kr. 64.000.00. Til þess liggi þau rök, að aldrei hafi annað komið til tals en að gagnstefnda hefði frítt fæði, enda muni það nokkurn veginn algild regla varðandi þá, sem við matreiðslu fást. Í því sambandi er bent á, að matreiðslumenn á veitingahúsum hafi frítt fæði, þótt annað starfsfólk í eldhúsi greiði fæði sitt.

Kröfu gagnstefnanda um greiðslu á kr. 96.000.00 til greiðslu á fæði manns gagnstefndu er mótmælt sem allt of hárri. Maður gagnstefndu hafi verið við störf í Hafnarfirði á þeim tíma, sem um ræðir, og þar hafi hann jafnan borðað hádegismat á virkum dögum og oft kvöldmat líka. Fæði það, sem hann hafi fengið á Bjarkargötu 8, hafi verið fullt fæði flestar helgar og stundum eitthvert snarl á kvöldin þar fyrir utan. Krafan um greiðslu fæðis fyrir barn þeirra eigi sér hins vegar stoð. Telpan, sem var þriggja ára að aldri á þessum tíma, hafi átt að vera þarna hjá móður sinni og hafi verið svo um talað, að fæði hennar væri greitt. Í raun hafi telpan verið mikið hjá afa sínum og ömmu, vegna þess að henni leiddist þarna. Gagnstefnda kveðst eftir atvikum geta fallist á að greiða fyrir fæði barnsins og manns síns kr. 6.000.00 á mánuði í 11 mánuði, eða samtals kr. 66.000.00.

Kröfu gagnstefnanda um greiðslu fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, kr. 90.000.00, er alfarið mótmælt þegar af þeirri ástæðu, að þess hafi verið krafist af gagnstefndu, að hún hefði aðsetur í húsinu. Þetta hafi verið nauðsynlegt vegna vistmanna. Þarna hafi dvalist t. d. fyrri hluta þess tíma, sem gagnstefnda var þarna, kona að nafni Þórhildur Bjarnadóttir, sem hafi verið þannig á sig komin, að hún hefði þurft að dveljast á sjúkrahúsi og hafi hún þurft afar mikla gæslu. Kona þessi hafi haldið vöku fyrir öðrum vistmönnum og hafi hún verið mjög erfið viðfangs og hafi gagnstefnda þurft að hafa stöðugt gætur á henni, uns hún fór á Hrafnistu í júní eða júlí 1972. Það hafi því verið nauðsynlegt frá öryggissjónarmiði, að gagnstefnda væri þarna til húsa, og fráleitt, að

hún verði krafin um greiðslu fyrir húsnæði, sem hún hafði af þeim sökum þurft að hafa þarna. Loks er því haldið fram af gagnstefndu, að um það hafi verið talað í upphafi, að gagnstefnda hefði frítt húsnæði.

Í málinu hafa farið fram yfirheyrslur, og hafa þau stefnandi og stjórnarformaður stefnda verið yfirheyrð svo og sambýlismaður stefnanda, Þórir Guðmundsson, og vitnin Sigríður Sigurðardóttir og Guðbjörg Jóna Sigurðardóttir, fyrrverandi starfsmenn stefnda, og Ólafur Ögmundsson, leigjandi hjá stefnda.

Fyrir dómi bar stefnandi, að hún hafi samið við stjórnarformann stefnda, áður en hún hóf störf fyrir stefnda. Um laun hafi verið samið, að hún skyldi fá laun matráðskonu samkvæmt taxta Framsóknar, þ. e. það, sem á dskj. nr. 6 er kallað aðrar matráðskonur, byrjunarlaun. Ekkert hafi verið um það rætt, hvort hún fengi greiðslu fyrir eftirvinnu. Stefnandi kvaðst hafa sagt við stjórnarformanninn, áður en hún hóf starf fyrir stefnda, að hún vildi reyna starfið í svona mánaðartíma, og eftir mánaðarstarf hafi hún farið fram á það við stjórnarformanninn að fá skriflegan samning við stefnda og væri þá tekið fram í sambandi við dvöl eiginmanns og barns stefnanda á heimilinu og laun stefnanda, en af gerð samningsins hafi ekki orðið. Stefnandi kvaðst allt árið öðru hverju hafa verið að spyrja um, hvernig þetta ætti að vera með fæði fyrir barn hennar og mann.

Þá er stefnandi var fyrir dómi, var athygli hennar vakin á fyrirvaralausum kvittunum á dskj. nr. 9. Stefnandi sagði, að þetta væru kvittanir fyrir föst mánaðarlaun, en hún hafi verið að gangast í því allt árið, að um það yrði samið, hvað hún skyldi borga í fæðiskostnað fyrir mann sinn og barn, og jafnframt hafi hugmynd hennar verið, að þá yrði samið um, að eftirvinna hennar kæmi sem greiðsla á fæðiskostnaðinum, og kveðst stefnandi hafa viljað, að frá þessu yrði gengið.

Stefnandi kvaðst ekki hafa fært vinnutíma sinn daglega eða haldið vinnulista, en hún hafi unnið frá kl. 0730 á morgnana til kl. 8 á kvöldin. Vinnutími hafi kannske ekki alltaf verið alveg samfelldur, en stefnandi hafi oft unnið fram yfir kl. 8 á kvöldin.

Stefnandi sagði, að það hafi verið skilyrði, þá hún hóf störf fyrir stefnda, að hún byggi í húsinu, og hafi hún helst ekki farið frá nema það nauðsynlegasta og hún hafi þá haft samband við konu, sem leigði þarna í húsinu.

Stjórnarformaðurinn hafi sagt stefnanda, að hún fengi mánaðarsumarfrí. Stefnandi kveðst svo hafa beðið um frí frá 1. ágúst til

11. september og það hafi hún fengið með samþykki stjórnarformannsins. Fyrir 1. ágúst hafi stefnandi aldrei fengið frí, en eftir að hún kom úr fríinu í september, hafi hún tekið fjóra frídaga í mánuði, en hinir fjórir frídagarnir, sem stefnandi telur sér bera, hafi gengið upp í fríið, sem hún fékk í september. Um þetta kvaðst stefnandi hafa talað við stjórnarformanninn og hafi hann ekki mótmælt þessu.

Stefnandi bar, að hún hafi, þá er kaup hennar hækkaði vorið 1972, þakkað stjórnarformanninum fyrir, og kvaðst hún hafa álitið, að kaup hennar hefði verið hækkað, þar sem vinnuveitanda hennar hefði fundist hún eiga það skilið, en á þessum tíma hafi verið meira að gera á heimilinu en þá er hún hóf störf þar.

Stjórnarformaður stefnda hafi sagt henni, að ráðskonur á heimilinu hefðu alltaf haft frítt fæði og húsnæði og hafi það verið eitt ákveðið herbergi, sem ráðskonan hafi alltaf haft, það herbergi kvaðst stefnandi hafa haft til afnota. Stefnandi og fjölskylda hennar hafi ekki flutt inn á heimilið fyrr en 10. janúar, þar sem þetta herbergi var ekki laust fyrr. Vegna þess, sem fram hefur komið um, að stefnandi hafi haft tvö herbergi til afnota, þá tók stefnandi fram, að þarna hafi verið herbergi, sem hún hafi notað til að ganga frá þvotti og þjónustu fyrir heimilið. Í þessu sama herbergi hafi hún fengið með leyfi stjórnarformannsins að geyma sófasett. Önnur afnot hafi hún ekki haft af þessu herbergi. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir því að fá herbergi þetta til afnota og hafi hún viljað það vegna barnsins, en stjórnarformaðurinn hafi ekki viljað það eða færst undan og hafi hann sagst vilja leigja herbergið. Einhvern tíma hafi komið til tals hjá stjórnarformanninum, að stefnandi skyldi greiða sem fæðiskostnað vegna barnsins sömu fjárhæð og fæðiskostnaður vistmanna var á þessum tíma, þ. e. kr. 6.000.00 á mánuði, og hafi stjórnarformaðurinn þá talað um, að maður stefnanda skyldi greiða 15 máltíðir á mánuði og hafi hann þá einnig komið með þá hugmynd, að ef stefnandi fengi áðurnefnt herbergi á leigu, skyldi leigan vera kr. 2.500.00 á mánuði. Þessu kvaðst stefnandi hafa hafnað og hafi henni þótt þetta óréttlátt, því með þessari leigu hafi þetta herbergi verið langdýrasta herbergið í húsinu, en stefnandi hafi talið sig þurfa að nota herbergið við vinnu fyrir heimilið.

Stefnandi sagði, að meiri hluta tímans, sem hún vann fyrir stefnda, hafi verið 9 manns á heimilinu, 5 þeirra hafi verið yfir áttrætt, ein þeirra, Þórhildur Bjarnadóttir, hafi verið mjög erfið og þurft sérstakrar gæslu nótt sem dag. Morgunmatur hafi verið

framreiddur kl. rúmlega hálf átta og kvöldmatur kl. 7. Stefnandi kvaðst ekki hafa þurft að finna kvöldkaffi. Fólkið, sem ekki fór til vinnu, hafi fengið morgunmat kl. 9, tveim af þeim hafi stefnandi fært morgunmat.

Þá er stefnandi var fyrir dómi, var hún beðin um að telja upp með nafni það fólk, sem var á heimilinu, þegar hún vann þar. Stefnandi sagði, að á þessum tíma hafi einhver hreyfing verið á fólki, og kvaðst hún ekki vera viss um, að hún myndi þetta svo nákvæmlega, en þarna hafi verið hjón, Guðlaug og Agnar, Ásgrímur og Jónína, kona að nafni Inga hafi komið á heimilið, eftir að Þórhildur, sem áður er minnst á, fór af heimilinu. Sigurður og Birna, Gunnar Guðmundsson hafi verið þarna í morgunmat. Elín og Dagbjört hafi haft þarna húsnæði og fæði, en þær hafi ekki verið vistmenn. Af þessu fólki hafi Gunnar Guðmundsson, Sigurður og Birna, Elín og Dagbjört unnið utan heimilisins. Fólkið, sem heima var, fékk hádegisverð og eftirmiðdagskaffi. Stefnandi kvaðst enn fremur hafa pantað mat og þvegið og gengið frá fatnaði.

Fyrir dómi bar stjórnarformaður stefnda, að hann hafi samið við stefnanda, áður en hún hóf störf sem ráðskona á Blindraheimilinu. Verkefni hennar hafi verið að búa til mat og panta í matinn og sjá um þvotta og þjónustu. Það hafi ekki verið skilyrði af hálfu stefnda, að stefnandi byggi að Bjarkargötu 8. Í húsinu sé margt sjáandi fólk.

Stjórnarformaðurinn taldi vinnutíma stefnanda hafa verið 8 klst. á dag og hafi verið við það miðað, að stefnandi byrjaði að vinna á milli níu og tíu á morgnana, ætti frí í tvær til þrjár stundir um miðjan daginn, en kvöldmat hafi hún átt að framreiða klukkan sjö. Stjórnarmanninum var ókunnugt um vinnutíma stefnanda almennt, en fyrirrennari stefnanda og sú, sem tók við af stefnanda, hafi haft það fyrirkomulag, sem hér að ofan var lýst.

Samið hafi verið um, að stefnandi ynni á frídögum og kæmi vinna hennar á frídögum fyrir fæði stefnanda, kærasta hennar og barns. Mánaðarlaun stefnanda hafi verið kr. 21.695.00. Ekki hafi stefnandi átt að hafa ókeypis fæði, en stefnandi hafi haft afnot af einni stofu án endurgjalds.

Stefnandi hafi farið fram á sex vikna sumarleyfi, og kvaðst stjórnarformaðurinn hafa samþykkt það, en stefnandi hafi átt rétt á þriggja vikna leyfi, miðað við að hún ynni í eitt ár. Stefnandi hafi fengið laun þessar sex vikur. Eftir að hún kom úr fríi,

hafi hún óskað eftir að fá frí fjóra daga í mánuði og hafi það verið samþykkt og kona fengin til að leysa stefnanda af. Stungið hafi verið upp á því, að stefnandi greiddi fæðiskostnað vegna mannsins og barnsins, ekki mundi stjórnarformaðurinn, hver fjárhæðin var, sem stungið var upp á, en stefnanda hafi þótt það of hátt og hafi þá ekkert verið gert í málinu og ekki gerðar frekari kröfur vegna fæðiskostnaðarins. Stjórnarformaðurinn mundi ekki, hvort um þetta var rætt, þá er stefnandi hætti að vinna hjá stefnda.

Stjórnarformaðurinn kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi haft samband við sig og þá sjálfsagt verið að tala um fyrirkomulag í sambandi við fæðiskostnað.

Á heimilinu séu þeir kallaðir vistmenn, sem séu blindir og hafi fæði og húsnæði á heimilinu. Stjórnarformanninum var kynnt upptalning stefnanda á vistmönnum, og sagði hann, að það fólk, sem þar er talið, hafi ekki allt verið á heimilinu á sama tíma, t. d. hafi þær Elín og Dagbjört komið í október 1972 og verið í þrjá mánuði. Af fólki því, sem þar er talið, séu blind Agnar, Ásgrímur, Jónína, Sigurður og Birna, Inga sé mjög illa sjáandi, hún hafi ekki komið fyrr en um haustið 1972. Þórhildur Bjarnadóttir hafi verið blindur leigjandi í kjallaraherbergi hússins og hafi stefnandi ekkert haft með konu þessa að gera. Þórhildur hafi svo farið á elliheimilið Hrafnistu vorið 1972. Stjórnarformaðurinn vissi ekki til, að Þórhildur hafi verið rúmliggjandi.

Stefnandi hafi keypt húsgögn af Ólafi Ögmundssyni og látið þau inn í stofu á hæð hússins, stofa þessi sé kölluð kennarastofa. Stefnandi hafi spurt stjórnarformanninn, hvað hún ætti að borga í húsaleigu, og hafi það verið rætt á stjórnarfundi hjá stefnda, hver húsaleigan ætti að vera, og hafi verið rætt um það, um leið og rætt var um fæðiskostnað barns stefnanda og manns, en ekki mundi stjórnarformaðurinn, hvað ákveðið var í sambandi við húsaleiguna. Stjórnarformaðurinn hélt, að stefnandi hafi fyrir utan að geyma húsgögnin notað herbergi þetta. Stjórnarformaðurinn tók fram, að þvottaherbergi sé í kjallara hússins. Stjórnarformaðurinn hélt, að það hafi verið í júní 1972 sem stefnandi lét húsgögnin, sem áður er minnst á, inn í kennarastofuna, það hafi verið í september sem stjórn stefnda hafi komist að niðurstöðu um það, hver húsaleigan fyrir þetta aukaherbergi skyldi vera og hvað stefnandi ætti að greiða fyrir fæði barnsins og mannsins, en stefnanda hafi þótt það of hátt og hafi þetta verið látið eiga sig sem óafgreitt mál.

Upphaflega hafi verið reiknað með, að stefnandi greiddi fyrir

sitt fæði, en ekki hafi verið gerð krafa um það, þá er henni voru greidd laun. Það sé ýmist hvort ráðskonur á heimilinu hafi ókeypis fæði eða ekki. Septína Jóhannesdóttir, sem gegnt hafi ráðskonustörfum í sumarleyfi stefnanda, hafi borgað fyrir fæði sitt.

Kaup stefnanda hafi í byrjun verið miðað við kauptaxta Framsóknar, en að öðru leyti sé ekki miðað við samning á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Verkakvennafélagsins Framsóknar um kaup og kjör starfsstúlkna í mötuneytum, enda sé stefndi ekki aðili að Vinnuveitendasambandinu.

Þau stefnandi og stjórnarformaður stefnda voru samprófuð um það, sem á milli bar í framburðum þeirra hér fyrir dómi. Við samprófunina hélt stefnandi fast við þann framburð, að ekkert hafi verið um það rætt, hvort hún fengi greiðslu fyrir eftirvinnu og næturvinnu. Eitthvað hafi komið til tals, að vinna stefnanda á frídögum gæti komið á móti dvöl kærasta og barns stefnanda á heimilinu, en ekki hafi verið samið um fjárhæðir eða gengið frá þessu. Það muni hafa verið, að því er stefnandi giskar á, eftir um mánaðar tíma, að farið hafi verið að ræða um þetta og hafi það verið stefnandi, sem byrjaði viðræður við stjórnarformann stefnda um það, hvað stefnandi skyldi greiða fyrir þá aðstöðu, sem stefnandi og fjölskylda hennar hafði á heimili stefnda. Stjórnarformaður stefnda bar, að þá er stefnandi réð sig, hafi verið um það rætt, að ef stefnandi ynni umfram umsaminn vinnutíma, þá kæmi það fyrir fæði barns hennar og kærasta. Stjórnarformaðurinn kvaðst fyrst muna eftir umræðum um greiðslu vegna dvalar barns stefnanda og kærasta á heimilinu, eftir að stefnandi kom úr sumarleyfi sínu, en hún hafi fengið lengra sumarleyfi en henni bar. Einnig hafi hún á þeim tíma farið fram á að fá leigt herbergi. Stjórnarformaðurinn mundi ekki, upp á hvaða fjárhæðum var stungið, og var honum kynntur framburður stefnanda um það efni, en sagðist ekki geta tjáð sig um það.

Stefnandi kvaðst hafa átt að hafa ókeypis fæði, en stjórnarformaður stefnda er ekki viss um það. Stefnandi hélt fast við það, að skilyrði fyrir starfinu hafi verið, að hún byggi að Bjarkargötu 8. Stjórnarformaðurinn sagði, að um þetta hafi ekki verið rætt.

Báðir aðiljar héldu fast við fyrri framburð um lengd sumarfrís þess, sem stefnandi hafi átt rétt á. Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir viðræðum sínum og stefnanda, áður en stefnandi fór í sumarleyfi, en stefnandi muni hafa óskað eftir lengra sumarleyfi. Stefnandi kvaðst hafa óskað eftir 1/2 mánuði lengra fríi en hún

hafi átt rétt á. Það hafi hún fengið. Ekki hafi verið rætt um uppgjör vegna þessa aukafrís. Stefnandi tók fram, að eins og fram sé komið, þá hafi hún látið helminginn af þeim frídögum, sem henni bar eftir sumarleyfið, ganga upp í umframfríið. Um þetta hafi ekki verið samið, áður en hún fór í fríið.

Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir því, að stefnandi hafi þakkað fyrir kauphækkunina, en stefnandi kvaðst muna eftir að hafa gert það, en mundi ekki eftir viðbrögðum stjórnarformannsins.

Stjórnarformaðurinn mundi ekki, hvernig það var almennt, en Margrét Sæmundsdóttir ráðskona mundi hafa haft ókeypis fæði. Stefnandi sagði, að stjórnarformaðurinn hafi sagt, að starfinu fylgdi frítt fæði og húsnæði.

Stefnandi sagði, að þá er hún tilkynnti stjórnarformanninum, að hún hygðist hætta störfum hjá stefnda, þá hafi hún sagt við hann, að það þyrfti að ganga frá uppgjöri á milli málsaðilja, og hafi hann svarað því til, að hann mundi hugsa málið. Stjórnarformaðurinn mundi ekki eftir þessum samræðum.

Stjórnarformaðurinn var spurður vegna dskj. nr. 15, bls. 1, fyrir hvað kr. 3.700.00 og kr. 7.400.00 væru, og sagði hann, að kr. 3.700.00 væru fæðiskostnaður í 1 mánuð fyrir einstakling. Þetta fólk muni svo hafa greitt húsaleiguna á skrifstofu stefnda, en kr. 1.200.00 á þessari blaðsíðu sé húsaleiga. Stjórnarformaðurinn tók fram, að þessi leigjandi sé sjáandi maður. Húsaleiga á heimilinu sé dálítið mismunandi. Stjórnarformaðurinn gat ekki skýrt fjárhæðina kr. 5.925.00 á bls. 3 á sama dómsskjali. Ekki heldur kr. 2.100.00, en það er Jón Jóhannesson fæði 14 daga. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hann hefði aldrei séð þessar tölur fyrr, en margir reikningar fari beint frá ráðskonu til skrifstofu stefnda og þaðan til bókara félagsins, en stjórnarformaðurinn hafi ekki afskipti af því. Þessar krónur 3.700.00 fyrir fæði hafi verið fullt fæði fyrir vistmenn.

Stefnandi sagði, að þessar fjárhæðir, kr. 3.700.00 og kr. 7.400.00, samanber bls. 1 á dskj. nr. 15, væru það, sem vistmenn hefðu greitt fyrir fæði og þjónustu, en húsaleigu hafi þeir greitt beint til skrifstofu stefnda. Kr. 2.100.00 á bls. 3 sé fjárhæð, sem greidd hafi verið fyrir fæði frænda stefnanda í 14 daga, og hafi stjórnarformaður stefnda sett þá fjárhæð upp. Kr. 5.925.00 hafi verið greiðsla fyrir fæði og þjónustu Þórhildar Bjarnadóttur í 5 vikur. Stefnandi hélt, að inni í fjárhæðinni kr. 5.925.00 vegna Þórhildar

Bjarnadóttur væri ekki húsaleiga, en taldi líklegra, að þetta væri greiðsla þá fyrir lengri tíma en 5 vikur, enda þótt þarna standi 5 v.

Stjórnarformaðurinn sagði, að það hafi verið stjórn stefnda, sem hafi ákveðið greiðslu frá vistmönnum, en annað fólk, sem á heimilinu bjó og sjáandi var, hafi verið látið borga meir. Gjöldin frá blinda fólkinu hafi verið undir kostnaðarverði.

Vegna þess, sem fram kom hjá stjórnarformanninum við fyrri yfirheyrslu um afnot af þvottaherbergi í kjallara hússins, þá sagði stefnandi, að þetta herbergi hafi verið notað sem geymsla fram til haustsins 1972, en þá hafi þær Dagbjört og Elín fengið herbergi þetta leigt og hafi þær búið þarna um veturinn. Stjórnarformaðurinn sagði, að í því tilfelli, að herbergi það, sem ætlað var fyrir straustofu, hafi verið upptekið, þá hafi verið þarna bókaherbergi í kjallaranum, sem fyrri ráðskonur hafi notað til frágangs á þvotti. Stjórnarformaðurinn sagði, að þær Dagbjört og Elín hafi fengið herbergi þetta á leigu í október 1972. Stefnandi sagði, að konan, sem var ráðskona á undan henni, hafi notað sama herbergi og stefnandi til frágangs á þvotti og þá er stefnandi byrjaði störf sín, hafi strauborð verið í herberginu. Hljóðfærin, sem voru í herbergjnu, hafi verið látin niður í kjallara í straustofuna, fljótlega eftir að stefnandi byrjaði að vinna hjá stefnda, og hafi ástæðan verið, að stefnandi var hrædd um, að barn hennar færi í hljóðfærin.

Fyrir dómi bar Sigríður Sigurðardóttir, fyrrverandi starfsmaður stefnda, en hún vann við ræstingu á blindraheimilinu á þeim tíma, sem stefnandi var þar ráðskona, að eftir að stefnandi kom úr sumarfríi, hafi stefnandi farið að taka sér frídaga, og kvaðst Sigríður þá hafa leyst stefnanda af. Á þessum frídögum stefnanda kvaðst Sigríður hafa unnið frá því milli kl. 8 og 9 að morgninum og þar til hún var búin að kvöldinu, en það hafi verið um kl. 9. Sigríður bar, að telja megi það hafa verið samfellda vinnu allan daginn þessa daga, sem hún leysti stefnanda af. Húsið sé nokkuð erfitt, það sé 3 hæðir, og fólkið á heimilinu hafi verið gamalt og varla getað farið sjálft til dyra. Sigríður kvaðst hafa smurt fyrir það fólk, sem fór af heimilinu til vinnu, og hafi hún gert það kvöldið áður. Jafnframt kvaðst Sigríður hafa leyst stefnanda af í nokkra daga, þegar stefnandi var veik á sjúkrahúsi, og hélt Sigríður, að það hafi verið í júní. Sigríður kvaðst ekki hafa verið á heimilinu á nóttunni þennan tíma, sem stefnandi var veik, en

hélt, að maður stefnanda hafi verið þar þessar nætur, en hann hafi unnið langt fram á kvöld.

Sigríður kvaðst hafa fengið greidda þá tíma, sem hún vann, þá er hún leysti stefnanda af, og kvaðst hafa talið tímana saman og fengið þá borgaða, þetta hafi verið 10 til 12 tímar á dag. Sigríður kvaðst ekki muna, hvort greitt var eftirvinnukaup og ekki heldur, hvort þessi vinna var greidd sérstaklega eða um leið og ræstingin. Sigríður kvaðst ekki hafa greitt fæði þá daga, sem hún leysti stefnanda af, enda hafi það ekki verið nefnt.

Sigríður sagði, að á hæð hússins hafi verið herbergi, sem ekki var notað af vistmönnum, og hafi herbergi þetta aðallega verið notað sem vinnuherbergi, þar hafi verið þvottur og straubretti, þar hafi verið skrifborð og reikningar heimilisins, en eiginmaður stefnanda muni hafa fært bókhald heimilisins. Einhvern tíma hafi verið þarna djúpir stólar, sem stefnandi hafi fengið að geyma stuttan tíma, einnig hafi verið þar blóm í gluggum, sem stefnandi átti.

Fyrir dómi bar sambýlismaður stefnanda, Þór Guðmundsson, að hann hafi unnið í Hafnarfirði, þegar stefnandi vann hjá stefnda. Hann kvaðst hafa fengið morgunkaffi, ef búið var að laga það, þá er hann fór til vinnu, en hann hafi farið það snemma, að ekki hafi alltaf verið búið að laga kaffi. Fyrri hluta ársins hati hann sjaldan komið heim á virkum dögum fyrr en klukkan var orðin 8, 9 eða jafnvel seinna og hafi hann yfirleitt alltaf komið eftir kvöldmat. Þegar hann kom heim, hafi hann fengið bita af því, sem til var, en ekki hafi verið búinn til sérstakur kvöldmatur fyrir hann. Fyrri hluta ársins kvaðst hann hafa unnið flestalla laugardaga og þó nokkuð marga sunnudaga fram í miðjan júlí. Frá því í september kvaðst maður stefnanda ekki hafa unnið á sunnudögum og bara unnið nokkra laugardaga. Hann kvaðst oftast hafa haft með sér nesti að heiman í vinnuna og hafi þetta verið brauðbiti og kannske kex, en ekki nesti til að hafa til hádegisverðar. Maður stefnanda kveðst ekki hafa haldið skrá um það, hvenær hann borðaði á heimilinu og hvenær ekki. Maður stefnanda kvaðst ekki hafa verið viðstaddur, þegar kona hans réð sig til stefnda, en konan hafi oft sagt sér, að það væri eftir að gera samning um greiðslur fyrir fæði mannsins og barnsins og jafnframt um laun konunnar fyrir eftirvinnu og vinnu á frídögum. Maður stefnanda kvaðst hafa haldið, að um þetta hvort tveggja yrði samið í einu. Maðurinn kvaðst aðeins einu sinni hafa hitt

stjórnarformann stefnda þarna á heimilinu og hafi það verið um haustið. Þá hafi þetta eitthvað komið til tals á milli þeirra, en ekkert verið ákveðið, enda stjórnarformaðurinn mjög tímabundinn.

Maðurinn sagði, að barn þeirra stefnanda hafi verið á dagheimili hluta úr degi fyrri hluta ársins og hafi barnið oft verið um helgar hjá ömmu sinni og afa. Eftir að þau stefnandi komu úr sumarfríi, hafi barnið verið mjög lítið á heimilinu, en dvalist hjá ömmu sinni og afa.

Þau stefnandi hafi haft eitt herbergi út af fyrir sig. Á hæðinni hafi verið vinnustofa, sem þau hafi farið fram á að fá, en það mál hafi ekki komist í höfn frekar en að ganga frá samningi um laun og fæðiskostnað. Í þessu herbergi hafi verið gengið frá þvotti. Kona sú, sem leysti stefnanda af í sumarfríi, hafi búið í þessu herbergi, á meðan hún vann þarna. Maður stefnanda kvaðst hafa keypt lítið skrifborð þann tíma, sem stefnandi vann fyrir stefnda, og hafi það verið geymt í þessu herbergi. Seinni hluta ársins hafi þau keypt lítið sófasett og hafi það einnig verið geymt í þessu herbergi.

Vitnið Ólafur Ögmundsson, sem kvaðst vera leigjandi hjá stefnda og hafa búið að Bjarkargötu 8 á árinu 1972, kvaðst hafa selt stefnanda sófa, tvo stóla, sófaborð og skrifborð og muni það að öllum líkindum hafa verið í ágúst 1972. Húsgögn þessi hafi stefnandi geymt í stofu á aðalhæð hússins. Stefnandi hafi bara haft eitt herbergi til umráða, en geymt þessi húsgögn í öðru herbergi.

Með stefnanda hafi verið á heimilinu maður hennar og barn, en barnið hafi ekki verið þar að staðaldri. Maðurinn hafi verið þar á kvöldin og nóttinni og um helgar.

Vitnið Ólafur sagðist ekki hafa verið í fæði á heimilinu, en sagðist halda, að á árinu 1972 hafi heimilismenn verið fjórir. Ólafur var spurður um vinnutíma stefnanda og svaraði því til, að einn af vistmönnum hafi farið til vinnu að morgninum og hafi kaffi fyrir hann verið haft í brúsa á borðinu. Tveir vistmenn hafi verið heima, sem hafi fengið létta máltíð um hádegið, en aðalmáltíðin hafi verið á kvöldin og muni vistmenn hafa verið fjórir eða fimm, sem fengu kvöldmáltíð.

Vitnið sagði, að kona vitnisins hafi verið ráðskona á blindraheimilinu á árunum 1958 til 1963 og hafi hún fengið föst mánaðarlaun fyrir ráðskonustörf sín á heimilinu, en enga greiðslu

fyrir eftirvinnu eða aukavinnu. Þau hjónin hafi haft eina stofu til umráða, og kvaðst vitnið hafa borgað fæðiskostnað fyrir sig og þá sömu fjárhæð og vistmenn greiddu fyrir fæði.

Fyrir dómi bar Guðbjörg Jóna Sigurðardóttir, að hún hafi unnið á skrifstofu stefnda í 9 ár og hafi hún hætt störfum þar í apríl 1973. Guðbjörg kvaðst hafa annast launagreiðslur fyrir stefnda og hafi hún reiknað út laun starfsmanna stefnda samkvæmt þeim töxtum, sem henni var sagt að miða við. Stefnandi hafi verið á föstum mánaðarlaunum, og þau kvaðst Guðbjörg hafa greitt stefnanda og hafi hún reiknað út breytingar á launum stefnanda, þegar breytingar urðu á vísitölu eða einhverjar hækkanir urðu á launum. Guðbjörg kvaðst ekki muna eftir breytingum á launaflokkum vegna launa stefnanda í júní 1972. Ef um launabreytingar hafi verið samið við stefnanda, þá muni það hafa verið Þorsteinn Bjarnason, sem hefði tilkynnt vitninu það. Vitnið kvaðst ekki muna eftir slíkum fyrirmælum varðandi stefnanda. Vitninu voru sýndar kvittanir á dskj. nr. 9, og sagði vitnið, að ekki væri útilokað, að laun stefnanda hafi verið hækkuð í júní fyrir það, að líkað hafi vel við hana og allt hafi verið í lagi, en vitnið tók fram, að hún þori ekki að fullyrða um þetta. Vitnið taldi, að ef laun stefnanda hefðu einu sinni verið greidd hærri en áður, þá væri ekki útilokað, að um villu hjá vitninu hefði verið að ræða, en vitnið talið mjög ólíklegt, að hún hefði greitt of há laun í marga mánuði.

Vitnið Guðbjörg Jóna kvaðst muna eftir þrem konum, sem unnið hafi sem ráðskonur hjá stefnda á þeim tíma, sem hún vann fyrir stefnda. Þær hafi verið Margrét Sæmundsdóttir, Anna Þórðardóttir og stefnandi. Vitnið minnti, að fleiri konur hefðu gegnt þessu starfi á þessum tíma, en kvaðst ekki koma því fyrir sig. Þessar konur hafi allar unnið fyrir föst mánaðarlaun og svo hlunnindi, sem hafi verið frítt húsnæði og fæði eða því sem næst. Guðbjörg hélt, að hafi þær greitt eitthvað fyrir húsnæði og fæði, hafi það verið mjög lítið, þannig að mánaðarlaunin hafi verið frí. Margrét Sæmundsdóttir hafi haft alveg sín laun frí. Guðbjörg Jóna var ekki viss um ráðskonurnar, sem voru á eftir Margréti, hvort samið hafi verið við þær um einhverja lækkun á launum vegna fæðis og húsnæðis, en vitnið kveðst ekkert hafa tekið af launum þessara kvenna fyrir fæði og húsnæði.

Eins og rakið hefur verið, eru aðiljar ósammála, um hvaða kjör hafi verið samið, þá er stefnandi hóf störf fyrir stefnda. Fram er komið, að mánaðarlaun stefnanda voru miðuð við kjara-

samning Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Verkakvennafélagsins Framsóknar um kaup og kjör starfsstúlkna í mötuneytum, og voru launin í upphafi starfstíma stefnanda miðuð við byrjunarlaun matráðskvenna (verkstjóra), sbr. dskj. nr. 5. Á starfstíma stefnanda hjá stefnda tók gildi nýr kjarasamningur milli ofangreindra aðilja, og var hann undirritaður 12. apríl 1972 og mun hafa tekið gildi 1. maí 1972. Stefnanda voru þó greidd sömu laun fyrir maí og apríl. Í júní 1972 munu mánaðarlaun stefnanda hafa hækkað til samræmis við ákvæði hins nýja kjarasamnings, þó þannig, að stefnanda voru þá og það, sem eftir var starfstíma hennar, greidd laun eins og eftir 2 ára starf.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefndi sé ekki í Vinnuveitendasambandi Íslands. Því hefur ekki verið haldið fram af hálfu stefnanda, að hún sé félagi í Verkakvennafélaginu Framsókn. Teljast því aðiljar máls þessa ekki bundnir af ofangreindum kjarasamningum, enda þótt fram sé komið, að mánaðarlaun stefnanda voru við þá miðuð. Í þessu sambandi er og á það að líta, að vinnusamband stefnanda var með nokkuð öðrum hætti en kjarasamningarnir gera ráð fyrir, þar sem hún bjó á vinnustað sínum og hafði með sér fjölskyldu sína. Maður stefnanda og barn borðuðu á heimili stefnda, þá er þau dvöldust þar, og var stjórnarformanni stefnda þetta ljóst, enda þótt ekki virðist hafa verið gengið frá samningum á milli málsaðilja vegna þessa.

Stefnanda voru greidd umsamin mánaðarlaun, sem hún kvittaði fyrir án fyrirvara. Ekki kemur fram á kvittunum þessum, að stefnandi hafi verið krafin um greiðslu fæðis fyrir hana sjálfa, mann hennar og barn.

Þegar litið er til framburðar stefnanda um, að hún hafi allan tímann, sem hún vann fyrir stefnda, alltaf öðru hverju verið að óska eftir því, að frá samningum á milli málsaðilja yrði gengið varðandi greiðslur fyrir aukavinnu og fyrir fæði barns stefnanda og manns, og þess, að viðurkennt er af stjórnarformanni stefnda, að um þetta hafi verið rætt, þá er stefnandi kom úr sumarleyfi, en málið ekki afgreitt, og jafnframt er, að eitthvað hafi verið talað um, að ef stefnandi ynni umfram umsaminn vinnutíma, þá kæmi það fyrir fæði manns hennar og barns, þá þykja fyrirvaralausar kvittanir stefnanda ekki skipta máli við niðurstöðu máls þessa.

Aðiljar eru ósammála um samræður þeirra stefnanda og stjórnarformanns stefnda um það, hve langt sumarleyfi stefnanda bar.

Stefnandi fékk sumarleyfi frá 1. ágúst til 11. september, og greiddi stefndi stefnanda full mánaðarlaun fyrir ágúst og september. Þetta þykir styðja fullyrðingar stefnanda um, að stjórnarformaður stefnda hafi samþykkt það fyrirkomulag, sem stefnandi kveðst hafa viðhaft, þ. e. að hún hafi látið helminginn af frídögum sínum, eftir að hún kom úr sumarleyfi, ganga upp í umframsumarleyfið. Verður því við niðurstöðu málsins við það miðað, að hvorugur málsaðili eigi kröfu á hinn vegna sumarleyfis stefnanda.

Við niðurstöðu máls þessa verður miðað við þau laun, sem stefnandi fékk hjá stefnda, sbr. dskj. nr. 9, enda eru fullyrðingar af hálfu stefnda um mistök í sambandi við launagreiðslur til stefnanda frá því í júní 1972 og út árið ósannaðar. En hvernig sem launabreytingin var tilkomin, þá mátti stefnandi reikna með, að þetta væru mánaðarlaun hennar. Jafnframt þykir stefnandi eiga rétt á þeirri hækkun, sem varð 1. maí 1972 á mánaðarlaunum þeim, sem laun hennar voru við miðuð, en það voru kr. 1.195.00.

Yfirvinna.

Aðiljar eru ósammála um daglegan vinnutíma stefnanda og um það, hve mikið starf það hafi verið, sem stefnandi hafi ynnt af höndum fyrir stefnda. Á dskj. nr. 15 kemur fram, að á heimili stefnda á árinu 1972 hafi verið í fæði 6 manns hið fæsta. Samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda voru 5 af þeim blindir. Flestir hafa verið 9 í fæði, þar af 5 blindir. Framburður vitnisins Sigríðar Sigurðardóttur styður fullyrðingar stefnanda um, að hún hafi unnið til jafnaðar 11 tíma á dag. En í þessu sambandi er á það að líta, að stefnandi hefur viðurkennt að hafa ekki skráð daglegan vinnutíma sinn og að hvorki hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi gefið stefnda tilefni til að fylgjast með daglegum vinnutíma hennar né að hún hafi gert stefnda ljóst, að hún ætlaði að krefjast greiðslu fyrir eftir- og næturvinnu. Þykir því ekki unnt gegn andmælum stefnda að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu fyrir eftir- og næturvinnu samkvæmt dskj. 3 og 4.

Viðurkennt er af stefnda, að á þeim tíma, sem stefnandi vann fyrir stefnda, hafi launþegum borið tveir frídagar í viku. Því er ómótmælt haldið fram, að stefnandi hafi ekki tekið frídag tímabilið janúar til 1. ágúst 1972, og verður því krafa stefnanda vegna frídaga á þessu tímabili tekin til greina svo og krafa stefnanda vegna tveggja frídaga í september, þ. e. kr. 62.859.20. Við þetta bætist 8.33% orlof, kr. 5.236.10.

Vinna á hátíðisdögum.

Í sambandi við þessa kröfu stefnanda er á það að líta, að af hálfu stefnda er varðandi fjölda frídaga og hátíðisdaga einungis vefengt, að aðfangadagur og gamlársdagur teljist helgidagar og eigi því einungis að telja 13 helgidaga á árinu, eða samtals 104 vinnustundir. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 88 frá 1971 teljast aðfangadagur og gamlársdagur frídagar frá klukkan 1300. Verður því krafa stefnanda um greiðslu fyrir vinnu á 14 hátíðisdögum tekin til greina, þó þannig, að einungis verður miðað við 8 tíma vinnu á dag. Samkvæmt mánaðarlaunum þeim, sem stefnanda voru greidd, reiknast laun stefnanda fyrir 8 tíma vinnu á dag í 14 hátíðisdaga kr. 27.422.40 Við þetta bætist 8.33% orlof, eða kr. 2.284.28.

Laun fyrir janúar 1973.

Ekkert hefur komið fram undir rekstri málsins um það, að launakjör stefnanda hafi átt að breytast þá daga, sem hún vann eftir 1. janúar 1973, og verður því við niðurstöðu máls þessa miðað við sömu laun í janúar 1973 og stefnandi hafði í desember 1972, enda verður ekki á þá skoðun stefnda fallist, að stefnandi hafi fengið greidda vinnu sína í janúar með því, sem stefndi telur ofgreitt, samanber það, sem að framan hefur verið rakið um þetta efni. Því er ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hún hafi unnið 1/3 af janúar, og verður því við það miðað, að stefnda beri að greiða stefnanda í laun fyrir janúar 1/3 af mánaðarlaunum, þ. e. kr. 8.880.00, og fyrir 2 frídaga, eða 16 tíma á kr. 153.90, þ. e. kr. 2.462.40, og fyrir vinnu stefnanda á nýjársdag 1973 8 tíma helgidagavinnu, þ. e. kr. 2.216.00. Þetta gerir kr. 13.558.40. Við það bætist orlof 8.33%, kr. 1.129.41.

Gagnsök.

Fæðiskostnaður.

Fram þykir komið, að gagnstefnda hafi átt að hafa ókeypis fæði. Sú skoðun styðst m. a. við framburði gagnstefndu, stjórnarformanns gagnstefnanda, vitnisins Sigríðar Sigurðardóttur svo og dskj. 11 og 16. Verður því krafa gagnstefnanda vegna fæðiskostnaðar gagnstefndu ekki tekin til greina.

Gagnstefnda hefur viðurkennt, að greiða beri fyrir fæði manns hennar og barns, en ágreiningur er með málsaðiljum um það, hve mikið skuli greitt vegna þessa liðar í gagnkröfu. Eins og að framan hefur verið rakið, virðist ekki hafa verið gengið frá samning-

um á milli málsaðilja um greiðslur fyrir fæði manns og barns gagnstefndu. Ekki liggur fyrir í málinu, hve oft maður gagnstefndu borðaði á heimili gagnstefnanda, enda er ekki fram komið, að gagnstefnandi hafi gefið gagnstefndu tilefni til að halda máltíðafjölda saman. Því er haldið fram af hálfu gagnstefndu, að maður hennar hafi unnið í Hafnarfirði þann tíma, sem gagnstefnda vann fyrir gagnstefnanda, og jafnframt er því haldið fram, að hann hafi borðað hádegisverð í Hafnarfirði og kvöldverð einnig, þá er hann vann fram eftir kvöldi. Því er haldið fram af hálfu gagnstefndu, að barn hennar hafi lítið verið á heimili gagnstefnanda, eftir að gagnstefnda kom úr sumarleyfi sínu í september. Af því, sem fram er komið í málinu, og þar sem ekki verður séð, að um þetta hafi verið samið á milli málsaðilja, þá þykir verða að áætla þennan lið, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 66.000.00, þ. e. sú fjárhæð, sem gagnstefnda hefur boðið fram vegna þessa liðar í gagnkröfu. Við ákvörðun þessarar fjárhæðar er haft í huga, að fæðiskostnaður á heimili gagnstefnanda var kr. 64.100.00 fyrir manninn árið 1972 og jafnframt, að gagnstefnda og fjölskylda hennar voru ekki á heimili gagnstefnanda í 6 vikur á árinu 1972, en munu svo hafa verið nokkra daga á árinu 1973.

Húsnæði, hiti, ljós, ræsting o. fl.

Þessi kröfuliður er ekki studdur neinum gögnum. Ekkert er fram komið um, að gagnstefnda hafi nokkurn tíma verið krafin um greiðslu fyrir ljós, hita og ræstingu. Stjórnarformaður gagnstefnanda hefur viðurkennt, að gagnstefnda hafi átt að hafa afnot af einni stofu án endurgjalds. Því er haldið fram af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefnda hafi haft afnot af einni stofu meir en henni bar og hafi hún m. a. geymt þar húsgögn, sem hún keypti af Ólafi Ögmundssyni. Gagnstefnda hefur viðurkennt að hafa með samþykki stjórnarformanns gagnstefnanda geymt húsgögn í þessu herbergi, en þau hafi hún keypt af Ólafi Ögmundssyni haustið 1972. Jafnframt hafi hún notað herbergi þetta við vinnu sína fyrir heimili gagnstefnanda. Dskj. nr. 17 styður fullyrðingar gagnstefndu um, að það hafi ekki verið fyrr en um haustið sem gagnstefnda keypti húsgögnin. Dómsskjal þetta er ávísun, stíluð á Ólaf Ögmundsson, dags. 30. september 1972, og útgefin af manni gagnstefndu. Önnur afnot gagnstefndu af herbergi þessu eru ósönnuð, og verður því þessi krafa gagnstefnanda ekki tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaða málsins í aðalsök sú, að aðalstefndi verður dæmdur til að greiða aðalstefnanda kr. 113.684.00, þ. e. vangreidd laun í maí 1972, kr. 1.195.00, fyrir vinnu á frídögum kr. 62.859.20 + orlof, kr. 5.236.10, fyrir vinnu á hátíðisdögum kr. 27.422.40 + orlof, kr. 2.284.28, fyrir vinnu í janúar 1973 kr. 13.558.40 + orlof, kr. 1.129.41. Vextir ákveðast 7% ársvextir frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Í gagnsök verður gagnstefnda dæmd til að greiða gagnstefnanda kr. 66.000.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og komi þessi fjárhæð til skuldajafnaðar við kröfu aðalstefnanda.

Hæfilegt þykir, að aðalstefndi greiði aðalstefnanda kr. 25.000 í málskostnað.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, Blindravinafélag Íslands, greiði stefnanda, Bjarndísi Eygló Indriðadóttur, kr. 47.684.00 með 7% ársvöxtum frá 1. febrúar 1973 til 16. maí s. á., en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. desember 1977.

Nr. 54/1976. **Magnús Magnússon**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Ingva Þorgeirssyni
(Kristján Eiríksson hrl.).

Vinnusamningur. Brottvikning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Valtýr Sigurðsson, aðalfulltrúi sýslumannsins í Gullbringusýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. mars 1976. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 103.118 krónur með 13% ársvöxtum frá 16. október 1974 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 12. maí 1976.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Endurtekin, óréttmæt synjun áfrýjanda á að vinna verk, er stefndi mælti fyrir um, að hann skyldi leysa af hendi, veitti stefnda lögmæta ástæðu til að vísa honum úr starfi. Verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að brottvísun hans hafi verið ólögmæt fyrir þá sök, að hann hafi ekki hlotið næga aðvörun, áður en til hennar kom. Ekki verður brottvísunin heldur metin ólögmæt vegna þess, að hún var ekki skrifleg. Á 4. mgr. 1. gr. laga nr. 16/1958, er áfrýjandi skírskotar til því til stuðnings, ekki við um atvik þau, sem málið er sprottið af. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann samtals 80.000 krónur.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Magnússon, greiði stefnda, Ingva Þorgeirssyni, samtals 80.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarlaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 26. janúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 12. þ. m. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, birtri 24. febrúar 1975. Stefnandi málsins er Magnús Magnússon, Bræðraborg 1, Höfnum. Stefndi er Ingvi Þorgeirsson, Grænási 3, Ytri-Njarðvík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum vinnulaunaskuld að fjárhæð kr. 103.118 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. október 1974 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Sættir voru reyndar, en án árangurs. Samhliða máli þessu voru rekin við dóminn tvö mál sama efnis, þ. e. aukadómþingsmálin nr. 42 og 44: Skúli Jóhannsson og Níels Björgvinsson gegn Ingva Þorgeirssyni, og hafa endurrit aðiljayfirheyrslna úr þeim málum verið lögð fram í máli þessu, og verður á þeim byggt við úrlausn.

II.

Stefnandi skýrði svo frá, að hann hafi unnið hjá stefnda í rúm 8 ár við ræstingu í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli svo og í flugvélum Loftleiða h/f og öðrum farþegaflugvélum, sem leið áttu um Keflavíkurflugvöll. Hinn 16. október 1974 kom upp ágreiningur milli stefnanda og þriggja annarra samstarfsmanna hans annars vegar og stefnda hins vegar um hreingerningu á gangi í flugstöðvarbyggingunni. Töldu stefnandi og félagar hans, að hreingerning þessi tilheyrði ekki ræstingu og daglegum störfum þeirra. Var stefnanda ásamt þremur öðrum starfsmönnum sagt upp starfi þá þegar og án nokkurs fyrirvara. Taldi stefnandi þessa fyrirvaralausu uppsögn ólögmæta, enda eigi hann sem fastur starfsmaður rétt á mánaðaruppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Gerði hann kröfur til þess, að stefndi greiddi honum laun fyrir tímabilið 16. október til 30. nóvember 1974, sem sundurliðast þannig:

1. Laun frá 16. okt. til 31. okt. 1974 kr. 31.730
2. Laun frá 1. nóv. til 30. nóv. 1974 — 63.459

3. Orlof 8.33% ..... kr. 7.929

Samtals kr. 103.118

Þessari kröfu stefnanda hefur stefndi hafnað á þeirri forsendu, að stefnandi hafi neitað að framkvæma verk það, er hann hafi gefið fyrirskipun um að framkvæma skyldi, og hafi hann því ekki átt annarra kosta völ en að víkja stefnanda og félögum hans úr starfi og útvega sér nýja starfsmenn til þess að vinna umrætt verk.

Í skýrslu, dskj. nr. 9, sem stefnandi og tveir aðrir samstarfsmenn hans hafa undirritað, lýsa þeir atvikum málsins þannig: „Byrjum daginn kl. 8.00 árdegis og stimplum okkur inn. Þá er ein Loftleiðavél inni (LF 30), hún kom kl. 7.30, og næturvaktin var búin að hreinsa hana. Við fórum að ryksuga uppi hjá flugumsjón og hreinsa salerni. Síðan hreinsuðum við gang, sem farþegar ganga út úr flugstöðinni, þá hreinsuðum við farþegasal, þetta var búið kl. 12.00 að hádegi, og þá var matast. Eftir mat kemur Magnús Þorgeirsson með skilaboð frá Ingva, um, að við skulum hreingera veggi upp á gangi. Okkur kom saman um að neita því, af því að það tilheyrði ekki ræstingu eða okkar daglegu störfum. Þá fór Magnús upp til Ingva og sagði honum, að við neituðum að gera hreint og kom með þau skilaboð frá Ingva að tala við sig, sem við gerðum, og þá spurði hann okkur, hvort við neituðum þessu. Við sögðum, að hreingerning væri ekki í okkar verkahring. Þá sagðist hann senda okkur út í skýli, þar var Flugfélagsvél, sem næturvaktin var búin að hreinsa. Við spyrjum, hvort hún sé óhreinsuð, hann segir það ekki vera, en við skulum fara og hreingera hana. Því neitum við. Þá segir hann, að hann hafi þá ekkert við okkur að gera. Við segjum ekkert við því, en förum niður. Þá kemur Magnús Þorgeirsson aftur með skilaboð frá Ingva að þvo undir öllum stólum inn í farþegasal (sem ekki sé gert daglega) við gerum það. Kl. var 3.30, þegar það var búið, þá förum við niður í kaffi. Nú kemur vél kl. 16.35 (LL 31), sem við hreinsuðum eins og vanalega, síðan hreinsuðum við farþegasal, þá kom Flugfélagsvél kl. 19.40, sem við byrjum að ræsta til kl. 8.00 síðdegis, þá var okkar vinnudegi lokið og önnur vakt tók við. Þá fórum við upp og ætluðum að stimpla okkur út, en þá var búið að taka spjöldin okkar. Þá kallaði Ingvi okkur til sín, þetta var útborgunardagur, og okkur var borgað út. Ingvi spyr okkur, hvort við neitum að gera hreint, og við segjum það vera.

Þá þurfið þið ekki að mæta til vinnu á morgun segir Ingvi. Við spyrjum, hvort hann sé í rétti að segja okkur þannig upp vinnunni, hann segir það vera af því að við neitum að vinna það, sem hann skipi okkur að gera. Það skal tekið fram, að við blettahreinsum veggi (skv. verklýsingu frá Ingva) og gerum snyrtiherbergi hrein. Aðra hreingerningu höfum við ekki gert síðan við hófum störf hjá Ingva Þorgeirssyni." Undir þetta skjal ritar stefnandi, Skúli Jóhannsson og Níels Björgvinsson.

Í framburði Skúla Jóhannssonar segir svo um atvikið, að þeir hafi verið í kaffi, þ. e. hann, Magnús Magnússon, Daníel Björgvinsson og Elías Guðmundsson, þegar bróðir stefnda, sem er verkstjóri hjá stefnda, hafi komið og sagt þeim að fara að gera hreina veggi og loft á gangi flugstöðvarbyggingarinnar. Þeir hafi þá sagt verkstjóranum, að þeir teldu, að það væri ekki í verkahring þeirra, og hafi þeir neitað að vinna umrætt verk. Sagði hann, að verkstjórinn hafi þá farið upp á loft og komið aftur niður að vörmu spori og sagt þeim að koma upp til viðtals við stefnda. Hafi þeir þá farið upp og tilkynnt stefnda, að þeir neituðu að vinna umrætt verk. Ekki kvaðst hann muna nákvæmlega, hverju stefndi svaraði, en stefndi hafi sagt þeim að fara og gera hreina flugvél frá Flugfélagi Íslands. Þeir hafi þá neitað því, þar sem það hafi áður verið búið að ræsta vélina, þ. e. ryksuga, hreinsa úr öskubökkum, þurrka af borðum og ganga frá salernum, eða það sem fram kemur, að þeir eigi að gera skv. verklýsingu stefnda á dskj. nr. 7, en þar er að finna eftirfarandi verklýsingu:

„Nauðsynleg dagleg hreinsun á
flugvélum Flugfélags Íslands h.f.

Stjórnklefi: Tæma öskubakka, strjúka af rúðum, dusta af stólsetum, þurrka borð og gólf.

Farþegarými: Brjóta saman teppi og raða snyrtilega í hillur, ekki hafa teppi né kodda við björgunarbátana (þar sem þar safnast meira af yfirhöfnum farþega, sem sitja í sætum undir þeim). Setja sölulista og öryggisspjöld í sæti. Strjúka af rúðum, hreinsa fingraför og bletti kringum lesljós og bjöllur, tæma öskubakka, dusta mylsnu og rusl úr sætum, krossleggja sætisbelti. Þvo öll borð, ryksuga eða sópa gólfteppi. Skipta um sætishlífar og koddaver.

Eldhús: Þvo borðin, söluborðin og laus farþegaborð, strjúka bletti af skáphurðum og þiljum. Þvo gólfið og þurrka gólfdregil fyrir framan það.

Salerni: Fægja spegla, borð og handlaugar. Þvo vel setur og allt

í kringum salernisskálar, þvo gólfin, strjúka bletti af veggjum, ath. óhreinindi í hólfum."

Skúli Jóhannsson sagði, að eftir þetta samtal þeirra hafi stefndi sagt þeim að fara í „transitsal" og þvo þar gólf undir stólum og hafi þeir gert það. Sagði hann, að stefndi hafi ekki minnst á uppsögn úr starfi, svo að hann heyrði, fyrr en stefndi var að greiða þeim laun um kvöld sama dags, en þá hafi hann sagt við þá, að hann hefði ekkert við þá að gera, ef þeir framkvæmdu ekki það, sem hann skipaði þeim að gera. Sagði hann, að stefndi hafi ábyggilega sagt í þetta sinn, að þeir þyrftu ekki að koma aftur, og hafi þeir ekki komið aftur í vinnuna. Hann sagði, að það hafi ekki verið sérstaklega um það rætt, er hann réð sig til starfa hjá stefnda, við hvað hann ætti að starfa, en sér hafi verið kunnugt um, að verkstjórinn væri með verklýsingar undir höndum, en hann hafi ekki séð þær. Skúli Jóhannsson sagði, að sú hreinsun, er þeir hafi framkvæmt á veggjum, hafi verið svokölluð blettahreinsun, en hann kannaðist ekki við, að veggir hafi verið hreinsaðir á 4ra daga fresti. Sagði hann, að engin hreingerning á veggjum hafi verið framkvæmd þá tvo mánuði, sem hann vann hjá stefnda. Aðspurður hvort hann hafi tekið þátt í hreinsun á flugvél á þann hátt sem segir á dskj. nr. 8B, kvaðst hann ekki minnast þess að hafa annast slíka hreinsun, en þar kemur fram eftirfarandi verklýsing:

„Verklýsing á hreinsun í flugvélum,
er stansa á flugvélastæði framan við
Flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli.

A. Loftleiða flugvélar (í gegnum flugi).

Þær Loftleiða flugvélar, sem stansa aðeins skamma stund á flugvélastæði við flugstöðvarbygginguna, skulu hreinsaðar að innan, eins vel og tími og aðstæður leyfa, ennfremur skulu fylgihlutir settir á og í sæti og fjöldi teppa og kodda athugaður. Sem dæmi um verk, sem framkvæma skal, má nefna:

1. Hreinsa gólf í farþegaklefum, sópa eða ryksuga.
2. Hreinsa eldhús.
3. Þrífa á salernum, gólf, vaska o. fl.
4. Setja sætahlífar á sæti og skipta um koddaver, eftir því sem þörf er á. Athuga að nægjanlegur fjöldi kodda sé um borð.
5. Setja loftveikipoka, spjöld, bæklinga og annað í sætispoka og annars staðar, eftir því sem reglur Loftleiða segja til um hverju sinni.
6. Athuga að áskilinn fjöldi teppa sé um borð og brjóta teppi saman.

7. Í áhafnarklefa skal hreinsa gólf, öskubakka og strjúka af sætum, eftir því sem þörf krefur.
8. Þurrka af sætisbökkum og hreinsa öskubakka, ef tími vinnst til.
9. Ef Loftleiða flugvél í gegnum flugi seinkar í Keflavík, verða sendir menn um borð til hreingerninga eftir nánara samkomulagi.
10. Sjá um að nægjanlegur fjöldi heyrnartækja sé um borð í TF-LLK. Munu verktakar sjá um birgðir, hreinsun og pakkningu á heyrnartækjum.

B. Loftleiða flugvélar, sem stansa í lengri tíma.

Þær Loftleiða flugvélar, sem stansa í Keflavík, skulu teknar og hreinsaðar eins rækilega og unnt er og þörf krefur. Auk þeirra atriða, sem greind eru hér að ofan, skulu veggir farþegaklefa, áhafnarklefa, eldhús og salerni þrifnir og þeir hlutir, sem sjaldnar eru þrifnir, skulu hreinsaðir. Auk þess skal verktaki hafa umsjón og eftirlit með teppum og koddum Loftleiða, herðatrjám, bæklingum, spjöldum og öðrum fylgihlutum með sætum.

C. Aðrar flugvélar.

Verkkaupandi hefur skuldbundið sig að afgreiða farþegaflugvélar, sem leið eiga um Keflavíkurflugvöll. Mun verktaki annast hreinsun á þeim vélum að innan, eftir því sem tími og aðstæður leyfa, skv. því sem að ofan greinir. Í flestum tilfellum er nóg hreinsun skv. A að ofan, en þær vélar, sem eru í „turn-around" skulu gerðar upp. Varðandi flugvélar Flugfélags Íslands h.f. gildir sama og um flugvélar Loftleiða." Skjal þetta er undirritað af stefnda og þess getið, að afrit sé sent þessum mönnum: Magnúsi Þorgeirssyni, Guðbirni Magnússyni, Magnúsi Magnússyni, Ólafi Ásgeirssyni og Einari Bragasyni.

Skúli Jóhannsson sagði, að það hafi ekki verið rætt um það við ráðningu hans, í hverju vinna hans væri fólgin, en hann hafi framkvæmt þau verk, sem Magnús Magnússon hafi sagt honum að vinna, en hann hafi litið á hann sem flokksstjóra yfir þessum flokki. Kvaðst hann áður hafa unnið hjá stefnda fyrir ca þrem árum og hafi hann þá unnið hjá honum í tæpt ár. Kvaðst hann þá ekki hafa hreinsað veggi í flugstöðvarbyggingunni á þeim tíma, en sig minnti, að þeir hafi blettahreinsað loft og veggi flugvélar einhvern tíma á þessu ári. Sagði Skúli Jóhannsson, að þeir hafi vitað, að það hafi átt að fara að láta þá vinna við hreingerningu á

gangi, og hafi þeir verið búnir að ákveða að neita að vinna það verk og hafi þeir allir verið sammála um það. Þá sagði hann, að það hafi verið næsta vakt á undan þeirra vakt, sem hafi verið búin að ræsta þá flugvél, er þeim var sagt að fara að hreinsa. Á dskj. nr. 6 er útdráttur úr verksamningi, dags. 4. júlí 1973, og þykir rétt að taka hann upp hér. Þar segir:

„Dagleg ræsting á flugstöðinni Keflavíkurflugvelli.

1. Öll gólf skulu þvegin einu sinni á sólarhring og rykhreinsuð eins oft og þörf er á.
2. Salerni skulu þrifin eins oft og þörf krefur, vaskar og skálar. Veggir skulu hreinsaðir einu sinni á fjögra daga fresti. Sjá um, að pappír og sápa sé til staðar.
3. Allt gler í hurðum skal hreinsa daglega, gler í milliveggjum skal blettahreinsa daglega. Annað gler skal hreinsa einu sinni í mánuði að utan og innan. Gluggar í sal á efri hæð skal hreinsa minnst einu sinni á fjögra daga fresti.
4. Sal á efri hæð skal rykhreinsa daglega.
5. Öskubakkar hreinsist eftir þörfum, þvegnir að utan eftir þörfum.
6. Allar gluggakistur skal þurrka daglega.
7. Ryksuga skal fingur út frá flugstöð minnst tvisvar sinnum á hverri vakt, en annars eftir því sem þarf.
8. Sjúkraherbergi í Transit sal þarf að hreinsa eftir hverja notkun, áhöld einnig.
9. Öll tæki skal hreinsa eftir hverja notkun, við lok hverrar vaktasyrpu skal tæma allar ryksugur og rusladalla á salernernum og á öðrum stöðum, allt rusl skal setjast í sorpílát.
10. Öll sæti skulu hreinsuð eftir þörfum.
11. Vaktstjórar skulu líta eftir ljósum, sér í lagi „EXIT“, og setja perur í eftir því sem vantar og eftirlit með kyndistöð.
12. Útgang úr suðurálmu skal hreinsa minnst einu sinni í mánuði.“ Bréf þetta er undirritað af stefnda og afrit sent sömu aðiljum og verklýsing á dskj. nr. 8.

Fyrir rétti sagði stefnandi, að sig minnti, að skýrsla þeirra félaga hafi verið rituð um einni viku eftir að atburðir þessir gerðust og hafi kona hans ritað hana eftir sinni fyrirsögn, en hinir tveir starfsmennirnir undirritað hana síðar.

Stefnandi sagði, að þau átta ár, sem hann hafi verið starfsmaður hjá stefnda, hafi hans vakt aldrei verið látin gera hreina veggi. Þeir hafi aðeins verið látnir blettahreinsa í seilingarhæð.

Stefnandi sagði, að hann hafi verið verkstjóri á sinni vakt og

hafi hann stjórnað því, sem gert var hvert sinn á vaktinni, og hafi hann þá farið eftir verklýsingu frá stefnda, þannig að ævinlega var vitað, hvað gera ætti samkvæmt verklýsingunum.

Stefnandi kvaðst ekki vita, hvort aðrar vaktir unnu að hreingerningu, enda hafi það ekki komið honum við.

Stefnandi sagðist ekki hafa orðið var við, að verklýsingar á dskj. nr. 6, 7 og 8 hafi verið hengdar upp í íverustað starfsmanna, en það kunni að vera, að þær hafi verið hengdar upp í herbergi stefnda sjálfs, en þangað komi starfsmenn sjaldan. Hann kveðst hafa undir höndum afrit dskj. nr. 8 til að vinna eftir.

Stefnandi sagði, að hver vakt hafi gert skýrslu um það, sem búið var að gera í hverri flugvél, og hvað eftir væri, en varðandi það, sem gert var í flugstöðinni sjálfri, hefðu gengið skilaboð milli vakta.

Sagði hann aðspurður, að stefndi hafi ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna hann vildi láta þá fara að hreingera umrætt sinn. Stefnandi kvað stefnda ekki hafa orðað það við hann að „hreingera" fyrr en þennan umrædda dag.

Stefnandi var spurður um túlkun hans á 13. lið dskj. nr. 8, og kvaðst hann hafa túlkað það svo, að þar væri átt við flugvélar, sem hefðu hér 2—3 daga viðdvöl, og ætti verklýsingin við um, að vélarnar skyldu m. a. blettahreinsaðar.

Stefnandi sagði, að hann hafi aldrei þvegið flugvélarnar að innan, en aðeins blettahreinsað þær.

Níels Pétur Björgvinsson sagði fyrir rétti, að hann minntist þess ekki að hafa séð verklýsingarnar hanga á töflunni í herbergi starfsmannanna, en hann hafi hins vegar kynnt sér þær. Kvaðst hann hafa litið á dskj. nr. 6, 7 og 8 þannig, að þar sé átt við hámark þess, sem stefndi geti krafist af starfsmönnum sínum. Taldi hann, að stefndi hefði ekki getað aukið vinnuálagið án samráðs við starfsmennina, en taldi þó, að hann gæti breytt reglunum, ef ekki yrði um aukið starfsálag að ræða.

Sagði hann, að það kæmu oft dauðir tímar í vinnuna að vetrarlagi, en hins vegar væri unnið eins og í akkorði á milli. Í hléum þessum vinni starfsmennirnir ekki neitt.

Hann gat þess, að þeir hafi til skiptis annast það að draga upp og niður ríkisfánann, sem er við flugstöðina, og telur ekki útilokað, að þeir hafi ef til vill annast einhver önnur störf, sem ekki eru á verklýsingunum.

Hann sagði, að stefndi hafi sagt þeim að hreingera flugvélina

umrætt sinn, en ef um hreinsun samkvæmt B lið dómsskjals nr. 8 hefði verið að ræða, hefði hann sagt þeim að blettahreinsa einhvern ákveðinn hluta vélarinnar. Taldi hann flugvélina hafa verið tilbúna til flugs, þar sem næturvaktin var búin að hreinsa hana. Sagði hann, að það taki ábyggilega 4 menn heila vakt að hreingera vél af þessari stærð.

Framburður stefnda var á þá leið, að hann kvaðst hafa verið með verksamning við Flugleiðir h/f um hreinsun á flugvélum Flugleiða og öðrum flugvélum, er lenda á Keflavíkurflugvelli, og enn fremur við yfirvöld varðandi hreinsun og eftirlit með flugstöðvarbyggingunni á Keflavíkurflugvelli f. h. ríkisins. Sagði hann, að dskj. nr. 6, 7 og 8 væru úrdráttur úr þessum verksamningi, er hann hafi útbúið, og séu þar tiltekin þau aðalatriði, er sinna þurfi, og í þeim tilgangi gert, að hann þurfi ekki stöðugt að segja mönnum sínum fyrir verkum. Sagði hann, að hann hafi afhent hverjum vaktstjóra ljósrit af vinnuplagginu auk þess sem hann hengdi upp eintak í íverustað mannanna á Keflavíkurflugvelli. Hann sagði, að þegar hann ráði til sín verkamenn, séu þeir ráðnir á föst mánaðarlaun skv. 7. taxta almenns kauptaxta og séu menninirnir ráðnir til að gegna þeim störfum, sem hann hafi undir höndum, þ. e. ræstingu og hreingerningu. Hann sagði, að á mesta annatímanum, eða frá maímánuði og fram í október, hafi engar hreinsanir átt sér stað á veggjum, að öðru leyti en blettahreinsanir, en eftir að umferð um flugvöllinn minnki, í október, sé alltaf einhverjum tíma varið til að gera hreina veggi. Sagði hann, að hann hafi sjálfur annast þessar hreingerningar þar til í byrjun vetrar 1973, að starfsmenn hans fóru að framkvæma þetta. Sagði hann verklýsingarnar á dskj. nr. 6, 7 og 8 eiga við um þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru til hreinsunar á flugvélum og flugstöðvarbyggingu. Stefndi sagði, að í október 1974 hafi hann byrjað að hreingera veggi í sal á efri hæð flugstöðvarbyggingar og tvo ganga út frá honum.

Stefndi sagði, að vinnuflokkar hafi verið byrjaðir að hreingera veggina, þegar honum barst það til eyrna, að umræddur vinnuflokkur neitaði að vinna verkið. Kvaðst hann hafa kallað mennina til sín og spurt um ástæðu fyrir neitun þeirra. Var honum tjáð, að þeir teldu umrædda hreingerningu vera utan síns verksviðs. Kvaðst hann þá hafa sagt þeim, að ef þeir neituðu að vinna það verk, sem honum bæri að sjá um, þá hefði hann ekkert við þá að gera. Kvaðst stefndi síðan hafa beðið mennina að fara út í

flugskýli og blettahreinsa flugvél, er þar stóð, og ekki hafði unnist tími til að vinna við nema það nauðsynlegasta, en þeir þá sagt, að þeim bæri ekki skylda til að vinna þetta verk. Kvaðst stefndi þá hafa sent mennina niður í „transitsal", og unnu mennirnir þar við hreinsun þennan dag. Um kl. 2000 þennan sama dag hafi hann kallað mennina til sín og spurt þá, hvort þeir væru þá enn sama sinnis, og kváðust þeir svo vera. Sagði hann þeim þá, að hann hefði haft samband við skrifstofu verkalýðsfélagsins í Keflavík og óskað þess, að þeir miðluðu málum, en þeir hafi ekki viljað skipta sér af málinu. Kvaðst stefndi hafa skýrt félaginu frá því, að hann mundi láta mennina fara úr vinnu, ef þeir neituðu að vinna það, sem þeir hefðu verið ráðnir til að gera, og féllst félagið á þau sjónarmið. Hann kvaðst síðan hafa sagt stefnanda og mönnum hans, að þeir þyrftu ekki að mæta aftur til vinnu. Stefndi segir, að Magnús Þorgeirsson hafi verið verkstjóri hans, og stjórnaði hann tveim vöktum og sá um framkvæmd á þeim atriðum, er stefndi óskaði eftir, að unnið væri við. Hann segir, að árið 1974 hafi sú breyting verið gerð á verksamningi hans, að í stað þess að blettahreinsa skyldi veggi flugstöðvarbyggingarinnar, þá skyldu veggir gerðir hreinir einu sinni á ári. Þessi breyting hafi verið tilkynnt munnlega öllum starfsmönnum, en þó aðallega verkstjórum. Vinna þessi hafi verið framkvæmd athugasemdalaust það árið. Þá sagði hann, að Magnús Þorgeirsson verkstjóri hafi framkvæmt verk það, sem mennirnir neituðu að vinna, og hafi það tekið hann rúmlega eina klukkustund. Stefndi kvaðst engan greinarmun gera á orðinu ræstingu og hreingerningu. Stefndi sagði, að hann hafi greitt mönnunum skv. 7. taxta, sem sé þrem töxtum ofan við þau laun, sem honum beri að greiða skv. verklýsingu og þeim skilningi, sem stefnandi leggi í hana. Þá sagði hann, að mennirnir hafi iðulega unnið önnur störf en fram komi á verklýsingunum, þar sem þau störf séu aðeins þau nauðsynlegustu störf, sem vinna þurfi. Þá sagði stefndi, að ef hann þyrfti að segja starfsmönnum upp, þá gerði hann það skriflega með mánaðar uppsagnarfresti, þeim sem rétt eigi til slíks. Stefndi kvaðst hafa boðið stefnanda og hinum mönnunum þrem að koma aftur til vinnu og hefja þau störf, er stefndi léti þá vinna, og hafi einn mannanna nýtt sér það boð, en hinir ekki. Stefndi sagði, að flugvél sú, er hann bað starfsmennina að hreinsa umrætt sinn, hafi verið í flugskýli á flugvellinum. Hún hafi verið flutt í flugskýli, áður en næsta vakt á undan hafði lokið við að hreinsa hana á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í dskj. nr. 7.

III.

A. Stefnandi reisir kröfur sínar fyrst og fremst á því, að verkið, er honum var falið að vinna og hann neitaði að framkvæma, hafi fallið utan hans starfssviðs, eins og því sé lýst á dskj. nr. 6, 7 og 8. Gildi sú meginregla, að starfsmaður verði ekki skyldaður að vinna verk, er falli utan þess starfssviðs, er honum sé falið við ráðningu, nema samkomulag sé um annað milli hans og vinnuveitanda hans. Hann hafi því verið í fullum rétti til að neita að vinna umrætt verk og hafi brottrekstur úr starfi því verið ólögmætur þegar af þeirri ástæðu. Stefndi hefur skýrt þessar verklýsingar svo, að þar sé átt við lágmarkskröfur, sem gerðar séu til hreinsunar á flugvélum og flugstöð, og gerðar til þess að auðvelda daglega verkstjórn. Þá sagði hann enn fremur að breyting hafi verið gerð á verksamningi hans árið 1973 í þá átt, að veggir flugstöðvarbyggingarinnar skyldu hreinsaðir einu sinni á ári í stað þess að blettahreinsa þá. Kvaðst hann hafa tilkynnt verkstjórum um þessa breytingu. Stefndi hefur haldið því fram, að þegar hann ráði til sín verkamenn, þá ráði hann þá til þess að starfa við ræstingu og hreingerningar.

Eins og fram hefur komið, var stefndi með verksamning við Flugleiðir h/f og yfirvöld um hreinsun á flugvélum og hreinsun og eftirlit með flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, og réð hann til sín verkamenn til að annast verkefni þetta jafnframt því sem hann vann við það sjálfur. Eins og fram kemur á dskj. nr. 6, ber það yfirskriftina „Dagleg ræsting í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli." Á dskj. nr. 7 segir, að þar sé átt við „nauðsynlega hreinsun á flugvélum Flugfélags Íslands", og á dskj. nr. 8 er talað um, að þar sé um að ræða „verklýsingu á hreinsun í flugvélum, er stansa á flugvélastæði fyrir framan flugstöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli."

Ekki verður á það fallist, að verklýsingar þessar hafi verið tæmandi upptalning á þeim verkefnum, er voru á starfssviði stefnanda hjá stefnda. Er þar með ekki fallist á þá röksemd stefnanda, að honum hafi ekki borið skylda til að vinna umrætt verk, enda verður ekki séð, að verk það, er stefndi fól stefnanda að inna af hendi, þ. e. að þvo veggi flugstöðvarbyggingarinnar og hreingera flugvél, sé utan þess verksviðs, er starfinu tilheyri og stefnandi var ráðinn til að annast.

B. Stefnandi byggir einnig á því, að fyrirvaralaus uppsögn hafi verið ólögmæt, eins og á stóð, án undangenginnar áminningar, og

vísar í því sambandi til 7. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Stefndi mótmælti því, að uppsögnin hafi verið fyrirvaralaus.

Samkvæmt framburði stefnda, sagði hann stefnanda, er hann kallaði hann og samstarfsmenn hans fyrir sig, að ef þeir neituðu að vinna það verk, sem þeim bæri að sjá um, „þá hefði hann ekkert við þá að gera." Þá sagði stefndi enn fremur, að er þeir félagar fóru af vaktinni, hafi hann kallað þá fyrir sig að nýju og spurt, hvort þeir væru sama sinnis, og kváðust þeir svo vera. Kvaðst hann þá hafa skýrt þeim frá því, að þeir þyrftu ekki að mæta aftur til vinnu. Þá hefur það einnig komið fram hjá stefnda, að hann hafi boðið öllum mönnunum að hefja vinnu hjá sér aftur, en aðeins einn mannanna hafi þegið það boð. Í skýrslu þeirri, er stefnandi undirritaði ásamt þeim Skúla Jóhannssyni og Níels Pétri Björgvinssyni, kemur fram, að stefndi hafi sagt, að hann hefði þá ekkert með þá að gera, þegar er neitun þeirra félaga kom fram umræddan dag. Þá kemur enn fremur fram í framburði Skúla Jóhannssonar, að þeir hafi vitað til þess, að það átti að fara að láta hann og félaga hans hreingera í ganginum, og hafi þeir verið búnir að ákveða að neita að vinna þetta verk. Það er því ljóst, að stefnandi hefur haft tíma til þess að leita sér upplýsinga og ráðlegginga varðandi það, hvort honum bæri að vinna umrætt verk eða hvort hann gæti með réttu mótmælt því. Verður því í ljósi þess, sem fram hefur komið, að telja, að aðvörun stefnda hafi verið nægjanleg, eins og á stóð, áður en hann sagði stefnanda og félögum hans upp starfi án uppsagnarfrests.

C. Þá hefur stefnandi talið það varða ógildi uppsagnarinnar, að hún var ekki skrifleg, svo sem tilskilið er í 1. gr. laga nr. 16/1958. Stefndi taldi slíkt formskilyrði ekki varða ógildi uppsagnarinnar, eins og á stóð.

Það hefur komið greinilega fram í því, sem rakið hefur verið, að stefndi sagði stefnanda og félögum hans, er þeir töluðu saman á skrifstofu stefnda að kvöldi þess 16. október 1974, að þeir þyrftu ekki að koma aftur til vinnu, og mættu þeir ekki til vinnu eftir það samtal. Má því álíta, að þeir hafi skilið orð stefnda svo, að þeir væru ekki lengur í starfi hjá honum. Það, að stefnandi kom ekki til vinnu næsta dag, verður að teljast viðurkenning á því, að stefnanda hafi verið það ljóst, að stefndi hafði sagt honum upp starfi án uppsagnarfrests, það, að uppsögninni var ekki fylgt eftir

skriflega, breytir í engu réttarstöðu stefnanda varðandi þetta atriði.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður niðurstaða málsins sú, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðst kr. 50.000.

Valtýr Sigurðsson kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ingvi Þorgeirsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Magnúsar Magnússonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda málskostnað, kr. 50.000, að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 15. desember 1977.

Nr. 31/1977. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Morten Johannesen
(Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Héraðsdóm kváðu upp Þorvarður K. Þorsteinsson, bæjarfógeti á Ísafirði, og samdómsmennirnir Guðmundur Guðmundsson skipstjóri og Símon Helgason skipstjóri.

Samkvæmt gögnum málsins framkvæmdi Bogi Agnarsson stýrimaður einn mælingu yfir togaranum kl. 1117 hinn 30. júlí 1976, en aðrar þær mælingar, er í málinu greinir, leystu

af hendi í sameiningu skipherra, stýrimaður og loftskeytamaður á gæsluflugvélinni TF SÝR.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir samkvæmt framangreindum mælingum. Í greinargerð skólastjórans, dags. 29. júní 1977, segir svo:

„Í kortið hef ég dregið með svörtum lit fiskveiðimörkin fyrir friðunarsvæðið í Reykjafjarðarál samkvæmt reglugerð sjávarútvegsráðuneytisins frá 19. 03. 76.

Í kortinu eru:

1 = staður togarans kl. 11.17 h. 30. 07. 76 samkvæmt mælingu flugvélarinnar. Staður 1 mælist um 2,0 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

2 = staður togarans kl. 11.19 um 1,8 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

3 = staður togarans kl. 11.22 um 1,7 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Staðir 2 og 3 falla svo til saman í útsetningu.

4 = staður togarans kl. 11.47 um 1,7 sjóm. utan fiskveiðimarkanna.

Í sama kort hef ég sett út með rauðum lit stað samkv. Loran C mælingu skipstjóra togarans kl. 11.22, staður **X** rétt utan við fiskveiðimörkin, um 0,1 sjóm. utan markanna.

Skipstjóri togarans kveðst hafa kastað kl. 10.30, og síðan gefur hann upp stefnur og tímann, sem þær voru stýrðar í toginu til kl. 11.22, ennfremur toghraðann 4 sjóm. Séu þessar stefnur og vegalengdir, miðað við 4 sjóm. hraða, settar út til baka frá Loran-stað skipstjórans kl. 11.22, fæst staður Y kl. 10.30, einnig auðk. með rauðum lit. Staður Y mælist um 1,4 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Hvað snertir staðfestingar TF SÝR, virðist sem óeðlilega mikill munur sé á stöðum 1 og 2 um 0,6 sjóm., þar sem aðeins líða 2 mín. milli staðarákvarðana. Hinsvegar munar aðeins um 0,1 sjóm. á stöðum 2 og 3, þó þar líði 3 mín. milli staðarákvarðana (4 mín. samkv. dagbók flugvélarinnar). Rétt er þó að taka fram jafnframt, að fjarlægðirnar frá mælistöðunum til fiskveiðimarkanna eru það miklar, að þetta

ósamræmi ætti ekki að hafa úrslitaáhrif hvað þær snertir. Við prófun á Ísafirði 31. 07. 76 reyndust Loranmælingar flugvélarinnar gefa eðlilega útkomu.

Að því er varðar radíómiðun flugvélarinnar af Hornbjargsvita álít ég, að þar sem svo miklu munar á miðunartækjunum, þar sem annað sýnir 250°, en hitt 246°, sé ekki byggjandi á slíkri miðun til staðsetningar með nægjanlegri nákvæmni, þó jafnframt sé mæld fjarlægð með radar. 4° munur á miðunum í 35 sjóm. fjarlægð gefur 2,4 sjóm. mismun í staðsetningu."

Í ákæruskjali er vísað til reglugerðar nr. 221/1974 um friðunarsvæði á Strandagrunni. Var hún fallin úr gildi, þegar ákærði var að veiðum þeim, er í ákæruskjali getur, og hafði reglugerð nr. 66/1976 um það efni þá tekið gildi. Jónas Sigurðsson skólastjóri hefur markað á sjóuppdrátt friðunarsvæði á Strandagrunni samkvæmt reglugerð nr. 221/1974, þar sem einnig eru markaðar staðarákvarðanir á grundvelli framangreindra mælinga. Í álitsgerð skólastjórans, dags. 14. desember 1977, greinir, að ákærði hafi verið um 2.7 sjómílur innan fiskveiðimarkanna kl. 1117, ef miðað er við ákvæði reglugerðar nr. 221/1974, um 2.9 sjómílur innan marka kl. 1119, um 3.0 sjómílur kl. 1122 og um 6.7 sjómílur kl. 1147. Ber að meta þá háttsemi, sem ákærði er sakaður um, með tilliti til ákvæða reglugerðar nr. 66/1976, sbr. 3. málsgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, en mál var flutt í Hæstarétti á grundvelli þeirra.

Það athugast, að í ákæruskjali er getið reglugerðar nr. 229/1976, en á að vera 1975. Er þar bersýnilega um ritvillu að ræða, enda var mál flutt fyrir Hæstarétti á þeim grundvelli, sbr. 3. málsgr. 118 gr. laga nr. 74/1974. Þar sem vísað er í ákæruskjali til niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976, er nákvæmara að vísa til auglýsingar nr. 9/1976, og var málið flutt fyrir Hæstarétti á þeim grundvelli.

Með sakargögnum er sannað, að ákærði var að fiskveiðum með botnvörpu hinn 30. júlí 1976 innan íslenskrar fiskveiðilögsögu á friðunarsvæði samkvæmt reglugerð nr. 66/1976.

Auglýsing um heimildir Færeyinga til fiskveiða við Ísland nr. 9/1976 kemur ákærða eigi að haldi þegar af því, að í 2. málsgr. 4. liðar hennar segir, að færeysk skip, er veiðar stundi samkvæmt ákvæðum hennar, skuli „hlíta sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, þar á meðal reglum um ..... friðunarsvæði og öðrum reglum um lokun svæða". Að svo vöxnu ber að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hefur gerst sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, og ber að dæma ákærða refsingu samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976.

Skip það, er ákærði var skipstjóri á, b/v Polarborg I, TG 507, er 351.68 rúmlestir brúttó og 47.13 m að lengd.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 12. desember 1977, jafngilda 100 gullkrónur 11.604.23 krónum.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt 2.300.000 krónur til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra b/v Polarborg I, TG 507, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976, svo og ákvæði um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 75.000 krónur.

Það athugast, að í héraðsdómi láðist að ákveða vararefsingu sektar.

Dómsorð:

Ákærði, Morten Johannesen, greiði 2.300.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi 5 mánaða varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra b/v Polarborg I, TG 507, skulu óröskuð, svo og ákvæði hans um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 31. júlí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, sem útgefin er í dag, höfðað á hendur Morten Johannesen, Fagrahlíd 3, Þórshöfn, fæddum 17. september 1942 í Skobun í Færeyjum, skipstjóra á skuttogaranum Polarborg I, TG 507, „fyrir að hafa gerst sekur um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1976 (sic), sbr. lög nr. 44/1948, með því laust fyrir hádegi föstudaginn 30. júlí 1976 að vera á botnvörpuveiðum á nefndum togara, sem er 351.68 brúttórúmlestir og 46.13 metrar að lengd, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar á Strandagrunni, þar sem bannaðar eru veiðar með öllum veiðarfærum samkvæmt reglugerð um friðunarsvæði á Strandagrunni nr. 221 12. júlí 1974, sbr. 23. gr. i. f. laga nr. 81/1976 og niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976 um heimildir Færeyinga til fiskveiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, tölul. 3, sbr. 2. mgr. 8. liðar.

Þess er krafist, að ákærði Morten Johannesen verði dæmdur til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til að sæta upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu, þar með taldir dragstrengir, svo og á öllum afla innanborðs samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 30. júlí sl., kl. 1100 var landhelgisgæsluflugvélin TF SÝR á eftirlitsflugi á Húnaflóa og kom þar að færeyska togaranum Polarborg I, TG 507, er virtist að veiðum á friðuðu svæði NA af Horni. Skipherra á TF SÝR var Bjarni Ó. Helgason, Arahólum 4, Reykjavík. Segir hann í skýrslu sinni um afskipti landhelgisgæslumanna af togaranum á þessa leið: „Kl. 11.17 er flogið yfir togarann, sem reyndist vera Polarborg I, TG-507, og var hann að toga með skutvörpu í sjó.

Togaði hann í NV-læga stefnu og hafði svo verið, meðan á aðflugi stóð.

Samtímis er gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir togaranum:

Sl 3 z 62668

Sl 3 y 46953

Þetta gefur stað togarans um 2 sml. inn á alfriðuðu svæði fyrir togveiðum.

Kl. 11.19 er staðarákvörðun endurtekin yfir togaranum:

Sl 3 z 62670

Sl 3 y 46948

Þetta gefur stað togarans um 1.8 inn á friðaða svæðinu.

Kl. 11.22 er staðarákvörðun enn gerð yfir togaranum:

Sl 3 z 62669

Sl 3 y 46948

Þetta gefur stað togarans um 1.8 sml. inn á friðaða svæðinu.

Um það bil er þessi staðarákvörðun var gerð, sást, að togarinn hafði beygt meira til norðurs. Var nú haft samband við skipstjóra togarans og honum tjáð, að hann væri að veiðum inn á friðuðu svæði. Hann kveðst telja sig um 1.2 sml. utan svæðisins, og voru bornar saman lorantölur togarans og flugvélarinnar. Reyndist vera munur á þeim.

Kl. 11.47 er enn gerð staðarákvörðun yfir togaranum:

Sl 3 z 62652

Sl 3 y 36927

Þetta gefur stað togarans um 1.8 sml. utan markanna.

Haft var samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar, og eftir fyrirmælum þaðan var togaranum tilkynnt að halda til Ísafjarðar til rannsóknar á máli hans. Um kl. 12.00 sést, að togarinn hefir lokið við að innbyrða vörpuna og hefir sett á ferð áleiðis til Ísafjarðar. Mælingar voru gerðar á Loran C af loftskeytamanni og stýrimanni undir umsjón skipherra."

Bjarni Ólafur Helgason kom fyrir sakadóm Ísafjarðar vegna máls þessa, og staðfesti hann skýrslu sína. Kvað vitnið skýrsluna rétta og gerða eftir bestu vitund, og vann það eið að framburði sínum. Vitnið kvað TF Sýr hafa lagt upp í eftirlitsflug kl. 0400 þann 30. júlí sl. og hafi verið flogið austur og norður um land, lent á Akureyri, og þaðan var lagt upp aftur kl. 1030 og flogið út Eyjafjörð um Skagagrunn og vestur Húnaflóa. Vitnið kveður skyggni hafa verið gott og sést hafi til togarans úr 20 sjómílna fjarlægð, en gæsluvélin var þá stödd út af Reykjafjarðarál. Togarinn var að toga með skutvörpu í sjó og togaði í NV-læga stefnu

og var einskipa. Vitnið kveður, að einnig hafi verið tekin radarfjarlægð í Horn svo og radíómiðun, en vitnið telur hvorugt hafa aukið nákvæmni staðsetningar Polarborg I, TG 507. Vitnið kveður næsta varðskip hafa verið statt í u. þ. b. 6 tíma fjarlægð, en ekki verið möguleiki vegna flugþols TF SÝR að bíða þess, að varðskip kæmi á vettvang.

Einnig kom fyrir dóm Bogi Agnarsson, stýrimaður á TF SÝR, til heimilis að Ásvallagötu 25, Reykjavík. Vitnið staðfesti skýrslu skipherra og taldi hana rétta.

Vitnið kveðst hafa séð til togarans í radar í u. þ. b. 22ja sjómílna fjarlægð. Vitnið kveðst eitt hafa gert fyrstu staðarákvörðun kl. 1117, en aðrar staðarákvarðanir hafi vitnið gert ásamt loftskeytamanni og skipherra. Vitnið kveðst hafa sannreynt lorantæki TF SÝR í mynni Eyjafjarðar og telji vitnið því staðarákvörðunartæki flugvélarinnar hafa verið í fullkomnu lagi.

Enn fremur mætti fyrir dómi Þórður Þórðarson, Vesturbergi 50, Reykjavík, loftskeytamaður á flugvélinni TF SÝR. Vitnið staðfesti skýrslu skipherra og taldi hana rétta.

Vitnið kveðst ekki hafa verið viðstatt fyrsta aflestur af lorantækinu, en það hafi verið viðstatt hina, er í skýrslu skipherra greinir. Vitnið kveðst hafa haft samband við stjórnstöð Landhelgisgæslunnar varðandi meint fiskveiðabrot togarans Polarborg I, en stjórnstöðinni hafi hins vegar ekki verið sérstaklega tilkynnt um, að skipstjóri togarans vefengdi mælingar landhelgisgæsluflugvélarinnar.

Þá kom fyrir dóm Sigurjón Sverrisson, aðstoðarflugmaður á TF SÝR, til heimilis að Njörvasundi 34, Reykjavík.

Vitnið kveður flugmenn gæsluvélarinnar hafa gert mælingu í Horn kl. 1119, sbr. dskj. nr. 5, með sjálfvirku stefnumiðunartæki eftir seguláttum. Hafi mælingin verið gerð, þegar flugvélin var yfir togaranum og hafi ADF I tæki vélarinnar miðað 250 gráður og ADF II 246 gráður. Flugmennirnir hafi síðan dregið millitölu út frá þessum tveimur tölum, eða 248 gráður misvísandi. Vitnið kvað mælingu þessa ónákvæma.

Vitnið Leivur Jarnfoss, vélstjóri á Polarborg I, til heimilis að Dalagötu 3, Þórshöfn, kom fyrir sakadóm í máli þessu.

Vitnið var statt uppi á dekki, þegar flugvél Landhelgisgæslunnar byrjaði að sveima yfir togaranum. Vitnið telur, að ganghraði skipsins hafi ekki verið aukinn, eftir að sást til flugvélarinnar, heldur hafi toghraðinn alltaf verið sá sami, eða um 4 mílur.

Ofangreind vitni unnu eið að framburðum sínum.

Ákærði, Morten Johannesen, skipstjóri á togaranum Polarborg I, TG 507, til heimilis að Fagrahlíð 3, Þórshöfn, kom fyrir sakadóm í máli þessu.

Ákærði segir, að togarinn hafi hafið siglingu af Skagabankanum kl. 0800 föstudaginn 30. júlí sl. Fyrst hafi verið kastað á Hornbankanum kl. 1030 og þá miðað í Horn réttvísandi 228 gráður í radar og togað síðan réttvísandi 240 gráður í 15 mínútur. Þá hafi verið breytt um stefnu í 270 gráður í 15 mínútur og síðan breytt í 290 gráður og þeirri stefnu haldið áfram, allt þangað til varpan var dregin upp, eftir að landhelgisgæslumenn báðu hann að sigla til Ísafjarðar.

Ákærði segist ekki hafa gert sér grein fyrir því fyrst í stað, að það væri landhelgisgæsluflugvél, sem væri yfir skipinu, og hafi hann ekki fylgst með ferðum flugvélarinnar, þar sem hann taldi sig vera vestan friðunarlínunnar. U. þ. b. 5 mínútum eftir að flugvélin hafi farið að sveima yfir togaranum, hafi hann gert loranmælingu Sl 3 y 46937 og Sl 3 z 62659. Kveðst ákærði aðeins hafa gefið flugvélinni upp þessa einu staðarákvörðun. Ákærði kveður engan fisk hafa verið að fá á þessum slóðum og telji, að um 3—4 tonn af þorski séu um borð.

Ákærði segist hafa togað með botnvörpu í umrætt sinn og telur, að toghraði skipsins hafi verið um 4 sjómílur. Hafi hann verið einn í brúnni, þegar flugvélin var yfir skipinu.

Ákærði segir, að auk þess að gera staðarákvörðun með loran C hafi hann gert radarmiðun og enn fremur hafi dýptarmælirinn sýnt 54 faðma, er trollið fór niður, og 61 faðm, er flugvélin fór yfir. Landhelgisgæslan hafi hins vegar ekki bent honum á að gera staðarákvörðun með öðrum tækjum en loran C, þegar ljóst var, að staðarákvörðun ákærða bar ekki saman við staðarákvarðanir Landhelgisgæslunnar.

Dómurinn kvaddi Odd Friðriksson rafvirkjameistara, Smiðjugötu 11 A, Ísafirði, til að gera könnun og samanburð á lorantækjum um borð í togaranum Polarborg I, TG 507, svo og lorantækjum um borð í landhelgisgæsluflugvélinni TF SÝR.

Í skýrslu Odds Friðrikssonar, sem dagsett er 31. júlí 1976, segir:

„Að beiðni bæjarfógetans á Ísafirði fór ég undirritaður um borð í b/v POLARBORG I ásamt loftskeytamanni landhelgisgæslunnar og stýrimanni Polarborg I til þess að athuga Loran C, sem er staðarákvörðunar- og siglingatæki.

Við athugun kom í ljós, að Loraninn virtist í lagi og réttur mið-

að við stað skipsins við hafnarkant á Ísafirði. Loraninn sýndi 46445.70 og 62924.57.

Til samanburðar fórum við um borð í b/v Guðbjart Ís, sem lá á sama stað, og Loraninn þar sýndi 46446.6 og 62924.4.

Í framhaldi af þessu fórum við um borð í flugvél Landhelgisgæslunnar TF SÝR. Flogið var fjórum sinnum yfir togarann POLARBORG I og staðarákvarðanir teknar á Loran C, og reyndust þær vera:

I. 46445.6 og 62925.1
II. 46445.0 og 62925.0

Þessar athuganir gerði undirritaður ásamt siglingafræðingi flugvélarinnar og stýrimanni á b/v POLARBORG I."

Samkvæmt eiðfestum framburðum þriggja áhafnarmeðlima TF SÝR voru gerðar 4 staðarákvarðanir yfir togaranum Polarborg I, TG 507, á tímabilinu frá kl. 1117 — kl. 1147 þann 30. júlí sl., og sýndu þær togarann frá um 2 sjómílur inni á friðuðu svæði til um 1.8 sjómílur fyrir utan mörkin. Togarinn sást að veiðum, og hefur ákærði viðurkennt að hafa verið að togveiðum í ofangreint skipti. Hins vegar telur hann sig hafa verið á veiðum fyrir utan mörkin, nokkru vestar en mælingar Landhelgisgæslunnar gefa til kynna. Gegn framburði ákærða, sem var einn í brúnni í umrætt skipti, þykir bera að leggja mælingar Landhelgisgæslunnar til grundvallar í máli þessu.

Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir fullsannað, að ákærði hafi gerst sekur um fiskveiðabrot samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 81/1976, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948, með því að vera að botnvörpuveiðum á alfriðuðu svæði í Reykjafjarðarál samkvæmt reglugerð nr. 66/1976, sbr. 23. gr. i. f. laga nr. 81/1976, og niðurstöðu viðræðna milli fulltrúa ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Færeyja frá 20. mars 1976, 3. tölul., sbr. 2. mgr. 4. liðar.

Í ákæru er m. a. ákært samkvæmt reglugerð nr. 221 frá 12. júlí 1974 um friðunarsvæði á Strandagrunni. Sú reglugerð var úr gildi felld með reglugerð nr. 300 frá 3. október 1974 og kemur því ekki til álita.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 30. júlí sl., jafngilda nú 100 gullkrónur 10.104.44 krónum. Stærð Polarborg I, TG 507, er 351 smálest og lengd 155 fet.

Þykir ákærði hafa unnið til refsingar samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976.

Ákærði hefur aldrei fyrr sætt kærum og refsingum, svo kunnugt sé.

Refsing ákærða verður með hliðsjón af stærð skipsins og gullgengi íslenskrar krónu ákveðin 1.600.000 krónur í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 ber einnig að gera afla og veiðarfæri Polarborg I, TG 507, upptæk til handa Landhelgissjóði.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Haralds Blöndals, krónur 100.000.

Dómsorð:

Ákærði, Morten Johannesen, greiði kr. 1.600.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands.

Afli og veiðarfæri b/v Polarborg I, TG 507, eru gerð upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, Haralds Blöndals, kr. 100.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1977.

Nr. 165/1975. **Guðlaugur Sveinsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs
(Magnús Óskarsson hrl.)
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
Ólafi Ingibjörnssyni
(Sveinn Snorrason hrl.).

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. nóvember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 12. s. m. Hann krefst þess, að allir stefndu verði dæmdir til þess að greiða sér óskipt 2.838.415 krónur með 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1968 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974, en með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann hafði gjafsókn í héraði og fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með gjafsóknarleyfi 29. október 1975.

Stefndu krefjast hver fyrir sig staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti er því eigi haldið fram af hendi áfrýjanda, að það varði stefnda borgarsjóð Reykjavíkur skaðabótaábyrgð, þó að talið yrði, að stefnda Ólafi hefðu orðið á mistök, er hann vitjaði áfrýjanda í fangageymsluna í Síðumúla. Enn fremur er af áfrýjanda hendi lýst yfir því, að hann reisi eigi kröfur sínar fyrir Hæstarétti á hendur ríkissjóði að neinu leyti á vanrækslu eða mistökum af hendi lækna á

Kleppsspítala eða annarra starfsmanna ríkisins á sviði heilbrigðismála. Loks heldur áfrýjandi því ekki fram, að neinum mistökum sé til að dreifa af hendi lögreglumanna, er komu að áfrýjanda slösuðum á Bergstaðastræti 17 B eða áttu hlut að flutningi hans af slysavarðstofu Borgarspítalans í fangageymsluna í Síðumúla. Hins vegar heldur áfrýjandi því fram í málflutningi fyrir Hæstarétti, að lögreglumenn hafi flutt hann frá fangageymslunni í Síðumúla í Kleppsspítala og hafi þeir ekki gætt nægrar varfærni í meðferð áfrýjanda, eins og meiðslum hans reyndist vera háttað.

Síðastgreindu hefur verið andmælt af hálfu stefnda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs sem ósönnuðu og auk þess sem nýrri málsástæðu, er ekki verði höfð uppi fyrir Hæstarétti, sbr. 45. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétti er komið fram, að dómsmálaráðuneyti, sem fer með lögreglumál og fangelsismál samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 96/1969, hafi fylgst með framvindu málssóknar þessarar á hendur ríkissjóði, sem reist er á því, að lögreglumönnum og fangavörðum hafi orðið á slík mistök og vanræksla í starfi, að bótaábyrgð varði fyrir ríkissjóð.

Ranghermt er í héraðsdómi, að Guðmundur Kristjánsson hafi beiðst aðstoðar lögreglu til að fjarlægja áfrýjanda af heimili sínu á Bergstaðastræti 17 B um kl. 5 að morgni sunnudags 4. ágúst 1968. Hið rétta er, að samkvæmt lögregluskýrslu gerðist þetta kl. 0050 þann dag.

Fyrir Hæstarétti hafa af hálfu áfrýjanda verið bornar brigður á, að niðurstöður Læknaráðs í ályktun þess hinn 28. febrúar 1971, sem greind er í héraðsdómi, fái staðist. Telur áfrýjandi það ekki samræmast gögnum máls, er segi í 1. tl. ályktunarinnar, að hann hafi verið svo ölvaður, er hann var í höndum lækna á slysavarðstofu og í fangageymslunni í Síðumúla, að ekki hafi verið unnt að framkvæma fullnægjandi neurologiska læknisskoðun á honum. Enn fremur heldur hann því fram, að ekkert verði byggt á svari Læknaráðs í 2. tl. ályktunar þess, þar sem það svar sé reist á þeim misskilningi, að ekki hafi verið um að ræða brot á hryggjarliðum áfrýjanda. Ororkumat Páls Sigurðssonar læknis sýni, að

þetta sé ekki rétt, en þar segi um sjúkdómsgreiningu handlæknisdeildar Landspítalans hinn 4. ágúst 1968, að hún hafi verið „fractura columnae cervicalis C V cum tetraphlegia".

Vottorð handlæknisdeildar Landspítalans um rannsókn á meiðslum áfrýjanda er ekki meðal gagna máls. Í málinu liggur hins vegar fyrir vottorð taugasjúkdómadeildar Landspítalans, dags. 12. september 1969 og undirritað af Kjartani R. Guðmundssyni yfirlækni, en þangað var áfrýjandi fluttur af handlæknisdeild 6. ágúst 1968. Í vottorði þessu segir m. a. svo: „Rtg.mynd af columna cervicalis sýndi fyrst grun um fractura, en síðan leiddi í ljós, að svo var ekki, og planigrafi á col. cervicalis var eðl. Mænuvökvi var tær og litarlaus undir eðlil. þrýstingi. Frumur voru 2/3 og protein 25 mg%. Við pantapaque myelografi kom í ljós fyrirferðaraukning á mjúkum pörtum í col. cervicalis, og var haldið, að um væri að ræða discus prolaps, og var sj. því sendur til Khafnar til frekari rannsóknar, svo sem loftmyelografi, en hún reyndist vera eðl. . . . . .

Niðurstaða: Sj. hefur fengið mar á hálsmænu, og er vafasamt, hvort hann muni ná sér frekar en orðið er."

Í læknabréfi ríkisspítalans danska til Jóns Nikulássonar læknis, dags. 15. febrúar 1969, en þar var áfrýjandi til rannsóknar frá 5. febrúar 1969 til 15. s. m., segir m. a. svo: „Afdelingens diagnose: Concussio medullae spinalis cervicalis."

Áfrýjandi, sem ekki hefur lagt nein ný læknisgögn fyrir Hæstarétt, hefur eigi leitt rök að þeim staðhæfingum sínum, að svar Læknaráðs í 2. tl. í ályktun þess sé reist á misskilningi ráðsins á efni læknisfræðilegra gagna máls um meiðsli áfrýjanda. Verður því lagt til grundvallar dómi í málinu það álit Læknaráðs, að hin varanlega örorka áfrýjanda verði ekki rakin til tafar á því, að hann fengi viðeigandi læknismeðferð. Samkvæmt þessu stafar örorka áfrýjanda hvorki af því, að læknar slysavarðstofu Borgarspítalans hlutuðust til um, að hann var fluttur um stundarsakir af slysavarðstofu í fangageymslu í Síðumúla, né heldur af því, að stefndi Ólafur hafi eigi tafarlaust annast um, að fram færi nánari rannsókn á meiðslum áfrýjanda, er hann vitjaði hans í fangageymsluna.

Ber þegar af þessari ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er varðar stefnda borgarstjórann í Reykjavík vegna borgarsjóðs og stefnda Ólafs. Þá ber og að fallast á það með héraðsdómi, að ekkert sé komið fram í málinu um, að áfrýjandi hafi á neinn hátt sætt óforsvaranlegri meðferð af hendi þeirra lögreglumanna eða fangavarða, sem afskipti höfðu af honum í umrætt sinn. Verður héraðsdómur því einnig staðfestur að því er varðar stefnda ríkissjóð.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað og gjafsóknarkostnað er staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann ákveðinn 75.000 krónur til hvers þeirra.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, 180.000 krónur.

Það athugast, að svo virðist sem héraðsdómur hafi af sjálfsdáðum aflað sakavottorðs áfrýjanda til framlagningar í dómi.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Guðlaugur Sveinsson, greiði stefndu borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarsjóðs, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Ólafi Ingibjörnssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, 75.000 krónur til hvers þeirra.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavkur 27. febrúar 1975.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. febrúar sl., hefur Guðlaugur Sveinsson matsveinn, Reykjalundi, Mosfellssveit, höfðað

fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. og 19. desember 1972, á hendur Ólafi Ingibjörnssyni lækni, Háteigsvegi 12, Birgi Ísleifi Gunnarssyni borgarstjóra f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs Íslands, öllum í Reykjavík.

Kröfur stefnanda í málinu eru nú þær, að framangreindir aðiljar verði dæmdir til að greiða honum in solidum skaðabætur að fjárhæð kr. 2.838.415 með 7% ársvöxtum frá 4. ágúst 1968 til 15. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands eða mati dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en stefnandi hefur með bréfi dómsmálaráðherra, dags. 5. október 1972, fengið gjafsókn í málinu.

Hinir stefndu hafa hver fyrir sig krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans að skaðlausu eða samkvæmt mati dómsins.

Tildrög málsins eru þau, að stefnandi var matsveinn á báti frá Reykjavík sumarið 1968. Að sögn hans kom báturinn til hafnar í Reykjavík föstudaginn 2. ágúst. Var stefnandi við áfengisdrykkju þann dag og hinn næsta. Stefnandi taldi sig eiga frakka inni í húsinu nr. 17 B við Bergstaðastræti, og hugðist hann nálgast hann undir miðnætti laugardaginn 3. ágúst. Er þangað kom, kveður hann engan hafa verið heima, og tók hann því það til bragðs að fara inn um glugga á 1. hæð hússins. Kvaðst hann hafa teygt sig upp í gluggann, vegið sig upp og ætlað sér að skreiðast þannig inn um hann, en þá hafi tekist svo illa til, að hann hafi stungist á höfuðið og lent á gólfi fyrir neðan gluggann, og var það 1½—2 metra fall. Kom húsráðandi, Guðmundur Kristjánsson, að stefnanda liggjandi á gólfinu.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Reykjavík á dskj. nr. 7 kom nefndur Guðmundur Kristjánsson á lögreglustöðina í Pósthússtræti um kl. 5 að morgni (sic) sunnudags 4. ágúst og óskaði þess, að maður yrði fjarlægður af heimili sínu. Þeirri ósk var þegar sinnt, og fóru á vettvang með húsráðanda lögregluþjónarnir Úlfar Hermannsson, Sigurjón Pálsson og Óli Kristinn Björnsson. Er þeir komu á heimili Guðmundar, fundu þeir stefnanda liggjandi á gólfinu. Kvaðst hann vera máttlaus í öllum útlimum og hafa verið búinn að liggja þarna nokkra hríð, er húsráðandi kom heim. Lögregluþjónarnir kvöddu þegar sjúkrabifreið á staðinn, og flutti hún stefnanda á slysavarðstofuna.

Um kl. 0140 átti Úlfar Hermannsson lögregluþjónn samtal við lækni á slysavarðstofunni og innti hann eftir líðan stefnanda. Tjáði læknirinn Úlfari, að frásögn stefnanda væri tómur uppspuni, hann væri við bestu heilsu, en mjög áberandi ölvaður, og var þess óskað, að stefnandi yrði sóttur og færður í fangageymslu. Var þá stefnandi sóttur á slysavarðstofuna og fluttur í fangageymslu lögreglunnar við Síðumúla, þar sem honum var komið fyrir í fangaklefa. Þar vitjaði hans næsta morgun stefndi Ólafur Ingibjörnsson læknir, svo sem síðar verður rakið.

Upp úr hádegi nefndan sunnudag 4. ágúst var hringt til læknis á Kleppsspítala frá fangageymslunni og þess farið á leit, að spítalinn tæki við stefnanda. Var þess getið, að stefnandi væri búinn að vera 8 klst. í fangageymslunni og segðist hann ekki geta hreyft sig. Gætu fangaverðir því ekki komið honum af höndum sér. Fyrir milligöngu borgarlæknis var stefnandi síðan fluttur í Kleppsspítala. Að lokinni skoðun þar var hann fluttur á handlæknisdeild Landspítalans til frekari meðferðar, þar sem hann dvaldist til 6. ágúst, en þann dag var hann fluttur í taugasjúkdómadeild spítalans. Af taugadeild var hann sendur til Kaupmannahafnar 5. febrúar 1969 til frekari rannsóknar. Kom hann aftur 15. s. m. Var hann síðan í taugadeild til 22. mars s. á., að hann var vistaður að Reykjalundi. Eftir það var hann á geðdeild Borgarspítalans og seinna á svokallaðri Flókadeild.

Rannsókn á slysi stefnanda, sú er að framan getur, fór fram í sakadómi Reykjavíkur. Hófst sú rannsókn 11. maí 1970 og var látið lokið 4. mars 1971. Er endurrit rannsóknarinnar á dskj. nr. 7. Skal hér rakið það helsta, sem fram kom við rannsókn þessa.

Stefnandi skýrði svo frá, að hann teldi sig ekki hafa drukkið mikið dagana 2. og 3. ágúst 1968 og hafi hann ekki verið mikið undir áhrifum áfengis, er hann varð fyrir umræddu slysi. Hann kvaðst hafa verið að drykkju með manni að nafni Guðmundur daginn áður. Hafi hann búið að Bergstaðastræti, en eigi kvaðst stefnandi muna húsnúmerið.

Kvaðst stefnandi hafa orðið viðskila við Guðmund og hafi erindi sitt í áðurnefnt hús verið að heimsækja hann. Er hann kom þangað, hafi enginn verið heima. Gaf stefnandi þá skýringu á innbroti sínu í húsið, að hann hafi ætlað að sækja þangað frakka, er hann hafi haldið, að hann ætti þar. Hann kvaðst ekki muna, hvort gluggi sá var opinn, er hann fór inn um, hvort hann braut rúðu í glugganum eða rúða brotnaði óvart. Það, sem síðar gerðist, muni hann óglöggt. Hann rámi þó í, að Guðmundur húsráðandi

hafi komið á vettvang. Næst muni hann lítillega eftir sjúkraliði og lögreglu. Hann kvaðst muna eftir að hafa séð hvíta sloppa á slysavarðstofunni. Næst muni hann eftir sér í fangageymslunni, þegar læknir vitjaði hans þar. Hann kvaðst muna eftir sér skamma stund inni á Kleppi og síðan í Landspítalanum.

Úlfar Hermannsson lögregluþjónn, sem áður var vitnað til, kvað Guðmund Kristjánsson hafa verið lítillega undir áhrifum áfengis, er hann kom á lögregluvarðstofuna umrætt sinn. Hann segir, að erfitt hafi verið að dæma um ölvunarástand stefnanda, er hann kom að honum, en hann hafi þekkt stefnanda vegna fyrri afskipta af honum. Stefnandi hafi látið þess getið, að hann gæti ekki hreyft sig, og hafi hann beðið um vatn að drekka. Þeir lögregluþjónarnir hafi þegar kvatt til sjúkralið um talstöð bifreiðar sinnar. Þeir hafi síðan beðið hjá stefnanda án þess að hreyfa hann að öðru leyti en því, að þeir hagræddu höfði hans. Frekari afskipti kvaðst vitnið ekki hafa haft af stefnanda umrætt sinn.

Sigurjón Pálsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að stefnandi hafi virst vera áberandi undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Hafi hann kvartað yfir því, að hann væri máttlaus og gæti ekki hreyft sig. Vitnið man ekki til þess, að þeir lögregluþjónarnir hafi hreyft við stefnanda fyrr en þeir aðstoðuðu sjúkraliðsmenn, er þeir komu á vettvang.

Óli Kristinn Björnsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að hann minni, að stefnandi hafi tjáð lögregluþjónunum, er þeir komu á vettvang, að hann væri hryggbrotinn. Hafi hann borið sig mjög illa. Hann kvað þá félaga eigi hafa hreyft stefnanda, meðan beðið var eftir sjúkraliði. Þeir hafi þó hagrætt stefnanda, en hann hafi stöðugt kvartað yfir því, að hann gæti ekki hreyft sig. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort stefnandi var ölvaður. Skýrslan var tekin af vitninu, þegar liðið var töluvert á 3. ár frá atburðinum.

Haukur Kristjánsson, yfirlæknir á slysavarðstofunni, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi, að Kristinn Jóhannsson læknir hafi tekið á móti stefnanda, er hann var fluttur í slysavarðstofuna. Sá læknir hafi og látið flytja stefnanda í fangageymsluna. Veit yfirlæknirinn ekki til þess, að aðrir læknar hafi umrætt sinn haft afskipti af stefnanda á slysavarðstofunni.

Samkvæmt vottorði slysavarðstofu Borgarspítalans, dags. 27. júlí 1969, var stefnandi dauðadrukkinn, er komið var með hann í slysavarðstofuna umrætt sinn. Sjúkraliðsmenn skýrðu frá því, hvað fyrir stefnanda hafði komið, í samræmi við það, sem áður

er rakið. Við komu stefnanda í slysavarðstofuna var hann samkv. vottorði þessu hortugur og ölóður, föt hans skítug og rifin. Hann var hruflaður vinstra megin á enni. Kvaðst hann vera máttlaus, en finna, ef við hann var komið. Skömmu eftir að hann var kominn, hafi hann beðið um vatnsglas. Hafi hann tekið við því og drukkið úr því hjálparlaust. Síðan segir í vottorðinu á þessa leið:

„ . . . . . Við skoðun á slysadeild virtust hreyfingar eymslalausar og óhindraðar á hálsliðum, öndun, blóðþrýstingur og púls var eðlilegt. Snertiskyn og sinaviðbrögð virtust eðlileg. Fætur fékkst Guðlaugur ekki til að hreyfa samkvæmt skipun, en hreyfði handleggi.

Guðlaugur var á slysadeildinni í tvo klukkutíma í athugun, og þótti þá ekki fært að hafa hann þar lengur vegna ölæðis.

Hann var því sendur í fangageymsluna í Síðumúla til geymslu, þar til ölæðið rynni af honum."

Loftur Kristjánsson fangavörður gaf skýrslu fyrir sakadómi 14. september 1970. Hann kvaðst oft hafa tekið á móti stefnanda ölvuðum og fært hann til fangaklefa. Hafi hann oft verið erfiður. Vitnið man ekki til þess, að stefnandi hafi kvartað um meiðsli við komur sínar í fangageymsluna. Vitnið man ekki sérstaklega um vistun stefnanda þar umrætt sinn.

Ólafur Ingibjörnsson læknir, meðstefndi í máli þessu, hefur skýrt svo frá fyrir sakadómi 4. mars 1971, að hann hafi leyst af á bæjarvakt Læknafélags Reykjavíkur sunnudagsmorguninn 4. ágúst 1968. Á tímabilinu milli kl. 10 og 12 hafi borist beiðni um vitjun í fangageymsluna við Síðumúla. Þar hafi verið fyrir stefnandi, legið á klefagólfi ofurölvi og ósamvinnuþýður. Hann hafi ekki svarað spurningum, heldur öskrað alls konar rugl út í bláinn. Skildist lækninum, að stefnandi hefði dottið inn um kjallaraglugga nóttina á undan og verið fluttur í fangageymsluna eftir viðtöku á slysavarðstofunni. Hafi stefnandi kvartað um máttleysi í útlimum. Sakir ölvunar og ósamvinnuhæfni hafi verið alls kostar fráleitt að framkvæma nokkra skoðun á honum, svo að gagni mætti verða. Hafi því það ráð verið tekið að gefa honum róandi sprautu, promazin, og láta þannig renna af honum ölvímuna, til þess að skoðun yrði möguleg, enda hafi verið ljóst, að öndun og hjartsláttur mannsins voru eðlileg, og því sýnt, að hann væri ekki í bráðri lífshættu. Læknirinn tekur fram, að við prófanir á höndum og fótum hafi fengist fram hreyfingar. Að þessu loknu hafi lögreglunni verið ráðlagt að leita læknis aftur, þegar áhrif sprautunnar hefðu virkað og sjúklingurinn orðinn rólegri.

Samkvæmt vottorði Kleppsspítala, dags. 10. sept. 1969, falaðist aðstoðarborgarlæknir eftir vistun stefnanda á Kleppsspítala um hálfri klukkustund eftir að fangavörður í Síðumúla hafði leitað eftir því, að sjúkrahúsið tæki við stefnanda. Um afskipti lækna af stefnanda í þessu sjúkrahúsi segir á þessa leið í vottorðinu:

„Við skoðun kom í ljós, að maðurinn virtist hafa flaccid lömun frá hálsi og niður úr. Útlimareflexar fengust ekki fram nema biceps á báðum handleggjum og patellar reflex á v. fæti, mjög daufur þó. Kviðreflexar voru upphafnir svo og cremaster. Sensibilitet virtist ekkert vera á ganglimum og upp á miðjan thorax né heldur hita-kulda- eða vibrationsskyn. Á efri hluta thorax fann hann þó fyrir nálastungum svo og á öxlum og út í handleggi. Ennfremur fann hann vibratio á þumalfingrum beggja handa og olecranon, þó betur vinstra megin. Ekki fannst honum þetta þó eðlilegar tilfinningar, lýsti þeim sem mjög annarlegum, en gat ekki nánar útskýrt, hvað hann ætti við.

Sjúklingur svitnaði töluvert í andliti og efst á truncus, en neðan við 6—7 intercostabil báðum megin virtist perspiration vera upphafin. Sjúklingur var fyllilega orienteraður á stað og stund og virtist minnugur alls, sem gerst hafði, að frádregnum þeim tíma, er hann lá meðvitundarlaus á gólfinu. Það var því nokkuð augljóst, að maðurinn var ekki að simulera, heldur hafði raunverulega lömun, hverjar sem orsakir hennar voru. Líklegast var, að hann hefði fractura columna cervicalis eða luxatio, þá sennilega við C-5 eða C-6 ásamt compressio á mænu. Til greina kom einnig hematoma, sem þrýsti á mænu ellegar svo kallað „spinal shock".

Að lokinni skoðun hér, var Guðlaugur sendur á handlæknisdeild Landspítalans til frekari meðferðar."

Stefnandi sundurliðar nú kröfur sínar sem hér segir:

1.	Tímabundin og varanleg örorka	kr. 3.327.485
2.	Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum ..	— 800.000
		Kr. 4.127.485
	Frá dregst verðmæti örorkulífeyris	— 1.289.070
		Kr. 2.838.415

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að borgarsjóður Reykjavíkur beri ábyrgð á athöfnum og hugsanlegri vanrækslu og vanþekkingu Kristins Jóhannssonar læknis, sem haft hafi afskipti af

stefnanda á slysadeild Borgarspítalans í umrætt sinn, og ekki verði séð, að yfirlæknirinn hafi haft neitt við að athuga. Þá hafi Ólafur Ingibjörnsson læknir ráðið því persónulega, að stefnandi hafi ekki fengið forsvaranlega læknismeðferð sunnudaginn 4. ágúst 1968, er hann samkvæmt beiðni vitjaði stefnanda í fangageymsluna í Síðumúla. Læknirinn hafi látið sér nægja að gefa stefnanda róandi sprautu, en horfið síðan á brott og ekki sinnt stefnanda eftir það. Kveðst stefnandi telja, að borgarsjóður Reykjavíkur beri einnig ábyrgð á störfum stefnda Ólafs Ingibjörnssonar læknis sem starfsmanns Borgarsjúkrahússins, þar eð öll mistök í starfi hans hljóti jafnframt að vera á ábyrgð borgarsjóðs.

Af hálfu stefnda Ólafs Ingibjörnssonar er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að ekkert orsakasamband sé á milli örorku stefnanda og afskipta stefnda Ólafs af honum hinn 4. ágúst 1968. Stefnandi eigi sjálfur sök á þeim áverkum, sem hann hafi hlotið, og afleiðingum þeirra. Aðgerðir stefnda Ólafs hafi miðað að því að sefa stefnanda og gera hann rólegri og hæfan til rannsóknar. Þær hafi því beinlínis flýtt fyrir því, að unnt yrði að koma við læknisrannsókn, er að gagni yrði, til þess að unnt yrði að sannreyna um áverka og meiðsl og veita tiltækar lækningar.

Af hálfu stefnda borgarstjórans í Reykjavík vegna borgarsjóðs er sýknukrafa hans einnig studd þeim rökum, að ekkert bendi til orsakasamhengis milli þess, sem gerst hafi í slysadeildinni og þeirrar örorku, sem stefnandi sé talinn búa við. Megi benda á, að full ástæða sé til að ætla, að hin mikla óregla stefnanda, sem upplýst sé um í máli þessu, eigi sinn ríka þátt í örorku hans. Þá sé því algerlega mótmælt, að stefndi borgarstjórinn í Reykjavík vegna borgarsjóðs beri nokkra bótaábyrgð á störfum meðstefnda Ólafs Ingibjörnssonar, er hann hafi verið á svonefndri bæjarvakt Læknafélags Reykjavíkur hinn 4. ágúst 1968. Sú þjónusta sé sér með öllu óviðkomandi.

Af hálfu stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs er sýknukrafa hans studd þeim rökum, að löggæslumenn þeir, sem við mál þetta koma, hafi gegnt þar skyldustörfum sínum á óaðfinnanlegan hátt og sé það fjarri lagi, að þeir hafi á nokkurn hátt orðið offari í starfi gagnvart stefnanda, heldur hafi þeir rækt starfsskyldur sínar, að því er stefnanda varðaði, af fyllstu tillitssemi og varúð. Sé því enginn grundvöllur fyrir ábyrgð stefnda fjármálaráðherra, vegna ríkissjóðs, á afskiptum löggæslumanna af stefnanda á umræddu tímabili. Þáttur þeirra í þessu máli sé algerlega óaðfinnanlegur.

Þá fari engum sögum af því í gögnum málsins, að stefnandi hafi ekki notið forsvaranlegrar meðferðar, er hann hafi verið fluttur í fangageymsluna í Síðumúla. Þangað hafi verið kvaddur læknir til að sinna kvörtunum hans þegar morguninn eftir og litlu seinna hafi fangaverðir leitað eftir því að koma honum á Kleppsspítala. Það hafi verið eðlileg ráðstöfun, eins og á hafi staðið, enda ekki í mörg hús að venda, þar sem í hlut hafi átt heimilislaus maður. Fangaverðir hafi ekki, fremur en lögregluþjónar þeir, sem hér komi við sögu, haft ástæðu til að ætla, að stefnandi væri meiddur, hvað þá alvarlega slasaður. Þeir hafi rækt sömu öryggisskyldur gagnvart stefnanda að því er það varðaði sem lögregluþjónarnir kvöldið áður.

Loks segir í rökstuðningi við sýknukröfu stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, að ljóst sé af gögnum málsins, að stefnandi hafi hlotið algerlega eðlilega og óaðfinnanlega fyrirgreiðslu á Kleppsspítala. Læknir sá, er þar hafi verið í fyrirsvari, er fangavörður hafi óskað vistunar stefnanda, hafi haft í frammi eðlileg vinnubrögð, er hann hafi fallist á þá málaleitun. Það hafi engan veginn verið ófyrirsynju að ætla, að stefnandi gæti átt erindi einmitt í þetta sjúkrahús. Fram komi í upphafi vottorðsins á dskj. nr. 9, að hann hafi dvalist í þessu sjúkrahúsi áður þetta sama sumar sem alkóhólisti og útskrifast þaðan 6. júní þá um sumarið. Samkvæmt þessu gildi alveg hið sama um lækni eða lækna Kleppsspítala og aðra þá starfsmenn, sem hér komi við sögu og gætu fallið undir húsbóndaábyrgð stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, að það verði ekkert fundið til áfellis þeim, starfsskyldur hafi verið ræktar eðlilega og snurðulaust. Allan lagagrundvöll skorti því fyrir skaðabótaábyrgð stefnda fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Í málinu liggur frammi örorkumat Páls Sigurðssonar læknis, dags. 14. okt. 1971, þar sem hann metur tímabundna og varanlega örorku stefnanda vegna umræddS slyss sem hér segir:

Í 2 ár 100% örorka og eftir það varanleg örorka 75%.

Stefnandi hefur fengið Þóri Bergsson tryggingafræðing til þess að reikna út örorkutjón sitt á grundvelli örorkumatsins, og liggja þrír slíkir útreikningar frammi í málinu, dskj. nr. 13 og 14, dags. 26. nóv. 1971 og 30. október 1972, og dskj. nr. 35, dags. 1. febrúar 1975, tveir hinir síðari endurútreikningar vegna breytts verðlags. Er hin endanlega dómkrafa stefnanda reist á niðurstöðutölum hins síðastnefnda, kr. 3.327.485, að frádregnum þegar greiddum örorkulífeyri, kr. 1.289.070, og kemur þannig út hin

endanlega dómkrafa, kr. 2.038.415 + kr. 800.000 miskabætur = kr. 2.838.415.

Með úrskurði, uppkveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 17. október 1973, var leitað álits Læknaráðs um eftirgreind atriði:

1. Hvort Læknaráð telji, að unnt hafi verið að framkvæma fullnægjandi læknisskoðun, þegar svo var ástatt um stefnanda vegna ölvunar, eins og fram er komið, að var, þegar skoðun fór fram 4. ágúst 1968?
2. Hvort Læknaráð telji, að orsök þeirrar örorku, er stefnandi býr við, verði rakin til þess, að honum var komið í fangageymslu um stundarsakir?
3. Álit Læknaráðs á greinargerð Kjartans R. Guðmundssonar á dómsskj. nr. 10, að því er tekur til afskipta slysadeildar af stefnanda við ofangreint tækifæri.

„Tillaga réttarmáladeildar um
Ályktun læknaráðs:

Læknaráð hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu:

Ad 1: Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, telur læknaráð, að ekki hafi verið unnt að framkvæma fullnægjandi neurologiska skoðun á stefnanda, þegar svo var ástatt um hann vegna ölvunar, eins og fram er komið að var, þegar skoðun fór fram í Slysavarðstofu og fangageymslu í Síðumúla hinn 4. ágúst 1968. Hins vegar hefur svo mikið verið runnið af manninum, er hann var fluttur í Kleppsspítalann sama dag, að skoðun þar leiddi strax til ákveðinnar niðurstöðu um ástand hans.

Ad 2: Nei. Þar sem ekki var um að ræða brot á hryggjarliðum, brjósklos né liðhlaup, verður ekki talið, að töf sú, sem varð á því, að stefnandi fengi viðeigandi meðferð, hafi valdið þeirri örorku, sem hann býr við.

Ad 3: Þar sem ekki er fyllilega ljóst, hvað við er átt, telur læknaráð sér ekki fært að svara þessari spurningu."

Samkvæmt framanritaðri niðurstöðu Læknaráðs og áliti hinna sérfróðu meðdómenda verður ekkert það fundið að aðgerðum lækna þeirra, er fyrstir önnuðust stefnanda, eftir að hann varð fyrir umræddu slysi, sem bakað gæti þeim fébótaábyrgð. Verður því að sýkna stefndu Ólaf Ingibjörnsson og borgarstjórann í Reykjavík vegna borgarsjóðs af öllum kröfum stefnanda í málinu. Hið sama gildir um Guðmund B. Guðmundsson, lækni á Kleppi, að áliti Læknaráðs og hinna sérfróðu meðdómenda. Og

að því er til löggæslumanna og fangavarðar tekur, hefur ekkert það komið fram í málinu, sem leiða eigi til fébótaábyrgðar á hendur þeim. Verður því einnig að sýkna fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Þegar litið er til málsatvika allra, þykir málssókn stefnanda ekki algerlega að ófyrirsynju gerð, og þykir því ekki næg ástæða til að dæma hann til að greiða stefndu borgarstjóranum í Reykjavík vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs málskostnað, og verður hann því felldur niður gagnvart þeim.

Þáttur stefnda Ólafs Ingibjörnssonar þykir hins vegar hafa verið með þeim hætti, að rétt þykir að dæma stefnanda samkvæmt framangreindri niðurstöðu til að greiða honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

Málssóknarkostnaður stefnanda ákveðst kr. 142.200, er greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000 í málssóknarlaun.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Lárusi Helgasyni, tauga- og geðlækni, og Páli Helgasyni, orku- og endurhæfingarlækni.

Dómsorð:

Stefndu, Ólafur Ingibjörnsson, borgarstjórinn í Reykjavík vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Guðlaugs Sveinssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda Ólafi Ingibjörnssyni, kr. 70.000 í málskostnað, en málskostnaður fellur niður gagnvart öðrum stefndu, borgarstjóra Reykjavíkur vegna borgarsjóðs og fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs.

Málskostnaður stefnanda, kr. 142.200, greiðist úr ríkissjóði. Þar af hljóti skipaður talsmaður hans, Þorvaldur Þórarinsson hæstaréttarlögmaður, kr. 110.000 í málssóknarlaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. desember 1977.

Nr. 71/1975. **Hestamannafélagið Fákur**
(Hákon Árnason hrl.)
gegn
Kolbrúnu Kristjánsdóttur
og gagnsök
(Örn Clausen hrl.).

Slys á veðreiðum. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. maí 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. maí 1975. Krefst hún aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 3.826.306 krónur, til vara 1.534.969 krónur, en til þrautavara 1.372.730 krónur. Í öllum þessum tilvikum krefst gagnáfrýjandi vaxta af dæmdri fjárhæð, 7% ársvaxta frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til ýtrustu vara krefst gagnáfrýjandi staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hér fyrir dómi hefur gagnáfrýjandi haft uppi hærri fjárkröfur en í héraði. Eru eigi efni til að leyfa þá hækkun samkvæmt 45. gr. laga nr. 75/1973.

Hinn 26. maí 1969 var gagnáfrýjandi knapi í 800 metra stökkkeppni hesta á veðreiðum, sem aðaláfrýjandi hélt á skeiðvelli sínum við Elliðaár. Var hún í þjónustu eiganda hests þess, sem hún reið, og fékk laun frá honum. Keppni í hlaupi þessu hafði fyrst verið tekin upp 3—4 árum áður og farið fram árlega síðan. Ekki er fyrir hendi uppdráttur af

skeiðvellinum, en meðal gagna máls er loftmynd af honum og nágrenni hans. Hefur brautin í 800 m hlaupinu verið mörkuð lauslega á loftmyndina. Samkvæmt því og málflutningi hér fyrir dómi var hlaupabrautin þannig, að hlaupið skyldi hefjast á syðri enda hinnar venjulegu beinu skeiðbrautar, sem var allt að 15 metrum breið, og skyldi hleypa eftir henni til norðurs 250—300 metra. Þá skyldi beygt út af beinu skeiðbrautinni til vinstri (vesturs) á braut, sem lá í hring norður fyrir endann á beinu brautinni og síðan inn á hana aftur að austan, þar á móts við sem hringbrautin lá út af henni til vesturs. Lokaspretturinn skyldi farinn 250—300 metra til suðurs eftir beinu brautinni að marki.

Eins og greinir í héraðsdómi, hafði verið strengdur kaðall þvert yfir eða á ská yfir beinu skeiðbrautina, þar sem hringbrautin byrjaði. Kaðallinn var um einn þumlungur í þvermál að áliti stjórnarformanns áfrýjanda og vallarstjóra. Af framburði sjónarvotta verður ráðið, að hann hafi ekki verið nýr og ekki auðkenndur með veifum né á annan hátt. Telja sum vitni, að kaðallinn hafi verið samlitur jörðinni og sést illa. Kaðallinn var strengdur yfir beinu brautina til að beina hlaupinu út á hringbrautina og hindra hestana í að hlaupa áfram beinu brautina.

Gagnáfrýjandi skýrir svo frá, að á öðrum veðreiðum á þessum sama skeiðvelli hafi verið sá umbúnaður, að strengdur hafi verið kaðall yfir beinu brautina og röð af fólki verið fyrir aftan hann. Hafi hún búist við, að umbúnaður yrði eins í þetta skipti, en þá hafi aðeins verið strengdur mjór kaðall yfir brautina. Hafi hún ekki séð neinn mann standa við hann. Af gögnum máls er ljóst, að í önnur skipti, þegar 800 metra hlaup fór fram, voru menn látnir standa meðfram kaðlinum. Stjórnarformaður aðaláfrýjanda skýrir svo frá, að 4—5 hlaupgæslumenn hafi staðið við kaðalinn í umrætt sinn, en þeir hafi verið færri en æskilegt hafi verið. Nokkur vitni hafa borið, að einhverjir menn hafi staðið þar. Hins vegar hafa þrjú vitni borið, að engir menn hafi staðið meðfram kaðlinum í umrætt sinn, og á kvikmynd þeirri, sem tekin var af hlaupinu og í héraðsdómi greinir, sést ekki, að menn hafi

staðið við kaðalinn sitt hvorum megin nema við enda hans. Verður að leggja það til grundvallar dómi í málinu, svo sem sakargögn horfa við.

Aðaláfrýjandi seldi almenningi aðgang að skeiðvellinum og hét verðlaunum eigendum þeirra hesta, sem fyrstir kæmu í mark. Bar honum að sjá um, að skeiðbrautir væru þannig lagðar og umbúnar, að þær byðu eigi heim sérstakri hættu. Eins og áður greinir, var eigi annar umbúnaður til að beina hestunum að beinu skeiðbrautinni út á hringbrautina en kaðallinn, sem strengdur var yfir brautina. Ætla má, að hestar hafi ekki séð kaðal þennan, eins og honum er lýst, fyrr en rétt áður en þeir komu að honum. Slíkur umbúnaður var alls ófullnægjandi og eigi fallinn til að hindra, að hestar hlypu áfram beinu brautina. Aftur á móti stóð sú hætta af umbúnaði þessum, að hestar, sem hlypu á kaðalinn, kynnu að hrasa eins og raunin varð. Ljóst er og, að umbúnaður var ekki í samræmi við það, sem verið hafði á fyrri kappreiðum. Verður að telja vanbúnað vallarins öðrum þræði orsök slyssins og leggja fébótaábyrgð á aðaláfrýjanda vegna tjóns gagnáfrýjanda.

Fram er komið, að gagnáfrýjandi þekkti vel allar aðstæður á skeiðvellinum og vissi, hvar beygja skyldi út af beinu brautinni. Henni tókst ekki að stýra hesti sínum á rétta braut í tæka tíð. Á hún því einnig sök á slysinu. Þykir hæfilegt að hún beri sjálf helming tjóns síns.

Gagnáfrýjandi sundurliðar aðalkröfu sína fyrir Hæstarétti þannig:

A.	Örorkubætur samkvæmt útreikningi Þóris Bergssonar 5. september 1974	1.034.969 kr.
B.	240% hækkun bóta vegna varanlegrar örorku í samræmi við hækkanir á Iðjutöxtum frá 5. september 1974 til 3. desember 1977	2.291.337 —
C.	Miski	500.000 —
	Samtals	3.826.306 kr.

Varakrafan er miðuð við A og C liði aðalkröfu, en þrautavarakrafan er miðuð við örorkutjónsútreikning Þóris Bergssonar 19. mars 1973, 872.730 krónur, að viðbættum 500.000 krónum vegna miska.

Tjón gagnáfrýjanda vegna örorku og miska þykir hæfilega metið í héraðsdómi. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda helming þess, 500.000 krónur, ásamt vöxtum eins og krafist er.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 225.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, greiði gagnáfrýjanda, Kolbrúnu Kristjánsdóttur, 500.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og 225.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði

hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Benedikts Sigurjónssonar.

Við vísum til atkvæðis meiri hluta dómenda um lýsingu á lögun og gerð skeiðbrautar þeirrar, sem 800 m hlaupið var þreytt á. Þess skal þó getið, að ráða mátti af kvikmynd þeirri, sem getið er um í héraðsdómi og sýnd var í Hæstarétti, að beygjan af beinu brautinni út á hringbrautina hafi verið svo víð, að knaparnir tveir, sem voru í riðli með gagnáfrýjanda, hófu beygjuna út á hringbrautina, þegar enn var óriðinn allangur spölur að kaðlinum, sem lokaði beinu brautinni. Er knapar þessir hófu beygjuna, reið gagnáfrýjandi hins vegar óbreytta stefnu og hélt henni, þar til hún kom að kaðlinum og hestur hennar reyndi að stökkva yfir hann með þeim afleiðingum, sem í héraðsdómi greinir.

Enginn ágreiningur er um það, að gagnáfrýjandi var þaul-

kunnug skeiðbrautinni og að hún hafði verið þar að æfingum dagana fyrir veðreiðarnar. Einnig þá var notaður kaðall til að girða fyrir beinu brautina og marka hringbrautina, og vissi áfrýjandi, að svo mundi og verða á sjálfum veðreiðunum. Hins vegar telur hún, að aðaláfrýjandi hafi ekki gætt þess þá að láta nægilega marga menn standa við kaðalinn í varúðarskyni. Virðist málssókn gagnáfrýjandi gagngert reist á því, að þar sem aðaláfrýjandi hafi skipað of fáum mönnum við kaðalinn á veðreiðunum, hafi hestur hennar ekki séð hann í tæka tíð til að beygja nægilega snemma út á hringbrautina og því reynt að stökkva yfir kaðalinn.

Í málinu er engin skýring komin fram á því af hendi gagnáfrýjandi, hvers vegna hún vék ekki hesti sínum út á hringbrautina jafnsnemma hinum knöpunum, heldur hélt beinni stefnu alveg að kaðlinum. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu gagnáfrýjandi, að því væri ekki haldið fram í málinu, að hún hefði ekki haft nægilegt vald yfir hesti sínum. Enn fremur væri viðurkennt, að sjálf hefði hún séð kaðalinn og vitað um hann. Þegar þessa er gætt, verður ekki annað séð en að óhapp gagnáfrýjandi verði rakið til stjórnar hennar sjálfrar á hestinum. Mátti gagnáfrýjandi ekki treysta því, að hestur hennar viki af sjálfsdáðum í tæka tíð út á hringbrautina, ef menn aðeins stæðu við kaðalinn inni á sjálfri beinu brautinni, en ekki hefði verið háskalaust að vera þar, eins og hestur gagnáfrýjandi hljóp. Verður ekki felld ábyrgð á aðaláfrýjanda á óhappi gagnáfrýjandi, sem stafaði af því, hvernig hún stjórnaði hesti sínum. Ber því að sýkna hann af kröfum hennar í málinu, en rétt er, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Samkvæmt framanrituðu teljum við, að dómsorð ætti að vera svofellt: Aðaláfrýjandi, Hestamannafélagið Fákur, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjandi, Kolbrúnar Kristjánsdóttur, í máli þessu. Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 2. desember sl., hefur Kolbrún Kristjánsdóttir, Skálagerði 5,

Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 29. maí 1973, gegn Hestamannafélaginu Fáki, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta samtals að fjárhæð kr. 1.388.929 með 7% ársvöxtum af kr. 1.372.730 frá 26. maí 1969 til 8. desember 1970, af kr. 1.376.230 frá þeim degi til 19. janúar 1971, af kr. 1.380.730 frá þeim degi til 24. maí 1972, af kr. 1.385.929 frá þeim degi til 19. mars 1973 og af kr. 1.388.929 frá þeim degi til 1. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu. Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f er stefnt til réttargæslu.

Stefndi hefur krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar sjálfstæðar kröfur gerðar, enda eru ekki gerðar sjálfstæðar kröfur á hendur réttargæslustefnda.

Leitast hefur verið við að sætta mál þetta, en án árangurs.

Rétt þykir að rekja nokkuð gang málsins. Það var þingfest 7. júní 1973. Lögmaður stefnda skilaði greinargerð 28. júní 1973, og var málinu þá frestað um óákveðinn tíma. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 19. nóv. 1973 og tók málið fyrst fyrir 11. desember 1973. Síðan fóru fram nokkrar yfirheyrslur í málinu, og var málið munnlega flutt 20. júní sl. Eftir að málflutningur hafði farið fram, hafði lögmaður stefnanda samband við dómara málsins og tilkynnti, að filma, sem sýndi óhapp það, sem málið er af risið, hefði fundist inni í Sjónvarpi. Var málið því endurupptekið 26. júní sl., og fóru lögmenn aðilja og undirritaður dómsformaður inn í Sjónvarp og sáu kvikmynd, sem sýndi óhapp það, sem málið er af risið. Lögmenn aðilja óskuðu ekki að flytja málið að nýju, og var það dómtekið aftur sama dag. Eftir þá dómtöku sýndist undirrituðum dómsformanni rétt að endurupptaka málið og gefa lögmanni stefnanda kost á að leggja fram eintak af kvikmynd þeirri, sem dómarar og lögmenn aðilja horfðu á inni í Sjónvarpi 26. júní sl., og jafnframt að rétt væri að kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Málið var síðan endurupptekið þess vegna 12. júlí 1973, og var málinu frestað til framlagningar umbeðinna gagna til 9. sept. sl. Þann dag var filman lögð fram sem dskj. nr. 19, og var þá jafnframt ákveðið, að tími til munnlegs málflutnings yrði ákveðinn síðar. Vegna mikilla anna dómsformanns og svo þess, að leita varð til utanbæjarmanna til meðdómendastarfa, en annar þeirra var bundinn vegna starfs síns.

þá dróst, að tími til munnlegs málflutnings væri ákveðinn. Munnlegur málflutningur fór síðan fram 2. þ. m., en áður var filman á dskj. nr. 19 sýnd í réttinum.

Málavextir eru þeir, að hinn 26. maí 1969 hélt stefndi, Hestamannafélagið Fákur, kappreiðar á skeiðvelli félagsins við Elliðaár. Stefnandi var knapi á kappreiðum þessum. M. a. var hún knapi í 800 m hlaupi. Í hlaupi þessu varð stefnandi fyrir því slysi, að hesturinn, sem hún reið, stökk á kaðal og féll. Við það kastaðist stefnandi fram af hestinum og varð fyrir töluverðum meiðslum.

Vegna máls þessa hafa farið fram nokkrar yfirheyrslur, og hafa komið fyrir dóm stefnandi, Sveinn Kjartan Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, Bergur Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda, Sveinbjörn Dagfinnsson, Páll Melsted, Pétur Guðmundsson, Sigurjón Jakobsson, Guðmundur Sigurðsson, Haukur Hjartarson og Sveinn Þormóðsson. Yfirheyrslur þessar fóru fram, áður en málið var flutt 20. júní sl., en eftir að filman á dskj. nr. 19 var sýnd í réttinum 2. þ. m. og áður en málið var flutt að nýju, komu fyrir dóm til yfirheyrslu þeir Guðmundur Þorsteinsson, Pétur Hjálmsson og Birgir Kristjánsson.

Yfirheyrslurnar, sérstaklega þær, sem fram fóru, áður en málið var flutt 20. júní sl., beindust mjög að því að upplýsa, hvernig umbúnaði hefði verið háttað í 800 m hlaupi á kappreiðunum 26. maí 1969.

Þykir rétt að rekja nokkuð það, sem fram kom við yfirheyrslurnar. Fyrir dómi bar stefnandi, að áður en hún varð fyrir slysi þessu, hafi hún unnið við að temja hesta og jafnframt unnið sem knapi. En þá er hún vann sem knapi, þá hafi eigendur hestanna greitt henni laun, en ekki stefndi.

Fyrir dómi staðfesti stefnandi sem rétta málavaxtalýsingu í stefnu, en þar segir m. a., að nokkrum dögum fyrir slysið hafi stefnandi verið að æfingu á þessum sama stað með sama hest. Þar sem beina brautin endaði og hringbrautin tók við, hafi verið strengdur mjór kaðall þvert fyrir endann á beinu brautinni. Skyldi kaðall þessi vísa hestunum inn á hringbrautina. Kaðalinn hafi verið mjög erfitt að sjá og illmögulegt fyrr en komið var alveg að honum og það orðið of seint, þegar hestarnir beygðu á þeim hraða, sem þeir eru á í veðhlaupi. Því hafi það verið, að á ofangreindri æfingu hafi hestur stefnanda hlaupið á kaðalinn og fallið við. Stefnandi hafi dottið af baki, en ekki meiðst. Af þessari ástæðu hafi stefnandi rætt við forráðamann Fáks, sem hafi orðið

vitni að atburði þessum og unnið að undirbúningi veðreiðanna, er halda átti hinn 26. maí 1969.

Í stefnu kemur fram, að forráðamenn stefnda hafi lofað að sjá til þess, að á væntanlegum veðreiðum yrði í stað kaðals höfð þreföld röð af mönnum, sem stæðu við endann á beinu brautinni, til þess að beina hestunum inn á hringbrautina, svo sem verið hafði áður á veðreiðum.

Fyrir dómi sagði stefnandi, að þetta væri rangt, að í stað kaðals yrði höfð þreföld röð af mönnum, heldur hafi það verið þannig, að kaðallinn hafi alltaf verið hafður, en fyrir aftan hann hafi fólk staðið. Þeir knaparnir hafi óskað eftir því við forráðamenn Fáks, að kaðallinn yrði merktur með veifum. Það hafi forráðamennirnir ekki viljað, þar sem þeir hafi talið hættu á því, að hestarnir fældust veifurnar. Þá hafi knaparnir óskað eftir því, að kaðallinn yrði að minnsta kosti málaður, en það hafi ekki verið gert.

Í stefnu segir svo: „Stefnandi vissi síðan ekki betur en þetta yrði gert. Raunin varð þó önnur svo sem raun ber vitni, og var aðeins strengdur mjór kaðall fyrir endann á beinu brautinni. Hestur stefnanda hljóp á kaðalinn og féll við, svo að stefnandi féll af baki með framangreindum afleiðingum.“ Fyrir dómi sagði stefnandi, að þetta væri rétt. En á öðrum veðreiðum á þessum sama skeiðvelli, þá hafi þessi umbúnaður, strengdur kaðall og röð af fólki fyrir aftan, verið hafður. Árið eftir hafi verið eins og áður strengdur kaðall og hafi þá verið alveg veggur af fólki fyrir aftan kaðalinn. Fyrir dómi var stefnandi spurð að því, hver muni hafa verið ástæðan fyrir því, að umbúnaði á skeiðvellinum hafi verið öðru vísi hagað þarna 26. maí 1969 en í önnur skipti, og svaraði stefnandi því til, að þegar hún hafi spurst fyrir um þetta, þá hafi henni verið svarað, að þetta hefði gleymst. Stefnandi kveðst halda, að það væri rétt munað hjá sér, að það hafi verið Bergur Magnússon, sem sagði stefnanda, að þetta hefði gleymst, en Sveinbjörn Dagfinnsson hafi engin svör gefið.

Stefnandi sagðist ekki hafa séð, áður en hlaupið hófst eða í byrjun hlaups, hvernig umbúnaði við kaðalinn á brautinni hafi verið háttað, enda hafi hún haft um annað að hugsa, þegar hún var að ræsa hestinn, og hafi hún treyst því, að umbúnaður væri í standi. Stefnandi tók fram, að hestar sjái mjög stutt fram fyrir sig, ekki meira en svona 5—7 m.

Stefnandi sagði, að þá er slysið varð, hafi hún verið lengst til hægri á brautinni í upphafi hlaups, þannig að hún hefði átt að

lenda innst í hringnum, ef hún hefði ekki orðið fyrir slysinu. Hestarnir, sem tóku þátt í þessu hlaupi, hafi verið fimm og hlaupið mjög jafnt.

Stefnandi sagðist engan hafa séð standa við kaðalinn, þá er hún leit upp, en hesturinn hafi fallið um strengdan kaðalinn, og giskaði stefnandi á, að kaðallinn hafi verið í um meters hæð. Stefnandi sagði, að seinna hefði henni verið sagt, að menn hafi staðið í sitt hvoru horninu.

Stefnandi sagði, að sig minnti endilega, að hún hafi verið yst til hægri, þá er hlaupið byrjaði, og sig minnti líka, að hestarnir hafi verið fimm.

Á kappreiðunum hafi verið strengd snúra báðum megin við brautina alla leið, en snúra þessi sé miklu mjórri en kaðallinn, sem lokaði beinu brautinni.

Stefnandi sagði, að hesturinn, sem hún reið, þá er slysið varð, hafi ekki verið óeðlilega fælinn. Hesturinn hafi tekið þátt í kappreiðum seinna sumarið 1969 og svo aftur árið eftir hjá Fáki. En hún hafi verið búin að vera með hestinn, sem hún var á, þegar hún slasaðist, á æfingum og í þjálfun frá því í febrúar eða mars 1969. Hún hafi ekki tamið hestinn. En hún hafi verið með þennan sama hest sumarið 1968 á kappreiðum bæði á Hellu og á Iðavöllum, en ekki á veðreiðum hjá Fáki það ár. Stefnandi sagðist halda, að hesturinn hafi verið átta eða níu vetra, þá er slysið varð. Eigandi hestsins hafi verið Jóhanna Kristjánsdóttir.

Stefnandi sagði, þá er hún kom fyrir dóm, að hún ynni nú fulla vinnu í Brauðgerð Mjólkursamsölunnar, en sagðist vera undir læknishendi vegna handleggsbrotsins og taki hún nú meðöl til þess að eyða bólgu í hendinni og sagði, að vel gæti verið, að hún þyrfti að fara í æfingar aftur, en hún hafi alltaf óþægindi í hendinni.

Fyrir dómi bar Sveinn Kjartan Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, að hann myndi eftir því, þegar stefnandi féll af baki á kappreiðum 26. maí 1969, en þá hafi hann verið formaður dómnefndar. Við kappreiðarnar starfi hlaupgæslumenn og hafi þeir átt að sjá um að strengja kaðalinn, þar sem loka skyldi beinu brautinni og beina hlaupinu inn í hringinn. Menn þessir, sem stóðu við kaðalinn, hafi í þetta skipti verið færri en æskilegt hefði verið. Ekki gat stjórnarformaðurinn upplýst, hve margir mennirnir voru. Brautin hafi verið ca 15 m breið. Kaðallinn, sem strengja átti, hafi verið festur í staur öðrum megin, en laus austan megin. Stjórnarformaðurinn sagðist halda, að kaðallinn hafi

verið rúman meter frá jörðu, en kaðallinn hafi verið að sverleika það, sem hann mundi kalla lipran kaðal, og giskaði á svona tommu í þvermál. Þegar hlaup þetta byrjaði, hafi svo kaðallinn verið strengdur og annað hvort hafi hann verið festur að austanverðu eða maður haldið honum. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hestur sá, sem stefnandi reið, hafi verið óþjáll.

Stjórnarformanninum var, þá er hann var fyrir dómi, sýnd ljósmyndin á dskj. nr. 11, og skýrði hann afstöðu svipað og stefnandi, en taldi, að hlaupið hafi byrjað heldur norðar.

Stjórnarformanninum var kynnt það, sem fram kom í málavaxtalýsingu í stefnu og í yfirheyrslu, þá er stefnandi kom fyrir dóm, það, að engir menn hafi verið við kaðalinn. Stjórnarformaðurinn sagðist ekki muna betur en þarna hafi verið 4 eða 5 menn, en mennirnir muni hafa verið of fáir. Stjórnarformaðurinn tók fram, að hann hafi verið ca 250 m í burtu frá þeim stað, er slysið varð. Það muni vera rétt, sem fram komi hjá stefnanda, að hún hafi ekki getað séð í byrjun hlaups, hvernig umbúnaði við kaðalinn var háttað. Hinir hestarnir í hlaupinu hafi náð beygjunni.

Fyrir dómi bar Bergur Magnússon, framkvæmdastjóri stefnda, að hann hafi verið að vinna við kappreiðarnar 26. maí 1969, þá er stefnandi féll af baki, en þá er slysið varð, hafi hann verið inni í veðbankanum og ekki séð slysið.

800 m hlaup hafi þeir hjá Fáki verið nýbúnir að taka upp, þá er slysið varð. Framkvæmdastjórinn tók fram, að þetta hlaup muni hafa farið fram í 3 eða 4 ár fyrir slysið. Undanfarin 2 ár hafi kappreiðar hjá Fáki farið fram á nýjum skeiðvelli. Framkvæmdastjóranum var sýnd ljósmyndin á dskj. nr. 11, og skýrði hann frá staðháttum líkt og stefnandi. Framkvæmdastjórinn tók fram, að nokkrum dögum fyrir slysið hafi stefnandi verið að æfa og hafi hún þá dottið af baki inni í hringnum.

Venjulega hafi, þar sem loka átti beinu brautinni og beina hestunum inn í hringinn, verið strengdur kaðall, og hélt framkvæmdastjórinn, að á kaðli þessum hafi verið flögg og einhverjir menn staðið við kaðalinn. Ekki vissi framkvæmdastjórinn, hve margir, en taldi, að Sveinbjörn Dagfinnsson, sem verið hafi vallarstjóri á kappreiðum þessum, mundi frekar geta upplýst þetta.

Framkvæmdastjóranum var kynnt úr framburði stefnanda um ósk knapa eftir því, að kaðallinn yrði merktur með veifum. Framkvæmdastjórinn sagðist ekki vita, hvort veifur hafi verið notaðar, en hann hafi sjálfur útvegað veifur. Kaðallinn hafi ekki verið málaður, en gulur að lit.

Framkvæmdastjórinn mundi ekki hvar í röðinni stefnandi var á brautinni, en hélt, að hún hefði verið nr. 2, þegar hlaupið byrjaði, en þetta sé hægt að sjá í skrá yfir kappreiðarnar.

Framkvæmdastjórinn sagði, að hann hafi ekki séð, þá er stefnandi datt af baki á æfingu fyrir kappreiðarnar, en stefnandi hafi sagt framkvæmdastjóranum frá því, að hún hefði dottið af baki. Að öðru leyti man framkvæmdastjórinn ekki eftir samræðum sínum við stefnanda í það skiptið. En af hálfu Fáks sé æfingum ekki stjórnað, nema þá, er vera skyldi lokaæfingu. Framkvæmdastjórinn sagði, að innri hringurinn hafi allur verið afmarkaður með strengdum kaðli, þá er hringhlaupið fór fram. Það væri vallarstjóri, sem tæki ákvörðun um það, hvort veifur væru notaðar eða ekki.

Framkvæmdastjórinn sagði, að stefnandi hafi kennt við reiðskóla Fáks frá því í mars 1969 og þar til hún varð fyrir slysinu. Framkvæmdastjórinn hélt, að stefnandi hafi kennt við reiðskóla Fáks á árinu 1968, en var ekki viss, en svo hafi stefnandi kennt við reiðskóla Fáks veturinn 1972. Framkvæmdastjórinn hafi óskað eftir því við stefnanda, að hún kenndi við reiðskólann eftir slysið, en stefnandi hafi ekki talið sig geta það fyrr en á árinu 1972.

Fyrir dómi bar Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrrverandi formaður stefnda, að hann hafi verið vallarstjóri á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Hann hafi séð, þá er stefnandi féll af baki, en hann hafi séð þetta úr fjarlægð, þar sem hann hafi verið staddur á dómpalli.

Í 800 m hlaupi hafi verið strengdur kaðall fyrir beinu brautina, þar sem hringurinn byrjar. Á kappreiðum þessum hafi fyrirkomulag verið eins og þegar 800 m hlaup hafi verið hlaupið á öðrum kappreiðum, sem ekki hafi verið oft. Fyrirkomulagið hafi verið þannig, að kaðall hafi verið strengdur á milli tveggja staura og hafi menn raðað sér fyrir framan kaðalinn. Ekki mundi vallarstjórinn, hve margir, en þeir hafi verið þó nokkuð margir, og mynduðu mennirnir að mati vallarstjórans algera hindrun. Vallarstjórinn sagðist hafa séð, þar sem hann var á dómpallinum og fylgdist með hlaupinu, að þegar komið var að hringnum, þá hafi hinir hestarnir sveigt til vinstri, en hestur stefnanda hafi hlaupið beint áfram og síðan á kaðalinn. Vallarstjórinn heldur, að stefnandi hafi verið með hest sinn nokkurn veginn á miðri braut. Í hlaupinu hafi tekið þátt 4 hestar. Ekki mundi hann, hvar í röðinni stefnandi hafi verið í upphafi hlaups.

Vallarstjórinn sagðist ekki muna, hvort veifur hafi verið notaðar á kaðalinn, en taldi, að veifur hefðu ekki komið að neinu gagni, þar sem mönnum hafi verið raðað fyrir framan kaðalinn. Kaðallinn hafi verið rúmlega tomma að þykkt. Ekki mundi hann um lit kaðalsins.

Þá er vallarstjórinn var fyrir dómi, var honum kynnt það, sem fram kemur í málavaxtalýsingu í stefnu um, að engir menn hafi verið við kaðalinn, þá er slysið varð, og sagði vallarstjórinn, að þetta væri alrangt, og tók fram, að hann hafi óttast, þá er hann sá hest stefnanda hlaupa beint áfram, að slys yrði á mönnum, sem stóðu við kaðalinn, ekki síður en á stefnanda.

Eftir slysið hafi honum verið sagt frá því, að stefnandi hefði dottið af baki af þessum hesti á æfingu, en stefnandi hafi ekki talað við vallarstjórann þess vegna.

Vallarstjórinn sagði, að þegar hann segi, að menn hafi staðið fyrir framan kaðalinn, þá sé það álit hans, en hann hafi ekki kynnt sér þetta. Mennirnir hafi átt að vera fyrir framan, en ekki aftan, en þaðan, sem vallarstjórinn var, þá hafi hann séð mennina, en ekki hvorum megin við kaðalinn þeir stóðu. Vallarstjórinn sagðist með engu móti geta áttað sig á því, hve mennirnir hafi verið margir, sem stóðu við kaðalinn.

Stefnandi hafi á þessum tíma verið mjög hæfur knapi. Hafi hún verið með hæfustu knöpum. Vallarstjórinn hafi talið ástæðuna fyrir óhappinu, að hesturinn hafi ekki hlýtt knapa sínum. Þá er framburður vallarstjórans var lesinn fyrir honum, játaði hann framburðinn rétt bókaðan, þó með þeirri athugasemd, að réttara muni vera, að mennirnir, sem stóðu fyrir framan kaðalinn, hafi verið nokkrir og giskaði á, að þeir hafi verið 4 eða 5.

Fyrir dómi bar Guðmundur Sigurðsson teiknari, að hann hafi verið áhorfandi á kappreiðum Fáks hinn 26. maí 1969. Guðmundur kvaðst hafa séð, þá er stefnandi féll af hestbaki. Hann hafi staðið nokkuð nálægt slysstað. Guðmundi var sýnt það eintakið af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og taldi hann, að slysið hafi orðið, þar sem þverstrikið er á brautina, og sagði, að sig minnti, að kaðallinn hefði ekki verið strengdur þvert á brautina, heldur eitthvað á ská. Kaðallinn hafi verið mjög samlitur jörðinni og muni hann hafa verið gamall. Við kaðalinn hafi ekki verið röð af mönnum, en nálægt kaðlinum öðrum megin hafi verið einn maður, líklega sá, sem strengdi kaðalinn. Guðmundur var spurður um það, hvort hann gæti fullyrt, að ekki hafi staðið menn

við kaðalinn. Guðmundur kveðst örugglega muna, að menn hafi ekki staðið við kaðalinn.

Þá er horft var fram eftir brautinni, hafi stefnandi verið lengst til hægri. Hesturinn hafi hlaupið beint áfram og ekki virst ætla að beygja, en þá er hesturinn var rétt kominn að kaðlinum, hafi hann hægt aðeins á sér, en svo gert tilraun til að stökkva yfir kaðalinn. Það hafi ekki tekist, fætur hestsins hafi flækst í kaðlinum og bæði knapinn og hesturinn dottið. Ekki kvaðst Guðmundur muna, hvort kaðallinn hafi við þetta losnað eða slitnað, athygli hans hafi beinst að öðru.

Guðmundur kvaðst hafa verið við endann á áhorfendasvæðinu vinstra megin við hlaupabrautina, þá er horft er fram eftir brautinni. Hann giskaði á, að hann hafi verið í ca 20 m fjarlægð frá slysstað. Guðmundur merkti inn á afrit af dskj. nr. 11 þann stað, sem hann taldi, að hann hefði verið á.

Fyrir dómi bar Haukur Hjartarson brunavörður, að hann hafi verið áhorfandi á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Haukur kvaðst hafa séð, þá er stefnandi féll af baki. Hann hafi verið á áhorfendapöllum vinstra megin við hlaupabrautina, þá er horft er fram. Hauki var sýnt það eintakið af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og taldi hann, að slysið hafi orðið, þar sem þverstrikið er á beinu hlaupabrautina, en þar hafi verið strengdur kaðall og hægra megin dálítið frá slysstað inni í hringnum hafi staðið einn maður, en engir menn hafi staðið við kaðalinn. Sérstaklega aðspurður sagðist Haukur vera viss um, að engir menn hefðu verið við kaðalinn til þess að hindra hestinn í því að hlaupa á kaðalinn eða til þess að beina hestunum í aðra átt. Hesturinn hafi stokkið á kaðalinn. Haukur þorði ekki að fullyrða, hvort hesturinn hefði þá sveigt eilítið til hliðar eða snúið beint, þá er hann lenti á kaðlinum. Haukur tók ekki eftir því, hvort hesturinn gerði tilraun til að stökkva yfir kaðalinn, en þá er hesturinn datt, þá hafi stefnandi kastast af baki og eina 3—4 m fram yfir hestinn. Kaðallinn hafi verið ljósbrúnn og verið vel sjáanlegur mannsaugum.

Haukur kveðst vera meðlimur í Hestamannafélaginu Fáki. Hann sagði, að fjarlægðarskyn hesta væri mjög takmarkað, eðlileg viðbrögð hjá hestum, þá er þeir sjái hindrun fyrir framan sig, séu að reyna að stoppa, en það fari eftir jarðveginum og öðrum aðstæðum, hvort hesturinn við stöðvunina prjóni eða steypist fram yfir sig.

Fyrir dómi bar Sveinn Þormóðsson ljósmyndari, að hann hafi

verið við vinnu sína sem ljósmyndari Morgunblaðsins á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Hann hafi séð, þá er stefnandi féll af baki. Hann hafi fylgst með hlaupinu frá upphafi og hafi hann horft á stefnanda í gegnum aðdráttarlinsu, þá er hún féll af baki, en ætlun Sveins hafi verið að taka mynd af stefnanda og hesti hennar á beygjunni.

Sveinn sagðist hafa staðið hægra megin við hlaupabrautina, þegar horft er fram eftir brautinni, og hafi hann verið nokkuð fyrir framan rásstaðinn og hafi hann tekið myndir í upphafi hlaups. Athygli hans hafi sérstaklega beinst að hesti stefnanda, þar sem Sveini hafi litist sá hestur sigurstranglegastur. Hestur stefnanda hafi verið lengst til hægri á brautinni og hafi hann verið nr. 3. Ekki vissi Sveinn, hvernig á því stóð, að hestur, sem var nr. 3, var lengst til hægri. Eftir að hlaupið var byrjað, sagðist Sveinn hafa skipt um myndavél og notað myndavél með aðdráttarlinsu og í gegnum aðdráttarlinsuna hafi hann horft á slysið. Inni í hringnum hægra megin hafi verið einn maður, og sagðist Sveinn hafa séð þann mann hlaupa til stefnanda eftir slysið. Sveinn kvaðst vera viss um, að engir menn hafi staðið við kaðalinn. Á kaðlinum hafi engin merki verið. Sveinn hafi sjálfur ekki tekið eftir kaðlinum í byrjun. Hesturinn hafi virst ekki taka eftir kaðlinum og hafi hesturinn tekist upp að aftan og stefnandi steypst fram yfir sig.

Sveinn sagði, að á öðrum kappreiðum hjá Fáki hafi á sama stað og slysið varð menn verið látnir standa við kaðalinn, en ekki í þetta skipti.

Sveinn sagðist hvorki vera skyldur né tengdur stefnanda, en hafa sem blaðamaður talað við hana og séð til hennar sem knapa á kappreiðum. Sveinn taldi, að áður en stefnandi varð fyrir slysinu hafi hún verið með bestu knöpum, sem tóku þátt í kappreiðum. Sveinn sagðist síðar hafa séð stefnanda á hestbaki og sé það allt annað en áður en hún varð fyrir slysinu. Virðist hún nú hafa misst kjarkinn. Sveinn sagðist hafa tekið myndir af hlaupinu og hélt, að hann hefði náð myndum af slysinu sjálfu, en filmurnar hafi hann ekki fundið ennþá.

Fyrir dómi bar Páll Melsted múrari, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks 26. maí 1969. Páll kvaðst muna eftir því, að stefnandi hafi dottið af baki á þessum kappreiðum. Almennt hafi á kappreiðum Fáks, þá er 800 m hlaup fóru fram á þessum skeiðvelli, verið strengdur kaðall þvert yfir beinu brautina til þess að beina hestum inn í hringinn og svo hafi einnig ver-

ið gert í því hlaupi, sem stefnandi slasaðist í. Páli var sýnt það eintak af dskj. nr. 11, sem merkt hefur verið inn á, og sagði hann, að kaðallinn hafi verið strengdur, þar sem þverstrikið er á ljósmyndinni. Venjan hafi verið, að kaðallinn væri fastur öðrum megin, en maður haldið í hinn endann og venjulega hafi 6 menn raðað sér við kaðalinn. Í það skipti, sem stefnandi datt af baki, hafi einhverjir menn staðið við kaðalinn, en Páll kveðst ekki muna, hve margir þeir voru, en þeir hafi átt að vera 6. Páll sagðist búast við, að mennirnir hafi verið færri en 6. Sjálfur hafi hann verið einn af þessum mönnum, sem stóðu fyrir aftan kaðalinn. Páll var ekki viss, en hélt, að hann hafi verið við endann á kaðlinum. Páli var kynnt það, sem fram kom, þá er þeir Guðmundur Sigurðsson, Haukur Hjartarson og Sveinn Þormóðsson voru yfirheyrðir vegna máls þessa, að engir menn hefðu staðið við kaðalinn og inni í hringnum til hliðar hefði bara verið einn maður. Páll fullyrti samt, að við kaðalinn hefðu nokkrir menn staðið.

Páll var spurður að því, hvað hefði orðið um mennina, sem stóðu fyrir aftan kaðalinn, þegar hesturinn stökk á kaðalinn, og svaraði Páll því til, að mennirnir munu hafa forðað sér.

Páll sagði, að sig minnti, að í hlaupinu, sem stefnandi slasaðist í, hefðu tekið þátt 3—4 hestar, líklega 3. Ekki mundi Páll, hvar á hlaupabrautinni stefnandi var á sínum hesti, en minnti, að hún hefði verið á miðri brautinni. Kaðallinn hafi verið nokkuð sver, gamall, en ófúinn, svona gráhvítur að lit. Á kaðlinum hafi hvorki verið veifur né merki.

Stefnandi hafi verið talinn góður knapi, eða ekki sagðist Páll vita til annars. Páll sagði, að eftirtaldir menn hefðu staðið ásamt honum við kaðalinn í hlaupinu, þá er stefnandi slasaðist: Pétur Guðmundsson, Sigurjón Jakobsson, Guðmundur Þorsteinsson og Oddur Eysteinsson, sem nú er látinn.

Fyrir dómi bar Pétur Guðmundsson verkamaður, að hann væri félagsmaður í Hestamannafélaginu Fáki og hafi hann nokkrum sinnum verið hlaupgæslumaður á kappreiðum. Pétur sagðist muna eftir því, þá er stefnandi féll af baki í kappreiðum og slasaðist. Ekki mundi Pétur, hvaða ár þetta var, en minnti, að slys þetta hafi orðið í 800 m hlaupi.

Pétur sagðist muna örugglega eftir því, að hann hafi staðið við kaðalinn, sem strengdur var yfir þvera braut, til að beina hestum inn í hringinn. Pétur sagðist ekki muna, hve margir menn það voru, sem stóðu við kaðalinn, en sagðist geta trúað, að þeir hafi verið 5 eða 6. Pétur sagðist ekki geta sagt um það, hvort kað-

allinn hafi verið festur í báða enda við staura eða hvort menn héldu í endana, en að minnsta kosti hafi mennirnir haldið kaðlinum upp við miðjuna og hafi mennirnir haldið kaðlinum fyrir framan sig. Vitnið man ekki eftir því, að nokkur mannanna hafi dottið.

Athygli Péturs var vakin á því, að 3 vitni hafi borið, að inni í hringnum hafi bara verið einn maður, en Pétur treysti sér samt til að fullyrða, að þeir hafi verið 5 eða 6, sem stóðu fyrir innan kaðalinn. Pétur hélt, að í önnur skipti hafi í sams konar hlaupi á þessum skeiðvelli staðið við kaðalinn 5—8 menn. Ekki mundi Pétur, hve breið hlaupabrautin var. Pétur mundi ekki, hve margir hestar tóku þátt í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist í. Pétur minnti, að hestur stefnanda hafi verið annar til vinstri á hlaupabrautinni. Hesturinn, sem stefnandi var á, hafi verið erfiður við hlaupin. Stefnandi hafi verið talinn mjög góður knapi.

Pétur mundi ekki eftir því, að mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, hafi hlaupið í burtu, en taldi líklegt, að þegar hesturinn kom að kaðlinum, þá hafi mennirnir vikið sér undan, en sagðist ekki muna þetta, en það væri staðreynd, að hesturinn hafi dottið um kaðalinn.

Fyrir dómi bar Sigurjón Jakobsson verkamaður, að hann væri félagsmaður í Hestamannafélaginu Fáki og hafi hann starfað sem hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks, þar á meðal 26. maí 1969. Sigurjón sagðist muna eftir því, þá er stefnandi féll af baki á þeim kappreiðum. Sigurjón sagði, að sig minnti, að hann hafi staðið við enda hringsins og hafi hann staðið þar með öðrum manni austan við beinu brautina og hafi hlutverk þeirra verið að halda kaðli fyrir austurenda hringsins og opna leiðina, þá er hestarnir kæmu úr hringnum. Beinu brautinni hafi á þessum stað verið lokað með kaðli, strengdum á milli tveggja staura, bundnum í báða enda.

Sigurjón sýndi riss af staðháttum, og kom það saman við uppdráttinn á dskj. nr. 11.

Sigurjón sagðist ekki muna, hvort mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, voru fyrir framan eða aftan kaðalinn og ekki heldur hve margir þeir voru, en sagði, að hlaupgæslumenn hafi almennt verið sex, en oft hafi verið þarna sjálfboðaliðar líka. Sigurjón minnti, að tveir af hlaupgæslumönnunum hafi staðið hjá honum. Ekki mundi Sigurjón, hversu margir hestar tóku þátt í þessu hlaupi, og ekki heldur, hvar í röðinni hestur stefnanda var. Sigurjón sagðist muna, að hesturinn þvældist í kaðlinum og datt, en

man ekki, hvort kaðallinn slitnaði. Hann minnti, að mennirnir, sem stóðu við kaðalinn, hefðu forðað sér, þá er hesturinn kom á kaðalinn.

Almennt hafi við sams konar hlaup og stefnandi slasaðist í verið nokkrir menn, en ekki þannig, að menn stæðu þétt saman. Sigurjón sagðist ekki muna eftir því, að í þetta skipti hafi fyrirkomulag verið á nokkurn hátt öðru vísi en í öðrum 800 m hlaupum, sem fram fóru á sama skeiðvelli. Sigurjón hélt, að stefnandi hafi verið talinn ágætur knapi. Hann sagðist hafa heyrt talað um, að hestur stefnanda hafi getað verið nokkuð brellinn.

Hinn 15. maí sl. kom fyrrverandi formaður stefnda, Sveinbjörn Dagfinnsson, fyrir dóm að nýju. Sveinbirni var kynnt það, sem fram kom í yfirheyrslum 2. apríl sl. um, að aðeins hafi verið einn maður nálægt kaðlinum, sem strengdur var yfir beinu brautina. Sveinbjörn sagðist hafa horft á hlaupið frá dómpalli eða í um það bil 300 m fjarlægð, en hann myndi eftir því, að við kaðalinn, sem strengdur var þvert yfir brautina, hafi staðið nokkrir menn, en hann mundi ekki, hversu margir þeir voru. Sveinbjörn tók fram, að áður en hlaupið byrjaði, hafi verið kallað upp í dómpalli, hvort brautin væri klár, og hafi Sveinbjörn verið einn af þeim, sem litið hafi út eftir brautinni og séð, að allt var í lagi.

Sveinbjörn sagðist ekki muna, hve margir menn hafi staðið við kaðalinn í önnur skipti, sem 800 m hlaup fóru fram á þessum skeiðvelli. Það hafi verið í verkahring hlaupgæslumanna m. a. að standa við kaðalinn. Sveinbjörn taldi, að nóg hefði átt að vera að hafa strengdan kaðal, það að hafa menn líka hafi bara verið til frekara öryggis. Sveinbjörn mundi ekki, hversu margir tóku þátt í hlaupinu, sem stefnandi slasaðist í, en sagði, að þrátt fyrir að í skránni standi 4 hestar, þá geti þeir hafa verið færri á kappreiðunum.

Sveinbjörn tók fram, að í verkahring hlaupgæslumanna hafi aðallega verið að fylgjast með skeiði, en líka hafi verið í þeirra verkahring að standa við kaðalinn, en oft hafi það komið fyrir, að þarna inni á vellinum hafi verið fleiri menn, sem hafi þar hjálpað til við ýmislegt og m. a. staðið við kaðalinn. Sveinbjörn taldi þannig, að við kaðalinn gætu hafa verið fleiri eða aðrir en skráðir hlaupgæslumenn.

Hinn 2. desember sl. var filman á dskj. nr. 19 sýnd í réttinum. Viðstaddir sýningu þessa voru m. a. Guðmundur Þorsteinsson, Birgir Kristjánsson og Pétur Hjálmsson. Eftir sýningu filmunnar komu þessir menn fyrir dóm til yfirheyrslu.

Guðmundur Þorsteinsson bar, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks, þá er stefnandi datt af baki og slasaðist. Guðmundur sagðist hafa staðið við vesturenda kaðalsins og hafi hann haldið í kaðalinn ásamt öðrum mönnum, sem hafi staðið til hliðar við hann og hafi þeir allir haldið kaðlinum uppi. Athygli Guðmundar var vakin á því, að filman, sem sýnd var í réttinum, hafi ekki sýnt nema einn mann við enda kaðalsins, enga meðfram honum, en tveir menn hafi verið töluvert fyrir innan kaðalinn inni í hringnum. Guðmundur hélt því samt fram, að þeir hefðu verið fimm og muni þeir hafa haft kaðalinn fyrir framan sig, þar sem þeir héldu kaðlinum uppi. Guðmundur sagði, að með honum við kaðalinn hafi verið Oddur Eysteinsson, Pétur Ottesen eða Guðmundsson, Birgir Kristjánsson og Sigurjón Jakobsson, en hann hafi átt að opna leið fyrir hestana, þá er þeir komu úr hringnum. Guðmundur sagðist hafa staðið vestast af þessum mönnum.

Guðmundur tók fram, að stefnandi, sem var duglegur knapi, hafi, um leið og hesturinn stökk á bandið, rekið upp óp. Guðmundur taldi, að stefnandi hefði setið á hestinum öðru vísi en venjulegt sé og hélt, að hræðsla hafi gripið stefnanda, en stefnandi hafi verið góður knapi og vön hestum og þess vegna hafi þetta vakið furðu hans.

Pétur Hjálmsson bar, að hann hafi verið dómari á kappreiðunum, þegar stefnandi slasaðist. Pétur taldi sig hafa þekkt á filmunni Guðmund Þorsteinsson sem mann þann, er stóð við kaðalinn vestan megin.

Pétur sagðist oft hafa séð hest þann, sem stefnandi reið, þá er hún varð fyrir slysinu. Hesturinn sé óstýrilátur í starti og hafi oft þurft tvo til þrjá menn til að halda honum. Pétur sagðist ekki muna, hvort þessi hestur hafi áður hlaupið út úr braut, en muna eftir því, að á kappreiðum á Skógarhólum 1968 hafi stefnandi dottið af þessum sama hesti, í það skipti hafi slitnað gjörð á hnakknum. Það geti hafa orsakast af því, að hesturinn sé óstýrilátur. Verið geti, að stefnandi hafi, þá er hún slasaðist, verið hrædd við hestinn, og benti Pétur í því sambandi á það, hvernig filman sýndi, að stefnandi sat hestinn.

Pétur sagðist hafa verið á dómpalli, er slysið varð, og geti hann því ekki borið um þetta sem sjónarvottur að atburðinum, en taldi sig hafa séð, þá er filman á dskj. nr. 19 var sýnd, tvo menn við kaðalinn, Guðmund vestan megin og annan austan megin, báðir þessir menn munu hafa verið á brautinni. Við kaðalinn hafi hann

ekki séð aðra menn. Tveir menn hafi verið inni í hringnum fyrir aftan kaðalinn, og giskaði Pétur á, að þeir hafi verið 10—15 metra fyrir innan kaðalinn.

Birgir Kristjánsson bar, að hann hafi verið hlaupgæslumaður á kappreiðum Fáks 1969, og sagðist muna eftir því, að stefnandi datt af baki. Birgir sagðist hafa staðið við sama kaðal og Guðmundur Þorsteinsson, en austar. Birgir sagðist hafa séð, þá er hestarnir komu, þá hafi stefnandi enga tilraun gert til að beygja hestinum inn í hringinn, heldur hafi hesturinn stefnt beint á kaðalinn, og sagðist Birgir þá hafa forðað sér. Birgir sagðist hafa séð Guðmund Þorsteinsson á filmunni, sem sýnd var í réttinum fyrir yfirheyrsluna, en ekki sagðist Birgir hafa séð sjálfan sig. En sagðist munu hafa forðað sér, þegar hesturinn hafi átt ófarna að kaðlinum á að giska 3 metra. Það hafi verið rétt áður en hestur stefnanda lenti á kaðlinum sem vitnið hafi séð, að stefnandi gerði ekki tilraun til að beina hestinum inn í hringinn.

Af hálfu stefnanda eru kröfur rökstuddar með því, að stefndi beri ábyrgð á tjóninu, þar sem aðbúnaði öllum á staðnum hafi verið mjög ábótavant. Orsök slyssins verði eingöngu rakin til ófullkomins útbúnaðar á staðnum og forráðamönnum stefnda verði einum um það kennt, enda hafi þeim verið um það kunnugt og hafi verið kvartað við þá og þeir lofað að bæta úr því, en ekki efnt.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að þegar litið væri til framburðar fyrirsvarsmanna stefnda um umbúnað á kappreiðum í 800 m hlaupi almennt og svo til framburðar stefnanda um umbúnað á þeim kappreiðum, þá er hún slasaðist, þá megi sjá, að umbúnaður hafi í þessu tilviki verið óforsvaranlegur, en stefndi, sem hafi selt aðgang að kappreiðunum, beri ábyrgð á því, að útbúnaður sé forsvaranlegur.

Jafnframt var því haldið fram, að ástæðan fyrir því, að hestur stefnanda hljóp á kaðalinn og stefnandi datt af baki, en ekki aðrir hestar, muni vera sú, að hestur stefnanda hafi verið lengst til hægri á brautinni.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda, að framburður stjórnarmanna og starfsmanna stefnda sýni, hvernig umbúnaður á skeiðvelli stefnda átti að vera í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist í.

Filman á dskj. nr. 19 sýni, hvernig umbúnaði var háttað, en á filmunni sjáist, að við kaðalinn var bara einn maður. Filman sýni einnig, að málavaxtalýsing stefnanda sé rétt og jafnframt

að framburður vitnanna Guðmundar Sigurðssonar, Hauks Hjartarsonar og Sveins Þormóðssonar sé réttur.

Jafnframt var því haldið fram, að kaðallinn hafi verið festur í báða enda, en ekki haldið uppi til endanna af mönnum. Ef svo hefði verið, hefði kaðallinn dottið niður, þá er menn slepptu honum. Það hafi ekki skeð. Það sýni, að kaðlinum hafi verið fest.

Vanbúnaður á skeiðvellinum sé orsök slyssins, en á vanbúnaðinum beri stefndi ábyrgð. Vanbúnaðurinn á skeiðvellinum hafi verið tvenns konar, í stað þess að 6—8 menn röðuðu sér við kaðalinn hafi bara staðið 1 maður við kaðalinn og í stað þess að hafa kaðalinn lausan í annan endann hafi hann verið festur í báða enda.

Fyrirsvarsmönnum stefnda hafi borið að sjá til þess, að fyllstu öryggisráðstafanir væru viðhafðar. Þeir hafi mátt vita, að þessi umbúnaður var hættulegur. Engin atvik réttlæti hegðun fyrirsvarsmanna stefnda, þeir hafi haft þekkingu á því, sem fram fór, og nægur mannskapur hafi verið fyrir hendi.

Af hálfu stefnanda var því sérstaklega mótmælt, að Mannhelgisbálkur Jónsbókar eigi við í þessu tilviki. Regla sú, sem í Mannhelgisbálki felist, byggist á því, að slasaði hafi vitað um forsendur og tekið á sig áhættu. Stefnandi hafi ekki getað séð fyrir þá hættu, sem stafaði af ólögmætri háttsemi stefnda varðandi umbúnað á skeiðvellinum.

Stórkostlegt gáleysi stefnda felli niður reglur um eigin áhættu stefnanda.

Stefnandi hafi ekki getað séð umbúnað við kaðalinn í upphafi hlaups. Ósannað sé, að hestur stefnanda hafi verið ódæll og ekki látið að stjórn. Stefnandi hafi verið með þennan sama hest á kappreiðum á Hellu og Iðavöllum á árinu 1968, jafnframt hafi stefnandi verið með þennan hest í nokkra mánuði fyrir kappreiðarnar 29. maí 1969.

Af hálfu stefnda er sýknukrafa rökstudd með því, að óhapp stefnanda verði ekki rakið til neinna atvika, er stefndi geti borið ábyrgð á. Því er sérstaklega mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að aðstæðum og búnaði á skeiðvellinum hafi í nokkru verið áfátt og að slysið verði rakið til þess. Því er haldið fram, að öll skilyrði skorti að bótarétti, til að stefnandi eigi rétt á fébótum úr hendi stefnda, þar sem hún hafi af fúsum og frjálsum vilja verið þátttakandi í íþróttakappleik og með því tekið á sig þá áhættu, er ætíð fylgi þátttöku í slíkum leik.

Orsök óhappsins verði alfarið rakin til gáleysis stefnanda sjálfs við reiðmennskuna svo og til eiginleika hestsins, sem hún hleypti

í keppninni, en ljóst sé, að hesturinn hafi látið illa að stjórn, en á því geti stefndi ekki borið ábyrgð. Í þessu sambandi er á það bent, að stefnandi hafi verið vön reiðmennsku og tamningu hesta, gerkunnug á skeiðvellinum og þekkt þar allar aðstæður og hafi því verið fullljós sú áhætta, er hún hafi tekið á sig með þátttöku í kappreiðum sem knapi, en það sé alvanalegt, að hestar detti og knapar falli af baki á kappreiðum af ýmsum ástæðum. Er jafnframt á það bent, að stefnandi hafi skömmu fyrir keppnina verið á æfingum á keppnisstað með sama hest, sem hafi á sama hátt hlaupið á kaðalinn og fallið með stefnanda, sem sloppið hafi við meiðsli í það sinn. Hafi hún eigi að síður tekið á sig þá áhættu að hleypa sama hestinum í keppninni við sömu aðstæður, en því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu, að forráðamenn Fáks hafi lofað stefnanda, að umbúnaður við enda beinu brautarinnar yrði öðru vísi en gert var. Hafi stefnanda enda verið í lófa lagið og haft fyllsta tilefni til að kanna aðstæður á hlaupabrautinni fyrir keppnina með hliðsjón af fyrri reynslu og geti hún því ekki kennt öðrum en sjálfum sér um, hvernig fór.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að það hafi ekki verið nein ákveðin tala manna, sem hafi átt að vera við kaðalinn, sem lokaði beinu brautinni. Ætlunin hafi ekki verið, að menn þessir mynduðu hindrun, heldur muni mennirnir hafa átt að vekja athygli á kaðlinum, en ekki hindra hesta í að hlaupa á kaðalinn. Í sjálfu sér hefði kaðallinn átt að vera nægjanlegur. Í kappreiðum sé til þess ætlast, að knapar stjórni hestum sínum.

Af hálfu stefnda var vakin athygli á því, að filman á dskj. nr. 19 sýni ekki endann á kaðlinum vestan megin. Filman sýni ekki, hvernig ástandið við kaðalinn hafi verið í upphafi hlaups, og sé því ekki rétt að álíta, að menn hafi borið rangt fyrir dómi. Mennirnir muni hafa forðað sér, þegar hesturinn stökk að þeim. Óupplýst sé, hvort kaðallinn hafi verið strengdur á milli tveggja staura eða ekki. Filman sýni, að kaðallinn hafi ekki verið mikið strengdur.

Ósannað sé, að umbúnaður á skeiðvellinum hafi verið öðru vísi en venja sé, og geti stefnandi ekki byggt kröfur á breyttum búnaði á skeiðvellinum. Hesturinn hafi tekið stjórnina af stefnanda og hlaupið beint áfram, þegar hann átti að beygja. Annað hvort hafi þarna komið til mistök stefnanda eða eðliseigindir hestsins. Fram hafi komið í yfirheyrslum, að hestur stefnanda hafi verið baldinn. Einnig geti þarna verið um að ræða öryggisleysi stefn-

anda, en filman á dskj. nr. 19 sýni, að stefnandi hafi ekki reynt að stjórna hestinum. Stefnandi hafi gerþekkt skeiðvöll stefnda, einnig hafi hún þekkt hestinn, samt hafi hún tekið þá áhættu að hleypa hestinum fyrir eiganda hans og fyrir það hafi hún fengið laun hjá eiganda hestsins.

Stefndi sé áhugamannafélag og sé enginn skyldur til að taka þátt í kappreiðum. Selt sé inn á kappreiðar stefnda, en kappreiðar séu ekki haldnar í gróðaskyni. Óeðlilegt sé, að sá, sem hefur umsjón með skeiðvelli, geti tekið á sig ábyrgð á hegðun hesta. Stefnandi hafi með þátttöku sinni tekið á sig ábyrgð á því, sem af því kynni að hljótast, sbr. 13. kafla Jónsbókar.

Af framburði fyrirsvarsmanna stefnda verður ráðið, að í þau skipti, sem fram hafði farið keppni í 800 m hlaupi á skeiðvelli stefnda við Elliðaár á kappreiðum fyrir 26. maí 1969, hafi fyrirkomulag við hlaupið verið með sama hætti. Mun svo einnig hafa verið í þau skipti, sem kappreiðar stefnda fóru fram á skeiðvelli stefnda við Elliðaár eftir 26. maí 1969. Hlaupinu mun hafa verið hagað þannig, að hlaupið var fyrst frá suðri til norðurs eftir beinni braut á skeiðvellinum, síðan var beygt af beinu brautinni til vesturs og hlaupið í hring og svo suður beinu brautina. Þar sem hestarnir áttu að beygja af beinu brautinni í hringinn, var beinu brautinni lokað með kaðli, en við kaðalinn var raðað nokkrum mönnum. Ekki er alveg ljóst, hve margir þessir menn hafi almennt verið, en samkvæmt framburði formanns stefnda þá var of lítið að hafa við kaðalinn 4 eða 5 menn.

Þetta fyrirkomulag mun hafa átt að vera á kappreiðunum 26. maí 1969, og mátti stefnandi reikna með því, að umbúnaður í þessu hlaupi væri eins og að ofan hefur verið lýst.

Á filmunni á dskj. nr. 19 má sjá, hvernig umbúnaður var, þá er stefnandi varð fyrir slysinu. Filman sýnir, að tvöfaldur kaðall var strengdur þvert yfir beinu brautina, og virtist hann vera festur í staur báðum megin, þó er það ekki alveg ljóst af filmunni, en þar sést a. m. k., að kaðallinn var festur í staur vestan megin. Við kaðalinn vestan megin stóð einn maður, sem hélt kaðlinum uppi, en hann var ekki við enda kaðalsins. Aðrir menn voru ekki sjáanlegir við kaðalinn, en rétt áður en hesturinn flæktist í kaðlinum, þá sást einn maður koma gangandi að kaðlinum austan megin. Töluvert fyrir aftan kaðalinn inni í hringnum voru tveir menn, sem stóðu nálægt hvor öðrum. Á filmunni sást, að annar þessara manna stóð fyrir aftan hringbrautina, þannig að hann gekk ekki til stefnanda fyrr en hinir hestarnir tveir höfðu hlaupið

meira en hálfan hringinn, en þá hafa þessir menn verið í á að giska 100—150 m fjarlægð frá kaðlinum, sbr. dskj. nr. 11. Í hlaupi því, sem stefnandi slasaðist, tóku þátt þrír hestar, og var hestur stefnanda lengst til hægri (austurs) á brautinni. Hestarnir þrír hlupu nokkuð jafnt eftir beinu brautinni, en þegar þeir nálguðust hringinn, beygðu tveir hestanna, en hestur stefnanda hljóp beint áfram að kaðlinum. Þegar hesturinn var kominn að kaðlinum, gerði hann tilraun til að stökkva yfir kaðalinn, en flæktist í honum og datt, og stefnandi steyptist af hestinum.

Það er álit hinna sérfróðu meðdómenda, að meginástæðan fyrir því, að hestur stefnanda stökk beint áfram, hafi verið, að hesturinn hafi ekki séð kaðalinn fyrr en of seint. Hestar séu nærsýnir og sjái þeir mun óskýrar framundan sér heldur en fólk. Hefðu nokkrir menn raðað sér við kaðalinn, þá hefði hesturinn fyrr áttað sig. Filman á dskj. 19 sýni, að hesturinn reyndi að stökkva yfir kaðalinn. Það sýni aftur, að hesturinn hafi ekki verið trylltur, þannig að hann stykki á hvað sem fyrir var.

Umbúnaður á skeiðvelli stefnda á kappreiðunum 1969 var á ábyrgð stefnda. Frávik frá þeim umbúnaði, sem fyrirsvarsmenn stefnda töldu eðlilegan og forsvaranlegan og var viðhafður í sams konar hlaupi á kappreiðum stefnda bæði þeim, sem fram fóru fyrir og eftir slys stefnanda, eru á ábyrgð stefnda. Fram er komið, að stefnandi gat ekki í upphafi hlaups séð umbúnað við kaðalinn og þar af leiðandi ekki vitað, að honum hafði verið breytt.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir verða að leggja á stefnda fébótaábyrgð á tjóni stefnanda vegna slyssins. Þykir eigi skipta máli í því sambandi, að kappreiðar stefnda voru ekki haldnar í fjáröflunarskyni. Hins vegar verður að telja, að stefnandi hafi með þátttöku sinni í kappreiðunum tekið á sig nokkra áhættu. Hinir hestarnir tveir beygðu af beinu brautinni í hringinn þrátt fyrir annmarka á umbúnaði við kaðalinn. Hér er reyndar á það að líta, að vegna þess að stefnandi og hestur hennar voru lengst til hægri, þá lentu þau næst kaðlinum. Telja verður, að það, sem fram hefur verið haldið af stefnda hálfu um eðliseigindir hestsins, sé órökstutt. Hinir sérfróðu meðdómendur segja, að það, að hnakkgjörð slitni á stökki, verði ekki fyrir neinar eðliseigindir hesta. En stefnandi vissi, að í hlaupi þessu átti að beygja af beinu brautinni og í hringinn. Þykir stefnandi því eiga sjálf að bera að hluta ábyrgð á tjóni því, sem hún varð fyrir.

Eftir atvikum þykir rétt að leggja á stefnda fébótaábyrgð á 3/4 af tjóni stefnanda, en stefnandi beri sjálf 1/4 af tjóni sínu.

Verður nú tekin afstaða til dómkröfu stefnanda, en hún er þannig sundurliðuð:

1.	Örorkutjón samtals	kr.	872.730
2.	Útlagt:		
	a. Ljósmyndir skv. reikn. 24/5 1972 ..	kr. 1.199	
	b. Reikn. Páls Sigurðss. 8/12 1970	— 3.500	
	c. Reikn. Þóris Bergss. 19/1 1971	— 4.500	
	d. Reikn. Þóris Bergss. 17/5 1972	— 3.500	
	e. Reikn. Þóris Bergss. 19/3 1973	— 3.500 —	16.199
3.	Miskabætur	—	500.000
		Samtals kr.	1.388.929

Um 1 og 3. Eftir atvikum þykir rétt að fjalla í einu lagi um þessa tvo liði í dómkröfu stefnanda. Strax eftir slysið var stefnandi flutt á slysavarðstofuna. Hafði hún brotnað á vinstri úlnlið og hlotið áverka í andliti. Í málinu hafa verið lögð fram læknisvottorð og örorkumat, gert af Páli Sigurðssyni lækni, dags. 7. desember 1970. Í örorkumatinu segir svo:

„Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, þá varð þessi kona fyrir slysi hinn 26/5 1969. Slysið varð með þeim hætti, að hún var knapi á kappreiðum, en féll af baki og fékk áverka á höfuð og vinstri handlim.

Slasaða var flutt á slysavarðstofuna, og það liggur fyrir vottorð frá Tryggva Þorsteinssyni, lækni, dags. 26. okt. '69, þar sem eru rakin tildrög slyssins og meðferð á Slysavarðstofu. Það vottorð er svohljóðandi:

„Þann 26/5 1969, kl. 16.45, var komið með Kolbrúnu Kristjánsdóttur, til heimilis Skálagerði 5, Reykjavík, hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, er hún hafði hlotið við starf sitt sem „knapi" við kappreiðar. Var Kolbrún flutt hingað í sjúkrabíl. Hafði Kolbrún dottið af baki og komið niður á höfuð og andlit, en einnig meitt sig í vinstri hendi og úlnlið. Við komuna hingað taldi Kolbrún sig ekki hafa misst meðvitund, en fannst hún hafa „vankast" og hafði höfuðverk. Ekki voru uppköst né ógleði.

Skoðun. Undirhúðarblæðing (subcut hæmatom) var vinstra megin á enni, en húð var þar heil. Bólga var talsverð á vinstra úlnlið og mikil eymsli við hreyfingar. Neðri vör var mikið bólgin. Sár var innan á vörinni mjög óhreint. Tannhold var rifið frá tönnum í neðri góm.

Teknar voru Rtg.myndir af höfuðkúpu, sem sýndu engin brot í kúpubeinum né andlitsbeinum. Rtg.mynd af hálsliðum sýndi ekki brot né instabilitet. Rtg.mynd af vinstra úlnlið sýndi comminut brot gegnum dist. radiusendann, en auk þess intraarticulert brot framan til gegnum proc. styloid radii. Var um lítilsháttar skekkju að ræða í brotinu ásamt með stallmyndun í liðfleti.

Gert var að brotinu og sár í munni hreinsað. Gefið var antibiotica og ráðlögð hvíld heima vegna höfuðáverkans.

Við eftirlit þ. 30. 5. kvartaði Kolbrún um þrautir í mjóbaki. Voru þá teknar Rtg.myndir af lumballiðum, sem ekki sýndu nein merki um brot eða önnur meiðsl, aftur á móti kom í ljós óvenjuleg hryggskekkja. Settar voru nýjar gipsumbúðir á vinstri framhandlegg og ráðlögð hvíld áfram.

Við eftirlit þ. 9. 6. var bólgan að hverfa af hendi. Þyngsli voru yfir höfði. Þann 18. 6. var tekin Rtg. control af úlnlið, sem sýndi óbreytta brotstöðu, en engan callus. Kolbrún kvartaði enn um verki í mjóbaki.

Kolbrún hefur gengið til eftirlits hingað síðan. Gipsumbúðir voru teknar þ. 2. 7. og byrjað með activar æfingar. Þann 16. 7. var Kolbrún sett í æfingameðferð á Háaleitisbraut. Voru hreyfingar stirðar í fingrum og úlnlið. Hún kvartaði enn fremur af og til um verki og þyngsli í höfði, einnig um minnisleysi og minnkaða koncentrationshæfileika, fannst hún líka vera kjarklaus og lin í sér.

Við eftirlit þ. 15. 9. voru hreyfingar miklu betri í úlnliðum og callusþykknið, sem fannst svarandi til brots, hafði minnkað. Þróttur í fingrinum var betri, þótt enn vantaði mikið upp á sambærilegan mátt og í hægri hendi.

Síðast kom Klobrún hingað þ. 13. 10. Vantaði 30° upp á fulla volar-flexion. Pro-supination lítið eitt hindruð. Hún kvaðst finna til í úlnlið og hendi við átök og þreytast mjög fljótt. Er áfram í æfingameðferð. Telur sig vera minnislausa og miklu verri en áður en hún fékk höfuðhöggið. Einnig á hún mjög erfitt með að beita sér. Höfuðverkur og svimi er alveg horfinn. Treystir sér ekki til að temja hesta né fást við þá eins og áður. Bæði er hún kjarklaus, en svo fær hún verki í höndina við átök og finnst hún ekki geta treyst á hana. Við skoðun lítur höndin vel út.

Þótt Kolbrún hafi ekki misst meðvitund, hefur hún vafalaust fengið heilahristing og til skamms tíma haft einkenni um hann. Hvað snertir handleggsbrotið, sem var að vísu slæmt, þar sem um brot gegnum liðflöt var að ræða, álít ég, að hún muni ná sér

alveg af því á næstu 6—8 vikum, hvað snertir hreyfingar og kraft í fingrum. Vera má að hún verði áfram eitthvað hindruð í úlnliðshreyfingum, en það þyrfti ekki endilega að verða henni til hindrunar við vinnu sína."

Annað vottorð liggur fyrir frá Tryggva Þorsteinssyni, dags. 9. marz 1970. Það vottorð er svohljóðandi:

„Viðbótarvottorð fyrir Kolbrúnu Kristjánsdóttur, Skálagerði 5, Reykjavík.

Síðan áverkavottorðið var skrifað fyrir Kolbrúnu, hefur hún nokkrum sinnum komið hingað á Slysadeild Borgarspítalans, og hef ég undirritaður fylgst með henni. Einkenni frá höfði eru horfin. Kliniskt lítur vinstri hönd vel út. Úlnliðurinn er lítið eitt gildari en sá hægri, en ekki er um sýnilega skekkju að ræða. Nokkuð vantar á fulla beygingu (volar flexion), en aðrar hreyfingar mega heita eðlilegar. Fingur líta líka vel út, hvorki er á þeim bjúgur né bólga, og húð er eðlileg. Fingurhreyfingar eru ekki hindraðar. Kraftar í hendi og fingrum eru þó greinilega minnkaðir og áberandi minni en hægra megin. Vindingur í handlegg (prosupination) er sársaukafullur.

Rtg.rannsókn leiðir í ljós, að brotið er gróið, og má brotstaða kallast góð eftir atvikum. Á hinn bóginn var brotið inn í liðflöt radius (Smiths fract.) og lítils háttar stall-myndun í liðfletinum. Óhjákvæmilegt er því, að einkenni komi frá þessum lið sem arthrosa og lýsir sér einkum í verkjum.

Aðalkvartanir Kolbrúnar eru líka verkir í úlnlið við átök. Þessir verkir valda því, að hún verður þróttlaus til allra átaka og hrædd við að beita hendinni við erfiðisvinnu. Aðalstarf Kolbrúnar hefur verið mjög átakamikið. Hefur hún gert nokkrar tilraunir til að hefja sína gömlu vinnu, en telur það útilokað vegna sársauka. Hefur Kolbrún ekkert getað fengizt við sín fyrri störf hjá „Fák" frá því að hún slasaðist. Tel ég vafasamt, að hún geti það í náinni framtíð."

Konan hefur einnig verið til rannsóknar hjá sérfræðingi í heila- og taugasjúkdómum, Ásgeiri Ellertssyni, og það liggur fyrir vottorð hans, dags. 30/10 1970, og er það vottorð svohljóðandi:

„Ofannefnd kona var skoðuð af mér neurologiskt í júlímán. 1970. Frá því í kringum 1955 hefur hún átt við höfuðverk að stríða, að jafnaði tekið magnyltbl. Haustið 1968 ca. 2—3 tbl. 2—3svar á dag. Í kringum 1960 frekar slæm af þessum verk. Í kringum 1962 mikil spenna og kvíði í sambandi við hjónabandsörðugleika svo og vegna veiks barns, sem hún á. Var þá í með-

höndlun hjá geðlækni. Á tímabilinu 1964—1968 var líðanin nokkuð góð, en haustið 1968 á ný ýmsir erfiðleikar í sambandi við þetta, kvíði, óróleiki, vanstilling á skapi, hræðslutilfinning, grátköst og stundum svefnörðugleikar. Á tímabilinu 13. 11. 1968 til 10. 1. 1969 á geðdeild Borgarspítalans undir diagnosunni depressio reaktiva.

Þ. 26. 5. 1969 var konan að hleypa hesti sínum á kappreiðum. Klárinn stökk á kaðal og féll, og við það skutlaðist konan fram af hestinum, kom niður á andlit, missti meðvitund í um það bil 4—5 mín. Vildi sjálf standa upp og fara á bak á nýjan leik, en minnist þess ekki sjálf. Hefur nokkrar augnabliksminnismyndir frá skeiðvellinum og á leiðinni í sjúkrabíl, en man annars ekkert fyrr en hún kom á Slysavarðstofuna í Reykjavík. Hún segir, að hún hafi brotið v. úlnlið. Skv. upplýsingum frá Borgarspítalanum var rtg. cranium eðlil. Rtg. col. cercicalis eðlil. Rtg. v. úlnlið: Comminut brot gegnum radius endann og intraarticulert brot framan til gegnum processusstyloid radii. Brot sj. var lagfært og hún send heim. Við heimkomuna fann hún fyrir nokkurri ógleði, engin uppköst, lá í nokkra daga við alm. vanlíðan, en hresstist smátt og smátt. Vegna stirðleika og verkja í vinstri handlegg var hún send í æfingar í Æfingastöð lamaðra og fatlaðra. Hafði um þessar mundir engan sérstakan höfuðverk. Í ágústmán. 1969 fór hún að þjást af höfuðverk í vax. mæli, ennfremur fór hún að finna fyrir öðrum óþægindum.

Kvartanir sjúklings nú:

1. Höfuðverkur eins og strengur eða þyngsli í enni, sérstaklega þegar hún er þreytt. Einnig kvalaverkur í hnakka eins og eitthvað sé laust í hnakkanum. Getur fundið fyrir þessum verk í 1—2 daga, en er nokkuð góð á milli.

2. Minnisleysi: Sérstaklega finnst henni nærminnið vera orðið lélegt. Á erfitt með að muna t. d. símanúmer svo og nöfn.

3. Svimi, þegar hún hefur höfuðverkinn, er þá eins og móða fyrir augunum og máttleysi í öllum líkamanum.

4. Hjartsláttarköst öðru hverju, sérstaklega á kvöldin og einnig hræðslutilfinning og mikil spenna.

5. Svefnleysi — á erfitt með að sofna og hefur orðið að nota svefntbl.

6. Verkur í v. úlnlið við átök og stundum endranær.

Neurolog status (í júlímán. '70): Eðlilegur. Aumir hnakkavöðvar palperast bilat. sérstakl. vöðvafesturnar regiones occipitales.

Um það bil 20 gráður vantar á fulla flexion í v. úlnlið (aktiv og passivt), kvartar einnig um verk í úlnliðnum við hreyfingu.

Niðurstaða: Þessi kona hefur langa höfuðverkjaramnesu og hefur haft psychoneurotisk eink. s.l. 8 ár. Í maímánuði 1969 commotio cerebri og fractura radii sin. Hreyfingarhindrunin í vinstri úlnlið er bein afleiðing ofannefnds brots. Höfuðverkur sj. er af spenningsgerð og aðrar kvartanir psychoneurotiskar. Engin merki um skemmd, hvorki í centrala- né perifæra taugakerfinu og ekkert samband á milli kvartana sjúklings og áðurnefnds höfuðhöggs."

Síðan vottorð Tryggva Þorsteinssonar var skrifað hefur konan verið í röntgenskoðun á Borgarspítala, og liggur fyrir umsögn um þá skoðun. Umsögnin er svohljóðandi:

„V. úlnliður: Það er status eftir Smith's fracturu skv. rtg.-myndum 26/5 1969. Fracturan telst nú gróin. Í ant.pst. plani sést, að það hefur orðið 5 mm stytting á radius, og er compressionin mest radialt. Þannig myndar nú lína, sem dregin er milli endanna á proc. styl. radii og proc. styl. ulnae 90° horn miðað við langás beinsins, en normalt er talið, að þetta horn sé 100—105°. Jafnframt er veruleg compression í sjálfan liðflötinn á radius, sem er áberandi íbjúgur, og 1 cm frá dorsölu brún beinsins sést rof í liðflötinn ásamt stallmyndun, sem nemur 1 mm. Jafnframt eru litlar osteoarthrotiskar nabbmyndanir bæði volart og dorsalt við radiusliðflötinn. Í hliðarplani sést, að það er veruleg breikkun á distala radiusendanum, en liðflatarstefnan í hliðarplani er 80° miðað við langás beinsins, en normalt er talið 75—78° horn í þessum liðfleti. Væg úrkölkun er radialt og volart í distala radiusendanum, en annars staðar virðist beingerð eðlileg."

Konan hefur komið til viðtals hjá undirrituðum og er núverandi ástand í samræmi við það, sem þegar hefur komið fram í vottorðum hér að framan.

Ályktun: Hér er um að ræða 33ja ára gamla konu, sem slasaðist, er hún féll af hestbaki fyrir um það bil einu og hálfu ári. Við slysið þá hlaut hún höfuðhögg og brot á vinstri handlim. Hún var til meðferðar á Slysavarðstofu, og samkvæmt vottorðum þá er hún talin hafa fengið heilahristing og mjög slæmt brot um vinstri úlnlið, og gekk brotið gegnum liðflöt sveifar.

Fyrir slysið þá var konan höfuðverkjagjörn og hafði haft psychoneurotisk einkenni um nokkurra ára bil og hefur hvorttveggja fremur ágerzt eftir slysið. Hún hefur veruleg óþægindi í úlnlið og háir það henni mjög við störf.

Sennilegt er, að um verði að ræða verulegar slitbreytingar í úlnliðnum, er fram líða stundir.

Vegna slyssins verður að telja, að konan hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 2 mánuði 100% örorka
Í 2 mánuði 75% —
Í 3 mánuði 50% —
Í 3 mánuði 25% —
og síðan varanleg örorka 15%."

Á grundvelli þessa örorkumats hefur Þórir Bergsson, cand. act., reiknað út örorkutjón stefnanda. Fyrsti tjónsútreikningur Þóris Bergssonar er dags. 19. janúar 1971, en þar segir svo:

„Slysið.

Kolbrún Kristjánsdóttir slasaðist, þegar hún kastaðist af hestbaki þann 26. maí 1969. Hún var þá knapi á kappreiðum. Hún fékk heilahristing og brotnaði illa á vinstri úlnlið.

Örorkumat.

Páll Sigurðsson, fyrrv. tryggingayfirlæknir, hefur í örorkumati, dags. 7. des. 1970, metið orkumissi Kolbrúnar vegna þessa slyss þannig:

„Í 2 mánuði 100% örorka
Í 2 mánuði 75% —
Í 3 mánuði 50% —
Í 3 mánuði 25% —
og síðan varanleg örorka 15%."

Aldur.

Kolbrún er sögð fædd 15. sept. 1937 og hefur því verið 31 árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Þegar slysið varð, var Kolbrún húsmóðir, og voru í heimili hennar, auk hennar og manns hennar, Ingvars Kolbeins Ingvasonar, þrjú börn, er hún átti frá fyrra hjónabandi:

Jón Rúnar Einarsson: fæddur 3. 11. 1955
Herdís Einarsdóttir: fædd 29. 5. 1959 og
Aðalheiður S. Einarsdóttir: fædd 5. 8. 1960.

svo og eitt barn þeirra hjóna:

Kristján Þór Ingvarsson: fæddur 28. 10. 1965.

Auk þess á Kolbrún eitt barn enn af fyrra hjónabandi
Önnu Einarsdóttur: fædda 11. 8. 1957,
sem dvelur á Kópavogshælinu.

Samkvæmt staðfestum ljósritum af skattframtölum Kolbrúnar árin 1967—1969 hafa vinnutekjur hennar fyrir vinnu utan heimilis verið þrjú síðustu almanaksárin fyrir slysið:

Árið 1966 kr. 0
Árið 1967 — 61.074.00
Árið 1968 — 64.403.00

Tekna þessara hefur hún aflað sem reiðkennari og tamningarmaður, einnig sem iðnverkakona hjá þurrhreinsuninni Snögg. Þó eru kr. 4.010.00 fengnar árið 1968 fyrir fiskvinnu hjá Ingimundi h/f.

Frá því að slysið varð hafa Kolbrún og Ingvar slitið samvistum, og heldur hún nú heimili með fjórum börnum sínum og hefur jafnframt hafið störf sem afgreiðslustúlka í verzlun.

Skattframtal Ingvars árið 1970 sýnir, að vinnutekjur Kolbrúnar slysárið (1969) hafa verið kr. 20.000.00, greitt af Hestamannafélaginu Fáki.

Ég mun hér skipta útreikningi í tvo liði. Í fyrsta lagi vegna starfa utan heimilis og í öðru lagi vegna heimilisstarfa.

I. Störf utan heimilis.

Ég mun nota skattframtalstekjur Kolbrúnar fyrir vinnu utan heimilis árin 1966—1968 og umreikna þær til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Iðju. Að vísu er allra þessara tekna ekki aflað á taxta Iðju. En enginn sérstakur taxti er til fyrir vinnu við tamningu og reiðkennslu. Allir launataxtar hafa hækkað mikið á þessu tímabili, einstaka mun meira en Iðjutaxtar, en flestir ámóta.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum, en tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. ör.:	v/varanl. ör.:
1. árið eftir slysið	kr. 64.392.00	kr. 22.312.00	kr. 9.659.00
2. árið eftir slysið	— 81.207.00		— 12.181.00
síðan árlega	— 82.621.00		— 12.393.00

II. Heimilisstörf.

Eins og áður segir, voru, þegar slysið varð, á heimilinu auk þeirra hjóna fjögur börn.

Ég áætla venjulega húsmæðrum á meðalstóru heimili (þ. e. hjón og tvö börn) dagvinnutekjur samkvæmt Iðjutaxta. Fyrir hvert barn umfram tvö hækka ég þær tekjur um 10%.

Þannig áætlaðar vinnutekjur verða eins og næsta tafla sýnir, svo og vinnutekjutap áætlað á sama hátt og í lið I:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap v/tímab. ör.:	v/varanl. ör.:
1. árið eftir slysið	kr. 175.435.00	kr. 60.788.00	kr. 26.315.00
2. árið eftir slysið	— 221.249.00		— 33.187.00
síðan árlega	— 225.101.00		— 33.765.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti framangreinds vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	II.	I.
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 58.714.00	kr. 21.551.00
Vegna varanlegrar örorku	— 421.280.00	— 154.626.00
Samtals	kr. 479.994.00	kr. 176.177.00

Frádráttur.

Ekki hefur verið gerður frádráttur vegna opinberra gjalda.

Athugasemd.

Við áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps er miðað við ástandið eins og það var á slysdegi og notaðar vinnutekjur þriggja heilu almanaksáranna fyrir slysið, þar með talið árið 1966, sem var tekjulaust fyrir vinnu utan heimilis. Hinsvegar er reiknað með heimili, sem er 20% stærra en meðalheimili til frambúðar, en eins og áður segir, slitu þau Kolbrún og Ingvar samvistum árið 1970.

Þegar börnin eldast, batnar að líkum aðstaða Kolbrúnar til að starfa utan heimilis. Hún er þó það ung, að fyrir hendi eru líkur á giftingu aftur og fjölgun barna. Samkvæmt framangreindum útreikningi er þá sennilega liður I vanáætlaður og liður II ofáætlaður. Ég sé þó ekki aðra haldbetri leið til áætlunar vinnutekna en að miða við ástandið eins og það var á slysdegi.

Reiknigrundvöllur.

Við útreikninginn hef ég notað 7% vexti p. a., dánarlíkur íslenzkra kvenna samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu."

Hinn 17. maí 1972 reiknaði Þórir Bergsson örorkutjón stefnanda að nýju og svo aftur 19. mars 1973. Hinn 5. sept. 1974 reiknaði Þórir Bergsson enn örorkutjón stefnanda. Í þeim útreikningi segir svo:

„Þrívegis áður hef ég reiknað út örorkutjón Kolbrúnar, síðast með útreikningi, dagsettum 19. marz 1973. Síðan hafa Iðjutaxtar hækkað mjög mikið, bæði vegna vísitölubreytinga og kaupsamninga frá 26. febrúar 1974. Hinsvegar hækkuðu vextir, sem dómstólar leggja til grundvallar við ákvörðun bóta, úr 7% p. a. í 9% þann 16. maí 1973. Vegna þessa verður að reikna tjón Kolbrúnar alveg að nýju.

Niðurstöður útreikninga minna verða nú eftirfarandi, og er þá tekið tillit til umsaminna taxtahækkana, sem koma til framkvæmda 1. desember 1974 og 1. júní 1975.

I. Störf utan heimilis.

Ný áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 64.392.00	kr. 22.312.00	kr. 9.659.00
2. — — —	— 81.207.00		— 12.181.00
3. — — —	— 88.742.00		— 13.311.00
4. — — —	— 111.780.00		— 16.767.00
5. — — —	— 148.741.00		— 22.311.00
6. — — —	— 186.684.00		— 28.003.00
Síðan árlega	— 195.130.00		— 29.270.00

II. Heimilisstörf.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps verður:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 175.435.00	kr. 60.788.00	kr. 26.315.00
2. — — —	— 221.249.00		— 33.187.00
3. — — —	— 241.776.00		— 36.266.00
4. — — —	— 304.544.00		— 45.682.00

5. — — —	— 405.244.00	kr. 60.787.00
6. — — —	— 508.620.00	— 76.293.00
Síðan árlega	— 531.629.00	— 79.744.00

Verðmæti vinnutekjutaps.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	Áætlun I: Störf utan heimilis:	Áætlun II: Heimilsstörf:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 21.551.00	kr. 58.714.00
Vegna varanlegrar örorku	— 256.258.00	— 698.446.00
Samtals	kr. 277.809.00	kr. 757.160.00

Við útreikninginn eru notaðir 7% vextir p. a. til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar. Um aðrar forsendur og annað, sem máli skiptir, vísast til fyrsta útreiknings míns, sem dagsettur er 19. janúar 1971."

Af hálfu stefnda er því haldið fram varðandi kröfu stefnanda um bætur vegna örorkutjóns, að tjón þetta sé byggt á læknisfræðilegu örorkumati og tjónsútreikningi tryggingafræðings, sem sé tvíþættur. Sé annars vegar um að ræða áætlað vinnutekjutap vegna starfa utan heimilis, byggt á skattframtalstekjum stefnanda 3 síðustu árin fyrir slysið, en hins vegar vegna starfa stefnanda sem húsmóður við heimilisstörf, hvort tveggja miðað við Iðjutaxta. Útreikningi þessum er mótmælt sem röngum, of háum og í engu samræmi við raunveruleikann. Í því sambandi er á það bent, að tekjur stefnanda utan heimilis fyrir slysið auk iðjustarfa séu fyrir reiðkennslu og tamningu auk fiskvinnu, en eftir slysið fyrir afgreiðslustörf. Hvað varðar tekjutapsáætlun vegna heimilisstarfa er bent á það, að hagir stefnanda hafi verulega breyst eftir slysið, þar sem hún hafi slitið samvistir við mann sinn árið 1970, sem ætti að hafa bætt aðstöðu hennar vegna heimilisstarfa, auk þess sem aðstaða hennar ætti að batna jafnt og þétt eftir því sem börnin eldast. Þá beri að meta til lækkunar, að gætt sé miskabótasjónarmiða við örorkumöt lækna auk þess sem ekki hafi verið tekið tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu samkvæmt dómvenju. Einnig virðist óhjákvæmilegt að fá úr því skorið, hvort rauntekjur stefnanda hafi verulega skerst við slysið, og var skorað á stefnanda að leggja fram skattframtöl sín fyrir árin eftir slys. Kröfu stefnanda um miskabætur

var mótmælt sem allt of hárri og í engu samræmi við dómvenju, en lagt á vald dómsins að meta hæfilega bætur samkvæmt þessum lið og verði þá metið til lækkunar, að við læknisfræðilegt örorkumat sé jafnan tekið tillit til miskasjónarmiða, sbr. nýlega tímaritsgrein í Tímariti lögfræðinga. Auk þess beri að taka tillit til skattfrelsis bótanna og hagræðis af eingreiðslu samkvæmt dómvenju.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram við munnlegan málflutning, að örorkumat það, sem stefnandi byggir kröfur sínar á, sé venjulegt örorkumat, þar sem skert aflahæfi sé lagt til grundvallar. Jafnframt var bent á dóm Hæstaréttar frá 8. nóv. 1974, en þar hafi skert aflahæfi verið lagt til grundvallar örorkubótum, en ekki litið til þess, að tekjur höfðu ekki minnkað. Varðandi miskabótakröfu stefnanda var því haldið fram, að tamning hesta hafi bæði verið atvinna stefnanda og aðaláhugamál. Eftir slysið geti stefnandi ekki framar sinnt þessu áhugamáli sínu.

Hér að framan hefur sjúkrasaga stefnanda verið rakin og afleiðingar slyss stefnanda. Þegar hagir stefnanda eru virtir og athugað er það, sem hér að framan hefur verið rakið, og hliðsjón höfð af þeim atriðum, sem hafa ber í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þá þykja bætur til stefnanda vegna örorkutjóns og miska hæfilega ákveðnar kr. 1.000.000.

Um 2. Af hálfu stefnda er þessum lið ekki mótmælt tölulega, en því haldið fram, að hann beri að telja til málskostnaðar, ef til komi, samkvæmt dómvenju og beri því ekki vexti.

Fallist er á þessa skoðun stefnda, og verður tekið tillit til þessa liðar við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefnda verður gert að greiða stefnanda 3/4 af kr. 1.000.000, eða kr. 750.000, og vexti, sem ákveðast 7% á ári frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% á ári frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 160.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, Haukur Ragnarsson tilraunastjóri og Valur Þorvaldsson ráðunautur.

Dómsorð:

Stefndi, Hestamannafélagið Fákur, greiði stefnanda, Kolbrúnu Kristjánsdóttur, kr. 750.000 með 7% ársvöxtum frá 26. maí 1969 til 16. maí 1973, en 9% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 160.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 22. desember 1977.

Nr. 236/1976. **Bjarni Helgason**
Björn Stefánsson
Hreggviður Jónsson
Jónatan Þórmundsson
Ólafur Ingólfsson
Stefán Skarphéðinsson
Unnar Stefánsson
Þorsteinn Sæmundsson
Þorvaldur Búason
Þór Vilhjálmsson
Ragnar Ingimarsson og
Valdimar J. Magnússon
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Helga Sæmundssyni
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Ærumeiðingar. Sýknað af refsikröfu. Ómerking ummæla. Kröfu um miskabætur synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma sem varadómarar í Hæstarétti Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hæstaréttarlögmaður, Jón Finnsson hæstaréttarlögmaður, Unnsteinn Beck borgarfógeti og Þorsteinn Thorarensen borgarfógeti.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 17. desember 1976, og gert þær dómkröfur:

1. að ummæli þau, sem stefnt er út af í málinu, verði dæmd dauð og ómerk,
2. að stefndi verði dæmdur í hæfilega refsingu fyrir ummælin,
3. að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum áfrýjenda miskabætur að fjárhæð 50.000 krónur með 9% ársvöxtum frá 1. febrúar 1974 til greiðsludags,
4. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sam-

eiginlega 25.000 krónur í kostnað við birtingu væntanlegs dóms í opinberum blöðum,

5. að stefndi verði dæmdur til að sjá um birtingu væntanlegs dóms í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins,
6. að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendum sameiginlega hæfilegan málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Hin átöldu ummæli birtust í grein í 24. tbl. Alþýðublaðsins, er út kom 30. janúar 1974, undir fyrirsögninni „Þjóðaratkvæði um herstöðvamálið!". Greinin, sem er birt undir nafni stefnda, er ræða, sem hann flutti á fundi herstöðvarandstæðinga í Háskólabíói 27. janúar 1974.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi. Ummæli þau, sem stefnt er út af, þykja ekki fara út fyrir mörk leyfilegrar gagnrýni í umræðu um þjóðmál og verða því ekki talin refsiverðar móðganir né aðdróttanir. Ber samkvæmt því og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann. Þá þykir rétt skv. 22. gr. laga nr. 57/1956 að ákveða, að birta skuli dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir birtingu dómsins.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Birta skal dóm þennan í fyrsta eða öðru tölublaði Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir birtingu hans.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. október 1976.

1.0.

Mál þetta, sem er meiðyrðamál, var höfðað með stefnu, birtri 21. júní 1974.

Stefnendur eru Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur, Undralandi

2, Björn Stefánsson skrifstofustjóri, Grænuhlíð 13, Hreggviður Jónsson, Nesvegi 82, Jónatan Þórmundsson prófessor, Bræðraborgarstíg 15, Ólafur Ingólfsson, B. A., Öldugötu 5, Stefán Skarphéðinsson framkvæmdastjóri, Álfheimum 44, Unnar Stefánsson viðskiptafræðingur, Háaleitisbraut 45, Þorsteinn Sæmundsson stjarnfræðingur, Bólstaðarhlíð 14, Þorvaldur Búason eðlisfræðingur, Geitastekk 5, Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, Stigahlíð 73, allir í Reykjavík, og Ragnar Ingimarsson prófessor, Mávanesi 22, og Valdimar J. Magnússon framkvæmdastjóri, Garðaflöt 31, báðir í Garðahreppi.

Stefndi er Helgi Sæmundsson ritstjóri, Holtsgötu 23, Reykjavík.

Tilefni málshöfðunarinnar eru ummæli, sem birtust í grein á bls. 5 í 24. tbl. Alþýðublaðsins, er út kom 30. janúar 1974. Grein þessi ber fyrirsögnina: „Þjóðaratkvæði um herstöðvarmálið". Stefndi er nafngreindur sem höfundur greinarinnar.

2.0.

Um miðjan janúarmánuð 1974 efndu nokkrir menn til samvinnu undir kjörorðinu „VARIÐ LAND". Áttu þarna hlut að allir stefnendur máls þessa auk lögmannanna Harðar Einarsonar hæstaréttarlögmanns og Óttars Yngvasonar hæstaréttarlögmanns. Á vegum þessara manna var undirbúin söfnun undirskrifta til að mótmæla kröfum um uppsögn varnarsamnings milli lýðveldisins Íslands og Bandaríkjanna á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins frá 5. maí 1951 og um brottvísun herliðs Bandaríkjanna af Íslandi. Var öllum íslenskum þegnum, er náð höfðu tvítugs aldri 1. mars 1974, boðið að undirrita svohljóðandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð skorum á ríkisstjórn og Alþingi að standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamningsins við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins."

Stefnendur unnu síðan að því að fá menn til að undirrita þessa yfirlýsingu, og voru undirskriftalistarnir afhentir forsætisráðherra og forseta sameinaðs Alþingis að undirskriftasöfnuninni lokinni síðari hluta marsmánaðar 1974.

Á fundi um herstöðvarmálið 27. janúar 1974 flutti stefndi ræðu, sem síðan var birt sem grein í Alþýðublaðinu, eins og að framan greinir, með leyfi ræðumanns.

Stefnendur telja eftirtalin ummæli í greininni meiðandi fyrir sig:

1. „ . . . . . fundarsköpum siðaðra manna . . . . .“
2. „Málfar á plaggi þessu er áróðurskennt og orðalagið óíslenskulegt en kemur upp um eðli og tilgang samtakanna . . . . .“
3. „ . . . . . Hér virðast því mun fremur hafðir í huga erlendir hagsmunir en þrifnaður ættjarðarinnar.“
4. „Eru þetta umskiptingar?“
5. „Myndi hyggilegt að fela þessum mönnum að ráða málum þjóðarinnar og stjórna landinu?
   Nei, nei. Þá yrði manni raun að því að vera Íslendingur. Gera þessir menn sér ljóst hvað þeir eru að aðhafast og hverjum þeir þjóna með undirskriftasöfnun sinni?
   Já, já. Fyrirgefum þeim ekki því þeir vita hvað þeir gera.“
6. „Nú er komin til sögu á Íslandi ný manngerð sem gæti kallast amrískir Íslendingar. Þeir vilja vera miklu amrískari en fjöldinn allur af frjálslyndu, skynsömu og óspilltu fólki í Bandaríkjunum.
   Þvílíkt og annað eins.“

3.0.

Stefnendur gera svofelldar dómkröfur á hendur stefnda:

Að ummælin verði dæmd dauð og ómerk samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur í þyngstu refsingu sem um getur orðið að tefla samkvæmt 234. og 235. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða hverjum stefnanda miskabætur að fjárhæð 50.000.00 samkvæmt 1. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, auk 9% ársvaxta frá 1. febrúar 1974 til greiðsludags.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega kr. 25.000.00 í kostnað við birtingu væntanlegs dóms í heild í opinberum blöðum samkvæmt 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Að stefndi verði dæmdur samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 til að sjá um, að væntanlegur dómur í máli þessu verði birtur í heild í 1. eða 2. tölublaði Alþýðublaðsins, er út kemur eftir birtingu dómsins.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum sameiginlega hæfilegan málskostnað að mati dómara.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu og málskostnaðar.

4.0.

ÁLIT DÓMSINS.

4.1. Almennt.

4.1.1.

Að íslenskum lögum er meginregla, að menn eigi rétt á að tjá hug sinn fyrir öðrum, jafnt í einkalífi sem opinberlega og með hvaða tjáningarhætti sem vera skal.

Í opinberum umræðum um stjórnarmálefni er þessi meginregla sérlega mikilvæg vegna þeirra lýðræðislegu stjórnarhátta, sem stjórnskipunarreglur miðast við.

Þetta sjónarmið kemur meðal annars fram í ákvæði 2. mgr. 49. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, þar sem svo er mælt fyrir, að enginn alþingismaður verði krafinn reikningsskapar utan þings fyrir það, sem hann hefur sagt í þinginu, nema þingdeildin, sem í hlut á, leyfi, sbr. og 1. mgr.

Um ritfrelsi er sérstaklega fjallað í 72. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er kveðið á, að hver maður eigi rétt á að láta í ljós hugsanir sínar á prenti, en verði þó að ábyrgjast þær fyrir dómi.

Meiðyrðalöggjöfin felur í sér takmarkanir á grundvallarreglunni um tjáningarfrelsi. Þessar takmarkanir byggjast á því viðhorfi, að hagsmunir, tengdir æru manna, geti verið svo ríkir, að þeir almannahagsmunir, sem við tjáningarfrelsið eru bundnir, hljóti að víkja.

Á hinn bóginn er almennt viðurkennt, að árásir á æruna, sem væru ólögmætar eftir almennum reglum, geti verið lögmætar, ef ríkir hagsmunir liggja til grundvallar árásum.

Meðal þeirra hagsmuna, sem þannig kunna að verða metnir meir en hagsmunir æruverndar, eru hagsmunir samfélagsins af því að umræður um opinber málefni geti farið fram í þeim mæli, sem hinar lýðræðislegu og þingræðislegu grundvallarreglur krefjast. Meðal annars er nauðsynlegt, að menn geti gagnrýnt pólitíska andstæðinga, athafnir þeirra og skoðanir að vissu marki. Ekki eru menn sammála um, hversu langt eigi að ganga í þessu efni almennt, en hér verða dómstólar að skera úr eftir málavöxtum hverju sinni. Við þetta mat verður m. a. að gæta þess, að opinberum umræðum verði ekki settar of þröngar skorður eða hlutverki fjölmiðla að því er varðar upplýsingastarfsemi og gagnrýni. Þá verður að hafa í huga eðli umræðunnar og tjáningarvenjur og gæta þess, að ef ummæli eigi að teljast ósaknæm, verða menn almennt að virða almennar velsæmiskröfur og tjá sig málefnalega.

4.1.2.

Frumrætur þeirra deilna og átaka, sem orðið hafa um dvöl erlendra herja í landinu, má rekja til hernámsins 1940 og komu bandarísks herliðs til landsins 1941. Upphaflega byggðist hersetan í landinu á valdbeitingu Breta, en síðan á samningum Íslands og Bandaríkja Norður-Ameríku, fyrst hervarnarsamningum 1941, síðan Keflavíkursamningnum 1946 og loks Norður-Atlantshafssamningnum 1949 og varnarsamningnum 1951.

Erlent herlið hefur nú dvalist í landinu síðan 1940 að undanskildum árunum 1947—1951, þegar bandarískt einkafyrirtæki annaðist þá starfsemi á Keflavíkurflugvelli, sem Bandaríkjamenn töldu nauðsynlega af hernaðarástæðum.

Segja má, að þjóðareining hafi ríkt í afstöðunni til hernáms Breta, til þeirra skilyrða fyrir hersetu Bandaríkjamanna 1941, að þeir yrðu á brott með her sinn að stríði loknu, og til umleitunar Bandaríkjamanna um herstöðvar til 99 ára 1945. Hins vegar leiddi samþykkt Keflavíkursamningsins 1946 til harðra deilna og stjórnarslita. Sjálfstæðisflokkurinn stóð óskiptur að samþykktinni, en Sósíalistaflokkurinn stóð óskiptur á móti og rauf stjórnarsamstarfið við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn klofnuðu í afstöðu til málsins.

Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið 1949 leiddi til einhverra alvarlegustu átaka, sem orðið hafa í landinu, og afstaða stjórnmálaflokkanna varð með líkum hætti og 1946. Hins vegar stóðu þingflokkar Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins óklofnir að varnarsamningnum 1951, en fljótlega kom í ljós, að andstöðu við samninginn gætti víðar en í Sósíalistaflokknum. Má segja, að þessi samningur hafi verið eitt aðalátakamálið í íslenskum stjórnmálum síðan.

Árið 1956 var samþykkt tillaga Alþýðuflokksmanna á Alþingi um, að varnarsamningurinn frá 1951 yrði endurskoðaður með það fyrir augum, að herlið Bandaríkjamanna færi af landinu, en Íslendingar tækju að sér gæslu og viðhald hernaðarmannvirkja. Að samþykkt þessari stóðu allir þingmenn aðrir en þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Hún var svo eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, sem mynduð var 1956. Svo fór þó, að fallið var frá því að koma þessu stefnumáli í framkvæmd.

Árið 1971 varð það síðan eitt af stefnumálum ríkisstjórnar Framsóknarflokksins, Alþýðubandalagsins og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, að herliðið færi úr landi í áföngum.

Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokkurinn voru andvígir þessari stefnu.

Bandaríkjamenn telja sér aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli mjög mikilvæga, einkum vegna umsvifa sovéska flotans á Norður-Atlantshafi. Önnur ríki Atlantshafsbandalagsins munu og telja aðstöðuna mikilvæga öryggishagsmunum sínum.

Afstaðan til hersetunnar hefur haft veruleg áhrif á flokkaskipun, en einnig leitt til deilna og klofnings innan stjórnmálaflokka. Hugmyndir manna um þjóðerni, ættjörð, sjálfstæði og fullveldi hafa blandast inn í þetta mál. Efnahagslegir hagsmunir hafa haft sitt að segja um afstöðu. Afstaða til andstæðra stórvelda og mismunandi grundvallarviðhorf í stjórnarfars- og hagskipunarmálum hafa mótað afstöðu margra. Sterkar tilfinningar andúðar eða samkenndar hafa mótað umræður um þessi mál.

4.1.3.

Af því, sem að framan er rakið, má ljóst vera, að undirskriftasöfnun stefnenda var þátttaka í stjórnmálastarfsemi, sem varðaði mikilvæg innanríkismál og alþjóðastórmál. Þau viðhorf, sem hafa verið rakin hér að framan um málfrelsi á sviði stjórnmála, eiga því við andóf gegn undirskriftasöfnun stefnenda og gagnrýni á hana.

Umræður um herstöðvarmálin hafa oft verið óvægar og stóryrtar og einkennst af tilfinningahita. Þegar hin umstefndu ummæli eru virt í þessu ljósi, má segja um þau almennt, að þau verða engan veginn talin með því stóryrtasta eða illyrtasta, sem fram hefur komið í þessum umræðum. Eigi að síður ber að hafa í huga, að þótt mönnum hafi haldist uppi órefsað að viðhafa fjölmæli á þessu sviði vegna þess, að andstæðingarnir hafa látið undir höfuð leggjast að leita réttar síns, er ekki þar með sagt, að myndast hafi venjur um talsmáta, sem breyti mati á mörkum málfrelsis og æruverndar.

Á hinn bóginn virðist mega taka nokkurt tillit til þess, að stefnendur, sem sumir hverjir höfðu áður tekið þátt í stjórnmálastarfsemi og meðal annars látið hersetumálin til sín taka, máttu búast við gagnárásum af hálfu andstæðinga sinna, enda setti undirskriftasöfnunin þá í sviðsljós opinberra stjórnmálaátaka.

Stefndi hélt ræðu sína, skömmu eftir að undirskriftasöfnunin hófst. Af hálfu stefnenda hefur verið látið að því liggja, að ræða stefnda hafi verið liður í ófrægingarherferð gegn þeim, sem hafi

hafist um þetta leyti. Telja verður ósannað, að ræða stefnda hafi verið þáttur í skipulögðum skrifum um stefnendur.

Stefndi ber refsi- og fébótaábyrgð á efni greinarinnar skv. 2. mgr. 15. gr. laga 57/1956 um prentrétt.

4.2. EINSTÖK UMMÆLI.

Verður nú tekin afstaða til einstakra ummæla og krafna, sem gerðar eru vegna þeirra, í þeirri töluröð, sem ummælin eru rakin hér að framan og í stefnu.

1. Í ræðu stefnda kom fram, að hann telur undirskriftasöfnun stefnenda og félaga þeirra ólýðræðislega og að lýðræðislegra hefði verið, að þeir hefðu hlutast til um þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá telur hann, að málið hefði fyrst verið „rætt samkvæmt fundarsköpum siðaðra manna."

Stefnendur telja, að hér sé verið að gera því skóna, að undirskriftasöfnunin hafi ekki farið fram að hætti siðaðra manna.

Stefndi heldur því fram, að þessum ummælum sé ekki stefnt gegn stefnendum.

Dómarinn telur með hliðsjón af þeim almennu sjónarmiðum, sem rakin eru hér að framan, að þessi ummæli fari ekki í bága við þær almennu kröfur, sem gera má til almennrar stjórnmálaumræðu. Stefndi virðist hér vera að láta í ljós skoðun, sem honum er frjálst að hafa uppi, og ummælin virðast ekki vera í óhæfum búningi eða fara að öðru leyti í bága við almennar velsæmiskröfur. Verður því hvorki fallist á kröfu stefnenda um refsingu né ómerkingarkröfu.

2.—3. Færa má til sanns vegar, að yfirlýsing sú, sem stefnendur söfnuðu undirskriftum sínum undir, hafi á sér áróðursblæ, þar sem orðunum er hagað með þeim hætti, að til þess er fallið að vinna menn á band þeirra, sem að undirskriftasöfnuninni stóðu.

Frá sjónarmiði andstæðinga þeirra er slíkur áróður ef til vill ámælisverður, en frá almennu sjónarmiði verður ekki talið neitt ámælisvert að reka áróður fyrir áhugamálum sínum og vinna þannig að framgangi þeirra.

Dómarinn fær ekki séð, að málfar yfirlýsingarinnar sé sérstaklega óíslenskulegt, en á hinn bóginn verður að telja, að stefnda sé fullkomlega heimilt að láta þá skoðun sína í ljós.

Stefndi lætur að því liggja, að eðli hreyfingar stefnenda sé óíslenskt og að tilgangur þeirra sé ekki að vinna fyrir íslenska hagsmuni. Þessi hugsun er síðan ljósar orðuð í ummælum nr. 3. Stefndi heldur því að vísu fram, að ummælum í 3. tölulið sé ekki beint

gegn stefnendum, en af samhenginu virðist þó vart verða annað ráðið en að átt sé við þá.

Hér virðist vera um að ræða pólitískt mat og skoðun, sem stefnda sé leyfilegt að láta í ljós samkvæmt þeim almennu sjónarmiðum, sem rakin eru hér að framan. Ummælin virðast ekki vera óhæfileg að búningi eða óviðurkvæmileg. Verður því hvorki beitt refsingu né ómerkingu þessara ummæla.

4. Hér virðist um að ræða retoriska spurningu. Stefndi svarar henni jafnharðan í ræðu sinni þannig: „Nei, nei. Þetta eru bræður okkar og systur."

Þrátt fyrir spurningarformið virðist bera að meta þessi ummæli svo sem stefndi hefði kallað stefnendur og félaga þeirra umskiptinga, en tekið þá staðhæfingu aftur jafnóðum.

Stefndi kveður orðið umskiptingur hafa fengið almenna merkingu í nútímamáli og tákna mann, sem aðhefst annað en ætla mætti af ætt hans og uppruna. Þessi ummæli virðast fremur bera vott um kímni en vilja til að móðga. Grundvallarhugsunin virðist enn hin sama, að stefnendur þjóni erlendum hagsmunum, en ekki íslenskum, með starfsemi sinni. Eiga því við sömu rök og um ummæli nr. 2—3. Taka ber tillit til þess, að ummælin eru jafnharðan tekin aftur og þau eru viðhöfð.

Þessi ummæli virðast ekki fallin til að lækka stefnendur í áliti annarra, og þau sýnast vera svo meinlaus, að ekki hafi verið ástæða til, að stefnendur tækju þau nærri sér. Þykir af þessum sökum ekki ástæða til refsingar. Hins vegar virðast ummælin vera óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau samkvæmt ákvæði 1. mgr. 241. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Stefndi lýsir því yfir í þessum ummælum, að honum yrði raun að því að vera Íslendingur, ef stefnendur og félagar hans stjórnuðu landinu. Af þessu má sjá, að stefndi er mjög andsnúinn stefnendum í stjórnmálum. Í hvaða þjóðfélagi sem er getur farið svo, að andstæður milli andstæðra stjórnmálaafla verði svo miklar, að menn geti ekki hugsað til þess, að andstæðingarnir fái völdin. Í lýðræðissamfélagi er ekkert eðlilegra en að menn láti slíkt í ljós. Stefndi er hér að láta í ljós viðhorf, sem fullkomlega er eðlilegt, að hann hafi og tjái. Í síðari hluta ummælanna kemur enn fram sama sjónarmið og í ummælum nr. 2—4, og vísast til þess, sem um þau er sagt hér að framan.

Ummæli í þessum lið virðast þannig samkvæmt efnisinnihaldi sínu ekki verða heimfærð undir refsilagaákvæði, og ekki þykir búningur þeirra heldur ósæmilegur. Ummæli þessi verða ekki

talin óviðurkvæmileg í skilningi 241. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Stefndi kveður þessum ummælum alls ekki vera beint gegn stefnendum eða öðrum aðstandendum „Varins lands". Hann kveðst þekkja þrjá þeirra eða fjóra og segir sér aldrei mundu koma til hugar að hafa þessi orð um þá. Hann segist hafa átt við menn, sem vilji hafa her í landinu vegna eigin hagsmuna, pólitískra, fjárhagslegra o. s. frv.

Þessi ummæli eru lokaorð ræðu stefnda. Af samhenginu við það, sem sagt er næst á undan í ræðunni, verður að ályktа, að bæði stefnendur, aðrir lesendur og áheyrendur muni hafa haft ástæðu til að skilja þessi ummæli þannig, að átt væri m. a. við stefnendur, enda er augljóslega sama grundvallarhugsun í þessum ummælum og þeim fyrri, og þeir, sem um er rætt, þjóni erlendum hagsmunum, nánar tiltekið bandarískum.

Sú skoðun hefur víða komið fram, að umsvif Bandaríkjamanna og dvöl herliðs þeirra hér hafi ásamt sumum íslenskum fjölmiðlum og fleiru gert það að verkum, að margir Íslendingar beri meiri merki bandarískra áhrifa í hugsun og háttum en góðu hófi gegni. Áþekk hugsun virðist koma fram í ummælum stefnda.

Mönnum er að sjálfsögðu heimilt að setja fram slíka hugsun almennt. Meira efamál er, hvort mönnum leyfist að viðhafa slík ummæli um ákveðna menn.

Þótt sjónarmið stefnenda í herstöðvarmálinu fari saman við stefnu bandaríkjastjórnar, réttlætir það ekki, að þeir séu kallaðir „amrískir Íslendingar". Á hinn bóginn er til þess að líta, að þessi ummæli eru viðhöfð í stjórnmálaátökum, nánar tiltekið í deilu um herstöðvarmál, en einmitt af þeim sökum eru ummælin síður fallin til að særa þann, sem þau eru sögð um, eða lækka hann í áliti. Á þessu sviði eru ummæli af þessu tagi tæplega tekin alvarlega. Af þessum sökum og að öðru leyti með vísan til þeirra almennu sjónarmiða, sem rakin eru hér að framan, þykir ekki vera næg ástæða til refsingar vegna þessara ummæla, hins vegar þykja þau óviðurkvæmileg, og ber því að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Þar sem ummæli stefnda hafa samkvæmt því, sem að framan er rakið, ekki verið talin refsiverð, ber samkvæmt 264. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 að synja kröfu stefnenda um miskabætur. Af sömu ástæðum ber að hafna kröfu um fjárgreiðslu til að standast kostnað af birtingu dóms, sbr. 2. mgr. 241. gr. laga nr. 19/1940.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt má ákveða í

dómi í máli gegn höfundi efnis í blaði, ef ummæli eru ómerkt, að tiltekinn hluti dómsins skuli birtur í blaðinu, og er þá útgefanda skylt að birta þann hluta í fyrsta tölublaði, sem út kemur eftir dómsbirtingu, og í síðasta lagi í öðru tölublaði. Virðist ekki nauðsynlegt að stefna útgefanda til að fella á hann þessa skyldu.

Samkvæmt þessu er fallist á, að birta beri upphaf dómsins aftur að 2.0 og dómsorðin í 1. eða 2. tbl. Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari, setudómari í Reykjavík, kvað upp dóm þennan.

Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður flutti málið fyrir stefnendur, en Hrafnkell Ásgeirsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefnda.

Dómsorð:

Eftirtalin ummæli stefnda, Helga Sæmundssonar, sem birtust í 24. tbl. Alþýðublaðsins 1974, skulu dauð og ómerk: „Eru þetta umskiptingar?“ og „Nú er komin til sögunnar á Íslandi ný manngerð, sem gæti kallast amríkskir Íslendingar. Þeir vilja vera miklu amríkskari en fjöldinn allur af frjálslyndu, skynsömu og óspilltu fólki í Bandaríkjunum. Þvílíkt og annað eins.“

Birta ber úr dómi þessum upphaf hans aftur að 2.0 og dómsorðin í 1. eða 2. tbl. Alþýðublaðsins, sem út kemur eftir lögbirtingu dómsins.

Kröfur stefnenda á hendur stefnda eru að öðru leyti ekki teknar til greina.

Málskostnaður fellur niður.